HÆSTARÉTTARDÓMAR 1983

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Ábúð 851
Ábyrgð, læknismeðferð 44
Ábyrgð ríkissjóðs 145
Aðild 104, 260, 281
Áfrýjun 260, 281, 680
Alm. hegningarlög, 108. gr. 56
Arfleiðsluskrá 381
Ákæra 442
Ávana- og fíkniefni 10, 667, 698
Beltabifhjól 140
Bifhjól 564
Bifreiðar:
a) einkamál 451, 887
b) opinber mál 3, 71, 74, 135, 406, 680, 825, 877, 947, 972
Birting dóms 56
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn 71, 74, 140, (vélsleði), 406, 564 (bifhjól), 680, 877, 947, 972
Brenna 582
Bú, óskipt 104
Búskipti 63, 701
Börn, óskilgetin 415
Dánarbú 233
Eignardómsmál 104
Eignarupptaka 10, 188, 698
Endurgreiðsla 224
Endurgreiðslukrafa 865
Erfðamál 381, 415
Erfðaréttur, fyrirgerður 582
Fargjald 673
Fasteignaskattur 85
Fjárnám 224, 643
Fjárskipti, hjón 89
Fjölbýlishús 715
Forkaupsréttur 421
Framlagning skjala, synjun 921

Rafræn útgáfa hæstaréttardóma

Þetta PDF skjal er hluti afrakstrar skönnunar á prentuðum eintökum af dómum Hæstaréttar Íslands. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.stuff.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur þessa skjals afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Sérstakar athugasemdir vegna dómabindis fyrir árið 1983, fyrra bindi
Á milli bls. 776 og 777 er einnar bls. uppdráttur sem er ekki hluti af blaðsíðuröðinni.
Á milli bls. 784 og 785 er einnar bls. uppdráttur sem er ekki hluti af blaðsíðuröðinni.

Útgáfa 2.0
Önnur skönnun.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Bls.
Stjórnsýsla ... 621
Stjórnsýslumörk ... 770
Sönnun ... 825
Tollagabrot ... 188, 442
Umboð ... 89, 549
Umferðarlög .. 3, 71, 74, 135, 140, 406, 564, 680, 825, 877, 887, 947, 972
Uppboð ... 69, 684, 691, 963
Uppsögn ... 392
Útivistardómar, útivist ... 1, 2, 3, 123, 923, 936, 971
Útlagning ... 69
Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna ... 145
Vátrygging ... 316
Veðskuldabréf ... 691, 963
Veiðiréttur ... 180
Veikindadagar ... 635
Vélsleði (beltabifhjól) ... 140
Verslunartíska ... 643
Vextir ... 306, 316, 643, 661
Vinnulaun ... 240, 247
Vinnusamningur ... 574, 635
Vinnuslys ... 834
Vitnaskylda ... 558
Yfirfjárráð ... 621
Þinglýsing ... 132, 254, 405
Þjófnaður ... 109
Þyrla ... 316
Ærumeiðingar ... 56
Ökuhraði ... 3, 135

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIV. árgangur. 1. hefti. 1983

Föstudaginn 7. janúar 1983.

Nr. 37/1982. **Halldór Júlíusson**
gegn
Stefáni Þorvaldssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldór Júlíusson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 7. janúar 1983.

Nr. 67/1982. **Erna Mathiesen og**
Sigurður Örn Hjálmtýsson
gegn
Einari Matthíassyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Erna Mathiesen og Sigurður Örn Hjálmtýsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau stefnda, Einari Matthíassyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 2.200.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. janúar 1983.

Nr. 147/1982. **Björn Thoroddsen**
gegn
Þórunni Christiansen.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Thoroddsen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Þórunni Christiansen, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.700.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. janúar 1983.

Nr. 167/1982. **Jón Bjarnason**
gegn
Ólafi Baldurssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Bjarnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ólafi Baldurssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.700.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. janúar 1983.

Nr. 212/1982. **Rannveig Þórðardóttir**
gegn
Þorkeli Valdimarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Rannveig Þórðardóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudagur 10. janúar 1983.

Nr. 69/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Daníel Halldórssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1982, og er málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu. Krefst ríkissaksóknari þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þar á meðal um ökuleyfissviptingu, þó svo, að refsing verði þyngd. Ágrip barst Hæstarétti 26. apríl 1982.

Framhaldspróf fór fram í máli þessu í sakadómi Reykjavíkur 5. janúar 1983.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans. Hinu sama gegnir um færslu til refsiákvæða, þó svo, að við 50. gr. laga nr. 40/1968 ber að vísa til laga nr. 16/1977, 1. gr.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 80. gr. laga

nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo sem kröfugerð ákæruvalds er farið, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Halldórsson, sæti 2.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. febrúar 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 4. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 31/1982: Ákæruvaldið gegn Daníel Halldórssyni, sem tekið var til dóms þann 21. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28 júlí sl., á hendur ákærða, „Daníel Halldórssyni, bifreiðarstjóra, Sólheimum 41, Reykjavík, fæddum 31. maí 1934 að Kvíarholti, Holtahreppi, Rangávallasýslu, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa í náttmyrkri aðfaranótt sunnudagsins 15. mars 1981 ekið bifreiðinni R 2882 suður Hafnarfjarðarveg um Kópavog, milli Digranesvegar og Kópavogslækjar, með 110 kílómetra hraða á klukkustund.

Telst þetta varða við 1., 2. og a og b liði 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-

réttinda samkvæmt 81. gr. umferðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 15. mars sl., um klukkan 0322, voru lögreglumenn á eftirlitsferð staddir á Miklatorgi við Hafnarfjarðarveg, er þeir veittu athygli bifreið ákærða, R 2882, sem ekið var hratt suður Hafnarfjarðarveg. Segir í lögregluskýrslu, að ekki hafi náðst að mæla hraða bifreiðarinnar fyrr en í Kópavogi, þ. e. a. s. á Hafnarfjarðarvegi á vegarkafla milli Digranesvegar og Kópavogslækjar. Hafi á þessum kafla tekist að halda jöfnu bili milli ökutækjanna, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 110 km hraða miðað við klst.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 24. apríl sl. og kom fyrir dóm þann 4. ágúst sl. Ákærði kvaðst hafa ekið með umferðarhraða eftir Hafnarfjarðarvegi frá Miklatorgi að gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar. Þar kvaðst ákærði hafa tekið þéttingsfast af stað og ekið suður Reykjanesbraut með umferðarhraða. Ákærði kvaðst á mældum vegarkafla ekki hafa ekið hraðar en á 60 km hraða miðað við klst.

Vitnið Sigurður Skagfjörð Steingrímsson lögareglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögareglunnar í Reykjavík þann 8. apríl sl. og kom fyrir dóm þann 4. ágúst sl. Vitnið mundi óljóst eftir málinu fyrir dómi, en hjá lögreglu skýrði vitnið svo frá, að á áðurnefndum vegarkafla hefði náðst að halda jöfnu bili milli ökutækjanna og hafi þá hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 110 km hraða miðað við klst.

Vitnið Finnur Skarphéðinn Njálsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 10. apríl sl. og kom fyrir dóm þann 2. desember sl. Vitnið kvaðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar, er það veitti athygli bifreið ákærða við Miklatorg, og var bifreið ákærða ekið á eftir annarri bifreið suður gamla Hafnarfjarðarveg. Kvað vitnið bifreiðarnar hafa numið staðar við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Kringlumýrarbrautar við Nesti. Er eyða myndaðist í umferð á Kringlumýrarbraut, hafi fremsta bifreiðin tekið af stað og síðan bifreið ákærða, sem ekið var mjög snöggt inn á Kringlumýrarbraut og strax yfir á vinstri akrein. Kvað vitnið eftirför hafa hafist strax og hafi þeim tekist að halda jöfnu bili milli bifreiðanna á 100 metra kafla milli Digranesvegar og Kópavogslækjar, og sýndi þá hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 110 km hraða miðað við klst. Kvað vitnið viðvörunarljós hafa verið tendruð, skömmu áður en bifreið ákærða var stöðvuð. Kvað vitnið ákærða hafa verið kominn yfir á hægri akrein, er hraði bifreiðar hans var mældur.

Vitnið Þorsteinn Halldórsson Christensen, Barmahlíð 32, gaf skýrslu hjá

rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 19. júní sl. og kom fyrir dóm þann 2. desember sl. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er það var farðþegi í bifreið ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð á hraðamæli bifreiðarinnar og taldi ekki, að bifreiðinni hefði verið ekið óleyfilega hratt. Vitnið kvað ákærða hafa komið á heimili þess og sambýliskonu sinnar eftir atvikið, og skildist vitninu á ákærða, að hann væri að reyna að hafa áhrif á framburði þeirra.

Vitnið Guðrún Jóna Gunnarsdóttir, Barmahlíð 32, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 19. júní sl. og kom fyrir dóm þann 2. desember sl. Vitnið kvað ákærða hafa ekið mjög hratt allan tímann. Kvaðst vitnið hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar, er ekið var í Öskjuhlíð, og sýndi þá hraðamælir leigubifreiðarinnar 120 km hraða miðað við klst. Vitnið kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn í Kópavoginum, en kvað hraðann hafa verið mjög mikinn. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum, er umrædd ökuferð átti sér stað.

Vitnið kvað ákærða hafa komið á heimili þess og sambýlismanns síns og hafi hann reynt að hafa áhrif á framburði þeirra.

Vitnið Örn Jóhann Árnason leigubifreiðarstjóri, Efstahjalla 25, Kópavogi, kom fyrir dóm þann 4. ágúst sl. Vitnið kvaðst hafa stöðvað bifreið sína á gatnamótum gamla Hafnarfjarðarvegar og Kringlumýrarbrautar við Nesti, og kvað vitnið bifreið ákærða hafa verið næst á eftir sinni bifreið. Kvað vitnið ákærða hafa ekið fram úr vitninu á vinstri akrein Reykjanesbrautar. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hraða ákærða, en taldi útilokað, að hann hefði ekið á 100 km hraða. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um sinn hraða, en taldi sig hafa ekið á 40—60 km hraða. Vitnið kvað umferð hafa verið mikla á þessari leið á báðum akreinum.

Niðurstöður.

Með samhjóða framburðum tveggja lögareglumanna, sem fá stoð í framburði vitnisins Guðrúnar Jónu Gunnarsdóttur, verður að telja sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, og þykkir framburður vitnisins Arnar Jóhanns Árnasonar breyta hér engu um. Þykir brot ákærða rétt fært til refsiákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1955 12/9 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1955 7/10 í Reykjavík: Áminning fyrir að hanga aftan í bifreið.
1957 30/8 í Reykjavík: Dómur: 400 kr. sekt fyrir að fá ökuleyfislausum manni stjórn bifreiðar.
1958 9/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1959 3/4 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga.

1959 27/11 í Reykjavík: Dómur: 1.500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. og 50 gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1960 11/3 í Reykjavík: Sýknaður í Hæstarétti af dómi, uppkveðnum 3/4 1959 í sakadómi Reykjavíkur.

1960 18/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli nr. 5971/1959, uppkveðinn 27/11 1960: undirréttardómurinn staðfestur.

1961 15/2 í Reykjavík: Dómur: 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1961 14/6 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1961 17/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 5. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1962 29/11 í Reykjavík: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 16,. 18., 19., sbr. 39., 41. og 42. gr. áfengislaga.

1969 12/3 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6. mánuði frá 21/1 1969.

1975 22/1 í Keflavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Þann 8. apríl sl. ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt honum þann 13. júlí sl. Ofangreinda bráðabirgðasviptingu felldi dómarinn úr gildi þann 4. ágúst sl., þar sem þá var fyrirsjáanlegt, að málið drægist. Eftir atvikum þykir rétt að láta við svo búið standa og gera ákærða ekki frekari ökuleyfissviptingu en þegar er orðin.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Halldórsson, greiði 1.500.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfissvipting.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Miðvikudaginn 12. janúar 1983.

Nr. 6/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Hauki Ólafssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ. m., er barst Hæstarétti næsta dag, og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. janúar 1983.

Ár 1983, laugardaginn 8. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Í gærdag fannst í tollbúðinni í Reykjavík ferðataska merkt Jóni Hauki Ólafssyni, Vesturbergi 78, Reykjavík. Innan í töskunni var önnur taska merkt Sigurði Guðjónssyni, Mosgerði 17, Reykjavík, og var pakki í þeirri tösku, sem innihélt 1465.2 grömm af hassi. Þessar töskur voru sendar hingað til lands frá Hollandi með m/s Arnarfelli.

Jón Haukur var handtekinn á heimili sínu nú í morgunn og færður til yfirheyrslu hjá lögreglu. Nefndur Sigurður hefur hins vegar ekki fundist enn, en hans er nú leitað af lögreglu.

Jón Haukur hefur skýrt svo frá í yfirheyrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi, að hann og ofangreindur Sigurður hafi þann 17. desember sl. farið

til Kaupmannahafnar og verið þar í 2 til 3 daga og haldið svo þaðan til Rotterdam. Þar hafi þeir dvalið í nokkra daga, en haldið svo að nýju til Kaupmannahafnar. Jón Haukur kveður þá hafa orðið viðskila einhvern tíma og þá ekki vitað, hvað Sigurður gerði þann tíma. Þegar þeir voru í Kaupmannahöfn, kveður Jón Haukur þá hafa farið í Kristjaníu. Á leið þaðan út voru þeir handteknir af dönsku lögreglunni og leitað á þeim, og fannst á Sigurði 60 til 70 grömm af hassi.

Þetta síðastnefnda hefur lögreglan í Reykjavík að nokkru fengið staðfest í símaviðtölum við dönsku lögregluna, en eftir er að afla staðfestra skýrslna um þennan atburð.

Aðspurður um tösku þá, sem fannst í tollbúðinni, kvaðst Jón Haukur ekki kannast við hana og engrar tösku sakna, en kveður Sigurð hafa tapað tösku í Rotterdam og því ekki ólíklegt, að um sé að ræða sömu tösku.

Ferðataska sú, sem fannst í tollbúðinni í Reykjavík og merkt er Jóni Hauki, er merkt með handskrift, sem líkist skrift Jóns Hauks skv. rithandarsýnishorni, og mun það verða rannsakað frekar.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er verið að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974.

Margnefndur Jón Haukur er grunaður um umtalsvert fíkniefnamisferli, sem varðað gæti hann fangelsisrefsingu, og er því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 ekki því til fyrirstöðu að beita gæsluvarðhaldi í þessu sambandi.

Með vísan til ofanritaðs og 1. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir í þágu rannsóknar, sem er á frumstigi, rétt að verða við kröfu lögreglu og ákvarða, að Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, skuli sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum frá kl. 2200 þann 8. janúar 1983 að telja.

Úrskurðarorð:

Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum frá 8. janúar 1983, kl. 2200 að telja.

Mánudaginn 17. janúar 1983.

Nr. 51/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Karvel Gränz
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 17. september 1980. Ágrip málsins barst Hæstarétti 22. september 1982.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af brotum þeim, sem talin eru í I.—III. lið ákæru, og að ákærða verði að öðru leyti dæmd jafnvæg refsing og lög leyfa.

I.

Fallast ber á sakarmat héraðsdóms um hvern einstakan ákærulið með vísan til forsendna hans. Enn fremur ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um heimfærslu brota til refsiákvæða, þó svo, að vísa ber til auglýsingar nr. 230/1976 varðandi IX. lið ákæru.

II.

Dómsrannsókn í máli þessu hófst fyrir sakadómi Keflavíkur 14. júní 1976, en brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, eru öll framin á árinu 1976. Ákærði var yfirheyrður fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum dagana 29. október og 3., 4., 5. og 7. nóvember 1976.

Sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum sendi ríkissaksóknara rannsóknargögn út af brotum þessum til ákvörðunar með bréfi, dagsettu 6. mars 1978, en jafnframt voru samhengis vegna send rannsóknargögn í málum fjögurra annarra manna.

Ákæra í máli þessu var gefin út 27. ágúst 1979 og birt fyrir ákærða í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 29. nóvember 1979.

Að vísu hefur framangreindur dráttur orðið á rannsókn málsins. Hins vegar var dráttur þessi ekki svo langur, að telja verði, að rannsókn málsins hafi verið hætt um óákveðinn tíma, sbr. 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var sök því ófyrnd, er tekið var á ný til við rekstur málsins 29. nóvember 1979.

Ber því að dæma ákærða refsingu.

Refsingu ákærða ber að ákveða með vísan til 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, þótt hið síðarnefnda ákvæði víki eigi að erlendum dómum, sbr. hins vegar 2. málsgrein 71. gr. almennra hegningarlaga, en 78. gr. greindra laga er sakborningi til hagsbóta andstætt því, sem er um 71. gr.

Brot ákærða eru stórfelld, og hann hefur miðlað fíkniefnum til allmargra manna.

Með vísan til framangreindra atriða þykir refsivist ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða 9.000.00 króna fésekt til ríkissjóðs með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga og 5. gr. laga nr. 65/1974. Ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi 15 daga fangelsi í stað hennar.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi í alls 27 daga, en ekki 25 daga, eins og talið er í héraðsdómi. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldstíminn, 27 dagar, komi að fullu til frádráttar tildæmdri refsivist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Karvel Gränz, sæti 10 mánaða fangelsi, og komi 27 daga gæsluvarðhaldsvist hans refsingu til frádráttar. Enn fremur sæti hann 9.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist 15 daga fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 14. mars 1980.

Ár 1980, föstudaginn 14. mars, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Þórði Þórðarsyni fulltrúa með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 614/1979: Ákæruvaldið gegn Karvel Gränz.

Málið, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru, dags. 27. ágúst 1979, gegn Karvel Gränz, Norðurstíg 5, Ytri-Njarðvík, fæddum 5. mars 1954 í Hafnarfirði, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1976:

"I.

Í janúar keypt samtals 600 gr af hassi í Kaupmannahöfn og flutt það með sér hingað til lands. Skömmu eftir heimkomu selt samtals 350 gr af efninu á Keflavíkurflugvelli fyrir 2.350 bandaríkjadali og haft megnið af afganginum til eigin nota.

II.

Í apríl keypt 150 gr af hassi af ónafngreindri stúlku í Tjarnarbúð í Reykjavík á kr. 1.200 hvert gramm, selt nafngreindum manni hluta efnisins á kr. 1.400 hvert gramm og neytt afgangsins að mestu leyti sjálfur.

III.

Fyrir utanferð sína um miðjan maí móttekið 3.000 bandaríkjadali hjá tveimur Bandaríkjamönnum á Keflavíkurflugvelli til hasskaup. Keypt 1200 gr af efninu í Amsterdam fyrir 2.000 dali og um 20. s. m. flutt efnið með sér hingað til lands, falið innan klæða, afhent greindum Bandaríkjamönnum 600 gr og haldið sjálfur 600 gr. Skömmu síðar selt þessum aðilum samtals 500 gr af sínum hluta efnisins fyrir 3.000 dali og sjálfur notað 100 gr.

IV.

Í byrjun júní keypt 100 gr af marihuana og um 5 gr af hassolíu af Franklín Kristni Steiner að Suðurgötu 8 í Reykjavík fyrir samtals um kr. 95.000, blandað efnunum saman og drýgt með hunangi, þannig að úr varð um 120 gr kaka. Selt nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli 100 gr af þessu fyrir 600 bandaríkjadali og notað sjálfur afganginn.

V.

Í júlí/ágúst margsinnis keypt hassefni af Franklín Kristni Steiner að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík, samtals a. m. k. 100-150 gr, eða allt að 300 gr, á um kr. 13-1.400 hvert gramm.

VI.

Í september keypt um 1050 gr af hassi af Einari Sigurhanssyni að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík fyrir 5.500 bandaríkjadali og þegar afhent nafngreindum varnarliðsmanni af Keflavíkurflugvelli, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna, 950 gr af efninu, en 100 gr hélt ákærði eftir fyrir sig og nafngreindan kunninga sinn, sem aðstoðaði við þessa milligöngu.

VII.

Nokkru síðar keypt 1100 gr af hassi fyrir sama varnarliðsmann og nefndur er í VI. lið af Franklín Kristni Steiner og Einari Sigurhanssyni að Laugarnesvegi 84 í Reykjavík fyrir 5.500 dali og fengið 100 gr af efninu í sinn hlut fyrir vikið.

VIII.

Í september keypt 8 LSD töflur af Ólafi Braga Bragasyni í Reykjavík á kr. 2.000 hvert stykki, gefið ónafngreindum kunningjum sínum 4 þeirra og notað 4 sjálfur.

IX.

Í fyrri hluta október ásamt Ólafi Braga Bragasyni keypt 435 gr af hassi og um 9 grömm af amfetamíndufti í Reykjavík enn fyrir sama vanarliðsmanninn og áður, og tóku ákærði og nefndur Ólafur Bragi í sinn hlut 35 eða 50 gr af hassinu og 145 dali fyrir vikið.

X.

Fyrir utanför sína 11. október tekið við 3.500 bandaríkjadölum frá framangreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli til hasskaupa, og

átti ákærði að fá í sinn hlut helming þess hassefnis, sem hann keypti. Hinn 16. s. m. keypt 2.5 kg af hassi í Amsterdam fyrir 2.000 dali og 1.250 gyllini og póstlagt efnið 23. s. m. í Amsterdam til sendingar hingað til lands, og var hassið þá falið í myndastyttu, sem ákærði útbjó sérstaklega í þessu skyni, en 27. s. m. lagði lögreglan hald á allt efnið í Reykjavík."

Í ákæruskjali eru framangreind brot ákærða talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10 gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 að því er tekur til brots ákærða í IX. lið.

Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á framangreindum 2.5 kg af hassi samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 5. mars 1954 í Hafnarfirði. Hann hefur sætt refsingum sem hér segir:

1974 23/4 í Gullbringusýslu: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 22/8 1973.

1975 10/12 í Gullbringusýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 5. mgr. 45. gr., sbr. 80. gr. umferðalaga. Ökuleyfissvipting í 1 mán. frá 10/12 1975.

1976 4/3 í Gullbringusýslu: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80 gr. umferðalaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 4/3 1976.

1978 4/12 í Reykjavík: Sátt, 35.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1979 21/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

MÁLSATVIK.

Í júní 1976 hófst í Keflavík rannsókn á fíkniefnamisferli nokkurra aðilja, og sættu þrír piltar gæsluvarðhaldi vegna málsins, og var ákærði einn þeirra. Ákærði var handtekinn þann 9. júní þ. á. og var í haldi vegna rannksóknarinnar, uns hann daginn eftir hóf afplánun sektar, en var þann 14. s. m. og í sakadómi Keflavíkur úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 10 dögum, en gæsluvarðhald ákærða var í ofangreindum sakadómi og þ. 24. s. m. framlengt um allt að 15 dögum, en ákærði gekk laus 30. s. m. og hafði þá viðurkennt ýmsar sakir.

Í júlí s. á. hófst hér fyrir dómi og samhliða hjá ávana- og fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu mjög umfangsmikil rannsókn á fíknefnamisferli margra aðilja, og var ákærði þar borinn sökum um innflutning og dreifingu fíkniefna hérlendis. Var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 28. október þ. á. og neitaði fíkniefnameðferð umfram áður viðurkennt hjá lögreglu í Kelfavík og var daginn eftir og hér fyrir dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum, en gekk laus 7. nóvember s. á. og hafði þá hér fyrir dómi viðurkennt sakir, er verður nánar að vikið. Ofangreint ákæruskjal er byggt á ofangreindum rannsóknum, og skal hér vikið að sakarefni í þeirri röð, er í ákæruskjali greinir.

I. ákæruliður.

Þessi ákæruliður er byggður á játningum ákærða, og skal nú fyrst vikið að framburðum ákærða þar að lútandi.

Ákærði gerði skriflega grein fyrir fíkniefnamisferli sínu hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 23. júní 1976 og lýsti þá m. a. utanför sinni í janúar 1976 til hasskaupa, og segir ákærði svo frá í nefndri skýrslu:

„Einum eða tveimur dögum eftir að bróðir minn fór á loðnuvertíðina greip ég til þess örþrifaráðs að nurla saman þessum 300.000.- þúsund kr., er ég hafði tök á að ná í og skellti mér snemma að morgni til Danmerkur og fór beinustu leið af Kastrupflugvelli til Christaniu. Reyndi ég þar að leita uppi einhverja Íslendinga, sem mér ekki tókst.

Hitti ég þar pilt er var kallaður Ottar. Bar ég upp erindið við hann og kvaðst hann geta hjálpað mér. Var þetta á öðrum degi mínum í Christaníu. Keypti ég af honum 600 gr. af kannabis. Skiptist það þannig niður, að ég fékk 400 gr. af svarbrúnum afganistan, 100 gr. af Nepal, er ég sendi bróður mínum 5. gr. af til Seyðisfjarðar, og 100 gr. af grænbrúnum marokkó ef ekki hvoru tveggja blandað saman, þar sem ég var aldrei viss á því efni. Á fjórða degi kom ég aftur heim og hafði meginhluta efnisins bundinn við kálfana og eitthvað inn á pung. Vissi ekki nokkur lifandi sála hér heima, að ég tók mér þetta ferðalag á hendur, þar sem ég vissi hversu háar sektir eru við slíku. Hafði ég búið þannig um hnútana að enginn mundi sakna mín. Hóf ég nú til óspilltra málanna að koma efninu út. Þar sem ég var ekki í neinum samböndum á vellinum, ákvað ég að beita fyrir einhverjum bandaríkjamanni í von um að hann biti á agnið. Fór ég þess vegna í Midnight-Sun með pípuna mína og kannabis og tóbaki blandað saman. Reykti ég síðan pípuna í klúbbnum og spjallaði eftir bestu getu við marga bandaríkjamnenn. Loksins fór það svo að einn beit á agnið og rann á lyktina. Reyktum við síðan saman og bað hann mig um að útvega sér efni. Hafði ég haft með mér 50 gr. af kannabis, allar þrjár sortirnar. Kvaðst ég geta selt honum strax 50 gr. Fór hann

síðan út og kom aftur eftir ca klukkutíma með peninga (eða 350$). Bað hann mig að útvega sér meira og ákváðum við, að hann fengi 300 gr næsta föstudag, því þá hafði verið payday rétt áður, eða eitthvað svoleiðis. Fór ég síðan næsta föstudag og gerðum við viðskiptin. Seldi ég honum þá 300 gr. á 2000 þús. $. Öddi sá síðan um að selja fyrir mig ca 100 gr. Ekki man ég hvernig tegundirnar skiptust á sölunni, en mest fór auðvitað af afganistanum uppeftir. Hafði ég með þessu móti selt alls ca 450 gr að verðmæti ca. 600.000 þúsund, er hér var komið sögu. Fannst mér ég vera búinn að græða nóg og ætlaði mér í einkaneyslu 150 gr.

Faldi ég efnið á þremur stöðum.

1. Hjá miðstöðvarkatlinum að Þórustíg 3.
2. Kjallara heima hjá foreldrum.
3. Háalofti í íbúð foreldra minna að Leifsgötu 21, Rvík.

Faldi ég 50 gr. á hverjum stað.

Eitt sinn er ég var staddur í Klúbbnum í Reykjavík og var ég með nokkrar bjórkollur er ég var að sullu í mig þar inni (henti ég þeim tómu undir næstu borð) kom þar að mér maður ca. 30—35 ára gamall og settist að borðinu gegnt mér og bað mig um bjór, lét ég hann hafa 2 kollur fyrir tvöfaldan vodka í kók er hann splæsti í staðinn. Spurði hann mig hvort ég gæti útvegað honum bjór, kvaðst ég athuga það og gaf honum upp nafn og heimilisfang og ætlaði hann að hringja í mig á tilsettum tíma er ég hafði kannað möguleika fyrir því. Leitaði ég síðan að þessum kana er ég hafði selt kannabisið og hafði að lokum upp á honum í Messanum. Bauð ég honum þá upp á þau viðskipti af fyrir hver 5 gr. af hassi fengi ég 4 kassa af bjór. Tók ég síðan bílaleigubíl er sá í Reykjavík hafði haft sanband við mig og bað hann um 10 kassa en ég vildi fá 50 þúsund kr. fyrir. Gerði ég síðan stefnumót við hann bakvið langa Grandahúsið þrem dögum síðar. Ég gleymdi að geta þess að um leið og ég gerði samkomulagið við kanann ákváðum við að hann skildi koma bjórkössunum fyrir mig í málarabössinum við Power-húsið. Gekk þetta allt saman greiðlega fyrir sig og fékk ég 24 kassa fyrir 30 gr. því ég lék sama leikinn tvisvar. Komst ég að því að þessi bandaríkjamaður hét Jim eða Jimmy ég vissi aldrei hvort var, en ég er viss um að hann komst aldrei að mínu nafni. Komst ég að því um viðtakandann í Reykjavík að hann er prentari hjá einhverju dagblaðinu. Ég er dálítið illa settur með það, að þegar ég gerði viðskipti var það fyrsta sem ég vildi ekki, var það að menn vissu nafn á mér og vildi ég ekki heldur vita nafn þeirra. Taldi ég að með því móti yrði báðum borgið, ef eitthvað kæmi upp á teninginn. Hætti ég síðan þessum viðskiptum, þar sem ég taldi þau of áhættusöm og of margir sjensar fyrir mig að fara gegnum

hliðið. Prentarinn hringdi í mig og þrábað mig að koma með meiri bjór, en ég neitaði. Þessi 30 gr er fóru í þessi viðskipti tók ég af þeim 150 gr. er ég ætlaði sjálfum mér. Þar sem ég átti nóg af kannabis til að reykja næstu mánuði, þurfti ég ekki að kaupa neitt, en lét líta út fyrir stundum að ég væri búinn og hefði krækt í meira. En ekki seldi ég oftar hass t.d. í verkfallinu þá virtist allt hasslaust út um allt, þá reykti ég úr lítilli einsmannspípu (lítil pípa, búin til úr fittings) í laumi fyrir félögum mínum. Það skal ekki undra þótt ég hafi orðið reiður, er Róbert Rósmann stal af mér því síðasta er ég átti af afganistanum, þar sem mér hafði tekist svo lengi að luma á honum. Það sem skeði það kvöld er sá aumi þjófnaður var framinn er á þessa leið. Hafði ég um kvöldið farið að Leifsgötu 21, þar sem ég átti enn eftir falið 20 gr. af afganistan ca. 15 gr. af marokkólíbanum og ca. 5 gr. af Nepal. Fór ég í Klúbbinn og datt í það. Eftir ball fór ég til „Hansa", gaf ég í pípu þeim er þar voru. Það var mér til gæfu að allt var ekki í hægri vasa úlpunnar, því þar var aðeins afganistan og í hinum hitt, man ég það er ég lagðist til svefns að ég lá ofan á vinstri vasanum þannig að ræfillinn náði ekki nema til annars vasans er ég svaf."

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 3. nóvember 1976 og vísaði þá til þess að hafa formlega frá skýrt í lögregluskýrslum, þá er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í júní þ. á., ýmsum tilgreindum fíkniefnabrotum og staðfesti að hafa í janúar þ. á. í Kaupmannahöfn keypt 600 gr af hassefnum og flutningi þeirra hingað til lands og að hafa selt um 450 gr þar af til varnarliðsmanna.

Þann 7. nóvember s. á. og hér fyrir dómi staðfesti ákærði enn fyrri framburð um ofangreind hasskaup og án breytinga eða athugasemda.

Er ákærða var birt ákæruskjal ofangreint þann 29. nóvember sl., kvað ákærði játningar sínar þennan lið varðandi fengnar fram með þvingunum hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og sig því saklausan af hér greindum sakarefnum.

Karl Bergur Gränz, fæddur 20. september 1955, var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 18. júní 1976 og lýsti þá m. a. að hafa skömmu áður en hann hélt til loðnuveiða eftir áramót 1975—1976 með m/s Ársæl beðið bróður sinn, ákærða í máli þessu, að útvega sér hass til eigin nota og senda sér austur til Seyðisfjarðar. Hassefni þetta kvaðst nefndur Karl aldrei hafa fengið í hendur, enda frétt, að lögreglan þar á staðnum hefði tekið pakkann í sínar vörslur.

Lögreglan á Seyðisfirði lagði þann 19. apríl 1976 hald á pakka, sem fannst í húsnæði Hafsíldar h/f þar á staðnum, merktan hr. Karl B. Gränz, Ásgeiri, RE 60, Seyðisfirði. Í efnaskrárbók ávana- og fíkniefnadeildar

Reykjavíkurlögreglu er eftirfarandi bókun varðandi Karl B. Gränz þann 20. apríl 1976:

„Í dag kom á skrifstofu ÁFD Þorbjörn Þorsteinsson lögr.m. á Seyðisfirði með pakka merktan Karli B. Gränz, Ásgeiri RE 60, Seyðisfirði. Í pakkanum voru m. a. fáeinir litlir molar af dökku efni, sem talið er vera hass.

Efnaprófun var gerð á molunum, og reyndist svörun þeirra jákvæð.

Efnið var vegið í álpappírsumbúðum, og reyndist þyngdin vera 5.2 grömm. Efnið er geymt hjá deildinni, merkt sýni 150."

Hreinn Lindal Jóhannsson, fæddur 12. ágúst 1956, var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 12. nóvember 1976 og kvaðst þá í tvö skipti vorið 1976 hafa keypt hassefni af ákærða. Nefndur Hreinn kvað efnismagn hafa verið 5 gr í hvort sinn og fyrir hvert gramm hafa greitt 1.200-1.400 kr. Nefndur Hreinn staðfesti ofangreint þann 13. apríl 1978 og hér fyrir dómi.

Róbert Rósmann Guðjónsson, fæddur 25. febrúar 1956 í Keflavík, lýsti 17. júní hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík þjófnaði sínum á hassi frá ákærða, og var þá eftirfarandi bókað eftir nefndum Róbert Rósmann:

„Fyrir rúmlega mánuði var ég staddur í partýi á Grettisgötu fyrir ofan versl. Hansa, en þar bjuggu þrjár stúlkur, Svandís, Arna og Dory, frá Akranesi og Stykkishólmi. Akranesstúlkurnar (Arna) munu hafa vitað um 18 þúsund krónurnar.

Þarna komu m. a. Karvel og Karl Gränz. Karvel var þarna með talsvert af hassi og bauð gestum í pípu. Ég sá hann með 3 tegundir af hassi. ca 10—15 gr af rauðum Libanon, 10 gr af einhverju ljósu (Marokkó) og 12 gr af svörtum afganistan. Þessum 12 gr stal ég úr vasa Karvels, þar sem hann svaf þarna inni um morguninn. Þeir, sem vissu um þetta, voru þeir Gísli Guðjónsson og Friðrik Kristófer. Tveimur dögum seinna fórum við norður til Akureyrar, ég, Gísli, Friðrik Kristófer og Guðmundur (Maó). Efnið reyktum við í þessari norðurferð.

Ég hitti Karvel, þegar ég kom suður, þar sem hann var í Mustang bifreið Smára Traustasonar við Laugardalsvöllinn í Rvík. Þarna í bifreiðinni var einnig Einar Traustason og líklega Guðmundur Margeirsson, Háholti 19. Karvel veittist þarna að mér og bar á mig hassþjófnaðinn. Ég svaraði honum litlu og gekk á burt.

Þeim, sem í bifreiðinni voru, var kunnugt um, hvað Karvel var að tala um við mig."

Guðmundur Örn Ólafsson, fæddur 4. júní 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Keflavík 30. júní 1976 og neitaði þá aðspurður að hafa selt eða aðstoðað ákærða við sölu á hassefnum, og í samprófum með ákærða sama dag hélt nefndur Guðmundur Örn fast við fyrri framburð.

Gísli Þorbergur Guðjónsson, fæddur 1. apríl 1955 á Ísafirði, var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu 12. desember 1978 og bar þá að hafa á árinu 1976 keypt 5 gr af hassi af ákærða, en jafnframt að hafa ítrekað ásamt honum neytt hassefna. Nefndur Gísli Þorbergur var enn yfirheyrður hjá lögreglu næsta dag, og var þá eftir honum bókað:

„Aðspurður kveðst mætti hafa við sinn fyrri framburð að bæta, hvað varðar ferð, sem hann hafi farið til Akureyrar sumarið 1976 ásamt Guðmundi, kölluðum Maó, Róbert Rósmann og manni, sem mætti kveðst ekki vita önnur deili á en þau, að hann hafi verið um tvítugt, þrekvaxinn, með sítt, liðað brúnleitt hár og mikið alskegg. Hafi maður þessi verið frá Akranesi, að því er mætti telur. Mætti kveður þetta hafa verið skemmtireisu hjá þeim félögum og þeir Róbert og Maó haft fíkniefni með sér. Kveður mætti Maó hafa verið með 60 gr af „grasi", en Róbert 15 gr af hassi, svörtu að lit, og Karvel sagt mætta, að hann hafi stolið því frá honum. Grasið hafi hinsvegar verið frá einhverjum frænda Maós, að mætti telur, en nánar þar um kveðst mætti ekki vita. Aðspurður kveðst mætti ekki vita, hvort þeir hafi selt eitthvað af efnunum á Akureyri, en þeirra verið neytt af þeim fjórum og mætti ekkert greitt fyrir það."

Nefndur Gísli Þorbergur staðfesti ofangreindan framburð sinn hér fyrir dómi sama dag.

II. ákæruliður.

Í skýrslu, er ákærði gaf hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík 23. júní 1976, skýrði ákærði frá kynnum sínum af stúlku, er hann kvaðst hafa hitt í veitingahúsinu Tjarnarbúð í Reykjavík í apríl þ. á., og viðskiptum við hana með speed efni. Ekki gat ákærði sagt nein deili á stúlkunni, en kvaðst hafa hitt hana aftur á sama stað í lok apríl og af henni keypt 50 gr af Libanonhassi.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknarlögareglu í Keflavík 30. júní s. á. og óskaði þá eftir því að gera leiðréttingu á ofangreindum framburði sínum, og var þá eftirfarandi eftir ákærða bókað:

„Ég vil nú gera leiðréttingu á framburði mínum, dags, 23. þ. m., þar sem segir í niðurlagi á bls. 4, að ég hafi keypt 50 gr af stúlku í Tjarnarbúð í apríl-maí s.l. Það rétta er, að ég keypti fyrri hluta apríl 150 gr af stúlku þessari, en ekki 50 gr eins og fram kemur. Verð var kr. 1.200 fyrir hvert gramm. Féð var afgangur af sölu frá því í janúar, eins og fram hefur komið. Ráðstöfun þessa efnis var þannig, að Tryggvi Kristjánsson fékk hjá mér 90 gr fyrir 1.400 hvert gr. Ég tapaði af þessu 10 gr, en það magn faldi ég utan við sumarbústað föður míns í Þrastarskógi og fann ekki

aftur. 50 gr eða það, sem eftir var, hafði ég til eigin þarfa á u. þ. b. 2 mánaða tímabili."

Ákærði staðfesti hér fyrir dómi 7. nóvember 1976 samantekt yfir þá fíkniefnameðferð, er hann hafði áður lýst, og hljóðar 3. liður þeirrar samantektar svo:

„Í apríl hér á landi keypt 150 gr af hassi og endurselt að hluta."

Tryggvi Bjarni Kristjánssin, fæddur 7. október 1959, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 14. desember 1979, en nefndur Tryggvi hefur verið langdvölum erlendis og því illa gengið að ná til hans. Í nefndri lögregluyfirheyrslu var bókað svo eftir Tryggva:

„Aðspurður kveðst mætti minnast þess að hafa á árinu 1976 trúlega í apríl selt varnarliðanum Gary 90 gr af hassi, sem mætti kveðst hafa fengið frá Karvel Gränz. Ekki kveðst mætti muna, hvað hann hafi greitt fyrir gr, en telur, að það hafi ekki kostað sig meira en kr. 1.000, þar sem mætti kveðst hafa haft þá reglu að kaupa ekki hass á hærra verði en ofan greinir á þessum tíma, en í það allra hæsta kr. 12.000. Aðspurður kveðst mætti telja, að nefndur Gary hafi keypt efnið á 7$ pr. gr, og mætti telur líklegt, að efnisafhendingin hafi átt sér stað heima hjá honum á Keflavíkurflugvelli. Aðspurður segir mætti, að Karvel hafi komið á heimili mætta og afhent efnið þar, en mætti kveðst minnast þess glöggt, að um hafi verið að ræða rauðan Líbanon hass. Mætti segir, að hann og Karvel hafi verið tveir einir, er efnisafhendingin átti sér stað. Mætti kveðst einnig minnast þess, að umrætt efni hafi verið í einum köggli í sígarettupakka. Mætti kveðst hafa vigtað efnið, áður en Karvel hafi afhent efnið, en mætti segir, að Karvel hafi áður verið búinn að vigta efnið og mætti einungis verið að staðfesta vigtina."

Nefndur Tryggvi staðfesti ofangreindan framburð sinn hér fyrir dómi 14. desember 1979.

III. ákæruliður.

Þessi ákæruliður er í samræmi við játningar ákærða, og lýsti ákærði þar greindri fíkniefnameðferð hér fyrir dómi 4. nóvember 1976, og var þá eftir ákærða bókað:

„Mætti kveðst sennilega fyrst í apríl s.l. hafa kynnst varnarliða, Wayne að nafni, fyrst vegna innritunar þess aðila á mæfta í skemmtiklúbba á flugvelli. Skjótt eftir það kvaðst mætti hafa tekið að venja komur sínar í herbergi Wayne, nánar nr. 222 í byggingu nr. 747, og hafi herbergisfélagi annar virst af indiánaættum, en hinn heitið Roger. Mætti taldi alla íbúa við nefndan gang í húsi nr 747 hafa starfað við pósthús hers. Þar hafi oft á herbergjum verið haft um hönd marihuana, og kvaðst mætti

hafa talið það verða rakið til góðrar aðstöðu íbúa að leyna slíkum efnum um pósthús.

Umbeðinn lýsti mætti nefndum Wayne og nánar þannig: Hávaxinn eða allt að 1.90 cm, grannur, hár dökkt, slétt og afturgreitt, snyrtilega til fara og svo að sjá sem föt væru keypt hér á landi eða með öðru yfirbragði en föt, er Bandaríkjamenn hér á landi almennt klæðast.

Mætti kvað umræður hafa beinst að fíkniefnum og einnig Kaupmannahafnarför mætta til hasskaupa í janúar. Síðar hafi verið ráðgert, að mætti færi til Hollands til hasskaupa með 3.000 US$ frá Wayne og vini hans Dean. Sá síðarnefndi hafi þó fremur kosið, að mætti gerði kaup í Reykjavík, enda síðar komið í ljós, að sá átti meginhluta fjár.

Mætti kveðst án árangurs hafa leitað ásjár Franklíns K. Steiner og þá ákveðið án samráðs við varnarliða að halda utan til kaupa. Þó með Karli bróður sínum sent nefndum Wayne bréf þar um.

Þá að morgni 14. maí s.l. haldið einn flugleiðis til Kaupmannahafnar, en þaðan áfram að kvöldi, nánar með næturlest til Hollands eftir 1½ sólarhrings dvöl í Kaupmannahöfn. Á þeim tíma þar án árangurs reynt hasskaup. Komið til Amsterdam að morgni og þar á réttu nafni skráð sig inn á hótel, er heiti Peet Hein og standi rétt við mjög stóran garð í miðri borginni. Eftir nokkrar umleitanir kvaðst mætti hafa hitt Pakistanbúa, er lofað hafi að bjarga málum. Sá og mætti haldið til hótels og skoðað peningana. Hafi þá nefndur aðili horfið frá, en komið aftur um 1 klst. síðar til hótelherbergis og þá með 1200 gr af hassefnum, nánar af líbanongerð, efni ljósbrúnt að lit í 300 gr bölum s. n. eða léreftspokum og á hverjum slíkum blár stimpill með mynd af konu, austurlenskri að yfirbragði, er hélt á laufblaði. Áletranir engar.

Mætti kveðst hafa viljað fá 1½ kg fyrir 2.000 US$, en ekki fyrir þá upphæð náð samningum um meir en nefnd 1200. Þá kvaðst mætti hafa dvalið yfir nóttina á nefndu hóteli, en haldið með morgunlest til Luxemburg og flutt efni þá leið, falin innan klæða, nánar fest við líkama með teygjubindi. Sofið mestan hluta dags á hóteli í Luxemburg, en næsta dag keypt flugfarmiða til Íslands og haldið með Flugleiðavél síðar þann dag til Keflavíkurflugvallar og þangað því á 5. degi farar. Efni hafi alla leið verið umbúið sem að ofan greini. Mætti fullyrðir, að 1.000 US$ hafi á þeim tíma eyðst í ferða-og dvalarkostnað, en talsverða óreglu þó að auki og þar með kaupum á 25 gr af hassi í Kaupmannahöfn, en það magn kvaðst mætti hafa borðað í ferð.

Við heimkomu kvaðst mætti hafa talið fyrrnefndum Wayne og Dean trú um, að fyrir fé hefðu aðeins fengist 900 gr, og áskilið sér og fengið 300 gr þar af, en samkvæmt því 300 gr að auki. Tæpri viku síðar kvaðst mætti hafa selt nefndum aðilum 300 gr fyrir samtals 1.800 US$ og enn

nokkrum dögum síðar 200 gr fyrir 1.200 US$, en sjálfur notað 100 gr.

Til tímaviðmiðunar staðfesti mætti að hafa 8. júní s.l. verið úrskurðaður í gæsluvarðhald og losnað úr því 29. eða 30. júní. Áðurnefnd 200 gr sala hafi orðið mjög nærri mánaðamótum maí-júní s.l. og sú 100 gr sala, sem lýst var í gær til nefnds Wayne á blöndu af marihuana, hassolíu og hunangi fyrir 600 US$, hafi orðið rétt áður en mætti var úrskurðaður."

Ákærði staðfesti hér í dómi daginn eftir afstöðumynd, er hann í framangreindu þinghaldi teiknaði og sýndi afstöðu íbúðarblokkar 747 á Keflavíkurflugvelli, nánar dvalarstað nefnds Wayne.

Þann 7. nóvember s. á. var hér í dómi farið yfir einstök atriði framburða ákærða í fyrri þinghöldum, og staðfesti hann þá enn framangreind hasskaup í Amsterdam á vegum varnarliða og flutning hingað til lands.

Er ákærða var birt ákæra 29. nóvember sl., lýsti hann því yfir, að játningar sínar þennan ákærulið varðandi hefðu verið fengnar fram með þvingunum hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og ákærði því saklaus af ofangreindum sökum. Ekkert kemur fram í gögnum málsins, er bendir til þess, að sakarefni í þessum lið ákæruskjals hafi verið til umfjöllunar í ofangreindri rannsókn hjá lögreglu í Keflavík.

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, bar hér fyrir dómi 26. október 1976 að vita, að ákærði hefði í byrjun árs 1976 haldið til Amsterdam og keypt um 1 kg af hassi, nánar af Marrokkó tegund, sem að mestu hafi verið selt varnarliðum, en sjálfur kvaðst nefndur Franklín Kristinn af ákærða hafa keypt 50 gr í tvennu lagi fyrir 11-1.200 kr. grammið.

IV. ákæruliður.

Hér fyrir dómi 3. nóvember 1976 lagði ákærði fram handskrifaða greinargerð, nánar 6 bls., og staðfesti að hafa þar réttilega skýrt frá fíkniefnamisferli sínu. Var ákærði spurður um einstök atriði í nefndri skýrslu og staðfesti að hafa nærri hvítasunnu 1976 af Franklín K. Steiner keypt 100 gr af marihuana og 5 gr af hassolíu, afhendingar hafi orðið í tvennu lagi og báðar að Suðurgötu 8 í Reykjavík. Kvaðst ákærði hafa greitt 60.000 kr. fyrir marihuana-efnið, en upphaflega hafi nefndur Franklín þó sett upp 70.000 kr., en heildarverð hassolíu verið 35.000 kr., eða kr. 7.000 pr. gr.

Ákærði kvaðst hafa blandað saman ofangreindum efnum og dálitlu af hunangi, pressað saman í 120 gr klump eða köku, og sjálfur notað 20 gr, en 100 gr selt varnarliða að nafni Wayne á 600 bandarikjadali, eða 6 dali hvert gramm. Kvað ákærði nefndan Wayne hafa búið í byggingu 747, herbergi 222, á Keflavíkurflugvelli og teiknaði uppdrátt af nefndum dvalarstað Wayne. Í þinghaldi hér fyrir dómi daginn eftir lýsti ákærði upphafi kynna

af nefndum Wayne sem að ofan er rakið undir ákærulið 3, og vísast nánar hér um til þess, er þar segir.

Í þinghaldi 4. nóvember 1976 gat ákærði þess til nánari tímaviðmiðunar, að framangreind 100 gr sala til nefnds Wayne hafi átt sér stað rétt áður en ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 8. júní 1976.

Er farið var yfir einstök atriði í framburði ákærða hér fyrir dómi 7. nóvember og gerð samantekt játninga ákærða, staðfesti ákærði enn ofangreind fíkniefnaviðskipti.

Er ákærða var birt ákæruskjal 29. nóvember sl., var eftir ákærða bókuð svohljóðandi athugasemd:

„Varðandi IV. lið ákæru gerir ákærði þá athugasemd, að hann hafi þegið að gjöf ca 100 gr af kannabisstönglum, en hins vegar keypt greind 5 gr af hassolíu. Þá kannast ákærði ekki við að hafa selt af þessu efni."

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, staðfesti hér fyrir dómi 9. nóvember 1976 að hafa á umræddum tíma selt ákærða 7 gr af hassolíu á 6.000 kr. hvert gramm og jafnframt 100 gr af marihuana, en nefndur Franklín Kristinn hafði áður hjá lögreglu í Reykjavík 21. október s. á., sem að ofan, lýst viðskiptum við ákærða, en þá tekið fram, að afhendingar hafi farið fram á heimili sínu að Suðurgötu 8 í Reykjavík.

V. ákæruliður.

Í handskrifaðri greinargerð, sem ákærði lagði fram hér í dómi 3. nóvember 1976, eins og að ofan greinir, lýsti ákærði frekari fíkniefnaviðskiptum við áðurnefndan Franklín Kristinn Steiner og staðfesti í nefndu þinghaldi að hafa í mörgum smáum skömmtum og á löngu tímabili frá miðju sumri 1976 af nefndum Franklín Kristni keypt hassefni til eigin nota og nánar alls 100-150 gr af tveimur efnistegundum. Annars vegar grænt Marokkohass á 1.400 kr. hvert gramm og hins vegar Kashmir svonefnt á 1.300 kr. hvert gramm. ákærði kvað afhendingar jafnan hafa orðið í íbúð við Háaleitisbraut, þar sem húsum hafi ráðið einhver Hilmar.

Ákærði staðfesti ofangreint enn hér fyrir dómi 7. nóvember 1976.

Er ákærða var birt ofangreint ákæruskjal 29. nóvember sl., lýsti ákærði því yfir, að efnismagn í þessum lið væri 100 gr.

Áðurnefndur Franklín Kristinn Steiner lýsti í yfirheyrslum hjá lögreglu í Reykjavík 11. október 1976 og aftur 21. s. m. ofangreindum viðskiptum við ákærða á sama veg, utan magn hassefna hafi verið 250-300 gr og hafi ákærði greitt að hluta með bandaríkjadölum, eða 150, en afgang í íslenskum krónum.

VI.-IX. ákæruliðir.

Þessir fjórir ákæruliðir eru allir byggðir á játningum ákærða, er fram

komu hér í dómi 3. nóvember 1976, en ákærði staðfesti þá skriflega greinargerð sína, sem að ofan er rakin. Í ofangreindu þinghaldi nafngreindi ákærði sem Kork Smith varnarliðsmann þann, er mest keypti af hassefnum af ákærða.

Í nefndu þinghaldi lýsti ákærði aðdraganda þess, að hann síðla sumars átti milligöngu um útvegun hassefna frá Franklín Kristni Steiner til varnarliða, nánar 65 gr, en þessi milliganga verið upphafið að frekari viðskiptum. Ofangreind viðskipti kvað ákærði hafa átt sér stað nokkru eftir verslunarmannahelgi 1976. Kvaðst ákærði hafa kynnst Kork Smith áðurgreindum í gegnum varnarliðann Wayne, er ákærði átti fíkniefnaviðskipti við sem að ofan er rakið.

Í nefndu þinghaldi var síðan um frekari viðskipti ákærða og nefnds Kork Smith bókað:

„Mætti kveður svo hafa verið um samið við ofangreinda 65 gr afhendingu milli sín og kaupanda, að þeir hittust hér í borg hálfum mánuði síðar, enda þá útborgunardagur á Keflavíkurflugvelli. Átti mót að verða við vélstjóraskóla hér í borg og mætti þá að hafa meðferðis 1 kg. af hassi, en kaupandi 5.750 US$. Mætti kveður Franklín K. Steiner, þegar til átti að taka, ekki hafa verið í borginni og síðar frett, að sá hafi þá verið erlendis. Kveðst mætti þá enn í nefndri íbúð hafa leitað ásjár pilts að nafni Jón, sem á tímabili hafi ásamt Franklín og fyrrnefndum Hilmari búið í margnefndri íbúð. Móðir Jóns þessa búi í Skólagerði 5. Jón þessi sé hávaxinn, fremur grannur með dökkt, sítt hár og alskegg. Hafi nefndur Jón talið sig geta útvegað umbeðið 1 kg af hassi og síðar þann dag í margnefndri íbúð fyrir milligöngu Jóns þangað komið pilt að nafni Einar en mætta þá með öllu ókunnan (sic). Hafi nefndur Einar flutt með sér hassefni af gerðinni grænn marokkó, nánar í plötuformi og mjög líklega 5 slíkar, aflangar um 1 cm á þykkt í plastumbúðum, loftþéttum. Hafi þeir mætti, Jón og Einar með vigtun í íbúðinni gengið úr skugga um, að efni væru samtals 1050 gr, og mætti afhent Einari 5.500 US$, enda kaupandi ekki komið með meira fé. Sá hafi beðið í öðru herbergi íbúðar og hvorki séð Einar né Jón ofangreinda.

Mætti kveðst strax á eftir hafa afhent kaupanda efni, eða nánar 950 gr, því þeir mætti og Jón hafi hvor áskilið sér 60 gr fyrir milligönguna.

Við sama tækifæri hafi mætti og kaupandi samið um að hittast enn að hálfum mánuði liðnum og þá við vatnstanka hér í borg. Átti kaupandi þá að hafa meðferðis 5.750 US$, en mætti 1 kg af hassi.

Kvaðst mætti í millitíðinni hafa samið við Franklín K. Steiner og að hans fyrirlagi á tilsettum degi beint áðurgreindum kaupanda og sama ökumanni, er áður getur, í austurhluta borgar og varnarliðar beðið í bifreið í grennd fjölbýlisshúss við Laugarnesveg, á meðan mætti með pen-

inga hélt þar inní íbúð, nánar Sigríðar Gísladóttur, sem þar var fyrir ásamt Franklín K. Steiner og fyrrnefndum Einari. Hafi þeir Franklín og Einar reitt fram hassefni í mörgum misstórum plötum, ferköntuðum, hverri um sig í loftþéttum plastumbúðum og þyngd skráð á hverja frá 100-135 gr. Tegund hafi verið kölluð Tyrki, efni ljósbrúnt að lit með grænleitum blæ þó og laust í sér eða duftkennt viðkomu.

Mætti kveðst frá Einari og Franklín hafa móttekið 1100 gr og báða hafa móttekið og talið greiðslu nánar 5.500 US$

Af efnum kveðst mætti fyrir milligöngu hafa áskilið sér 100 gr, en þess utan og án vitundar Franklíns og Einars 0.25 US$ pr. gr, eða 250 US$. Mætti bætir nú við, að eftir að hann fyrst kom í íbúðina, hafi fyrrnefndur Einar þurft að bregða sér frá og sækja efnin.

Mætti tekur fram, að þegar nefnd viðskipti urðu, hafi Franklín K. Steiner þegar verið eftirlýstur af lögreglu. Samt sem áður hafi enn verið ákveðið stefnumót við kaupanda að hálfum mánuði liðnum, þá við Hallgrímskirkju og enn til kaupa á einu kg. Það stefnumót hafi orðið, en Franklín þá kominn í varðhald og allt í óefni. Mætti kveðst þá hafa rætt við Sigríði Gísladóttur, en hún ekki talið sig geta úr bætt. Kveðst mætti þá hafa minnst Ólafs Bragasonar, enda vitað af eigin raun, að sá gat oft útvegað fíkniefni og Franklín reyndar einnig áður sagt mætta, að nefndur Ólafur hafi selt varnarliðsmönnum 1 kg af hassefnum.

Loks kveðst mætti nokkru áður af nefndum Ólafi hafa keypt LSD, nánar 8 s.n. pappírs- eða pappasýrur á kr. 2.000 hverja, notað 4 slíkar sjálfur, en gefið kunningjum hinar 4. Ólafi nefndum hafi tekist að útvega 400 gr af s.n. Afganistan-hassi, nánast kolsvörtu efni, linu viðkomu í þrem misstórum plötuhlutum. Einnig 9 gr af s.n. amfetamíndufti. Mætti kveðst alls ekki vita, hvaðan Ólafur útvegaði nefnd efni, enda það tekið hann margra klst. umleitanir símleiðis. Mætti hins vegar í húsi við Frakkastíg beðið álengdar með fé, en kaupandi og ökumaður enn þar skammt undan í bifreið og þeir reyndar ekki vitað um milligöngu Ólafs.

Loks hafi komið bifreið að nefndu húsi og Ólafur frá mætta farið með fjárupphæð í US$, sem nam kaupum, nánar 6 US$ pr. gr. af hassi og 50 US$ pr. 25 gr. af amfetamíndufti. Þá hafi þeir félagar reiknað kaupanda hvert gr af amfetamíni á 65 US$ og hvert gramm af hassi á 6.50 US$. Þannig hafi þeir félagar áskilið sér 145 US$ fyrir milligönguna um amfetamín, en tekið út ofangreindan hagnað af hassi í þeim efnum og samtals fengið 35 gr. Þá hafi verið eftir 400 gr, sem mætti afhenti kaupanda og því með vissu keypt 435 gr."

Akærði var enn yfirheyrður hér í dómi 4. nóvember 1976 og lýsti þá nánar kynnum af Kork Smith margnefndum, og var þá eftirfarandi bókað:

„Seinast í maí, sennilega eða rétt um sama leyti sem mætti seldi nefndum

Wayne síðustu 200 gr áðurnefnd hafi sá kynnt mætta fyrir varnarliða að nafni Moe. Sá hafi verið ca 1.75 cm á hæð, fremur þrekinn, með skolleitt mjög liðað hár. Að eigin sögn starfandi í Legal Office og hafa dvalið hér á landi í nær 5 ár. Hafi nefndur Moe fylgt mætta á fund og kynnt fyrir öðrum varnarliða, Kork Smith að nafni. Sá hafi þá verið að flytja inn í hornherbergi á efstu hæð sambýlishúss og félagar ýmsir verið að hjálpa honum að mála herbergi í bláum lit. Mætti kveðst ekki muna númer fjölbýlisshúss, en það standi við hlið húss númer 256, sem nefndur Kork Smith hafi síðar flutt í. Sá sé lágvaxinn, ekki feitur, en þó vel í holdum, með dökkt sítt og slétt hár, greitt fast niður og skipt í miðju. Öruggasta kennimerki sé þó yfirvaraskegg, sem nefndur aðili virðist hafa áráttu eða kæk að snúa í sífellu upp á til endanna.

Hafi þeir mætti, Moe og Kork Smith haldið til húss númer 747 og þar á efstu hæð í 2. eða 3. herbergi frá vinstri, þar sem Moe hafi búið. Eftir umræður og umleitanir þeirra félaga hafi nefndur Kork Smith dregið fram umslag með 5.000 US$ og beðið mætta að kaupa fyrir hassefni í Reykjavík, enda þeim félögum báðum greinilega kunnugt, hver viðskipti mætti skömmu áður hafði átt við nefnda Wayne og Dean. Mætti kvaðst hafa haldið með fé til Franklíns K. Steiner, en sá strax sagt, að engin efni væri að fá. Kveðst mætti þegar næsta dag hafa skilað nefndum Kork Smith fjárhæð óskertri, nánar í skoti við s.n. CPO klúbb skammt frá húsi, er K. Smith bjó í. Eftir það kvaðst mætti ekki hafa hitt nefndan K. Smith næstu þrjá mánuði eða þar um bil.

S.l. haust frá Franklín K. Steiner frétt, að Ólafur Bragason muni hafa selt K. Smith um 1 kg af hassefnum. Eftir það hafi bæði nefndur Ólafur og K. Smith hvor í sínu lagi staðfest það við mætta.

Mætti kveðst í þinghaldi í gær hafa lýst réttilega í öllum atriðum stefnumóti við vélstjóraskóla og viðskiptum í því sambandi. Kaupandi þar hafi hins vegar verið margnefndur Kork Smith, en ökumaður mætta með öllu ókunnur. Hafi þeir félagar verið í stórri ameríkskri bifreið, 8 strokka, ljósblárri að lit, árgerð 1968 eða þar um bil.

Mætti kveðst nú, er hann hefur afráðið að nafangreina varnarliða, vilja bæta nokkru við lýsingu í þinghaldi í gær á viðskiptum í íbúð við Háaleitisbraut. Hið rétta sé, að bæði fyrrnefndur Jón og einnig húsráðandinn Hilmar hafi auk mætta séð vel og reyndar rætt lengi við Kork Smith og ökumann, nánar í margnefndri íbúð við Háaleitisbraut. Öll atriði önnur í fyrri frásögn mætta af nefndum viðskiptum og aðdraganda séu nákvæmlega rétt. Einnig lýsing á næsta stefnumóti við vatnstanka og eftirfarandi viðskipt í íbúð við Laugarnesveg. Þar hafi Kork Smith hins vegar aftur verið á ferðinni sem kaupandi með sama ökumanni og áður og í sömu bifreið. Enn sé í þinghaldi frá í gær í öllum atriðum

rétt lýsing mætta á aðdraganda og framkvæmd viðskipta í félagi við Ólaf Bragason. Þar hafi Kork Smith enn verið kaupandi, ökumaður enn hinn sami, en að þessu sinni ekið grárri jeppabifreið af Toyota-gerð. Mætti kveðst telja mjög líklegt, að Ólafur Bragason hafi vitað, hver raunverulegur kaupandi var."

Einar Sigurhansson, fæddur 10. mars 1955, sætti gæsluvarðhaldi vegna aðildar að stórfelldri dreifingu hassefna sumar og haust 1976. Hér í dómi 4. nóvember 1976 lýsti nefndur Einar dreifingu á verulegu magni hassefnis fyrir Gunnar Gíslason. Kvaðst nefndur Einar hafa fengið skilaboð um að hitta Jón Rúnar Einarsson að Háaleitisbraut 43 og hafi þetta verið að kvöldi 3. september. Er að Háaleitisbraut kom, hafi Jón Rúnar hins vegar ekki verið við, en húsráðandi, Hilmar að nafni, spurt, hvort nefndur Einar gæti selt hass á 5 bandaríkjadali grammið og alls fyrir 5.500 dali. Þessu kvaðst Einar hafa hafnað, en kvaðst geta selt á 5.25 dali, hafi síðar orðið að samkomulagi, að einingarverð yrði 5.25 bandaríkjadalir og fjárhæð alls 5.500 slíkir. Kvað Einar nefndan Jón Rúnar hafa beðið sig að koma með efni kl. 2130 um kvöldið.

Nefndur Einar kvaðst síðan hafa komið með efni á Háaleitisbraut laust eftir kl. 2130, en þar þá verið fyrir margt manna. Kvaðst Einar hafa haldið inn í herbergi með Jóni Rúnari og sýnt honum efnið, er verið hafi 5 plötur af Marokkóhassi og smámoli að auki og efni samtals vegið 1047 gr. Þá kvað nefndur Einar pilt, er hann þá hafi ekki þekkt, hafa komið inn í herbergið með bréfpoka og í honum dollarar. Þetta var Karvel Gränz. Að boði sínu hafi peningar verið taldir og þeir verið 5.500 bandaríkjadalir í 20$ seðlum. Nefndur Einar kvaðst hafa ákveðið að eiga skamma viðdvöl þarna og því hafa tekið peningana og haldið á brott, en skilið efni eftir hjá Jóni og ákærða, en nefndur Jón Rúnar sagt sér, að efni færi til varnarliða, og „hafa haft á tilfinningunni", að þeir væru staddir í íbúðinni.

Nefndur Einar var enn yfirheyrður hér fyrir dómi 8. nóvember 1976 og lýsti þá frekari afhendingu hassefna til ákærða. Kvaðst nefndur Einar ásamt Franklín Kristni Steiner og nokkru eftir framangreinda afhendingu, en í sama mánuði, hafa afhent ákærða hassefni, er ákærði hafi greitt fyrir með 5.500 bandaríkjadölum, en afhending farið fram á heimili Sigríðar Gísladóttur við Laugarnesveg í Reykjavík.

Jón Rúnar Einarsson, fæddur 3. nóvember 1955, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 6. janúar 1977, hafði áður verið erlendis um hríð og því ekki náðst til hans fyrr. Lýsti nefndur Jón Rúnar sölu hassefna fyrir Einar Sigurhansson og þá jafnframt milligöngu um sölu á einu kg hassefnis til ákærða haustið 1976. Í nefndri yfirheyrslu var eftir Jóni Rúnari bókað:

„Mætti segist hafa fengið mest frá Einari, eftir að Franklín var settur í fangelsi. Skömmu eftir það hafi mætti flækst inn í sölu á einu kg af

marokkohassi. Mætti segir það nánast hafa verið tilviljun, að hann kom þar nálægt málum. Nánar skýrir mætti þannig frá þessu atviki, að Karvel Gränz hafi komið að máli við mætta og spurt sig, hvort ekki væri í lagi, að umrædd sala færi fram að Háleitisbraut 43. Mætti kveðst hafa fallið fyrir þessu gegn 15-20 grömmum af hassi í sinn hlut. Mætti kveðst ekki hafa verið viðstaddur sjálf viðskiptin, en tekið þátt í þessu á þann hátt að stefna Einari Sigurhanssyni með efnið á Háaleitisbraut á sama tíma og Karvel kom með 2 amerikana af Vellinum. Mætti kveðst hafa séð báða varnarliðana og hafa heyrt Karvel kalla annan þeirra „Kork"."

Er nefndum Jóni Rúnari var birt ákæruskjal hér í dómi 8. janúar 1980 og hann þá spurður um ofangreind viðskipti, þá kvaðst hann hafa fengið 50 gr frá ákærða fyrir sinn þátt í ofangreindri milligöngu.

Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, lýsti hjá lögreglu í Reykjavík 21. október 1976 og hér fyrir dómi 11. nóvember s. á. að hafa verið viðstaddur afhendingu 1100 gr af hassi til ákærða. Kvaðst nefndur Franklín hafa verið eigandi efnis og hafa keypt það ásamt meira magni í Rotterdam í ágúst 1976, en Einar Sigurhansson annast sölu þess til ákærða á heimili Sigríðar Gísladóttur við Laugarnesveg og ákærði greitt með 5.500 bandaríkjadölum, allt í 20$ seðlum. Hér fyrir dómi kvað nefndur Franklín efnismagn alls hafa verið 1100 gr af tyrknesku hassi, nánar í u. þ. b. 100 gr plötum, og kvaðst vita, að ákærði væri að útvega efnið fyrir varnarliða, er ákærði hitti í Öskjuhlíð.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, var hér í dómi þann 5. nóv. 1976 yfirheyrður um viðskipti við ákærða, og var þá eftirfarandi bókað:

„Kveðst mætti þá vilja viðurkenna að hafa selt Karvel Gränz 8 pappasýrur, en auk þess útvegað honum hass nú í byrjun okt. Kveðst mætti á þeim tíma hafa búið á Frakkastíg í íbúð, sem Sigríður vinkona Ragnheiðar E. Spencer hafði.

Mætti segir Karvel hafa komið á Frakkastíg og beðið mætta að útvega hass fyrir $. Ekki kveðst mætti muna heildarfjárhæð. Mætti kveðst hafa hringt í Eirík í Drápuhlíð í síma 21032 og mælt sér mót við hann við Iðnskólann. Þangað kveðst mætti skömmu síðar hafa haldið einn og keypt af Eiríki 435 grömm af svörtu afganhassi í 3 eða 4 plötum. Mætti kveðst nú muna, að hvert gramm hafi verið selt á 6$. Segist mætti síðan hafa afhent Karvel þetta efni, en þeir í sameiningu tekið af því 50 grömm, en það hafi komið til af því, að þeir voru með lélega vigt, meiningin hafi verið að taka aðeins 35 grömm. Mætti kveðst ekki vita, fyrir hvern Karvel var að útvega þetta efni."

Nefndur Ólafur Bragi var yfirheyrður hér í dómi 15. nóvember 1976 og

bætti þá við framburð sinn atriðum, er hann kvaðst ekki hafa munað eftir áður, og var þá bókað:

„ Mætti ítrekar að hafa hér í dómi lýst því að hafa útvegað Karvel Gränz liðlega 488 grömm af svörtu hassi, Afgan, ca 10-12 dögum áður en Karvel hélt til Hollands í okt. sl. Segir mætti, að Karvel hafi komið til sín á Frakkastíg, þar sem mætti var hjá Sigríði B. Segir mætti, að Karvel hafi verið með töluvert af US$ og beðið sig að útvega speed og hass. Kveðst mætti hafa sett sig í samband við Eirík í Drápuhlíð og hann sagst geta útvegað 8 gr af speed á 60$ grammið, eða sem svaraði 12.000 ísl. Mætti segir þetta hafa verið á laugardegi. Mætti segir Eirík hafa komið akandi á Frakkastíginn þetta kvöld á ljósgrænum Mini og afhent sér speedið, 8 grömm. Kveðst mætti því næst hafa selt Karvel þetta sem 9 grömm og hagnast um 60$.

Er mætti fékk speedið hjá Eiríki, kveðst mætti hafa beðið hann um hass fyrir Karvel. Um kl. 23.00 um kvöldið kveðst mætti hafa hringt í Eirík, þar sem hann var ekki kominn, og hann komið skömmu síðar með 435 grömm af Afganhassi, sem mætti kveðst hafa keypt fyrir Karvel, sem áður getur, á 6$ grammið. Þá kveðst mætti um leið hafa selt Eiríki 60$, sem mætti hafði af Karvel."

Christopher Barbar Smith, fæddur 29. september 1953, var vegna rannsóknar máls þessa og hér fyrir dómi þ. 8. nóvember 1976 úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald, og var það framlengt um 30 daga 7. desember s. á. Nefndur C. B. Smith neitaði staðfastlega öllum fíkniefnaviðskiptum við ákærða, en kvaðst hafa fyrst hitt ákærða í apríl 1976 og hafi vinur sinn, kallaður Moe, nánar David A. Delisle, kynnt þá.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 4. janúar 1977, var varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli fengin forréttur til lögsögu yfir nefndum C. B. Smith, og tóku nefnd yfirvöld bandarísk við gæslufanganum 5. janúar 1977.

X. ákæruliður.

Þann 27. október 1976 könnuðu tollverðir í Reykjavík pakka, merktan Karli Berg Ákasyni, Leifsgötu 21, Reykjavík, en sendandi skv. fylgibréfi Charlie D. Johnson og sendingardagur 23. október 1976 frá Amsterdam. Í pakkanum var brjóstmynd úr leir, byggð upp á vírgrind og máluð. Höfuð brjóstmyndarinnar var laust frá búknum, og innan í höfðinu sást móta fyrir umbúðum, er virtust innihalda hassefni. Tollverðir höfðu samband við fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík, er tók brjóstmyndina í sína vörslu.

Á skrifstofu fíkniefnadeildar voru teknar úr höfði styttunnar 4 heilar og 2 hálfar plötur af meintu hassefni í ljósum strigaumbúðum, stimplað

„Pure". Efnið var vegið á skrifstofu ÁFD og reyndist alls 2.500.6 gr og er geymt hjá ÁFD, merkt sýni 190.

Nefnt sýni var sent til greiningar hjá Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og voru niðurstöður próf. Þorkells Jóhannessonar eftirfarandi, sbr. bréf, dags. 25. nóvember 1976:

„Ávana- og fíknilyf og efni - Matsgerð nr. 253:

Rannsóknastofunni hefur borist sýni nr. 190 með tilliti til rannsóknar á kannabis, sbr. bréf lögreglustjórans í Reykjavík, sem dagsett er 28. 10. 1976. Sýnið var græn-brúnir kögglar, ca 0.76 gr að þyngd.

Með smásjárskoðun mátti greina plöntuhluta, sem sérkennandi eru fyrir Cannabis sativa. Litarpróf fyrir kannabínólum voru jákvæð. Sýna mátti fram á tetrahýdrókannabínól með gasgraeiningu á súlu, og var magn þess 51 mg/g (notaður var tetrahýdrókannabínólstaðall keyptur frá Hubert Landau Inc. í Bandaríkjunum).

Sýnið var því kannabis samkvæmt framansögðu."

Eftir að innihald hafði verið tekið úr nefndri leirmynd, var gengið frá henni aftur í pakka og þann 2. október s. á. vitjaði Karl Bergur Gränz, fæddur 20. september 1955, pakkans á tollpóststofu skv. tilkynningu. Nefndur Karl Bergur var síðar sama dag handtekinn, er hann henti nefndri leirmynd í ruslatunnu við hús hér í borginni.

Nefndur Karl var yfirheyrður hjá lögreglu, og voru framburðir hans í fyrstu breytilegir, en staðfesti endanlegan framburð hér fyrir dómi 4. nóvember 1976. Í nefndu þinghaldi skýrði Karl Bergur svo frá, að bróðir sinn Karvel, ákærði í máli þessu, hefði 10. október sl. trúað sér fyrir því, að ákærði væri á förum flugleiðis til Kaupmannahafnar og þaðan með lest til Hollands til hasskaupa, sem að sögn ákærða yrðu líklega um 2 kg, ekki hafi ákærði talað um hlut nefnds Karls Bergs eða um aðild annarra þar að.

Í nefndu þinghaldi var síðan eftir nefndum Karli Berg bókað:

„Kveðst mætti telja, að Karvel hafi haldið utan næsta morgum og ekki frá honum heyrt fyrr en um hálfum mánuði síðar og á sunnudagi, nánar 24. okt. s.l., er Karvel kom til síns heima og þá að sögn beint af flugvelli. Hafi þá Karvel þar fyrir mætta lýst gerð myndastyttu í Hollandi og í henni falið ónefnt magn af hassi, en póstsent frá Rotterdam á nafn mætta utan að það hafi verið skráð Ákason og stílað á Leifsgötu 21, Rv., þar sem búi móðursystir mætta. Átti mætti að sækja nefnda styttu, nálgast innihald og fela á óhultum stað, þar til Karvel eftir spyrði. Nánar segir mætti Karvel á þessum tíma hafa reiknað með yfirvofandi handtöku vegna eldri brota, en lofað mætta kr. 30.000 fyrir vikið.

Móðursystir hafi umbeðin látið mætta vita um tilkynningu frá póststofu, nánar um miðjan s.l. þriðjudag 2. nóv. og um kl. 18.40 að kvöldi

þess dags haldið með tveim kunningjum til Reykjavíkur, nánar Hauki Sigurðssyni, Vesturgötu 14 A, Keflavík, s. 1875, og Birni E. Kjartanssyni, Hringbraut 52, Keflavík, s. 1041, enda þeir allir þátttkendur í s.n. Dale Carnegie námskeiði í Reykjavík um kvöldið. Mætti kvaðst um nóttina hafa fengið lánuð afnot herbergis gamals skólabróður síns, Eysteins Ingvasonar, og að Laugavegi 28 C.

Að morgni gærdags um kl. 9.30 kveðst mætti að Leifsgötu 21 til móðursystur hafa sótt umrædda tilkynningu og um kl. 10.00 eða rétt rúmlega það framvísað henni á 2. hæð í Rafveituhúsi við Tryggvagötu. Mætti kveðst hafa tekið við böggli, sem hann sá og vissi, að í var stytta, og viðurkennt móttöku með nafnritun.

Mætti kvaðst hafa haldið með styttu til nærliggjandi leigubifreiðastöðvar og með bifreið þaðan að Laugavegi 28. Þá kvaðst mætti, er hann bar styttu frá leigubifreið, hafa veitt því athygli, að höfuð virtist laust eða rugga til. Styttu kvaðst mætti hafa borið til áðurnefnds herbergis, er hann svaf í nóttina áður, nánar fyrstu dyr til vinstri innan útihurðar. Mætti kvað sig strax, er hann tók umbúðir af styttu, hafa grunað, að lögregla væri komin í spilið, því höfuð styttu hafi næst bol verið laust að sjá. Hafi mætti því pressað styttu saman, annars vegar höfuð og það verið holt að innan, en tómt, hins vegar tekið botnplötu og á sama hátt þrýst saman bol. Sá og verið holur en fullur af dagblöðum. Þá kveðst mætti af umbúðum hafa skafið nafn sitt og póstnúmer, en því næst fleygt styttuleifum og umbúðum í ruslatunnu skammt utan dyra. Rétt síðar verið handtekinn af lögreglumönnum utan dyra.

Dómari spyr mætta um dskj. no. 207. Mætti segir það hafa verið hugsað sem verslunarbréf til að gera trúverðugri uppruna styttu. Nánar hafi Karvel fyrrgreindan sunnudag undirritað auða pappírsörk nafninu Charlie D. Johnson, en jafnframt afhent mætta handskrifað bréf á íslensku. Þann texta kvaðst mætti hafa þýtt á ensku og vélritað, en valið dgsetninguna 23. 10., þar eð Karvel kvaðst þann dag hafa póstlagt styttu. Árangur vélritunar mætta sé dskj. no. 207.

Mætti kannast við að hafa s.l. föstudag 29. 10. hringt í bögglapóststofu og grennslast fyrir um pakka, þar eð hann hafi verið tekið að lengja eftir tilkynningu.

Ítrekað aðspurður neitar mætti alfarið að hafa verið á ferð hér í borg s.l. þriðjudag fyrr en rétt um kl. 19.30 og þá í fylgd ofangr. pilta og í rauðri bifreið af Maveric-tegund, árgerð 1971 eða þar um bil."

Ákærði lýsti hér fyrir dómi 5. nóvember 1976 sakaratriðum í þessum lið ákæruskjals, en hafði áður, eins og að ofan er rakið, lýst upphafi kynna af Christopher B. Smith, vísast þar um til þess. Í nefndu þinghaldi var eftir ákærða bókað svo:

„Mætti kveðst áður hafa lýst viðskiptum í samvinnu við Ólaf Bragason tengd húsi við Frakkastíg. Þangað kvaðst mætti hafa haldið, enda vitað, að Ólaf væri þar helst að finna, nánar ásamt vinkonu Ólafs, Ragnheiði, í íbúð Sigríðar, vinkonu hennar.

Mætti kvaðst, á meðan Ólafur reyndi að koma á viðskiptum símleiðis, hafa í áðurnefndri Toyota-bifreið boðið Kork Smith að fara fyrir hann utan til fíkniefnakaupa og síðar um kvöldið einnig skýrt Ólafi frá þeirri ráðagerð.

Nokkrum dögum síðar kvaðst mætti samkvæmt því umtali hafa heimsótt Kork Smith í byggingu 756 og herbergi hans no. 223 og þar skipulagt nánar för. Þá þegar og sama kvöld, er áður geinir, á Frakkastíg hafa aflað vilyrðis stúlkunnar Ragnheiðar að fara einnig í nefnda för. Samþykkt hafi verið, að mætti fengi helming hagnaðar. Mætti kvaðst hins vegar ranglega hafa talið K. Smith trú um, að efnið yrði flutt með skipi, er héldi úr höfn í Hollandi 18. okt. s.l., en þegar sjálfur þá hafa afráðið aðferð.

K. Smith hafi við nefnt tækifæri afhent mætta 100.000 ísl. kr. fyrir flugfarmiðum mætta og Ragnheiðar. Þá kvaðst mætti næsta dag hafa í Reykjavík keypt nefnda miða og enn sama dag hafi Ragnheiður sótt um gjaldeyri og útvegað vegabréf og í það verið skráð sem Spurk að eftirnafni. Hafi þetta verið sennilega á fimmtudegi, en sunnudaginn næsta hafi mætti enn haldið til fundar við K. Smith og þar tekið við 3.500 US$. Fyrir það fé hafi mætti átt að kaupa svo mikið hass sem hann fengi og halda sjálfur helmingi efna. K. Smith hafi gefið í skyn, að nefndir 3.500 US$ væru aleiga hans þá stundina, en mætti kveðst telja það rangt miðað við fyrri umsvif K. Smith.

Næsta morgun hafi þau Ragnheiður haldið flugleiðis til Kaupmannahafnar, nánar að morgni mánudags 11. okt. s.l. Dómari þingmerkti og leggur fram sem no. 219 A ljósrit flugfarmiða no. 108/4200247347, greiðslustimplaðan 7. okt. s.l. Mætti skoðar skjal og kannast við sem umræddan farmiða.

Í Kaupmannahöfn hafi þau mætti og Ragnheiður pantað herbergi á Hótel Falcon, en um kvöldið í Christianiu keypt 10 gr af líbanon-hassi á 150 d. kr. Að kvöldi þriðjudags haldið bæði frá Kaupmannahöfn, nánar með næturlest, til Amsterdam og þar að morgni miðvikudags leigt herbergi á Hótel Peet Hein. Mætti kveðst í Amsterdam hafa ætlað sér góðan tíma til efnisútvegunar.

Mætti vikur þá að ástæðu þess, að Ragnheiði var boðið með. Hafi það verið til að tryggja, að mætti ekki fyrra ferils vegna yrði gripinn með fé á leið úr landi og Ragnheiður því átt að flytja það. Ragnheiður

hafi vitað um erindi og að fé var frá bandaríkjamanni á Keflavíkurflugvelli, en ekki nánar hverjum.

Viðskipti í Amsterdam hafi orðið laugardaginn 16. okt. s.l. að nefndri Ragnheiði nærstaddri og nánar á óþekktum bar þar í borg. Söluaðili hafi verið bandaríkjamaður að sögn, en mætta ókunnur. Sá hafi verið grannur, um 1.80 cm á hæð með mjög sítt ljósskolleitt hár bundið í tagl. Nefndan aðila kvaðst mætti degi fyrr hafa hitt og þar orðið samkomulag um efnismagn og verð, nánar 2½ kg af Libanonhassi á 1 US$ pr. gr.

Á laugardeginum kvaðst mætti hafa ekið frá nefndum bar með sölumanni og ökumanni hans ásamt Ragnheiði, fyrst til hótels að sækja fjármuni, en síðar í íbúð á ókunnum stað í borginni. Sölumaður hafi þar átt ýmsar tegundir hassefna, en nefndur Libanon verið sýnu ódýrastur og 2½ kg greidd með 2.000 US$ og 1.250 Holl. Gyllinum. Þá hafi sölumaður í kaupbæti gefið mætta og Ragnheiði 10 gr af Pakistan hassi og þau notað sjálf. Viðskipti hafi orðið síðla laugardagskvölds, en þau mætti og Ragnheiður að morgni sunnudags flutt til ódýrara hótels, nánar Hótel Golden Gate.

Næst dag og á nefndu hóteli kvaðst mætti hafa byrjað styttugerð utan um hassefni, fyrst með vírbindingum, en fljótþornandi leir yfir. Mætti kveðst hafa unnið að gerð styttu alla næstu viku og fé þeirra Ragnheiðar mjög gengið til þurrðar. Stytta þá verið póstlögð laugardaginn 23. 10. s.l. í Amsterdam, þótt varla væri fullgerð eða þornuð. Þegar í pósthús kom rétt fyrir lokun, kvað mætti hafa verið mikið fát að útfylla fylgiskjöl og mætti þar ritað nafnið Charlie D. Johnson, en í fuminu fyrst skrifað hluta af sínu rétta eftirnafni. Burðargjald hafi verið 90 Holl. Gyllini með flugpósti.

Mætti lagði þá fram og þingmerkti sem no. 220 fjórar ljósmyndir í litum, merktar A, B, C og D. Mætti skoðaði myndir og kvaðst þar kannast við sitt handbragð, einnig rithönd og fíkniefni á mynd merktri B."

Yfirheyrslum var framhaldið yfir ákærða hér fyrir dómi síðar sama dag og þá eftir ákærða bókað:

„Mætti kvaðst hafa lofað stúlkunni Ragnheiði fyrir aðstoðina að útvega henni herbergi og greiða ársleigu fyrirfram, þar eð mætti kvaðst hafa talið óráðlegt að afhenda stúlku reiðufé til eyðslu.

Mætti kveður þau Ragnheiði að kvöldi laugardags 23. 10. s.l. hafa haldið með lest frá Amsterdam til Kaupmannahafnar og eftir 4 stunda viðdvöl þar með flugvél hingað til lands og þá samkvæmt ofanskráðu án fíkniefna.

Við heimkomu kveðst mætti hafa frétt, að lögregla leitaði sín, og

grunað, að það gæti verið vegna eldra fíkniefnamisferlis, sem mætti nú hefur lýst hér fyrir dómi í fyrri þinghöldum.

Kvaðst mætti þá hafa skýrt Karli bróður sínum frá pakka, stíluðum á hans nafn, og innihaldi þess pakka. Þá undirritað bleika pappírsörk auða nafninu Charlie D. Johnson, en jafnframt samið á íslensku bréf og beðið Karl að þýða á ensku og vélrita á hina bleiku pappírsörk. Lofað Karli ríflegri þóknun án þess þó að tilgreina upphæð, ef hann annaðist framangreint, vitjaði styttu og geymdi á óhultum stað, þar til mætti kallaði eftir henni.

Mætti skoðar dskj. nr. 207 og telur undirskrift sína samkvæmt ofanskráðu og texta efnislega þýðingu þess handrits, er mætti samdi og afhenti Karli.

Þá kvaðst mætti fimmtudaginn 28. 10. s.l. og að höfðu samráði við Pál A. Pálsson hdl. hafa gefið sig fram við lögreglu, nánar að kvöldi þess dags um kl. 20.30.

Mjög ítarlega spurður um aðdraganda og framkvæmd samskipta við K. Smith varðandi ofangreinda utanför kveðst mætti enn hafa undan dregið eitt atriði, er máli kunni að skipta, og af hlífisemi við mjög góðan vin.

Hið rétta sé, að er mætti 6. 10. s.l. samkvæmt framangreindu hitti K. Smith og tók við kr. 100.000 ísl., hafi hann einnig frá sama aðila tekið við 1.800 US$ og Smith þá ekki talið sig hafa meira fé handbært, en jafnframt beðið mætta að koma aftur næsta sunnudagskvöld eða rétt fyrir brottför eftir meira fé.

Mætti kveðst enn vegna síns fyrri ferils hafa verið ragur við að fara þá ferð og með mikið fé út af flugvelli. Því sagt góðum vini sínum málavöxtu, enda vitað, að sá þekkti einnig K. Smith. Sá aðili sé Friðbert Sanders og hafi hann að beiðni mætta umrætt sunnudagskvöld haldið til K. Smith og þangað sótt þá 1.700 US$, er Smith hafði áður greint mætta frá, að hann mundi þá hafa tiltæka. Aðspurður segir mætti nefndan Friðbert búa að Hraunsvegi 19, Njarðvíkum."

Friðbert A. Sanders, fæddur 2. júní 1954, var yfirheyrður hér fyrir dómi 7. nóvember 1976 og bar efnislega á sama veg og ákærði um ofangreint. Staðfesti að hafa snemma í október það ár á Keflavíkurflugvelli, og nánar í svonefndum Víking Klúbb frá ákærða móttekið gjaldeyri, að sögn ákærða 1.800 bandaríkjadali, og það fé frá varnarliðum ætlað til fíkniefnakaupa, er ákærði ætlaði að annast. Kvaðst nefndur Friðbert hafa flutt fjárhæð út af flugvallarsvæði fyrir ákærða og geymt á heimili sínu í nokkra daga, en fyrir aðstoðina átt að fá 50 gr af hassi nokkru síðar.

Kvaðst nefndur Friðbert nokkru síðar hafa fengið ákærða 100.000 kr. til hasskaupa fyrir sig, en ekki hafa vitað, með hvaða hætti ákærði hugðist

flytja efni hingað til lands, en lofað að geyma þau um sinn, ef þörf krefði.

Nefndur Friðbert kvaðst enn samkvæmt beiðni ákærða og sunnudagskvöldið 10. okt. sl. hafa haldið á fund Kork Smith varnarliða í byggingu 747 og í bifreið þar skammt frá móttekið að sögn Korks 1.700 bandaríkjadali. Kvaðst Friðbert sama kvöld hafa afhent ákærða nefnda fjárhæð, enda ákærði þá að sögn á förum til Kaupmannahafnar flugleiðis, en þaðan með lest til Hollands og einhver stúlka að sögn ákærða átt að flytja fjárhæð úr landi. Þá kvaðst Friðbert fyrr um daginn hafa afhent ákærða áðurnefnda 1.800 bandaríkjadali auk 100.000 kr. ísl., sem áður er getið. Kvað Friðbert ákærða hafa komið hingað til lands aftur 24. sama mánaðar og þá jafnframt lýst heimsendingu efna.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, lýsti hér í dómi 5. nóvember 1976 að hafa í októberbyrjun þ. á. orðið vitni að því, að ákærði bauð Ragnheiði Spence með sér til Amsterdam til hasskaupa, en hlutur Ragnheiðar átt að vera að flytja peninga úr landi og nánar bandaríkjadali. Kvað nefndur Ólafur Bragi ákærða að sögn hafa ætlað að senda efni hingað í vaxkúlu eða bolta úr vírneti og af látbragði ákærða, er lýsti stærð kúlu, að sú rúmaði 2-3 kg, en ákærði ekki getið um magn.

Ragnheiður Sigurlaug Spence, fædd 21. september 1960, var yfirheyrð vegna ofangreinds þann 5. nóv. 1976 hjá lögreglu í Reykjavík og þá eftir henni bókað:

„Mætta er spurð um nýliðna utanlandsferð, og kveðst mætta hafa verið stödd á Frakkastíg 22 á heimili vinkonu sinnar, Sigríðar Baldvinsdóttur, sem þar búi hjá föður sínum og móður. Þangað hafi komið piltur að nafni Karvel, sem búi í Keflavík. Karvel hafi rætt um að fara út til hasskaupa og sagt, að sig vantaði einhvern til að flytja fyrir sig peninga utan. Hafi hann spurt mættu, hvort hún vildi taka þetta að sér gegn greiðslu ferðakostnaðar og síðan fái mætta kr. 200.000.- eftir að heim sé komið. Mættu hafi fundist tilboðið freistandi og tekið því. Viðstaddir þessar viðræður hafi verið áðurnefnd Sigríður, Ólafur B. Bragason og Jón Rúnar, vinur Sigríðar. Foreldrar Sigríðar muni síðan hafa vitað um ferðina, eftir að mætta fór.

Mætta man ekki, hvenær hún fékk að vita ákveðið um það, að ferðin yrði farin, en segir, að ekki hafi liðið nema örfáir dagar frá tilboðinu og til ferðarinnar. Mættu hafi ekki gefist tími til að fá gjaldeyri, en hún hafi með naumindum getað náð í vegabréf. Mætta segir, að það hafi verið á sunnudagskvöldi, að Bóbó, bróðir Karvels, hafi komið og sótt mættu og farið með hana til Keflavíkur, þar sem hún hafi gist um nóttina hjá vinafólki Karvels. Morguninn eftir hafi Karvel afhent mættu allmikið af dollurum, sem mætta hafi falið innan klæða. Mætta kveðst ekki vita um upphæðina, en vita, að þetta hafi eingöngu verið dollarar, því hún

hafi séð Karvel fletta seðlunum kvöldið áður. Þennan mánudagsmorgun hafi þau mætta og Karvel haldið til Khafnar með flugvél. Þau hafi farið sitt í hvoru lagi upp á flugvöll og látið sem þau þekktu ekki hvort annað á leið út í flugvélina. Í Khöfn hafi þau tekið hótelherbergi saman á hótel Falk eða Falkoner og þar dvalið í 2 daga við skemmtanir og drykkju. Í Khöfn hafi Karvel tekið við áðurnefndum dollurum og hafi mætta ekki frekar vitað um þá.

Þau hafi síðan haldið til Amsterdam með næturlest og komið þangað að degi til. Þau hafi tekið hótelherbergi saman, en aðeins dvalið þar stutt, enda hótelið dýrt og þau fengið annað hótelherbergi ódýrara. Í því hótelherbergi hafi Karvel hafist handa um að móta leirmynd. Hafi hann fyrst keypt hass í ljósum léreftsumbúðum, en mætta kveðst ekki vita, hve mikið magn, hún hafi heldur ekki verið viðstödd kaupin. Karvel hafi mótað höfuð styttunnar utan um hassið, en síðan útbúið virgrind og mótað um hana aðra hluta styttunnar. Mætta kveðst telja, að þau hafi dvalið í Amsterdam í meira en viku, áður en Karvel hóf að útbúa styttuna, og að hann hafi fengið allt efni í hana á staðnum. Mætta kveðst ekki alltaf hafa verið með Karvel, meðan á dvölinni stóð, hún hafi mikið dvalið á bar hótelsins. Mætta segir, að þau hafi ekki prófað hassefni það, sem Karvel keypti, að minnsta kosti viti mætta ekki til þess, að Karvel hafi prófað efnið. Mætta segir, að þau hafi ekki neytt neinna fíkniefna, meðan á dvölinni stóð, hins vegar hafi Karvel drukkið mikinn bjór.

Karvel hafi verið 2-4 daga að útbúa styttuna, enda hafi lakkið verið lengi að þorna. Styttunni hafi síðan verið pakkað inn í dagblöð, en mætta kveðst ekki muna, hvernig ystu umbúðirnar voru, en límt hafi verið utan um styttuna með límbandi. Þau hafi farið saman með styttuna á pósthúsið og náð rétt fyrir lokun. Mætta kveðst ekki vita, hvað kostaði undir styttuna, en hún hafi verið stíluð á áðurnefndan Bóbó.

Síðan hafi þau keypt farmiða til Khafnar með lest og farið sama kvöldið. Til Khafnar komið að degi til og samdægurs, líklega um kl. 14.00, haldið til Íslands. Við komuna til Keflavíkurflugvallar hafi skilist leiðir og mætta haldið með áætlunarbifreið til Rvíkur, en Karvel farið heim til sín.

Mætta telur, að þau hafi alls verið 12 daga í ferðinni, en treystir sér ekki til að nefna ákveðinn komudag. Hún kveðst ekki vita, hvernig hafi átt að losna við efnið né hvort einhverjum ákveðnum hafi verið ætlað efnið. Mætta kveðst ekki vita, hvaðan Karvel hafi fengið þessa dollara."

Nefnd Ragnheiður var enn yfirheyrð síðar sama dag og þá enn bókað:

„Lesinn var fyrir mættu framburður hennar, sem skráður er hér að framan, og segir hún þar rétt eftir sér haft. Mætta vill bæta við, að þegar Karvel kom á Frakkastíginn og bauð mættu utan, hafi hann einnig verið

í þeim erindum að versla með hass við Óla eða Jón Rúnar. Þeir hafi að minnsta kosti verið að meðhöndla svart hass og verið með klump á stærð við 2 - 3 cigarettupakka.

Þá segir mætta, að hún og Karvel hafi farið út í Christianiu í Khöfn og þar keypt brúnt hass í mörgum litlum bútum. Mætta kveðst ekki vita magn, en giska á 5 g, en það geti líka verið 12 eða meira. Þetta hafi þau reykt allt í Khöfn.

Mætta segir, að hún hafi verið viðstödd kaup á því hassi, sem sent var heim í styttunni. Þau Karvel hafi farið saman að kvöldi dags á einhverja búllu og þar hitt þrjá menn, með þeim farið í íbúðarhús og þar inn í íbúð, þar sem Karvel hafi móttekið hassið, 3 - 4 plötur, og greitt með dollurum. 2 þessara manna hafi síðan ekið þeim á hótelið aftur. Til viðbótar plötum áðurnefndum hafi Karvel fengið smámola af svörtu hassi, sem þau hafi reykt. Síðar hafi Karvel farið einn í casinunn, en það sé hverfi, sem í búi margar tegundir litaðra og hvítra manna frá mörgum löndum. Þar hafi Karvel fengið eitthvað keypt af svörtu hassi. Það hafi verið smábútur, ámóta stór og hann fékk aukalega hjá áðurnefndum sölumönnum. Þetta hass hafi þau að mestu reykt í Amsterdam, en farið með smámola til Khafnar og reykt þar."

Christopher Barbar Smith, fæddur 29. september 1953, sætti gæsluvarðahaldi vegna rannsóknar þessarar, eins og rakið var varðandi ákæruliði hér á undan, en neitaði sem áður, segir öllum fíkniefnaviðskiptum við ákærða og að hafa lagt honum til fé til fíkniefnakaupa (sic).

NIÐURSTÖÐUR.

I. ákæruliður

Ákærði hefur hér í dómi viðurkennt þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er framburður ákærða mjög ítarlegur og studdur öðrum gögnum málsins. Er ákærða var birt ákæra í máli þessu hér í dómi 29. nóvember sl., lýsti ákærði sig saklausan af sakaratriðum í þessum ákærulið og fleirum.

Með vísan til ofanritaðs þykir ekki ástæða til að taka mark á breyttum framburði ákærða og þannig ekki fallist á kröfu verjanda um sýknu af þessum ákærulið. Þykir þannig nægilega sannað með skilyrðislausri játningu ákærða hér í dómi, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í janúar 1976 keypt 600 gr af hassi í Kaupmannahöfn og flutt með sér hingað til lands. Skömmu eftir heimkomu selt samtals 350 gr af efnum á Keflavíkurflugvelli fyrir 2.350 bandaríkjadali og haft megnið af afganginum til eigin nota.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1975 og 2.

gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

II. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, bæði hjá rannsóknarlögreglu í Keflavík og hér í dómi. Framburður ákærða er studdur framburði Tryggva Bjarna Kristjánssonar, er hefur hér í dómi borið um ofangreind 90 gr hasskaup af ákærða. Þykir því ekki mark takandi á breyttum framburði ákærða við ákærubirtingu 29. nóvember sl., sem áður er rakið.

Með vísan til ofanritaðs þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er réttilega greinir í þessum lið ákæruskjals, nánar í apríl 1976 keypt 150 gr af hassi af sér ókunnum aðilja í Tjarnarbúð í Reykjavík á kr. 1.200 hvert gramm, selt nafngreindum manni hluta efnisins á kr. 1.400 hvert gramm og neytt afgangsins að mestu leyti sjálfur.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

III. ákæruliður.

Ákærði hefur ítrekað hér í dómi viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og jafnframt rennir framburður ofangreinds Franklíns Kristins Steiner stoðum undir játningu ákærða. Ekki verður því tekið mark á breyttum framburði ákærða við ákærubirtingu hér í dómi 29. nóvember sl.

Þykir þannig nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega greinir í þessum lið ákæruskjals, nánar fyrir utanferð sína um miðjan maí 1976 móttekið 3.000 bandaríkjadali hjá tveimur Bandaríkjamönnum á Keflavíkurflugvelli til hasskaupa. Keypt 1200 gr af efninu í Amsterdam fyrir 2.000 dali og um 20. s. m. flutt efnið með sér hingað til lands, falið innan klæða, afhent greindum Bandaríkjamönnum 600 gr og haldið sjálfur 600 gr. Skömmu síðar selt þessum aðiljum samtals 500 gr af sínum hluta efnisins fyrir 3.000 dali og sjálfur notað 100 gr.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

IV. ákæruliður.

Ákærði viðurkenndi háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, hér í dómi 3. nóvember 1976 og staðfesti enn játningu sína hér í dómi 7. nóvember sama ár. Er játning ákærða studd framburði ofangreinds Franklíns Kristins

Steiner. Þykir ekki mark takandi á breyttum framburði ákærða, er fram kom við ákærubirtingu hér í dómi 29. nóvember.

Þykir samkvæmt ofansögðu nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega er lýst í þessum lið ákæruskjals, nánar í byrjun júní 1976 keypt 100 gr af marihuana og um 5 gr af hassolíu af Franklín Kristni Steiner að Suðurgötu 8 í Reykjavík fyrir samtals um kr. 95.000, blandað efnunum saman og drýgt með hunangi, þannig að úr varð um 120 gr kaka. Selt nafngreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli 100 gr af þessu fyrir 600 bandaríkjadali og notað sjálfur afganginn.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

V. ákæruliður.

Ákærði ber, að efnismagn í þessum ákærulið hafi verið 100—150 gr, en nefndur Franklín kvað það 250 - 300 gr. Þykir hér varlegast að miða við, að efnismagn hafi verið 100 gr, og framburður ákærða lagður til grundvallar.

Samkvæmt ofansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega greinir í þessum ákærulið að slepptu fráviki um efnismagn, nánar í júlí - ágúst 1976 margsinnis keypt hassefni af Franklín Kristni Steiner að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík, samtals 100 gr á um kr. 13—1.400 hvert gramm.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10 gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

VI. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum kærulið greinir, og er sú játning studd framburðum þeirra Einars Sigurhanssonar og Jóns Rúnars Einarssonar.

Þykir því sannað með vísan til ofanritaðs, að ákærði hafi gerst sekur um þá hátttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar í september 1976 keypt 1050 gr af hassi af Einari Sigurhanssyni að Háaleitisbraut 43 í Reykjavík fyrir 5.500 bandaríkjadali og þegar afhent nafngreindum varnarliðsmanni af Keflavíkurflugvelli, sem hafði látið ákærða fá fé til kaupanna, 950 gr af efninu, en 100 gr hélt ákærði eftir fyrir sig og nafngreindan kunningja sinn, sem aðstoðaði ákærða við þessa milligöngu.

Í ákæruskjali er ofangareind háttsemi réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr.

10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.
Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

VII. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða hér í dómi, sem studd er framburðum þeirra Franklíns Kristins Steiners og Einars Sigurhanssonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum lið ákæru greinir, nánar í september 1975 keypt 1100 gr af hassi, fyrir sama varnarliðsmann og nefndur er í VI. lið, af Franklín Krisntni Steiner og Einari Sigurhanssyni á Laugarnesvegi 84 í Reykjavík fyrir 5.500 dali og fengið 100 gr af efninu í sinn hlut fyrir vikið.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

VIII. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða, sem studd er framburði ofangreinds Ólafs Braga Bragasonar, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í september 1976 keypt 8 LSD töflur af Ólafi Braga Bragasyni í Reykjavík á kr. 2.000 hvert stykki, gefið ónafngreindum kunningjum sínum 4 þeirra og notað 4 sjálfur.

Ofangareind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

IX. ákæruliður.

Framburðir ákærða og ofangareinds Ólafs Braga Bragasonar eru nánast samhljóða um sakaratriði í þessum ákærulið, utan hvað þá greinir á um það magn, er þeir tóku í sinn hlut af efninu. Ólafur Bragi kveður það 50 gr, en ákærði hins vegar 35 gr. Hér þykir verða að leggja til grundvallar framburð ákærða um þetta atriði.

Þykir samkvæmt ofansögðu sannað með játningu ákærða, sem studd er framburði nefnds Ólafs Braga, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar í fyrri hluta október 1976 ásamt Ólafi Braga Bragasyni keypt 435 gr af hassi og um 9 gr af amfetamíndufti í Reykjavík enn fyrir sama varnarliðs-

manninn og áður, og tóku ákærði og nefndur Ólafur Bragi í sinn hlut 35 gr af hassinu og 145 dali fyrir vikið.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega til refsiákvæða heimfærð, utan hvað vísan til auglýsingar nr. 293/1978 er ofaukið og þannig talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

X. ákæruliður.

Ákærði hefur viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning rækilega studd öðrum gögnum málsins.

Telst því samkvæmt ofansögðu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í þessum lið ákæruskjals greinir, nánar skömmu fyrir utanför sína 11. október 1976 tekið við 3.500 bandaríkjadölum frá framangreindum varnarliðsmanni á Keflavíkurflugvelli til hasskaupa, og átti ákærði að fá í sinn hlut helming þess hassefnis, sem hann keypti. Hinn 16. s. m. keypt 2.5 kg af hassi í Amsterdam fyrir 2.000 dali og 1.250 gyllini og póstlagt efnið 23. s. m. í Amsterdam til sendingar hingað til lands, og var hassið þá falið í myndastyttu, sem ákærði utbjó sérstaklega í þessu skyni, en 27. s. m. lagði lögreglan hald á allt efnið í Reykjavík.

Í ákæruskjali er ofangareind háttsemi ákærða réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Verjandi hreyfði þeirri sýknuástæðu, að einstakir ákæruliðir máls þessa væru fyrndir með vísan til 1. tl. 1. mgr. 81. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. Hrd. 1979, bls. 453.

Nefndar varnarástæður þykja hér ekki við eiga, enda margir ákæruliðir máls þessa tvímælalaust réttilega heimfærðir 2. tl. áðurnefndrar 81. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 (sic). Úrslitum þykir hins vegar ráða í þessu sambandi, að ofangareind háttsemi ákærða er framhaldandi röð samkynja athafna, og verða því ekki einstakir þættir aðskildir, sbr. Hrd. XXXIV, bls. 674.

Að ofansögðu athuguðu og virtu ber að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en hann féllst þann 4. desember 1978 á greiðslu 35.000 kr. sektar fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Ber því að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón

af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Verjandi benti á, að ákærði hefði ekki komið nálægt fíkniefnum í næstum heilt ár. Í því sambandi skal þess getið, að ákærði sætti vorið 1979 gæsluvarðhaldi og viðurkenndi þá hér í dómi viðamikið fíkniefnamisferli.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en auk þess með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 800.000, þar sem ákærði hafði hagnað af sölu fíkniefna. Komi 60 daga fangelsi í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 3 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt, að til frádráttar refsivist komi með fullri dagatölu sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 25 dagar.

Þá ber samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 sem í ákæru er krafist að gera ákærða að sæta upptöku á 2.5 kg af hassi, er lagt var hald á 27. október 1976.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 140.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Karvel Gränz, fæddur 5. mars 1954, sæti fangelsi í 15 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 800.000.

Refsivist til frádrattar komi 25 daga gæsluvarðhaldsvist, en í sektar stað 60 daga fangelsi, verði hún ekki greidd innan 3 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 140.000 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns.

Upptæk til eyðingar skulu 2.5 kg af hassi, sem hald var lagt á 27. október 1976.

Mánudaginn 17. janúar 1983.

Nr. 241/1982. **Búnaðarbanki Íslands**
gegn
Herbert Ólasyni.

Kærumál. úrskurður um greiðslustöðvun úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. desember 1982, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að greiðslustöðvunartímabilið verði stytt verulega. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram aðrar upplýsingar um eignir sínar og skuldir en veðbókarvottorð um Króksstaði í Öngulstaðahreppi, sem eru þinglýst eign hans. Er því ekki hægt að gera sér grein fyrir fjárhagsstöðu hans eða meta það eftir framlögðum gögnum, hvort hann eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum, að heimila beri honum greiðslustöðvun samkvæmt 7. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma ber varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja 2.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Herbert Ólason, greiði sóknaraðilja, Búnaðarbanka Íslands, 2.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu 10. desember 1982.

Með bréfi, dagsettu 10. desember 1982, óskar Herbert Ólason, 4009-0487, eftir leyfi til greiðslustöðvunar skv. 7. gr. laga nr 6/1978.

Lagt hefur verið fram yfirlit um skuldir beiðanda, þ. e. í veðbókarvottorði, og gerð grein fyrir eignum hans. Þá hefur og verið sýnt fram á, þ. e. með uppboðsauglýsingu, að beiðandi eigi í verulegum fjárhagserfiðleikum þessa stundina og vilja beiðanda til að koma nýrri skipan á fjármál sín, og hefur hann í því sambandi fengið Benedikt Ólafsson héraðsdómslögmann til að aðstoða sig við það.

Gert hefur verið líklegt, að með sölu fasteignarinnar Króksstaða í Öngulstaðahreppi á frjálsum markaði megi ráða við fjárhag beiðanda og fullnægja kröfuhöfum.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af árstíma þykja vera fyrir hendi skilyrði til að verða megi við beiðni um greiðslustöðvun, sem gilda má í allt að 3 mánuðum frá dagsetningu beiðni, þ. e. 10. desember 1982.

Á l y k t a r o r ð :

Herbert Ólasyni, nafnr. 4009-0487, er heimil greiðslustöðvun í allt að 3 mánuðum frá 10. desember 1982 að telja, sbr, II. kafla laga nr. 6/1978.

Þriðjudaginn 18. janúar 1983.

Nr. 116/1979. **Hildigunnur Gunnarsdóttir**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur
(Jón Tómasson hrl.).

Skaðabótamál. Sjúkrahús. Ábyrgð vegna læknismeðferðar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlensdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Það mál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 1. júní 1979, en áfrýjandi áfrýjaði héraðsdóminum að

nýju 14. júní 1979 með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 43.850.00 krónur (nýkr.) með 7% ársvöxtum frá 27. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1976, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til. 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 65/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis hinn 19. júlí 1979. Til vara krefst áfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar úr hendi stefnda ásamt vöxtum svo og málskostnaði eftir því sem greint var um aðalkröfu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi áfryjánda fyrir Hæstarétti.

Í áfrýjunarstefnu krafðist áfrýjandi þess, að teknar yrðu til greina kröfur þær, er hann gerði í héraði. Hækkun kröfugerðarinnar frá því, sem í áfrýjunarstefnu greindi, fullnægir ekki skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingafræðings um tjón áfrýjanda vegna örorku, dags. 10. janúar 1983.

Áfrýjandi hefur lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að hann telji ekki efni til að óska eftir, að leitað verði umsagnar Læknaráðs í máli þessu.

Í umsögn sinni, sem greind er í héraðsdómi, gekk Páll Gíslason yfirlæknir út frá því eftir upplýsingum, er hann hafði fengið, að áfrýjandi hefði leitað til læknis vegna verkja í vinstri handlegg 25. febrúar 1972, en til slysadeildar Borgarspítalans 27. febrúar s. á. Hið rétta var, að áfrýjandi leitaði til slysadeildarinnar laust eftir miðnætti aðfaranótt 23. febrúar, en til Bjarna Konráðssonar læknis síðdegis sama dag. Þar sem umsögn yfirlæknisins er þannig gefin á röngum forsendum um staðreyndir málsins, getur hún engum úr-

slitum ráðið í málinu. Að þessu athuguðu og að ööru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á þá niðurstöðu hans, að ósönnuð séu þau mistök við greiningu og meðferð sjúkdóms áfrýjanda á slysadeild Borgarspítalans, er leitt geti til skaðabótaábyrgðar fyrir stefnda. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. febrúar 1978, hefur Hildigunnur Gunnarsdóttir, Suðurlandsbraut 113, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. maí 1976, á hendur borgarstjóranum í Rekjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.704.265 með 7% ársvöxtum af kr. 1.754.265 frá 23. febrúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til 3. janúar 1975, 13% ársvöxtum af stefnufjárhæðinni, kr. 1.704.265, frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnanda var veitt gjafsókn í máli þessu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, útgefnu 14. apríl 1976. Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður var skipaður talsmaður gjafsóknarhafa.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmd til að greiða málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Í stefnu er því haldið fram, að stefnandi hafi leitað til slysadeildar Borgarspítalans hinn 27. febrúar 1972 vegna mikillar vanlíðunar í fjórum fingrum vinstri handar. Hið rétta er hins vegar, að stefnandi kom á slysadeild Borgarspítalans kl. 0050 aðfaranótt 23. febrúar 1972, sbr. dskj. nr. 4. Við munnlegan flutning málsins leiðrétti lögmaður stefnanda þessa missögn.

Í stefnu segir, að stefnandi hafi haft mikla vanlíðan í fjórum fingrum vinstri handar. Í sjúkraskrá er hins vegar aðeins talað um löngutöng í því sambandi. Enn fremur segir í stefnu, að læknir sá, sem skoðað hafi stefnanda, hafi talið vanlíðan hennar stafa af því, að hún hefði fengið flís eða flísar í fingurna og ígerð af þeim sökum. Hafi verið skorið í góma löngutangar og baugfingurs í leit að flís, en áður hafi fjórir fingur verið deyfðir með frystingu. Hafi hjúkrunarkona séð um deyfinguna, en stefnandi kveður lækninn hafa átalið hjúkrunarkonuna fyrir að frysta svo marga fingur. Þegar skorið hafi verið í fingurna, hafi aðeins komið út blóð. Hafi því ekkert frekar verið aðgert, en aðeins búið um höndina og stefnandi send heim.

Í sjúkraskrá Borgarspítalans varðandi stefnanda segir svo:

„Hefur felon, að því er virðist, á vi. löngutöng. Stungið á, kemur einungis blóð. Rp. terramycin. Re. 25/2 f. h."

Eins og sjá má af þessari sjúkraskrá slysadeildarinnar, hafði stefnanda verið sagt að koma aftur á deildina þann 25. febrúar fyrir hádegi. Stefnandi kom hins vegar hvorki á boðuðum tíma á slysadeildina né síðar.

Stefnandi heldur því fram, að fjórir fingur vinstri handarinnar hafi verið frystir. Í sjúkraskrá er ekki minnst á neina deyfingu. Í greinargerð af hálfu stefnda er því þó haldið fram, að ekki sé með öllu útilokað, að deyfing hafi átt sér stað, en svokölluð frysting fari þannig fram, að chlorethyl sé sprautað á svæði það, sem deyfa á, gegnum örfínan stút á þar til gerðu glasi. Að sögn yfirlæknis slysadeildar Borgarspítalans sé útilokað, að unnt sé með þessum hætti að deyfa fjóra fingur í senn, enda sé um afar ófullkomna og staðbundna deyfingu að ræða, sem aðeins endist í nokkrar sekúndur og þá á örlitlu svæði. Til þess að frysting endist, þurfi stöðuga og mikla úðun á sama stað. Um slíkt geti því ekki verið að ræða hér, enda aðeins framkvæmd ein smávægileg ástunga. Við þá stungu hafi vætlað út blóð, en ekkert komi fram, sem gefið hafi starfsmönnum slysadeildar tilefni til frekari aðgerða að svo stöddu, enda hafi stefnanda verið upp á lagt að koma að tveim dögum liðnum til endurathugunar.

Eftir þessa aðgerð kveðst stefnandi hafa verið viðþolslaus af sársauka

í hendinni. Síðari hluta dagsins 23. febrúar 1972 leitar hún til Bjarna Konráðssonar læknis, sérfræðings í lækningarannsóknum og kennara við Háskóla Íslands í líffærafræði.

Bjarni Konráðsson hefur komið fyrir dóminn og borið, að það hafi verið síðari hluta dags. 23. febrúar 1972, sem stefnandi hafi hringt til sín á lækningastofuna, um það leyti sem Bjarni var að loka, og spurt sig að því, hvort hún mætti koma, því að hún hefði ónot og dofa í vinstri hendinni. Bjarni kvað stefnanda heimilt að koma til sín á lækningastofuna, og gerði hún það. Bjarni kveður stefnanda þá hafa verð með kalda fingur á vinstri hendi og haft dofatilfinningu í þessu og á húðinni hafi verið dálítið bláleitur blær. Bjarni kvað sér hafa dottið tvennt í hug í þessu sambandi: Í fyrsta lagi hefði verið kalt þennan dag og það gæti hafa verið meðverkandi orsök, og í öðru lagi sagði Bjarni, að sér hefði verið kunnugt um það, að þessi kona reykti ákaflega mikið. Kvaðst Bjarni því hafa ímyndað sér helst, að þarna væri um að ræða krampa í æðum. Bjarni gaf stefnanda því lyf, sem hann taldi henta undir þessum kringumstæðum, það er Ilidar. Jafnframt kvaðst Bjarni hafa sagt stefnanda, að ef hún fegni óþægindi eða verki í höndina, þá skyldi hún umsvifalaust leita sér lækninga. Bjarni kvaðst hafa ráðlagt stefnanda að taka eina töflu af lyfi þessu þrisvar sinnum á dag og ef til vill auka skammtinn. Enn fremur kvaðst hann hafa bannað henni að reykja eða sagt, að hún skyldi varast að reykja og varast, að sér yrði kalt. Ráðlagði Bjarni stefnanda að ganga með vettlinga eða eitthvað til hlífðar. Bjarni Konráðsson kvað sér eiginlega ekki hafa dottið í hug á þessu stigi málsins, að hér væri um blóðtappa að ræða, svo sem síðar kom á daginn, þar sem stefnandi hafi ekki verið það gömul manneskja og auk þess sé sjúkdómur þessi fágætari hjá konum en körlum og enn eitt, að staðsetning sjúkdómsins hafi verið mjög óvenjuleg, þar sem hann sé miklu algengari í neðri útlimum.

Haukur Sigurbjörn Magnússon læknir hefur komið fyrir dóminn og borið, að hann hafi vitjað stefnanda á heimili hennar, er hann hafi verið á neyðarvakt hinn 28. febrúar 1972. Þetta hafi verið í fyrsta skipti, sem hann hafi séð stefnanda, en síðar varð Haukur heimilislæknir hennar. Haukur kvað ástand stefnanda, eftir því sem hann myndi best, hafa verið þannig, er hann vitjaði hennar, að hún hafi setið uppi í rúmi sínu og verið greinilega töluvert þjáð og kvartað undan verki í handleggnum. Haukur kvaðst hafa skoðað handlegginn, horft á hann og þreifað á honum, framkvæmt það, sem kallist „einföld klinisk skoðun." Haukur kvað niðurstöðuna af sjúkdómsgreiningu sinni hafa verið þá, að hér væri um alvarlegar blóðrásartruflanir í vinstri hendi og handlegg sjúklingsins að ræða. Kvaðst Haukur þegar hafa haft samband við lyflækningadeild Landspítalans símleiðis og þá slegið því fram í síma sem sjúkdómsgreiningu, að hér gæti verið um „ergot-

ismus" að ræða. Sjúkdómur þessi sé sjaldgæfur og lýsi sér í miklum æðarkrömpum í útlimaslagæðum. Haukur kvaðst muna eftir því, að í fyrsta lagi hefði verið munur á púlsi vinstra og hægra megin. Púlsinn hafi greinilega verið daufari vinstra megin. Fingurnir hafi verið vaxbleikir, líkfölir eða partur af þeim, eftir því sem hann mundi best, og minnti læknirn, að einn eða tveir fingur væru töluvert bláir. Annars hafi höndin verið mjög föl.

Haukur S. Magnússon kvaðst minnast þess, að þegar hann hafi vitjað stefnanda í umrætt sinn, hafi hún þjáðst töluvert af höfuðverki og hafi hún sagst hafa tekið töluvert af töflum, er heita cafergot, sem notaðar séu við sérstökum höfuðverki, svokölluðu migreni. Enn fremur kvaðst Haukur muna eftir því, að stefnandi hafi haft æðaútvíkkandi töflur, sem hún hafi fengið hjá Bjarna Konráðssyni lækni.

Eins og áður getur, sá Haukur S. Magnússon lækni um það að koma stefnanda inn á lyflækningadeild Landspítalans til meðferðar. Aðspurður kvaðst Haukur ekki muna það svo gerla, hvort hann hafi gefið stefnanda verkjastillandi sprautu, áður en hún var flutt á lyflækningadeildina, en hins vegar kvaðst hann muna, að hún hafi verið greinilega sárþjáð.

Svo sem fyrr er að vikið, var stefnanda lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans hinn 28. febrúar 1972. Daginn eftir var hún svo lögð inn á handlækningadeild Landspítalans. Æðamynd var tekin af slagæðum handleggsins og sýndi, að blóðsegi (thrombosa) var í arteria subclavia. Sjúkdómsgreiningin var sú, að frá þessum flóðsega stöfuðu smáblóðtappar (emboli), sem losna við og við og skutust fram í æðar fingranna. Hinn 1. mars var gerð aðgerð á þessu og æðin hreinsuð, en gangur sjúkdómsins var sá, að drep var komið í fingurgóma fjögurra fingra, þ. e. frá vísifingri til litlafingurs vinstri handar. Líðan stefnanda batnaði mjög eftir aðgerðina, en drep það, sem komið var í fingur vinstri handar, varð ekki stöðvað. Var þess síðan beðið, að það afmarkaðist á þessum fjórum fingrum.

Tæpum mánuði síðar, eða hinn 26. mars 1972, er síðan gerð aflimun á hlutum af þessum fjórum fingrum vinstri handar, þannig að tekinn var mestur hluti af ysta fingurköggli af vísifingri, ysta köggli og miðhluta af löngutöng, ysta köggli af baugfingri og litlafingri.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og borið, að hún telji, að hún hafi verið búin að kenna þrauta í vinstri hendinni í allt að 10 dögum, áður en hún leitaði til slysadeildar Borgarspítalans, sem hún taldi fyrir réttinum, að kynni að hafa verið 23. febrúar 1972. Hafi það verið seint um kvöld. Hún kvaðst hafa kennt þrautanna í handleggnum og fingurgómunum. Hún kvaðst hafa leitað til Bjarna Konráðssonar læknis nokkrum dögum áður en hún fór á slysavarðstofuna. Sagðist hún geta trúað, að það hefði verið svona fjórum dögum áður. Kvað hún Bjarna Konráðsson hafa sagt, að

hér mundi vera um æðaþrengsli að ræða, og hafi hann skaffað henni lyf við þessu. Einnig kveður stefnandi Bergþór Smára lækni hafa komið til sín. Samkvæmt vottorði Bergþórs Smára læknis, sem dagsett er 2. júní 1977, sbr. dskj. nr. 21, mun vitjun þessi hafa átt sér stað 15. febrúar 1972, er læknirinn gegndi neyðarvakt.

Þegar stefnandi kom á slysavarðstofu Borgarspítalans nóttina 23. febrúar 1972, telur hún sig hafa þurft að bíða í allt að þrem stundarfjórðungum, áður en henni hafi verið vísað til læknis. Hafi sá læknir spurt sig að því, hvað væri að henni. Stefnandi kvaðst ekki hafa getað sagt nákvæmlega, hvað væri að sér, en sér liði illa í fingrum vinsri handar og sig langaði til þess að tekin yrði mynd. Stefnandi kveður lækninn hafa litið á höndina á henni og sagt, að þetta mundi vera flís. Stefnandi kvaðst hafa andmælt þessari skoðun læknisins, en farið með honum inn á lækningastofuna. Þar hafi læknirinn sagt við hjúkrunarkonu að deyfa á stefnanda fingurna. Hafi hjúkrunarkonan síðan komið með brúsa og hellt yfir fjóra fingur þrisvar sinnum, e. t. v. fjórum sinnum. Hafi læknirinn þá snúið sér við og sagt við hjúkrunarkonuna, „ hvað ertu að gera manneskja?".

Þegar dómarinn spurði stefnanda nánar út í það, hvernig hjúkrunarkonan hefði framkvæmt deyfinguna, þá svaraði stefnandi, að hjúkrunarkonan hefði úðað yfir fjóra fingur a. m. k. þrisvar sinnum, kannski fjórum sinnum, þá hafi læknirinn sagt þetta, „hvað ertu að gera manneskja?".

Eftir það hafi læknirinn leitað að hinni meintu flís og skorið í löngutöng og vísifingur, en enga flísina fundið. Eftir það kvaðst stefnandi hafa farið heim til sín. Stefnandi var sérlega innt eftir því í yfirheyrslunni, hvort henni hefði verið sagt að koma aftur á slysavarðstofuna hinn 25. febrúar 1972, svo sem bókað er í sjúkraskrá. Kvað stefnandi öruggt, að það hafi ekki verið gert.

Eftir að aðgerðin fór fram á sjúkradeild Borgarspítalans hinn 23. febrúar 1972, kveðst stefnandi hafa verið algerlega friðlaus. Leitað hafi verið til lækna á hverju kvöldi vegna þessa. Minntist hún þess, að Berþór Smári læknir, Haukur S. Magnússon og enn einn læknir, sem vinni í Tryggingunum, og minnti stefnanda, að hann héti Jon, hafi allir komið heim til sín. Þeir hafi allir álitið, að hér væri um æðaþrengsli að ræða, og Haukur S. Magnússon hafi látið leggja hana inn á lyflækningadeild Landspítalans, svo sem fyrr er að vikið. Stefnandi segir, að fingur vinstri handar hennar hafi verið farnir að blána, áður en hún var lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans 28. febrúar 1972, en það hafi þó ekkert verið að ráði fyrr en þann dag. Þegar dómarinn spurði stefnanda nánar að því, hvort fingurnir hefðu verið farnir að blána fyrr en 28. febrúar 1972, svaraði hún: „Jú, þegar ég fór upp á læknavarðstofu, þá voru fingurnir farnir að blána, vegna þess fór ég, vegna þess að mér var illa við það."

Síðan spurði dómarinn stefnanda að því, hvort fingurnir hafi þá verið bláir allan tímann, sem líður frá því, að aðgerðin var framkvæmd, og þangað til hún var lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans. Því svaraði stefnandi þannig: „Já, allir helbláir eftir það."

Það kemur fram í gögnum málsins, sbr. dskj. nr. 7, að í ágústmánuði 1972 fær stefnandi svipuð einkenni í hægri hönd og þau, er hún hafði haft í vinstri hendi í febrúar fyrr á árinu. Þann 21. ágúst 1972 var hún lögð inn á Landakot, þar sem hún beið aðgerðar í u. þ. b. þrjár vikur, eftir því sem hún hefur borið hér fyrir dóminum. Þá hafi fingur hægri handar verið orðnir alveg bláir. Síðan var gerð aðgerð á þessu, og náði stefnandi sér í hendinni eftir það.

Læknir sá, er var á vakt á slysadeild Borgarspítalans, þegar stefnandi kom þangað aðfaranótt 23. febrúar 1972, heitir Hallgrímur Benedtiksson. Hann var þá aðstoðarlæknir og framkvæmdi framangreinda aðgerð á stefnanda. Hann hefur hins vegar verið erlendis, og hefur eigi tekist að fá hann fyrir dóminn til skýrslugjafa. Hins vegar hefur hjúkrunarkona sú, sem var á vakt, þegar þetta gerðist, Sveinbjörg Hermannsdóttir, komið fyrir dóminn. Hún mundi ekki eftir atburði þessum og minntist ekki neins í sambandi við þetta.

Ólafur Jónsson læknir hefur hinn 11. júní 1975 metið örorku stefnanda af völdum framangreindra atvika. Í niðurstöðu örorkumats hans segir svo:

„*Ályktun:* 47 ára gömul kona, er varð fyrir því óhappi fyrir rúmum 3 árum að fá blóðrásartruflun í aðalslagæð vi. handlims, þannig að af hlaust vefjadauði í fremstu kjúkum fjögurra fingra vi. handar með þeim afleiðingum, að aflima varð ysta köggul á vísifingri, ysta köggul á löngutöng, ysta og hluta af miðköggli á baugfingri og ysta og hluta af miðköggli á litlafingri. Með aðgerð tókst að bæta blóðrás handlimsins, þannig að nú er blóðrás í honum eðlil., og eftir aðgerð hefur gróið vel fyrir alla fingurstúfana, en nokkur tilfinningatruflun er fremst í þeim. Ljóst er, að hér er um varanlegt ástand að ræða, sem ekki verður bætt með frekari aðgerðum eða meðferð, og því tímabært að meta örorku, er af sjúkdómi þessum hlaust, og telst hún samkv. töflum þeim, er um örorku gilda á Norðurlöndum, hæfilega metin:

12% varanleg."

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur hinn 11. júlí 1975 og síðar hinn 17. febrúar 1978 reiknað út örorkutjón stefnanda. Í útreikningum hans kemur fram, að stefnandi er fædd 21. apríl 1928 og hefur því verið 43 ára gömul, er hún varð fyrir ofangreindu örorkutjóni. Stefnandi er húsmóðir á sex manna heimili, þar sem auk hennar og eiginmanns hennar eru fjögur börn, fædd 1953, 1957, 1962 og 1967. Stefnandi vinnur ekki utan heimilisins. Í útreikningum sínum byggir tryggingafræðingurinn á því, að

starf húsmóður, sem ekki vinni utan heimilis, meti hann eftir fjölskyldustærð, og gerir ráð fyrir, að starf á heimili hjóna með tvö börn samsvari fullu starfi iðnverkakonu án yfirvinnu, og bætir síðan við 10% fyrir hvern heimilismann umfram fjóra. Miðað við þennan grundvöll og tap tekna í samræmi við framangreint örorkumat reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra tekna stefnanda nema þann 23. febrúar 1972 kr. 1.454.265.

Í útreikningi þessum hefur tryggingafræðingurinn reiknað með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum eftir þann tíma. Ef hins vegar er reiknað með 7% ársvöxtum til 16. maí 1973, eftir það með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og síðan með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra tekna nema kr. 1.101.472.

Í kröfugerð sinni miðar stefnandi við hærri útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings og sundurliðar stefnukröfu sína þannig:

Örorkutjón samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansen 17. febrúar 1978	kr.	1.454.265
Miskabætur	—	300.000
	Kr.	1.754.265
Frá fyrri fjárhæð dregur stefnandi greiðslu frá borgarsjóði Reykjavíkur hinn 3. janúar 1975	kr.	50.000
Eftir standa þá	Kr.	1.704.265

sem er höfuðstóll dómkröfu stefnanda í máli þessu.

Stefnandi telur, að borgarsjóður Reykjavíkur beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Byggir stefnandi fébótaábyrgð borgarsjóðs á því, að stefnandi hafi á slysadeild Borgarspítalans, sem rekinn sé af Reykjavíkurborg, fengið ranga læknismeðferð vegna rangrar sjúkdómsgreiningar. Hin ranga læknismeðferð á Borgarspítalanum hafi valdið því, að taka hafi þurft framan af fingrum vinstri handar stefnanda. Sjúkdómsgreining læknis þess, er tekið hafi á móti stefnanda á slysadeild Borgarspítalans í umrætt sinn, hafi verið mjög yfirborðskennd. Engin rannsókn hafi farið fram og ekki hafi heldur verið tekin röntgenmynd af stefnanda. Læknirinn hafi gefið sér það fyrirfram, að stefnandi væri með flís í fingri eða fingrum vinstri handar eða ígerð í fingrum. Þegar skorið hafi verið í fingur stefnanda, hafi þó hvorki fundist flís né ígerð, heldur hafi ollið út blóð. Sú niðurstaða hafi gefið tilefni til frekari rannsóknar. Sú rannsókn hafi ekki farið fram og ekki hafi stefnandi heldur verið send til sérfræðings. Stefnanda hafi hins vegar verið gefinn lyfseðill fyrir terramycini og látin fara af slysadeildinni.

Hér hafi því verið um mjög yfirborðskennda sjúkdómsgreiningu að ræða og læknir sá, er hana framkvæmdi, hafi ekki sýnt eðlilega starfshæfni við hana.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi kennt þrauta í vinstri hendi um það bil 10 dögum áður en hún leitar til lyflækningadeildar Landspítalans 28. febrúar 1972. Þegar stefnandi komi á slysadeild Borgarspítalans aðfaranótt 23. febrúar 1972, sé hvorki blámi né ytri ummerki sýnileg á fingri eða fingrum hennar. Henni hafi verið gert að koma aftur tveim dögum síðar, þ. e. 25. febrúar fyrir hádegi, en eigi sinnt því. Á þeim tíma fyrir eða eftir (eða hvort tveggja) komu hennar á slysadeild hafi stefnandi leitað til einhverra lækna og fengið hjá þeim lyf. Það verði að teljast óeðlilegt, að stefnandi lætur hjá líða að koma fyrr en að mörgum dögum liðnum, frá því hún kenni þrautanna í hendinni og þar til hún leitar til slysadeildar Borgarspítalans, og þá hafi hún valið tímann 0050 til þess að leita sér lækninga. Stefnandi leiti til Landspítalans 28. febrúar 1972, en sjúkdómsgreining liggi ekki fyrir, fyrr en aðgerð fari fram, þ. e. tveimur sólarhringum eftir innlagningu. Þetta sýni það ef til vill fyrst og fremst, að sjúkdómsgreining hafi ekki verið augljós, jafnvel þótt í hlut ættu sérfræðingar við bestu aðstæður á sjúkrahúsi.

Slysadeild Borgarspítalans sé hins vegar þjónustudeild í nefndu sjúkrahúsi, sem ætlað sé að sinna neyðartilvikum vegna slysa eða annarra brýnna tilvika. Slysadeildin hafi einnig með höndum fyrstu aðstoð, en aðstæður geri það að verkum, að ekki sé um að ræða innlagningardeild eða sérfræðingaþjónusta sambærilega við hinar ýmsu deildir sjúkrahúsa (hjartadeild o. s. frv.). Það gefi því auga leið, að meðferð sú, sem stefnandi hafi fengið á slysadeild Borgarspítalans, feli á engan hátt í sér mistök starfsmanna stefnda né heldur að þeir hafi brugðist öðru vísi við en af þeim mátti búast.

Af gögnum málsins telur stefndi, að séð verið, að hann beri enga ábyrgð á því, hvernig komið sé nú fyrir stefnanda. Ef við einhvern sé að sakast, þá sé það ef til vill við einn eða fleiri ónafngreinda lækna, sem fjallað hafi um stefnanda. Þó hljóti henni fyrst og fremst sjálfri að vera um að kenna, hve illa hafi til tekist.

Röksemdir dómsins.

Þegar stefnandi kom á slysadeild Borgarspítalans aðfararnótt hins 23. febrúar 1972, verður ekki talið sannað, að hún hafi haft afgerandi einkenni í vinstri hendi, er bentu til þess, hvaða sjúkdómur raunverulega þjáði hana. Röngenmynd hefði heldur ekki leitt hið sanna í ljós.

Læknir sá, er skoðaði stefnanda aðfararnótt 23. febrúar 1972 á slysadeild Borgarspítalans, mun hafa álitið, að annað hvort hefði hún flís í fingri eða igerð. Læknismeðferðin, sem hann veitti henni, var, að hann stingur á

löngutöng vinstri handar samkvæmt sjúkraskránni, og vellur þá út blóð. Stefnandi hefur borið, að einnig hafi verið stungið á vísifingri vinstri handar og að hún hafi verið deyfð á fjórum fingrum með frystingu, að minnsta kosti þrisvar sinnum. Þetta kemur hvergi fram í sjúkraskrá stefnanda í slysadeild Borgarspítalans. En jafnvel þó að þetta væri rétt hjá stefnanda, þá verður ekki talið, að þessi læknismeðferð hafi haft áhrif á þróun sjúkdóms hennar, enda verður að byggja á því, að fyrir hana hafi verið lagt að mæta aftur á slysadeildinni hinn 25. sama mánaðar fyrir hádegi. Það gerði hún ekki. Hins vegar leitaði stefnandi til Bjarna Konráðssonar læknis síðdegis hinn 23. febrúar 1972. Bjarni Konráðsson hefur borið, að þá hafi hún verið „með kalda fingur á vinstri hendi og hafði dofatilfinningu í þessu, og á húðinni var dálítill bláleitur blær." Læknirinn telur sjúkdóm stefnanda þá ekki bráðan, en dettur í hug, að þetta geti stafað af tvennu, í fyrsta lagi muni hafa verið kalt í veðri þennan dag og gæti það verið meðvirkandi orsök og í öðru lagi, að þá hafi sér verið kunnugt um það, að stefnandi reykti ákaflega mikið, og ímyndaði hann sér, að þetta væru krampar í æðum. Gaf Bjarni henni lyf og ráðlagði henni að varast reykingar og að ganga með vettlinga, þannig að henni yrði ekki kalt. Það er svo ekki fyrr en 28. febrúar 1972, að stefnandi er lögð inn á lyflækningadeild Landspítalans til athugunar. Þegar stefnandi var lögð inn á handlækningadeild Landspítalans hinn 29. febrúar 1972, segir svo meðal annars í vottorði Árna Björnssonar læknis, dagsettu 1. júní 1972: „Vinstri handleggur er allur nokkuð kaldur, og áberandi er, að á fingrum vinstri handar er blámi distalt, og er þetta á digiti II.-V. Á löngutöng í fingurgóm er smá ör eftir skurð. Fingur eru allir kaldir, en sjúklingur getur hreyft þá alveg eðlilega. Nokkuð góður radialis púls er í vinstri handlegg, og einnig finnast púlsar í arteria brachialis, arteria axillaris og arteria subclavia. Biáminn, sem er distalt á fingrum, nær niður undir distala interphalangealliðinn, og þar tekur við nokkur fölvi á fingrunum. Að öðru leyti er ekkert sérstakt að segja um útlimi,"

Í vottorði Páls Gíslasonar, yfirlæknis handlækningadeildar Landspítalans, dags. 16. desember 1974, segir m. a. svo: „Í bréfi aðstoðarborgarlæknis, Braga Ólafssonar, til mín er farið fram á upplýsingar um sjúkdómsástand og meðferð á Landspítalanum, ennfremur hvort ætla megi, að meðferð sú, sem hún fékk á Slysadeild Borgarspítalans, geti á nokkurn hátt verið orsök eða meðverkandi orsök þess, að taka þurfti framan af fingrum konunnar. Um þetta er að vísu mjög erfitt að segja, þar sem ástand fingranna hefur verið komið á svo slæmt stig, þegar að því var komið, að hún kom þar í skoðun. Það virðist vera, að hún hafi fengið meðferð undir

skakkri sjúkdómsgreiningu, og er því ekki hægt að útiloka, að það hafi á e-n hátt flýtt fyrir því, sem síðar varð. Benda má á, að þessari meðferð var ekki beitt nema á einn fingur, sem að vísu varð verst út úr þessu, en ekki á hina, sem sj. missti líka framan af.

Niðurstaða mín er því sú, að afleiðingar þessa sjúkdóms hafi orðið svo alvarlegar, vegna þess hve lengi dróst, að sj. fengi viðeigandi meðferð, og því hver dagur dýrmætur, hvað það snerti. Deyfing og skurður á löngutöng vi. handar hafi að einhverju leyti orðið til þess, að afleiðingar þar urðu alvarlegri og meiri en annars staðar, og verður því að telja, að þarna hafi verið um meðverkandi orsök að ræða."

Vegna þessa þykir rétt að taka fram, að Páll kemst að þessari niðurstöðu í þeirri trú, að hér sé um að ræða meðferð nokkrum klukkustundum áður en hann sér sjúklinginn. Við alvarlega blóðrásartruflun eða hindrun á blóðrás í slagæðum á útlim hefur tíminn mjög mikla þýðingu. Þannig er talið, að rétt meðferð gæti varnað varanlegum skemmdum eða drepi í limnum, ef aðgerð er gerð innan nokkurra klukkustunda frá því, að blóðrás stöðvast. Sá tími og tímatöf, sem hér um ræðir, er því reiknaður í klukkustundum, en ekki dögum. Vottorð Páls og lýsing á ástandi fingranna er þannig miðað við nokkurra klukkustunda tíma milli meðferðar á slysavarðstofunni og skoðunar hans. Af þessu leiðir einnig, að ef óafturkallanlegar breytingar á fingrum ættu rót sína að rekja til meðferðar á slysavarðstofunni, þá ættu þær breytingar að hafa verið augljósar við skoðun Bjarna Konráðssonar a. m. k. 12 - 14 klukkustundum eftir ofangreinda meðferð og deyfingu á slysavarðstofunni.

Þegar haft er í huga það, sem nú hefur verið rakið, getur dómurinn ekki fallist á það, að sjúkdómsgreining sú og læknismeðferð, er stefnandi hlaut í slysadeild Borgarspítalans aðfaranótt 23. febrúar 1972 hafi í för með sér bótaskyldu fyrir stefnda á örorku þeirri, er stefnandi varð síðar fyrir, enda ber í þessu sambandi að hafa í huga, að fyrir hana var lagt samkvæmt sjúkraskrá hennar að koma til eftirlits hinn 25. sama mánaðar fyrir hádegi. Það gerði hún eigi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans í máli þessu, en eftir atvikum og með heimild í 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 345.450 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Herði Einarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 302.350 í talsmannslaun.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ingvari Kjartanssyni og Sigurði E. Þorvaldssyni læknum.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hildigunnar Gunnarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Hildigunnar Gunnarsdóttur, kr. 345.450, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Herði Einarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 302.500 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1983.

Nr. 63/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jónasi Kristjánssyni
(Skúli Pálsson hrl.).

Ærumeiðingar. Brot gegn 108. gr. alm. hegningarlaga. Birting dóms. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1982 að ósk ákærða, en jafnframt var af ákæruvaldsins hálfu krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip barst Hæstarétti 14. maí 1982.

Af ákærða hálfu er krafist sýknu, en til vara lægstu refsingar. Verjandi ákærða mótmælti því, að krafa um birtingu dóms skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1956 næði fram að ganga, annars vegar vegna þess, að skilyrði lagagreinarinnar um kröfu þess, sem misgert er við, sé ekki fullnægt, og hins vegar þess, að Dagblaðið sé ekki lengur til og ákærði sé nú starfsmaður allt annars aðilja.

Í ákæruskjali segir svo: „Greinarnar í heild svo og rammafyrirsögnin á forsíðu þykja fela í sér bæði móðgandi og ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna á Íslandi í heild, en þó einkum í garð lögreglumanna í Reykjavík í sambandi við framkvæmd löggæslustarfa ...". Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að það teldi hinar móðgandi og ærumeiðandi aðdróttanir, sem ákært er út af, hafa beinst að lögreglunni í Reykjavík sem stofnun eigi síður en að ótilteknum lögreglumönnum.

Svo sem ákæru er háttað og greinir hér að framan, verður að telja, að samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 verði ákærði eigi dæmdur í þessu máli fyrir móðgandi eða ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglunnar í Reykjavík sem stofnunar eða yfirstjórnar hennar. Verður mál þetta því dæmt á þeim grundvelli, sem lagður er í ákæruskjali, að ávirðingar þær, sem ákært er út af, hafi beinst að ótilteknum starfsmönnum í lögregluliði Reykjavíkur, en ekki lögreglunni í Reykjavík.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarmat, ábyrgð ákærða samkvæmt lögum nr. 57/1956 og refsingu.

Svo sem að framan greinir, er ákæra takmörkuð við brot gegn persónulegri æru ótiltekins fjölda lögreglumanna í Reykjavík, en ekki gegn lögreglunni í Reykjavík sem þjóðfélagsstofnun. Þar sem ekki hefur komið fram krafa frá þeim, sem misgert er við, samkvæmt 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, en Lögreglufélag Reykjavíkur, upphaflegur kærandi máls þessa, kemur fram fyrir hönd þeirra félaga sinna, sem veist var að, verður að sýkna ákærða af kröfu ákæruvalds um, að honum verði dæmt skylt að birta forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í Dagblaðinu. Er því ekki nauðsynlegt að fjalla um aðra sýknuástæðu ákærða út af þessum ákærulið.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jónasar Kristjánssonar, og um sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði skal sýkn af kröfu ákæruvalds um birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu í Dagblaðinu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Greinar þær, sem birtust í Dagblaðinu hinn 14. febrúar 1981 og eru tilefni ákæru í máli þessu, eru að efni til og í öllum aðalatriðum frásögn af andmælum manns, sem grunaður var um ölvunarakstur, við kröfu lögreglumanna um töku blóðsýnis svo og af viðbrögðum ákveðinna lækna af því tilefni. Í greinum þessum og fyrirsögnum þeirra koma jafnframt fram hugleiðingar og að vissu marki getgátur um gildi blóðsýna sem sönnunargagna í refsimálum, um hugsanlegt misferli í meðferð blóðsýna og um möguleika á því, að lögregla leggi einhverja menn í einelti.

Fallast má á, að umræddar greinar séu með nokkrum æsibrag. Ekki er hins vegar um að ræða ásakanir blaðsins á hendur lögreglunni eða lögreglunni í Reykjavík í heild og ekki heldur tilteknum lögreglumönnum. Með hliðsjón af efni umræddra fyrirsagna og greina í heild verður ekki talið, að þar sé svo langt gengið, að varði við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem skýra ber með hliðsjón af grundvallarreglum um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að sýkna beri ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 10. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 36/1982: Ákæruvaldið gegn Jónasi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 20. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. september sl., á hendur ákærða, Jónasi Kristjánssyni, áður ritstjóra og ábyrgðarmanni Dagblaðsins, til heimilis að Fornuströnd 2 á Seltjarnarnesi, fæddum 5. febrúar 1940 í Reykjavík.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða ,, fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að birta í 38. tölublaði, 7. árgangs Dagblaðsins, sem út kom laugardaginn 14. febrúar 1981, tvær greinar á 5. síðu blaðsins, auðkenndar A. St., annarsvegar með yfirskriftinni ,,Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð?" og hins vegar grein í viðtalsformi með yfirskriftinni ,,Læknir á Borgarspítalanum segir: ,,Sjúklingurinn kvaðst hundeltur"" og rammafyrirsögn á forsíðu, þar sem vísað var til fyrrgreindra greina með svofelldum hætti: ,,Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð? — læknir neitaði að láta taka sér blóð af ótta við fölsun og kvaðst ofsóttur af lögreglu". Greinarnar í heild svo og rammafyrirsögnin á forsíðu þykja fela í sér bæði móðgandi og ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna á Íslandi í heild, en þó einkum í garð lögreglumanna í Reykjavík, í sambandi við framkvæmd löggæslustarfa, en þó einkum eftirgreindir þættir greinanna:

I. Fyrrgreind rammafyrirsögn á forsíðu: ,,Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð? — læknir neitar að láta taka sér blóð af ótta við föslun og kvaðst ofsóttur af lögreglu".

II. Fyrirsögn fyrri greinarinnar á 5. síðu: ,, Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð?"

III. Upphaf fyrri greinarinnar á 5. síðu: ,, Er hugsanlegt að lögreglan ,,hundelti" menn t. d. í því skyni að fá þá dæmda fyrir ölvun við akstur. Er hugsanlegt að í blóðsýni, sem tekin eru úr mönnum vegna ,, gruns" um ölvun við akstur, sé bætt alkóhóli áður en þau eru efnagreind og niðurstöður lagðar fram sem sönnunargögn í kærumáli fyrir dómstól?"

IV. Hluti fyrirsagnar seinni greinarinnar á 5. síðu: ,, Sjúklingurinn kvaðst hundeltur".

V. Kafli í heild í seinni greininni, sem ber millifyrirsögnina ,,Hundeltur"

VI. Hluti síðustu málsgreinar í seinni greininni, þar sem segir: ,, Er í raun og veru um svona flaustursleg vinnubrögð að ræða og hafa lögreglumenn í raun möguleika á að ,, hefna sín" eða koma hinum og þessum saklausum í stórar sektir og ökuleyfissviptingu".

Þess er krafist:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar.

2. Að ákærða verði dæmt skylt að birta forsendur og niðurstöður dóms í máli þessu í Dagblaðinu, fyrsta eða öðru tölublaði, sem út kemur eftir að dómur hefur verið birtur ákærða, sbr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.

3. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Ákærði, Jónas Kristjánsson, var ritstjóri og ábyrgðarmaður Dagblaðsins, sem var gefið út hér í borginni og síðast kom út 25. nóvember sl. Í 38. tölublaði, 7. árgangs blaðsins, sem út kom laugardaginn 14. febrúar sl., birtust tvær greinar á 5. síðu blaðsins, auðkenndar með stöfunum A. St., annars vegar með yfirskriftinni „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð?" og hins vegar grein í viðtalsformi með yfirskriftinni „Læknir á Borgarspítalanum segir: „Sjúklingurinn kvaðst hundeltur" og rammafyrirsögn á forsíðu, þar sem vísað var til fyrrgreindra greina með svofelldum hætti: „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð? —læknir neitaði að láta taka sér blóð af ótta við fölsun og kvaðst ofsóttur af lögreglu".

Greinar þessar eru ritaðar vegna handtöku læknis nokkurs, sem ekki er nafngreindur, og viðskipta hans við lögregluna í Reykjavík vegna gruns um ölvunarakstur af hans hálfu.

Í fyrri greininni er fjallað um þann möguleika, að bætt sé í blóðsýni alkóhóli, áður en þau eru efnagreind, og að lögreglan hundelti menn til þess að fá þá dæmda fyrir ölvun við akstur.

Í síðari greininni er viðtal við Rögnvald Þorleifsson, lækni á slysadeild Borgarspítalans, en hann átti hlut að því, að lögreglunni var neitað um, að tekið yrði blóð úr hinum handtekna lækni. Var ástæðan sú, að hann taldi sig hafa fengið hjartakast, og töldu læknar slysadeildinnar, sem höfðu afskipti af honum, hættu samfara blóðtökunni af þessum sökum.

Hinn 8. febrúar sl. ritaði Svala Thorlacius héraðsdómslögmaður ríkissaksóknara bréf og skýrði frá því, að til hennar hefði leitað stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur og falið henni að óska eftir því, að fram færi opinber rannsókn vegna skrifa þessara, en í viðtalinu við Rögnvald lækni kæmu fram grófar ásakanir, dylgjur og aðdróttanir í garð lögreglumanna og teldi stjórn félagsins óþolandi, að stéttin lægi undir slíkum ærumeiðingum í einu víðlesnasta blaði landsins og bæri brýna nauðsyn til, að hún yrði hreinsuð af þessum áburði.

Með bréfi, dagsettu 24. febrúar sl., sendi ríkissaksóknari rannsóknarlögreglustjóra ríkisins beiðni um rannsókn á ætluðu broti Rögnvalds læknis eða ábyrgðarmanna Dagblaðsins gegn 108. gr. almennra hegningarlaga vegna greina þessara.

Ákærði skýrði svo frá, að tilefni þess, að umræddar greinar birtust, hefði verið það, að Rögnvaldur læknir hefði hringt til sín og vakið athygli sína á tilteknum áhyggjuefnum, sem hann hefði í sambandi við meðferð ölvunarakstursmála, þ. e. sérstaklega varðandi töku blóðsýna og meðferð þeirra. Kvað ákærði Rögnvald hafa sérstaklega vakið athygli á frétt eða fyrirsögn, sem birtist í Dagblaðinu 6. desember 1980, en þar skýrði blaðið frá handtöku áðurgreinds læknis undir fyrirsögninni: „ Lögreglu neitað um blóðsýni meints lögbrjóts".

Ákærði kvaðst í framhaldi af samtalinu við Rögnvald hafa falið Atla Steinarssyni blaðamanni nánari úrvinnslu málsins með tilliti til birtingar frétta eða frásagnar um það í Dagblaðinu. Kvaðst ákærði hafa fylgst með þeirri úrvinnslu og verið kunnugt um frágang efnisins í aðalatriðum, áður en það birtist í blaðinu 14. febrúar. Tók ákærði einnig fram, að honum hefði verið í meginatriðum kunnugt um efni fyrirsagnanna, sem birtust með fréttum og frásögn blaðsins af þessu tilefni. Kvað ákærði fréttina að efni til í samræmi við það, sem Rögnvaldur hefði sagt sér í áðurgreindu símtali. Benti ákærði á, að Rögnvaldur hefði síðar ritað grein í Morgunblaðið, þar sem svo virtist, að því væri haldið fram, að rangt hefði verið eftir honum haft.

Atli Steinarsson, blaðamaður við Dagblaðið, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að upphaf umræddra greina væri handtaka margnefnds læknis, en ákærði hefði vakið athygli á því, að Rögnvaldur læknir hefði haft símasamband við sig og vakið athygli á málinu og sett fram ný málsatriði. Atli sagði, að framhald þessa hefði síðan verið það, að hann hefði átt viðtal við lækninn í síma í a. m. k. 20 mínútur. Kvaðst Atli hafa punktað niður eftir lækninum og það, sem fram kæmi í grein þeirri, sem hann hefði ritað 14. febrúar, væri efnislega rétt eftir lækninum haft, þar sem það ætti við. Kvaðst Atli hafa samið fyrirsagnirnar, en fréttastjóri hefði útbúið forsíðufyrirsögn, sem væri eins.

Rögnvaldur læknir skýrði svo frá í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að ekkert af því, sem blaðamaðurinn segði í greininni 14. febrúar, væri orðrétt eftir honum haft, þótt sitt hvað væri þar að finna, sem efnislega væri í samræmi við það, sem hann hefði sagt honum. Þá tók læknirinn fram, að grunsemdir um óheiðarlega breytni lögreglumanna í þessu tilviki hefði hann eftir hinum handtekna lækni og hefði hann tekið það svo skýrt fram, að það hefði ekki getað misskilist. Kvaðst Rögnvaldur í engu tilviki hafa staðhæft, að lögreglumenn hefðu gerst brotlegir við lög.

Fram fór á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn á því, hvort slíkir hlutir hefðu gerst, sem ummælin lúta að. Kom í ljós, að lögreglan hefur í fáein skipti haft afskipti af umræddum lækni vegna gruns um, að hann hefði gerst sekur um umferðarlagabrot, þ. á m. ölvunarakstur. Verð-

ur ekki séð, að neitt hafi verið við þessi afskipti lögreglunnar, sem réttlæti aðdróttanir þær í garð hennar, sem ákært er fyrir. Þá hefur ekki heldur komið í ljós eitt eða annað, sem bendi til gruns um, að lögreglan hafi gerst sek um að bæta alkóhóli út í blóðsýni.

Þeir þættir greinanna, sem ákært er fyrir í máli þessu, þykja fela í sér mjög alvarlegar aðdróttanir á hendur lögreglumönnum hér á landi í heild og þá sérstaklega lögreglumönnum í Reykjavík, sem afskipti höfðu af máli því, sem leiddi til skrifa þeirra, sem ákært er fyrir, en með ummælum þessum er verið að gefa í skyn, að einhverjir í hópi þeirra hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi í starfi sínu í því skyni að fá saklausa menn dæmda seka. Koma í þessu efni til álita 148. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, en viðurlög við brotum á þeim greinum geta varðað langri fangelsisvist.

Verður að telja ummæli þessi öll, bæði ein sér og í samhengi við annað, sem fram keumur í greinunum, miða að því að ófrægja störf lögreglunnar. Eru þau eigi réttlætt af hálfu blaðsins.

Með framangreindum ummælum er ekki sveigt að einum ákveðnum lögreglumanni öðrum fremur, heldur eru ummælin um lögregluna almennt. Enda þótt ákvæði 108. gr. fjalli um misgerð gagnvart einum opinberum starfsmanni, þykja þau einnig ná til þess, ef afmörkuðum hópi opnberra starfsmanna er misgert með þeirri háttsemi, sem greinin fjallar um.

Akærði var ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins, þegar ummælin birtust, og ber því samkvæmt 15. gr. prentlaga nr. 57/1956 ábyrgð á þeim, enda þótt undir greinunum séu upphafsstafir þess, er ritaði þær og hann kannist við að hafa gert það. Þá vissi ákærði í meginatriðum um frágang efnisins, og er honum birting þess því eigi ósaknæm. Telst ákærði brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um brot á hegningarlögum, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Eins og fram kemur hér að framan, hætti Dagblaðið að koma út 25. nóvember sl., en þann dag kom út síðasta tölublað þess. Næsta dag kom út blað, sem heitir Dagblaðið & Vísir, gefið út af Frjálsri fjölmiðlun h/f. Frá sama tíma hefur Vísir ekki komið út heldur sem sjálfstætt blað.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist samkvæmt 22. gr. laga um prentrétt, að forsendur og niðurstöður dóms þessa skuli birta í fyrsta eða öðru tölublaði Dagblaðsins, sem út komi, eftir að dómur hefur verið birtur ákærða.

Enda þótt Dagblaðið komi ekki lengur út eitt sér eins og áður, verður að líta svo á af heiti hins nýja blaðs, að Dagblaðið & Vísir hafi runnið saman í eitt blað, en ákærði er annar ritstjóra þess. Þykir þessi breyting því ekki standa í vegi fyrir því að skylda ákærða samkvæmt áðurgreindri 22. gr. prentlaga til þess að birta forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði hins nýja blaðs, sem út kemur, eftir að dómur hefur verið birtur ákærða.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Kristjánsson, greiði 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er skylt að birta forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði Dablaðsins & Vísis, sem út kemur, eftir að dómur þessi hefur verið birtur ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Miðvikudaginn 19. janúar 1983.

Nr. 2/1983. **Ómar Egilsson**
gegn
Katrínu Valentínusdóttur.

Kærumál. Búskipti. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 7. desember 1982, er barst Hæstarétti 4. janúar 1982, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært frávísunardóm bæjarþings Hafnarfjarðar 25. nóvember 1982.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða dómi verði heimvísað og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann þess, að varnaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum kærða frávísunardómi, gerðu aðiljar samkomulag um skipti á búi þeirra í skiptarétti Hafnarfjarðar 25. júní 1981, sem bókað er í skiptabók. Í niðurlagi samkomulags þessa segir svo:

„Með samkomulagi þessu falla aðilar frá öllum öðrum kröfum hvor á annan, þó af hálfu mannsins með áskilnaði um rétt til þess að halda húsaleigukröfunni til dagsins í dag uppá konuna en af hálfu konunnar með áskilnaði um hverskonar gagnkröfur til skuldajafnaðar á móti húsaleigukröfunni".

Mál það, sem um er fjallað í hinum kærða frávísunardómi, er risið út af ágreiningi um nefnda húsaleigukröfu, sem er talin meðal eigna búsins. Ekki er bókað í skiptabók, að skiptum sé lokið, og ekki verður séð af öðrum gögnum málsins, að svo sé. Ber því að leysa úr ágreiningsefni þessu í skiptaréttinum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 2.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ómar Egilsson, greiði varnaraðilja, Katrínu Valentínusdóttur, 2.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 25. nóvember 1982.

Mál þetta var höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 3. júní sl., og framlagningu skjala á dómþingi 8. sama mánaðar.

Stefnandi málsins er Ómar Egilsson, nnr. 6893-7213, bifreiðarstjóri, Tunguvegi 1, Hafnarfirði.

Stefnda er Katrín Valentínusdóttir, nnr. 5575-7135, verslunarmaður, Álfaskeiði 44, Hafnarfirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í stefnu, að stefnda verði dæmd til greiðslu skuldar að upphæð kr. 54.024.00 með 36% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 1. júní 1982, en dómvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldsskrá LMFÍ og aukatekjulögum.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er frávísunarkröfu stefndu andmælt. Um þennan ágreining fór því fram munnlegur málflutningur þegar er þessi dómari þingaði fyrst í málinu hinn 10. þ. m., enda varð sáttaumleitun hans árangurslaus. Við svo búið var ágreiningur þessi tekinn til dóms eða úrskurðar og er hér til úrlausnar. Í þessum þætti málsins gera aðiljar hvor um sig kröfu um málskostnað.

Málavextir eru þeir, að málsaðiljar, sem voru í hjúskap, fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 17. maí 1974, en til lögskilnaðar 16. september 1975. Vegna skilnaðarins gerðu málsaðiljar með sér samning, dagsettan 17. maí 1974, um skilnaðarkjör og fjárskipti þeirra. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 21. desember 1979, í máli þess réttar nr. 76/1977 var dæmt, að skilnaðarsamningurinn frá 17. maí 1974 væri eigi skuldbindandi fyrir stefnanda að því er varðaði skipti á búi þeirra. Að gengnum þessum dómi Hæstaréttar krafðist þrotabú stefnanda, þar sem bú stefnanda var þá undir gjaldþrotaskiptum, þess, að skiptaréttur Hafnarfjarðar tæki bú aðilja til opinberra skipta. Úrskurður skiptaréttarins um þá kröfu var kærður til Hæstaréttar, sem með dómi, uppkveðnum 24. mars 1980, í máli þess réttar nr. 41/1980 dæmdi, að skiptaráðanda bæri að taka búið til opinberra skipta. Hinn 25. júní 1981 var gert í skiptaréttinum svofellt samkomulag um búskiptin:

„Konan Katrín Valentínusdóttir greiði manninum Ómari Egilssyni (þrotabúi hans þar til gjaldþrotaskipti á því hafa verið niður felld), kr. 100.000 þannig:

1. Með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum, kr. 6.250 hver, hinn 10. hvers mánaðar mánuðina júlí 1981 til og með júní 1982 ..... kr. 75.000
2. Með skuldabréfi til 5 ára, með veði í fasteigninni að Álfaskeiði 44, er konan gefi út eigi síðar en 1. ágúst n.k., er beri 20% ársvexti frá 1. júlí 1981, með gjalddögum 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1982 ..... kr. 25.000

Kr. 100.000

Greiðslustaður er á skrifstofu Jóns E. Ragnarssonar, hrl.

Við vanskil þarf að greiða dráttarvexti.

Yfirlýsing á dskj. nr. 13 verði afturkölluð og afturköllunin þinglýst.

Samkomulag þetta er gert af hálfu lögmanns konunnar með fyrirvara um samþykki konunnar fyrir 1. júlí n.k.

Hafi tilkynning um afturköllun konunnar ekki borist fyrir þann dag, telst konan hafa samþykkt það.

Með samkomulagi þessu falla aðilar frá öllum öðrum kröfum hvor á annan, þó af hálfu mannsins með áskilnaði um rétt til þess að halda húsaleigukröfunni til dagsins í dag uppá konuna, en af hálfu konunnar með áskilnaði um hverskonar gagnakröfur til skuldajafnaðar á móti húsaleigukröfunni."

Bú stefnanda, Ómars Egilssonar, var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota með úrskurði, uppkveðnum 15. maí 1979. Með yfirlýsingu skiptaráðandans í Hafnarfirði, dags. 15. september 1982, var honum „afhent bú sitt til frjálsra afnota að nýju og skiptum lokið" þann dag, þar sem hann hafði framvísað yfirlýsingu allra kröfuhafa um, að þeir afturkölluðu kröfur sínar.

Meðal eigna félagsbús aðilja var íbúð að Álfaskeiði 44, Hafnarfirði. Í framangreindum samningi aðilja frá 17. maí 1974 var ákvæði um, að íbúðin skyldi verða eign stefndu, sem bjó áfram í íbúðinni.

Við meðferð skiptaréttarins á félagsbúinu var íbúðin dregin undir skiptin, en féll endanlega í hlut stefndu.

Tilkvaddir virðingarmenn mátu m. a., hvert væri hæfilegt leigugjald fyrir íbúðina. Um það kemur eftirfarandi fram í virðingargerð þeirra, dags. 16. október 1980:

„Matsmenn hafa haft hliðsjón af fasteignaleigu, eins og hún gerist nú, og reiknað hana aftur í tímann miðað við vísitölu húsnæðiskostnaðar. Samkvæmt ofangreindu höfum við metið leigugreiðslur á eftirfarandi hátt. Rétt er að taka fram, að vextir hafa ekki verið reiknaðir.

	Mánaðarleiga	Leiga fyrir tímabilið
1974 mars-júní	12.000 kr.	48.000 kr.
1974 júlí-okt.	13.000 —	52.000 —
1974 nóv.-des.	14.000 —	28.000 —
1975 jan.-febr.	14.000 —	28.000 —
1975 mars-júní	17.000 —	68.000 —
1975 júlí-des.	19.000 —	114.000 —
1976 jan.-mars	19.000 —	57.000 —
1976 apríl-júní	23.000 —	69.000 —
1976 júlí-sept.	23.000 —	69.000 —
1976 okt.-des.	24.000 —	72.000 —

1977 jan.-mars	24.000 kr.	72.000 kr.
1977 apríl-júní	30.000 —	90.000 —
1977 júlí-sept.	30.000 —	90.000 —
1977 okt.-des.	31.000 —	93.000 —
1978 jan.-mars	32.000 —	96.000 —
1978 apríl-júní	43.000 —	129.000 —
1978 júlí-sept.	44.000 —	132.000 —
1978 okt.-des.	46.000 —	138.000 —
1979 jan.-mars	47.000 —	141.000 —
1979 apríl-júní	64.000 —	192.000 —
1979 júlí-sept.	66.000 —	198.000 —
1979 okt.-des.	69.000 —	207.000 —
1980 jan.-mars	100.000 —	300.000 —
		2.483.000 kr."

Stefnandi telur sig eiga lögvarinn rétt til húsaleigugreiðslu úr hendi stefndu vegna afnota hennar af íbúðinni. Í stefnu segir m. a.:

„Sundurliðun kröfunnar, sem byggð er á matsgjörðinni, er þannig, en það er tekið fram, eins og raunar er ljóst af fjárhæðum, að matið er á kröfu stefnanda, þ. e. ½ húsaleigu:

1. húsaleiga mars 1974-des. 1979	kr. 21.830.00
2. 27% ársvextir	kr. 5.894.00
nýr höfuðstóll 31.12.1979	kr. 27.724.00
3. húsaleiga 01.01. - 31.12.80	kr. 12.000.00
4. 36% ársvextir	kr. 14.300.00
nýr höfuðstóll 31.12.1980	kr. 54.024.00"

Af hálfu stefndu er frávísunarkrafan studd þeim rökum, að vísa hefði átt málinu frá dómi ex officio, þegar er greinargerð stefndu var lögð fram 26. júní sl., þar sem bú stefnanda hafi þá enn verið undir gjaldþrotaskiptum og stefnandi ekki átt forræði sakarinnar né heldur hafi skiptafundur í búi hans veitt heimild til málshöfðunarinnar. Þótt gjaldþrotaskiptin hafi síðan verið felld niður, breyti það engu hér um, þar sem löglegan grundvöll málssóknarinnar hafi skort, sbr. XVII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Af hálfu stefnanda er því alfarið mótmælt, að umboðsskortur hamli honum málssókn þessari. Frávísunarkrafa stefndu hafi að vísu ekki verið að ófyrirsynju á þeim tíma, sem hún var sett fram, en stefnandi hafi nú fullt og óskorað forræði á búi sínu.

Af hálfu stefndu er í þessum þætti málsins einnig á því byggt, að kröfugerð stefnanda og útlistun hennar sé andstæð 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, þar sem hún sé ekki nægilega skýr eða skilgreind í stefnu og greinargerð stefnanda. Af hálfu stefnanda er þessu alfarið mótmælt. Þvert á móti sé kröfugerð mjög skýrt fram sett í stefnu og skýrð í skjölum framlögðum af hálfu stefnanda.

Við flutning frávísunarkröfu stefndu var af hálfu stefnanda andmælt þeirri ábendingu dómara, að ef til vill kynni að bera að vísa málinu frá dómi ex officio, þar sem sakarefnið ætti undir skiptarétt sem hluti af óskiptu félagsbúi aðilja.

Með því að bú stefnanda er ekki lengur undir gjaldþrotaskiptum, þykir eigi koma til álita að vísa málinu frá dómi nú, þótt stefnandi hafi eigi, að því er séð verður, kannað viðhorf búsins, sem þá var til gjaldþrotaskiptameðferðar, til málshöfðunar þessarar.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um leigugjald fyrir umrædda íbúð tiltekið tímabil, eða frá og með marsmánuði árið 1974 til loka ársins 1980, en aðiljar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 17. maí 1974. Fjárskipti aðilja vegna skilnaðarins voru tekin upp að nýju, eins og að framan greinir. Félagsbúið var tekið til opinberra skipta. Þeirri skiptameðferð lyktaði svo, að aðiljar gerðu samkomulag um búskiptin, en þó með ákveðnum áskilnaði. Málssókn stefnanda er byggð á þeim áskilnaði. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en uppgjör aðilja við búskiptin hafi að því er íbúðina snerti nær miðast við verðmæti hennar á þeim tíma, sem samkomulagið var gert. Ekki verður séð, að skipting verðmætis íbúðarinnar hafi grundvallast á fastákveðnum eignarhlutföllum. Í nefndri virðingargerð er sú húsaleigukrafa, sem stefnandi gerir í máli þessu, virt meðal eigna félagsbús aðilja, enda verður að telja hinar metnu leigugreiðslur arð af íbúðinni og um leið eign til skipta milli aðilja. Samkvæmt þessu þykir efniságreiningur aðilja eiga að sæta úrlausn skiptaréttar. Ber því að vísa máli þessu frá dómi, sbr. 66. gr. laga nr. 85/1936. Eigi kemur þá til álita, hvort kröfugerð stefnanda sé svo andstæð 88. gr. sömu laga, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981, að frávísun varði.

Málskostnaður fellur niður.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. janúar 1983.

Nr. 244/1982. **Jón E. Jakobsson**
gegn
Jónasi Gústavssyni borgarfógeta, uppboðshaldara í Reykjavík.

Kærumál. Uppboð. Útlagning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1982, sem barst Hæstarétti 17. desember. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 30. nóvember sl. verði hrundið og að krafa hans um útlagningu verði tekin til greina. Sóknaraðili krefst ekki kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 30. nóvember 1982.

Hinn 23. nóvember 1982 fór fram nauðungaruppboð á eignarhluta Guðna Þórðarsonar í húseigninni Aðalstræti 9 hér í borg.

Á uppboðsþinginu komu 15 boð í eignina, og var hæsta boð frá Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni f. h. 1. veðréttarhafa, kr. 710.000.00. Samtals gerði hann 8 boð í eignina f. h. 1. veðréttarhafans, sem samkvæmt skjölum málsins var Jón E. Jakobsson héraðsdómslögmaður, sem einnig var viðstaddur uppboðið. Boðin voru ásamt nöfnum bjóðenda bókuð jafnóðum.

Þegar boðnar höfðu verið kr. 710.000.00, skoraði uppboðshaldari þrisvar á viðstadda að gera yfirboð, og leið nokkur tími eftir hverja áskorun, en uppboðshaldari lét síðan hamar falla til marks um, að sölutilraun væri

lokið. Las uppboðshaldari fyrir bókun um, að fleiri boð hefðu ekki komið í eignina og að hann tæki sér frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.

Uppboðshaldari kvaðst því næst ætla að lesa upp bókunina, en þá krafðist Garðar Garðarsson héraðsdómslögmaður útlagningar, og var sú krafa bókuð.

Hinn 24. nóvember tilkynnti uppboðshaldari Garðari Garðarssyni símleiðis, að hann gæti ekki fallist á útlagningarkröfuna. Með bréfi til uppboðshaldara sama dag krafðist Garðar Garðarsson formlegs rökstudds úrskurðar um þessa ákvörðun uppboðshaldara.

Í bréfi þessu lætur Garðar Garðarsson að því liggja, að uppboðið hafi gengið svo hratt, að ekki hafi gefist svigrúm til að krefjast útlagningar fyrr en gert var, en rökstyður þó kröfu sína fyrst og fremst með því, að nægilegt sé, að krafa um útlagningu komi fram, eftir að sölutilraun lýkur, en áður en rétti er slitið. Telur hann þennan skilning sinn í samræmi við framkvæmd uppboðsréttar um langt skeið.

Í öðru lagi rökstyður hann kröfu sína með því, að uppboðshaldara hafi borið skylda til að inna viðstadda beinlínis eftir því, hvort fram kæmu kröfur um útlagningu eða aðrar athugasemdir, áður en hamar var látinn falla. Vísar hann á 4. málslið 1. mgr. 27. gr. laga nr. 57/1949 þessu til stuðnings.

Atriði þetta var tekið til úrskurðar 29. nóvember.

Ekki verður fallist á þá skoðun Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns, að nægilegt sé, að krafa um útlagningu sé fram komin, áður en rétti er slitið, enda eru ákvæði 32. gr. laga nr. 57/1949 skýr og ótvíræð um þetta efni, og hefur þeim verið fylgt í framkvæmd í uppboðsrétti Reykjavíkur.

Eigi verður heldur fallist á það sjónarmið, að uppboðshaldara hafi borið skylda til að inna bjóðendur eftir því sérstaklega, hvort þeir krefðust útlagningar, enda verður að telja, að eins og boð gengu á framangreindu uppboðsþingi og framkvæmd uppboðsins í heild var háttað, þá hafi aðiljum verið fullkomlega veittur kostur á að koma athugasemdum sínum og útlagningarkröfum á framfæri í tæka tíð.

Ekki verður talið, að uppboðshaldara hafi borið að gæta leiðbeiningarskyldu gagnvart 1. veðréttarhafa eða lögmanni hans, sem báðir eru löglærðir.

Jónas Gústavsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa Garðars Garðarssonar héraðsdómslögmanns um, að Jóni E. Jakobssyni héraðsdómslögmanni verði lagður út sem ófullnægðum veðhafa eignarhluti Guðna Þórðarsonar í húseigninni Aðalstræti 9 hér í borg, er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 20. janúar 1983.

Nr. 73/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Magnússyni
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða með stefnu 19. febrúar 1982. Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd, en héraðsdómur staðfestur að öðru leyti. Því var lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að horfið væri frá ívitnunum í ákæruskjali í áfengislög nr. 82/1969.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa, en áfrýjunarkostnaður greiddur af almannafé, enda hafi ákærði lýst því í júlí sl., að hann vildi una héraðsdómi og falla frá áfrýjun.

Með bréfi 13. maí 1982 til bæjarfógetans í Keflavík mælti ríkissaksóknari fyrir um frekari rannsókn málsatvika. Framhaldspróf var í sakadómi Grindavíkur 23. júní, og gáfu þá skýrslur lögreglumennirnir Jörgen Bendt Pedersen og Þorgrímur Stefán Árnason, Halldór Ársæll Jensson lögregluvarðstjóri og ákærði. Hinn 28. júní gaf Ægir Sigurður Guðlaugsson lögreglumaður skýrslu.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði 13. október 1980 ekið bifreiðinni Ö 5479 frá Reykjavík áleiðis til Grindavíkur. Hefði hann áður neytt „einnar áfengisblöndu" og hefði það verið svo lítið áfengi, að hann hefði talið sér óhætt að aka bifreiðinni, enda ekki fundið til neinna áfengisáhrifa við aksturinn. Lögregluvarðstjórinn kvaðst hafa gert skýrslu, sem lögð var fram í sakadómi, áður en héraðsdómur gekk, en hann sagðist ekki lengur muna eftir málinu. Hinir lögreglumennirnir þrír kváðust hafa séð ölvunareinkenni á ákærða.

Með framburðum vitna, vottorði um blóðrannsókn og skýrslum ákærða sjálfs er sannað brot hans gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ber því eftir 80. gr. laganna, sbr. lög nr. 54/1976, að dæma ákærða, sem gekkst undir dómssátt 20. september 1979 vegna ölvunar við akstur, til að sæta varðhaldi 15 daga svo og ökuleyfissviptingu, eins og í héraðsdómi greinir, eftir 81. gr. laganna.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Magnússon, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Grindavíkur 3. nóvember 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 3. nóvember, er á dómþingi sakadóms Grindavíkur af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2294/1980: Ákæruvaldið gegn Sigurði Magnússyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 22. júlí sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali, dags. 9. febrúar 1981, á hendur „Sigurði Magnússyni, verkamanni, Norðurvör 1, Grindavík, fæddum 16. ágúst 1915 á Tálknafirði, fyrir að aka mánudaginn 13. október 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 5479 frá Sundahöfn í Reykjavík áleiðis til Grindavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Reykjanesbraut á Strandaheiði.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80 gr. umferðar-

laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar"

II.

Mánudaginn 13. október 1980 veitti lögregluþjónn bifreiðinni Ö 5479 eftirtekt, þar sem henni var ekið um Reykjanesbraut á Strandaheiði. Vegna athugunarverðs aksturslags bifreiðarinnar var hún stöðvuð og tal haft af ökumanni, er reyndist vera ákærði í máli þessu, og lagði áfengisþef frá vitum hans. Af þessum sökum var ákærði færður á lögreglustöðina í Keflavík, hvar hann viðurkenndi að hafa að undangenginni neyslu áfengis ekið bifreiðinni Ö 5479 frá Reykjavík áleiðis til Grindavíkur, þar til akstur hans var stöðvaður, eins og að framan greinir.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa að undangenginni neyslu áfengis þann 13. okróber sl. ekið bifreiðinni Ö 5479 frá Sundahöfn í Reykjavík áleiðis til Grindavíkur, þar til akstri hans lauk með afskiptum lögreglu á Reykjanesbraut á Strandaheiði. Mætti (sic) kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Magn alkóhóls í blóðsýni, er ákærða var tekið af þessu tilefni, mældist 0.93 o/oo.

Með viðukenningu ákærða á neyslu áfengis undanfarandi akstri bifreiðarinnar Ö 5479 í umrætt sinn, niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er borinn í ákæru, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

III.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 1. desember 1980, hefur ákærði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

„1979 20/9 í Keflavík: Sátt; 1000.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 20/9 1979".

VI.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, telst hæfilega ákveðin sekt kr. 3.000.00 í ríkissjóð, sem afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er enn fremur sviptur ökuleyfi ævilangt samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, þ. m. t. fyrirmæli um ítrekunaráhrif. Gildir sviptingin frá dómsbirtingu.

Ákærði skal loks dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar máls þessa samkv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Magnússon, greiði sekt kr. 3.000.00 til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 dagar í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. janúar 1983.

Nr. 82/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurbirni Matthíassyni
(Gunnar Sólnes hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 19. mars 1982. Ágrip málsins barst Hæstarétti 25. júní.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafsit, að refsing verði þyngd, en héraðsdómur að öðru leyti staðfestur. Því var lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að horfið væri frá ívitnunum í ákæruskjali í áfengislög nr. 82/1969.

Verjandi krefst sýknu.

Fallast ber á sakaramat héraðsdómara.

Akstur ákærða undir áhurifum áfengis 28. febrúar 1981 varðar við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Akstur hans undir áhrifum áfengis 29. júní 1981 varðar, eins og ákæru er háttað, við 2., sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Um refsingu fer eftir 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976 Verður refsing ákveðin eftir 77. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til þess, að 21. september 1979 gerði ákærði dómssátt vegna aksturs undir áfengisáhrifum og samþykkti að greiða sekt og að sæta ökuleyfissviptingu. Verður ákærði nú dæmdur til að sæta varðhaldi 25 daga. Þá ber eftir 81. gr. umferðarlaga að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð

Ákærði, Sigurbjörn Matthíasson, sæti varðhaldi 25 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sólness, hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eyjafjarðarsýslu 1. mars 1982.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. ágúst 1981, var tekið til dóms 26. febrúar 1982. Málið er höfðað ,, á hendur Sigurbirni Matthíassyni, Botni í Hrafnagilshreppi, fæddum þar 18. janúar 1957, fyrir að aka tvívegis árið 1981 bifreiðum undir áhrifum áfengis, svo sem rakið er:

1) Laugardaginn 28. febrúar A 4689 frá Hrísalundi á Akureyri um götur bæjarins, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Þingvallastræti við sundlaugina.

2) Mánudaginn 29. júní A 7480 frá húsi nr. 98 við Hafnarstræti á Akur-

eyri um götu bæjarins, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á mótum Kaupvangsstrætis og Hafnarstrætis.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33, gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. janúar 1957 í Eyjafarðarsýslu og telst sakhæfur, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1979 21/9 í Eyjafjarðarsýslu: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 5. gr., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3. mán. frá 21/9 1979.

Málavextir.

Liður 1 í ákæruskjali.

Laugardaginn 28. febrúar 1981, um kl. 0455, voru lögreglumenn á eftirlitsferð á Akureyri. Þegar þeir voru staddir á Þingvallastræti veittu þeir athygli bifreiðinni A 4689, þar sem henni var ekið af Skógarlundi og inn á Þingvallastræti og ekið þá götu til austurs, og virtist bifreiðinni vera ekið allgreitt. Veittu lögreglumennirnir því bifreiðinni eftirför og mældu hraða hennar með því að halda jöfnu bili á milli bifreiðanna, og samkævmt hraðamæli lögreglubifreiðarinnar var bifreiðinni ekið á um það bil 75-85 kílómetra hraða miðað við klukkustund austur Þingvallastræti frá Hrísalundi, en við Mýrarveg dró ökumaður úr hraða bifreiðar sinnar, og var aksturinn stöðvar við sundlaug Akureyrar, og þar var haft tal af ökumanni. Aðspurður kvaðst hann heita Sigurbjörn Matthíasson, til heimilis að Botni í Eyjafirði, fæddur 18. janúar 1957, og er hann ákærður í máli þessu. Aðspurður um ökuhraða sinn kvaðst ákærði ekki geta fullyrt um, hvað hann hefði ekið hratt, en kvaðst þó álíta, að hann hefði ekið á um 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Í viðræðunum við ákærða fundu lögreglumenn daufan áfengisþef leggja frá vitum hans, og var hann látinn blása í öndunarsýni, sem sýndi 3. stig. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis þá um nóttina eða við aksturinn, hins vegar hefði hann neytt áfengis nóttina áður og væri nú rúmlega sólarhringur liðinn, frá því að hann hefði neytt áfengis síðast. Ákærði var fluttur á lögreglustöðina, þar sem Kjartan Guðmundsson, vakthafandi læknir, tók honum blóð til alkóhólákvörðunar klukkan 0530 þessa sömu nótt. Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 9. mars 1981, reynd-

ist magn alkóhóls í blóði ákærða mælt með gasgreiningu á súlu vera 1.36 o/oo.

Ólafur Ásgeirsson lögregluvarðstjóri tók skýrslu af ákærða vegna málsins. Í þessari skýrslu viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni A 4689 og hafi hann verið að koma úr Hrísalundi og hafi ferðinni ekki verið heitið neitt sérstakt. Hann hafi hafið ökuförina laust fyrir kl. 0500 þennan morgun. Þá þrætti ákærði fyrir að hafa neytt áfengis. Hann kvaðst hafa sofið 4 klukkustundir nóttina áður, og ekkert hafði hann sofið þennan dag. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis, eftir að akstri hans lauk. Lögregluvarðstjórinn gerði athugun á útliti og öðrum einkennum ákærða í greint sinn. Í þessari athugun kom fram, að áfengisþefur af andardrætti var ógreinilegur, andlit eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri mánudaginn 29. júní 1981. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að hann væri eigandi bifreiðarinnar A 4689, sem væri af gerðinni Ford Mustang, árgerð 1966, græn að lit. Þegar umræddur akstur hefði átt sér stað, hefði hann farið að heiman frá sér til Akureyrar einhvern tímann á föstudagskvöldið 28. febrúar 1981 eða þegar komið var fram yfir miðnætti það kvöld. Ákærði gat ekki tímasett þetta nánar, þar sem svo langt var um liðið. Tilgangurinn með ferð þessari til Akureyrar hafi verið að drepa tímann. Með ákærða til Akureyrar í bifreiðinni hafi verið kunningi hans. Eiríkur Rafnsson frá Stokkahlöðum, en ákærði hafi sótt hann þangað heim til hans. Ákærði kvaðst stundum hafa tekið Eirík með til Akureyrar, þegar hann hefur verið að skemmta sér. Ekki mundi ákærði, hvort Eiríkur var undir áhrifum áfengis þetta kvöld né hvort hann hefði verið með áfengi með sér. Ákærði sagði, að þeir hefðu ekið eitthvað um bæinn, en Eiríkur hafi síðan farið á dansleik í veitingahúsinu H-100 eða í Sjálfstæðishúsinu, en ákærði mundi ekki eftir að hafa farið með honum á dansleik þetta kvöld. Ákærði taldi, að hann hefði haldið sig í bifreiðinni og ekið um bæinn. Þá kvaðst ákærði hafa hitt Sigurbjörn Skírnisson frá Skarði í Þingeyrarsýslu og hafi hann komið upp í bifreiðina hjá honum og ekið með honum víða um bæinn. Ekki mundi ákærði, hvar hann kom í bifreiðina né hvar hann fór úr henni. Ekki gat ákærði gert nákvæma grein fyrir ferðum sínum, vegna þess að svo langt var um liðið. Þó mundi ákærði eftir því, að um 10 mínútum áður en hann hafði verið stöðvaður af lögreglunni, þá hafi hann verið staddur í miðbænum. Þá hafi komið til hans á að giska tvítug stúlka og beðið hann að aka sér upp í Hrísalund. Ákærði þekkti ekki þessa stúlku og taldi, að hann mundi ekki þekkja hana aftur. Ákærði kveðst hafa fallist á að aka henni heim til hennar og hann hafi ekið sem leið lá þangað. Ákærði

kvaðst ekkert hafa stoppað heima hjá henni, heldur hafi hann ekið strax áfram, en mundi ekki, hvaða leið hann fór. Ákærði mundi þó, að hann ók austur Þingvallastræti. Ákærði kveðst svo hafa verið kominn að Sundlaug Akureyrar, þegar hann varð þess var, að lögreglubifreið var ekið fram úr honum og hann stöðvaður. Lögreglumennirnir hafi spurt hann um ökuhraða austur Þingvallastræti. Ákærði kveðst hafa sagt lögreglumönnunum, að hann gæti ekki sagt til um ökuhraðann, en taldi þó, að ökuhraði sinn hefði ekki verið meiri en 50 kílómetrar miðað við klukkustund, og taldi hann því, að hraðmæling lögreglunnar, sem greint var frá hér að framan, væri alröng. Ákærði sagði, að löreglumennirnir hefðu haft grun um, að hann væri undir áhrifum áfengis, og hafi látið hann blása í öndunarsýni og í framhaldi af því hafi þeir flutt hann á lögreglustöðina, þar sem úr honum hafi verið tekið blóðsýni. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn. Hann kvaðst hafa verið að drekka áfengi sólarhring áður, en áfengisáhrif hefðu verið alveg horfin. Akærði taldi því, að öndunarsýni hefði ekki getað sýnt, að um áfengisneyslu væri að ræða, og jafnframt taldi hann niðurstöðu blóðrannsóknarinnar ranga. Þá taldi ákærði það rangt, að lögreglumennirnir hefðu fundið áfengislykt af vitum hans, en vel mætti vera, að þeir hefðu fundið áfengislykt úr bifreiðinni. Þá taldi ákærði sig fullvissan á því, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda hefðu áhrifin af áfenginu, sem hann hafði drukkið sólarhring áður, verið alveg horfin.

Ákærði hefur staðfastlega neitað því fyrir sakadómi að hafa verið undir áfengisáhrifum í greint sinn, en viðurkennt, að atvikum væri að öðru leyti rétt lýst í þessum lið ákæruskjalsins.

Fimmtudaginn 17. september 1981 kom Sigurbjörn Ingi Skírninsson, fæddur 14. maí 1956 í Grýtubakkahreppi, til heimilis að Skarði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi, Þingeyjarsýslu, fyrir dóminn sem vitni. Vitnið kannaðist við að hafa verið í bifreið ákærða umrætt kvöld og nótt, en ekki kannaðist þetta vitni við að hafa greint áfengisáhrif á ákærða við aksturinn í greint sinn og ekki að hann hefði neytt áfengis, þannig að vitnið vissi til.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Ólafur Ásgeirsson, fæddur 29. apríl 1945 á Akureyri, aðstoðaryfirlögregluþjónn, til heimilis að Háteigi, Akureyri. Vitnið kannaðist við að hafa verið á vakt þessa nótt. Vitnið sagðist fyrst hafa séð ákærða, þegar komið var með hann inn á lögreglustöðina. Vitnið sagði, að í fyrstunni hefði það ekki greint áfengisáhrif á ákærða, en tók fram, að ákærði væri þannig, að erfitt væri að átta sig á því, hvort hann væri undir áfengisáhrifum eða ekki, og vitnið byggði þetta á löngum kynnum sínum af ákærða. Vitnið kannaðist við að hafa tekið skýrslu varðstjóra í málinu. Þá sagði vitnið, að ákærði hefði staðfastlega neitað áfengisneyslu fyrir aksturinn. Vitnið sagði, að ákærði hefði setið andspænis því við borð

og eftir nokkra stund hefði vitnið fundið ógreinilega áfengislykt af honum, ekki sterka, en vel merkjanlega. Vitnið sagði, að andlit ákærða hefði verið eðlilegt, fatnaður hefði verið snyrtilegur, framkoma kurteis, en vitnið staðfesti, að ákærði hefði verið óeðlilegur til augna, þ. e. augu hefðu verið vot og rauð. Jafnvægi ákærða hefði verið ágætlega stöðugt og málfar skýrt og greinargott. Vitnið sagði, að einu einkennin um áfengisáhrif á ákærða hafi verið þessi ógreinilegi áfengisþefur. Vitnið sagði, að atvik málsins bentu til þess, að ákærði hefði ekki nýlega neytt áfengis, þ. e. ekki rétt fyrir aksturinn, heldur hefði hann verið langdrukkinn og lítið sofinn, enda hafði hann aðeins sofið 4 klukkustundir síðustu tvo sólarhringa fyrir tökuna samkvæmt hans framburði.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Stefán Árni Tryggvason, fæddur 21. janúar 1942 á Akureyri, lögreglumaður, til heimilis að Lönguhlíð 7, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa verið á vakt aðfaranótt laugardagsins 28. febrúar 1981 og í greint sinn hafi það verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði í greint sinn verið stöðvuð vegna of hraðs aksturs. Vitnið sagði, að Gunnar Jóhannsson hefði farið út og fengið ákærða yfir í lögreglubifreiðina. Vitnið sagði, að í viðtali við ákærða inni í lögreglubifreiðinni hefði komið fram greinileg áfengislykt. Vitnið sagðist muna, að augu ákærða hafi verið vot og rauð og dauf. Vitnið sagði, að öndunarsýni, sem af ákærða var tekið, hafi sýnt 3. stig. Önnur ölvunareinkenni hafi ekki sést á ákærða en þau, sem hér að framan er lýst.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Jóhannes Jóhannsson, fæddur 7. nóvember 1957 á Húsavík, lögreglumaður, til heimilis að Kotárgerði 23, Akureyri. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína frá 28. febrúar 1981. Vitnið sagði, að ekki hefðu verið merkjanleg ölvunareinkenni á ákærða nema greinileg áfengislykt, þegar ákærði var kominn yfir í lögreglubifreiðina. Ákærði hafi verið látinn blása í öndunarsýni og hafi það sýnt 3. stig. Vitnið sagði, að það, sem fyrst hefði vakið grunsemdir þess um, að ákærði væri ölvaður, væri, að hann hefði verið niðurlútur og forðast að horfa framan í lögreglumennina, þegar þeir ræddu við hann.

Mánudaginn 12. október 1981 kom vitnið Ágúst Marinósson, fæddur 5. maí 1951 á Valþjófsstað í Fljótsdal, lögreglumaður, til heimilis að Hrafnagilsstræti 37, Akureyri, fyrir dóminn. Vitnið kvaðst í greint sinn hafa verið lögreglumaður nr. 24, þegar ákærði var handtekinn vegna gruns um ölvun við akstur. Vitnið staðfesti, að atvikum væri rétt lýst í skýrslu Gunnars J. Jóhannssonar lögreglumanns frá 28. október 1981. Vitnið mundi ekki nákvæmlega eftir ölvunareinkennum á ákærða í greint sinn, en í þetta skipti hefði ákærði verið tekinn yfir í lögreglubifreiðina og eftir að hann var búinn að vera þar í nokkrar minútur, hefði fundist af honum áfengislykt. Vitnið sagði, að þá hefði verið tekið öndunarsýni af ákærða og það hefði

Stefán Tryggvason lögreglumaður gert. Vitnið mundi ekki eftir neinum öðrum ölvunareinkennum á ákærða í greint sinn en áfengislykt þessari, sem hafi lagt frá vitum hans inni í lögreglubifreiðinni. Vitnið getur þess, að lögreglan hafi stöðvað bifreið ákærða um klukkustund áður en hann var stöðvaður í þetta skipti og hafi bifreið ákærða þá verið stöðvuð á Þingvallastræti við Hrísalund á móts við hús nr. 5. Þá hafi aðeins verið rætt við ákærða inni í hans bifreið og þá hafi ekkert fundist athugavert varðandi áfengisneyslu eða ölvunareinkenni.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Eiríkur Rafnsson, fæddur 26. apríl 1958 á Akureyri, vörubifreiðarstjór, til heimilis að Stokkahlöðum, Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu. Vitnið kannast við að hafa verið farþegi í bifreið ákærða, A 4689, aðfaranótt laugardagsins 28. febrúar 1981. Vitnið kvaðst hafa verið í Sjálfstæðishúsinu til um klukkan 0200 um nóttina. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði var í Sjálfstæðishúsinu þetta kvöld, en vitnið segist hafa hitt ákærða, eftir að dansleik lauk, og vitnið segist hafa hitt hann fyrir utan Sjálfstæðishúsið. Vitnið taldi, að það hefði fljótlega farið inn í bifreið ákærða. Skömmu seinna hefði Sigurbjörn Skírnisson komið í bifreiðina. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekið Sigurbirni Skírnissýni heim til hans í Hrísalund. Vitnið sagði, að lögreglan hefði stöðvað akstur ákærða við gangbrautarljósin á Þingvallastræti á móts við Hrísalund 5, þ. e. verslun Kaupfélags Eyfirðinga, Akureyri. Ekki hefði lögreglan þá fundið neitt athugavert við akstur ákærða, enda hafi honum þá verið leyft að aka áfram. Vitnið sagði, að lögreglan hefði stöðvað akstur ákærða um hálfri klukkustund seinna á Þingvallastræti við Iðnskólann. Vitnið sagði, að í þetta skipti hefði ákærði verið tekinn yfir í lögreglubifreiðina og þá hafi verið farið með hann á lögreglustöðina. Vitnið kannaðist ekki við að hafa séð áfengisáhrif á ákærða við þennan akstur, og ekki kvaðst vitnið hafa séð ákærða neyta áfengis. Vitnið sagðist greint sinn hafa verið undir dálitlum áfengisáhrifum, en ekki miklum. Vitnið kvaðst efast um, að það hefði fundið áfengislykt af ákærða, vegna þess að það hefði neytt áfengis.

Niðurstaða.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, framburðar ákærða og vættis vitnanna Ólafs Ásgeirssonar, Stefáns Tryggvasonar, Gunnars Jóhannssonar og Ágústs Marinóssonar telst sannað, að ákærði hafi, þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni A 4689, eins og rakið er í þessum lið ákæruskjals. Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði brotið ákvæði 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Verða kröfur ákæruvaldsins teknar til greina að öllu leyti varðandi þennan ákærulið.

Liður 2 í ákæruskjali.

Mánudaginn 29. júní 1981, um klukkan 0115, voru lögreglumenn á eftirlitsferð í lögreglubifreið í Hafnarstræti á Akureyri. Þegar þeir voru staddir á móts við veitingastaðinn H-100, sáu þeir bifreiðina A 7480, þar sem henni var ekið á undan þeim. Töldu þeir sig þekkja, að ökumaður nefndrar bifreiðar væri ákærði, en lögreglumönnunum var kunnugt um, að rannsóknarlögreglan þurfti að hafa tal af honum. Af þessari ástæðu stöðvuðu þeir bifreiðina rétt við gatnamót Hafnarstrætis og Kaupvangsstrætis. Grunur féll á ákærða um, að hann hefði neytt áfengis, og því var hann færður í lögreglubifreiðina og látinn blása í öndunarsýni, sem gaf til kynna, að um áfengisneyslu væri að ræða. Ákærði þrætti fyrir að hafa neytt áfengis, en lögreglumennirnir töldu sig finna nokkurn áfengisþef frá vitum hans. Var ákærði og bifreið hans færð á lögreglustöð, þar sem Árni Magnússon, lögregluvarðstjóri tók við rannsókn málsins. Þá tók Ólafur Halldórsson læknir blóðsýni úr ákærða til alkóhólrannsóknar klukkan 0135 þessa sömu nótt. Niðurstaða þeirrar alkóhólrannsóknar samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 7. júlí 1981, en mælingin var gerð með gasgreiningu á súlu, sýndi magn alkóhóls í blóði ákærða 1.30 o/oo.

Árni Magnússon lögregluvarðstjóri tók skúrslu varðstjóra af ákærða í greint sinn. Í þessari skýrslu viðurkenndi ákærði að hafa verið að aka bifreiðinni A 7480 og hefði ökuförin hafist á Hafnarstærit við Hótel Akureyri og hafi ferðinni ekki verið heitið neitt sérstakt. Ökuförin hefði hafist um kl. 0100 þessa sömu nótt. Þá þrætti ákærði fyrir að hafa neytt áfengis, hann kvaðst hafa sofið um 12 klukkustundir nóttina áður. Þá viðurkenndi ákærði að hafa ekki neytt áfengis, eftir að hann hætti akstri. Lögregluvarðstjórinn gerði athugun á útliti og öðrum einkennum ákærða í greint sinn. Í þessari athugun kom fram, að áfengisþefur af andardrætti var nokkur, andlit var fölt, fatnaður snyrtilegur, framkoma þrætugjörn, augu vot og dauf, jafnvægi stöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur. Lögregluvarðstjórinn gerði þá athugasemd, að ekki hefði tekist að ljúka við að taka skýrslu af ákærða, þar sem framburður hans hafi verið mjög ruglingslegur, og hafi hann því verið settur í fangaklefa.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögareglunni á Akureyri 30. júní 1981 vegna málsins. Í þessari skýrslu skýrði ákærði svo frá, að hann væri eigandi bifreiðarinnar A 7480, sem væri af gerðinni Skoda, árgerð 1974, gul að lit. Það hefði verið um kl. 2030 umrætt kvöld, að hann hefði farið að heiman frá sér til Akureyrar á bifreið sinni. Þegar hann hafi verið kominn í bæinn, hafi hann farið á kvikmyndasýningu í Nýja bíói. Á meðan hafi hann geymt bifreiðina á stæði norðan við kvikmyndahúsið. Eftir að sýningu hafi lokið um kl. 2300, hafi hann ekið um bæinn í um það bil eina klukkustund, en þá hafi honum dottið í hug að fara á dansleik í veitingahúsinu H-100,

hann hafi því lagt bifreiðinni í Hafnarstræti á móts við hús nr. 98 og hafi síðan farið inn á nefndan veitingastað. Þar hafi hann verið þangað til dansleik lauk um klukkan 0100 um nóttina. Ekki kvaðst ákærði hafa hitt neinn þar inni, sem hann hafi þekkt. Er dansleik hafi lokið, hafi hann farið út í bifreiðina og ekið af stað. Hann hafi ekið einn hring í miðbænum og verið staddur í Hafnarstræti á mótum Kaupvangsstrætis, þegar lögreglan hafi stöðvað akstur hans. Lögreglumennina hafi grunað, að hann væri undir áhrifum áfengis, og hafi því fært hann á lögreglustöðina. Þar hafi hann verið látinn blása í öndunarsýni og úr honum tekið blóðsýni. Ákærði fullyrti, að hann hefði ekki neytt áfengis umrætt kvöld og hafi hann því engan veginn fundið til áfengisáhrifa. Þá taldi ákærði það alrangt, að áfengisþefur hefði verið af andardrætti hans. Ákærði taldi, að það væri alrangt hjá lögreglumönnunum, að hann hefði verið undir áfengisáhrifum í greint sinn.

Fyrir sakadómi við þingestingu málsins 4. september 1981 kannaðist ákærði við, að atvikum í þessum lið ákæruskjalsins væri rétt lýst að öllu öðru leyti en því, að hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis, og taldi hann niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar ranga. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neinu að bæta við skýrslu sína hjá lögreglu frá 30. júní, sem hér að framan var rakin.

Fimmtudaginn 17. september 1981 kom fyrir dóminn sem vitni Árni Höskuldur Magnússon, fæddur 5. apríl 1931 í Saurbæjarhreppi, lögregluvarðstjóri, til heimilis að Háalundi 2, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa verið á vakt í greint sinn, þ. e. aðfaranótt mánudagsins 29. júní 1981. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða, fyrr en lögreglumenn komu með hann á lögreglustöðina í greint sinn. Vitnið kvaðst vera fullvisst um það, að það hefði séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kannaðist við það að hafa tekið skýrslu varðstjóra þá, sem hér að framan greinir. Vitnið sagði, að ákærði hefði strax neitað áfengisneyslu fyrir akstur og að hann væri undir áhrifum áfengis. Vitnið sagði, að vegna aðgerðar á nefi sínu hefði það ekki getað fundið lykt og hefði það spurt lögreglumenn þá, sem handtóku ákærða, eftir því, hvort um áfengislykt væri að ræða, og hefðu þeir verið sammála um það. Þá mundi vitnið vel eftir því, að ákærði hefði verið fölur í andliti og andlit hefði þar með verið óeðlilegt. Þá staðfesti vitnið, að fatnaður hans hefði verið snyrtilegur. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið þrætugjarn, þ. e. þegar vitnið fór að ræða við ákærða, hafi verið erfitt að fá hann til að svara og hann hafi breytt framburði sínum hvað eftir annað. Vitnið sagði, að ákærði hefði breytt framburði sínum varðandi það, hvenær ökuförin hefði hafist, og fleira, sem hann breytti, en sagði, að að sínu mati hefðu augu ákærða verið óeðlileg, þ. e. vot og dauf. Vitnið sagði, að jafnvægi ákærða hefði verið nokkuð stöðugt, þ. e. vitnið tók ekki eftir,

að hann væri óstöðugur. Vitnið sagði, að málfar ákærða hefði verið þvöglulegt og drafandi, þó ekki mikið, og að áliti vitnisins stafaði það af áfengisneyslu. Vitnið sagði, að framburður ákærða hefði verið ruglingslegur, þ. e. ákærði hafi breytt framburði sínum hvað eftir annað. Vitnið sagðist aldrei hafa verið í neinum vafa um, að ákærði hefði verið undir áfengisáhrifum í greint sinn.

Vitnið Stefán Árni Tryggvason, fæddur 21. janúar 1942 á Akureyri, lögreglumaður, til heimilis að Lönguhlíð 7, Akureyri, kom fyrir dóminn sama dag. Vitnið staðfesti, að frumskýrsla Gunnars Randverssonar lögreglumanns varðandi málið væri rétt. Vitnið sagðist sjálft hafa farið út úr lögreglubifreiðinni í greint sinn og haft tal af ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af ákærða, meða hann var inni í sinni bifreið, og minntist vitnið þess, að augu ákærða hefðu verið óeðlileg, þ. e. vot og dauf eða fljótandi, og það hafi verið ástæðan fyrir því, að vitnið bað ákærða að koma yfir í lögreglubifreiðina. Vitnið sagðist hafa fundið greinilega áfengislykt af ákærða, þegar hann var kominn inn í lögreglubifreiðina og hann hafi verið látinn blása í öndunarsýni, sem sýndi 2. stig, þ. e. nægjanlegt til að færa ákærða í blóðtöku. Vitnið mundi ekki eftir öðrum ölvunareinkennum á ákærða í greint sinn. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið færður á lögreglustöðina, þar sem Árni Magnússon lögregluvarðstjóri hefði tekið við rannsókn málsins. Vitnið minntist þess ekki, að Árni Magnússon lögregluvarðstjóri hefði spurt sig eftir áfengislykt af ákærða.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Hólm Randversson, fæddur 31. maí 1931 í Ólafsvík, lögreglumaður, til heimilis að Espilundi 1, Akureyri. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína vegna málsins. Vitnið sagði, að einu ölvunareinkenni á ákærða hefðu verið þau, að þegar hann var kominn yfir í lögreglubifreiðina, hafi verið af honum greinileg áfengislykt. Ekki mundi vitnið, hversu mörg stig öndunarsýni sýndi. Vitnið minntist þess ekki að hafa verið viðstatt, þegar lögregluvarðstjóri tók skýrslu af ákærða. Vitnið taldi, að lýsing lögregluvarðstjóra á ölvunareinkennum væri rétt. Vitnið sagði, að akstur ákærða hefði verið stöðvaður í greint sinn, vegna þess að vitað var, að rannsóknarlögreglan þyrfti að ná tali af honum, en aðrar ástæður hafi ekki legið til þess, að hann var stöðvaður. Vitnið tók fram, að öndunarsýni hafi sýnt þau einkenni, að ástæða væri til frekari athugunar á ákærða.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Aðalsteinn Bernharðsson, fæddur 6. febrúar 1954 í Hrafnagilshreppi, lögreglumaður, til heimilis að Hjallalundi 13 H, Akureyri. Vitnið staðfesti, að atvikum í frumskýrslu Gunnars Randverssonar lögreglumanns væri rétt lýst. Vitnið kvaðst hafa farið sjálft út úr lögreglubifreiðinni og rætt við ákærða. Á meðan vitnið hafi rætt við ákærða í bifreið hans, hafi vitnið ekki greint áfengisáhrif á honum og engin

sérstök ástæða hafi verið fyrir því, að ákærði var tekinn yfir í lögreglubifreiðina. Er ákærði hafi verið kominn yfir í lögreglubifreiðina, segist vitnið hafa fundið greinilega áfengislykt af ákærða og þess vegna hafi verið tekið af honum öndunarsýni. Vitnið sagði, að öndunarsýni hefði litað þannig, að ástæða væri til frekari athugunar á ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar lögregluvarðstjórinn tók skýrsluna af ákærða.

Niðurstaða.

Með vísan til niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, framburðar ákærða og vættis vitnanna Árna Magnússonar, Stefáns Tryggvasonar, Gunnars Randverssonar og Aðalsteins Bernharðssonar telst sannað, að ákærði hafi í greint sinn ekið bifreiðinni A 7480, eins og rakið er í þessum lið ákæruskjalsins, þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis. Ákærði hefur með þessari háttsemi sinni brotið ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Verða kröfur ákæruvaldsins teknar til greina að öllu leyti varðandi þennan ákærulið.

Ákvörðun refsingar.

Dómssáttin frá 20. september 1979 hefur ítrekunaráhrif í þessu sambandi, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/ 1978. Refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 telst hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Í stað sektar komi varðhald 15 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Svipta ber ákærða ökuleyfi, svo sem krafist er, samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Með vísan til þess, að hér er um ítrekað brot að ræða, verður ákærði sviptur ökuleyfinu ævilangt frá dómsbirtingu. Að lokum ber að dæma ákærða með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 4000.00 krónur.

Dóminn kveður upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Matthíasson, greiði 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs.

Í stað sektar komi varðhald 15 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. janúar 1983.

Nr.185/1981. **Helgi Steinar Karlsson**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
hreppsnefnd Grímsneshrepps
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Fasteignaskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. ágúst s. á. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og dæmt, að hin umbeðna lögtaksgerð skuli eigi fara fram. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru málavextir þeir, að hinn 1. maí 1968 keyptu Múrarafélag Reykjavíkur og Múrarameistarafélag Reykjavíkur jörðina Öndverðarnes í Grímsneshreppi í Árnessýslu. Á næsta ári létu félögin skipuleggja þar orlofshúsahverfi, 122 lóðir, sem hver er 5.000 m² að stærð. Sérstök stjórn, skipuð alls 9 mönnum frá báðum félögunum, fer með stjórn orlofslandsins, úthlutar lóðum til félagsmanna og gerir við þá leigusamninga. Samningar þessir eru allir sagðir vera samhljóða. Þrjár lóðir eru skráðar á nafn Orlofsheimilis Múrarafélags Reykjavíkur, sem

byggt hefur tvo sumarbústaði til útleigu skamman tíma í senn. Þeir félagsmenn múrarafélagsins, er fengið hafa lóðir á leigu, reisa sumarhús sín þar fyrir eigin reikning. Einn þeirra er áfrýjandi máls þessa, sem fékk lóð á leigu í orlofslandinu. Samkvæmt lóðarsamningum hvíla á sumarbústöðunum nokkrar kvaðir, og er þeirra getið í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar. Starfsemi múrarafélagsins í Öndverðarnesi virðist einkum taka til leigu á landi og húsum, sem það á þar, ásamt því að koma upp og reka sameiginleg mannvirki fyrir orlofsbyggðina.

Úrlausnarefnið í máli þessu er, hvort skýra beri undanþáguákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga svo rúmt, að það taki til sumarhúss áfrýjanda, eins og atvikum er háttað. Í lagaákvæðinu segir, að meðal annars „orlofsheimili launþegasamtaka" séu undanþegin fasteignaskatti. Samkvæmt orðanna hljóðan nær undanþágan ekki til húss áfrýjanda, og athugun á málsmeðverð á Alþingi bendir ekki til, að sá hafi verið tilgangur löggjafans. Undanþága kom fram í breytingatillögu við 5. gr. frumvarps að lögum nr. 8/1972. Ummæli flutningsmanns, er hann mælti fyrir breytingatillögunni, verða eigi skilin á annan veg en þann, að undanþágunni sé einvörðungu ætlað að taka til orlofsheimila, sem eru í eigu samtaka launþega, en eigi til sumarhúsa einstakra félagsmanna. Auk þessa er á það að líta, að ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 eru runnin frá 6. gr. laga nr. 51/1964, áður 6. gr. laga nr. 69/1962. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins að lögunum segir m. a., að hana verði að skýra þröngt, þannig að hún „taki einungis til þeirra bygginga sjálfra, sem skv. eðli málsins og málvenju er vísað til með undanþáguákvæðunum, en ekki til neinna annarra bygginga, sem ekki standa í beinu og óhjákvæmilegu sambandi við stofnunina, sem undanþágan er veitt". Einnig er lögð áhersla á það sem aðalsjónarmið, að „hús séu því aðeins undanþegin, að þau falli alveg vafa- og fortakslaust undir undanþáguákvæðin".

Á það ber að fallast með stefnda, að áfrýjandi hafi eignarhald á sumarbústaðnum á lóð nr. 28 í orlofslandinu og að kvaðir þær, er á honum hvíla samkvæmt leigulóðarsamningnum, breyti því eigi.

Þegar framanritað er virt, þykir skorta lagaheimild til að leysa áfrýjanda undan greiðslu á fasteignaskatti af sumarhúsi því, er málið snýst um. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi Steinar Karlsson, greiði stefnda, hreppsnefnd Grímsneshrepps, 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 16. febrúar 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 22. janúar sl., er komið til með þeim hætti, að við byrjun lögtaksgerðar hinn 16. desember 1980 mótmælti gerðarþoli framgangi lögtaks.

Gerðarbeiðandi er hreppsnesnd Grímsneshrepps, en gerðarþoli er Helgi Steinar Karlsson múrari, til heimilis að Búlandi 21, Reykjavík.

Hið umbeðna lögtak skyldi fara fram vegna vangreidds fasteignaskatts til Grímsneshrepps fyrir 1978 af sumarbústað gerðarþola í landi jarðarinnar Öndverðarness I, Grímsnesi. Upphæð lögtakskröfu hreppsnefndar Grímsneshrepps er gkr. 26.440. Einnig er krafist dráttarvaxta, 3% fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 15. ágúst 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980 og síðan 4.75% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk alls kostnaðar við gerðina. Einnig er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir fógetaréttinum hefur gerðarþoli gert þær kröfur, að synjað verði um hina umbeðnu lögtaksgerð og að gerðarbeiðanda verði dæmt að greiða gerðarþola málskostnað að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Kröfur sínar rökstyður gerðarbeiðandi með þeim hætti, að í lögum nr. 8/1972, 3. gr., segi: „Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er". Undantekningarákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 beri að skýra þröngt. Eignaraðild skeri úr um undanþágu, en ekki hlutverk fasteignarinnar.

Gerðarþoli rökstyður sína kröfu þannig, að hér sé um að ræða tilvik, sem er svo líkt því, sem talið er upp í 5. gr. laga nr. 8/1972, sbr. lög nr. 30/1975, en þar segir m. a.: „Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, iþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka..."

Gerðarþoli kveður jafnframt, að svo miklar kvaðir séu á sölu sumarbústaðar gerðarþola í landi múrara, Öndverðarnesi I, Grímsnesi, að ekki geti

jafnast til venjulegs eignarhalds á sumarbústöðum einstaklinga. Í því sambandi bendir gerðarþoli á, „ að óheimilt er að framselja leigurétt að lóð slíks húss, nema samþykki stjórnar Múrara- og Múrarameistarafélags Reykjavíkur komi til og þá einungis félagsmönnum eða mökum þeirra. Þá er óheimilt að endurnýja leigusamning að leigutaka látnum nema við tiltekna ættingja hins látna eða félaga í samtökum múrara. Loks er sala á húsunum óheimil til annarra en félagsmanna eða maka þeirra svo og félagsins sjálfs og þá á verði, sem metið er af dómkvöddum mönnum."

Tilgangurinn með þessum hætti sé sá að flýta fyrir uppbyggingu orlofslands múrara í Öndverðarnesi I, þannig að landið þjóni fyrr tilgangi sínum sem slíkt. Af þessum ástæðum beri að telja gerðarþola óskylt að greiða umræddan fasteignaskatt, enda falli þetta tilvik tvímælalaust undir 5. gr. laga nr. 8/1972, sbr. lög nr. 30/1975, þegar tilgangur löggjafans sé hafður til hliðsjónar.

Undantekningarreglur í lögum ber að skýra þröngt. Fasteignagjöldum er ætlað að standa undir þjónustu sveitarfélaga vegna fasteigna. Í 5. gr. laga nr. 8/1972 hafa verið gerðar undantekningar frá innheimtu fasteignaskatts varðandi nokkrar nánar tilgreindar fasteignir, þ. á m. orlofsheimili launþegasamtaka. Eignarhald á sumarbústað gerðarþola er ótvírætt. Undantekningarregla 5. gr. laga nr. 8/1972 á ekki við í ofangreindu tilviki. Gjaldskylda telst því vera fyrir hendi.

Málskostnaður ákveðst hæfilegur kr. 1.050.00.

Ólafur Helgi Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara. Gerðarþoli, Helgi Steinar Karlsson, greiði gerðarbeiðanda, Grímsneshreppi, kr. 1.050.00 í málskostnað innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1983.

Nr. 50/1981. **Sigrún Jónsdóttir**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Stefáni Jóhannssyni
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Fjárskipti hjóna við lögskilnað. Umboð. Krafa um ógildingu fjárskipta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1981 og gerir þær kröfur, að skilnaðarskilmálar aðiljanna, sem í lögskilnaðarleyfi séu taldir hafa komist á, verði metnir óskuldbindandi og stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1981.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur sýnt með eftirfarandi athöfnum sínum, að hún hefur talið, að samkomulag um fjárskipti hafi komist á, en hún tók athugasemdalaust við greiðslu á 1 milljón gkr. samkvæmt samkomulaginu og fól lögmanni sínum að krefjast greiðslu á þeim eftirstöðvum, sem í gjalddaga voru fallnar. Samkomulagið er því bindandi fyrir áfrýjanda.

Að því er varðar þá málsástæðu áfrýjanda, að ógilda beri samkomulagið um fjárskiptin með stoð í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, þá verður að telja ósannað samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, að samningurinn hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað.

Einnig er ósannað, að ógildingarástæður 32. gr. laga nr. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1960 eigi hér við.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 5.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigrúnar Jónsdóttur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur. Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminn ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 27. nóvember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. nóvember sl., hefur Sigrún Jónsdóttir, Grænumýri 11, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 12. desember 1978, á hendur Stefáni Jóhannssyni, Hrísalundi 18 B, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að skilnaðarskilmálar þeir, sem taldir eru hafa komist á milli aðilja við lögskilnað þeirra varðandi búskiptin, verði með dómi metnir ógildir og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins með hliðsjón af framlögðum málskostnaðarreikningi.

Kröfur stefnda eru þær, að hafnað verði kröfu stefnanda um ógildingu á skilmálum um fjárskipti aðilja við lögskilnað þeirra 14. júlí 1978 og að stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi: Hinn 31. desember 1972 gengu aðiljar máls þessa í hjónaband. Hinn 6. júlí 1977 mættu aðiljar máls þessa báðir hjá fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri og óskuðu eftir að fá leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Lýstu þau þar yfir, að samkomulag væri um skiptingu eigna og að eignaskiptum væri lokið, enn fremur var samkomulag um önnur skilnaðarkjör. Hinn sama dag gaf bæjarfógetinn á Akureyri út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng fyrir hjónin með eftirtöldum skilmálum:"Konan fái forræði barna þeirra hjóna, þeirra Jóns Hólm, f. 11.05. 1972 og Gíslínu Mjallar, f. 03.09. 1975, og greiði maðurinn með þeim meðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá útgáfu leyfisbréfs til fullnaðs 17 ára aldurs hvors þeirra. Maðurinn hefur umgengnisrétt við börnin eins og því verður við komið og börnunum er fyrir bestu. Maðurinn greiði konunni kr. 60.000 á mánuði í 12 mánuði frá útgáfu leyfisbréfs þessa. Eignaskiptum er lokið".

Hinn 3. júlí 1978 skrifaði Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður svofellt bréf til skiptaráðandans á Akureyri:

„Hér með leyfi ég mér, hr. skiptaráðandi, að senda yður meðfylgjandi leyfi til skilnaðar að borði og sæng að beiðni hjónanna Stefáns Jóhannssonar og Sigrúnar Jónsdóttur, þá bæði til heimilis að Grænumýri 11, Akureyri. Í skilnaðarbréfinu, sem útgefið er hinn 6. júlí 1977, er sagt, að eignaskiptum sé lokið. Sigrún Jónsdóttir hefur leitað til mín og telur, að mjög hafi verið á sig hallað við skiptin, þar sem maðurinn hafi ekki gefið sér upplýsingar um eignir búsins. T. d. kveðst hún engar upplýsingar hafa fengið um íbúð, sem þau höfðu hafið smíði á við Heiðarlund hér í bæ, raðhúsaíbúð, sem maðurinn mun síðan hafa selt. Þá hafi hún ekki fengið í sinn hlut helming verðmætis bifreiðar, gamallar, sem þau áttu. Auk þess hefur maðurinn ekki staðið forsvaranlega í skilum með greiðslu meðlags með konunni, sem hann féllst á að greiða samkvæmt skilnaðarbréfinu. Samkvæmt því leyfi ég mér að fara þess á leit við yður, að félagsbúi hjónanna fyrrverandi verði skipt opinberum skiptum og maðurinn kallaður þegar í stað til skýrslugerðar í því skyni. Mér hefur ekki tekist að hafa upp á heimilisfangi hans, en hann mun vinna hjá Smjörlíkisgerð Akureyrar h.f., Strandgötu 31, Akureyri. Sigrún Jónsdóttir mun mótmæla því, að leyfi verði gefið til lögskilnaðar, nema skipti hafi farið fram ".

Hinn 5. júlí 1978 var framangreint bréf tekið fyrir í skiptarétti Akureyrar. Af hálfu stefnanda mætti þar Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður, en stefndi mætti sjálfur og gaf eftirfarandi skýrslu. „Mættur Stefán er nú áminntur um sannsögli. Borið er nú undir mætta bréf lögmanns Sigrúnar, mætti segir, að er þau hjónin fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng, hafi þau átt fokhelda raðhúsaíbúð, Heiðarlund 6 D, Akureyri. Mætti segir, að það séu 3-4 mánuðir síðan hann seldi íbúðina Sigmari Eiríkssyni, Hvannavöllum 2, Akureyri. Íbúðin hafi þá enn verið í ástandinu fokheld og hafi söluverðið verið kr. 7.200.000. Kaupandi sé búinn að greiða mætta kr. 1.500.000 og sé það rétt, að Sigrún hafi ekkert fengið af þeim peningum. Næstu greiðslu kr. 1.000.000 hafi mætti átt að fá 1. júlí sl., sú greiðsla hafi enn ekki borist sér, en hann hafi ætlað Sigrúnu að fá þá greiðslu alla. Mætti segir banka hafa þessa kröfu til innheimtu. Mætti segir aðspurður, að bifreið, sem getið sé í bréfi, dskj. nr. 1, hafi hann selt fyrir skömmu og hafi hún selst fyrir kr. 100.000. Mætti lýsir því yfir, að hann telji rétt, að sú fjárhæð, sem Sigrún fái úr búi þeirra, verði kr. 2.500.000. Mættur leggur nú fram skjal, sem merkist nr. 3, með yfirliti um verðmæti eigna, þ. e. söluverð bifreiðar og íbúðar og lista yfir skuldir, eins og þær voru, er þau hjónin fengu skilnað að borði og sæng. Mætti segir ætlun sína, að Sigrún fái ca. kr. 700.000, þriðja hluta húsnæðismálastjórnarláns, sem væntanlegt sé á næstunnni. Þá kveðst mætti ætla að greiða Sigrúnu kr.

300.000 í byrjun september n. k., sem sé greiðsla frá kaupmála húseignarinnar. Mætti Stefán kveðst reiðubúinn að greiða Sigrúnu þær kr. 500.000, sem þá séu eftir af hennar hluta, hinn 1. september 1979".

Dskj. nr. 3 í skiptarétti Akureyrar, sem að framan er nefnt, er handskrifað blað óundirritað, þar sem virðast koma fram drög að skilnaðarskilmálum þeirra hjóna. Kemur þar fram, hvenær hjónaband þeirra var stofnað, hver börn þeirra séu og hver eigi að hafa forræði þeirra, enn fremur stendur þar eftirfarandi: „Heiðarlundur 6 D, kr. 7.200.000, bíll kr. 200.000, kr. 7.400.000. Sparisjóður Höfðhverfinga kr. 550.000. Útvegsbanki Akureyri kr. 175.000. Landsbanki Akureyri kr. 345.000. Jóhann Stefánsson kr. 500.000. Lífeyrirssjóður sameining kr. 245.000. Veðdeild Landsbankans kr. 800.000". Þá er tilgreind á skjalinu upphæðin kr. 1.450.000, án þess að séð verði, hvort þar er um að ræða eign eða skuld. Þá stendur á skjalinu eftirfarandi: „Fimm ára skuldabréf, afborganir fyrst 1979, 15. júlí ár hvert, 15% ársvextir 2.500.000".

Frekari fyrirtekt máls þessa fór ekki fram í skiptarétti Akureyrar, en samkvæmt gögnum málsins varð samkomulag um það milli stefnda og Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns f. h. stefnanda, að skiptum skyldi lokið á þann hátt sem fram kemur í skýrslu stefnda, sem áður er rakin, þ. e. að stefnandi skyldi fá greiddar kr. 2.5 milljónir á þann hátt sem þar er rakið.

Hinn 7. júlí 1978 mætti stefndi hjá fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri og krafðist lögskilnaðar. Lýsti stefndi því yfir, að hann væri samþykkur því, að ákvæði leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng um forræði barna svo og meðlagsgreiðslur héldust. Þá lýsti hann því yfir, að samkomulag væri um eignaskipti.

Hinn 14. júlí s. á. mætti Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður hjá sama fulltrúa fyrir hönd stefnanda, og voru honum kynntar kröfur stefnda, og er þá bókað eftir honum. „Mætti samþykkir skilnaðarkröfu mannsins með þeim skilmálum, sem felast í framanrituðum kröfum". Ekkert frekar var bókað í þessu sambandi, og samkomulag aðilja um eignaskipti kemur ekki efnislega fram, en ágreiningslaust er, að það hafi verið í samræmi við áðurrakta bókun í skiptarétti Akureyrar. Sama dag, þ. e. 14. júlí 1978, var í dóms-og kirkjumálaráðuneytinu gefið út leyfi til lögskilnaðar milli hjónanna.

Stefnandi byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að lögmaður sá, er samningsgerðina annaðist af hálfu stefnanda, hafi eigi haft umboð til samningsgerðarinnar og sé samkomulagið af þeirri ástæðu ekki skuldbindandi fyrir stefnanda. Í öðru lagi eigi ógildingarástæður 32. gr. samningalaga og 7. gr. laga nr. 58/1960 hér við, enn fremur sé samningurinn ógildur á grundvelli 54. gr. laga nr. 60/1972. Sé samningurinn bersýnilega ósanngjarn

gagnvart stefnanda. Stefndi hafi lagt einhliða mat á eignir og skuldir búsins og ekki talið allar eignir fram. Þá hafi hann talið til skuldir, sem ekki sé staðfest, að hafi verið raunverulegar. Stefnandi hafi verið ófær um að gera sér grein fyrir efnahag búsins og þýðingu skiptanna sökum fáfræði um þessa hluti og vanþroska og þetta hafi stefndi notfært sér. Í þessu sambandi bendir stefnandi meðal annars á, að stefndi hafi ekki skýrt frá hlutabréfi, eign sinni í hlutafélaginu Kaldbaki h/f, kr. 60.000 að nafnverði, og verðbréfaeign, kr. 1.000.000 að nafnverði, sem fram komi á skattframtali hans fyrir árið 1978, sem lagt er fram í málinu. Þá telji hún, að söluverð íbúðar þeirra hjóna sé óeðlilega lágt, en stefndi hafi einn ákveðið söluna og stefnandi þar hvergi nærri komið, eigi hún því ekki að bera skaðann af því, að íbúðin var seld lægra verði en eðlilegt var. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að meta hefði átt upp skuldir búsins, sem stefnandi tók að sér að greiða, til staðgreiðsluvirðis við skipti á búinu.

Stefndi mótmælir því, að samkomulagið sé óskuldbindandi fyrir stefnanda vegna umboðsskorts lögmanns hennar. Lögmaðurinn hafi mætt fyrir hennar hönd, bæði fyrir skiptarétti svo og fyrir yfirvaldi í skilnaðarmáli þeirra hjóna, með fullt málflutningsumboð og hljóti lögmenn við gerninga sem þessa að teljast hafa fullt umboð til að gera þá samninga, sem nauðsynlegir eru, stöðu sinni samkvæmt. Þá er á það bent, að lögmaðurinn hafi haft fullt samráð við stefnanda og föður hennar um gerð samkomulagsins.

Þá mótmælir stefndi því, að fyrir hendi séu þær ógildingarástæður, er stefnandi telur upp. Samkomulag það, sem gert var, sé á engan hátt stefnanda í óhag, eignir og skuldir við skilnað að borði og sæng hafi verið:

Skuldir:

1.	Skuld við Landsbanka Íslands	kr. 350.000
2.	Skuld við Lífeyrissj. sjómanna	kr. 900.000
3.	Skuld við veðdeild Landsbanka Íslands	kr. 1.600.000
4.	Skuld við Sparisj. Höfðhverfinga	kr. 810.000
5.	Skuld við Útvegsbanka Íslands	kr. 125.000
6.	Skuld við Lífeyrissj. Sameiningu	kr. 255.000
7.	Skuld við Jóhann Stefánsson	kr. 700.000
8.	Skuld við Fagtækni h/f	kr. 551.358
	Samtals	kr. 5.291,358

Eignir:

1.	Heiðarlundur 6 D	kr. 7.300.000
2.	Bíll, raunverð	kr. 100.000
3.	Útistandandi skuldir	kr. 1.477.063
4.	Hlutabréf	kr. 60.000
	Samtals	kr. 8.937.063

Samkvæmt þessu hafi eignir umfram skuldir numið kr. 3.645.705, eða kr. 1.822.853 í hlut hvorts hjóna, þannig að stefnandi hafi fengið kr. 677.147 í sinn hlut umfram búshelming sinn. Kröfur stefnanda fái því ekki staðist, eignirnar séu færðar upp á sannvirði, skjöl hafi verið færð fram yfir skuldirnar, þá hafi stefndi að fullu staðið skil á þeirri greiðslu, sem hann hafi lofað að greiða stefnanda, þ. e. kr. 2.500.000.

Eins og að framan er rakið, voru efnisákvæði samkomulags þess, er mál þetta snýst um, bókuð í skiptarétti Akureyrar þann 5. júlí 1980. Þann 7. júlí 1978 lýsti stefndi því yfir fyrir valdsmanni við fyrirtöku á skilnaðarmáli aðilja, að samkomulag væri komið á um eignaskiptin, og hinn 14. júlí s. á. staðfesti lögmaður stefnanda, Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður, fyrir sama valdsmanni, að svo væri. Ragnar Steinbergsson hefur hér fyrir dómi borið vitni og skýrir svo frá, að hann hafi tekið að sér að afla nákvæmra upplýsinga fyrir stefnanda um, hverjar eignir og skuldir bús hennar og fyrrverandi manns hefðu verið, er þau skildu að borði og sæng. Ástæðan hafi verið sú, að stefnandi hafi talið sig vanta eignarhluta í íbúð við Heiðarlund. En fyrir dyrum hafi staðið lögskilnaður þeirra hjóna að beiðni mannsins. Kveðst vitnið hafa kannað þessi mál og fengið upplýsingar hjá stefnda, hafi hann skýrt stefnanda frá niðurstöðu sinni, en einkum hafi hann þó rætt þessi mál við föður hennar, Jón Sigfússon, og hafi hann nokkrum sinnum komið á heimili hans í þessu skyni. Kveðst hann hafa gengið frá samkomulagi um eignaskiptin við stefnda í fullu samráði við stefndu (sic) og föður hennar, það er að hún fengi 2.500.000 úr búinu. Kveðst vitnið minnast þess, að Jóni, föður stefnanda, hafi þótt hlutur hennar í minnsta lagi, en þó fallist á samkomulagið. Segir vitnið, að sér vitanlega hafi engrar óánægju orðið vart frá stefnanda með samkomulagið, fyrr en vanskil urðu á greiðslu af hálfu stefnda.

Stefnandi skýrir svo frá hér fyrir dómi, að hún hafi leitað til Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns og beðið hann að aðstoða sig við búskiptin. Kveðst hún enga vitneskju hafa fengið um niðurstöðu af störfum Ragnars Steinbergssonar, hann hafi ekki skýrt sér frá henni og ekki verið borið undir sig neitt samkomulag um eignaskipti. Hún kannast þó við að hafa fengið greiddar kr. 1.000.000 frá Ragnari Steinbergssyni, en neitar að hafa veitt honum heimild til að ganga frá samningi um eignaskipti. Hún kveðst hafa heimilað honum að undirrita samþykki um lögskilnað.

Framburður stefnanda um málsatvik var mjög óljós, og meðal annars fékkst hún ekki til eða gat ekki tjáð sig um það, hvenær henni barst vitneskja um efni samkomulagsins. Báru yfirheyrslur ekki frekari árangur en að framan greinir.

Að framangreindu athuguðu þykir mega við það miða, að Ragnar Steinbergsson hafi kynnt stefnanda efni samkomulagsins, áður en hann mætti

fyrir hennar hönd fyrir valdsmanni í skilnaðarmálinu þann 14. júní 1978, en stefnandi hefur berum orðum viðurkennt að hafa veitt Ragnari Steinbergssyni heimild til að undirrita samþykki um lögskilnað. Eins og máli þessu er háttað, verður því að líta svo á, að með því hafi hún fallist á þá skilmála, sem fyrir lágu og nauðsynlegt var að ganga frá, til að leyfi til skilnaðar yrði veitt, en þar á meðal var samkomulag um skipti búsins.

Krafa stefnanda verður því samkvæmt framansögðu eigi reist á umboðsskorti lögmanns stefnanda. Ekki er ágreiningur um, hvers efnis umrætt samkomulag var.

Stefndi skýrir svo frá hér fyrir dómi, að ekki hafi verið gengið formlega frá skiptum á íbúð að Heiðarlundi 6 D, Akureyri, heldur hafi verið gert uppkast að samningi um skiptin. Segir hann, að þau stefndi og stefnandi hafi ætlað að skipta eign þessari strax eftir skilnað að borði og sæng, en fyrir lögskilnað, en það hafi ekki verið hægt, vegna þess að stefnandi hafi verið andvíg því, að gengið yrði frá þessum skiptum. Kveðst hann ekki vita, hvers vegna stefnandi var andvíg skiptunum. Kveðst stefndi hafa fengið í sinn hlut bifreiðina A 4864, Cortina, árgerð 1970, eftir skilnað að borði og sæng, en fyrir lögskilnað. Hann tekur fram, að í ljós hafi komið, að bifreið þessi hafi reynst ónýt. Hann staðfesti að hafa lýst því yfir fyrir skiptarétti Akureyrar hinn 5. júlí 1978, að hann skyldi greiða stefnanda þá fjárhæð, sem hann taldi sig skulda henni, á næstu 15 mánuðum með nánar tilgreindum hætti, og vísar í því sambandi til skýrslu sinnar fyrir skiptarétti, sem áður er rakin.

Varðandi mat eignanna í búinu segir stefndi, að íbúðin að Heiðarlundi 6 D hafi verið seld á eðlilegu verði miðað við sölutíma og skiptin hafi verið í samræmi við það. Segir hann það álit sitt, að stefnandi hafi ekki verið hlunnfarin í skiptum þessum.

Skuldalisti sá, sem að framan er rakinn með rökstuðningi stefnda, var borinn undir stefnda, og kvað hann skuldirnar þar tæmandi taldar, en gat þess, að skuld við Jóhann Stefánsson væri vantalin um kr. 270.000.

Varðandi verðið, sem fékkst fyrir íbúðina að Heiðarlundi 6 D, segir stefndi, að miðað hafi verið við íbúð, sem Fagtækni s/f var að byggja á þessum tíma í Heiðarlundi, en það hafi verið sambærileg íbúð, sem hafi verið seld á kr 6.900.000. Þá kveður stefndi eigniranar, eins og þær eru fram settar í rökstuðningi hans að framan, vera á raunverulegu verði, þó séu hlutabréf í tölulið 4 í eignarlið metin á nafnverði. Segir hann hlutabréf þessi hafi í upphafi verið kr. 15.000, en þau séu komin í kr. 60.000 með jöfnunarhlutabréfum.

Yfirheyrsla yfir stefnanda um efnahag búsins og efni samningsins bar ekki árangur, eins og áður er rakið.

Vitnið Sigmar Viðar Eiríksson staðfesti að hafa keypt íbúðina að Heiðar-

lundi 6 D af stefnda. Hafi kaupin upphaflega farið fram þann 21. október 1977 og þá gert bráðabirgðasamkomulag um kaup á íbúðinni milli sín og stefnda, en þá hafi hugmynd sín verið að kaupa sjálfur íbúðina. Hafi þá fyrsta greiðsla, kr. 1.530.000, verið ynnt af hendi. Segir vitnið, að við ákvörðun verðs hafi verið höfð hliðsjón af verði íbúða, sem hann hafi selt á svipuðum tíma á vegum fyrirtækis síns, Fagtækni s/f.

Samkvæmt kaupsamningi, sem fram er lagður í málinu, seldi stefndi Fagtækni s/f framangreinda íbúð þann 16. mars 1978 fyrir samtals kr. 7.300.000. Í samningi þessum er tekið fram, að bráðabirgðasamkomulag um kaup á íbúð þessari milli seljanda og Sigmars Eiríkssonar, dags. 21. október 1977, falli úr gildi, um leið og kaupsamningur þessi sé undirritaður.

Vitnið segir, að efni bráðabirgðakaupsamningsins hafi verið ápekkt þessum samningi að mestu leyti. Verðið hafi verið ákveðið aðeins lægra, eða um kr. 7.000.000, að því er vitnið minnir. Hins vegar hafi verið gert ráð fyrir vaxtagreiðslum á eftirstöðvar og hafi þetta verið reiknað upp, þegar samningurinn 16. mars 1978 var gerður. Þannig hafi fengist út verðið 7.300.000. Vitnið kveðst síðan hafa selt umrædda íbúð Einari Guðmundssyni.

Samkvæmt kaupsamningi, sem lagður var fram í málinu, fór sú sala fram þann 5. október 1978, og var kaupverð þá ákveðið kr. 10.000.000.

Segir vitnið, að til viðbótar því ástandi, sem íbúðin var í, er hún var keypt, hafi verið búið að einangra hana og leggja rafmagnslögn og draga í fyrir vinnuljósum og setja upp bráðabirgðaraftöflu. Giskar vitnið á, að kostnaður við þessar framkvæmdir hafi numið kr. 500.000.

Vitnið Einar Guðmundsson hefur hér fyrir dómi staðfest að hafa keypt umræddа íbúð af Fagtækni s/f í október 1978 fyrir kr. 10.000.000. Segir vitnið, að íbúðin hafi verið einangruð að hálfu leyti, en ekki hafi verið komin raflögn í húsið fyrir utan lagnir í steypta veggi.

Eins og að framan er rakið, hefur kaupsamningur stefnda við Fagtækni s/f verið lagður fram í málinu, þá hafa verið lögð fram afrit af skattframtölum stefnda fyrir árin 1978 og 1979. Kemur þar fram, að stefndi telur til eignar kr. 60.000 í hlutabréfum í Kaldbaki h/f og kr. 1.000.000 í verðbréfum í árslok 1978. Á sama skattframtali eru skuldir stefnda taldar samtals kr. 3.669.000.

Stefndi hefur lagt fram í málinu afrit af skuldabréfum og staðfestingu skulda við eigendur eftirtalinna skulda: skuld við Landsbanka Íslands, upphaflega kr. 400.000, skuld við Lífeyrissjóð sjómanna, upphaflega kr. 900.000, skuld við veðdeild Landsbanka Íslands kr. 1.600.000 og skuld við Sparisjóð Höfðhverfinga kr. 810.000. Að öðru leyti vísar stefndi til framangreindrar skattskýrslu um staðfestingu á skuldum sínum.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að reikna hefði átt skuld-

ir búsins til „staðgreiðsluverðs", sem sé lægra en nafnverð þeirra. Ekki verður á það sjónarmið fallist, enda ekkert fram komið, sem bendi til þess, að tök væru á að greiða skuldirnar eða hluta þeirra með lægri fjárhæðum en nafnverði þeirra nam.

Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn um aðrar eignir búsins en að framan greinir, svo sem innanstokksmuni, búsáhöld og því um líkt, og ekki er fram komið, hvernig skiptum slíkra muna var háttað.

Verður af gögnum málsins ekki nákvæmlega séð, hverjar raunverulegar eignir og skuldir búsins voru, þegar aðiljar skildu að borði og sæng, og af þeim verður eigi talið fram komið, að stefnandi hafi borið það skarðan hlut frá borði við búskipti þeirra hjóna, að ógildingu varði samkvæmt þeim lagagreinum, sem stefnandi vísar til, en eins og fram er komið, gætti Ragnar Seinbergsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna stefnanda við samningsgerðina, og hér fyrir dómi hefur hann borið, að honum hafi verið kunnugt um kaupsamning stefnda við Sigmar Eiríksson og að hann telji, að skuldir stefnda hafi verið sannreyndar nema skuld við föður hans, kr. 500.000, og hafi niðurstaða samkomulagsins verið sanngjörn að sínu mati.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigrúnar Jónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. janúar 1983.

Nr. 186/1980. **Einar Flygenring og Sigurður Flygenring**
(Ólafur Þorláksson hrl.)
gegn
Óla Matthíasi Einarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 2. október 1980. Þeir gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði frá og með þinghaldi 1. júlí 1980 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til þrautavara krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda. Þeir krefjast í öllum tilvikum málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða doms, að frádregnum 20.000.00 nýkrónum, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Áfrýjandinn Sigurður Flygenring varð lögráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálfur tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti segir, að áfrýjandinn Einar hafi flust frá Barónsstíg 23, áður en héraðsdómsstefnan var birt. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð Manntalsskrifstofu Reykjavíkur, þar sem segir, að áfrýjandinn Einar hafi verið skráður til heimilis að Hringbraut 71 í Reykjavík frá 1. mars 1980 til 3. júlí 1981, en þar áður hafi hann verið skráður á Gaukshólum 2 í Reykjavík.

Þar sem áfrýjandinn Einar Flygenring var samkvæmt vottorði Manntalsskrifstofu Reykjavíkur skráður til heimilis að Hringbraut 71, þegar héraðsdómsstefnan var birt, og ósannað er, að hann hafi búið á Barónsstíg 23 á þeim tíma, var birting stefnu á hendur honum þar ekki fullnægjandi að lögum, sbr. 95. og 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjendum 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Óli Matthías Einarsson, greiði áfrýjendum, Einari Flygenring og Sigurði Flygenring, 5.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júlí sl., er höfðað með stefnu, birtri 4. mars 1980, af Óla Matthíasi Einarssyni, Álftamýri 50, Reykjavík, gegn Einari Flygenring, Barónsstíg 23, Reykjavík, persónulega og vegna ófjárráða sonar hans, Sigurðar Flygenring, Arnarhrauni 22, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

a) Að viðurkennt verði réttmæti riftunar stefnanda á kaupum á trillubátnum Hringi á grundvelli riftunarbréfs, dags. 20. júní 1979, þannig að stefndu verði gert að endurgreiða að óskiptu kaupverðið, kr. 2.500.000 með 19% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 1.600.000 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. október 1979, með 27% ársvöxtum af 2.500.000 frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afhendingu eða söluverðmæti hans samkvæmt uppgjöri.

b) Að stefndu verði gert að greiða óskipt skaðabætur til stefnanda að fjárhæð kr. 683.330 með 22% ársvöxtum af kr. 348.330 frá 1. júní 1979 til 1. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 683.330 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. febrúar 1980, með 31% ársvöxtum af kr. 923.330 frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

c) Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með kaupsamningi, dags. 6. mars 1979, hafi stefnandi keypt trillubátinn Hring af stefndu. Kaupverðið hafi verið kr. 2.500.000, sem stefnandi hafi greitt með kr. 600.000 þá þegar, en eftirstöðvarnar samkvæmt tveimur víxlum samtals að fjárhæð kr. 1.900.000. Annar víxillinn hafi verið að fjárhæð kr. 1.0000.000 með gjalddaga 10. júlí 1979, en hinn hafi verið að fjárhæð kr. 900.000 með gjalddaga 15. október 1979. Stefnandi hafi gefið út tryggingarbréf, dags. 6. mars 1979, með veði í íbúð sinni að Álftamýri 50 hér í borg til tryggingar víxilskuld þessari. Stefnandi hafi skoðað bátinn á floti í Reykjavíkurhöfn, þegar kaup fóru fram. Þegar stefnandi hugðist láta skrá bátinn, hafi hann ekki fengið skráningu, þar sem hann hafi verið mjög vanbúinn. Þau atriði, sem fundið var að og sem jafnframt teljist gallar á bátnum, séu þessi:

1. Enginn innri kjölur er í trillunni, sem þó er lögskylt.
2. Svigbönd bátsins eru aðeins einn svigi, en eiga að vera tveir svigar.
3. Höggvin bönd í framhluta ná ekki lögskilinni þykkt.
4. Tveir botnstokkar í lúkar reyndust þverbrotnir.
5. Bjálkasúð vantaði.
6. Bógband og skutband eru ekki fullnægjandi.
7. Handrið vantar á reisn að framan.
8. Millibil súðarnagla er allt upp í 16 cm, en má mest vera 11 cm.
9. Endurnýja þarf alla raflögn.
10. Rafgeyma þarf að færa.
11. Loka vantar á allar leiðslur, er liggja í gegnum skipssúðina.
12. Setja þarf í bátinn siglingaljós af réttri stærð.

Þá hafi stefndi Einar greint frá því, að stærð trillunnar væri ca 2.8 rúmlestir. Við mælingu, sem Siglingamálastofnun ríkisins hafi framkvæmt hinn 15. maí 1979, hafi hún hins vegar reynst vera 2.01 rúmlest. Þá telji stefnandi, að hann hafi verið beittur svikum af hálfu stefnda Einars, þar sem Einari hafi verið kunnugt um, að trillubáturinn hafi ekki getað verið burðarmeiri en 2.5 rúmlestir, og því gefið stefnanda vísvitandi rangar upplýsingar um stærð bátsins.

Þegar hinn 20. júní 1979 hafi stefnandi krafist riftunar á kaupunum. Frá þeim tíma hafi stefnandi þurft að annast bátinn, eða í átta mánuði miðað við 20. febrúar 1980. Hæfilegt sé að miða umsjónar- og gæslustörf við kr. 1.000 á dag. Samtals nemi því skuld stefndu vegna þessa, miðað við 20. febrúar 1980, kr. 240.000. Skömmu eftir afhendingu bátsins hafi stefnandi byrjað að lagfæra hann, m. a. að mála hann. Málningarkostnaður nemi kr. 16.330. Stefnandi hafi ætlað að nota bátinn til atvinnurekstrar, þ. e. að stunda á honum handfæraveiðar. Hafi hann sagt upp vinnu sinni hjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f í Örfyrisey miðað við 1. maí 1979. Þar sem stefnandi hafi ekki fengið bátinn skráðan, hafi hann ekki komist í vinnu fyrr en í júlímánuði 1979. Stefnandi hafi ætíð búist við, að stefndu væru fúsir á að láta kaupin ganga til baka, og hafi því beðið nokkurn tíma til að fá viðhlítandi svar vegna þeirra krafna, er hann hafi sett fram á hendur þeim. Þá hafi mikill tími farið í það hjá stefnanda að útvega sér annan bát, sem hann gæti stundað handfæraveiðar á. Af þessum sökum hafi hann verið atvinnulaus í tvo mánuði. Tekjutap hans á þessum tíma hafi því numið kr. 690.000. Samtals sé því bótafjárhæðin kr. 923.330.

Stefnandi hefur lagt fram svohljóðandi aðiljaskýrslu:

„Ég undirritaður, Óli Matthías Einarsson, Áltamýri 50, Reykjavík, leyfi mér hér með að gefa svohljóðandi skýrslu um viðskipti mín við Einar Flygenring vegna kaupa á trillubátnum Hring.

Þannig var mál með vexti, að maður að nafni Örn Scheving aðstoðaði

mig við gerð skattaskýrslu ár hvert, enda hef ég þekkt Örn um nokkurt árabil. Örn rekur Eignaþjónustuna, Njálsgötu 23, Reykjavík, eða er að minnsta kosti starfsmaður hennar. Skömmu eftir áramótin 1978/1979, þegar hann var að aðstoða mig við gerð skattaskýrslunnar, kom þar tali okkar, að ég sagðist hafa áhuga á að kaupa trillubát í því skyni að stunda handfæraveiðar. Spjölluðum við saman um þetta nokkra hríð, og sagði ég meðal annars, að trillan þyrfti að vera að minnsta kosti 3 tonn, svo það yrði hægt. Í þessum viðræðum kom fram, að Örn sagðist einmitt þekkja mann, sem hefði ef til vill áhuga á að selja slíka trillu. Það var um það bil tveimur mánuðum síðar, að Örn hringdi í mig í vinnuna og sagði mér, að þessi maður, sem hann hefði minnst á við mig, væri reiðubúinn að selja trilluna, ef samningar tækjust. Örn sagði, að trillan lægi við bryggju í Reykjavíkurhöfn við hús Slysavarnarfélags Íslands, og mælti hann okkur, þ. e. mér og væntanlegum seljanda, þar mót á tilteknum tíma. Ég fór þarna á staðinn, eins og um var talað, og hitti þar fyrir Einar Flygenring. Ég skoðaði trilluna þarna á staðnum eins og mér fannst eðlilegt, en ég vil þó taka það fram, að ég hef enga sérþekkingu á bátum eða skoðun þeirra eða hvað sérstaklega þarf að gæta að. Eftir þessa skoðun fór ég að spyrja Einar um verðið, og sagði hann, að verðið væri 2.8 milljónir. Ég spurði, hvað báturinn væri gamall, en fékk engin svör við því. Einar sagði hins vegar, að hann vissi ekki nákvæmlega, hvenær hann væri smíðaður, en fullyrti, að trillan hefði verið enduruppbyggð fyrir tveimur árum. Í þessum viðræðum sló ég því fram, hvort ég gæti fengið þessa trillu fyrir 2.5 milljónir. Einar svaraði því til, að venjan væri, að bátar sem þessir færu fyrir milljón krónur tonnið og því hefði hann sett verðið 2.8 milljónir á trilluna. Aftur á móti sagði Einar, að ef ég keypti trilluna strax, þá væri hann reiðubúinn að selja hana á 2.5 milljónir. Ég sagði Einari, að ég ætlaði að athuga þetta frekar, og varð ekki meira úr frekari skoðun eða umræðum um trilluna þarna á staðnum. Mjög skömmu síðar, eða tveimur til þremur dögum síðar, hringdi Örn Scheving í mig og boðaði mig á fund til sín á fasteignasöluna varðandi frekari viðræður um hugsanleg kaup á trillunni. Ég fór á fundinn ásamt konu minni, Láru Jónasdóttur. Þarna var staddur Einar og að sjálfsögðu Örn. Við töluðum um hugsanleg kaup á trillunni. Í þeim viðræðum kom fram, að Einar sagði, að trilluna hefði smíðað Gísli Jóhannsson. Kona mín spurði þá, hvort það kynni að vera Gísli Jóhannsson frá Bíldudal, en ég tek það fram, að kona mín er ættuð þaðan. Einar tók undir það. Við sögðum þá, að ef Gísli hefði smíðað þessa trillu, hlyti hún að vera mjög gömul. Einar endurtók þá, að báturinn væri nýuppgerður eða fyrir tveimur árum. Hefði allt verið tekið upp í bátnum og meðal annars verið skipt um bönd og allt í honum, eins og hann orðaði það. Við þessar upplýsingar taldi ég, að það væri í lagi að ganga til kaupa á trillunni

og að hún væri fyllilega haffær. Eftir þetta var gengið frá kaupunum, eins og samningar bera með sér. Á fundinum með Einari á fasteignasölunni sagði ég, að ég ætlaði að nota bátinn sem atvinnutæki, segja upp vinnu og gera út á skakið og því yrði báturinn að vera alveg í lagi. Einar sagði, að hann væri alveg í fullkomnu lagi og löglegur. Síðar þegar ég ætlaði að fara að skipta um nafn á bátnum, kom í ljós, að báturinn var tonni minni en mér hafði verið sagt auk þeirra atriða, sem skoðunarmennirnir fundu að bátnum. Mér datt ekki annað í hug en að Einar væri fús að láta samningana ganga til baka, þegar þetta kom í ljós. Hann var ófáanlegur til þess, og því leitaði ég til Guðmundar Ingva Sigurðssonar, lögfræðings, mér til aðstoðar. Þrátt fyrir mikla eftirgrennslan virðist ekki vera hægt að fá upplýsingar hjá Siglingamálastofnun ríkisins, hvenær þessi trillubátur var smíðaður eða hvar. Þá er heldur ekki hægt að afla upplýsinga um, hvort báturinn hefur verið skoðaður áður. Þessar upplýsingar gat ég að minnsta kosti ekki fengið að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
Reykjavík 30. júní 1980.
Óli Matthías Einarsson."

Kröfu sína um riftun byggir stefnandi á því, að gallar þeir, sem taldir eru upp hér að framan, séu svo verulegir, að riftunarrétturinn sé tvímælalaust fyrir hendi, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt afsali frá stefndu til stefnanda sé stærð trillunnar sögð vera 2.8 rúmlestir. Á dskj. nr. 8, sem er skýrsla Siglingamálastofnunar ríkisins, komi hins vegar fram, að burðarþol trillunnar sé aðeins 2.01 brúttólest. Á dskj. nr. 9, sem sé ljósrit afsals á trillubátnum frá Haraldi Guðbrandssyni til stefndu, megi sjá, ef vel sé að gætt, að upphaflega sé stærð trillunnar skráð 2.5 brúttólestir, en tölunni 5 hafi verið breytt í 8. Greinilegt sé, að hér sé um svik að ræða af hálfu stefnda Einars. Með þetta í huga sé ljóst, að þó svo að gallar þeir, sem upp séu taldir í stefnunni, séu óverulegir, þá sé riftunarréttur fyrir hendi, þar sem svikum hafi verið beytt.

Varðandi skaðabótakröfuna vísist til framlagðra efnisnótna vegna kaupa á málningu á bátinn, samtals að fjárhæð kr. 13.330. Krafan um umsjónar- og gæstlustörf skýri sig sjálf og þarfnist ekki frekari rökstuðnings. Varðandi vinnutekjutapið vísist til dskj. nr. 13, sem er yfirlýsing Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar h/f varðandi laun verkamanns í verksmiðjunni mánuðina maí og júní 1979. Stefnandi hafi sagt upp vinnu hjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f gagngert til þess að stunda handfæraveiðar. Vegna vanefnda stefndu hafi hann orðið fyrir því tekjutapi, sem greini á dskj. nr. 13, eða kr. 690.000. Á dskj. nr. 5, sem er bréf, dags. 11. júní 1979, frá Guðmundi Ingva Sigurðssyni lögmanni til Einars Flygenring, sé boðað,

að trillubáturinn verði seldur fyrir reikning, sbr. heimild í 55. gr. laga nr. 39/1922, sbr. og 34. og 35. gr. sömu laga. Af þessari sölu hafi ekki orðið enn sem komið er.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Með hliðsjón af málsskjölum lítur dómurinn svo á, að gallar á trillubátnum Hringi hafi verið það verulegir, að skilyrði riftunar séu fyrir hendi. Verður því krafa stefnanda um riftun tekin til greina. Í samræmi við dómkröfu stefnanda verða honum dæmdar kr. 683.330 í skaðabætur og vextir þar af. Dómvextir dæmast eigi, þar sem mál þetta er útivistarmál, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979. Frá stefnubirtingardegi dæmast því 31% ársvextir til 1. júní 1980, en frá þeim degi 35% ársvextir til greiðsludags. Að öðru leyti verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 370.000

Dóm þennan kváðu upp Kristjana Jónsdóttir, Guðmundur Hjaltason og Ragnar Bjarnason.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að stefnanda, Óla Matthíasi Einarssyni, hafi verið heimilt að rifta kaupum á trillubátnum Hring hinn 20. júní 1979. Stefndu, Einar Flygenring og Sigurður Flygenring, endurgreiði stefnanda, Óla Matthíasi Einarssyni, að óskiptu kaupverðið kr. 2.500.000 með 19% ársvöxtum af kr. 600.000 frá 6. mars 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 1.600.000 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. október 1979, með 27% ársvöxtum af kr. 2.500.000 frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndu, Einar Flygenring og Sigurður Flygenring, stefnanda, Óla Matthíasi Einarssyni, óskipt skaðabætur að fjárhæð kr. 683.330 með 22% ársvöxtum af kr. 348.330 frá 1. júní 1979 til 1. júlí 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 683.330 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 370.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1983.

Nr. 14/1983. **María Ástmarsdóttir**
gegn
hugsanlegum rétthöfum að fasteigninni Einarsnesi 28, Reykjavík.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Eignardómsmál. Oskipt bú. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 28. desember 1982, en vitneskju um dóminn fékk hann 20. desember 1982. Kæran barst Hæstarétti 19. janúar 1983.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Svo sem fram kemur í hinum kærða dómi, hefur enginn gefið sig fram eftir eignardómsstefnunni til að andmæla eignardómskröfu sóknaraðilja.

Sú ónækvæmni er í eignardómsstefnunni, að sagt er, að Einarsnes 38 hafi verið í eignarráðum dánarbús Aðalsteins Guðbjartssonar, eiginmanns sóknaraðilja, frá andláti hans árið 1973. Hið rétta er, að sóknaraðili fékk þegar á því ári leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu búi. Í stefnunni er þó jafnframt frá því greint, að meðal gagna, sem sóknaraðili muni leggja fram í málinu eignardómskröfunni til sönnunar, sé vottorð skiptaráðandans í Reykjavík um leyfi sóknaraðilja til handa til setu í óskiptu búi eftir mann sinn. Samkvæmt þessu og efni stefnunnar að öðru leyti gat það eigi dulist þeim, er mótmæla vildu eignardómskröfunni, að sú krafa væri á því reist, að Einarsnes 38 hefði í fullan hefðartíma verið í eignarráðum Aðalsteins Guðbjartssonar, síðan dánarbús hans og loks sóknaraðilja amkvæmt búsetuleyfi skiptaráðanda.

Samkvæmt þessu þykir framangreind ónákvæmni í eignardómsstefnunni ekki eiga að leiða til frávísunar málsins frá bæjarþinginu. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir

héraðsdómara að dæma að efni til um eignardómskröfu sóknaraðilja, sem á málsaðild varðandi eignir í hinu óskipta búi, sbr. 10. gr. og 11. gr. laga nr. 8/1962.

Það athugast, að héraðsdómari tilkynnti ekki umboðsmanni sóknaraðilja, svo að séð verði, um uppkvaðningu hins kærða frávísunardóms, sbr. 194. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október sl., er höfðað með opinberri stefnu, birtri 15. júlí 1982, af Maríu Ástmarsdóttur, nnr. 6414-4138, Einarsnesi 38, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að henni verði dæmdur eignarréttur að húseigninni Einarsnesi 38, áður Þvervegi 2 A, Reykjavík, með tilheyrandi lóð og öllu öðru, er eigninni fylgir og fylgja ber.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hinn 14. apríl 1944 hafi Guðmundur Agnarsson, Hringbraut 215, Reykjavík, og þáverandi eiginmaður stefnanda, Aðalsteinn Guðbjartsson, Hamri, Seltjarnarnesi, gert með sér kaupsamning um húseignina nr. 2 A I við Þverveg í Reykjavík með tilheyrandi lóð og öllu öðru, sem eigninni fylgdi og fylgja bar. Hafi afsal verið gefið út milli sömu aðilja þann 24. maí s. á. Afsalinu hafi verið þinglýst með þeirri athugasemd, að seljanda brysti þinglýsta eignarheimild.

Stefnandi sitji nú í óskiptu búi eftir mann sinn.

Frá því árið 1944, eða í meira en fullan hefðartíma, hafi Aðalsteinn Guðbjartsson og síðan dánarbú hans, en hann hafi látist árið 1973, haft óskoruð eignarráð fasteignarinnar og því sé skilyrðum eignarréttar fullnægt, sbr. 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 6. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Með hliðsjón af þessu og með vísan til 220. gr. laga nr. 85/1936 beri brýna nauðsyn til, að aflað sé athugasemdalausrar eignarheimildar, og því sé mál þetta höfðað.

Opinber stefna hefur verið gefin út og birt lögum samkvæmt, en enginn sótt þing til þess að andmæla eignardómskröfu stefnanda. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í vottorði skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 11. nóvember 1981, kemur fram, að stefnandi, María Ástmarsdóttur, var með bréfi skiptaráðandans

í Reykjavík, dags. 17. október 1973, veitt leyfi til setu í óskiptu félagsbúi sínu og maka síns, Aðalsteins Guðbjartssonar.

Stefnandi gerir kröfu til þess, að henni verði dæmdur eignarréttur að fasteigninni Einarsnesi 38, Reykjavík. Samkvæmt fullyrðingu stefnanda í stefnu hefur Aðalsteinn Guðbjartsson og síðan dánarbú hans haft óskoruð eignarráð fasteignarinnar í fullan hefðartíma. Með hliðsjón af þessari fullyrðingu verður að telja, að mál þetta sé ekki réttilega höfðað, og ber því af þeim sökum að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist sökum embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. janúar 1983.

Nr. 19/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Þór Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður úr gildi felldur. Málsvarnarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 20. janúar 1983, sem barst Hæstarétti 21. s. m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur, þó svo, að gæsluvarðhaldstími verði ákveðinn 6 mánuðir.

Rannsóknarnauðsynjar bjóða eigi, að varnaraðili verði hnepptur í gæsluvarðhald. Eigi hefur að öðru leyti verið sýnt fram á, að nauðsyn beri til, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi að svo stöddu. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Farbann það, sem dómari gerði varnaraðilja að sæta á dómþingi 17. janúar 1983, er eigi til úrlausnar í máli þessu, en af gögnum máls verður ráðið, að eigi hafi gengið úrskurður dómara um farbann, sbr. Hæstaréttardóma 1980, bls. 1946.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda, 3.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ríkissjóður greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. janúar 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 19. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Hinn 17. desember 1982 var kveðinn upp dómur hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, þar sem Sigurður Þór Sigurðsson var dæmdur til 3½ árs fangelsisvistar auk 20 þúsund króna sektar og til að þola upptöku á verulegum fjárupphæðum, allt vegna fíkniefnabrota Sigurðar Þórs.

Ekki reyndist unnt að ná til Sigurðar og birta honum ofangreindan dóm fyrr en 17. jan. sl. Þann sama dag kom krafa frá embætti ríkissaksóknara um, að Sigurði Þór yrði gert að „sæta gæsluvarðhaldi í allt að 6 mánuðum eða þar til dómur Hæstaréttar gengur í málinu, verði því áfrýjað, en ella til þess dags, að hann lýsi yfir því, að hann uni dómi".

Réttargæslumaður Sigurðar Þórs mótmælti ofangreindri kröfu.

Til rökstuðnings kröfu sinni vísaði saksóknari til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974, sbr. 1. mgr. 1. ml. i. f. 67. gr. sömu laga.

Við dómsbirtingu hér fyrir dómi 17. janúar sl. lagði dómari farbann á Sigurð Þór, uns ákveðið hefði verið um áfrýjun dómsins og þá, ef til þess kæmi, gefið ákveðnum lögmanni umboð til að fara með málið.

Í bréfi dómsmálaráðuneytis til ríkissaksóknara kemur fram, að grunur leiki á því, að Sigurður Þór væri á leið úr landi, og því væri gæsluvarðhald nauðsynlegt til þess að tryggja nærveru hans, ef til áfrýjunar kemur. Sigurður Þór staðfesti hér fyrir dómi 17. janúar sl., að hann fyrirhugaði stutta skemmtiferð af landinu.

Í réttarhaldi 17. janúar sl. var bókað eftir saksóknara og verjanda Sigurðar: „Þá lýstu ofangreindir aðilar yfir því, að þeir óski eftir því, að Sigurður Þór yrði látinn laus og að hann skili í vörslu dómsins útg. vegabréfi 17. janúar sl. og að vegabréfið verði í vörslum dómsins, þar til endanlegur úrskurður gengur um gæsluvarðhaldskröfuna."

Með vísan til tilvitnaðrar bókunar ákvað dómari, að Sigurður Þór skyldi látinn laus.

NIÐURSTÖÐUR.

Með vísan til dóms sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðins 17. desember sl., þar sem Sigurði Þór var m. a. gert að sæta fangelsi í 3½ ár, þykir rétt að verða við kröfu ákæruvaldsins um gæsluvarðhald yfir Sigurði Þór Sigurðssyni, og vísast í því sambandi til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974.

Ef til áfrýjunar ofangreinds dóms kemur, þykir dóminum, að unnt eigi að vera að ljúka því máli innan 4 mánaða. Þykir því gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn sem allt að fjórum mánuðum frá kl. 1100 miðvikudaginn 19. janúar 1983 að telja. Gæsluvarðhaldið fellur niður, komi til þess, að Sigurður Þór lýsi því yfir, að hann uni framangreindum dómi.

Úrskurðarorð:

Sigurður Þór Sigurðsson, fæddur 19. desember 1952, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að fjórum mánuðum eða allt til 19. maí 1983.

Föstudaginn 28. janúar 1983.

Nr. 106/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhannesi Ólafssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar 7. apríl 1982 að ósk ákærða, Jóhannesar Ólafssonar. Málinu er ekki áfrýjað að því er varðar dómþolana Ingvar Sigurjón Garðarsson og Jónas Sigurjónsson. Af ákæruvalds hálfu er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að dæmd refsing hans verði lækkuð.

Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ósannað er, að ákærði Jóhannes hafi ritað framsal á tékka nr. 1370830 að fjárhæð kr. 500.00. Hins vegar er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum, að honum var kunnugt um, að tékkinn var falsaður, enda þá viðstaddur, og að hann hagnýtti sér tékkann með því að framselja hann Radióbúðinni h/f til greiðslu vegna vörukaupa og gegn endurgreiðslu mismunarins í peningum. Með þessu athæfi gerðist ákærði brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna ber að staðfesta sakarmat hins áfrýjaða dóms og heimfærslu til refsiákvæða svo og ákvæði um skaðabætur og sakarkostnað, að því leyti sem dóminum er áfrýjað.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 255. gr. og 71. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga, fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 2 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Ólafsson, sæti fangelsi 6 mánuði, en til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans í 2 daga.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað, að því leyti sem þeim er áfrýjað, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 2. febrúar 1982.

Árið 1982, þriðjudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakasdóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1948/1981: Ákæruvaldið gegn Ingvari Sigurjóni Garðarssyni, Jóhannesi Ólafssyni og Jónasi Sigurjónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 31. ágúst 1981, höfðað gegn Ingvari Sigurjóni Garðarssyni, Vesturbraut 18, Hafnarfirði, Jóhannesi Ólafssyni, Álfaskeiði 80, Hafnarfirði, og Jónasi Sigurjónssyni, Selvogsgötu 16, Hafnarfirði, fyrir eftirtalin brot framin í Hafnarfirði, nema annars sé getið:

I.

Gegn ákærða Ingvari Sigurjóni Garðarssyni einum er málið höfðað fyrir að hafa:

A.

Aðfaranótt föstudagsins 7. september 1979 laumast inn í húsið Tjarnarbraut 13 og stolið 2-4 þúsundum í peningum og tékkhefti frá Samvinnubankanum, útibúinu í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Gefið heimildarlaust út tvo tékka úr framangreindu tékkhefti og notað í viðskiptum. Tékkarnir eru báðir til handhafa og gefnir út 7. september 1979:

1. Nr. 3977039, að fjárhæð kr. 12.000. Reikningsnúmer 4477. Ákærði seldi tékka þennan á Shellstöðinni við Reykjavíkurveg.
2. Nr. 3977041, kr. 6.000. Ákærði greiddi leigubílstjóra fyrir akstur með þessum tékka.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Aðfaranótt mánudagsins 3. desember 1979 brotist inn í veitingahúsið Snekkjuna, Strandgötu 1, og þar inn á vínbar og stolið nokkru af sterku víni og tóbaki.

D.

Aðfaranótt fimmtudagsins 11. desember 1980 brotist inn á sama stað. Ákærði náði engu að stela, þar sem lögreglan kom á vettvang.

E.

Að morgni miðvikudagsins 24. desember 1980 brotist inn í veitingahúsið Skiphól við Austurgötu, en ákærði náði ekki að stela neinu, þar sem lögreglan kom á vettvang.

Teljast verknaðir í liðum C-E varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. hvað varðar verknaði í liðum D-E.

II.

Gegn ákærðu Ingvari Sigurjóni Garðarssyni og Jóhannesi Ólafssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

A.

Aðfaranótt þriðjudagsins 5. maí 1981 brotist inn í húsið að Fálkagötu 18 A í Reykjavík og stolið sambyggðu hljómflutningstæki af gerðinni Toshiba ásamt 2 hátölurum, magnara af gerðinni Dynaco, myndavél af gerðinni Vivitar XV-2 með 50 mm linsu, 98 hljómplötum, seðlaveski með kr. 200 í peningum, reikningum og persónuskilríkjum, einum gallabuxum og tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Falsað tvo tékka úr framangreindu tékkhefti og notað í viðskiptum:

1. Nr. 1370830, kr. 500.00. Útgáfudagur 4. maí 1981. Reikningsnúmer 3642. Nafn útgefanda Jón Þorsteinsson, undir stimplinum Leðuriðjan, sem mun hafa verið á eyðublaðinu fyrir. Tékkinn er til handhafa. Ákærði Ingvar Sigurjón ritaði allt á tékkann nema nafnundirritun, sem ákærði Jóhannes ritaði. Tékkann seldu ákærðu í Radíóbúðinni við Skipholt í Reykjavík.
2. Nr. 1370832, kr. 1.000.00. Útgáfudagur 5. maí 1981. Reikningsnúmer 1686. Nafn útgefanda Bjarni Ólafsson. Tékkinn er til handhafa. Ákærði Ingvar Sigurjón ritaði allt nema framsalið, sem ákærði Jóhannes ritaði með eigin nafni. Með tékkanum versluðu ákærðu í verslun Vals Fannar, Hafnarstræti 18, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Gegn ákærðu Ingvari Sigurjóni Garðarssyni og Jónasi Sigurjónssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

A.

Laugardaginn 23. maí 1981 stolið peningaveski af manni í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík, en í veskinu var auk skilríkja tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, útibúinu í Garðabæ.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Staðið saman að heimildarlausri útgáfu alls 5 tékka úr framangareindu tékkhefti, þannig að ákærði Ingvar Sigurjón fyllti út allt á tékkunum nema nafnundirritun, en ákærði Jónas undirritaði með eigin nafni. Tékkana notuðu ákærðu síðan saman í viðskiptum. Tékkarnir eru allir með reikningsnúmerinu 4414, gefnir út til handhafa 23. maí 1981:

1. Nr. 400482, kr. 100.00. Tékkinn seldur í sjoppu við Laugaveg í Reykjavík.
2. Nr. 400483, kr. 500.00. Tékkinn er framseldur af ákærða Jónasi og notaður af ákærðu til greiðslu á vörum á bensínstöð Olís við Háaleitisbraut í Reykjavík.
3. Nr. 400485, kr. 300.00. Notaður af ákærðu til greiðslu á vörum í verslun inni Barón, Laugavegi 86, Reykjavík.

4. Nr. 400486, kr. 300.00. Tékkinn seldur í sjoppu við Laugaveginn í Reykjavík.
5. Nr. 400488, kr. 100.00. Tékkinn seldur í versluninni Skalla við Lækjargötu í Reykjavík, þar sem afgreiðslustúlka mun hafa aðstoðað ákærðu við að fylla hann út.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru allir sakhæfir.

Ákærði Ingvar Sigurjón er fæddur 6. nóvember 1954 í Hafnarfirði og hefur sætt kærum og refsingum sem her segir:

1973 19/6 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 19/6 1973.

1976 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9/7 1976.

1976 18/10 í Hafnarfirði: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

1976 30/12 í Hafnarfirði: Dómur: 2 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1978 23/2 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1978 5/4 í Hafnarfirði: Dómur: 6. mán fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1979 29/9 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 6/10 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 7/2 í Hafnarfirði: Dómur: 8. mán fangelsi fyrir brot á 244. gr., 1. mgr. 259. gr. og 1. mgr. 244. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978, og 5. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 69/1973.

1980 9/7 í Reykjavík: Dómur: 2. mán fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

1980 13/10 í Hafnarfirði: Dómur: 2. mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 248 gr. hegningarlaga.

1981 19/6 í Hafnarfirði: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Ákærði Jóhannes er fæddur 19. september 1952 í Hafnarfirði og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1971 19/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 3/3 í Hafnarfirði: Dómur: 8. mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 245. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 14/10 1970.

1974 7/5 í Hafnarfirði: Dómur: 11. mán. fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 244. gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

1975 6/2 í Hafnarfirði: Dómur: 7. mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., og 257. gr. og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11/9 til 17/10.

1975 3/11 í Hafnarfirði: Sátt, 900 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1976 10/12 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1977 25/2 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1977 8/3 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1977 24/3 í Hafnarfirði: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 7/9 í Reykjavík: Dómur: 2. mán fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.

1979 7/11 í Hafnarfirði: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 244. gr. hegningarlaga og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 7/10 til 19/10 1977 og frá 25/10 til 1/11 1978.

1980 19/6 í Reykjavík: Dómur: 3. mán. fangelsi fyrir brot á 244., 155., 254. og 245. gr. hegningarlaga.

1980 13/11 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1980 24/11 í Reykjavík: Dómur: 4. mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr., 155. gr. og 254. gr. hegningarlaga.

Ákærði Jónas er fæddur 20. ágúst 1960 í Hafnarfirði og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1976 4/9 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1976 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/9 1976.

1977 20/8 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 25/8 í Hafnarfirði: Sátt, 13.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 48. gr. umferðarlaga.

1979 9/5 í Hafnarfirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1979 9/3 í Hafnarfirði: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 45. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga.

1980 26/2 í Hafnarfirði: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. og 254. gr. alm. hegningarlaga.

1980 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 33. gr. áfengislaga.

1980 19/6 í Hafnarfirði: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 26/7 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 16/9 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000 sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 22/9 í Hafnarfirði: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 26/10 í Hafnarfirði: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1980 18/11 í Hafnarfirði: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 217., 106., 244. gr. hegningarlaga. Sæti auk þess 45 daga fangelsi skilorðsbundið í 3 ár.

1981 24/5 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1982 18/1 í Hafnarfirði: Dómur: 1.200 króna sekt og að auki 15 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Samkvæmt framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins eru málsatvik þessi:

I. Ákærði Ingvar Sigurjón einn.

A. Þjófnaður að Tjarnarbraut 13, Hafnarfirði.

Aðfaranótt föstudagsins 7. september 1979 var ákærði að koma af dansleik í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík og fór þá að húsinu nr. 13 við Tjarnarbraut í Hafnarfirði, þar sem vinkona hans býr. Hann hugðist komast inn til hennar og kvaðst hafa bankað á útidyr hússins, en enginn

svarað. Ákærði náði þá að opna opnanlegan glugga að stofunni, sem er til hliðar við útidyrnar, og skreið þar inn. Ákærði þekkti vel húsaskipan þarna vegna kunningsskapar síns við fyrrnefnda vinkonu sína, sem er dóttir húsráðanda, og átti því ekki í neinum vandræðum með að rata um húsið. Hann ætlaði þegar að herbergi hennar, en á leiðinni gekk hann fram hjá opnu fatahengi, og þar sem hann var peningalaus, ákvað hann að kanna, hvort hann fyndi ekki peninga í vösum fata, sem þar voru geymd. Þarna í jakkavasa fann hann peningaveski og tók úr því 2 - 4 þús. krónur í peningum og tékkhefti á Samvinnubankann, Hafnarfirði, sem hann hafði með sér, en eftir þetta hélt hann út um aðaldyr hússins án þess þá að hirða um að hitta vinkonu sína. Ákærði eyddi svo peningunum, en flestöll eyðublöðin, sem voru í tékkheftinu, útfyllti hann og seldi eða reyndi að selja ásamt meðákærða Jónasi, svo sem rakið verður í lið B hér á eftir.

B. Tékkamisferli.

Svo sem rakið er í lið A, voru í þar greindu tékkhefti þó nokkur óútfyllt tékkaeyðublöð. Daginn eftir þar greint þjófnaðarbrot tók ákærði að fylla út tékkana. Fjóra af þessum tékkum tókst honum ekki að selja, og hafði hann gefið tvo þeirra út í öðru nafni en eigin. Tékkarnir voru að upphæð gkr. 36.000, 350.000, 150.000 og 100.000. Tékkum þessum var framvísað í Samvinnubankanum í Reykjavík og Samvinnubankanum í Hafnarfirði, og hafði meðákærði Jónas aðstoðað ákærða við að reyna að selja a. m. k. tvo tékkannna og framselt þá í eigin nafni, en þeir fengust ekki keyptir í bönkunum, og hefur ekki verið ákært út af þessari tékkaútgáfu. Hins vegar tókst ákærða að selja tvo tékka úr greindu tékkhefti og gaf þá út í eigin nagni, en ritaði á þá reikninganúmer, sem hann valdi af handahófi. Báðir tékkarnir eru til handhafa, og notaði hann þá í viðskiptum, svo sem nú skal greint, fylgt sömu númeraröð og í ákæru, en þar er tékkunum rétt lýst:

1. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir olíubrúsa, sem hann keypti í bensínstöð Skeljungs við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði, en meginhluta hans fékk hann greiddan til baka í peningum.

2. Með tékka þessum greiddi ákærði ökugjald til leigubifreiðarstjóra við Bílastöð Hafnarfjarðar. Ákærði hafði ekki greint viðtakendum tékkanna frá því, að innstæðu kynni að skorta fyrir þeim.

C. Innbrot í veitingahúsið Snekkjuna.

Aðfaranótt mánudagsins 3. desember 1979 braust ákærði inn í veitingahúsið Snekkjuna í Hafnarfirði í því skyni að stela þaðan áfengi. Braut hann rúðu í hurð, sem snýr að Strandgötunni, og fór þar inn og kom inn á gang. Fyrir enda gangsins var önnur hurð, sem var læst. Ákærði braut og rúðurnar

í þeirri hurð og komst þá inn um dyrnar og fór þá upp á efri hæðina og að einum vínbarnum þar. Hann náði svo að spenna upp hurð á vínskáp þarna og tók úr honum eina fulla og eina hálfa flösku af brennivíni, eina flösku af gini og eina flösku af whiskey auk fjögurra pakka af vindlingum. Þetta setti hann í poka og hafði með sér út úr húsinu og fór með heim til kunningja síns, þar sem hann neytti áfengisins og vindlinganna og gaf öðrum af með sér.

D. Innbrot í veitingahúsið Snekkjuna, Hafnarfirði.

Aðfaranótt fimmtudagsins 11. desember 1980 var brotist inn í framangreint veitingahús. Ákærði var hér að verki, og var hann handtekinn, er hann kom úr veitingahúsinu og reyndi að hlaupast á brott frá staðnum. Hann var allölvaður og bar fyrir sig, er hann var spurður um málsatvik, að vegna ölvunar myndi hann ekkert eftir því, hvernig hann komst inn á veitingastaðinn né hvað hann gerði, meðan hann var þar inni. Hann kannaðist hins vegar við að hafa brotist þarna inn og ætlað að taka þarna áfengi. Af verkummerkjum var þó ljóst, að ákærði hafði brotið með spýtu rúðu í glugga við hliðina á inngöngudyrunum Strandgötumegin og farið þar inn, og svo hafði verið brotin rúða í hurð á 2. hæð úr gangi og inn í sjálft samkomuhúsið, og mun ákærði hafa farið þar inn. Á vínbar í danssal hússins var búið að brjóta upp vínhirslu, sem læst var með lás og hespu, en ekki varð séð, að víni hefði verið stolið. Þá var og ljóst, að ákærði hafði farið á veitingastaðinn Skútuna á 1. hæð, en innangengt er þangað úr Snekkjunni, og hafði hann farið í peningakassann þar, og voru smápeningar úr honum dreifðir um gólfið þar.

E. Tilraun til innbrots í veitingahúsið Snekkjuna.

Að morgni miðvikudagsins 24. desember 1980, um kl. 0720, var ákærði á ferð ölvaður um miðbæ Hafnarfjarðar. Hann vantaði áfengi og fór sem oft áður inn í veitingahúsið Snekkjuna til að verða sér úti um áfengi. Braut hann rúðu í glugga að bar á annarri hæð hússins. Var hér um að ræða tvöfalt gler, og brotnaði einungis ytri rúðan. Áður en ákærði hafði frekar aðhafst, var lögreglunni tilkynnt um rúðubrotið, og fór hún þegar á staðinn og handtók ákærða, þar sem hann lá í hnipri á svölum 2. hæðar hússins.

Framangreint atferli ákærða er sannað með eigin framburði ákærða hér fyrir dómi og öðrum gögnum málsins, og hefur hann með verknuðunum í liðum A og C gerst sekur um brot á 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og við sömu gr., sbr. 20. gr. laganna með verknuðum í D og E. Verknaðurinn í lið B þykir varða við 248. gr. sömu laga.

II. Ákærðu Ingvar Sigurjón og Jóhannes saman.

A. Þjófnaður úr húsinu nr. 18 A við Fálkagötu í Reykjavík.

Aðfaranótt þriðjudagsins 5. maí 1981 brutust ákærðu inn í framangreint hús. Ákærðu höfðu verið saman við víndrykkju kvöldið áður og fram eftir nóttu og m. a. farið í veitingahúsið Hollywood, þar sem þeir hittu mann nokkurn, og fór hann með þeim að Ásbraut 5, Kópavogi, þar sem ákærði Jóhannes dvaldi hjá unnustu sinni, og voru þeir þar áfram við víndrykkju, en fljótlega urðu ósættir með manninum og ákærða Jóhannesi, og var hann þá látinn út. Nokkru eftir þetta fundu ákærðu lykla þarna í íbúðinni, sem þeir töldu manninn eiga. Ákærði Jóhannes taldi sig vita, hvar maðurinn ætti heima, og kom þeim nú saman um að nota lyklana til að komast inn heima hjá manninum og stela þaðan áfengi, en fram hafði komið hjá honum, að hann ætti áfengi heima. Ákærðu fóru svo að framangreindu húsi, þar sem ákærði Jóhannes ætlaði, að maðurinn ætti heima, og reyndu þeir lyklana að útidyrum þess, en þeir gengu ekki í skrána, og skreið þá ákærði Ingvar inn um opinn glugga við hlið dyranna og opnaði svo dyrnar fyrir meðákærða. Fóru þeir þarna inn í stofu hússins og tóku þaðan Toshiba sambyggt hljómflutningstæki ásamt 2 hátölurum, magnara af gerðinni Dynaco, myndavél af gerðinni Vivitar XV-2 með 50 mm linsu, 98 hljómplötur, sem þeir settu í plastpoka, ákærði Ingvar fann í forstofunni ávísanahefti í jakkavasa, sem þeir tóku, og ákærði Jóhannes tók þarna peningaveski úr kventösku, og höfðu þeir það og með sér. Ákærði Ingvar hafði rifið buxur sínar, er hann skreið inn um gluggann, og fann hann þarna gallabuxur, sem hann fór í, en setti sínar í plastpokann með plötunum. Eftir þetta hringdu þeir úr húsinu í leigubifreið og létu hana koma í næstu götu við Fálkagötu, og þangað fóru þeir svo með framangreinda hluti og biðu þar leigubifreiðarinnar og létu svo aka sér með varninginn að Ásbraut 5, Kópavogi. Klukkan var þá milli kl. 0400 til 0500 um nóttina. Ákærði Jóhannes greiddi leigubílstjóranum með peningunum, sem voru í veskinu, um kr. 200, og henti svo veskinu í ruslið. Þeir báru svo varninginn upp í íbúðina hjá unnustu Jóhannesar og fóru svo að sofa. Morguninn eftir seldi ákærði Jóhannes svo sambyggðu hljómflutningstækin og hátalarana leigubifreiðarstjóra úr Hafarfirði, sem hann þekkti, fyrir krónur 2.000.00, og var Ingvar ekki vaknaður. Síðar tóku ákærðu aðra bifreið úr Hafnarfirði og létu þá aka sér víða um Reykjavík, og seldu þeir þeim leigubifreiðarstjóra, sem þeir og þekktu, myndavélina fyrir kr. 600.00 og magnarann fyrir kr. 1.700.00. Hljómplöturnar hafði ákærði Jóhannes og reynt að selja, en ekki tekist, en þeim hafði verið komið undan, er ákærðu voru handteknir sama daginn grunaðir um þjófnaðinn. Ákærði Ingvar viðurkenndi strax þátt sinn í þjófnaðinum, en ákærði Jóhannes neitaði í fyrstu,

og varð því að hafa báða í gæsluvarðhaldi, meðan málið var í frumrannsókn. Verðmæti þýfisins var talið vera kr. 23.447.00.

B. Tékkafals.

Tékkhefti, sem ákærði Ingvar tók að Fálkagötu 18 A, sbr. lið A, var á Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, en þar hafði húsráðandi, Karl Júlíusson, Fálkagötu 18 A, Reykjavík, hlaupareikning nr. 3087 í nafni Leðuriðjunnar, Skólavörðustíg 17 B, og var 21 óútfyllt eyðublað í því, nr. 1370830 - 1370850. Ákærðu fölsuðu tvær tékkávísanir úr tékkheftinu. Var það með þeim hætti, að ákærði Ingvar fyllti þær út að öllu leyti, en ákærði Jóhannes framseldi þær og seldi eftir að hafa fylgst með hinni óheimilu nafnritun meðákærða á þær, ákærði Ingvar var hins vegar á verði utan við verslanirnar, sem þær voru seldar í, til að gera ákærða Jóhannesi viðvart, ef eitthvað óvænt bæri að, t. d. lögreglan væri á leiðinni á staðinn.

1. Tékki nr. 1370830 var falsaður á reikningsnúmer 3642 með nafni Jóns Þorsteinssonar sem útgefanda, að fjárhæð kr. 500.00. Tékka þennan notaði ákærði Jóhannes til að greiða með fyrir tónhaus á plötuspilara (pick up), sem hann keypti í Radíóbúðinni í Reykjavík, sem kostaði kr. 244.00, og fékk hann afgang í peningum, sem ákærðu eyddu að nokkru leyti, en einhver hluti þeirra fór til ákærða Ingvars.
2. Tékki nr. 1370832 var falsaður á reikningsnúmer 1686 með nafni Bjarna Ólafssonar sem útgefanda, að fjárhæð kr. 1.000.00. Tékka þennan seldi ákærði Jóhannes í verslun Vals Fannars og keypti fyrir hann hring og hálsfesti, sem kostuðu kr. 336.00, en mismuninn fékk hann til baka í peningum, og eyddi hann hluta þeirra sjálfur, en hluti af þeim gekk til ákærða Ingvars.

Framangreint atferli ákærðu er sannað með framburðum þeirra og öðrum gögnum málsins, og varðar það, sem greint er í A lið, við 244. gr. almennra hegningarlaga, en það, sem greint er í B lið, við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

III. Ákærði Ingvar Sigurjón og Jónas saman.

A. Þjófnaður í veitingahúsinu Óðali Reykjavík.

Laugardaginn 23. maí 1981 voru ákærðu Ingvar og Jónas saman við víndrykkju í veitingahúsinu Óðali í Reykjavík á svonefndum hádegisbar og sátu þar við barborðið. Er átti að fara að loka barnum á tímabilinu frá kl. 1430 til 1500, ranglaði fram hjá ákærða Ingvari maður, sem hann vissi ekki nein deili á, og sá hann, að hann var með seðlaveski í rassvasanum, og stóð það langt upp úr vasanum. Ákærði Ingvar tók veskið, um leið

og maðurinn gekk fram hjá og án þess að hann yrði þess var. Lagði hann veskið á borðið, sem þeir voru við, og sagði meðákærða Jónasi að taka það, sem hann gerði og stakk því inn á sig. Ákærðu fóru svo fljótlega á eftir út og athuguðu þá, hvað í því var. Í því reyndust vera tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, með um 20 óútfylltum eyðublöðum, ökuskírteini, skólafélagsskírteini og blóðskírteini Sveinbjörns Magnússonar, Gnoðarvogi 38, Reykjavík. Ákærðu tóku tékkheftið, en skilríkjunum tróðu þeir inn í gat á afturfelgu á bifreið, sem stóð þarna við Austurvöll. Veskinu hentu þeir eða glötuðu. Þeir tóku svo að gefa út tékkávísanir úr heftinu og selja, svo sem greint verður í lið B.

B. Tékkamisferli.

Úr tékkheftinu, sem um getur í lið A, gáfu ákærðu út 5 tékkávísanir, samtals að upphæð kr. 1.300.00, og notuðu í viðskiptum án þess að greina viðtakendum þeirra frá því, að innstæðu kynni að skorta fyrir þeim, en þeir eru allir með reikningsnúmerinu 4414. Ákærði Ingvar útfyllti alla tékkana, nema einn, að öðru leyti en því, að ákærði Jónas ritaði á framhlið þeirra dagsetningu og gaf þá alla út í eigin nafni. Ákærði Jónas notaði tékkana, svo sem nú skal greint, en fylgt er sömu númeraröð og í ákæru, þar sem tékkunum er rétt lýst:

1. Tékka þennan seldi ákærði Jónas í einhverri sælgætisbúðinni Bixið á Laugavegi fyrir vindlinga, en fékk afgang í peningum, sem rann til áfengiskaupa handa þeim ákærðu.
2. Með tékka þessum greiddi ákærði Jónas fyrir sólgleraugu og 2 snældur í bensinstöð Olís við Háaleitisbraut í Reykjavík, en fékk afgang í peningum, sem rann til áfengiskaupa fyrir ákærðu.
3. Tékka þennan seldi ákærði Jónas í versluninni Barón, Laugavegi 86, Reykjavík, og fékk eitthvað smávegis af vörum, en fékk mikinn hluta af fjárhæð tékkans til baka í peningum, sem ákærðu eyddu svo í áfengiskaup.
4. Með tékka þessum greiddi ákærði Jónas fyrir vörur, sem hann keypti í einhverri sælgætisbúð við Laugaveg, en fékk meginhluta af fjárhæð tékkans til baka í peningum, sem ákærðu eyddu til áfengiskaupa.
5. Tékka þennan seldi ákærði Jónas í veitingastaðnum Skalla í Reykjavík og greiddi með honum fyrir 2 pylsur, en fékk afganginn af fjárhæðinni í peningum, sem ákærðu eyddu til áfengiskaupa. Þessi var að öðru leyti en nafnritun ákærða Jónasar útfylltur af afgreiðslustúlku á veitingastaðnum, þar sem ákærði Jónas var þá svo ölvaður, að hann treysti sér ekki til að útfylla hann að öllu leyti, en tékkávísun, sem hann hafði farið

með inn, útfyllta af ákærða Ingvari, var of hárrar upphæðar, til að hún fengist þar keypt.

Meðan ákærði Jónas seldi tékkana, var ákærði Ingvar á verði utan við verslanirnar og ætlaði að láta Jónas vita, ef eitthvað óvænt bæri að, t.d. lögreglan kæmi á staðinn.

Eftir þetta fóru ákærðu til Hafnarfjarðar, og þar á svonefndu Thorsplani hitti Reynir bróður ákærða Jónasar þá, og er hann komst að því, að Jónas var með tékkhefti, sem hann var að gefa út tékka úr án heimildar, fékk hann það hjá honum og eyðilagði.

Ávinningur ákærðu af tékkaútgáfunni nam upphæð framangreindra tékkávísana.'

Framangreint atferli er sannað með framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins, og hafa ákærðu með því gerst sekir um 244. gr. almennra hegningarlaga (sic) að því er varðar atferlið í lið A, en 248. gr. sömu laga með tékkamisferlinu í lið B, nema atferli ákærða Ingvars í lið B 5 þykir varða við 248., sbr. 22. gr. sömu laga.

IV. Refsingar, skaðabætur o. fl.

Bæði ákærði Ingvar og ákærði Jónas hafa hlotið refsidóma, eftir að þeir frömdu framangreind brot, ákærði Ingvar 4 dóma frá 7. febrúar 1980 til 19. júní 1981, samtals 13 mán. fangelsi, og ákærði Jónas 18. jan. sl., dómur 1.200.00 króna sekt og 15 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár.

Samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga ber því að ákveða þeim hegningarauka í máli þessu.

Ákærði Jónas hlaut með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 18. nóvember 1980, 300.000 gkr. sekt, en að auki 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 106. gr., 217. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga laga. Með framangreindum brotum í lið III A og B hefur hann rofið skilorðið samkv. dómi þessum og einnig dóminum, uppkveðnum 18. jan. 1982, og ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma honum að nýju refsingu fyrir brot þau, er þar greinir, og dæma refsingu fyrir öll brotin í einu lagi. Sektarákvæði hinna dómanna standa þó óbreytt.

Refsing ákærðu þykir því með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði Ingvar Sigurjón sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Jóhannes sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Jónas sæti fangelsi í 4 mánuði.

Eftirtaldar skaðabótakröfur hafa verið gerðar í málinu:

I. Á hendur Ingvari einum.

B. 1. Olíufélagið Skeljungur h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, gkr. 12.000 ásamt dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. sept. 1979 til greiðsludags.

B. 2. Bílastöð Hafnarfjarðar gkr. 6.000.

C. Veitingahúsið Snekkjan, Hafnarfirði gkr. 63.530.

Akærði Ingvar hefur samþykkt kröfur þessar, og þykir mega taka þær til greina, þó þannig, að hann greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði af B 1 frá 7. september 1979 til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim tíma til 1. júní 1981, en 4.5% frá þeim tíma til greiðsludags.

II. Á hendur ákærðu Ingvari og Jóhannesi.

B. 1. Radíóbúðin h/f, Skipholti 19, Reykjavík, kr. 256.00

B. 2. Hanna Mjöll Fannar, Hlégerði 37, Kópavogi, kr. 664.00

Ákærðu hafa samþykkt kröfur þessar, og þykir mega taka þær til greina.

III. Gegn ákærðu Ingvari og Jónasi.

B. 1. Árni Kristjánsson c/o verslunin Bixið, Reykjavík, kr. 100.00

B. 2. Olíuverslun Íslands h/f, Hafnarstræti, Reykjavík, kr. 500.00

B. 3. Verslunin Barón, Laugavegi 86, Reykjavík, kr. 300.00

B. 4. Ásta Sigurðardóttir, Hjallabrekku 47, Kópavogi, kr. 300.00

B. 5. Versl. Skalli, Lækjargötu, Reykjavík, kr. 100.00

Ákærðu hafa samþykkt kröfur þessar, og eru þær teknar til greina. Dæma ber ákærðu til að greiða allan kostnað óskipt saman.

Dómsorð:

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði Jóhannes Ólafsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Jónas Sigurjónsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ingvar Sigurjón greiði Olíufélaginu Skeljungi h/f, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, gkr. 12.000 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 7. september 1979 til 1. júní 1980, 4.75% frá þeim degi til 1. júní 1981, og 4.5% frá þeim degi til greiðsludags og Bílastöð Hafnarfjarðar gkr. 6.000.

Ákærðu Ingvar og Jóhannes greiði óskipt saman Radíóbúðinni h/f, Skipholti 19, Reykjavík, kr. 256.00 og Hönnu Mjöll Fannar, Hlégerði 37, Kópavogi, kr. 664.00.

Ákærðu Ingvar og Jónas greiði óskipt saman:

Árna Kristjánssyni c/o verslunin Bixið, Reykjavík, kr. 100.00, Olíuverslun Íslands h/f, Hafnarstræti, Reykjavík, kr. 500.00, Versl. Barón, Laugavegi 86, Reykjavík, kr. 300.00, Ástu Sigurðardóttur, Hjallabrekku 47, Kópavogi, kr. 300.00 og versl. Skalla, Lækjargötu, Reykjavík, kr. 100.00

Ákærðu greiði allir óskipt saman allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1983.

Nr.104/1982. **Úlfar Nathanaelsson**
gegn
Ársæli Ársælssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Úlfar Nathanaelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ársæli Ársælssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.700.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1983.

Nr.243/1982. **Guðmundur Halldórsson**
eigandi Oddastaða
gegn
eigendum Borga

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Halldórsson, eigandi Oddastaða, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1983.

Nr. 70/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Gunnari Hálfdánarsyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 10. mars 1982. Ágripið barst Hæstarétti 25. júní. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd. Verjandi krefst sýknu.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 7. júlí 1980 var ákærði sakfelldur fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákvörðun refsingar frestað, eins og nánar segir í hinum áfrýjaða

dómi. Við ákvörðun refsingar ber því að líta til 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 45 daga varðhald skilorðsbundið, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, með þeirri breytingu, að skilorðstíminn reiknast frá uppsögn dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en dæma ákærða jafnframt til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Gunnar Hálfdánarson, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. desember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 9. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 593/1981: ákæruvaldið gegn Kristjáni Gunnari Hálfdanarsyni, sem tekið var til dóms þann 23. nóvember sama ár.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 7. september 1981, gegn ákærða, Kristjáni Gunnari Hálfdánarsyni sjómanni, fæddum í Reykjavík 4. ágúst 1960, til heimilis að Yrsufelli 3 hér í borg, „ fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 1. janúar 1981 af ásettu ráði rekið höfuðið framan í Klemenz Ragnar Júlíusson, fæddan 26. september 1962, er þeir voru staddir í veitingahúsinu Klúbbnum við Borgartún í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að framtönn í efri gómi losnaði og kvarnaðist úr annarri.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Um kl. 0125 á nýársnótt komu lögreglumenn úr Reykjavík á veitingastaðinn Klúbbinn, en þangað höfðu þeir verið kvaddir vegna kæru Klemenzar R. Júlíussonar á hendur ákærða í máli þessu, Kristjáni Gunnari Hálfdánarsyni. Samkvæmt lögregluskýrslunni kvaðst Klemenz hafa komið auga á mann, sem hann kannaðist við, á dansgólfinu og gengið að honum til að heilsa, en þegar hann hafði kastað á manninn kveðju, hefði ákærði rokið á hann (Klemenz) og hrundið honum í gólfið. Klemenz kvaðst hafa risið snöggt á fætur og spurt um ástæðu fyrir árásinni, en ekkert svar fengið, en þá hefði ákærði „skallað" hann í andlitið með þeim afleiðingum, að vinstri framtönn í efri góm losnaði, en tönn þessi væri stíftönn. Einnig hefði skyrtubolur hans rifnað í átökunum.

Lögreglumennirnir færðu ákærða fyrir varðstjóra, og samkvæmt skýrslu lögreglunnar neitaði hann, að hann hefði lent í átökum við Klemenz.

Ákærði var yfirheyrður um málið strax næsta morgun. Kvaðst hann hafa verið á leið að barnum, þegar kærandi Klemenz kom til hans ásamt dyraverði, og bar Klemenz á ákærða, að ákærði hefði ráðist á hann. Bað dyravörðurinn ákærða að koma með sér fram á gang, sem ákærði gerði. Hringdi hann svo á lögreglu, sem kom á staðinn og flutti þá ákærða og Klemenz á lögreglustöðina. Kvaðst ákærði minnast þess, að Klemenz hefði sagt, að ákærði hefði slegið hann, en ákærði kvaðst ekki hafa séð áverka á Klemenz, en peysa hans hefði verið rifin. Kvaðst ákærði mótmæla að hafa slegið eða á annan hátt veist að Klemenz og bæri Klemenz ákærða því röngum sökum.

Kærandi Klemenz kom fyrir lögreglu vegna málsins þann 9. janúar 1981. Kvaðst hann hafa verið umræddа nótt í framangreindu veitingahúsi ásamt kunningja sínum, Haraldi Lorange, og komu þeir þangað um kl. 0115. Kvaðst hann hafa drukkið eitthvað af áfengi, en fundið til lítilla áfengisáhrifa. Gengu þeir rakleiðis inn í danssalinn á 1. hæð, og þar sá hann mann, sem hann kannaðist við. Gekk hann til hans og heilsaði. Vissi hann þá ekki fyrr til en ákærði, Kristján Gunnar, hrinti honum. Stóð hann strax á fætur og ýtti við ákærða og spurði ákærða um leið, hvers vegna hann hefði gert þetta. Ætlaði hann síðan á brott, en þá réðst ákærði á hann og „skallaði" hann með enninu í andlitið, og féll hann við það í gólfið. Fann hann strax, að framtönnin hafði losnað. Þegar hann var að standa á fætur, kom einn dyravarða hússins, og sagði hann dyraverðinum frá því,

hvað hefði gerst, og fundu þeir ákærða frammi í anddyri hússins. Klemenz kvað kunningja sinn, Harald Lorange, hafa séð þennan atburð.

Við meðferð máls þessa fyrir dómi bar ákærði, að hann hefði umrætt sinn verið að skemmta sér í framangreindu veitingahúsi ásamt kunningjum sínum, Reyni Georgssyni og Sigurjóni Georgssyni, og hefði hann komið á skemmtistaðinn með framangreindum mönnum. Þeir hafi gengið saman frá fatahenginu og inn á fyrstu hæðina og gengið að bar, sem er til vinstri, strax og gengið er inn í salinn, á fyrstu hæðinni. Ákærða minnti, að þeir hefðu ekki verið búnir að fá afgreiðslu, þegar maður að nafni Klemenz, sem ákærði kvaðst kannast við í sjón og þekkja með nafni, þar sem þeir bjuggu í sama hverfi á unglingsárum, kom ásamt einum dyraverði, sem bað ákærða að koma með sér fram í anddyrið. Er fram í anddyrið kom, hafi Klemenz borið það á ákærða, að hann hefði slegið sig í andlitið. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neina áverka á andliti Klemenzar, en skyrta hans hefði verið rifin. Ákærði kvaðst ekki hafa hitt Klemenz, fyrr en hann kom aðvífandi, þegar þetta skeði. Ákærði kvaðst rétt í þessu hafa verið að koma inn á skemmtistaðinn. Sagði ákærði, að fyrr um kvöldið hefði hann verið ásant fyrrgreindum kunningjum sínum við áfengisneyslu á heimili þeirra í Breiðholti. Ákærði kvaðst ekki muna, hversu lengi þeir voru við áfengisneysluna né hversu mikið hann drakk, en hann hafi fundið til áfengisáhrifa, er hann kom á skemmtistaðinn, en hann hafi ekki verið orðinn drukkinn. Ákærði kvaðst hafna að greiða bætur í málinu, enda kvaðst hann engan þátt eiga í því broti, sem honum var að sök gefið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna fyrir dómi:

Vitnið Klemenz Ragnar skýrði svo frá, að það hefði komið umrætt sinn í Klúbbinn skömmu eftir miðnætti ásamt Haraldi Lorange. Gengu þeir inn á fyrstu hæð hússins gegnt fatahenginu og anddyrinu. Hitti vitnið þá mann, sem það kannaðist við, og ætlaði vitnið að fara að ræða við hann, þegar ákærði, sem vitnið kvaðst þekkja, frá því það bjó á Framnesveginum, kom aðvífandi, og fóru vitnið og ákærði að rífast, og lentu þeir í smáþrætum yfir einhverju, sem vitnið man ekki, hvað var. Kvast vitnið ekki hafa nennt að standa í þessu þrasi og sneri við, en áður hafði ákærði stjakað við vitninu, sem kvaðst hafa stjakað við ákærða á móti. Er vitnið hafði gengið nokkur skref frá ákærða, kom hann aftan að vitninu og þreif í hálsmál þess, og rifnaði við það bolur, sem vitnið var í. Um leið og þetta skeði, kvaðst vitnið hafa fengið ennið á ákærða í andlitið. Nánar aðspurt bar vitnið, að ákærði hefði rekið ennið snöggt í sig, og kvaðst vitnið vera visst um, að ákærða hefði ekki verið hrint á sig. vitnið kvaðst hafa fallið við þetta í gólfið. Það hefði vankast við höggið, og er það stóð upp, var ákærði farinn. Vitnið sagði, að Haraldur hefði staðið rétt hjá sér, þegar þetta skeði, og hefði Haraldur farið á eftir ákærða, eftir að vitnið féll í gólfið.

Er vitnið var í þann veginn að standa upp, kom þar að ungur dyravörður og spurði, hvað hefði skeð, eða eitthvað í þeim dúr, og hafði dyravörðurinn séð, að eitthvað var að ske, en vitnið vissi ekki, hvort hann sá, þegar ákærði skellti höfðinu í vitnið. Vitnið kvaðst hafa sagt dyraverðinum, að það hefði misst tennur, og sagði hann þá, að hann skyldi finna manninn.

Vitnið kvaðst síðan hafa fundið ákærða, þar sem hann stóð í vinahópi, og var vitnið þá með dyraverðinum, en Haraldur stóð hjá ákærða. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvar þetta var, en taldi, að það hefði verið einhvers staðar frammi í anddyrinu.

Nánar aðspurt um það, hvar vitnið og ákærði voru, þegar ákærði skellti höfðinu í andlit vitnisins, bar vitnið, að þeir hefðu verið rétt inn af anddyrinu á fyrstu hæðinni, þar sem gengið er inn hægra megin úr fordyrinu, og hafi þeir verið á gólffletinum við dansgólfið framan við 3 tröppur við hærri pall. Vitnið sagði, að lögreglan hefði komið á vettvang og flutt vitnið og ákærða á lögreglustöðina. Vitnið kvaðst hafa verið búið að bragða áfengi, en þeir Haraldur hafi farið heim til systur vitnisins um kl. 22-23 um kvöldið, og þar drakk vitnið 3-4 glös af áfengisblöndu fram til miðnættis, og Haraldur drakk álika magn áfengis. Þeir hafi því hvorugur verið drukkinn. Um ástand ákærða kvaðst vitnið ekki þora að bera. Vitninu var kynntur framburður ákærða, og hélt vitnið fast við framburð sinn. Vitnið sagði, að er þeir ákærði voru í lögreglubifreiðinni á leið á lögreglustöðina, hefði ákærði í fyrstu viðurkennt verknaðinn, en kvartaði yfir, að hann hefði ekki efni á að borga vitninu skaðabætur, en er ákærði sá, að vitnið hugðist standa fast á að kæra ákærða, fór ákærði smám saman að draga í land og þóttist að lokum ekki vita, hvað vitnið var að tala um. Vitnið sagði, að lögreglumaður hefði verið með þeim ákærða aftan í bifreiðinni. Vitnið sagði, að það hefði misst tvær stíftennur, framtennur í efri góm, og hafi rót annarrar tannarinnar rifnað og því hafi þurft að draga úr þriðju tönninna. Vitnið kvað rétt eftir sér haft í skýrslu lögreglunnar að öðru leyti en því, að vitnið kvaðst ekki hafa dottið, þegar ákærði hrinti því, heldur hrasað aftur á bak án þess að detta.

Vitnið Haraldur Lorange kvaðst vel muna eftir máli þessu. Það kvaðst hafa farið ásamt Klemenz Ragnari í skemmtistaðinn Klúbbinn. Voru þeir nýkomnir á staðinn og gengu úr anddyrinu inn á fyrstu hæð eða jarðhæð, þar sem nú er diskótek. Þegar þeir voru nýkomnir inn um dyrnar, sem eru gegnt fatahenginu, og stóðu þar við dansgólfið í sömu línu og barinn er, hægra megin þegar komið er inn úr framangreindum dyrum, fór Klemenz að ræða við einhvern eldri mann. Kom þar þá maður aðvífandi og fór að skipta sér af samræðum þeirra. Stóðu þeir ekki við barinn, heldur nær dyrunum. Ræddu þeir saman skamma stund, en eitthvert ósamkomulag varð milli þeirra í samræðunum, og voru einhverjir „stælar" í mann-

inum, sem hafði komið þar að. Ýtti Klemenz lítillega við manninum með hendinni og vildi greinilega ekki ræða meira við hann. Sneri Klemenz við manninum baki og hugðist ganga á brott. Þreif þá maðurinn í öxl Klemenzar og sneri honum við og skallaði síðan höfðinu í andlit Klemenzar, og við það datt Klemenz í gólfið. Segir vitnið, að höfuð mannsins hafi greinilega lent framan í andliti Klemenzar. Vitnið sagði, að það gæti ekki borið um, hvort maðurinn gerði þetta af ásetningi eða gáleysi. Vitnið sagði, að meðan á þessu stóð, hefði það staðið beint fyrir aftan Klemenz og því geti það fullyrt, hvað skeði. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort maðurinn var einn eða með einhverjum fleirum. Vitnið sagði, að dyraverðir hússins hefðu tekið manninn og Klemenz og maðurinn hafi síðan farið með dyravörðunum fram í anddyrið, en áður hafi vitnið elt manninn að barnum, hægra megin áður en gengið er inn, en þar tóku dyraverðirnir manninn. Vitnið sagði, að dyraverðirnir hefðu komið um tveim til þrem mínútum eftir að maðurinn rak höfuðið í andlit Klemenzar, en það kvaðst ekki vita, hvort þeir sáu þetta atvik né heldur hvort einhverjir aðrir voru vitni að þessu. Vitnið kvað rétt eftir sér haft í skýrslu þess fyrir lögreglu að öðru leyti en því, að Klemenz hafi komið rétt á eftir vitninu, þegar vitnið gekk á eftir manninum að barnum og spurði manninn, hvað væri að honum eða hvað hann meinti með þessu. Rétt á eftir komu dyraverðirnir og tóku manninn. Vitnið sagði, að það hefði verið búið að neyta áfengis fyrr um kvöldið, en þeir hafi hvorugur verið ölvaðir, enda kvaðst vitnið vel muna eftir þessu atviki.

Vitnið Reynir Georgsson kvaðst hafa verið með ákærða og fleira fólki við áfengisdrykkju að kvöldi sl. gamlaársdags. Drykkjan hafi byrjað á heimili ákærða, en síðar um kvöldið hafi ákærði komið á heimili vitnisins og bróður þess, Sigurjóns Georgssonar. Þeir hafi hafið áfengisdrykkjuna um kl. 2200, að því er vitnið taldi. Síðar um kvöldið fóru þeir á veitingahúsið Klúbbinn. Vitnið var orðið „mátulega" ölvað, en ákærði og bróðir vitnisins voru orðnir „sæmilega ölvaðir, en ekki svo fullir". Vitnið sagði, að þeir hefðu farið frá anddyrinu og inn á fyrstu hæðina á barinn, sem er vinstra megin, strax og gengið er inn á hæðina. Vitnið kvaðst hafa rætt við ákærða mikinn hluta þess tíma, áður en dyravörðurinn sótti ákærða. Vitnið kvaðst einnig hafa séð ákærða ræða við Garðar Einarsson, barþjón á veitingahúsinu, en Garðar var þó í fríi það kvöld. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða ræða við aðra fram að þeim tíma, er dyravörðurinn kom, en vitnið taldi, að þeir hefðu verið þarna inni í ca 20-30 mínútur. Vitnið kvaðst þekkja Klemenz Ragnar Júlíusson í sjón, en það hefði ekki séð hann þetta kvöld og ekki veitt því athygli, hvort hann kom með dyraverðinum að sækja ákærða. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði hefði lent í handalögmálum eða að hann hefði veist að manni þarna á staðnum.

Síðargreind tvö vitni unnu eið að framburðum sínum.

Vitnið Sigurjón Georgsson kvaðst umrætt sinn hafa orðið viðskila við ákærða og Reyni, bróður vitnisins, strax eftir að þeir komu inn í anddyri veitngahússins, þar sem vitnið fór á efri hæðina og sá síðast til Reynis og ákærða, er vitnið skildi við þá í miðasölunni í fremra anddyrinu. Vitnið sagði, að það hefði verið við áfengisdrykkju ásamt ákærða og Reyni á heimili þeirra bræðra, áður en þeir fóru á veitingahúsið, og voru ákærði og Reynir búnir að drekka ca 2 - 3 glös af áfengi. Þeir hafi ekki verið orðnir drukknir, en komnir undir áfengisáhrif.

Lögreglumennirnir Kolbeinn Kristjánsson, Björn Ósberg Helgason og Jóhannes Viggósson, sem fóru umrætt sinn í Klúbbinn og færðu ákærða og Klemenz Ragnar á lögreglustöðina, komu fyrir dóm þann 23. nóvember sl. Enginn þeirra mundi sérstaklega eftir málinu né að einhver orðaskipti hefðu átt sér stað milli ákærða og kæranda á leiðinni á lörgreglustöðina. Kolbeinn Kristjánsson staðfesti lögregluskýrsluna, sem hann gaf um málið, sem rétta og kannaðist við undirritun sína undir skýrslunni.

Samkvæmt upplýsingum, sem dómarinn aflaði frá yfirdyraverðinum í Klúbbnum, voru 8 dyraverðir starfandi í veitingahúsinu þessa nótt. Hefði hann haft tal af þeim öllum, en enginn kannast við að hafa orðið vitni að atburði þessum.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Einars Ragnarssonar tannlæknis, dags. 13. janúar 1981, svohljóðandi: „Það vottast hér með, að ég undirritaður skoðaði Klemenz Júlíusson, Kaplaskjólsvegi 93, hinn 8/1 þ. m. Kvaðst Klemenz hafa fengið högg á andlit í veitingahúsinu Klúbbnum sl. gamlaárskvöld með þeim afleiðingu, að stiftkróna á + 1 losnaði.

Skoðun leiddi í ljós, að 2 + er með infraktio mesio incisælt 1 +. Flísað úr kanti á postulínskrónu + 1. Rótin margklofin og með öllu ónýt. Ljóst er því, að til að lagfæra lýtið þarf ekki minna en þriggja liða postulínsgullbrú og jafnvel 5 liða brú, ef fleira kæmi í ljós.

Gróf kostnaðaráætlun er : nkr. 10.200 til 16.785.-".

Í málinu hefur ennfremur verið lagt fram bréf Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, þar sem segir, að f. h. Klemenzar Ragnars sé fallið frá skaðabótakröfu í málinu, en Klemenz muni eftir atvikum leita réttar síns vegna bótanna í einkamáli.

Ákærði hefur samkvætm sakavottorði sætt eftirtöldum refsingum:

1978 18/3 sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1979 12/7 sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. gr. og 50. gr. umferðarl. Ökuleyfissvipting í 3 mán. frá 11/6 1979.

1980 7/7 dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga. Refsiákvörðun frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Niðurstöður.

Með framburði vitnanna Klemenzar Ragnars og Haralds Lorange þykir þrátt fyrir neitun ákærða sannað, að hann hafi í umrætt sinn veitt Klemenz Ragnari högg í andlitið með því að hnykkja eða „ skalla" höfðinu með snöggu átaki framan í hann, en við höggið féll Klemenz Ragnar í gólfið, og brotnaði hluti úr tönn við hlið framtannar í efri góm, flísaðist úr kanti hægri framtannar í efri góm, og vinstri framtönn í efri góm eyðilagðist með öllu, og rót hennar margklofnaði. Með þessum verknaði hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Með dóminum frá 7. júlí 1980 var refsingu ákærða frestað skilorðsbundið í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja, héldi ákærði almennt skilorð og hið sérstaka bótaskilyrði 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákærði stóð við greiðslu bóta, en ljóst er, að hann hefur rofið hið almenna skilorð með framangreindu atferli. Verður ákærða því með vísan til 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga ákvörðuð refsing í einu lagi fyrir brot það, sem fjallað er um í dómi þessum, og brot það, sem hann var dæmdur fyrir skilorðsbundið með dóminum frá 7. júlí 1980.

Refsing ákærða, Kristjáns Gunnars Hálfdánarsonar, þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald, en vegna ungs aldurs ákærða, sem var tæpra 17 ára, er hann framdi fyrra brot sitt, og þess, að hann hefur greitt skaðabætur vegna þessa máls, þykir rétt að ákveða að fresta fullnustu refsivistarinnar og fella hana niður að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði enn fremur 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Loks ber að dæma ákærða skv. 141. gr. laga nr. 74/1974 til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Gunnar Hálfdánarson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fullnustu refsivistarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Enn fremur greiði ákærði 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Loks greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1983.

Nr.242/1982. **Ólafur Hjaltalín Torfason,**
eigandi Selja,
gegn
Bjarna Jónssyni
Hildibrandi Bjarnasyni og
Jóni Bjarnasyni,
eigendum Kothrauns.

Kærumál. Synjað um þinglýsingu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 6. desember 1982, er barst Hæstarétti 16. s. m., samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 kært synjun þinglýsingardómarans í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 23. nóvember 1982 um þinglýsingu „matsgerðar, dags. 6. september 1967, varðandi mörk stærstu flæðar, þar sem sjór fellur hæst í Hraunslæk við Berserkjahraun á mörkum jarðanna Kothrauns og Selja í Helgafellssveit". Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun þinglýsingardómarans verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir þinglýsingardómara að þinglýsa nefndri yfirlýsingu frá 6. september 1967. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Jarðirnar Sel og Kothraun eru í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu. Sóknaraðili er eigandi Selja, en varnaraðiljar eigendur Kothrauns. Samkvæmt gögnum málsins, sem þó eru óglögg um það atriði, reis deila með eigendum jarða þessara um landamerki. Er svo að sjá, að eigendur Kothrauns hafi á árinu 1967 höfðað mál á hendur eigendum Selja af því tilefni. Samkvæmt landamerkjaskrám jarðanna frá 1889 liggja merki milli þeirra meðal annars í Hraunvík, þar sem

sjór fellur lengst upp. Voru tveir menn, Leifur Kr. Jóhannesson og Bæringur Elísson, kvaddir til þess af sýslumanni "... að taka stærstu flæði og merkja við, þar sem sjór fellur hæst í Hraunlæk (sem fellur í Hraunvík) við Berserkjahraun, norð austur af svonefndum Mjósundum í Hraunsfirði". Þeir tvímenningar unnu það verk, sem fyrir þá hafði verið lagt, og lýstu því í fyrrgreindri skriflegri yfirlýsingu frá 6. september 1967.

Með bréfi 8. september 1982 óskaði sóknaraðili eftir því, að ofangreindri yfirlýsingu yrði þinglýst, en hann hafði áður tilkynnt varnaraðilja Bjarna Jónssyni þá fyrirætlan. Með bréfi 24. september 1982 tilkynnti þinglýsingardómari sóknaraðilja, að beiðni hans um þinglýsingu væri hafnað. Kröfu sína um þinglýsingu ítrekaði sóknaraðili í bréfi frá 19. október 1982, en þinglýsingu hafði verið mótmælt af hálfu varnaraðilja í bréfi, dags. 30. september s. á. Tók þinglýsingardómari málið til úrskurðar, og segir meðal annars svo í úrskurði hans frá 23. nóvember 1982.

„Með bréfi, dags. 8. september 1982, hefur Páll S. Pálsson, hrl., f. h. umbjóðanda síns, Ólafs Hjaltalíns Torfasonar, Tangagötu 5, Stykkishólmi, eiganda jarðarinnar Selja í Helgafellssveit, óskað eftir, að þinglýst verði hér við embættið yfirlýsingu matsmanna Leifs Kr. Jóhannessonar og Bærings Elíssonar, dags. 6. september 1967, varðandi mörk stærstu flæðar, þar sem sjór fellur hæst í Hraunslæk við Berserkjahraun á mörkum fyrrnefndra jarða. Með bréfi, dags. 4. ágúst 1982, hafði nefndur lögmaður tilkynnt Bjarna Jónssyni, einum eiganda Kothrauns, að ef eingri málshöfðun verði hreyft af hálfu eigenda Kothrauns að nýju, muni umbj. hans, Ólafur Torfason, þinglýsa fyrrnefndri staðsetningu hæðarpunkts sem endi allrar þrætu í sambandi við gamalt landamerkjamál, sem hófst árið 1967, en er enn ólokið án þess þó að hafa verið formlega hafið.

Þinglýsingarbeiðni þessi kemur til úrskurðar með vísun til 7. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Aðilum hefur verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna, og hafa þeir lagt fram greinargerðir, dags. 30. september 1982 og 20. október 1982.

Lögmaður þinglýsingarbeiðanda, Páll S. Pálsson hrl., hefur ítrekað kröfu umbj. síns, um að þinglýsing skjalsins fari fram. Vísar hann til þess, að eigendur Kothrauns hafi ekki enn og virðist ekki ætla að taka til, þar sem fyrr var frá horfið, er þeir hófu málssókn

gegn eiganda Selja fyrir landamerkjadómi, en það mál hafi fallið niður vegna tómlætis. Bendir hann í þessu sambandi á skyldur landeigenda skv. I. kafla laga nr. 41/1919 um viðhald landamerkja og vitnar í landamerkjaskrá jarðarinnar Kothrauns frá 26. maí 1889, þar sem stendur m. a.: „þar sem sjór fellur lengst upp".

Lögmaður eigenda Kothrauns, Sigurður Olason hrl., hefur f. h. umbj. sinna mótmælt því, að þinglýsing skjalsins nái fram að ganga að svo stöddu, enda liggi hvorki fyrir dómsúrlausn eða samkomulag um staðsetningu þeirra hæðarpunkta, sem hér um ræði og um getur í matsgerðinni.

Skjal það, sem beiðst hefur verið þinglýsingar á, er matsgerð. Tilgangurinn með þinglýsingunni er að leiða til lykta deilu þinglýstra eigenda jarðanna Kothrauns og Selja um landamerki jarðanna eða einn nánari tiltekinn þátt þeirra.

Þar sem skjal þetta varðar réttindi yfir fasteign og takmörk fasteigna, sem ágreiningur er um og réttarágreiningi um það atriði verður ekki ráðið til lykta nema með samningi milli aðila eða dómi í landamerkjamáli, ber að taka til greina fram komin mótmæli gegn þinglýsingu skjalsins...."

Sóknaraðili styður kröfur sínar þeim rökum, að sér sé nauðsynlegt að fá umræddri yfirlýsingu þinglýst til að gegna þeirri skyldu, sem á landeiganda hvíli samkvæmt I. kafla laga nr. 41/1919 um viðhald landamerkja. Sé með því „verið að koma í veg fyrir, að mikilvægt sönnunaratriði, um hvar landamerkin virtust liggja árið 1967, glatist fyrir tómlæti".

Fyrrgreind yfirlýsing, sem sóknaraðili krefst, að þinglýst verði, er eigi landamerkjaskrá í skilningi laga nr. 41/1919, og verður krafa um þinglýsingu eigi reist á þeim lögum. Þá er yfirlýsingin eigi tæk til þinglýsingar samkvæmt grundvallarreglum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978. Krafa sóknaraðilja verður því ekki tekin til greina.

Sóknaraðilja verður eigi dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja í máli þessu.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómara í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu á að vera óröskuð.

Föstudaginn 4. febrúar 1983.

Nr. 91/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Aðalsteini Hallgrímssyni
(Gestur Jónsson hrl.).

Bifreiðar. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Of hraður akstur. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. mars 1982, og er málinu áfrýjað af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 2. september s. á.

Verjandi krefst sýknu og að sér verði dæmd málsvarnarlaun.

Fallist er á þá úrlausn héraðsdóms, að skekkja í ákæruskjali um götuheiti girði ekki fyrir, að dómur verði lagður á efni máls, sbr. 118. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974.

Lögreglumenn þeir, er stöðvuðu bifreið ákærða, komu á móti bifreiðinni, er þeir framkvæmdu hraðamælingu. Þeir þurftu að snúa bifreið sinni til þess að veita bifreið ákærða eftirför, en svigrúm til þess var takmarkað vegna umferðarinnar. Rofnaði því eftirförin og svo sem landslagi er háttað á þessum slóðum, hlutu lögreglumennirnir að missa sjónar af bifreið ákærða. Ekki er sannað, að lögreglumennirnir hafi veitt því örugglega eftirtekt, hvert skrásetningarnúmer væri á bifreið þeirri, sem hraðamæling þeirra í umrætt sinn laut að. Eins og sakargögnum er farið, þykja fullnægjandi sönnur ekki fram komnar fyrir sekt ákærða, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan kostnað af rekstri þess bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Það athugast, að rétt hefði verið að leggja fram sérstaka könnun á þeirri mælingaraðferð á ökuhraða, sem hér var beitt.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Hallgrímsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 3. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 74/1982: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms hinn 26. febrúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 21. ágúst 1981, gegn ákærða, Aðalsteini Hallgrímssyni verkfræðingi, Fljótaseli 27, Reykjavík, fæddum þar í borg 16. júlí 1945, „fyrir að aka föstudaginn 24. apríl 1981 bifreiðinni L 2126 á allt að 89 km hraða miðað við klst. austur Miklubraut í Reykjavík, en lögreglan framkvæmdi radarmælingar á vegarkafla að gömlu kartöflugeymslunni, þar sem heimill ökuhraði er 60 km. Ákærði ók síðan áfram, en var stöðvaður á Suðurlandsbraut við Rauðavatn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Föstudaginn 24. apríl 1981, skömmu fyrir kl. 9, óku lögreglumenn vestur Vesturlandsveg á Ártúnshöfða í Reykjavík og mældu með ratsjá hraða bifreiða, sem ekið var til austurs. Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar, sem Skarphéðinn Njálsson lögreglumaður ritaði, kom bifreiðin L 2126 inn í ratsjárgeislann á móts við gömlu kartöflugeymslurnar, og sýndi ratsjáin, að henni var ekið með 89 km hraða á klst. Var lögreglubifreiðinni þá snúið við og L 2126, sem er af gerðinni Range Rover, veitt eftirför, uns hún var stöðvuð á Suðurlandsvegi við Rauðavatn. Í frumskyrslunni er haft eftir ákærða, sem var ökumaður L 2126, að hann hefði ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu hinn 18. maí sl., og kvaðst hann þá ekki rengja efni frumskýrslunnar nema um hraðann og kvaðst hafa ekið

„eftir almennri venju". Þá gat hann þess, að ekki hefðu verið notuð „blikkandi ljós" við eftirförina.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa hinn 5. ágúst sl. Kvaðst hann þá ekki telja sig hafa ekið með þeim hraða, sem hann var kærður fyrir, og vísaði til skýrslu sinnar fyrir lögreglu. Ákærði kom aftur fyrir dóm hinn 21. desember sl., og neitaði hann þá að hafa ekið með 89 km hraða. Hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn og því ekki vita, hve hratt hann ók, en taldi hraðann hafa verið um 60 km/klst., sem sé almennur umferðarhraði á þessum stað, og hafi hann fylgt annarri umferð. Hann kvaðst hafa séð lögreglubifreiðina í baksýnisspeglinum, þegar hann var við Rauðavatn, og hafi hún þá ekki haft uppi rauð aðvörunarljós. Hann hafi séð á radarinn í lögreglubifreiðinni, sem sýndi tvær tölur, 45, að hann minnti, og 89, en ekki kvaðst hann vita, hvernig á þessum tölum stóð, en taldi hugsanlegt, að mældur hefði verið hraði annarrar bifreiðar en hans.

Vitnin Skarphéðinn Njálsson og Jón Hallgrímsson lögreglumenn voru yfirheyrð hjá lögreglu 1. júní og 21. júlí sl., og voru framburðir þeirra þar efnislega samhljóða. Kváðust vitnin hafa verið við radarmælingar á Miklubraut (sic), er þau mættu bifreiðinni L 2126 í Ártúnsbrekku, og sýndi radarinn þá, að henni var ekið með 89 km hraða á klst. Lögreglubifreiðinni hafi þá verið snúið við og L 2126 veitt eftirför og rauð aðvörunarljós höfð uppi, á meðan á eftirförinni stóð. Mikil umferð hafi verið og eftirförin því tafsöm, en L 2126 hafi verið stöðvuð við Rauðavatn. Vitnið Jón kvað hafa verið farið eftir starfsreglum við radarmælingar í hvívetna.

Framangreind vitni komu fyrir dóm hinn 21. janúar sl. Vitnið Jón Hallgrímsson kvað lögreglubifreiðinni hafa verið ekið eftir vinstri akrein til vesturs og bifreið ákærða til austurs eftir vinstri akrein. Þegar bifreið ákærða kom inn í radargeislann, hafi hraði hennar mælst 89 km/klst. Vitnið sagði, að bifreið ákærða hefði verið að fara fram úr annarri bifreið og henni hafi verið ekið sjáanlega hraðar en öðrum bifreiðum, en ekki kvað það akstur ákærða þó hafa verið háskalegan. Vitnið kvaðst vera visst um, að það var hraði bifreiðar ákærða, sem mældist, en ekki hraði annarrar bifreiðar. Vitnið kvað lögreglubifreiðinni hafa verið snúið við í Elliðaárbrekkunni og sett hafi verið upp rauð aðvörunarljós, en ekki mundi það, hvort ljósin voru höfð uppi allan tímann, sem eftirförin stóð. Vitnið kvaðst hafa misst sjónar á bifreið ákærða, þegar lögreglubifreiðinni var snúið við, og aftur, eftir að ákærði beygði upp Höfðabakka, en akstur hans hafi verið stöðvaður við Rauðavatn, þar sem Skarphéðinn Njálsson ræddi við hann. Vitnið minnti, að talsverð umferð hefði verið til austurs, þar sem mælingin fór fram, en þorði þó ekki að fullyrða um það.

Vitnið Finnur Skarphéðinn Njálsson lögreglumaður kvaðst hafa verið á leið vestur Miklubraut (sic) austan við Elliðaár ásamt öðrum lögreglumanni

og hafi þeir verið við radarmælingar. Þar hafi þeir mætt bifreið ákærða og hafi hraði hennar mælst 89 km/klst. Vegna þess hve langt var um liðið, kvaðst vitnið ekki muna, hvort mikil umferð var til austurs, en minnti, að bifreið ákærða hefði verið á „auðum sjó", þ. e. ein á ferð á þeim vegarkafla, sem hún var mæld á. Taldi vitnið víst, að það hefði verið hraði bifreiðar ákærða, sem mældist. Ekki kvað það akstur ákærða hafa verið beinlínis háskalegan.

Vitnið kvað lögreglubifreiðinni hafa verið snúið við, strax eftir að bifreiðarnar mættust, og jafnframt kveikt rauð aðvörunarljós, sem vitnið minnti, að væru höfð uppi, þar til akstur ákærða var stöðvaður við Rauðavatn.

Vitnið Jóhann Gunnar Bergþórsson verkfræðingur, Vesturvangi 5, Hafnarfirði, kom fyrir dóminn hinn 9. febrúar sl. Það kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni hjá ákærða umrætt sinn. Ekki kvaðst það hafa fylgst með, hve hratt ákærði ók, en hann hefði ekið á svipuðum hraða og önnur umferð og hafi því ekki þótt það óeðlilegur hraði. Vitnið minnti, að ákærði hefði ekið eftir vinstri akrein og að einhver umferð hafi verið um Ártúnsbrekku, en ekki mundi það, hvort ákærði ók fram úr öðrum bifreiðum.

Vitnið kvaðst hafa tekið eftir lögreglubifreiðinni, skömmu áður en akstur ákærða var stöðvaður, en ekki hafi verið kveikt á rauðum aðvörunarljósum, fyrr en rétt áður en aksturinn var stöðvaður.

Niðurstöður.

Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið of hratt um Miklubraut, og í frumskýrslu lögreglu og framburðarskýrslum lögreglumannanna hjá lögreglu er hraðamælingin talin hafa farið fram á Miklubraut. Miklabraut nær austur að Elliðaám, en þar tekur Vesturlandsvegur við. Við meðferð málsins var þó ljóst, að hraðamælingin var talin framkvæmd í Elliðaárbrekku á móts við gömlu kartöflugeymslurnar, og var það því á Vesturlandsvegi. Þessi mistök í ákæru þykja þó ekki koma að sök, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur lagt fram skriflega vörn í máli þessu, og gerir hann svohljóðandi kröfur: „Krafist er, að málinu sé (sic) vísað frá dómi eða ákærði sýknaður af ákæru". Engin rök eru færð fyrir frávísunarkröfu ákærða, og ekki verður séð, að neinir þeir annmarkar séu á málatilbúnaði, að rétt sé að vísa ákæru í máli þessu frá dómi. Verður frávísunarkröfu ákærða því ekki sinnt. Vörn ákærða lýtur að efnishlið máls þessa, og verður því lagður dómur á sakarefnið.

Er ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu, vefengdi hann ekki frumskýrslu lögreglunnar nema um hraðann. Til þessa framburðar síns vísaði hann, er hann kom fyrst fyrir dóm, en í síðari skýrslu sinni fyrir dómi taldi hann

hugsanlegt, að mældur hefði verið hraði annarrar bifreiðar. Hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamæli og ekki vita, hve hratt hann ók, en taldi hraðann hafa verið um 60 km/klst. Ekki þykir skipta máli við úrlausn þessa máls, hvort höfð voru uppi rauð aðvörunarljós á lögreglubifreiðinni óslitið, á meðan á eftirförinni stóð.

Vitnið Jóhann Gunnar Bergþórsson fylgdist ekki með, hve hratt ákærði ók, en taldi hraðann hafa verið svipaðan og á annarri umferð og ekki óeðlilegan.

Lögreglumennirnir hafa báðir fullyrt, að það hafi verið hraði bifreiðar ákærða, sem var mældur, og hafi hann verið 89 km/klst. Ákærði kannast við að hafa séð töluna 89 á ratsjá lögreglunnar, eftir að hann var stöðvaður.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir verða að telja sannað með framburði lögreglumannanna tveggja, að ákærði hafi ekið bifreiðinni L 2126 austur Vesturlandsveg á móts við gömlu kartöflugeymslurnar með 89 km hraða á klst. greint sinn.

Samkvæmt 4. mgr. 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 með síðari breytingum, sbr. samþykkt nr. 318/1977, er hámarkshraði á Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka 60 km/klst. Ákærði hefur þannig gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 16/1977.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins, dags. 14. ágúst 1981, hefur ákærði ekki fyrr sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Ákærði hefur nú unnið sér til refsingar samkævmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og þykir hún hæfilega ákveðin 500.00 króna sekt, sem renni til ríkissjóðs, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Hallgrímsson, greiði 500.00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 2 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 4. febrúar 1983.

Nr.156/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Friðbergi Leóssyni
(Ólafur Þorláksson hrl.).

Vélsleði (beltabifhjól). Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1982, og barst ágrip máls 23. september þ. á.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, honum verði dæmd refsing og hann sviptur ökuleyfi og enn fremur dæmt að greiða allan sakarkostnað í héraði og kostnað við áfrýjun málsins.

Verjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara er þess krafist, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög heimila, og að ökuleyfissvipting verði dæmd jafnskamman tíma og lög leyfa. Þá er þess krafist, að allur kostnaður af áfrýjun málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda. Hvernig sem mál dæmist, krefst verjandi þess, að sér verði dæmd málsvarnarlaun.

Ákærði er fæddur 1946, en eigi 1948, eins og segir í héraðsdómi.

Vélsleði sá (beltabifhjól), sem ákærði ók, er ökutæki í merkingu umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976, 1. gr., er breyta 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Sannað er, að ákærði var undir áhrifum áfengis, er hann ók vélsleðanum í umrætt skipti. Eins og sakargögnum er farið, þykir atferli hans varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. Ákærði hefur ökuréttindi. Þess verður að krefjast af bifreiðarstjórum, að þeir þekki ákvæði umferðarlaga, og þess er sérstaklega að geta hér, að lagaákvæðin um beltabifhjól (vélsleða) voru birt 11. júní 1976 og höfðu verið í gildi rösklega 4½ ár, er ákærði framdi

brot sitt. Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eiga ekki við um háttsemi hans. Ákærði hefur þrívegis sætt refsingu og ökuleyfissviptingu vegna ölvunaraksturs, síðast með ítrekunarhæfri dómssátt í sakadómi Þingeyjarsýslu 12. október 1978. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6.000.00 krónur sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Þá sæti hann ökuleyfissviptingu ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, sbr. 81. gr., 3. mgr., umferðarlaga nr. 40/1968, en hann sætti vegna brots þessa ökuleyfissviptingu til bráðabirgða frá 1. febrúar 1981 til áramóta 1981/1982.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, 2.000.00 krónur. Þá greiði hann allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Friðbergur Leósson, sæti 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 2.000.00 krónur, og enn fremur greiði hann allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 21. desember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 21. desember, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Sigurði Gizurarsyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1981: Ákæruvaldið gegn Friðbergi Leóssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað samkvæmt ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 3. júní 1981, gegn Friðbergi Leóssyni, til heimilis að Fjarðarvegi 21, Þórshöfn,

fyrir að aka fimmtudaginn 1. jan. 1981 undir áhrifum áfengis óskráðu beltabifhjóli frá Vesturvegi 2 á Þórshöfn um götur þorpsins og að Austurvegi 14 þar í þorpinu.

Telur ríkissaksóknari atferli þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976.

Krefst ríkissaksóknari þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 4. júlí 1948 í Hagalandi í Þistilfirði, Norður-Þingeyjarsýslu, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 14/7 í Þingeyjarsýslu: Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 8 mán. frá dómsbirtingu.

1970 14/1 í Keflavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot gegn 4., 5., 17. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga.

1970 12/5 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga.

1971 9/5 í Árnessýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1972 24/5 í Keflavík: Dómur: 16 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 215. gr., 218. gr. og 219. gr. hegningarlaga og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 47. gr., 2. mgr. og e lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11/8 1971.

1972 16/12 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1976 1/3 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1978 12/10 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 4/10 1978.

1978 12/10 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga.

1981 5/5 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga

Málavextir eru sem hér segir:

Ákærði var á dansleik í félagsheimilinu Þórsveri á nýársnótt 1. jan. 1981 og hafði þar áfengi um hönd. Síðla nætur, líklega rétt eftir kl. 0600, ók lögreglan á Þórshöfn honum heim eftir dansleikinn. Og var hann þá vel undir áhrifum áfengis. Enginn var heima, er þangað var komið, svo að

ákærði fór aftur út og hitti Jón Hermannsson, Vesturvegi 2, Þórshöfn, á göngu á Langanesvegi. Fóru þeir síðan heim til Jóns, og þaðan ók ákærði hinu óskráða beltabifhjóli (vélsleða), eign Jóns Hermannssonar, heim til ákærða, en Jón sat fyrir aftan ákærða. Skömmu síðar héldu þeir aftur frá húsinu Fjarðarvegi 21 og óku vestur Fjarðarveg. Mættu þeir þar lögreglubifreið á móts við Hálsveg. Báru lögreglumennirnir, þeir Kjartan Ólafsson og Sigurður J. Sverrisson, kennsl á ákærða og fylgdarmann hans. Veittu þeir bifhjólinu því eftirför, en misstu síðan sjónar af því, er því var ekið norður Langanesveg. Ákærði ók síðan austur Austurveg að húsinu nr. 14. Fóru þeir ákærði og Jón Hermannsson þar inn í húsið, og stóð þar yfir gleðskapur. Ákærði kveðst þar hafa drukkið áfengisblöndu úr vatnsglasi, en stutt stund leið, þar til lögreglumennirnir börðu þar dyra. Höfðu þeir séð beltabifhjólið standa fyrir utan húsið. Báðu þeir ákærða að koma með sér, og gerði hann það af fúsum og frjálsum vilja. Þeir kváðu ákærða hafa verið áberandi ölvaðan að sjá. Var síðan farið til héraðslæknisins, Mána Fjalarssonar, og tekið blóðsýni úr ákærða. Kveður lögreglumaðurinn á Þorshöfn, Kjartan Ólafsson, ákærða þar hafa verið ósáttan við málsmeðferðina og hafa haft í frammi dylgjur við sig. Kveður lögreglumaðurinn ákærða þá ekki hafa verið til viðræðu um ölvunaraksturinn. Kveðst hann því hafa látið ákærða afskiptalausan, er hann tók á rás frá honum eftir blóðtökuna. Blóðsýnið var síðan sent til alkóhólákvörðunar á Rannsóknastofu í lyfjafræði í Reykjavík. Í skýrslu rannsóknastofunnar, dags. 6. jan. 1981, segir, að magn alkóhóls í blóðsýningu hafi reynst vera 2.17 o/oo.

Ákærður var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða samkv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1966. Afhenti ákærði ökuskirteini sitt 1. febr. 1981. Ákærði kom fyrir sakadóm hinn 5. maí 1981. Í framburði hans kemur fram, að hann fékk beltabifhjólið lánað hjá Jóni Hermannssyni, félaga sínum. Kvaðst hann ekki hafa farið í bíl sínum, af því að hann hélt sleðann vera löglegan. Hann kvaðst hafa verið á leið á lögreglustöðina á Þórshöfn til að biðja um heimkeyrslu fyrir konu sína, sem hafi beðið í húsinu Kúðá við Langanesveg. Bíll hans hafi staðið heima. Hann kveðst ekki hafa verið á neinum hraðakstri. Loks tók ákærði fram, að ekkert það hefði verið í umhverfi hans, sem gæfi til kynna, að vélsleðar lytu sömu reglum og bílar. Kvað hann vera algengt á Þórshöfn, að börn og próflausir væru á vélsleðum.

Í máli þessu verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið nefndu óskrásettu beltabifhjóli undir áhrifum áfengis umrædda nýársnótt 1. jan. 1981. Á hinn bóginn hefur ekki verið afsönnuð sú fullyrðing ákærða, að hann hafi drukkið áfengi, eftir að hann hafði lokið akstri sínum. Þykir alkóhólákvörðun í málinu því ekki vera marktæk um ölvun hans. Í máli þessu er og á það að líta, að beltabifhjól það, sem hann ók, var óskrásett. Vélsleð-

ar, eða öðru nafni beltabifhjól, sem hér er um að ræða, voru með lögum nr. 62 31. maí 1976 felldir ótvírætt undir hugtakið „vélknúið ökutæki", sbr. 2. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968. Fram til þess tíma voru engar ótvíræðar lagareglur um vélsleða og eigendur þeirra oft unglingar og jafnvel börn án ökuréttinda samkvæmt umferðarlögum. Allmikil brögð eru og að því, eftir að lög nr. 62/1976 gengu í gildi, að vélsleðar séu ekki skráðir á skrá yfir vélknúin ökutæki.

Í málinu liggur fyrir játning ákærða um, að hann hafi talið sig vera undir áhrifum áfengis, er umræddur vélsleðaakstur fór fram, og þess vegna hafi hann ekki tekið sinn eigin bíl til aksturs. Varðar atferli hans því við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Á hinn bóginn þykir verða að leggja til grundvallar þá staðhæfingu ákærða, að hann hafi, er hann ók nefndu beltabifhjóli umrætt sinn, álitið, að atferli hans væri ekki réttarbrot sökum afsakanlegrar vanþekkingar eða misskilnings á réttarreglum.

Þykir því ákærða ekki verða dæmd refsing í máli þessu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við þá sviptingu til bráðabirgða, sem átt hefur sér stað, þykir þó verða að sitja.

Með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir verða að dæma ákærða til að greiða hálfan málskostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, greiði ákærði af hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dómsorð:

Ákærða, Friðbergi Leóssyni, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærði greiði hálfan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. febrúar 1983.

Nr. 59/1980. **Louis H. Higgins**
(Hörður Einarsson hrl.)
gegn
utanríkisráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Skaðabótaskylda. Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna. Ábyrgð ríkissjóðs. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 25. mars 1980. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðallega, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum 310.085.47 bandaríkjadollara með 7% ársvöxtum frá 19. nóvember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst áfrýjandi, að sér verði dæmdar 5.826.505.90 krónur (nýkr.) auk vaxta, svo sem að ofan greinir.

Til þrautavara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar auk vaxta, svo sem að ofan greinir.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingafræðings um örorkutjón áfrýjanda, dags. 24. janúar 1983.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var ökumaður bifreiðarinnar VL 5066, Jóhn J. Scannell, liðsmaður í liði Bandaríkjanna á Íslandi í skilningi 1. gr. viðbætis frá 8. maí 1951 við hervarnarsamning Íslands og Bandaríkjanna 5. maí 1951, sem veitt hefur verið lagagildi hér á landi með lögum nr. 110/1951. Bifreiðin var eign stofnunarinnar „Navy Exchange", sem einnig telst til liðs Bandaríkjanna á Íslandi. Dvöl áfrýjanda á Íslandi átti að öllu leyti rót sína að rekja til þess, að hann ásamt öðrum hljóðfæraleikurum í hljómsveitinni „George & The Diminished 5th" hafði verið ráðinn tímabundið til að leika fyrir bandaríska hermenn á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt þessu og því, sem áður sagði um „Navy Exchange", var áfrýjandi í starfsliði, sem herliðinu fylgdi og í þjónustu þess, er slysið bar að höndum. Telst hann því hafa verið í liði Bandaríkjanna samkvæmt skilgreiningu 1. gr. viðbætisins við varnarsamninginn, enda átti hann hvorki ríkisfang né hafði fasta búsetu hér á landi.

Áfrýjandi heldur því ekki fram, að íslenska ríkið beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beint eftir 67. og 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eða öðrum reglum skaðabótaréttar, heldur reisir málssókn sína gagngert á því, að fébótakrafa hans sé orðin til með þeim atvikum, að ákvæði 2. tl. 12. gr. viðbætisins við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna taki til hennar.

Í nefndu ákvæði segir, að Ísland skuli „úrskurða og greiða kröfur, aðrar en samningskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem af hlýst tjón á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða tjón á lífi eða limum manna þar", annað en það, er greinir í 1. tl. greinarinnar. Samkvæmt þessu hefur íslenska ríkið tekið á sig skyldu til að greiða skaðabætur fyrir tjón, sem menn í liði Bandaríkjanna valda, enda þótt það sé ekki sá aðili, sem fébótaábyrgð hvíli á eftir almennum réttarreglum. Sú sérstaka greiðsluskylda nær þó aðeins til tjóns „á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða lífi og limum manna þar", eins og segir í ákvæðinu sjálfu. Til þeirra verða ekki taldir þeir, sem eru í liði Bandaríkjanna hér á landi. Eru ekki efni til að leggja þann skilning í greinda takmörkun eftir orðum hennar virtum í tengslum við önnur ákvæði 12. gr. viðbætisins, að með henni sé átt við það eitt, að tjónsatburð hafi að höndum borið á Íslandi, heldur verður að skýra þau með hliðsjón af þeim tilgangi 12. gr. í heild að mæla fyrir um meðferð

og greiðslu krafna vegna tjóns á hagsmunum annars aðilja varnarsamningsins eða einstaklinga og stofnana, er undir hann heyra, vegna verknaðar manna, er teljast til hins samingsaðiljans.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. nóvember sl., hefur Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður, Eiríksgötu 19, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Louis H. Higgins, síðast til heimilis að 20 Clover Street, Hampton, Virginíu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, gegn utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, birtri 16. desember 1975.

Dómkröfur stefnanda.

Endanlegar dómkröfur stefnanda, sem gerðar voru við munnlegan flutning málsins 13. nóvember sl., eru þessar:

Aðallega, að stefndu f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til þess að greiða honum skaðabætur að upphæð US$ 310.085.47 — þrjú hundruð og tíu þúsund áttatíu og fimm bandaríkjadali fjörutíu og sjö cent — með 7% ársvöxtum frá 19. nóvember 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er krafist tilsvarandi fjárhæðar í íslenskum krónum, þ. e. kr. 120.995.350 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem að ofan greinir.

Til þrautavara er krafist annarrar lægri fjárhæðar samkvæmt mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar, svo sem að ofan greinir.

Dómkröfur stefndu.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega , að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara,

að stefnukröfur verðin lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Þá krefjast stefndu þess, að verði stefnanda dæmdar einhverjar skaðabætur, skuli fjárhæð þeirra ákveðin í íslenskum krónum.

Sundurliðun dómkrafna stefnanda.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar svo:

1. Eignatjón	US$	500.00
2. Örorkutjón	—	300.000.00
3. Miskabætur	—	6.000.00
4. Lækniskostnaður til stefnudags	—	3.585.47
	US$	310.085.47

Stefnandi tekur fram í lýsingu sinni á dómkröfum, að varakrafan í íslenskum krónum sé miðuð við gengi á bandaríkjadollara 12. nóvember 1979, kr. 390.20 hver dollari (sölugengi).

Sættir hafa verið reyndar á máli þessu, en án árangurs.

Upplýst var undir rekstri málsins, að stefnandi hefði höfðað skaðabótamál í Bandaríkjunum út af sama sakarefni og hér er til úrlausnar, í fyrsta lagi gega John J. Scannel, í öðru lagi gegn fyrirtækinu „Navy Exchange" og Bandaríkjastjórn, en í hvorugu tilvikinu hefðu kröfur hans náð fram að ganga. Ekki hefur að fullu verið upplýst, af hvaða sökum. Þá höfðaði stefnandi mál gegn „Navy Exchange" og Bandaríkjastjórn fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar 23. janúar 1973, en því máli var vísað frá dómi 12. júlí 1974.

Dómari tók við máli þessu 1. október 1978.

Málavextir.

Stefnandi, Louis H. Higgins, er bandarískur ríkisborgari. Hann er rafvirki að mennt og aðalstarfi, en stundaði hljóðfæraleik sem aukastarf og lék aðallega á trommur og rafmagnsgitar. Hann kom hingað til lands um miðjan nóvember 1971, en hann var þá hljóðfæraleikari í hljómsveitinni „Georg & The Diminished 5th." Þessi hljómsveit var ráðin af fyrirtækinu „Navy Exchange" á Keflavíkurflugvelli til þess að skemmta bandarískum varnarliðsmönnum hér á landi um nokkurn tíma. Stefnandi gegndi eigi störfum hér sem hermaður, heldur sem óbreyttur borgari samkvæmt ráðningarsamningi við „Navy Exchange." Samkvæmt upplýsingum, sem stefndu öfluðu, er „Navy Exchange" verslun, sem er óaðskiljanlegur hluti bandarísku sjóhersins. Verslunin er staðsett í Keflavík sem hluti af herstöð sjóhersins þar.

Hinn 19. nóvember kom í ljós, að innstunga fyrir magnara gítars stefnanda hafði bilað, og var ný innstunga ekki fáanleg á Keflavíkurflugvelli

eða í næsta nágrenni. Innstungan fékkst hins vegar í Reykjavík, og var því liðsmanni í bandarísku sjóhernum á Keflavíkurflugvelli, John J. Scannel að nafni, falið af yfirmönnum sínum, sem voru forráðamenn „Navy Exchange," að aka stefnanda til Reykjavíkur, svo að hann gæti keypt nýja innstungu. Ferðin var farin í svo til nýrri sendiferðabifreið af Ford gerð, en bifreiðin var eign „Navy Exchange" og skrásetningarmerki hennar VL 5066.

Á Reykjanesbraut, þar sem hún liggur yfir Strandaheiði, fór bifreiðin út af veginum, og að sögn sjónarvotts endasteyptist hún og hvolfdi á þakið. Stefnandi slasaðist verulega, en ökumaðurinn minna.

Eins og fyrr segir, var ökumaður bifreiðarinnar John J. Scannel. Hann gaf skýrslu um atburð þennan 10. mars 1972 til Commanding Office, USS Howard W. Gilmore. Skýrsla þessi hefur ekki verið staðfest fyrir rétti, en tekin gild sem staðfest af aðiljum. John J. Scannel skýrði m. a. svo frá, að hann hefði ekið bifreið í u. þ. b. 5 ár, áður en slysið varð, án þess að verða fyrir nokkrum óhöppum og ekki hefði hann gerst sekur um of hraðan akstur. Hann hefði haft bandarískt ökuskírteini. Hann kvað „Assistant Naval Exchange Officer" hafa beðið sig að fara þessa ferð og hefði hann á þessum tíma verið að sinna skyldustörum sínum. Helsufar sitt hefði verið óðfinnanlegt og hann hefði ekki neytt áfengis. Ástand bifreiðarinnar hefði verið ágætt, en hún hefði ekki verið með keðjur eða snjódekk. Öryggisbelti hafi verið í bifreiðinni, en þau hafi hvorki hann né stefnandi notað. Stefnandi hefði ekki verið að flýta sér og hefði hegðun hans verið eðlileg. Stefnandi hefði ekki haft áhrif á aksturinn. Vegurinn á milli Keflavíkur og Reykjavíkur hefði verið hreinn og þurr, skyggni gott og hefði hann ekið á 45—50 mílna hraða á klukkustund. Vegurinn hefði breyst og haglstormur muni hafa verið framundan. Þegar hann hafi séð, að þeir hafi verið að koma inn í haglstorminn, hefði hann flutt fótinn af bensíngjöfinni, til þess að bifreiðin hægði ferðina, þannig að öll hjól hennar snerust með sama hraða. Hann hefði ekki farið út af veginum vegna þess, að hann hefði lent á ísbletti, heldur vegna þess, að vindkviða hefði feykt sér út á ísblett. Ekki hefði veri hægt að sjá fyrirfram, að þetta mundi gerast.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 14. janúar 1977. Undir hann var borin lýsing í stefnu málsins á dvöl hans hér á landi, slysinu og aðdraganda þess, sem hann kvað vera rétta. Ekki þykir ástæða til þess að rekja framburði stefnanda um þessi atriði, en þeim hefur verið lýst hér að framan og eru ágreiningslausir. Stefnandi tók sérstaklega fram, að hann gæti staðfest, að hraði bifreiðarinnar hefði verið 55 mílur á klukkustund, þar sem hann hefði litið á hraðamæli bifreiðarinnar, rétt áður en hún lenti í haglstorminum. Framburðar stefnanda um afleiðingar slyssins verður síðar getið.

Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla Guðna Kjartanssonar, en hann varð vitni að slysinu. Skýrsla Guðna var lögð fram í héraðsdómi Bandaríkjanna, austursvæði Virginíuríkis, Richmond deild, 8. október 1973 í máli því, sem stefnandi höfðaði gegn „Navy Exchange" og Bandaríkjastjórn. Skýrslan var ekki staðfest fyrir rétti, en aðiljar málsins hafa tekið hana gilda sem staðfesta og ekki mótmælt henni sem rangri.

Skýrslan er svohljóðandi í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Ég var á leiðinni frá Keflavík til Reykjavíkur, þegar ég varð vitni að slysi á Reykjanesbraut. Þegar ég fór frá Reykjavík, var að byrja dálítil slydda, og skyggni var slæmt. Vegurinn var mjög sleipur, því að stöðugt snjóaði. Ég veit ekki, hvert ástand vegarins var í Keflavík, þegar ég fór frá Reykjavík, en þegar ég að lokum kom til Keflavíkur, var ástand vegarins eins slæmt og það hafði verið á leiðinni frá Reykjavík. Flotabifreiðin var að koma niður lága brekku eða hæð, þegar hún fór út af veginum. Ég sá ekki beinlínis, að bifreiðin færi út af veginum, því að það var bíll á undan mér, sem skyggði á útsýnið, en ég sá flotabifreiðina allt í einu hendast og snúast út fyrir vegarbrúnina, og ég stoppaði bifreið mína. Flotabifreiðin var að koma í átt til mín, þegar slysið skeði. Ég var á 60 kílómetra hraða á klukkustund, og vegurinn var sleipur. Farðþegi, sem var í bílnum mínum, sá ekki bifreiðina fara út af veginum og tók ekki eftir bifreiðinni fyrr en ég vakti athygli hans á henni. Ég fór út í hina hlið vegarins, og þar var maður, sem lá nærri vegarbrúninni og hafði fótbrotnað. Það eina, sem ég heyrði hann segja við mig, var „aldrei hélt ég, að þetta mundi koma fyrir mig." Eitt af bíldekkjunum af bifreiðinni lá nálægt honum. Hinn maðurinn, sem var meðvitundarlaus, lá u. þ. b. 30—40 metra frá manninum, sem fótbrotinn var, og nær sjálfum bílnum, sem var á hvolfi. Ég tók eftir því, að bifreiðin var ekki með negldum dekkjum."

Í málinu var lögð fram skrifleg skýrsla Billie S. Smith, en hún er dagsett 14. mars 1972. Skýrsla þessi var ekki staðfest fyrir dómi, en því var lýst yfir af hálfu aðilja, að þeir skoðuðu efni hennar rétt, eins og skýrslan væri staðfest fyarir dóminum. Skýrslan er svohljóðandi í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Ég gef þessa skýrslu af fúsum og frjálsum vilja og án þess að mér hafi verið gefin nokkur loforð eða hótanir hafðir frammi við mig eða þrýstingi eða nauðung af nokkru tagi hafi verið beitt gagnvart mér.

Ég lagði af stað frá bandarísku flotastöðinni í Keflavík, Íslandi, u. þ. b. kl. 16 þann 19. nóvember 1971 áleiðis að slysstaðnum. Það tók mig u. þ. b. þrjátíu (30) mínútur að komast á staðinn. Bifreið mín var með keðjur á hjólununm. Ég vissi ekki um aksturskilyrði milli Keflavíkur og Reykjavíkur, Íslandi. Ég tók eftir því, að ástand vegarins varð því verra sem nær dró slysstaðnum. Það var stormur að nálgast Keflavík. Aksturskilyrði í

flugstöðinni voru Alpha Limited — 20 mílur á klukkustund. Alpha Limited útheimtir ekki keðjur eða snjódekk. Þetta ástand leyfir umferð á flugvellinum með minnkuðum hraða, 20 mílum á klukkustund. Vegna gatnamóta og stöðvunarmerkja er flugstöðinni haldið í umferðarástandi Alpha Limited langtímum saman. Snjóplógar okkar sinna flugbrautunum fyrst, en flugstöðinni eftir að lokið hefur verið við flugbrautir. Ég veit ekki, hvað íslenzk lög hafa að segja um mat á tjóni af ólögmætum athöfnum, sem eru yfirsjónir. Ég mætti sjúkrabifreiðinni við hliðið á bandarísku flugstöðinni í Keflavík. Ég talaði við fólkið, sem hafði lent í slysinu. Ökumaðurinn sagði, að hann hefði komið upp á hæðina í fangið á haglstormi. Þetta hefði vel getað skeð á þann hátt sem ökumaðurinn lýsir. Þegar ég kom á staðinn, tók ég eftir beygjuförum, en það var erfitt að átta sig á, hver þau hafði markað. Ég verð að trúa því, að ökumaðurinn hafi vitað, að ástand vegarins var hættulegt. Ég held, að hann hafi verið á u. þ. b. 45 mílna hraða á klukkustund og að þessi hraði hafi verið of hættulegur fyrir bifreiðina, sem hann ók. Hann var ökumaður fyrir Navy Exchange. Ég er viss um, að hann var kunnugur bifreiðinni. Hámarkshraði á því svæði, þar sem slysið átti sér stað, var 70 kílómetrar (42 mílur á klukkustund).

Ökumaðurinn skýrði frá því, að hann hefði verið í erindagerðum fyrir Navy Exchange, og hann hafði einnig venjulegt ökuskírteini ríkisstjórnarinnar, er leyfði honum að aka bifreið af þeirri stærð, sem hann ók. Slysið skeði u. þ. b. kl. 15.45 þann 19. nóvember 1971. Það var þegar farið að verða skuggsýnt, og sjálfur hefur stormurinn valdið minnkandi skyggni, þar sem snjókoma var mikil."

Skæringur Hauksson, yfirlögregluþjónn í Hafnarfirði, gaf eiðfesta skýrslu fyrir héraðsdómi Bandaríkjanna, austursvæði Virginíuríkis, Richmonddeild, 8. október 1973.

Hann skýrði m. a. svo frá, að hann hefði komið að slysstaðnum, sem hefði verið 900 metra frá Kúagerði, á leiðinni milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Hámarkshraði á þessari leið hefði á þessum tíma verið 70 km á klukkustund. Þegar hann hafi komið á staðinn, hafi verið bjart af degi, en snjókoma og vegurinn háll af ís, sem á honum hafi verið. Lögregluþjónninn taldi, að u. þ. b. 40 metrar hefðu verið frá þeim stað, sem bifreiðin fór út af veginum, þangað sem hún hefði staðnæmst á hvolfi. Bifreiðin hefði verið mjög mikið skemmd. Undir henni hefðu verið sumarhjólbarðar. Lögregluþjónninn sagði, að daginn áður hefði snjóað og sömuleiðis sama dag og slysið varð.

Lögð hefur verið fram í málinu skrifleg skýrsla lögreglunnar í Hafnarfirði um þennan atburð, en ekkert kemur fram í henni, sem ástæða þykir til að rekja hér. Uppdráttur af vettvangi fylgir lögregluskýrslunni. Bifreiðin VL 5066 er sýnd vera í u. þ. b. 20 metra fjarlægð hornrétt frá austurbrún

hins steypta hluta Reykjanesbrautar. Frá þeim punkti vegarins að þeim stað, þar sem bifreiðin er sýnd hafa farið út af, eru u. þ. b. 53 metrar. Samkvæmt þessum mælingum ætti bifreiðin að hafa runnið á ská út af frá veginum u. þ. b. 56 metra vegalengd.

Þá hafa og verið lagðar fram ljósmyndir af bifreiðinnni á slysstaðnum svo og slysstaðnum. Á ljósmyndunum kemur fram, að bifreiðin er mjög mikið skemmd, og verður ekki betur séð en hún sé gerónýt.

Lieutenant Commander Frank C. Cook gaf skýrslu fyrir héraðsdómi Bandaríkjanna, austursvæði Virginíuríkis, Richmonddeild, 8. október 1973.

Hann skýrði m. a. svo frá, að hann væri fyrirliði „Navy Exchange" í Keflavík. Hann kvað stefnanda hafa verið í flokki, sem hefði verið samningsbundinn við Navy Resale Systems Office, Brooklyn, New York, um að láta í té tveggja vikna skemmtun og hefði verið komið hingað til lands í því skyni. John J. Scannel hefði verið í virku starfi sem óbreyttur liðsmaður í bandaríska flotanum og sinnt verkefnum hjá „Navy Exchange." Hann hefði haft bæði ökuskírteini frá bandarísku stjórninni svo og íslenskt ökuskírteini. F. C. Cook kannaðist við það, að Scannel hefði fengið leyfi til þess að aka stefnanda til Reykjavíkur. Hann kvaðst hafa séð eftir slysið, að bifreiðin hafi verið á spánnýjum hjólbörðum venjulegum, ekki negldum. Hann kvað sólskin hafa verið og ekki snjókomu, þegar þeir stefnandi og Scannel hefðu lagt af stað til Reykjavíkur, og hélt, að vegurinn hefði verið þurr.

Tveir aðrir bandarískir varnarliðsmenn voru yfirheyrðir í sama skipti og Frank C. Cook, en ekkert kemur fram í skýrslum þeirra, sem ástæða þykir til að rekja í dómi þessum.

Eins og að framan er getið, kom stefnandi fyrir dóminn og gaf skýrslu 14. janúar 1977. Öll aðalatriði í þeirri skýrslu koma fram í læknisvottorði Höskulds Baldurssonar læknis, dags. 18. janúar 1977, og er þar fullt samræmi á milli. Ástæða þykir til að taka vottorð Höskulds upp í dóminn, og verður því framburður stefnanda fyrir dóminum ekki rakinn sérstaklega. Vottorð Höskulds er svohljóðandi.

„Sjúkl. mætir til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum á stofu hans í Domus Medica þ. 12/1 og 14/1 1977. Áður hafði undirritaður kynnt sér þau læknisvottorð, sem fyrir liggja í málinu, en það eru læknisvottorð þeirra þriggja lækna, er höðfðu með meðferð sjúklings að gera eftir slys það, er hann varð fyrir.

Sjúkrasaga sjúklings er í stuttu máli sem hér segir: Hann verður fyrir bifreiðaslysi, er hann var staddur hér á landi h. 19/11 1971. Hann er þegar eftir slysið fluttur á sjúkrahúsið á Keflavíkurflugvelli, þar sem fyrsta meðferð er gefin. Samkvæmt sjúkraskýrslu sjúkrahússins á Keflavíkurflugvelli

er sjúkl. með þverbrot á hægri lærlegg á mótum mið- og neðsta þriðjungs. Hann er einnig með mölbrotna hægri hnéskel, mar og blæðingar um vinstri hnélið og fjölmarga skurði í andliti. Skurðir í andliti sjúklings eru saumaðir, en hægri ganglimur lagður í þráð-strekk með stálþráð í gegnum hægri fótlegg ofanverðan. Sjúkl. er útskrifaður af sjúkrahúsinu á Keflavíkurflugvelli þ. 24/11 1971 og er þá fluttur vestur um haf á Naval Hospital Portsmoonth, Virginia, þar sem fyrirhugað er að gera skurðaðgerðir vegna brots á hægri lærlegg og hægri hnéskel. Samkvæmt skýrslum liggur hann á þessum spítala aðeins í 2 daga, eða frá 26/11 til 28/11 1971, en undirgengst engar aðgerðir, þar sem sjúklingur óskar eftir að verða fluttur yfir á almennt sjúkrahús utan hersins. Við rannsóknir á Naval Hospital í Portsmooth kemur fram, að auk áðurnefndra áverka hefur sjúkl. brot á neðsta horninu á vinstri hnéskel, og hann hefur svokallaða Bennett's fracturu á vinstri þumli. H. 28/11 1971 er sjúkl. fluttur yfir á Riverside Hospital, New Port News, Virginia. Samkvæmt vottorðum þaðan er sjúkl. talinn hafa hlotið vægan heilahristing, brot á hægri lærlegg, brot á hægri hnéskel og brot á basis á 1. metacarpalbeini í vinstri hendi (Bennett's fractura). Auk þessa mar og minni háttar áverka víðs vegar um líkamann. Sjúkl. er tekinn til skurðaðgerðar þ. 30/11 1971, og er þá brot á hægri lærlegg fært í réttar skorður og því fest með 2 stálspöngum. Hægri hnéskel er fjarlægð. Brot á 1. metacarpalbeini á vinstri hendi er meðhöndlað með gipsumbúðum. Ekki kemur fram í vottorðum, hvenær sjúklingur var útskrifaður af þessum spítala, en allri meðferð er talið lokið þ. 23/2 1973. Þar sem vottorð fyrrnefndra lækna liggja fyrir, verður sjúkdómsgangur ekki rakinn nánar í þessu áliti.

Eins og áður segir, fer skoðun undirritaðs á sjúklingi fram h. 12/1 og 14/1 1977. Í viðtali kveðst sjúkl. vinna sem rafvirki og hafi hann hafið vinnu í ágústmánuði 1975. Hann er auk þess gítarleikari í hljómsveit og vinnur þannig nokkuð óreglulega, spilar oft ca 3 kvöld í viku. Hann kveðst hafa hætt að vinna sem rafvirki og verið þannig hljóðfæraleikari að aðalstarfi, er hann slasaðist hér á landi árið 1971. Hann kveðst hafa verið svo heppinn að komast aftur í vinnu hjá sínum fyrri atvinnurekanda sem rafvirki. Hann telur þetta heppni, þar sem sér hafi oft verið hafnað af vinnuveitendum að undangenginni læknisrannsókn. Var höfnun yfirleitt byggð á þeirri forsendu, að vegna meiðsla sinna mundi hann eiga erfiðara með að klifra í stigum eða vinna á vinnupöllum og því væri meiri líkur en ella á því, að hann yrði fyrir slysum í vinnu. Hann kveðst vinna hjá núverandi vinnuveitanda sínum á lægra kaupi en hann hefði gert fyrir slysið, þar sem hann væri seinni við vinnu en áður hefði verið.

Aðalkvartanir sjúklings núna eru annars vegar frá vinstri hendi, hins vegar frá hægri ganglim. Kvörtunum frá vinstri hendi lýsir sjúklingur þann-

ig: Hann kveðst aldrei hafa verki í vinstri hendi. Í starfi sínu sem rafvirki segir hann hins vegar, að höndin læsist stundum í gripi, t. d. kemur þetta fram, ef hann þarf að halda á litlum hlutum milli vísifingurs og þumalfingurs. hann tekur sem dæmi, að við að festa raflögn á vegg séu notaðir litlir zinklar. Ef hann grípur zinkilinn með vinstri hendi, læsist það stundum í gripi og getur ekki sleppt, og þarf hann þá að losa fingurna með hendinni. Á sama hátt læsast fingur stundum í gripi, t. d. við að grípa um hurðarhún eða utan um flösku, og þarf hann þá að nota hina höndina til að losa. Hann segir þetta ekki koma fyrir nærri því alltaf, aðeins stöku sinnum og sé þetta töluvart til ama. Hann tekur hins vegar fram, að þessu fylgi ekki verkir.

Sem hljóðfæraleikari segist hann eiga í nokkrum erfiðleikum með að grípa um gítarhálsinn. Kveðst hann þurfa að velja sér gítar þannig, að hálsinn sé ekki of breiður eða þykkur. Hann kveðst t. d. alls ekki geta spilað á klassiskan gítar.

Hann kveðst ekki vera eins leikinn með vinstri hendinni og tekur fram, að áður hafi hann verið aðalgítarleikari hljómsveitarinnar, en nú verði að ráða annan gítarleikara til að spila það, sem hann ekki geti.

Kvörtunum frá hægri fótlegg lýsir sjúklingur á eftirfarandi hátt: Sem rafvirki kveðst hann þurfa að vinna mikið lágt frá gólfi, t. d. við rafmagnsinnstungur. Hann kveðst ekki geta setið á hækjum sér og alls ekki geta gengið á hækjum sér, er hann þarf að flytja sig milli staða innan herbergis. Hann kveðst þess vegna annað hvort sitja á gólfinu eða þá sitja á hækjum sér á vinstri fæti, með hægri fótlegg teygðan beint fram. Vegna þessa segist hann vera seinni að flytja sig milli staða og því seinni við vinnu. Hann kveðst eiga í dálitlum erfiðleikum með að klifra í stigum, einkum að fara af þaki niður stiga og segir jafnvægið þá ekki eins gott og áður var. Hann kveðst þó geta klifrað ágætlega og telur, að þessu fylgi ekki aukin áhætta. Sjúkl. kvartar nokkuð um verki í hægri ganglim, og liggja verkirnir frá hægra mjaðmarsvæði eða hægri nára niður framanvert og utanvert lærið og niður að hné. Hann hefur aldrei verki fyrir neðan hné. Hann segir verki þessa langversta, ef kalt er og rakt í veðri, og segist hann þá stundum verða að hætta vinnu. Einnig kveðst hann fá verki, ef hann verður mjög þreyttur, ef hann þar að standa lengi eða sitja lengi kyrr. Hann kveðst t. d. hafa verið kominn með töluverð óþægindi í hægri ganglim við að sitja í flugvél frá New York til Reykjavíkur. Ef hlýtt er í veðri, t. d. á sumrin, kveðst hann vera verkjalaus með öllu.

Í starfi sínu sem hljóðfæraleikari kveðst sjúkl. fara að finna til verkja í hægri ganglim, er hann hefur staðið og spilað í 2—3 klst., en venjulegt starfskvöld er 4 klst. Hann hefur að sögn stöku sinnum notað væg verkjalyf vegna þessa.

Sjúkl. hefur engar kvartanir frá vinstri ganglim. Hann hefur engar kvartanir frá höfði. Síðustu ár hefur hins vegar nokkuð borið á verkjum í hálsi og ofanverðu baki milli herðablaða. Verki þessa leiðir nokkuð út í vinstri öxl, en ekkert út í handleggi. Vegna óþæginda þessara hefur hann verið hjá kiropraktor á síðasta ári. Sjúkl. segir óþægindi þessi hafa komið nú síðustu árin eða eftir slysið, en kveðst ekki með vissu geta rakið óþægindi þessi til slyssins.

Sjúklingur upplýsir, að í aprílmánuði 1975 hafi hann fengið hematuriu (blæðingu í þvagi). Rannsókn leiddi í ljós að sögn sjúklings 2 stóra nýrnasteina, og voru þeir fjarlægðir með skurðaðgerð í aprílmánuði 1975. Hann hefur verið óþægindalaus frá þessu síðan. Sjúklingur upplýsir, að nokkuð sé um þetta í ættinni og hafi 2 nánir ættingjar sjúklings verið skornir upp vegna nýrnasteina.

Objectiv skoðun leiðir í ljós rösklega þrítugan mann í eðlilegum holdum. Limaburður virðist eðlilegur, og gengur sjúkl. óhaltur að því er best verður séð. Við skoðun á höfði sjást lítil vel gróin ör á enni hægra megin, sömuleiðis eitt ör í gegnum neðri vör hægra megin, og er það ör um 1 cm á lengd. Sömuleiðis eru lítil ör á hægra eyra. Ör þessi eru öll vel gróin og ekki til neinna verulegra lýta.

Skoðun á hálsi, brjóstkassa, baki og kviðarholi er öll innan eðlilegra marka, og finnst ekkert sérstakt athugavert. Skoðun á handleggjum reynist eðlileg, ef undan er skilin vinstri hönd. Sjúkl. hefur dál. directe eymsli við þreyfingu yfir I. carpometacarpallið á hægri hendi. Hann hefur dál. minnkaða abduction í vinstri þumalfingri, og mælist abduction í vinstri þumalfingri um 40°, en í hægri þumalfingri um 60°. Abduction og opponens hreyfing er eðlil. í þumli, og kraftur í gripi er góður. Það er engin sjáanleg deformitet á hendinni.

Skoðun á ganglimum leiðir eftirfarandi í ljós: Ganglimir mælast nokkurn veginn jafnlangir, Þó virðist vera örvæg stytting á hægri ganglim eða sem svarar ½ cm. Það er langt vel gróið ör utanvert á hægra læri, og mælist það um 22 cm, en gengur síðan yfir í boga framyfir hnéð framanvert. Það er væg rýrnun á hægra læri, og mælist ummál hægra læris 16 cm ofan við hnélið, 42,5 cm hægra megin, en 44 cm vinstra megin. Sjúkl. virðist hafa góðan og eðlilegan quadriceps styrk í báðum ganglimum. Við athugun á hreyfingum hefur sjúkl. eðlilega hreyfingu í mjaðmarliðum og ökklaliðum. Í hægri hnélið hefur sjúkl. fulla extension og flexion upp í 15°. Í vinstrs hnélið hefur sjúkl. fulla extension og flexion upp í 150°. Að lokinni læknisskoðun er sjúkl sendur í röntgenmyndatöku á vinstri hendi, hægri lærlegg og báðum hnjáliðum.

Á röntgenmyndum af vinstri hendi sést, að os metacarpale I. er dál. deformerað basalt eftir fyrri fracturu. Brot er vel gróið, hins vegar virðist

vera dálítil arthrosis í I. carpo-metacarpallið, liðbil er ekki áberandi þrengt, en basis á I. metacarpalbeini dál. hrjúfur og ójafn. Ekki finnst annað athugavert á röntgenmyndum af vinstri hendi.

Á röntgenmyndum af hægri lærlegg sést vel gróið brot á mótum mið- og neðsta þriðjungs. Brotið hefur verið fest með 2 stálspöngum, einni 8 þumlunga langri, er liggur lateralt á lærlegg, annarri 6 þumlunga langri, er liggur framanvert á lærlegg. Nokkur callus myndun sést um brotstaðinn, einkum medialt og aftantil, en brot er vel og örugglega gróið, og öxul-stefna er góð í báðum projectionum.

Á röntgenmyndum af hægri hnélið sést töluverð útkölkun bæði í neðri enda á lærlegg og í efri enda sköflungs. Hægari patella hefur verið fjarlægð, en í hnéskeljarsin sést calcification eða beinarða, sem er á stærð við kaffibaun. Ekki sjáist á röntgenmyndum á hægri hnélið nein greinileg einkenni um slitbreytingar eða brjóskeyðingi, og virðist liðurinn þannig nokkurn veginn eðlilegur.

Röntgenmyndir af vinstri hnélið reynast alveg eðlilegar, utan hvað greina má merki um brot neðst í hnéskel, en þarna hefur aðeins brotnað frá smáarða, hún er vel gróni, hefur ekki færst úr skorðum, og brotið gengur ekkert inn á liðflöt hnéskeljar. Hnéliður a. ö. l. eðlilegur.

Álit: Kvartanir sjúklings þessa eru tvenns konar, annars vegar frá vinstri hendi, hins vegar frá hægri ganglim. Á vinstri hendi hefur sjúkl. hlotið svokallað Bennett's fracturu, þ. e. a. s. brot á basis á I. metacarpalbeini. Brot þetta gengur yfirleitt inn í miðjan liðflötinn á I. metacarpalbeini, og virðist svo hafa verið í þessu tilfelli. Brot þessi leiða því oft, er tímar líða, til slitbreytinga í carpo-metacarpallið, og virðast vera byrjandi merki slíks á röntgenmyndum. Slitbreytingar eða arthrosis í þessum lið geta hæglega leitt til hreyfingarhindrunar í þumalfingri, og finnst mér kvartanir sjúkl. því engan veginn óeðlilegar. Búast má jafnvel við, að kvartanir þessar aukist eða einkenni aukist eftir því sem slitið í liðnum vex. Verði slitbreytingar miklar, leiðir þetta oft til verkja við hreyfingar eða verkja við að beita þumalfingri. Séu slitbreytingar í lið þessum miklar og einkenni mikil einkum mikill sársauki, er stundum gripið til skurðaðgerða, og er þá ýmist, að liðurinn er gerður stífur með skurðaðgerð eða carpalbeinið ofan við liðinn fjarlægt. Fyrri aðgerðin dregur töluvert úr hreyfingum í þumalfingri, en síðari aðgerðin gerir þumalfingur máttminni. Einkenni sjúklings frá þumalfingri eru þó ákaflega væg, og er því engan veginn víst, að grípa þurfi til nokkurra aðgerða eða meðferðar vegna þessa. Hins vegar má tvímælalaust búast við, að einkenni frá þumalfingri aukist frekar en minnki, þegar tímar líða fram.

Á hægri ganglim hefur sjúkl. hlotið brot á hægri lærlegg á mótum mið- og neðsta þriðjungs. Brot þetta er vel og örugglega gróið og æti það út

af fyrir sig ekki að gefa sjúkl. einkenni. Samfara broti á hnéskel hefur sjúkl. fengið hemarthrosu eða blæðingu inn í hnélið. Slíkur áverki gæti hugsanlega hafa skaddað eitthvað liðbrjósk á hnélið, þannig að hugsanlega gæti þetta leitt til slitbreytinga í hægri hnélið, þegar tímar líða fram. Hnéliður virðist þó nokkuð eðlilegur að sjá á röntgenmyndum, og virðist því engin meiri háttar skemmd vera þar til staðar á liðflötum, í það minnsta enn sem komið er.

Vegna brots á lærlegg svo og brots á hnéskel, er síðan leiddi lil þess, að taka varð hnéskel, hefur sjúkl. fengið verulega hreyfihindrun í hægri hnélið. Sú hreyfingarhindrun, sem nú er til staðar í hnélið, er varanleg, og ekki að búast við, að hreyfing í hnélið aukist neitt frá því, sem nú er. Hvað kvartanir sjúkl. frá hægri ganglið áhrærir, þá tel ég þær mjög trúverðugar og í góðu samræmi við þá áverka, er sjukl. hefur hlotið, og það, sem finnst við skoðun á ganglim."

Ólafur Jónsson læknir mat örorku stefnanda, og er örorkumatið dagsett 7. mars. 1977. Í upphafi þess segir svo:

„Upplýsingar um slysið eru úr vottorðum lækna sjúkrahússins á Keflavíkurflugvelli, úr vottorði frá Naval Hospital, Portsmoth, Virginia, úr 3 vottorðum frá Orthopedic Clinic, Newport News, Virginia, úr greinargerð Höskulds Baldurssonar læknis við bæklunardeild Landspítalans í Reykjavík frá 18. 1. 1977 og loks samkvæmt upplýsingum, er slasaði sjálfur gaf undirrituðum síðari hluta janúarmánaðar s.l., og auk þess samkvæmt skoðunum, er undirritaður gerði á slasaða." Framangreindar upplýsingar eru síðan raktar í örorkumatinu. Í síðari hluta örorkumatsins segir svo:

„Undirritaður skoðaði og talaði við slasaða í jan. s.l., og staðfesti hann í öllum atriðum þær upplýsingar, er fram koma hér að framan. Hann gat þess að auki, að eftir slysið hafi hann orðið slæmur á taugum og sú röskun, er slysið olli á lífi hans, hafi leitt til ýmiss konar óþæginda, og getur hann þess m. a., að slysið hafi verið óbein orsök þess, að hann sleit samvistum við konu sína, og lýsir slasaði þessum hluta afleiðinganna þannig, að þær séu „More irritation to the nerves than anything else".

Eins og rakið er í greinargerð Höskulds Baldurssonar, mun slasaði ekki hafa hafið fyrri störf fyrr en í ág.mán. '75, eða meira en 3½ ári eftir slysið. Þess er þó að geta, að á þessu tímabili varð slasaði fyrir því að þurfa á aðgerð að halda vegana nýrnasjúkdóms, og mun erfitt að sanna eða afsanna, hvort sá sjúkdómur sé á nokkurn hátt tengdur slysinu, en þess ber þó að geta, að hugsanlegt er, að langvarandi rúmlega og hreyfingarleysi gæti hafa átt einhvern þátt í því, að nýrnasteinar hafi myndast.

Eins og getið er í greinargerð Höskulds læknis, segist slasaði vinna fyrir lægri launum nú en fyrir slysið og sé það vegna minnkaðra afkasta auk þess sem vinnuveitendur vestra sé lítt spenntir fyrir að hafa í vinnu menn, er hafi

líkamlega galla og sé þannig hættara við slysum en öðrum mönnumn. Slasaði bendir í þessu sambandi á, að hann sem rafvirki þurfi stundum að klifra í stigum og þess háttar, og segir, að þá bagi fóturinn sig verulega.

Við skoðun þá, er undirritaður gerði á slasaða í jan.mán. s.l., fundust nákvæmlega sömu hreyfingarhindranir á vinstri þumalfingri og hægra hné, eins og lýst er hér að framan.

Ályktun: Hér er um að ræða rösklega þrítugan rafvirkja og hljóðfæraleikara, er varð fyrir slysi, er bifreið, er hann var farþegi í, ók út af Keflavíkurvegi þann 19/11 '71, eða fyrir rúmum 6 árum. Samkv. þeim upplýsingum, er fyrir liggja, hlaut slasaði við slys þetta vægan heilahristing, sem sennilega hefur leitt til tímabundins meðvitundarleysis, en lítillar eða engrar amnesi. Í öðru lagi hlaut slasaði brot á hægri lærlegg og kurlað brot á hægari hnéskel. Í þriðja lagi hlaut hann brot á 1. metacarpalbeini á vinstri hendi (Bennets fracturu) og í fjórða lagi lítið brot á vinstri hnéskel. Auk þess hlaut slasaði minniháttar áverka og skurði víðsvegar um líkamann.

Ljóst er, að varanlegar afleiðingar eru af broti á hægri ganglim og vinstri þumli og nokkrar líkur á, að höfuðáverki sá, er slasaði hlaut, hafi leitt til einhverra skemmda. Þumalmeiðslið er þess eðlis, að verulegar líkur eru á, að starfsgeta vinstri handar, sem þegar er nokkuð skert, muni frekar minnka í framtíðinni, þ. e. a. s. að liðurinn milli miðhandarbeins og 1. þumalfingursbeins kunni að verða fyrir ótímabærum slitbreytingum, er jafnvel gæti leitt til þess, að gera þyrfti aðgerð á fingrinum, og mundi starfsgeta handarinnar þá ennþá minnka. Brotið á hægra hné leiddi til þess, að taka varð hnéskelina burtu, og er ljost, að áverki sem slíkur hlýtur að hafa valdið einhverjum skaða á sjálfum hnéliðnujm, enda leiðir skoðun í ljós, að hreyfingarhindrun er nokkur. Auk þess er til staðar mælanleg stytting á ganglimnum og nokkur rýrnun á vöðvum.

Samkv. þeim upplýsingum, er fyrir liggja, virðist sem slasaði hafi verið frá vinnu í fulla 15 mánuði eftir slysið, og þar að auki virðist hann samkv. eigin upplýsingum hafa verið meira og minna undir læknishendi og í æfingarmeðferð allt að 2½ ári eftir slysið, en því til viðbótar er tími sá, er slasaði þurfti að dveljast á spítala vegna nýrnasjúkdóms, en eins og að framan er greint, verður ekki fullyrt, að sá sjúkdómur sé á neinn hátt í sambandi við slysið.

Samkv. framansögðu verður að líta svo á, að öllum aðgerðum og lækningatilraunum vegna kvilla þeirra, er af umræddu slysi hlutust, sé lokið og sé því tímabært að meta örorku þá, er af slysinu hlaust, og telst hún hæfilega metin:

100% í 15 mánuði
síðan 40% næstu 15 mánuði
síðan varanleg 25%."

Guðjón Hansen reiknaði út örorkutjón stefnanda, og er útreikningur hans dagsettur 18. maí 1979, svohljóðandi:

„Örorkutjón Louis H. Higgins.

Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar, læknis, dags. 7. mars 1977, varð Louis H. Higgins, 20 Clover Street, Hampton, Virginia, U.S.A., fyrir bifreiðaslysi hér á landi þann 19. nóvember 1971. Telur læknirinn, að af slysi þessu hafi Louis Higgins hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 15 mánuði	100%
Í 15 mánuði	40%
Síðan til frambúðar	25%

Louis Higgins er sagður fæddur 19. september 1945 og hefur samkvæmt því verið 26 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Hingað til lands kom hann sem hljóðfæraleikari í hljómsveit, sem ráðin var til að skemmta varnarliðsmönnum. Hann kveður hljóðfæraleikinn þó jafnan hafa verið aukastarf, þar sem aðalstarf hans hafi verið rafvirkjun. Um mitt ár 1971 kveðst hann hafa öðlazt sveinsréttindi sem rafvirki, en áður hafði hann verið aðstoðarmaður rafvirkja. Sveinsbréf hans þarf að endurnýja um hver áramót, en vegna slyssins féll það úr gildi í árslok 1971, og slasaði hóf ekki störf á ný sem sveinn í iðngrein sinni fyrr en í desember 1975.

Samkvæmt vottorði Commonwealth of Virgina, Department of Taxation, frá 15. desember 1975 voru vergar tekjur (Adjusted gross income) Louis Higgins árin 1969 og 1970 sem hér segir:

Árið 1969	$6.478.48
Arið 1970	$6.747.00

Ekki kemur fram, að hve miklu leyti hér er um vinnutekjur að ræða né fyrir hvaða störf þær eru.

Í bréfi yðar frá 30. apríl 1979 hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað eftir örorkutjónsútreikningi í máli þessu miðuðum við bæði aðalstarf og aukastarf eftir gögnum, sem vikið verður að hér á eftir, svo og tjónsútreikningi miðuðum við íslenzkan rafvirkja, er hefði hljóðfæraleik að aukastarfi. Með hliðsjón af þessu hef ég gert tjónsútreikning á þrjá vegu.

A. Miðað við starf rafvirkja í Bandaríkjunum:

Í yfirlýsingu International Brotherhood of Electrical Workers Local Union 1340, dags. 4. desember 1975, er tilgreint tímakaup rafvirkja frá 1968 til 1975. Kaup rafvirkja virðist þó geta verið mun lægra, sbr. bréf Peninsula Electric Co., Inc. frá 13. apríl 1978. Kemur þar fram, að Higgins

starfaði hjá fyrirtækinu frá maímánuði 1971 fyrir $3.35 og hafði þá öðlast sveinsréttindi, en kauptaxti félagsins var á sama tíma $6.31 á klst.

Frá ársbyrjun 1968 til ársbyrjunar 1975 hefur kauptaxti áðurnefnds verkalýðsfélags hækkað um 7.5% á ári að meðaltali. Hef ég gert ráð fyrir sömu árlegri hækkun frá ársbyrjun 1975 til ársbyrjunar 1979. Virðist sú áætlun m. a. vera í allgóðu samræmi við upplýsingar slasaða í skýrslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 14. janúar 1977, þar sem hann telur sig mundu hljóta í laun 8½ til 10 dollara á klst., ef hann gæti unnið störf samkvæmt menntun sinni og reynslu (samkv. áætlun minni er tímakaup 1977 $9.42).

Í Bandaríkjunum mun yfirleitt vera um að ræða 35-40 stunda vinnuviku, en í ofangreindri bæjarþingsskýrslu kemur fram, að gert er ráð fyrir 40 stunda viku. Hef ég reiknað ársstarf sem 40 stundir á viku í 48 vikur, þ. e. 1.920 stundir. Miðað við áðurnefndan taxta (áætlaðan frá og með árinu 1976) reiknast mér árlegar vinnutekjur þá verða sem hér segir:

Árið 1971, frá slysdegi	$12.883
Árið 1972	$13.392
Árið 1973	$14.438
Árið 1974	$14.914
Árið 1975	$16.224
Árið 1976	$16.819
Árið 1977	$18.086
Árið 1978	$19.450
Eftir þann tíma	$20.909

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 30 mánuði	$22.407
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	$31.047
Samtals	$53.454

Í yfirlýsingu George Britt, hljómsveitarstjóra „George & the Diminished Fifth," dags. 14. apríl 1977, segir, að Higgins hafi starfað með hljómsveitinni síðari hluta árs 1971 og hafi laun hans numið um $1.400.00 eða um $100.00 á viku. Enn fremur segir þar, að vikukaup Higgins mundi vera u. þ. b. $200.00 - $250.00 um það leyti, sem yfirlýsingin er skrifuð, ef hann væri þá starfandi með hljómsveitinni.

Erfitt er að meta, hve mikla tekjuaukningu aukastarf af því tagi, sem hér um ræðir, hefur í för með sér. Í gögnum málsins kemur fram, að það hefur krafist nokkurra ferðalaga, og verður því að gera ráð fyrir einhverri

rýrnun tekna af aðalstarfinu af þeim sökum. Ef reiknað væri með $200.00 á viku í 40 vikur á ári, miðað við kauplag á árinu 1977, næmu aukatekjur um 44% af framangreindum vinnutekjum rafvirkja á því ári. Tel ég eðlilegt, að nettóaukning tekna og þar með viðbótarverðmæti tapaðra vinnutekna sé áætlað sem tiltekinn hundraðshluti af framangreindum fjárhæðum, t.d. 20% eða 30%.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951 - 1960. Reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, eftir það með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og síðan til frambúðar með 13% ársvöxtum.

B. Miðað við starf rafvirkja í Bandaríkjunum, en breyttur vaxtagrundvöllur:

Í bréfi Philip E. Landrum frá 24. janúar 1977 kemur fram, að dómvextir í Virginíu séu 6% p. a., en þó séu reiknaðir 8% vextir frá uppkvaðningu dóms. Vegna óskar yðar um útreikning, þar sem reiknað sé með vöxtum, er eðlilegir geti talist miðað við aðstæður í Bandaríkjunum, hef ég reiknað, hver áhrif það hefði á niðurstöðu í A-lið hér að framan, ef reiknað væri með 6% ársvöxtum, en að öðru leyti miðað við allar sömu forsendur og gert er í A-lið. Með því móti reiknast mér verðmæti tapaðra tekna, miðað við áðurnefndan tekjugrundvöll rafvirkja í Bandaríkjunum, nema á slysdegi:

Vegna tímabundins orkutaps í 30 mánuði	$22.614
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	$61.714
Samtals	$84.328

Fram hafa verið lögð gögn, er sýna, að í Virginíu er reiknað með nokkru lægri lífslíkum en hér á landi. Sá munur skiptir þó sáralitlu máli í samanburði við mismun á vöxtum og önnur atriði, sem óvissa er um í máli þessu.

Um tap aukatekna skírskotast til þess, sem í A-lið er sagt um það efni.

C. Miðað við vinnutekjur íslenzks iðnaðarmanns:

Þegar leggja þarf vinnutekjur iðnaðarmanna til grundvallar tjónsútreikningi hér á landi og ekki verður stuðzt við tekjur tjónþola árin fyrir tjónsatburð, er ég vanur að styðjast við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík undanfarin ár. Ef miðað er við reynslu hvers árs um sig 1971 - 1977, en frá og með árinu 1978 miðað við reynslu 10 ára tímabilsins 1968 í 1977 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga, reiknast mér árlegar vinnutekjur iðnaðarmanna verða sem hér segir:

Árið 1971	kr.	475.143
Árið 1972	kr.	560.920
Árið 1973	kr.	714.103
Árið 1974	kr.	1.108.369
Árið 1975	kr.	1.425.642
Árið 1976	kr.	1.832.053
Árið 1977	kr.	2.634.747
Árið 1978	kr.	3.547.061
Árið 1979	kr.	4.471.868
Eftir þann tíma	kr.	4.520.497

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 30 mánuði	kr.	1.040.838.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	kr.	5.523.586.-
Samtals	kr.	6.564.424.-

Ef gert er ráð fyrir tapi lífeyrissréttinda í hlutfalli við tekjutapið og réttindin reiknuð þannig til fjár, að þau teljist jafngilda framlagi vinnuveitanda (6% af gjaldskyldum tekjum) til lífeyrissjóðs, hækkar ofangreint verðmæti um kr. 236.319.-. Er þá gert ráð fyrir, að 60% af heildarvinnutekjum séu gjaldskyldar tekjur til lífeyrissjóðs.

Um aukastarf íslensks iðnaðarmanns við hljóðfæraleik og auknar tekjur af þeim sökum á það sennilega einnig við hér, sem nefnt er í A-lið, að um verulegt aukastarf verður vart að ræða án þess, að það komi að einhverju leyti niður á aðalstarfinu. Tel ég, að áætla yrði tekjutap vegna aukastarfs sem tiltekinn hundraðshluta af tekjutapi vegna aðalstarfs.

Reiknað er með sömu starfsorkulíkum og vöxtum og í A-lið hér að framan."

Af hálfu stefndu hefur eftirfarandi bréf varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, dags. 27. janúar 1976, verið lagt fram:

„Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 30. desember 1975, hefur Skaðabótanefnd skv. lögum nr. 110/1951 borist til umsagnar mál það, sem Louis H. Higgins, bandarískur ríkisborgari, hefur höfðað á hendur ríkissjóði vegna umferðarslyss, sem hann varð fyrir hinn 19. nóvember 1971.

Um mál þetta er það að segja, að krafa út af þessu slysi virðist aldrei hafa verið send til nefndarinnar, og því hefur aldrei verið kveðinn upp neinn úrskurður af hennar hálfu.

Mr. Higgins kom hingað til lands samkvæmt samningi við varnarliðið

(Navy Exchange) til að skemmta varnarliðsmönnum með hljómlist, og var það eini tilgangurinn með för hans hingað. Hann fellur því skýlaust undir hugtakið „lið Bandaríkjanna," eins og það er skilgreint í 1. grein samningsins frá 8. maí 1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Hann nýtur því úrlendisréttar hér á landi.

Skaðabótanefnd lítur svo á, að Ísland hafi ekki skuldbundið sig með varnarsamningnum til að bæta það tjón, sem lið Bandaríkjanna veldur Bandaríkjunum eða liðsmönnum þeirra hér á landi.

Til álita gæti komið, hvort Mr. Higgins félli undir hugtakið „líf og limir manna á Íslandi" í upphafi 2. tl. 12. gr. framangreinds samnings, og það mundi hann gera undir venjulegum kringumstæðum. En þar sem hann, eins og áður segir, telst til „liðs Bandaríkjanna" nær þetta ákvæði ekki til hans.

Samkvæmt framansögðu er því umsögn Skaðabótanefndar á þá leið, að ekki sé grundvöllur fyrir skaðabótum byggðum á lögum nr. 110/1951.

F.h. Skaðabótanefndar

Páll Ásg. Tryggvason."

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að slys það, sem um ræðir í máli þessu, hafi orðið vegna þess, að ökumaður bifreiðarinnar VL 5066, eign „Navy Exchange," John J. Scannel, hafi sýnt af sér gáleysi. Gáleysið hafi verið í því fólgið, að hann hafi ekið allt of hratt miðað við aðstæður, enda yfir lögmæltum hámarkshraða. Þá hafi bifreiðin verið vanbúin til akstursins, þar sem hún hafi hvorki verið á snjóhjólbörðum né snjókeðjum. Ökumaður bifreiðarinnar beri einn óskoraða ábyrgð á því, að slysið hafi orðið. Því sé skylt að bæta stefnanda það tjón, sem hann hafi orðið fyrir, samkvæmt 67. gr., sbr., 69. gr. laga nr. 40/1968.

Stefnandi hafi við slysið orðið fyrir miklu líkamstjóni, sem sé lýst í niðurlagi örorkumats Ólafs Jónssonar læknis, en örorkumatið er rakið hér að framan. Rétt sé að miða við tekjur og efnahag í heimalandi stefnanda, þegar tjón hans sé metið. Óeðlilegt sé að miða bætur fyrir örorkutjón stefnanda við tekjur íslenskra iðnaðarmanna, heldur eigi að miða þær við tekjur í starfsstétt stefnanda í Bandaríkjunum. Vexti af bótafé eigi að miða við vaxtafót í heimaríki hans, Virginíu, en það séu þeir vextir, sem stefnandi eigi kost á að fá af bótafé sínu. Stefnandi hafi verið launþegi, en ekki atvinnurekandi, og því hafi tekjur hans verið hreinar launatekjur. Stefnandi hafi haft tekjur af aukastarfi sínu sem hljóðfæraleikari. Miðað sé við, að vinnuvikan sé 40 klukkustundir, og því hafi aukastarf stefnanda sem hljóðfæraleikara ekki gert það að verkum, að hann hafi haft minni tekjur af aðalstarfi sínu vegna aukastarfsins. Því sé rétt að miða við, að tekjur stefn-

anda af aukastarfinu hafi numið 44% af tekjum í aðalstarfi, enda hafi því verið svo farið með stefnanda. Hins vegar megi gera ráð fyrir, að tjón stefnanda hafi verið mun meira en gert sé ráð fyrir í örorkutjónsútreikningnum, eins og fram komi í kröfugerð stefnanda.

Fyrir utan örorkutjónið hafi stefnandi orðið fyrir eignatjóni í slysinu, sem nemi $500.00. Hann hafi og orðið að greiða lækniskostnað, sem nemi $3.585.47.

Þá hafi stefnandi orðið fyrir miska og séu bætu fyrir hann ekki ofmetnar $6.000.00.

Íslenska ríkinu sé skylt að bæta stefnanda tjón hans, og byggist skaðabótaskylda þess á ákvæðum 2. tl. 12. gr. fylgiskjals laga nr. 110/1951, þ. e. viðbætis við varnarsamning á milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Í framannefndri grein sé kveðið á um, að íslenska ríkinu sé skylt að bæta það tjón, sem liðsmenn varnarliðsins valdi á eignum manna eða stofnana á Íslandi, og tjón, sem þeir vinni á lífi eða limum manna hér. Enginn vafi leiki á því, að ökumaðurinn, John J. Scannel, hafi verið í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr. viðbætisins. Ljóst sé, að stefnandi falli ekki undir skilgreiningu 1. gr. viðbætisins á því að vera liðsmaður í liði Bandaríkjanna hér á landi. Hann hafi einungis verið ráðinn til þess að skemmta varnarliðsmönnum. Hefði t. d. einhver Norðurlandabúi verið ráðinn til sama starfs, mundi hann ekki í neinu tilviki hafa verið talinn liðsmaður í liði Bandaríkjanna. Slíkt hið sama gildi um stefnanda.

Til þess að skaðabótaskylda íslenska ríkisins verði virk, sé nægilegt, að tjónþoli sé staddur hér á landi. Hann þurfi ekki að vera íslenskur ríkisborgari, en hefði átt að takmarka skaðabótaskylduna við þá eingöngu, hefði orðið að taka það fram í viðbætinum. Allan vafa um skilning á ákvæðinu verði að skýra ríkisstjórnum Íslands og Bandaríkjanna í óhag, en ekki tjóþola.

Þótt litið yrði svo á, að stefnandi hefði verið liðsmaður í liði Bandaríkjanna, þá sé hann samt sem áður ekki undanskilinn bótavernd 2. tl. 12. gr. viðbætisins. Undantekningar frá skaðabótaskyldunni séu taldar upp í 1. tl. sömu greinar. Þar sé ekki að finna ákvæði, sem undanskilji liðsmenn í liði Bandaríkjanna bótavernd íslenska ríkisins.

Stefndu.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að sýkna beri þá vegna aðildarskorts, þar sem lög nr. 110/1951 og fylgiskjöl þeirra laga hafi ekki að geyma grundvöll, sem stefnandi geti reist bótakröfur sínar á gagnvart stefndu.

Stefnandi hafi sem hljómlistarmaður unnið í þjónustu „Navy Exchange," en það fyrirtæki sé hluti bandarísku sjóhersins og því varnarliðs-

ins, enda verði að líta á starfsemi varnarliðsins sem eina heild. Ökumaðurinn, John J. Scannel, hafi og unnið í þjónustu sama fyrirtækis. Það sé tvímælalaust, að stefnandi hafi verið í liði Bandaríkjamanna samkvæmt skilgreiningu, sem sé að finna í 1. gr. 2. fylgiskjals laga nr. 110/1951, þ. e. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra.

Bótaábyrgð íslenska ríkisins samkæmt 2. tl. 12. gr. viðbætisins verði að skýra þröngt, þar sem um sérreglu sé að ræða, en tilgangur ákvæðisins sé að tryggja sem best, að Íslendingar, sem verði fyrir tjóni af völdum Bandaríkjamanna, þurfi ekki að sækja rétt sinn til erlends valds, heldur geti þeir beint kröfum sínum að íslenska ríkinu. Frekari skuldbindingar en skýrlega komi fram í varnarsamningnum verði ekki lagðar á íslensk stjórnvöld og því óheimilt að beita rýmkandi lögskýringu við túlkun hans, eins og stefnandi geri. Í máli þessu sé um að ræða tjón, sem einn liðsmaður Bandaríkjanna vinni öðrum liðsmanni, og víst sé, að ákvæði 12. gr. viðbætisins eigi ekki við í því tilviki. Þar sé um að ræða mál á milli bandarískra þegna og ekki hafi verið ætlunin með framangreindu ákvæði að færa bandarísk innanríkismál undir íslenska lögsögu.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður og lagarök stefndu, sé því út af fyrir sig ekki mótmælt, að tjón það, sem stefnandi varð fyrir, sé bótaskylt samkvæmt 67. gr. laga nr. 40/1968. Skaðabótakröfu stefnanda beri hins vegar að lækka að mun, þar sem hún sé úr öllu hófi. Örorkumat það, sem lagt sé til grundvallar, sé ekki vefengt. Hins vegar skorti nokkuð á, að þau gögn, sem stuðst hafi verið við, þegar örorkutjónið var reiknað út, séu nógu skilmerkileg. Þannig komi ekki fram, hvort tekjur stefnanda á árunum 1969 og 1970 séu hreinar vinnutekjur eða ekki. Þá sé útreikningur miðaður við hæsta taxta verkalýðsfélags stefnanda, en telja verði þó rétt að miða við tekjur rafvirkja í Bandaríkjunum. Eðlilegt sé að miða við innlánsvexti, eins og gert sé í útreikningi A í örorkutjónsútreikningnum. Þá verði að telja aukatekjur stefnanda of hátt áætlaðar eða a. m. k. verði að miða við, að öflun aukateknanna hafi það í för með sér, að tekjur af aðalstarfinu verði minni. Þá eigi að lækka bótagreiðslu vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi.

Miskabótakrafa stefnanda sé alltof há og í engu samræmi við dómvenju.

Kröfur stefnanda um bætur vegna fataskemmda og sjúkrakostnaðar séu órökstuddar.

Verði stefndu dæmdir til að greiða skaðabætu, eigi að tiltaka þær í íslenskum krónum.

Forsendur og niðurstaða.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, eins og hún hefur verið skýrð, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga,

er tjón það, sem stefnandi varð fyrir, skaðabótaskylt, enda var hann í lögmætum erindagerðum í þágu og með leyfi vinnuveitanda síns, þá er slysið varð. Þá er ágreiningslaust á milli aðilja málsins, að slysið hafi stafað af gáleysi ökumannsins, John J. Scannel, enda verður að telja, að svo hafi verið, og því er einnig um að ræða skaðabótaskyldu samkvæmt 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968.

Ljóst er, enda ágreiningslaust í málinu, að John J. Scannel hefur verið liðsmaður í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951 um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, hér eftir nefnt fylgiskjal 2. Því er fyrir hendi það skilyrði hinnar sérstöku skaðabótaskyldu íslenska ríkisins samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2, að hinn skaðabótaskyldi verknaður sé framinn af manni í liði Bandaríkjanna. Ekki er um að ræða, að krafa stefnanda sé byggð á samningi.

Þá ber að skoða sérstaklega, hvort stefnandi hefur, á meðan dvöl hans hér á landi stóð, verið liðsmaður í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr. fylgiskjals 2, en hún er svohljóðandi:

„Í viðbæti þessum taka orðin „lið Bandaríkjanna" yfir liðsmenn í herliði Bandaríkjanna og starfslið, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmda á samningi þessum."

Þessa skilgreiningu verður að telja svo rúma, að hún nái til, auk þeirra, sem beinni hermennsku gegna, allra þeirra, sem vinna einhvers konar störf í þágu herliðsins, að undanteknum þeim, sem hafa ríkisfang og/eða fasta búsetu á Íslandi. Skiptir þá eigi máli, hvaða ríkisfang annað þeir hafa en íslenskt. Þess ber þó að geta, að íslenska ríkið hefur verið talið bera ábyrgð samkvæmt 2. tl 12. gr. fygliskjals 2 á skaðabótaskyldum verkum íslenskra starfsmanna, sem unnið hafa í þágu fyrirtækja, sem aftur hafa annast verk fyrir herliðið, en skaðabótaskyldan þá leidd af starfssambandi fyrirtækisins og herliðsins. Stefnandi er bandarískur ríkisborgari. Upplýst er, að hann var ráðinn til starfa á Keflavíkurflugvelli af „Navy Exchange," sem verður að telja hluta af herliðinu, til þess að skemmta varnarliðsmönnum, og starf hans var eingöngu unnið í þágu herliðsins. Samkvæmt þessu verður talið, að stefnandi hafa á þeim tíma, sem hann dvaldist á Íslandi, verið liðsmaður í liði Bandaríkjanna samkvæmt 1. gr. fylgiskjals 2.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eigi skipti máli, þótt stefnandi sé talinn liðsmaður í liði Bandaríkjanna hér á landi. Hann njóti engu að síður bótaverndar samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2, því að einu undantekningarnar frá þeirri reglu séu taldar upp í 1. tl. sömu greinar, en þar sé þess ekki getið, að liðsmenn Bandaríkjanna séu undanskildir bótaverndinni.

Í 1. tl. 12. gr. a og b liðum er kveðið á um skaðabótaskyldu aðilja varnar-

samningsins, þegar um er að ræða annars vegar skaðaverk liðsmanna í liði Bandaríkjanna og hins vegar skaðaverk starfsmanna íslensku ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt b liðnum er ákveðið, að ríkisstjórn Íslands geri ekki kröfu ril skaðabóta á hendur Bandaríkjununum fyrir tjón á eignum íslenska ríkisins á samningssvæðunum og ekki kröfu á hendur Bandaríkjunum, heldur bæta sjálf tjón á lífi og limum starfsmanna ríkisstjórnarinnar, sem verða kann á samningssvæðunum, þegar slíkur starfsmaður er þar vegna starfsskyldu sinnar og tjónið hefur orðið af völdum manna úr liði Bandaríkjanna. Sama máli gegnir um sams konar tjón utan samningssvæðanna, þegar unnið er að framkvæmd varnarsamningsins.

Af framangreindu ákvæði er ljóst, að með því er fyrst og fremst verið að kveða á um, hvernig fara skuli með tjón, sem starfsmenn aðilja varnarsamningsins vinna hverjir öðrum við framkvæmd hans. Telja verður heimilt að draga þá ályktun af þessu ákvæði, að íslenska ríkisstjórnin telji sér óviðkomandi það tjón, sem einn liðsmaður Bandaríkjanna vinnur öðrum við framkvæmd varnarsamningsins, og Bandaríkin telji sér þá sömuleiðis óviðkomandi það tjón, sem einn starfsmaður íslensku ríkisstjórnarinnar vinnur öðrum við sömu framkvæmd.

Eins og að framan er aðeins drepið á, verður að telja, að þeir stefnandi og John J. Scannel hafi verið að vinna í þágu varnarliðsins og þá að framkvæmd varnarsamningsins, þótt í litlu hafi verið, þegar þeir lögðu leið sína til Reykjavíkur.

Í þeim ákvæðum 1. tl., sem að framan eru rakin, er einungis getið um íslenska ríkið og Bandaríkin, en málatilbúnaður stefnanda er á því byggður, að hann sem einstaklingur eigi sjálfstæðan rétt á hendur íslenska ríkinu á grundvelli 2. tl. 12. gr. fylgiskjals 2. Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og eðli og tilgangi þeirra ákvæða, sem fylgiskjal 2 hefur að geyma að öðru leyti, verður að telja, að tilgangur þeirrar skaðabótaskyldu íslenska ríkisins, sem á það er lögð í 2. tl. 12. gr., sé ekki sá að tryggja liðsmönnum bandaríska herliðsins, að þeir geti krafið íslenska ríkið um bætur fyrir það tjón, sem aðrir liðsmenn Bandaríkjanna vinna þeim.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Uppsaga dóms í máli þessu hefur dregist nokkuð vegna sérstakra anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Louis H. Higgins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 8. febrúar 1983.

Nr. 32/1983. **Ákæruvaldið**

gegn

Ottó Sigurðssyni.

Kærumál. Læknisskoðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 2. þ. m. og samdægurs birtur varnaraðilja, sem þá kvaðst vera Jens Sigurðsson, Bergþórugötu 51. Hann lýsti yfir því, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar í því skyni, að hann yrði úr gildi felldur.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum hefur með bréfi 4. þ. m., er barst Hæstarétti í dag, sent ný gögn í málinu. Af þeim kemur fram, að varnaraðili er ekki Jens Sigurðsson, heldur tvíburabróðir hans, Ottó Sigurðsson, nafnnúmer 6963-7582, til heimilis Laugavegi 27 A. Hefur þetta verið sannreynt með samanburði á fingraförum af varnaraðilja og fingraförum teknum af Ottó Sigurðssyni í tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins 19. október 1977.

Ríkissaksóknari hefur í dag sent Hæstarétti greinargerð. Í henni segir, að eigi sé að svo komnu máli krafist staðfestingar úrskurðarins, þar sem varnaraðili muni þegar hafa sjálfviljugur sætt hinni úrskurðuðu læknisskoðun.

Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður hefur verið verjandi varnaraðilja 4. þ. m., krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Úrskurður þessi sætir kæru til Hætaréttar samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Eftir því, sem fram kemur í greinargerð ríkissaksóknara, mun varnaraðili hafa sjálfviljugur sætt læknirskoðun þeirri, sem hinn kærði úrskurður lýtur að. Hins vegar er fallist á það með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar, að skilyrði hafi verið til þess samkvæmt 54. gr. laga nr. 74/1974 að kveða á um það með úrskurði, að varnaraðili skyldi sæta læknisskoðun í því skyni, sem þar greinir. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð með ofangreindri breytingu að því er varðar nafn varnaraðilja.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með ofangreindri leiðréttingu á nafni varnaraðilja.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. febrúar 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 2. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1400 í gær handtók lögreglan í Reykjavík Jens Sigurðsson, fæddan 11. apríl 1954, til heimilis að Bergþórugötu 51 hér í borg, á Keflavíkurflugvelli við komu frá Amsterdam úr fimm daga skemmtiferð að eigin sögn.

Nefndur Jens var við komu hingað til lands félaus að kalla, en taldi sig í lögregluyfirheyrslu hafa utan flutt jafnvirði 11.000 ísl. kr. í hollenskri mynt. Hér fyrir dómi kvað Jens Sigurðsson þar af hafa eyðst til skemmtana sinna og ónefndra kunningja 7.000—9.000 kr. ísl. eða jafnvirði þeirra.

Við tollleit fannst í fórum Jens Sigurðssonar svonefnd hasspípa, túpa og krukka, er báðar innihéldu smyrsl.

Að mati lögreglu lék grunur á, að margnefndur Jens hefði fíkniefni fólgin innvortis, og var honum frá því skýrt við handtöku.

Hinn grunaði neitaði í lögregluyfirheyrslu að vera með fíkniefni innvortis og kvaðst reiðubúinn að gangast undir magamyndatöku eða aðra sambærilega rannsókn, til að unnt væri að ganga úr skugga um slíkt.

Var lagt af stað með Jens Sigurðsson til Borgarspítala í ofangreindu skyni, en á leið þangað afturkallaði grunaði sitt samþykki til nokkurs konar læknisfræðilegra athugana.

Fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík lagði þá fyrir stundu fram hér í rétti rökstudda kröfu um, að Jens Sigurðssyni yrði með vísan til 54. gr. laga nr. 74/1974 í dómsúrskurði gert að sæta viðeigandi læknisskoðun vegna áðurgreindra grunsemda.

Jens Sigurðsson hefur mætt í réttinum og lýst ofangreinda Amsterdamför eingöngu til skemmtunar. Þótt hann þar ytra hafi lítillega notað marihuana, hafi hann engar ráðstafanir gert til að útvega slík efni eða önnur í því skyni að flytja hingað til lands.

Jens Sigurðsson mótmælti, að nokkur læknisskopun eða rannsókn yrði á sér framkvæmd, og undir það tók Björgvin Þorsteinsson héraðsdómslögmaður, réttargæslumaður í málinu, en krafðist þar að auki, að margnefndur Jens Sigurðsson færi þegar frjáls sinna ferða.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, en úrlausnarefni hér takmarkað við, hvort lögaregla hefur rennt nægum stoðum að grunsemdum á hendur aðilja, til þess að rétt sé að gera honum að sæta læknisrannsókn í því sambandi og þá nánar að fá með þeim hætti úr því skorið, hvort hinn grunaði hafi fíkniefni fólgin innvortis.

Í kröfugerð lögreglu er vakin athygli á óvenjulegri peningaeyðslu hins grunaða á stuttum tíma, smyrslum í hans vörslum, er talin eru geta bent til, að fíkniefni hafi verið gleypt í smurðum verjum, og afturhvarf hins grunaða frá samþykki til læknisskoðunar.

Með vísan til ofanritaðs svo og 54. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Jens Sigurðssyni, fæddum 11. apríl 1954, að sæta viðeigandi læknisskoðun í því skyni að ganga úr skugga um, hvort nefndur Jens hefur fólgin fíkniefni innvortis.

Úrskurðarorð:

Jens Sigurðsson, fæddur 11. apríl 1954, skal sæta viðeigandi læknisskoðun í því skyni að gengið verði úr skugga um, hvort nefndur Jens hefur fíkniefni fólgin innvortis.

Þriðjudaginn 8. febrúar 1983.

Nr. 32/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Ottó Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 2. þ. m., sem barst Hæstarétti 3. þ. m.

Er varnaraðili kom fyrir sakadóm 2. þ. m., kvaðst hann vera Jens Sigurðsson, Bergþórugötu 51. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum hefur með bréfi 4. þ. m., er barst Hæstarétti í dag, sent ný

gögn í málinu. Af þeim kemur fram, að varnaraðili er ekki Jens Sigurðsson, heldur tvíburabróðir hans, Ottó Sigurðsson, nafnnúmer 6953-7582, til heimilis að Laugavegi 27 A. Hefur þetta verið sannreynt með samanburði á fingraförum af varnaraðilja og fingraförum teknum af Ottó Sigurðssyni í tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins 19. október 1977.

Ríkissaksóknari hefur í dag sent Hæstarétti greinargerð, þar sem þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, þannig að Ottó Sigurðsson skuli sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt honum.

Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður hefur verið verjandi varnaraðilja 4. þ. m., krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Úrskurður þessi sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta, að varnaraðili, Ottó Sigurðsson, skuli sæta gæsluvarðhaldi 7 daga frá kl. 1330 hinn 2. þ. m. að telja.

Dómsorð:

Varnaraðili, Ottó Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi 7 daga frá 2. febrúar 1983, kl. 1330, að telja.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. febrúar 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 2. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1400 í gær handtók lögreglan í Reykjavík á Keflavíkurflugvelli við komu frá Amsterdam Jens Sigurðsson, fæddan 11. apríl 1954, til heimilis að Bergþórugötu 51 hér í borg, grunaðan um fíkniefnamisferli, nánar að hafa slík efni fólgin innvortis.

Kl. 1330 í dag var hér fyrir dómi lögð fram rökstudd krafa lögreglu um, að Jens Sigurðssyni áðurnefndum yrði með úrskurði gert að sæta viðeigandi læknisrannsókn í því skyni að skera úr um ofangreinda grunsemd.

Slíkur úrskurður var upp kveðinn hér við embætti fyrir stundu, en af

hálfu úrskurðarþola með kæru skotið til Hæstaréttar Íslands í því skyni, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur.

Jafnframt og með vísan til kæru óskuðu bæði úrskurðarþoli og réttargæslumaður eftir, að framkvæmd úrskurðar yrði frestað, þar til Hæstiréttur Íslands hefði fjallað um úrlausnarefnið.

Úrskurðarbeiðandi, nánar fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, féllst af sinni hálfu á umbeðna frestun framkvæmdar úrskurðar, en taldi vegna eðlis úrskurðar nauðsyn til bera, að nærvera hins grunaða yrði tryggð í þágu rannsóknar máls.

Gerði nefndur fulltrúi með vísan til þess kröfu um, að Jens Sigurðsson yrði úrskurðaður í allt að 7 daga gæsluvarðhald frá kl. 1330 í dag að telja.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Jens Sigurðsson fangelsi og ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 því ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi, þótt aðdragandi þeirrar kröfu þyki óvenjulelgur.

Með vísan til þessa, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar rétt að verða við framkominni kröfu og gera Jens Sigurðssyni að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá handtöku kl. 1330 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Jens Sigurðsson, fæddur 11. apríl 1954, til heimilis að Bergþórugötu 51 hér í borg, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá kl. 1330 þann 2. febrúar 1983 að telja.

Föstudaginn 11. febrúar 1983.

Nr. 30/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ágústi Símonarsyni
(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. desember 1981. Af hálfu ákæruvalds var krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og fébætur hækkaðar.

Ágrip barst Hæstarétti 25. júní 1982.

Hinn 15. júní 1981 var flutt sókn og vörn í málinu í sakadómi Akraness. Að því búnu var málinu frestað til frekari rannsóknar. Það var síðan tekið fyrir 20. júlí og þá leidd 3 vitni. Síðan fór fram framhaldsflutningur, og að honum loknum var málið tekið fyrir dóm. Dómari tók málið fyrir að nýju 14. ágúst, lagði fram nokkur ný gögn og tilkynnti verjanda ákærða, að vitnið Sigurður Jóhannsson mundi enn verða kvatt til vitnisburðar. Sú vitnaleiðsla fór fram 29. september, án þess að sækjandi eða verjandi væru þar viðstaddir. Að henni lokinni var málið enn tekið til dóms og dómur svo upp kveðinn 18. nóvember 1981. Voru þá nær 4 mánuðir liðnir frá munnlegum máflutningi. Er þetta brot á 165. gr. laga um meðferð opnberra mála nr. 74/1974, sbr. 191. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Dómaranum bar að kynna ákærða, ef kostur var, svo og sækjanda og verjanda framburð Sigurðar Jóhannsonar og gefa þeim kost á að flytja málið á ný. Það gerði hann ekki. Sú málsmeðferð brýtur í bága við reglur 136. gr. laga nr. 74/1974. Breytir það engu, þó að verjandi hafi í þinghaldi 14. ágúst 1981 lýst því yfir, að hann teldi málið þegar hafa fengið nægа umfjöllun af sinni hálfu, enda

kom í ljós, að vætti Sigurðar Jóhannssonar gæti skipt miklu máli við úrlausn málsins.

Vegna þessa galla á meðferð málsins verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegarar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Akraness 18. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. september 1981, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. ágúst 1980, höfðað gegn ákærða, Ágústi Simonarsyni vélstjóra, Stekkjarholti 7, Akranesi, „fyrir að hafa fimmtudagskvöldið 2. nóvember 1978 ráðist á Kim Mortensen, þá til heimilis að Ólafsbraut 28, Ólafsvík, er hann var að koma út úr Sjálfstæðishúsinu á Akureyri, og slegið hann hnefahögg með þeim afleiðingum, að Kim missti meðvitund og féll í götuna, og í ljós kom við læknisskoðun, að Kim hafði hlotið opið kjálkabrot hægra megin, sem setja þurfti saman með skurðaðgerð.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 19. ágúst 1947 á Akranesi og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 16/8 á Akranesi: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegingarlaga.

I.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi fimmtudagsins 2. nóvember 1978 var beðið um lögreglu- og sjúkrabifreið að Sjálfstæðishúsinu á Akureyri. Á vettvangi gaf sig á tal við

lögregluna maður, sem kvaðst hafa orðið vitni að því, að Ágúst Simonarson, ákærði í máli þessu, greiddi manni nokkrum, sem stóð í anddyri hússins, hnefahögg í andlitið og hafi maðurinn dottið út og fallið í gangstéttina. Árasarþolinn, Kim Mortensen, var farinn upp á Fjórðungssjúkrahúsið, er lögreglan kom, og fengust þær upplýsingar frá sjúkraflutningamönnum, að hann væri lítið sem ekkert slasaður.

Síðar kom í ljós, að Kim hafði hlotið nokkra áverka, og er þeim lýst svo í vottorði Gunnars Rafns Jónssonar læknis, dags. 21. júní 1979: „Við skoðun er sjúklingur mjög undir áhrifum áfengis, en þó vel vakandi. Ekki áttaður á stað né stund. Stór kúla er aftan á hnakka, laus jaxl í hæ. neðri góm og blæðing frá tannholdinu í kring. Aumur yfir neðri kjálka hæ. megin. Rtg. mynd af höfuðkúpu neikvæð við komu. Vegna sársauka yfir neðri kjálka og stífleika í hálsi var tekin röntgenmynd af hálsliðum og neðri kjálka. Ekki sáust merki um brot á beinum í hálshrygg, en í myndum af hæ. kjálka sást þverbrot hæ. megin.

Vegna mikillar bólgu yfir brotsvæðinu var aðgerð frestað þar til á sjötta degi eftir komu, er gerð var aðgerð á brotinu. Sjúklingur fékk í aðgerðinni smyrsl í auga og virtist fá ofnæmi fyrir því. Fékk meðhöndlun og jafnaði sig smátt og smátt. Eftir aðgerð fékk sjúkl. sársmit, og plata og skrúfur, sem sett höfðu verið í kjálkann til meðhöndlunar brotsins, var fjarlægt, og fékk sjúkl. í stað þess samvírun á efri og neðri kjálka með hjálp tannlæknis.

Sjúkl. var í síðasta eftirliti á Göngudeild Handlæknisdeildar þann 30/1 79 og var þá hér um bil gróinn sára sinna. Var þá í eftirliti hjá Sonnenfeld tannlækni."

Skýrsla var fyrst tekin af Kim Mortensen af lögreglunni á Akureyri þann 28. nóvember 1978. Þar lýsti hann áverkum sínum, en gat það eitt greint frá aðdraganda árásarinnar, að hann hefði verið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu og verið eitthvað undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann hafa hringt á leigubifreið einhvern tímann um miðnættið og hafi hann opnað útidyrahurðina og litið út til þess að gá að henni. Hafi hann þá fengið mikið högg hægra megin á höfuðið rétt ofan og aftan við eyrað.

Ekki kvaðst hann geta greint neitt þar frá til þess, að hann vaknaði á sjúkrahúsinu. Þá kveðst kærandi hafa frétt, að árásarmaðurinn væri ákærði í máli þessu.

Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður hafði sama dag símasamband við ákærða, en hann var þá kominn út á sjó. Viðurkenndi ákærði að hafa slegið Kim Mortensen. Jafnframt kvað hann Kim hafa verið búinn að áreita sig nokkuð inni í húsinu þá fyrr um kvöldið.

Ákærði kom tvisvar fyrir sakadóm. Hið fyrra sinn, hinn 9. mars 1979, viðurkenndi hann að hafa greitt einhverjum manni, sem hann þekkti ekki, högg með krepptum hnefa. Kvað hann mann þennan, sem hafi verið all-

drukkinn, hafa komið aftan að sér og hrint sér og ögrað og hafi hann því ákveðið að verða fyrri til. Ekki kvaðst ákærði hafa séð, að maðurinn fengi áverka, en hins vegar hafi hann dottið í gólfið nokkru síðar, væntanlega vegna ölvunar. Ekki kvað ákærði mann þennan hafa slegið sig beint að fyrra bragði, heldur komið í offorsi aftan að sér og hrint sér. Ákærði kveðst hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, er þetta gerðist. Er ákærði kom aftur fyrir sakadóm hinn 7. apríl 1981, kvað hann ekki rétt eftir sér haft í skýrslu Ófeigs Baldurssonar, að hann hafi tjáð honum í síma, að hann kannaðist við að hafa slegið Kim Mortensen. Þá bar hann, að hann hvorki játaði né neitaði því að hafa slegið Kim Mortensen. Mikil þvaga hafi verið í anddyrinu og hafi hann ekki slegið til neins, heldur hafi verið stimpingar þarna innan dyra. Þá neitaði hann jafnframt að hafa tekið þátt í nokkrum átökum utan dyra.

Vitnið Sigurður Jóhannsson sjómaður, Hólagötu 28, Vestmannaeyjum, kvaðst hafa verið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri í umrætt sinn með ákærða, en þeir voru þá skipsfélagar. Hafi þeir verið í anddyrinu um það bil sem dansleik var að ljúka. Þá kvaðst vitnið skyndilega hafa séð, að ákærði greiddi einhverjum manni þungt hnefahögg í andlitið. Hafi maðurinn fallið við og eins og hálfhenst út úr húsinu og fallið síðan í stéttina og legið þar. Hafi hann ekki hreyft sig og virst vera í roti. Vitnið kvaðst ekki hafa séð aðdraganda árásarinnar, en taldi hann trúlega fremur stuttan, þar sem það hefði hvorki heyrt né séð ákærða og manninn deila.

Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um það, hvernig maðurinn féll í gangstéttina, en því hafi fundist fallið bera þannig, að hann hafi henst út eða hálffallið við höggið frá ákærða, en síðan hnotið um þröskuldinn í beinu framhaldi og þá lent á gangstéttinni. Vitnið gat ekkert um þetta fullyrt, þar sem það sá ekki fætur mannsins, meðan þetta gerðist, vegna fólksþvögunar í anddyrinu. Vitnið var lítillega undir áhrifum áfengis, er þetta átti sér stað.

Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður hefur fyrir dómi staðfest skýrslu þá, sem fyrr er rakin, um símtalið við ákærða.

Lögreglumennirnir Ólafur Ásgeirsson og Stefán Tryggvason hafa báðir lýst því fyrir dómi, að á vettvangi hafi gefið sig á tal við þá vitnið Sigurður Jóhannsson. Skýrði hann þeim frá því, að hann hefði þá skömmu áður orðið vitni að svo fólskulegri árás skipsfélaga síns, að hann kvaðst ekki geta þagað yfir því.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis segir svo m. a.: „Hér er um að ræða alvarlegan áverka, sem vel getur hafa hlotist af líkamsárás af þeirri gerð, sem upp hefur verið gefin. Opið brot á kjálka er vandmeðfarinn áverki. Meðferð reyndis einnig margbrotin, erfið og langsótt, og sjúklingur hefur haft mjög mikil óþægindi af þessu broti þann langa tíma, sem

meðferðin tók. Auk þess er árangur meðferðarinnar langt undir því marki, sem talist getur viðsættanlegt fyrir ungan mann, því að hann hefur enn veruleg óþægindi í kjálkanum og hægri hluta andlitsins og talsvert áberandi lýti á andlitinu. Þótt ég geri mér vonir um, að hann muni um síðir gróa sára sinna að fullu og losna við lýti, annað en fremur ljótt ör á kjálkabarðinu, þá er þó engan veginn útséð um það, hvort svo verður né hve langan tíma það kann að taka.

Kim kom til undirritaðs þann 2/3 81. Frá því að lokavottorð var gefið út á Fjórðungssjúkrahúsinu, hafði Kim verið í meðferð hjá Sigurjóni Ólafssyni, tannlækni, sem dró úr honum 2 jaxla í neðri góm hægra megin, ofan og framan við ljótt ör, sem hann hefur undir hægra kjálkabarði. Hann segir bitið og tyggingu vera eðlilega. Hann kveðst hafa skakkan munn eftir slysið, og skekkist brosið og munnurinn yfir til vinstri. Hann segist ekki geta opnað munninn eins mikið og áður yfir til hægri vegna stirðleika í hægri kinn og munnviki. Kuldi sæki á hægri kjálka, og verður hann þá stífur, og segist eiga erfitt með mál. Þetta er bagalegt, þar sem hann er sjómaður að atvinnu og er ýmist á togurum eða bátum. Kim segist hafa verið frá vinnu í nálægt 5 mánuði vegna meðferðar á áverkunum.

Við skoðun sést, að munnurinn er ekki eðlilegur, þar sem hægra munnvik er nokkuð stíft, og bros og hreyfingar á vörum valda því, að munnurinn opnast aðallega yfir til vinstri.

Niðurstaða:

Kim hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Óþægindi hans eru frá kjálka og munni, og eru þau talin draga lítilsháttar úr starfgetu hans sem sjómanns vegna þess, hversu illa hann þolir kulda og vosbúð, sem tilheyrir því starfi. Örorka hans vegna slyssins er sem hér segir:

Frá slysinu í 5 mánuði 100%
Síðan varanleg örorka 5%."

Sannað er, með framkomnum vitnisburðum svo og öðrum gögnum málsins, að ákærði greiddi Kim Mortensen slíkt högg í höfuðið umrætt sinn, að heilsutjón hlaust af, eins og framan er rakið, og þykir brot hans réttilega fært til 218. gr. laga nr. 19/1940 í ákæruskjali.

II.

Kim Mortensen hefur gert kröfu til þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, kr. 71.501.80 með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvöxtum til birtingardags ákæru, en eftir það með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma,

til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar til handa Ásmundi Jóhannssyni héraðsdómslögmanni vegna aðstoðar hans við kröfugerð og gagnasöfnun í því sambandi skv. taxta LMFÍ, kr. 9.750.00.

Bótakrafa, hvað tekjutapið varðar, er byggð á útreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dags. 11. maí sl. Þar er, svo sem venja er, stuðst við tekjur tjónþola fyrir slysið, meðaltekjur sjómanna og verkamanna og lífslíkur skv. eftirlifendatöflum.

Kröfufjárhæðin er sundurliðuð þannig:

1. a.	Vegna tímabundins orkutaps í 5 mánuði	kr. 17.034.00
b.	Vegna varanlegs orkutaps eftir það	kr. 40.018.00
2.	Miskabætur	kr. 10.000.00
3.	Kostnaður vegna málsins:	
a.	Vottorð Gunnars Rafns Jónssonar	kr. 63.60
b.	Vottorð Kurt Sonnenfeld	kr. 63.00
c.	Vottorð Gauta Arnþórssonar	kr. 160.60
d.	Örorkumat	kr. 986.60
e.	Útreikningur örorkumats	kr. 1.120.00
f.	Greitt skattstofu	kr. 56.00
4.	Ferðakostnaður og uppihald	kr. 2.000.00
	Samtals	kr. 71.501.80.

Framangreindir liðir eru rökstuddir á eftirfarandi hátt:

1. Örorkutapið er reiknað út af tryggingafræðingi, og er sá útreikningur byggður á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis.

2. Liður þessi er byggður á mati. Nær hann til sársauka, óþæginda, lýta og langvarandi legu.

3. Liðir þessir eru allir studdir gögnum.

4. Liður þessi er ekki studdur gögnum, en byggist á ferðum slasaða til Reykjavíkur í sambandi við áverkann. Átt er við flugferðir, gistingu og fæði í tvö skipti. Tjónþoli hefur glatað gögnum um þennan lið, og hefur hann lýst því yfir, að fallið verði frá honum, ef hann sætir andmælum.

Af hálfu ákærða hefur verið krafist frávísunar á bótakröfunni, þar sem hún sé til þess fallin að tefja málið. Á það verður ekki fallist.

Rétt er að taka kröfulið 1 a að fullu til greina. Þá þykja bætur skv. lið nr. 1 b hæfilega metnar með hliðsjón af eingreiðsluhagræði, skattfrelsi o. fl. kr. 30.000.00. Miskabótum skv. 2. lið þykir í hóf stillt, og verða þær að fullu teknar til greina. Þá verða einnig að fullu teknar til greina kröfur skv. 3. lið, enda allar studdar gögnum. Ákærði hefur mótmælt ferðakostnaðar- og uppihaldskröfunni, og kemur hún því ekki til álita vegna yfirlýsingar tjónþola. Samkvæmt því ber ákærða að greiða Kim

Mortensen kr. 59.483.80. Þá greiði ákærði vexti af bótum skv. liðum 1 a og 3, eða samtals af kr. 19.483.80 þannig: með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvöxtum til 14. maí 1981, en bótakrafa er dagsett þann dag. Þá greiði ákærði dómvexti, eins og þeir eru ákveðnir með lögum hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags af kr. 59.483.80.

Ekki þykir eðlilegt að reikna skaðabótakröfuvexti á miskabætur og bætur vegna varanlegs orkutaps, þar sem þær fjárhæðir eru dæmdar með hliðsjón af verðlagi yfirstandandi árs, enda tekjutapskröfurnar í útreikningi tryggingafræðings að hluta reiknaðar til verðlags þessa árs, en að öðru leyti til verðlags hvers tekjuárs fyrir sig. Miskabótakrafan er að sjálfsögðu ekki byggð á fjárhagslegu tjóni og því óeðlilegt að reikna vexti á hana allt aftur til slysadagsins.

Lagaheimild skortir til þess að dæma lögmannsþóknun vegna aðstoðar við tjónþola, og ber því að vísa þeirri kröfu frá.

Niðurstöður

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga varðhald, en fullnustu refsingar þykir þó mega fresta og hún að fullu falla niður að tveimur árum liðnum, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Kim Mortensen kr. 59.483.80. Þar af greiði hann 19% ársvexti af kr. 19.483.80 frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvexti til 14. maí 1981. Þá greiði ákærði dómvexti, eins og þeir eru ákveðnir með lögum hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags af kr. 59.483.80.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lúðvíks Emils Kaaber héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00, og 4.000.00 kr. saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dráttur sá, er orðið hefur á máli þessu, stafar fyrst og fremst af því, hversu slælega var staðið að rannsókn þess fyrst í stað, svo og af því, hversu mjög vitni og aðiljar hafa dreifst um landið og miðin.

Dómsorð:

Ákærði, Ágúst Símonarson, sæti varðhaldi í 60 daga. Fullnustu refsingar skal þó fresta, og hún að fullu falla niður að tveimur árum liðn-

um, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Kim Mortensen kr. 59.483.80 innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þar af greiðast 19% ársvextir af kr. 19.483.80 frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvextir til 14. maí 1981.

Þá greiði ákærði dómvexti, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma með lögum, af kr. 59.483.80 frá 14. maí 1981 til greiðsludags.

Ákærði greiði Lúðvík Emil Kaaber héraðsdómslögmanni kr. 4.000.00 í málsvarnarlaun og kr. 4.000.00 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr.202/1980. **Ósgerði s/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins
(Sigurður Ólason hrl.).

Veiðiréttur. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október 1980, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. s. m. Hann gerir aðallega þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að ómerkingarkröfu áfrýjanda verði hrundið og hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málið hefur verið sérstaklega flutt fyrir Hæstarétti um ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda.

Stefndi fyrir Hæstarétti höfðaði mál þetta með stefnu, útgefinni 27. janúar 1976, á hendur Eyjólfi Guðsteinssyni f. h. dánarbús Guðsteins Eyjólfssonar sem eiganda Ósgerðis. Eftir að málið hafði verið rekið fyrir áreiðar- og vettvangsdómi í rúm fjögur ár, munnlega flutt og dómtekið 22. apríl 1980 og endurupptekið og flutt að nýju 19. maí s. á., var lýst yfir því á dómþingi 6. júní s. á., er hinn áfryjaði dómur var kveðinn upp, að málinu hefði „verið beint gegn Ósgerði s. f. ... þrátt fyrir orðalag í stefnu." Var jafnframt lagt fram nýtt gagn til sönnunar því, að greint félag væri eigandi Ósgerðis, og hefði svo verið a. m. k. síðan árið 1965.

Stefnukrafa fyrir héraðsdómi var sú, að hinu stefnda dánarbúi yrði dæmt óheimilt sem eiganda Ósgerðis „að leggja veiðilagnir eða stunda veiðiskap yfirleitt fyrir séreignarlöndum jarðanna Arnarbælis og Nethamra", en þær jarðir væru eign stefnanda. Í greinargerð fyrir héraðsdómi var og sérstaklega tekið fram, að málssóknin varðaði einungis „veiði fyrir sérgreindu heimalandi" Arnarbælis og Nethamra og væri „ekki tekin afstaða til þess, hvort Ósgerði kunni að eiga veiðirétt fyri óskiptu landi Arnarbælistorfu..."

Í þessu horfi var málið rekið fyrir héraðsdómi, uns lögð var fram yfirlýsing umboðsmanns stefnanda hinn 5. apríl 1979, þar sem sagði, að ekki yrði séð, að Ósgerði ætti neinn veiðirétt fyrir óskiptu landi Arnarbælistorfu. Loks hinn 21. apríl 1980 var skráð í þingbók, að stefnandi breytti dómkröfu sinni þannig, að krafist væri, að áreiðar- og vettvangsdómurinn staðfesti, að „jörðinni Ósgerði fylgi enginn veiðiréttur í Ölfusá á svæði, sem afmarkast af vesturmörkum Auðsholts vestur að fjörunni á móts við gamla íbúðarhúsið í Arnarbæli." Virðist nú hafa verið við það miðað, að árbakkinn innan greindra marka væri óskipt land Arnarbælistorfu, en ekki land Arnarbælis og Nethamra einna. Samþykkti umboðsmaður stefnda í héraði, að framangreind breyting á kröfugerðinni fengi að komast að í málinu. Með þessu var dómkrafan og málsgrundvöllurinn orðinn allt annar en verið hafði allan þann langa tíma,

sem málið hafði verið rekið fyrir áreiðar- og vettvangsdóminum. Ljóst er, að ýmis fleiri býli en málið var talið varða í upphafi teljast til hinnar svonefndu Arnarbælistorfu. Glögg grein hefur ekki verið gerð fyrir því, hver þau býli eru og hverjir eigendur þeirra. Í endanlegum dómkröfum sínum miðaði stefnandi við það, að árbakkinn á því svæði, sem um er að tefla, væri í óskiptri sameign sumra eða allra býla, sem teljist til Arnarbælistorfunnar. Ekki verður séð, að fyrirsvarsmönnum þeirra býla hafi verið veittur kostur á að láta málssókn þessa til sín taka, svo sem rétt hefði verið, þar sem hún í endanlegu horfi varðaði veiðirétt fyrir óskiptu landi, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Ræður í því sambandi ekki úrslitum, þótt stefndi hér fyrir dómi kunni að telja, að vegna sérstakra aðstæðna eigi ekki veiðirétt fyrir landi torfunnar önnur býli í henni en Arnarbæli og Nethamrar.

Þar sem á málatilbúnaði stefnanda og málsmeðferðinni voru slíkir annmarkar, sem nú hafa verið greindir, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dómi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrlsitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 10.000.00 krónur.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn. Eru þar á meðal skjöl, er varða eignarrétt að jörðinni Ósgerði frá 1921 til 1965. Þá hefur verið lögð fram landskiptagerð, er fram fór 8. júlí 1941, að því er virðist samkvæmt beiðni ábúenda á býlum í Arnarbælistorfu. Hefðu gögn þessi að réttu lagi átt að liggja fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins, greiði áfrýjanda, Ósgerði s/f, 10.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur áreiðar- og vettvangsdóms Árnessýslu 6. júní 1980.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 27. jan. 1976, og þingfestri 23. mars sama ár. Málið var munnlega flutt 25. apríl sl. og dómtekið að því loknu. Að tilhlutan dómsins var málið endurupptekið þann 19. mai sl. og dómtekið á ný að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er Jarðeignadeild landbúnaðarfaðuneytisins. Varnaraðiljar eru eigendur jarðarinnar Ósgerði, Ölfushreppi, sem sameignarfélag um eignina, sem þeir nefna Ósgerði s/f.

Dómkröfur hafa sætt nokkrum breytingum undir rekstri málsins. Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að staðfest verði með dómi réttarins, að jörðinni Ósgerði fylgi enginn veiðiréttur í Ölfusá á svæði, sem afmarkast af vesturmörkum Auðsholts vestur að fjörunni á móts við gamla íbúðarhúsið í Arnarbæli. Enn fremur er þess krafist, að eigendur Ósgerðis verði dæmdir til að greiða hæfilegan málskostnað. Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og málskostnaðar að mati réttarins.

Upphaflega var stefnt til réttargæslu í málinu Steindóri Guðmundssyni, Egilsstöðum, og Óskari Sigurðssyni, Króki, báðum í Ölfushreppi. Engar kröfur voru gerðar á hendur réttargæslustefndu, og engar kröfur komu af þeirra hálfu. Réttargæslustefndi Steindór sótti þing við upphaf málareksturs þessa, en þingsókn féll fljótlega niður af hans hálfu. Réttargæslustefndi Óskar hefur ekki sótt þing í málinu, og ekki verður séð af gögnum málsins, að hann hafi fengið tilkynningu um málareksturinn.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

Málavextir.

Eins og kröfugerð stefnanda ber með sér, er ágreiningur með aðiljum máls þessa um veiðirétt í Ölfusá á tilteknu svæði. Úpplýst er, að stefndu í máli þessu telja sig ekki eiga sérgreint land á þessu svæði niður að ánni. Þá er og upplýst, að viss spilda, sem liggur að ánni, er svonefnt óskipt land Arnarbælistorfu, en enginn ágreiningur er þó með aðiljum um mörk þessarar óskiptu spildu við ána.

Jörðin Arnarbæli í Ölfushreppi í Árnessýslu hefur verið kirkjujörð frá fornu fari. Lá hún að fornu undir Skálholt, en á veðbókarvottorði er hennar nú getið sem „vitanlegrar kirkjujarðar".

Lýsing landamerkja Arnarbælis og Ósgerðis er sameiginleg og undirrituð af umráðamönnum Arnarbælis og Ósgerðis 28. maí 1889 og þinglýst daginn eftir. Ekki er vitað annað en að landamerkjaskrá þessi sé óumdeild.

Af gögnum málsins er ljóst, að mörgum býlum hefur verið skipt út úr Arnarbælistorfunni, svonefndum hjáleigum. Jörðin Ósgerði, sem einnig liggur innan marka Arnarbælistorfunnar, var hins vegar úrskipt býli úr heimastaðnum Arnarbæli og því sjálfseignarjörð, Ekki er til serstök lýsing landamerkja um jörðina Ósgerði fremur en um hjáleigurnar í Atnarbælistorfunni. Þó er vitað, að jörðin Ósgerði er sérstakt úrskipt land og á einhvers konar rétt í vissu oskiptu landi Arnarbælistorfunnar. Enginn ágrein-

ingur er um mörk þessara svæða að því er tekur til deiluefnis þess, er hér er til úrlausnar.

Vikið er að jörðinni Ósgerði í Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1679. Þar eru greind mörk Ósgerðislands, en þessi lýsing kemur ekki að haldi lengur við úrlausn þessa máls. Þó er sagt, að Ósgerðisbóndi reki pening til vatns, þar sem skemmst er og skaðaminnst þeim, er á móti búi. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1704 er sagt, að úrskipt býli Ósgerðis úr heimastaðnum Arnarbæli sé talið um 16. partur jarðarinnar Arnarbælis. Vikið er að því, að þar kunni að fóðrast 20 kúa þungi og að kostir og ókostir séu þeir, sem taldir séu á heimastaðnum Anarbæli.

Af ljósriti úr jarðarmati 1849, sem lagt hefur verið fram í málinu, má ráða, að Ósgerði sé bændaeign, túnið fremur lítið, flatt og grasgefið og fóðri tæplega 2 kýr, engjar séu fremur stórar og úthagi óskiptur úr Arnarbælislandi. Þá hefur verið lagt fram í málinu ljósrit úr VII. bindi Alþingisbóka Íslands frá árinu 1681, sem varðaði tún og engjar Ósgerðis gagnvart Arnarbæli. Ekki virtist þessi dómur þó skipta máli um sakarefni það, sem hér er til úrlausnar. Af gögnun málsins og yfirlýsingu aðilja virðist liggja lóst fyrir, að selveiði hafi verið stunduð á ýmsum tímum frá Ósgerði í einhvers konar félagi við eigendur Arnarbælis. Ekki er öruggt, hver var lagalegur grundvöllur þessarar veiði í upphafi né hvort eða hvers konar skyldur eigendur Ósgerðis tóku sér í því sambandi. Veiði, og þá aðallega laxveiði, hófst hins vegar ekki á því svæði, sem hér er til umræðu, fyrr en á fyrri hluta þessarar aldar og eftir að selveiði minnkaði. Um þessi atriði verður þó að vísa til framburða þeirra vitna og aðilja, sem hér verða raktir á eftir.

Þeir Ársæll og Sigursteinn Guðsteinssynir gáfu aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum 30. mars 1979. Í skýrslum þeirra kemur m. a. fram, að þeir hafi átt landið í 13 ár. Þeir kváðust einkum hafa nýtt sér tvö svæði í ánni til netalagna. Fyrri árin hafi þeir einkum notað aðra lögnina, en hin síðari hina. Síðastliðin 5 ár hafi þeir einkum veitt sér til matar, enda hafi áin legið illa við lögnum á þrætusvæðinu. Í skýrslum Ársæls og Sigursteins kemur fram, að nokkur ágreiningur hafi orðið við ábúanda Arnarbælis og fleiri vega stangaveiði í ánni, en þar sé einungis um silungsveiði að ræða. Töldu þeir, að tekist hefði að ná samkomulagi um silungsveiðina við ábúanda Arnarbælis, Hermann Sigurðsson, fyrir nokkrum árum um skiptingu stangveiðisvæðis á grundvelli gamals samkomulags, sem þeim var tjáð, að gilt hefði um skiptingu veiðiréttar milli Arnarbælis og Ósgerðis. Þeir upplýstu, að eigendur Ósgerðis fengju greiddar bætur fyrir selveiðihlunnindi, sem tekin voru undan jörðinni með lögum. Þeir kváðust líta svo á, að umræddar laxveiðilagnir væru í sjálfu sér í óskiptri sameign, en hins vegar hafi Ósgerðismenn byrjað að notfæra sér þessar lagnir, og leiddi af því, að eigendur Arnarbælis gætu ekki notfært sér þær. Þeir töldu, að er sel-

veiði lagðist niður, hafi nýting laxveiði byrjað. Ósgerðismenn hefðu nýtt laxveiðiréttinn á sama grundvelli og selveiði áður.

Vitnið Þórey Pálsdóttir gaf skýrslu fyrir dóminum 27. apríl 1979. Hún átti heima í Ósgerði á árunum 1936—1964, er faðir hennar, Páll Guðbrandsson, bjó þar. Hún sagði, að Ósgerðisfólk hefði á hverju ári lagt net í Ölfusá, frá því að þau komu í Ósgerði allt fram til 1965. Í framburði hennar kemur fram, að þesar lagnir hafi verið á svipuðum stöðum og núverandi eigendur lögðu. Ekki kvaðst Þórey þora að segja um veiðar, áður en hún kom í Ósgerði, en kvaðst þó telja, að faðir hennar hafi farið eftir því, sem áður hafði tíðkast. Hún sagði, að faðir hennar hefði byggt heimildir sínar til veiðiréttar á umsögn nánar tiltekinna manna, sem hún taldi, að hefðu þekkt til. Ekki kvaðst hún hafa orðið þess vör, að ábúendur Arnarbælis hefðu gert athugasemdir við veiði Ósgerðisbónda. Hún taldi, að stangaveiðin hefði farið fram af hálfu Ósgerðismanna á hluta hins umdeilda veiðisvæðis. Hún tók fram, að Ósgerðismenn hefðu oftlega selt stangveiðileyfi á þessu svæði. Hún taldi föður sinn hafa fengið selabætur, eftir að selveiði var aflögð í Ölfusá.

Hermann Sigurðsson, ábúandi á Arnarbæli, gaf skýrslu hér fyrir dómi 10. maí 1979. Hann kvaðst hafa búið í Arnarbæli í 11 ár. Hann staðfesti, að Ósgerðismenn hefðu verið með netalagnir á hverju ári, frá því að hann kom í Arnarbæli. Fram kom, að ábúendur Arnarbælis hefðu haft lagnir á vissum svæðum í ánni, m. a. undir Nethamraklöpp og undan kirkjugarðinum í Arnarbæli. Hann sagði, að nokkurs konar bráðabirgðasamkomulag hefði verið gert við eigendur Ósgerðis um stangveiði. Ástæðan hefði verið sú, að stangveiðimenn frá Ósgerði hefðu verið yfir svæði hans, þar sem hann hefði haft lagnir. Út af þessu hefði komið til árekstra, og var það tilefni til þess, að framangreint samkomulag var gert og skyldi haldast, meðan mál þetta stæði yfir.

Vitnið Sigurður Auðunsson gaf skýrslu fyrir dóminum 11. júní 1979. Hann kvaðst hafa unnið hjá Gísla Gíslasyni úrsmið, en Gísli hafði veiði í Ölfusá undan landi Kaldaðarness og Arnarbælis á leigu. Var þetta á árunum frá 1935 og þar til netaveiði var tekin af um skeið. Vitnið minnti, að hann hefði unnið hjá Gísla ein þrjú eða fjögur ár. Sagðist vitnið hafa verið með lagnir beint undan Arnarbæli, en ekki fyrir ofan Nethamra eða þar út af. Hins vegar hafi ábúandinn á Nethömrum verið með silungsnet undan Nethamraklöppinni. Vitnið sagði, að Páll Guðbrandsson hefði komið í Ósgerði á því tömabili, sem vitnið stundaði veiðarnar. Pall stundaði selveiðar, en ekki laxveiðar, og kvað vitnið engar lagnir hafa verið frá Ósgerði á ánni. Einungis Arnarbælismenn hefðu stundað laxveiði undan landi Arnarbælistorfunnar. Vitnið sagði, að þeir hefðu haft lagnir, þar sem þeim fannst best að vera, undan Arnarbælistorfunni.

Lýður Guðmundsson, bóndi í Litlu-Sandvík, gaf skýrslu fyrir dóminum 28. júní 1979. Skýrði vitnið svo frá, að fyrir u. þ. b. 40 árum hefði verið uppi ágreiningur milli ábúenda Arnarbælis og Ósgerðis um skiptingu arðs vegna laxveiði í Ölfusá. Arðskráin á þeim tíma var þannig, að arður fyrir laxveiði var sameiginlegur í arðskrá fyrir umrædd býli, og sagði vitnið, að Arnarbælisbóndinn hefði hirt arðinn. Þessu hafi Ósgerðisbóndi Páll ekki viljað una. Hafi þetta orðið tilefni þess, að sýslumaður hafi falið vitninu og Arnbirni Sigurgeirssyni á Selfossi að leita sátta með deiluaðiljum, Páli og Hjörleifi Pálssyni, ábúanda Arnarbælis. Vitnið kveður samkomulag hafa orðið um skiptingu arðs milli aðiljanna, en vitnið man ekki lengur nánar efni samkomulagsins og kveður það hafa verið munnlegt. Vitnið sagði, að laxveiði hefði aldrei verið stunduð frá Arnarbælishverfi, þar til Gísli Gíslason hóf netaveiðar þar.

Í málinu liggur frammi vottorð, undirritað af Gísla Gíslasyni 10. febrúar 1953. Í vottorðinu kveðst hann hafa haft á leigu veiðirétt í Ölfusá af Ólafi Magnússyni, ábúanda í Arnarbæli, og veitt þar í sjö ár frá árinu 1933. Hann kvaðst ekki vita til þess, að Ósgerði hefði nokkurn tíma átt veiðirétt í Ölfusá. Þessu vottorði hefur umboðsmaður stefnda mótmælt sem röngu að því er tekur til veiðiréttar Ósgerðis í Ölfusá.

Helstu lagarök stefnanda, en þau hafa tekið nokkrum breytingum undir rekstri málsins, eru nú þessi: Stefnandi heldur því fram, að eigendur Ósgerðis eigi hvergi sérskipt land að ánni. Af því leiði, að þeir eigi ekki sjálfstæðan veiðirétt í ánni, enda sé óheimilt að skilja veiði frá landi eða vinna hefð að veiði eða veiðistað, þar sem svo hagi til. Þá er því haldið fram, að eigendur Ósgerðis eigi engan veiðirétt fyrir óskiptu landi Arnarbælistorfunnar (en mörk þess eru óumdeild, eins og áður sagði). Þannig hafi það ekki verið fyrr á tímum, nema að því er selveiði snertir, en þau hugsanlegu réttindi skipti máli í þessu sambandi.

Lagarök stefndu hafa einnig breyst nokkuð í meðförum málsins. Þau eru þessi hin helstu: Stefndu telja í fyrsta lagi, að þeim sé veiði heimil í Ölfusá á grundvelli þess, að þeir ásamt eigendum Arnarbælis séu sameigendur að óskiptu landi Arnarbælistorfunnar, sem liggur niður að ánni. Þeim sé því heimil veiði á því svæði.

Í annan stað halda þeir fram máli sínu sér til stuðnings, að samkomulag hafi komist á fyrr á tímum með eigendum Ósgerðis og Arnarbælis um hlut hvorrar jarðar um sig í selveiði í Ölfusá. Laxveiði í Ölfusá sé eðlilegt framhald af selveiði. Sel hafi verið útrýmt í Ölfusá á sínum tíma, til þess að lax gengi að ráði upp í ána. Hið forna samkomulag um sameiginlegan veiðirétt jarðanna hljóti þannig að gilda um laxveiðar eins og selveiðar áður.

Fram er komið, að hið sérgreinda land Ósgerðiseignarinnar liggur ekki

að ánni á hinu umdeilda svæði. Því er ekki um veiðirétt að ræða á þeim grundvelli, enda er því ekki lengur haldið fram í málinu.

Upplýst er, að svonefnt óskipt land Arnarbælistorfu liggur að Ölfusá innan hinna umdeildu veiðimarka og á svæði, sem nánar er sýnt á dómskjali nr. 21. Hér er um landsvæði að tefla, sem óumdeilanlega tilheyrði Arnarbæli, áður en Ósgerði kom til sögunnar sem sjálfstætt býli. Stefndu hafa hvorki leitt næg rök eða gögn að því, að þeir eða aðrir eigendur Ósgerðis hafi á einhverju tímabili öðlast beinar eignarrétt á þessu landi. Eins og hér háttar til, verða stefndu að bera hallann af sönnunarskorti um þá staðhæfingu, að þarna sé um að ræða sameignarland þeirra og eigenda Arnarbælis.

Hins vegar virðast Ósgerðisbændur hafa frá fornu fari átt beitarrétt og ef til vill aðrar takmarkaðar heimildir á þessu svæði. Þeir virðast enn fremur hafa átt rétt til selveiði í ánni. Selveiðin er nú aflögð, Er óvíst, hvernig þessi réttur var til kominn og hverjar skyldur fylgdu í kjölfarið. Þessar takmörkuðu hemildir, sem nú hafa verið nefndar, veita ekki nægjanlega visbendingu fyrir því, að Ósgerðisbændur hafi að fornu eða nýju átt rétt til laxveiði eða silungsveiði á hinu umdeilda svæði. Þá er og ekki sannað að slíkur réttur hafi stofnast til handa Ósgerðismönnum með sérstöku samkomulagi við eigendur Arnarbælis. Breytir engu í þessu efni, þótt Ósgerðisbændur kunni hafa veitt í ánni um takmarkaðan tíma. Loks verður ekki talið, eins og mál þetta er vaxið, að réttur til lax- og/eða silungsveiði hafi stofnast til handa Ósgerðisbændum í stað selveiði, sem nú hefur lagst niður samkvæmt framansögðu.

Rétt er, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Dóm þennan kvað upp Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnunum Sigurði Baldurssyni hæstaréttarlögmanni og Stefáni M. Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Jörðinni Ósgerði fylgir enginn lax- eða silungsveiðiréttur í Ölfsá á svæði, sem afmarkast af vesturmörkum Auðsholts vestur að fjörunni á móts við gamla íbúðarhúsið í Arnarbæli.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr. 68/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Daníel Péturssyni og
Þorsteini Geirssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Tollalagabrot. Ólöglegur innflutningur. Eignarupptaka. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 17. febrúar 1982. Agrip málsins barst Hæstarétti 2. september s. á.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar héraðsdóms að því er varðar úrlausn um háttsemi ákærðu Daníels og Þorsteins, en mál þetta var höfðað í héraði gegn 26 öðrum mönnum, er unað hafa héraðsdómi. Þá er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Verjandi krefst þess, að ákærðu verði sýknaðir og allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu á báðum dómstigum. Til vara er krafist vægustu refsingar, er lög leyfa, og að dæmd verði málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hér fyrir dómi.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara. Varðar atferli beggja ákærðu við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr., og 2. mgr. 71. gr. laga nr. 59/1969.

Rekstur máls þessa hefur verið næsta hæggengur, og teflir verjandi fram þeim rökum, að sök sé fyrnd. Hér er þess m. a. að gæta, að mál var höfðað samfellt gegn 28 mönnum, og eru nokkrir þeirra farmenn, sem eru fjarvistum langtímum saman. Þegar rannsóknarferill málsins er virtur í heild sinni og haft í huga umfang málsins og málasamlagið, þykir eigi verða talið, að sakir ákærðu séu fyrndar samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940.

Mjög langt er um liðið síðan brot ákærðu voru framin, og greinir sakaskrá eigi frá neinum brotum þeirra síðar samkvæmt því, sem saksóknari skýrði frá í flutningi málsins. Þykir réttmætt að fresta ákvörðun um refsingu ákærðu hvors um sig, og falla skal hún niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa fyrir viðkomandi, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku á sjónvarpstæki ákærða Daníels og sjónvarpstæki ákærða Þorsteins, þau er í málinu greinir, eiga að vera óröskuð svo og ákvæði dómsins um greiðslu sakarkostnaðar að því er þá varðar.

Ákærði Daníel greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 3.500.00 krónur, og ákærði Þorsteinn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur, en allan annan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur.

Er ákærði Daníel kom fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 29. október 1976, er eigi bókað, að gætt hafi verið ákvæða 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Er það aðfinnsluvert, en þing þetta háði annar dómari en dómari sá, sem kvað upp dóm í málinu.

Mikill dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, eftir að hinn síðarnefndi dómari tók við því. Er eigi gerð grein fyrir því í héraðsdómi, hverjar ástæður séu til þessa dráttar.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærðu, Daníels Péturssonar og Þorsteins Geirssonar, hvors um sig skal fresta og hún falla niður að liðnu einu ári frá birtingu dóms þessa fyrir viðkomandi, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku á sjónvarpstæki ákærða Daníels og sjónvarpstæki ákærða Þorsteins eiga að vera óröskuð svo og um sakarkostnað að því er þá varðar.

Ákærðu greiði hvor um sig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi. Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæsta-

réttarlögmanns, 3.500.00 krónur. Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 3. desember, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 556—583/1981: Ákæruvaldið gegn Þorláki Þórarinssyni, Friðbirni Kristjánssyni, Gísla Hafliðasyni, Helga Ívarssyni, Jóhanni Páli Lilaa Símonarsyni, Þorsteini Bjarnasyni, Þorsteini Helga Magnússyni, Guðmundi Guðmundssyni, Ólafi Ólafssyni, Finnboga Gíslasyni, Braga Sigurðssyni, Guðmundi Guðlaugssyni, Gunnari Tómasi Jónssyni, Gunnari Sigurðssyni, Sigurði Kristni Eyjólfssyni, Þorsteini Geirssyni, Júlíusi Sigurðssyni, Guðmundi Ásgeirssyni, Kristjáni Heimi Lárussyni, Magnúsi Gunnarssyni, Daniel Péturssyni, Geir Marinó Jónssyni, Hreini Þorsteini Garðarssyni, Matthíasi Þorbirni Guðmundssyni, Jörgen Jóni Hafsteini Sigurjónssyni, Guðmundi Andréssyni, Jóhanni Sigurði Eymundssyni og Ríkarði Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 26. október sl.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 11. mars 1977, „á hendur eftirtöldum mönnum:

1. Þorláki Þórarinssyni, skipstjóra, Hlíðargerði 35 í Kópavogi, fæddum 9. maí 1924 á Ísafirði.

2. Friðbirni Kristjánssyni, bryta, Kársnesbraut 97 í Kópavogi, fæddum 27. september 1939 í Reykjavík.

3. Gísla Hafliðasyni, yfirvélstjóra, Grænuhlíð 6 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. ágúst 1925.

4. Helga Ívarssyni, stýrimanni, Sléttahrauni 34 í Hafnarfirði, fæddum 19. mars 1948 í Reykjavík.

5. Jóhanni Páli Lilaa Símonarsyni, Gyðufelli 16 í Reykjavík, fæddum 11. apríl 1951 í Keflavík.

6. Þorsteini Bjarnasyni, bátsmanni. Fornhaga 17 í Reykjavík, fæddum þar í borg 19. maí 1946, og

7. Þorsteini Helga Magnússyni, loftskeytamanni, Asparfelli 4 í Reykjavík, fæddum þar í borg 19. maí 1946,

— öllum skipverjum á m.s. Dettifossi við komu skipsins til Reykjavíkur 14. febrúar 1976 frá Hamborg, að undanskildum ákærða Þorsteini Helga, er var í fríi í þeirri ferð.

8. Guðmundi Guðmundssyni, yfirverkstjóra, Lindarflöt 41 í Garðakaupstað, fæddum 12. janúar 1926 í Reykjavík.

9. Ólafi Ólafssyni, aðstoðaryfirverkstjóra, Miðbraut 24 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 8. maí 1948 í Reykjavík.

10. Finnboga Gíslasyni, yfirverkstjóra, Barðaströnd 3 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 12. október 1933 á Akureyri.

11. Braga Sigurðssyni, verkstjóra, Eyjabakka 20, fæddum þar í borg 27. september 1927.

12. Guðmundi Guðlaugssyni, verkstjóra, Hofteigi 22, í Reykjavík, fæddum 3. ágúst 1931 að Stóra-Laugardal í Tálknafjarðarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu.

13. Gunnari Tómasi Jónssyni, verkstjóra, Hjarðarhaga 33 í Reykjavík, fæddum þar í borg 13. júní 1921.

14. Gunnari Sigurðssyni, verkstjóra, Melgerði 15 í Reykjavík, fæddum 19. desember 1933 að Brúarhrauni í Kolbeinstaðahreppi, Hnappadalssýslu.

15. Sigurði Kristni Eyjólfssyni, verkstjóra, Hjarðarhaga 11 í Reykjavík, fæddum þar í borg 12. júní 1933, og

16. Þorsteini Geirssyni, bifreiðarstjóra, Þórshamri í Seltjarnarneskaupstað, fæddum þar 25. júlí 1949, — öllum starfsmönnum útgerðarfélags skipsins, Eimskipafélags Íslands h.f., í vöruskálum félagsins í Reykjavík, og enn fremur

17. Júlíusi Sigurðssyni, pípulagningameistara, Njarðarholti 7 í Mosfellshreppi, fæddum 5. febrúar 1943 í Reykjavík.

18. Guðmundi Ásgeirssyni, framkvæmdastjóra Barðaströnd 4 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 17. september 1939 í Reykjavík.

19. Kristjáni Heimi Lárussyni, vinnuvélastjóra, Kársnesbraut 92 í Kópavogi, fæddum 5. febrúar 1935 í Reykjavík.

20. Magnúsi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra, Miðbraut 24 í Seltjarnarneskaupstað, fæddum 6. september 1946 í Reykjavík.

21. Daníel Péturssyni, flugmanni, Lindarflöt 39 í Garðakaupstað, fæddum 8. febrúar 1932 í Reykjavík.

22. Geir Marinó Jónssyni, verkstjóra, Goðatúni 15 í Garðakaupstað, fæddum 15. febrúar 1930 á Eskifirði.

23. Hreini Þorsteini Garðarssyni, deildarstjóra, Goðatúni 17 í Garðakaupstað, fæddum 4. maí 1929 í Reykjavík.

24. Matthíasi Þorbirni Guðmundssyni, verkstjóra, Hvannalundi 12 í Garðakaupstað, fæddum 10. september 1921 í Reykjavík.

25. Jörgen Jóni Hafsteini Sigurjónssyni, bifreiðarstjóra, Háaleitisbraut 43 í Reykjavík, fæddum þar í borg 12. nóvember 1935.

26. Guðmundi Andréssyni, sjónvarpsvirkja, Gaukshólum 2 í Reykjavík, fæddum 28. nóvember 1947 á Akureyri.

27. Jóhanni Sigurði Eymundssyni, kaupmanni, Víghólastíg 16 í Kópavogi, fæddum 3. september 1927 á Vatnseyri, og

28. Ríkarði Kristjánssyni, verkstjóra, Heiðvangi 74 í Hafnarfirði, fæddum 16. apríl 1926 í Reykjavík.

Málið er höfðað gegn öllum ákærðu fyrir sameiginlegt smygl á 29 litasjónvarpstækjum af tegundinni Nordmende 2202, er flutt voru til landsins í vörugámi utan farmskrár í áðurgreindri ferð skipsins, en að öðru leyti framið með þeim hætti, að í desember 1975 og janúar 1976 lögðu ákærðu auk X, sem nú er látinn, fram hver fyrir sig áætlað kaupverð slíks litasjónvarpstækis, um 1.420 vestur-þýsk mörk eða jafnvirði þess í öðrum erlendum gjaldeyri, nema ákærðu Gísli Hafliðason og Jörgen Jón Hafsteinn Sigurjónsson, sem saman lögðu fram andvirði eins sjónvarpstækis, og ákærði Kristján Heimir, sem lagði fram andvirði tveggja sjónvarpstækja, og þeir allir greiddu ýmist sjálfir beint til ákærða Þorláks Þórarinssonar eða til einhvers hinna meðákærðu, er þá kom greiðslunni áfram til Þorláks í því skyni, að hann annaðist kaup á tækjunum í Hamborg og kæmi þeim með aðstoð þeirra skipverja, sem meðákærðir eru og með skipinu voru, fyrir í vörugámi, er fluttur yrði með skipinu hingað til lands utan farmskrár og eigi yrði tilgreindur eða til hans sagt við tollafgreiðslu skipsins, en hinir ákærðu starfsmenn skipafélagsins í landi skyldu annast uppskipun hans samkvæmt ábendingu hinna ákærðu skipverja, viðtöku á vöruafgreiðslusvæði skipafélagsins í Reykjavík, losun hans og afhendingu tækjanna þaðan til hvers hinna ákærðu án tollafgreiðslu. Að smygli sjónvarpstækjanna var að öllu leyti staðið með framangreindum hætti, og tækin voru komin í vörslur og notkun hjá öllum hinum ákærðu fáum dögum eftir komu skipsins til Reykjavíkur, og stóð svo þar til í október 1976, að sjónvarpstækin voru undir rannsókn málsins tekin í vörslur lögreglu.

Brot ákærðu teljast varða við 1. og 3. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, brot ákærða Þorláks Þórarinssonar auk þess við 69. gr. og hinna ákærðu starfsmanna skipafelagsins einnig við 70. gr., sbr. 71. gr. sömu laga, sbr. einnig lög nr. 66/1973 og nú lög nr. 71/1976 um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar og hver fyrir sig að undanskildum ákærða Gísla Hafliðasyni til þess samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit að sæta upptöku á sínu sjónvarpstæki og ákærði Kristján Heimir á tveimur sjónvarpstækjum. Sjónvarpstæki X verði gert upptækt samkvæmt 5. mgr. 72. gr. sömu laga."

Haustið 1975 kom til tals meðal nokkurra ákærðu, sem unnu við Reykjavíkurhöfn, að festa kaup á litasjónvarpstækjum erlendis, fá einhvern sjómann til að annast það og smygla tækjunum til landsins. Ástæðan fyrir

þessum bollaleggingum var sú akvörðun stjórnvalda að banna innflutning á slíkum tækjum, að sögn ákærðu. Þeim gekk ekki til gróðavonin. Ákærði Þorlákur kom fljótlega inn í málið svo og þeir í hópi ákærðu, sem unnu við Sundahöfn, en venja var, að m/s Dettifoss væri afgreiddur þar, og var því atbeina starfsmanna þar þörf. Einnig komust inn í þessa fyrirætlun fleiri aðiljar, sem ekki störfuðu hjá skipafélaginu. Í framhaldi af þessu voru tækin keypt í Hamborg, flutt til landsins, skipað á land og flutt af hafnarsvæðinu til þeirra, sem málið var höfðað gegn.

Ákærðu Þorlákur, Guðmundur Guðmundsson, Ólafur og Finnbogi „skiptu með sér" tækjunum eða voru eins konar tenglar, sem sáu um frekari dreifingu þeirra á meðal ákærðu.

Á vegum ákærða Þorláks voru þannig 10 tæki, sem fóru til hans sjálfs, ákærða Friðbjörns, ákærða Gísla, sem lét það ganga til Jörgens, Helga, Jóhanns Páls, Þorsteins Bjarnasonar, Þorsteins Helga, Jóhanns, Ríkarðs og Guðmundar Andréssonar.

Ákærði Guðmundur Guðmundsson hafði með 5 tæki að gera, eitt fyrir sig og hin fyrir ákærðu Daníel, Geir Marinó, Hrein Þorstein og Matthías Þorbjörn.

Tækin, sem voru á vegum ákærða Ólafs, voru 9 og fóru til hans sjálfs og ákærðu Braga, Gunnars Tómasar, Þorsteins Geirssonar, X, Júlíusar, Kristjáns Heimis (2) og Magnúsar.

Ákærði Finnbogi sá um 5 tæki fyrir sig og ákærðu Guðmund Guðlaugsson, Gunnar Sigurðsson, Sigurð Kristin og Guðmund Ásgeirsson.

Við rannsókn málsins var lagt hald á öll ofangreind tæki, sem búið var að dreifa til allra ákærðu.

Með bréfi, dagsettu 13. september 1976, fól ríkissaksóknari yfirsakadómara rannsókn ofangreinds innflutnings. Bréfi hans fylgdi skýrsla lögreglumannanna Hilmars Þorbjörnssonar og Edvards Skúlasonar í lögregluliði Reykjavíkur. Lögreglumennirnir höfðu sama dag gefið skýrslur sem vitni í sakadómi Keflavíkur, sem háður var að Fornhaga 13 hér í borg. Enn fremur var ákærði Þorlákur sama dag úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögm. Var sá úrskurður kveðinn upp í sakadómi Keflavíkur, sem háður var á Keflavíkurflugvelli. Nokkrum dögum síðar, eða 20. s. m., hófust aðgerðir á vegum bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði, Garðakaupstað og Seltjarnarnesi í máli þessu. Gögnin frá tveimur ofangreindum bæjarfógetaembættum voru send til Reykjavíkur, og sá sakadómaraembættið síðan um rannsókn málsins. Í þágu rannsóknarinnar voru sendir menn bæði til Sambandslýðveldisins Þýskaland og Bandaríkja Ameríku.

Framan af rannsókninni neituðu ákærðu sakargiftum, og komst ekki verulegt skrið á rannsóknina fyrr en gögnin, sem aflað var erlendis, lágu fyrir.

Ekki er talið nauðsynlegt að rekja rannsóknina lið fyrir lið, heldur verða lokaframburðir ákærðu aðeins raktir efnislega, nema annað þyki nauðsynlegt.

Ákærði Þorlákur Þórarinsson neitaði lengi vel öllum sakargiftum, og þykir rétt að rekja gang rannsóknar, að því er hann varðar, nokkuð.

12. september 1976 var ákærði upphaflega yfirheyrður i skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Keflavík/Grindavík/Gullbringusýslu af Hauki Matthíasi Guðmundssyni, þáverandi rannsóknarlögreglumanni. Þá neitaði ákærði öllum sakargiftum. Næsta dag var þingað í sakadómi Keflavíkur yfir ákærða, sem enn neitaði sakargiftum. Í lok þinghaldsins var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum. 5. október s. á. var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Ákærði neitaði þá sem fyrr.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 13. október s. á. hélt ákærði enn fast við þann framburð sinn, að hann hefði engan þátt átt í að smygla sjónvarpstækjum hingað til landsins á næstliðnum vetri. Í lok þinghaldsins var gæsluvarðhald ákærða framlengt um allt að 20 dögum. Í dóminum 20. s. m. rakti rannsóknardómarinn í stuttu máli gang rannsóknarinnar. Þá skýrði ákærði svo frá, að í byrjun desember 1975 hafi verið rætt um það milli hans og ákærðu Jóhanns Páls Símonarsonar, Þorsteins Magnússonar og Þorstines Bjarnasonar að reyna að komast yfir litasjónvarpstæki, þar sem erfitt væri að fá þau á Íslandi. Ákærði sagðist ekki vita nógu vel, hvað skeði í landi, til að geta greint frá því að svo stöddu. Sömuleiðis sagðist ákærði ekki vera tilbúinn til að skýra frá nöfnum annarra þeirra, sem þátt tóku í viðræðunum um þetta.

Ákærði kvaðst hafa rætt við Per Skog, skipshöndlara í Hamborg, og taldi, að það kynni að hafa verið í fyrstu ferð Dettifoss 1976, en var ekki viss.

Ákærði pantaði hjá Per Skog 28 litasjónvarpstæki af Nordmende gerð 20 - 22" að stærð. Öll voru þau eins. Ákærði greiddi megnið af tækjunum til Per Skog sjálfs, en einn eða tveir skipverjar greiddu sín tæki sjálfir.

Ákærði færðist undan að svara því, hvaða aðiljar létu hann fá peninga til kaupa á litasjónvarpstækjum, en nefndi þó Þorstein Magnússon, Þorstein Bjarnason, Jóhann Pál Símonarson, Friðbjörn Kristjánsson bryta og Helga Ívarsson stýrimann. Aðrir af áhöfn m/s Dettifoss hafi engan þátt átt í þessu athæfi þeirra félaga, og taldi hann, að þeir hafi ekkert um málið vitað.

Ákærði sagði Per Skog hafa komið með litasjónvarpstækin í sendiferðabifreið á bryggju og lét ásamt ákærða og Þorsteini Bjarnasyni tækin inn í hvítan gám af A gerð, ca 10 feta langan. Ákærði taldi, að öll tækin 28 hafi verið sett i gáminn á bryggjunni, áður en hann var settur um borð.

Gámurinn var síðan hífður ofan í 1. lest, þ. e. fremri lestina. Ekki mundi ákærði, hvernig honum var lokað.

Varðandi reikninga þá, sem útbúnir voru yfir viðskipti þeirra Per Skog um litasjónvarpstækin, þá sá ákærði aldrei neina reikninga í því sambandi. Hann greiddi Skog umsamið verð og fékk enga kvittun fyrir. Ef nöfn væru á þeim reikningum, sem Per Skog lét af hendi við tollyfirvöld í Hamborg, þá væru þau nöfn skrifuð út í bláinn af honum sjálfum, því ákærði gaf honum engin nöfn upp.

Í dóminum næsta dag skýrði ákærði svo frá, að Ríkarður Kristjánsson, verkstjóri í Straumsvík, flutningadeild, Jóhann, kaupmaður í versluninni Drífu, Víghólastíg 16, Kópavogi, og Kai, skrifari hjá Eimskip hér í Reykjavík, hafi einnig fengið hjá sér eitt tæki hver. Að öðru leyti kvaðst hann lítið vita, hvað varð um hin tækin, en vísaði á Guðna, verkstjóra í Sundahöfn hjá Eimskip.

Ákærði viðurkenndi, að Ólafur, verkstjóri í Faxaskála, hafi látið sig fá gjaldeyri, sem svari til innkaupsverðs 19 sjónvarpstækja, eða ca 25.000 DM, öðrum hvorum megin við sl. áramót. Ólafur nefndi engin nöfn, enda vildi ákærði engin nöfn vita. Er til Reykjavíkur kom, lagðist skipað að í Sundahöfn, og kom þá Guðni, verkstjórinn, um borð og spurði ákærða um litatækin og hvar þau væru í skipinu. Skýrði ákærði honum frá því. Jafnframt var Guðna skýrt frá hlutdeild skipverja.

Ákærði gaf Guðna upp nöfn nokkurra þeirra, sem þá áttu tæki, og voru nöfnin þessi: Friðbjörn Kristjánsson, Helgi Ívarsson, Þorsteinn Bjarnason, Þorsteinn Magnússon og e. t. v. Jóhann Símonarson. Þá bað ákærði Guðna um að koma 3 eða 4 tækjum heim til sín, og komu tækin annað hvort samdægurs eða daginn eftir. Ólafur verkstjóri og ókunnugur maður komu með tækin.

Ákærði neitaði því, að gámur sá, sem notaður var undir litasjónvarpstækin á heimleiðinni, hafi verið fluttur frá Reykjavík til Hamborgar. Hið sanna væri, að hann hafi fengið hann að láni hjá manni að nafni Fress Kühl, sem ynni við talningu á vörum fyrir Eimskip. Ákærði fékk gáminn lánaðan með því að segja, að í hann ættu að fara vörur og dót fyrir Eimskip. Ekki var gámur þessi færður á neinar farmskrár eða skipsskjöl.

Ekki varð ákærði var við, að tollverðir bæru saman fjölda gáma í skipinu saman við lista yfir gáma, enda oft óhægt um vik eða með öllu ómögulegt að komast að gámum niðri í skipinu, hvað þá að telja þá, því þeir séu á öllum dekkjum.

Ákærði hafði ekki orðið var við, að tollverðir teldu gáma almennt og bæru saman fjölda þeirra við lista, er þeim er skipað upp, en þó komi það fyrir.

Er ákærði kom fyrir dóm 26. s. m., sagði hann það vera rétt, sem fram

hefði komið hjá Ólafi Ólafssyni verkstjóra, að tækin hefðu verið 29, en ekki 28. Í gáminn fóru 29, og ráðstafaði Ólafur 19 og ákærði 10 tækjum. Guðmundur Andrésson útvarpsvirki afhenti ákærða, áður en lagt var í ferðina, gjaldeyri, sem samsvaraði DM 1.225 til að kaupa sjónvarpstæki að Nordmende gerð með 20 þumlunga skermi. Ákærði fékk því heim 5 tæki. Kom Guðmundur samdægurs og sótti sitt tæki.

Ákærði Friðbjörn Kristjánsson hefur skýrt svo frá, að einhvern tíma í janúar eða febrúar 1976 hafi Þorlákur Þórarinsson komið að máli við ákærða um borð í Dettifossi og boðið honum litasjónvarpstæki til kaups. Ákærði þáði það, og greiddi hann Þorláki um 1.428 DM. Ákærði kvaðst ekki hafa haft hugmynd um, hvernig Þorlákur útvegaði tækið eða hvernig það kom um borð eða hvernig því var komið í land hér heima. Ákærði taldi sig ekki muna betur en að tækið hafi verið flutt heim til hans sama dag og skipið kom til landsins eða daginn eftir. Gerðu það tveir ókunnugir menn, milli tvítugs og þrítugs. Ákærði kvaðst vilja leggja áherslu á, að hlutur hans í málinu hafi aðeins verið sá að leggja fram peninga fyrir einu tæki. Ákærði kvaðst ekki hafa séð tækið koma um borð, ekki fara frá borði og vissi ekki fyrr en tækinu var ekið heim til hans.

Ákærði Gísli Hafliðason hefur kannast við að hafa haft milligöngu um, að eitt litasjónvarpstæki var keypt í Hamborg, flutt heim til hans og síðan afhent ákærða Jörgen Jóni Hafsteini Sigurjónssyni. Jörgen hafði, að sögn Gísla, beðið hann að kaupa fyrir sig slíkt tæki í Hamborg, flytja heim og gefa upp til tollsins. Þorlákur bauðst til að útvega ákærða tæki á verksmiðjuverði. Ákærði kvaðst eigi hafa efni á því, en datt í hug að láta Jörgen ganga inn í þau kaup, og greiddi hann til Gísla fjárhæð tækisins, sem átti að kosta um 1.400 DM. Jörgen greiddi kaupverðið í margs konar mynt, og afhenti Gísli Þorláki féð. Ákærði kvaðst eigi hafa verið skipverji á m/s Dettifossi í smyglferðinni. Þegar tækið kom til landsins, hringdi Þorlákur í Gísla og sagði honum, að tækið hefði „sloppið í gegnum tollinn, og var svo látið standa," en ákærði kvaðst ekki hafa óskað eftir öðru en að tækið yrði sett á pakkalista. Tækinu var síðan ekið heim til ákærða í sendibifreið af ókunnugum manni, sem ákærði frétti síðar, að hafi verið Ólafur Ólafsson. Jörgen kom samdægurs og sótti tækið heim til Gísla.

Ákærði Helgi Ívarsson hefur skýrt svo frá, að einhvern tíma síðari hluta ársins 1975 hafi þeir Þorlákur Þórarinsson ræðst við um hugsanlegt smygl á litasjónvarpstækjum. Bauð Þorlákur ákærða að taka þátt í smyglinu, og eftir að hann hafði hugsað málið, ákvað hann að vera með. Rætt var um að smygla tækjunum í gámi, og var svo gert í annarri ferð m/sa Dettifoss 1976. Ákærði nafngreindi Þorlák, Jóhann Pál, Þorstein Bjarnason, Þorstein Magnússon, Friðbjörn Kristjánsson og Gísla Hafliðason sem aðra þátttakendur í smyglinu, sem honum væri kunnugt um. Ákærði greiddi

Þorláki fyrir tækið með DM 1.200 eða 1.400. Tækin voru keypt hjá Per Olaf Skog, skipshöndlara í Hamborg. Ekki hafði ákærði nein afskipti af þeim viðskiptum sjálfur, þ. e. greiðslu eða móttöku tækjanna. Ákærði taldi, að tækin hefðu verið sett í gám á bryggjunni, sem Dettifoss lá við, þó ekki við skipshlið, heldur dálítið frá skipinu og við vörugeymslu, sem er þarna. Ekki vissi ákærði um útvegun gámsins, en taldi slíkt auðvelt. Ákærði kvaðst fyrst ekki muna, hvaða gerð af gámi var notuð eða hvar hann var hafður á skipinu. Eftir að honum var bent á framburð Guðna Sigþórssonar verkstjóra um annað í þeim efnum, kvaðst ákærði ekki mótmæla þeim framburði. Guðni hafði borið, að hann hefði umrætt sinn verið að vinna við affermingu skipsins, er ákærði Helgi kom til hans. Helgi sagði Guðna, að nú væru tækin um borð og væru þau í hvítum 10A feta löngum gámi, sem stýrimaðurinn visaði honum á í eitt lestinni. Var gámurinn á efsta þilfari lestarinnar. Guðni sagði Helga, að sér kæmi þetta ekki við, og slitu þeir samtalinu. Ákærði Helgi kvaðst ekki hafa fylgst með, hvað varð um gáminn, eftir að hann fór frá borði. Fljótlega eftir að ákærði kom heim til sín, kom Ólafur Ólafsson verkstjóri heim til ákærða með hans litatæki, og tók kona ákærða á móti því. Ákærði vissi, að auk Ólafs var Finnbogi Gíslason verkstjóri aðili að málinu.

Ákærði Jóhann Páll Lilaa Símonarson kvað tækjunum hafa verið smyglað til landsins í 2. ferð skipsins árið 1976. Nokkrum ferðum áður kom Þorlákur að máli við ákærða og kvaðst vera kominn í samband við aðilja um kaup á litasjónvarpstækjum í Hamborg, sem smygla ætti til landsins, og spurði hann ákærða, hvort hann vildi kaupa eitt slíkt tæki. Ákærði játti því. Bar þetta að með þeim hætti, að er skipið var statt í Reykjavík, kallaði Þorlákur ákærða og Þorstein Bjarnason bátsmann inn í káetu sína. Þar bauð Þorlákur þeim að vera með og hafði á orði, að tækin yrðu flutt í land í gámi og hann hefði aðilja í landi, sem sæju um afgreiðslu á gáminum, þegar hann væri kominn í land.

Ákærði kvaðst minnast þess, þegar skipið kom til Hamborgar í umræddri ferð, að Þorsteinn hafi haft á orði, að hann væri að fara til að taka á móti sjónvörpunum uppi á bryggjunni. Skipið hafði komið með tóman gám, sem Þorlákur útvegaði, og var hann hífður upp á bryggju í Hamborg af starfsmönnum hafnarinnar. Síðdegis kom Per Skog, skipshöndlari í Hamborg, með tækin að skipshlið í sendibifreið. Kom Per Skog nokkrar ferðir á bifreiðinni með tæki. Tækin voru sett í gáminn á bryggjunni, en ákærði var ekki viðstaddur og vissi ekki, hve mörg tæki fóru í gáminn á bryggjunni. Þorsteinn Bjarnason var viðstaddur hleðsluna. Ákærði taldi þá tvo eina af skipverjunum vita um smyglið ásamt Þorláki. Gámurinn var síðan hífður um borð og settur í 2. lestina. Þar var bætt í hann fleiri tækjum, sem hífð voru um borð á vörubretti. Ákærði hjálpaði

Þorsteini við að setja þau tæki í gáminn, en Þorlákur kom þar hvergi nálægt. Ákærði sagði, að komið hefði með þessum hætti um borð eitt og hálft vörubretti. Ekki vissi ákærði, hve tækin voru mörg. Gámurinn var ekki fullur og hefðu komist í hann fleiri tæki. Að lokum innsiglaði Þorsteinn gáminn. Þegar Dettifoss var kominn í Sundahöfn, var gámurinn settur inn í eystri skemmuna hjá Eimskip, en ákærði vissi ekki, hvað um hann varð. Ákærði sótti síðar sitt tæki heim til Þorláks, en mundi ekki, hvort það var í þessari landvist eða þeirri næstu.

Ákærði Þorsteinn Bjarnason hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið í frii í jólaferð m/s Dettifoss. Er ákærði kom aftur á skipið, bauð Þorlákur Þórarinsson honum, er þeir voru staddir um borð í skipinu, sem lá í Sundahöfn, að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki. Ákærða skildist á Þorláki, að hugmyndin væri að kaupa eitthvert magn af þeim. Ekki gat ákærði tilgreint, í hvaða ferð skipsins tækin voru keypt. Hitt mundi ákærði, að Þorlákur var skipstjóri í ferðinni og Helgi Ívarsson 1. stýrimaður. Á brottfarardegi skipsins í Hamborg kom Per Skog skipshöndlari með tækin að skipshlið í sendibifreið. Ákærði tók á móti tækjunum þarna á bryggjunni ásamt Þorláki. Voru þeir það langt frá skipinu, að það sást ekki þaðan, er þeir tveir tóku tækin úr bifreiðinni og settu í gám. Þorlákur hafði áður beðið ákærða að hjálpa sér við að koma tækjunum fyrir í gámum. Ekki vissi ákærði, hvernig Þorlákur útvegaði gáminn. Per Skog þurfti að fara tvær ferðir til að sækja tæki og setja í gáminn. Tækin voru alls 28. Áður en tækin voru sett í gáminn, hafði ákærði fengið Þorláki DM 1.400 sem greiðslu fyrir sitt tæki. Ekki var ákærða kunnugt, hvort Þorlákur lokaði og læsti gáminum, eftir að tækin voru komin í hann. Ákærði mundi, að strákur á lyftara ók gámnum að skipshlið, og var hann hífður ofan í 2. lest skipsins. Ákærði vissi síðan ekki um framvindu mála, eftir að skipið var lagst að bryggju í Sundahöfn, t. d. með hvaða hætti gámurinn komst í land. Þorlákur hafði tjáð ákærða, að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að koma tækinu í land. Þorlákur ætlaði að sjá um það og láta aka tækinu heim til ákærða. Tveim dögum seinna komu tveir menn á vörubifreið heim til ákærða með tækið.

Ákærði Þorsteinn Helgi Magnússon hefur kannast við að hafa átt þátt í að smygla til landsins einu litasjónvarpstæki af Nordmende gerð. Málavextir voru þeir, að í jólaferð m/s Dettifoss til Felixstowe og Hamborgar, sem hófst frá Reykjavík 19. desember, kom Þorlákur, þáverandi skipstjóri á skipinu, að máli við ákærða, er skipið var í Hamborg, og spurði, hvort ákærði vildi vera með í að kaupa litasjónvarpstæki. Ákærði sló til, er hann sá, hve tilboðið var freistandi, enda sagði Þorlákur, að ákærði þyrfti ekki að hugsa um að koma tækinu í land, hann mundi sjá um það atriði. Ákærði sá nafnalista hjá Þorláki, og sýndist ákærða vera á honum 7 - 8 nöfn.

Ákærði sá þarna nöfn Þorsteins Bjarnasonar bátsmanns og Jóhanns Páls háseta. Þorlákur skrifaði nafn ákærða á listann. Ekkert skeði meira í málinu fyrr en 27. janúar, er Þorlákur bað ákærða að greiða tækið, sem hann mundi kaupa í næstu ferð, sem hófst frá Reykjavík samdægurs. Ákærði kom um borð rétt fyrir brottför og greiddi Þorláki í dollurum og mörkum kaupverðið, 1.400 DM. Ákærða var kunnugt, að Þorlákur ætlaði að kaupa tækin hjá Per Skog í Hamborg, a. m. k. hafði hann orð á því. Ákærði var í fríi þessa ferð skipsins svo og þá næstu. Um var talað, að tækinu yrði komið í bílskúr hjá foreldrum ákærða. Þar var tækið komið, er ákærði kom þangað í heimsókn 28. febrúar.

Ákærði Guðmundur Guðmundsson hefur skýrt svo frá, að hann og ákærði Ólafur hafi rætt um sín á milli að fá keypt erlendis litasjónvarpstæki og flytja þau til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda. Í upphafi var aðeins rætt um fá tæki, og var strax talað um að flytja þau í gámi með öðru dóti. Ákærði Guðmundur hafði einn tal af ákærða Þorláki, sennilega haustið 1975, í september-október, niður við Reykjavíkurhöfn. Í ljós kom, að Þorlákur var sama sinnis og tók vel í hugmynd Ólafs. Fljótlega var komið á fundi með þeim þremenningum, þ. e. Guðmundi, Þorláki og Ólafi, þar sem málið var undirbúið. Þorlákur tók að sér að kanna verð í Hamborg, bæði í verslun og hjá firmanu Skog Export. Útvegaðir voru myndabæklingar og ákveðið síðan að kaupa tæki af Nordmende gerð á 1.350 DM. Rætt var um, að nauðsynlegt væri að fá liðsinni verkstjóra í Sundahöfn, þar eð m/s Dettifoss legðist alltaf þar að bryggju og ekki hægt að meðhöndla gám með smyglvarningi án aðstoðar þeirra. Guðmund minnti, að hann hefði fyrst talað við ákærða Finnboga Gíslason. Finnbogi tók vel í þetta, og vissi Guðmundur til þess, að hann fékk aðra verkstjóra til liðs við sig og bauð þeim jafnframt þátttöku. Guðmundur nefndi í þessu sambandi verkstjórana ákærðu Sigurð Eyjólfsson, Guðmund Guðlaugsson og Gunnar Sigurðsson. Finnbogi og Ólafur sáu einir um samskiptin við þá. Guðmundur gat þess einnig, að ákærðu, verkstjórarnir, Bragi Sigurðsson og Gunnar Tómas Jónsson hafi komið snemma inn í málið, þ. e. inn í umdirbúninginn. Einnig vissi Gumundur til þess, að X heitinn fékk tæki, en hann var ekki með í undirbúningnum.

Fljótlega var ljóst, að mikill áhugi væri á kaupum á litasjónvarpstækjum og þurfa þyrfti heilan gám til innflutningsins. Guðmundur bauð nokkrum aðiljum að kaupa tæki, þ. e. ákærðu Daníel Péturssyni, Hreini Þorsteini Garðarssyni, Matthíasi Þorbirni Guðmundssyni, bróður Guðmundar, og Geir Marinó Jónssyni, sem var á vegum ákærða Hreins Þorsteins. Hinir verkstjórarnir buðu öðrum aðiljum að kaupa fyrir þá tæki. Allir áttu að greiða sama verð, eða um 1.350 DM, og skyldi greiðslan fara fram í erlendri mynt. Ákærði taldi ekki rétt hjá bróður sínum, að hann hefði greitt í ís-

lenskum gjaldeyri. Hann hefði látið í té erlendan gjaldeyri í margs konar mynt, en þar sem hann dugði ekki til, lét ákærði honum í té nokkar £ 5-seðla. Þeir fimm aðiljar ,,sem í kringum" ákærða stóðu, greiddu honum sitt kaupverð, sem hann afhenti síðan ákærða Ólafi skömmu fyrir áramótin 1976 - 1977, er ákærðu Guðmundur og Finnbogi voru á förum til Kanaríeyja. Ólafur kom fénu til ákærða Þorláks.

Er ákærði Guðmundur kom heim úr leyfinu í febrúarbyrjun, var von á tækjunum með m/s Dettifossi. Voru þau flutt til landsins í gámi, eins og rætt hafði verið um. Ekki vissi ákærði Guðmundur, hvernig gámurinn var fenginn, en venja væri að flytja út í hverri ferð 50 - 100 tóma gáma, sem notaðir voru undir varning á heimleið. Ákærði Guðmundur sagði starfssvið sitt vera niður við Reykjavíkurhöfn og því hefði hann ekki verið staddur í Sundahöfn, er skipið kom þangað. Ákærði kvaðst ekki vita annað en að verkstjórarnir þar innfrá hefðu séð um að taka á móti gámnum og flytja inn í portið.

Ákærði Guðmundur útvegaði sendibíl hjá Matthíasi bróður sínum, sem var í eigu Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Taldi Guðmundur, að þetta hefði verið daginn eftir komu skipsins. Ákærði Ólafur fékk bílinn, sótti tækin í gáminn og dreifði þeim. Eitthvað um 20 tæki tilheyrðu ,,verkstjórahópnum," en auk þess var ákærði Þorlákur með eitthvað af tækjum á sínum vegum, sennilega alls um 28. Er ákærði kom heim umræddan dag, var sendibíllinn þar fyrir utan og í honum fimm tæki á snærum ákærða, sem hann flutti til ,,sinna aðilja," m. a. til bróður síns, Matthíasar Þorbjörns. Guðmundur taldi, að Matthíasi hafi verið ókunnugt um, til hvers bifreiðin var notuð umrætt sinn, þótt hann hefði góðfúslega lánað hana.

Ákærði Ólafur Ólafsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um mánaðamótin október - nóvember 1975, að nokkrir vinnufélagar hjá Eimskipafélagi Íslands h/f hafi farið að bollaleggja lauslega og síðan komið sér saman um að festa kaup á litasjónvarpstækjum erlendis og fá einhvern sjómann til að flytja þau til landsins. Ekki stafaði þetta af gróðavoninni, heldur af nýjungagirni og hin raunverulega ákvörðunarástæða hafi verið innflutningsbann á litasjónvarpstækjum á þessum tíma. Þeir, sem voru með í að hugleiða og skipuleggja þetta auk ákærða, voru ákærði Finnbogi Gíslason, yfirverkstjóri í Sundahöfn, ákærði Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri í Faxaskála, ákærði Gunnar Jónsson, verkstjóri í Faxaskála, ákærði Bragi Sigurðsson verkstjóri og X verkamaður. Snemma kom fram, að vænlegast væri að flytja tækin í gámi til landsins, enda höfðu þeir góða aðstöðu sem yfirmenn að láta flytja gáminn þangað sem þeir vildu, eftir að hann var kominn í land. Ákærði taldi áhættuna af þessu ekki mjög mikla, þar sem lítið eftirlit væri með varningi, sem í gámum kæmi, ekki væri einu sinni talið upp úr skipum. Eftir athugun kom í ljós, að heppileg-

ast yrði að kaupa tæki af gerðinni Nordmende 2202, með 22 þumlunga skjá. „Fljótlega kom helst til greina að tala við ákærða Þorlák Þórarinsson. Ákærði Ólafur og meðákærðu Guðmundur Guðmundsson og Finnbogi „fengu" ákærða Þorlák til að koma á skrifstofu yfirverkstjóra í Faxaskála, „ þar sem málið var lagt fyrir hann". Ákærði Þorlákur féllst á að kaupa tækin í Hamborg í einni af ferðum m/s Dettifoss. Rætt var um að fá gám frá útgerðarfélaginu í Hamborg og setja tækin í hann. Þá var ekki vel ljóst, hve mörg tækin yrðu. Ákærði Þorlákur tók að sér að kynna sér verðið hjá Skog Export í Hamborg og undirbúa kaupin þaðan, ef það yrði vænlegt.

Í fyrstu ferð m/s Dettifoss í janúar 1976 afhenti ákærði Ólafur ákærða Þorláki erlendan gjaldeyri fyrir 19 tækjum fyrir jafnmarga aðilja. Um var að ræða 19 menn, sem einhver af verkstjórunum þekktu, og buðu þeir mönnunum að vera með í að kaupa tæki, ef þeir legðu sjálfir til erlendan gjaldeyri, en þá lá verðið fyrir, hvert tæki átti að kosta DM 1.450 eða 1.480. Ákærði veitti öllum gjaldeyri viðtöku úr hendi ákærðu Guðmundar Guðmundssonar og Finnboga Gíslasonar auk þess sem einstakir aðiljar greiddu hver fyrir sig. Allir peningarnir, sem ákærði tók á móti, voru í erlendri mynt, ýmist þýskri eða annarri eða „allt frá færeyskum krónum og að þýskum mörkum." Ákærði Ólafur kvaðst hafa séð um að kaupa tæki fyrir ákærða Magnús Gunnarsson og ákærða Kristján Heimi Lárusson.

Er m/s Dettifoss kom úr þessari ferð frá Hamborg, komu tækin ekki með, en von var á tækjunum í næstu ferð, snemma í febrúar. Er skipið kom til Sundahafnar í febrúar, var ákærði búinn að fá frá Hamborg óundirritað bréf, þar sem getið var um staðsetningu gámsins á skipinu og númer hans. Ákærði talaði við Guðna Sigþórsson skipaverkstjóra um að láta flytja gáminn upp á bryggju og flytja hann á svæði fyrir eldfima gáma innan girðingar á athafnasvæðinu. Guðni hafði afþakkað að vera þátttakandi í smyglinu, en ákærði taldi hann vita, hvað var á seyði.

Síðdegis laugardaginn 14. febrúar fékk ákærði Ólafur lánaðan sendibíl, sem Bæjarútgerð Reykjavíkur átti og ákærði Guðmundur Guðmundsson hafði milligöngu um að útvega hjá bróður sínum, ákærða Matthíasi, verkstjóra hjá BÚR. Ákærði fór tvær ferðir á bifreiðinni til að sækja tækin í gáminn. Þá var verið að vinna innan girðingar athafnasvæðisins og sennilega í báðum skálunum. Ákærði var í skjóli við gáma, sem innihéldu eldfim efni, og gat því athafnað sig óséður. Ákærði var einn við flutningana, enda aðrir verkstjórar að vinna. Ákærði hafði fengið frí hjá ákærða Guðmundi Guðmundssyni til að annast þetta. Í fyrri ferðinni fór ákærði með tækin á verkstæði ákærða Kristjáns Heimis í Kópavogi. Kristján Heimir hafði áður lánað ákærða lyklana. Ákærði fór seinni ferðina í beinu framhaldi.

Ákærði Ólafur var með miða frá ákærða Þorláki með nöfnum þeirra,

sem áttu að fá tækin 10, sem ákærði Þorlákur hafði með að gera. Samkvæmt listanum áttu 5 - 6 tæki að fara heim til Þorláks og 4 - 5 tæki á ýmis heimilisföng. Ákærði Ólafur fór einnig með nokkur tæki heim til ákærða Finnboga, tvö heim til sín, tvö til ákærða Braga Sigurðssonar, eitt heim til X heitins, eitt til ákærða Gunnars Jónssonar og eitt tæki til ákærða Þorsteins Geirssonar. Er ákærði skilaði sendibílnum heim til ákærða Matthíasar, voru eftir í bílnum 4 - 5 tæki, sem tilheyrðu ákærða Guðmundi. Ákærði taldi líklegt, að fimm tæki hefðu farið til ákærða Finnboga, og vissi ákærði, að verkstjórar í skálunum í Sundahöfn, ákærðu Sigurður Eyjólfsson, Guðmundur Guðlaugsson og Gunnar Sigurðsson, áttu að fá tæki. Ákærða var ókunnugt um, hver átti að fá eitt tækið.

Loks hefur ákærði Ólafur skýrt svo frá, að hann og vinnufélagar hans hafi hlotið eins konar dóm hjá vinnuveitanda, því þeir hafi verið reknir úr starfi.

Ákærði Finnbogi Gíslason hefur skýrt svo frá, að ákærðu Guðmundur og Ólafur, annar eða báðir, hafi boðið sér að vera með í innkaupum á litasjónvarpstækjum, sem kaupa átti í Hamborg. Skömmu eftir áramótin 1975/1976 ræddu þeir um að smygla til landsins tækjunum með m/s Dettifossi, og átti ákærði Þorlákur Þórarinsson skipstjóri að vera milligöngumaður um kaupin. Ákveðið var að nota gám undir tækin, og var það gert. Ákærði bauð síðan ákærðu Sigurði Kristni Eyjólfssyni, Guðmundi Guðlaugssyni og Gunnari Sigurðssyni, verkstjórum við Sundahöfn, og Guðmundi Ásgeirssyni forstjóra að vera með. Ákærði afhenti Ólafi peninga frá sér og ákærða Guðmundi Ásgeirssyni, eða 2 x 1.420 DM til kaupanna. Guðmundur greiddi peningana til Finnboga, áður en tækin voru keypt í Hamborg. Ákærði Finnbogi taldi, að ákærðu Sigurður Kristinn, Guðmundur Guðlaugsson og Gunnar hefðu greitt Ólafi andvirði sinna tækja.

Ákærði Finnbogi sagði, að m/s Dettifoss hefði í febrúarbyrjun komið með tækin, og lagðist skipið við bryggju í Sundahöfn samkvæmt venju. Ólafur vissi með einhverjum hætti, áður en skipið kom til landsins, um númerið á gámnum og gaf ákærða Finnboga það upp, áður en skipið lagðist að bryggju. Allir gámar úr skipinu voru fluttir í portið við Sundaskála 2 að austanverðu. Finnbogi skýrði Sigurði Kristni frá númeri gámsins, sem sjónvörpin voru í, og sagði honum að setja hann inn í portið, þar sem eldfima efnið væri geymt, en það er bæði í gámum og í öðrum umbúðum. Svæðið er í portinu við Sundaskála 2, nokkuð frá svæðinu, sem allir aðrir gámar úr skipinu voru settir. Ákærði Finnbogi kvaðst hafa gert þetta til að auðveldara væri að losa gáminn. Ákærði Finnbogi fól ákærða Sigurði Kristni, verkstjóra í Sundaskála 1, að koma gámnum á þennan stað í áðurgreindum tilgangi. Finnbogi vissi ekki, hvenær gámurinn var losaður, en vissi, að vinna stóð þá yfir á svæðinu og að ákærði Ólafur annaðist það

einn eða með öðrum. Ólafur sá einnig um að flytja tækin til viðtakenda, m. a. 7 tæki til Finnboga. Ákærði Finnbogi var ekki heima, og lét Ólafur þau í bílskúrinn hjá honum. Tækin fóru til ákærðu Guðmundar Ásgeirssonar, Sigurðar Kristins, Gunnars Tómasar Jónssonar, Guðmundar Guðlaugssonar, Gunnars Sigurðssonar, Þorsteins Geirssonar og til Finnboga sjálfs. Finnbogi sá ekki um flutning á tækjunum frá sér. Guðmundur Ásgeirsson, Sigurður og Gunnar Sigurðsson sóttu sín tæki svo og Þorsteinn. Finnbogi taldi, að sá síðastgreindi hefði einnig sótt tækin fyrir Guðmund Guðlaugsson og Gunnar Tómas.

Ákærði Bragi Sigurðsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið skömmu eftir áramót 1975/1976, að ákærði Ólafur kom að máli við hann og bauð honum að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti til landsins. Ákærði var fús til þess, og varð niðurstaðan sú, að hann vildi fá tvö tæki, annað fyrir sig og hitt fyrir tengdason sinn, ákærða Júlíus Sigurðsson. Ákærði spurði ekki um, hvernig staðið yrði að smyglinu, og tjáði Ólafur honum ekkert um það atriði. Ákærði vissi þó, að kaupa átti tækin í Hamborg og hvert tæki mundi kosta gkr. 106.000—108.000. Júlíus lét ákærða hafa andvirði síns tækis í sænskri mynt, en ákærði greiddi sitt með dollurum og dönskum krónum. Ákærði bauð tengdasyninum að kaupa fyrir hann tæki og yrði að sjálfsögðu að smygla því til landsins. Ákærði kom síðan greiðslum fyrir bæði tækin til Ólafs. Nokkru síðar, eða í febrúar, komu tækin heim til ákærða. Þá var Bragi ekki heima, en hann taldi, að Ólafur hefði komið með þau.

Ákærði Guðmundur Guðlaugsson hefur skýrt svo frá, að ákærðu Finnbogi og Ólafur hafi komið að máli við hann skömmu fyrir jól og boðið honum að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti til landsins í flutningagámi með m/s Dettifossi. Hugmyndin var að kaupa tæki af Nordmende gerð og að verðið væri jafnvirði gkr. 120.000. Ákærði greiddi sitt tæki í þýskum mörkum og enskum pundum. Gámurinn kom svo til landsins í febrúarmánuði, og vissi ákærði ekki, hvernig það gekk fyrir sig, því hann tók ekki á móti honum og vissi ekki, hverjir önnuðust það. Ákærði Þorsteinn kom með tækið heim til ákærða að kvöldlagi á eigin bifreið. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um fjölda þeirra tækja, sem keypt voru í Hamborg, og heyrði enga tölu nefnda í því sambandi.

Ákærði Gunnar Tómas Jónsson hefur skýrt svo frá, að Ólafur verkstjóri hafi komið að máli við hann um áramót og boðið honum að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, „sem átti að flytja til landsins, án þess að þau hefðu viðkomu hjá tollgæslunni." Ákærði vissi um nokkra starfsmenn í Faxaskála, sem áttu að fá tæki, þ. e. ákærðu Braga, Þorstein, Finnboga og Guðmund Guðmundsson svo og X heitinn. Síðan var ákveðið að kaupa tæki af Normende gerð, og átti ákærði að greiða erlendan gjaldeyri fyrir,

sem jafngilti gkr. 91.000—92.000. Fjárhæðina greiddi ákærði í þýskum mörkum og dönskum krónum. Ákærði vissi ekki, með hvaða skipi né á hvern hátt tæki hans var svo smyglað til landsins. Ólafur kom heim til ákærða með tækið, er hann var sjálfur að vinna. Ákærði kvaðst vera ósáttur við atvikalýsingu í ákæru, þar sem hann hefði ekki lagt hönd að sjálfu smyglinu eða afhendingu tækjanna frá athafnasvæði, þó hann hafi hins vegar fallist á að kaupa tæki og hann hafi gert sér grein fyrir því, að flytja átti þau með ólögmætum hætti, og lagði fyrirfram fé til að kaupa eitt tæki.

Ákærði Gunnar Sigurðsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið í janúarmáðuði 1976, að hann og ákærðu Ólafur, Guðmundur Guðlaugsson og Finnbogi Gíslason hafi rætt um að smygla litasjónvarpstækjum til landsins með m/s Dettifossi í gámi. Ákærði vissi, að ákærði Þorlákur ætlaði að annast innkaupin. Ákærði sagði, að það hefði komið fram í þessum viðræðum, að þægilegast væri að nota gám við smygl þetta, og var það gert. Ákærða minnti, að hann hefði verið við vinnu sína í Sundaskála, er Ólafur kom og bauð honum upphaflega þátttöku í að kaupa litasjónvarpstæki frá Þýskalandi, sem mundi verða smyglað til landins með m/s Dettifossi. Ákærði tók vel í þetta. Ólafur sagði, að hann yrði að greiða andvirðið í erlendri mynt, jafngildi gkr. um 80.000. Ákærði greiddi Ólafi um $ 500. Er skipið kom, fylgdist ákærði ekkert með því, hvað var gert við gáminn með tækjunum. Ákærði gat þess, að hann heyrði enga tölu nefnda um tækjafjölda, sem kaupa ætti. Ákærði sagði skipið hafa komið með tækin í febrúar. Ákærði var heima, er Þorsteinn Geirsson kom heim til hans með tækið, sem ákærði hlaut.

Ákærði Sigurður Kristinn Eyjólfsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um áramótin 1975/1976 að ákærði Finnbogi kom að mali við hann og bauð honun að vera með í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti inn í gámi með m/s Dettifossi. Féllst ákærði á það og greiddi Finnboga $ 556 til kaupanna. Ekki var ákærði Þorlákur nefndur, og vissi ákærði ekki, hver skyldi hafa milligöngu um kaup á tækjunum. Ekki mundi ákærði, hvenær tækin komu. Ákærði kannaðist við, að Finnbogi hefði beðið hann eftir komi skipsins að koma gáminum fyrir í portinu á milli Sundaskála 1 og 2, þar sem eldfim efni eru geymd. Finnbogi kom heim til ákærða með tæki, sem honum var ætlað, á eigin bifreið.

Ákærði Þorsteinn Geirsson hefur skýrt svo frá, að hlutur hans í málinu hafi verið mjög lítill. Ákærði hafi reyndar ekki gert annað en að leggja fram erlendan gjaldeyri til kaupa á einu tæki, og hefur ákærði neitað eindregið, að hann hafi haft minnstu hugmynd um, að smygla ætti inn sameiginlega 29 litatækjum, hann hafi haldið þau aðeins vera 4—5. Ákærði sagði, að sér hafi verið gert ljóst fyrirfram, að hann kynni að vera að henda

peningum út um gluggann. Ákærði kvaðst síðan ekkert hafa heyrt um þetta í 2—3 mánuði, er honum var sagt, að hann mætti sækja tæki í skúr í Kópavogi, sem hann og gerði. Ákærði kvaðst ekki hafa haft nein afskipti af því að skipa upp gáminum eða flytja hann á athafnasvæðið. Á umræddum tíma var verksvið ákærða hjá skipafélaginu aðeins að aka starfsmönnum til og frá vinnustöðum félagsins, uppskipun, móttaka og afhending vara var alls ekki í hans verkahring.

Ákærði Þorsteinn sagði, að það hafi verið í desembermánuði, að ákærðu Ólafur, Gunnar, ákærði sjálfur svo og X heitinn ræddu um, að réttast væri að kaupa litatæki eitt hver. Ákveðið var, að Ólafur fengi einhvern skipstjóranna til að kaupa 4 tæki erlendis. Ekkert gerðist þó í málinu nokkra hríð, þar til Ólafur sagði ákærða í byrjun janúar, að hann ætti að greiða DM 1.420. Ákærði greiddi jafnvirði þeirra í mynt ýmissa landa. Um miðjan febrúar tjáði Finnbogi ákærða, að hans tæki væri komið og gæti hann sótt það heim til sín. Ákærði fór síðan og sótti tækið heim í bílskúr til Finnboga. Þar tók hann að sér að aka tveim öðrum tækjum í leiðinni heim til Guðmundar Guðlaugssonar og Gunnars Sigurðssonar. Ákærði vissi ekki til þess, að fleiri væru í málinu en þeir fjórir, sem hann nafngreindi fyrst Ákærði var því mjög undrandi, er Finnbogi talaði við hann og bað hann að sækja til sín tæki, og ákærði komst þá að, að Guðmundur og Gunnar ættu einnig tæki í sendingunni. Ákærði vissi fyrst um, að tækin væru 30, eftir að blöð fóru að skrifa um málið. Kom það honum mjög á óvart. Ákærði kvaðst ekkert hafa vitað, með hvaða hætti tækin kæmu til landsins eða hvaða skiðstjóri átti hlut að máli.

X heitinn, sem var til heimilis að . . . hér í borg, fæddur . . ., skýrði svo frá við lögreglu- og dómsrannsókn málsins, að það hafi verið fyrir jól, að starfsmenn í Faxaskála hafi komið sér saman um að kaupa tæki erlendis og fá til þess einhvern sjómann, „en tækjunum átti að koma til landsins á þægilegan máta," eins og það var orðað. X heitinn heyrði fljótlega, að rætt var um að fá Þorlák Þórarinsson á m/s Dettifossi til að kaupa tækin, en hann heyrði ekkert um, á hvern hátt það ætti að koma þeim til landsins. Ekki hafði hann látið sér detta í hug, að tækin yrðu eins mörg og honum var ljóst við yfirheyrslu, en þá var talan 19 nefnd. X heitinn greiddi Ólafi fyrir tækið í erlendri mynt, sem jafngilti DM 1.400 eða um gkr. 90.000. Tækið kom heim til X heitins á laugardegi í febrúar, er hann var að vinna. Mun Ólafur hafa komið með það, og tók systir X heitins við því.

Guðni Sigþórsson, verkstjóri um borð í skipum Eimskipafélagsins, Lambastaðabraut 13, Seltjarnarnesi, fæddur 24. júlí 1948, var yfirheyrður nokkrum sinnum sem kærður af lögreglu, og í dómi. 22. október 1976 skýrði hann rannsóknarlögreglunni svo frá:

„Ég neita því afdráttarlaust, að ég hafi átt nokkurn þátt í smygli á litasjónvarpstækjum hingað til lands, einnig neita ég því, að ég hafi keypt eða fengið nokkurt þeirra tækja, sem smyglað var. Aftur á móti fékk ég grun um, að smygl á slíkum tækjum stæði til, en ég man ekki, hvenær það var.

Ég hef nú verið verkstjóri hjá Eimskip í eitt ár, og á þessum tíma fékk ég vitneskju um, að smygla átti litasjónvarpstækjum hingað til lands.

Fyrir eða eftir sl. áramót kom ég til Guðmundar Guðmundssonar, yfirverkstjóra, til þess að ræða við hann um starfið. Guðmundur hóf þá máls á því, hvort ég hefði áhuga á að eignast litasjónvarpstæki. Ekki man ég, hvernig umræða þessi fór fram, en Guðmundur gaf mér í skyn, að smygla ætti slíkum tækjum hingað til lands. Ég svaraði þessu strax á þann veg, að ég hefði engan áhuga á að kaupa smyglað tæki og ekki kæmi til greina, að ég léti bendla mig við smygl. Slitum við Guðmundur þá tali þessu og ræddum það aldrei meira. Guðmundur skýrði mér ekki frá því, með hvaða skipi tækin kæmu, né hverjir stæðu að þessu smygli. Þetta er það eina, sem ég veit um þetta mál, og vissi ég aldrei, hvenær tækin komu hingað til lands."

Guðni var yfirheyrður í dómi sama dag. Þá kvaðst hann engu hafa við framangreinda skýrslu að bæta. Á dómþinginu var Guðni úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald. 25. s. m. var Guðni hins vegar yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Fyrri skýrsla hans er á þessa leið:

„Starf mitt sem verkstjóra er í því fólgið, að ég er verkstjóri yfir nokkrum verkamönnum, sem annast losum og lestun skipa. Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri, bauð mér tæki, en ég neitaði þátttöku. Þegar m.s. Dettifoss kom með sjónvörpin, sem smyglað var, þá bað Finnbogi Gíslason, yfirverkstjóri við Sundahöfn, Guðmund um mannskap til þess að losa þetta skip. Ég var sendur með eitt gengi í skipið og líklega tvö til þrjú önnur gengi. Venjulega eru 3—4 gengi við losun þessara skipa. Guðmundur og Ólafur, yfirverkstjórar, sögðu mér frá því, að nú væru með skipinu þau litasjónvarpstæki, sem smygla ætti í land. Ekki var mér meira sagt um þetta mál. Ég fékk engin fyrirmæli frá þeim um, í hvaða gámi tækin væru, ekki hvert gámurinn ætti að fara, þegar hann yrði hífður í land, og engin fyrirmæli til skipstjóra eða annarra, hvernig ætti að standa að þessu smygli. Ekki veit ég til þess, að neinir tollverðir væru bendlaðir við þetta smygl. Meira veit ég ekki um þetta mál."

Seinni skýrsla Guðna er á þessa leið:

Ég hef nú hugsað vel og vandlega um allt það, sem ég kynni að vita um áðurgreint smygl á litasjónvarpstækjum. Ég vil nú skýra eins rétt og mér er frekast unnt frá vitneskju minni um málið.

Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri, bauð mér að vera með í þessu smygli og gæti ég látið kaupa fyrir mig litasjónvarpstæki. Þetta samtal átti

sér stað skömmu eftir sl. áramót á skrifstofu Guðmundar. Ég vildi ekki vera með í þessu smygli og neitaði þátttöku.

Það var í byrjun janúarmánaðar sl., að ég leysti Finnboga Gíslason, yfirverkstjóra, af, þ. e. a. s. ég gegndi stöðu hans í fjarveru hans. Þá kom Þorlákur Þórarinsson, skipstjóri, á skrifstofuna til mín og sagði mér, að þetta hefði mistekist í þetta sinn, en kæmi með næstu ferð skipsins. Skipið var að sjálfsögðu m.s. Dettifoss, en Þorlákur var þá afleysingarskipstjóri á þessu skipi. Ég sýndi þessu engan áhuga, en sagði Þorláki, að þá yrði Finnbogi kominn til starfa aftur. Að svo búnu fór Þorlákur.

Það var svo líklega í febrúar sl., að Guðmundur Guðmundsson, yfirverkstjóri, sendi mig og undirmenn mína inn í Sundahöfn, þar sem við skyldum vinna við losun á m.s. Dettifossi. Guðmundur nefndi það ekki, að með skipinu væru sjónvörpin, sem smygla ætti. Þegar ég kom inn í Sundahöfn, þá skýrði Finnbogi Gíslason, yfirverkstjóri, mér frá því, að með skipinu nú væru litasjónvarpstækin, sem smygla ætti í gámi frá Hamborg til Íslands. Finnbogi sagði mér, að tækin væru í hvítum 10 feta löngum gámi. Einnig sagði hann mér, að gámurinn ætti að fara inn í portið austanvert við Sundaskála 2. Ekki sagði hann mér númerið á gáminum.

Þegar ég fór svo að vinna við losun á skipinu, þá kom til mín Helgi Ívarsson, 1. stýrimaður á m.s. Dettifossi. Helgi sagði mér, að nú væru litasjónvarpstækin um borð og væru þau í hvítum 10 feta löngum gámi, sem hann vísaði mér á í eitt lestinni, og var gámurinn á efsta dekki í þeirri lest. Ég sagði Helga, að mér kæmi þetta ekkert við, og slitum við tali okkar.

Þessi gámur fór svo með öllum öðrum gámum úr skipinu og inn í portið austan við Sundaskála 2. Þar hefur líklega verkstjórinn við gámana látið setja þennan tiltekna gám til hliðar, en ég veit þetta ekki nánar. Verkstjórarnir í þessum skála heita Gunnar Sigurðsson og Guðmundur, en ég veit ekki, hvers son hann er. Reyndar veit ég ekki með vissu um, hvort þessir tveir menn hafi verið viðriðnir þetta mál, en það getur Finnbogi upplýst. Ég frétti svo síðar, að eitthvað af sjónvörpunum hafði verið flutt heim í bílskúr til Finnboga, en ekki veit ég tölu þessara tækja né hver flutti þau þangað.

Ég kannast ekki við það, að ég hafi fengið í hendur nafnalista, þegar losun á skipinu átti sér stað, þegar það kom með litasjónvarpstækin. Ég man ekki eftir því, að ég hafi nokkuð rætt við Þorlák skipstjóra, hvorki um nöfn á eigendum tækjanna né nokkuð annað í sambandi við þetta smygl. Ekki fékk ég neinn miða með nöfnum þátttakenda í þessu máli frá Guðmundi, Ólafi eða Finnboga, og kannast ég ekki við, að ég hafi rætt um þetta smyglmál við neinn í þetta skiptið nema Helga Ívarsson. Meira veit ég ekki um þetta mál."

Guðni var samdægurs yfirheyrður í dómi og honum lesinn framburður

Þorláks um samskipti þeirra. Guðni neitaði því alfarið, að Þorlákur hefði látið tilgreind orð falla í sinni áheyrn, enda þekkti hann manninn lítið. Guðni var viss um, að hann hefði ekkert rætt við Þorlák sjálfan, er Dettifoss kom með litasjónvarpstækin, heldur hafi hann rætt við Helga Ívarsson stýrimann, sem kom til hans, þar sem hann var að vinna á dekkinu við eitt lestina, og benti á gáminn í lestinni og sagði, að í honum væru sjónvarpstækin. Guðni svaraði því til, að hann ætti ekkert af tækjunum og því kæmi sér þetta mál ekkert við. Guðni losaði síðan gáminn í land eins og aðra gáma og flutti lyftarinn hann inn í portið austan við Sundaskála 2.

Ekki varð Guðni var við gáminn, eftir að hann fór í land.

Ákærði Júlíus Sigurðsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um áramót, sem tengdafaðir hans, ákærði Bragi Sigurðsson, bauð honum til kaups litasjónvarpstæki. Ákærði sýndi áhuga, og talaði Bragi um, að ákærði þyrfti að greiða í erlendum gjaldeyri upphæð, sem næmi gkr. 100.000. Ákærði sló til og keypti eitt tæki og greiddi það með erlendri mynt. Ákærði taldi, að um 3 vikur eða mánuður hefði liðið frá greiðslu til afhendingar. Tækið sótti ákærði heim til Braga. Ákærði hafði enga hugmynd um, hvernig stóð á þessum innflutningi á sjónvarpi hans, en hann gerði sér strax grein fyrir, að tækinu yrði smyglað til landsins.

Ákærði Guðmundur Ásgeirsson hefur eftir töluverðar vífilengjur skýrt svo frá, að í desembermánuði hafi hann hitt að máli Finnboga Gíslason, sem hafði á orði, að hugsanlega gæti hann útvegað honum litasjónvarpstæki frá Þýskalandi, en ákærði hafði haft á orði við hann, að honum hefði gengið illa að fá tæki með skipum Nesskips h/f. Í byrjun janúar hafði Finnbogi símasamband við ákærða og spurði, hvort hann hefði enn hug á litasjónvarpstæki. Ákærði játaði því og greiddi DM 1.420 fyrir eitt tæki. Ákærða var kunnugt, að tækið átti að koma með m/s Dettifossi. Einnig vissi ákærði, að tækið kom ekki með fyrstu ferð skipsins árið 1976, heldur í 2. ferð. Ákærði fór til útlanda 15. febrúar. Kvöldið áður kom Finnbogi með tæki til ákærða. Var það í upphaflegum umbúðum. Ákærði kvaðst ekki hafa haft hugmynd um umfang þessa sjónvarpsmáls, en sig hefði grunað, að ekki væri allt með feldu, þegar dagblöð fóru að tala um smygl á litasjónvörpum í gámum með einhverju skipi Eimskipafélagsins. Ákærði spurði Finnboga, hvort sitt tæki væri úr þessu smygli. Finnbogi neitaði því, en ákærði fékk samt sínar grunsemdir um, að tækið væri sennilega úr stórri sendingu. Nokkrum dögum áður en ákærði var fyrst yfirheyrður, aðvaraði Finnbogi hann um að hafa tækið heima. Þá kom í ljós, að tækið var tengt smyglmálinu, sem fjölmiðlar höfðu rætt um.

Ákærði Kristján Heimir Lárusson hefur skýrt svo frá, að um miðjan desembermánuð hafi hann verið að vinna á eigin krana hjá Eimskip hjá Faxa-

skála. Ákærði fór að fá sér kaffi í skálanum, er hann hitti þar verkstjórana Guðmundur Guðmundsson, Ólaf Ólafsson, Gunnar Jónsson og e. t. v. fleiri. Einn mannanna, ákærði mundi ekki hver, bauð ákærða litasjónvarpstæki til kaups og yrði því smyglað til landsins, Var rætt um tæki af Nordmende gerð, og átti tækið að kosta 1.420 DM, eða gkr. 93—95 þúsund. Ákærði sló strax til og vildi fá tvö tæki, og var það auðsótt mál. Ákærða var tjáð, að greiða þyrfti í erlendri mynt. Ákærði greiddi Ólafi í erlendum gjaldeyri jafnvirði DM 2.100, en afganginn í íslenskum peningum. Taldi ákærði, að Ólafur hefði einhvern veginn útvegað þann erlenda gjaldeyri, sem á vantaði. Ekki vissi ákærði, hvaða skip mundi koma með tækin, en hann gerði sér ljóst, að einhverju magni yrði smyglað, því áðurgreindir verkstjórar ætluðu sér allir að fá tæki. Um mánuði síðar komu tækin til ákærða. Ákærði hafði þá verið að vinna við Kröflu, og er hannn kom heim í helgarfrí, voru tækin tvö inni á verkstæði ákærða að Vestuvör 28, Kópavogi. Ákærði hafði lánað Ólafi lyklana að verkstæðinu, svo hann gæti komið tækjunum inn, Ákærði var óvitandi um, hvort verkstæðið hefði verið notað til að geyma fleiri tæki. Ólafur skilaði lyklinum nokkru síðar.

Ákærði Magnús Gunnarsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið líklega í ársbyrjun 1976, að Ólafur Ólafsson, sambýlismaður hans í húsinu, bauð honum litasjónvarpstæki á hagkvæmum kjörum. Tækið átti að kosta um 1.400 DM, og átti að greiða andvirðið í erlendri mynt. Ákærði greiddi tækið í gjaldeyri þriggja landa. Ólafur kom með tækið til ákærða, sennilega í febrúar. Ekki vissi ákærði, hvernig standa ætti að innflutningnum, en honum var ljóst frá upphafi, að verð tækisins miðaðist við, að því yrði smyglað inn í landið. Ákærði vissi ekki um umfang málsins og taldi fráleitt, að hann hefði tekið þátt að kaupa tæki úr svo stórri smyglsendingu, hafi hann vitað, hvað stóð til.

Ákærði Daníel Pétursson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið búsettur í næsta húsi við Guðmund Guðmundsson. Um áramótin bauð Guðmundur ákærða litasjónvarpstæki til kaups. Guðmundur sagði, að tækið mundi koma með skipi til landins frá Evrópu og ætti að kosta DM 1.350. Ákærði sló til og greiddi fjárhæðina í þýskum mörkum og fékk tækið nokkrum vikum síðar. Við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglunni kvaðst ákærði hafa talið, að tækið færi á aukaskrá hjá tollgæslunni og greitt yrði af því við komu til landsins. Fyrst eftir viðtöku tækisins gerði ákærði ráð fyrir að þurfa að greiða toll síðar. Er ekkert gerðist í málinu, gekk ákærði út frá, að tækinu hefði verið smyglað til landsins. Við dómsrannsóknina kvaðst ákærði ekki hafa spurt sérstaklega, hvort ætlunin hafi verið að smygla tækinu, en gerði alveg eins ráð fyrir, að það yrði gert, enda kom á daginn, er ákærði fékk tækið afhent, að tollur yrði ekki greiddur af því. Ákærði kvað sér vera nokkurn veginn ljóst, hvað slíkt tæki kostaði hér-

lendis, og hann hefði ráðið af sínu verði, að tækið var ótollafgreitt. Ekki gerði ákærði reka að því að greiða aðflutningsgjöld af tækinu.

Geir Marinó Jónsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi um mánaðamótin janúar-febrúar verið staddur hjá nágranna sínum, akærða Hreini Þorsteini Garðarssyni. Gestgjafinn var kallaður í síma. Eftir að hafa talað í hann nokkra stund spurði hann ákærða, hvort hann vildi kaupa litasjónvarpstæki á gkr. 83.000. Ákærði játaði því, og Hreinn Þorsteinn fór aftur í símann. Ekkert gerðist síðan í málinu fyrr enn líklega um miðjan febrúar, að ákærði fékk tæki af Normende gerð 2202. Þá hafði ákærði greitt andvirði þess nokkru áður. Verðið var gkr. 83.000 eða 93.000, sem ákærði greiddi í íslensku peningum til Hreins Þorsteins. Guðmundur Guðmundsson kom með tækið til ákærða. Í dóminum kannaðist ákærði ekki við að hafa verið þátttakandi í sameiginlegu smygli á 29 litasjónvarpstækjum og hann hafi ekkert vitað um undirbúninginn og ekki fjármagnað kaupin. Ákærði kvaðst hafa borgað tækið við móttöku og aldrei hafa haft samskipti við aðra ákærðu en Guðmund Guðmundsson og Hrein Þorstein.

Ákærði Hreinn Þorsteinn Garðarsson hefur skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að í janúarbyrjun hafi Guðmundur Guðmundsson hringt heim til sín, er vinur hans, ákærði Geir Marinó, var þar staddur. Guðmundur bauð ákærða til kaups litasjónvarpstæki. Ákærði spurði Guðmund, hvort vinurinn gæti ekki líka fengið tæki. Var það auðsótt mál. Ekki mundi ákærði, hvað Guðmundur sagði honum um, með hvaða hætti tækin yrðu keypt, en ákærði kvaðst hafa séð í hendi sér, að eftir væri að kaupa tækin erlendis og smygla þeim til landsins. Guðmundur gaf ákærða til kynna, að verð tækjanna yrði nálægt búðarverði í því landi, sem tækin kæmu frá. Ákærði bauð Geir Marinó tæki til kaups, á meðan hann átti símtalið við Guðmund. Geir Marinó ákvað strax, að hann vildi kaupa tæki. Tveim vikum síðar eða svo fór ákærði Hreinn Þorsteinn á skrifstofu Guðmundar í Reykjavík og afhenti ákærða Ólafi Ólafssyni andvirði tveggja tækja, þ. e. síns tækis og Geirs Marinós. Hreinn Þorsteinn greiddi með þýskum mörkum, sem hann átti, en Geir Marinó hafði látið hann hafa dollara, að því er hann minnti. Greiðsla hvors um sig samsvaraði gkr. 80—90.000. Er gengið var á ákærða um, hvort hann væri alveg viss um, að Geir Marinó hefði greitt í erlendum gjaldeyri, svaraði ákærði því afdráttarlaust, að svo hefði verið. Um miðjan febrúar var komið með tvö tæki til ákærða. Voru þau flutt þangað í sendibifreið. Ákærði var ekki heima, en taldi líklegt, að Guðmundur eða Ólafur hefðu komið með tækið heim. Ákærði sagði, að sér og Geir Marinó hefði verið fullkomlega ljóst, að smygla ætti tækjunum til landsins, enda hafi verðið verið miðað við það. Í dóminum kvaðst ákærði ekki vera sáttur við atvikalýsingu í ákæru um, að hann hefði tekið þátt í sameiginlegu smygli á 29 litasjónvarpstækjum, því að tækin hefðu verið

komin til landsins, þegar hann keypti sitt. Ákærði sagði, að Guðmundur hefði haft samband við sig og gert honum grein fyrir, að um hefði verið að ræða smyglað tæki, en hann hefði ekki gert sé grein fyrir, hve umfangsmiklu máli hann væri að tengjast.

Ákærði Matthías Þorbjörn Guðmundsson skýrði svo frá, að hann starfaði sem verkstjóri hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur og það hefði verið einhvern tímann um veturinn, að Guðmundur bróðir hans bauð honum sjónvarpstæki til kaups. Þar sem ákærði átti fyrir lélegt tæki, sló hann til. Fram kom hjá Guðmundi, að um væri að ræða litatæki og það ætti að kosta um gkr. 100.000. Ákærði greiddi tækið í íslenskum peningu, enda var ekki á erlendan gjaldeyri minnst, og ákærði átti hann heldur ekki til. Nokkrum vikum seinna kom tækið, þegar ákærði var að heiman. Ákærði gerði sér grein fyrir, að tækið var smyglað og óskráð hjá Ríkisutvarpinu. Ákærði kannaðist við að hafa lánað bróður sínum sendibíl, en kvaðst ekkert hafa hugsað út í, til hvers hann var notaður. Ákærði hafði enga hugmynd um, í hvaða sambandi tæki hans gæti staðið varðandi smyglmál almennt, en þegar fjölmiðlar fóru að skrifa um hugsanlegt smygl á sjónvörpum í gámum, grunaði hann margt og spurði Guðmund um málið. Guðmundur sagði, að hann þyrfti ekkert að óttast. Ákærði ákvað að koma tækinu í örugga geymslu, er hér var komið.

Ákærði Jörgen Jón Hafsteinn Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið skömmu fyrir jól, að hann hefði rætt við ákærða Gísla Hafliðason, yfirvélstjóra á m/s Dettifossi, um, að Gísli keypti fyrir hann litasjónvarpstæki af Normende gerð í Hamborg og flytti það til landsins á „pakkalista", þar sem tækið yrði virt og ákærði greiddi af því tilskilin gjöld. Gísli kannaði verð og sagði ákærða, að tækið mundi kosta um gkr. 100.000, sem þyrfti að greiðast í erlendri mynt. Ákærði afhenti Gísla upphæðina í sænskum krónum um áramótin. Í febrúar hringdi Gísli til ákærða og sagði honum, að tækið væri komið heim til sín. Ákærði sótti tækið. Tækið var í umbúðum frá verksmiðjunni, og sagði Gísli ákærða, að það hefði komist í land „fram hjá tollgæslunni", en nánar vissi ákærði ekki um það. Ákærði kvaðst hafa verið feginn að þurfa ekki að greiða tolla af tækinu og notaði það síðan heima.

Ákærði Guðmundur Andrésson hefur skýrt svo frá, að hann hafi falast eftir sjónvarpstæki hjá Þorláki Þórarinssyni löngu fyrr og í desember eða janúar hefði ákærði látið Þorlák fá gjaldeyri til að kaupa litasjónvarpstæki. Samsvaraði gjaldeyririnn um gkr. 84.000. Ekki vissi ákærði neitt um, að hans tæki yrði hluti af stærri sendinu, eða vissi hann um aðra aðilja málsins. Ákærði náði í tækið heim til föður síns, en hann og ákærði Þorlákur voru kunningjar frá fornu fari.

Jóhann Sigurður Eymundsson hefur skýrt svo frá hjá rannsóknarlögregl-

unni, að skömmu fyrir jólin 1975 hafi ákærði Þorlákur komið í búðina til hans, en þeir vori lítils háttar kunningjar, Tóku þeir tala saman, og barst það að sjónvörpum. Ákærði kvaðst vera að hugsa um að endurnýja sjónvarpstæki sitt og hefði hann hug á litatæki. Þorlákur kvaðst geta útvegað slíkt tæki, hann ætti lítið notað tæki, sem hann vildi gjarnan selja, og átti það að greiðast í erlendri mynt. Átti það að kosta 1.300—1.400 DM. Þorlákur skýrði ákærða svo frá, að hann keypti ýmiss konar heimilistæki erlendis og væri það látið óátalið af tollgæslunni. Ákærða skildist, að Þorlákur gæti keypt fyrir hann tæki undir því yfirskyni, að það væri fyrir hann sjálfan. Ákærði fékk tækið í febrúar, en áður en Þorlákur fór í þá ferð, hafði ákærði greitt honum DM 8—900 og gkr. 30—40.000. Þorlákur kallaði ákærða til sín í febrúarmánuði, og sótti ákærði þá tækið. Var það alveg nýtt og ónotað og í merktum umbúðum frá verksmiðju. Þorlákur skýrði ákærða svo frá við afhendingu, að tækið væri ekki á skrá, og varð ákærða þá ljóst, að tækið var smyglað. Í dóminum skýrði ákærði svo frá, að sér hafi verið boðið tækið til kaups og hann ætlast til, að það yrði tollafgreitt. Síðan var komið með tækið til ákærða, og greiddi hann gkr. 20.000 í þóknun, þar sem maðurinn sparaði honum tollinn.

Ákærði Ríkarður Kristjánsson hefur skýrt svo frá, að ákærði Þorlákur sem hann hafi þekkt í mörg ár, hafi keypt fyrir sig litasjónvarpstæki í Hamborg. Ekki mundi ákærði, hvenær Þorlákur bauðst til að kaupa tækið, sem ákærði fékk í ársbyrjun. Tækið greiddi ákærði með því að láta Þorlák hafa erlendan gjaldeyri, bæði dollara og þýsk mörk, en tækið átti að kosta 1.400 DM, og fékk Þorlákur erlendan gjaldeyri, sem því nam. Þorlákur fór með féð til Hamborgar og keypti tækið fyrir ákærða. Það næsta, sem gerðist í málinu, var, að Þorlákur hafði samband við ákærða og bað hann að sækja tækið heim til sín að Hlíðarvegi í Kópavogi. Tækið var í merktum pappakassa, og var greinilegt, að umbúðirnar voru frá verksmiðjunni. Í dóminum hefur ákærði talið, að þætti sínum í málinu sé í meginatriðum rétt lýst í ákæru, þó hafi hann ekki vitað, hvernig standa ætti að innflutningnum.

Mál þetta var höfðað gegn öllum ákærðu fyrir sameiginlegt smygl á 29 litasjónvarpstækjum, eins og nánar greinir í ákæru. Hlutdeild ákærðu í verknaðinum var þó með mjög mismunandi hætti, allt frá fullri aðild að allri brotastarfseminni niður í það að leggja fram aðeins fjarmagn til kaupa á einu tæki. Samkvæmt gögnum málsins fer því fjarri, að hægt sé að slá því föstu, að allir ákærðu hafi haft fulla vitneskju um allt, sem til stóð að gera og framkvæmt var. Sumir ákærðu hafa viðurkennt að hafa vitað um, að kaupin yrðu sameiginleg fyrir fleiri aðilja og þeir hafi með þeim hætti tengst samtökum, en í miklum minni mæli en ákæra bendir til. Dóm-

urinn telur, að gefa hefði þeim, sem minnsta sök eiga í málinu, kost á að ljúka sínum þætti með dómssátt. Þar sem smyglandlagið var sameignlegt, verður að telja þessa málasamsteypu löglega, þó þung hafi verið í vöfum og þeim til óhagræðis, sem minnst gerðu af sér.

Telja verður víst, að hugmyndin að smyglinu hafi komið upp í hópi starfsmanna skipafélagsins við gömlu Reykjavíkurhöfnina. Sú hugmynd var borin m. a. undir ákærða Þorlák, sem féllst á hana. Þórlákur, sem var skipstjóri á skipi því, sem nota átti við hinn ólögmæta innflutning, gegndi lykilhlutverki í brotinu vegna stöðu sinnar og athafna. Hann tók að sér að kaupa tækin, sá um að koma þeim um borð og flytja þau til landsins. Einnig fékk hann til liðs við sig skipverja á skipinu, sem aðstoðuðu við að koma tækjunum um borð í Hamborg og skipa þeim á land í Sundahöfn. Auk skipverja sinna, sem hann fékk til liðs við sig, útvegaði hann einnig kaupendur að tækjum, tók við kaupverði hjá þeim og hafði milligöngu um dreifingu á tækjum, eftir að þau komu til landsins. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. og 2. mgr. 61. gr., 69. gr., 70. gr., 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969. 3. mgr. 60. gr. sömu laga á hér ekki við, og samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður lögum nr. 71/1976 ekki beitt. Ekki verður séð, hvernig lög nr. 66/1973 snerta mál þetta, þar eð þau varða aðeins innsiglisskrár fyrir tóbak og áfengi og sektarheimild tollgæslunnar.

Auk ákærða Þorláks voru ákærðu Guðmundur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson og Finnbogi Gíslason forystu- og lykilmenn í smyglinu vegna starfa sinna hjá skipafélaginu, og brutu þeir allir fjórir mjög trúnaðarskyldur sínar. Þeir voru allir með í ráðagerðinni frá upphafi, og staða Finnboga sem yfirverkstjóra við Sundahöfn var mjög þýðingarmikil við framkvæmdina. Hlutur Guðmundar var sá að vera með í ráðum frá upphafi, fá kaupendur til liðs við sig, taka við kaupverði og dreifa nokkrum tækjum. Ekki hefur verið leitt í ljós, að hann hafi lagt hönd persónulega að verki við uppskipunina, en hann lagði til mannskap og gaf meðákærða Ólafi frí til að sækja og dreifa tækjunum, svo útvegaði hann bifreið til flutningsins. Ákærði Ólafur var mjög athafnasamur og virðist hafa starfað í skjóli yfirmanns síns, ákærða Guðmundar. Ólafur safnaði saman verulegum hluta kaupverðsins og afhenti skipstjóranum, hann útvegaði kaupendur og dreifði tækjunum.

Ákærði Finnbogi nýtti aðstöðu sína í Sundahöfn til að láta flytja gáminn eftir uppskipun á afvikinn stað til að auðvelda dreifingu tækjanna, svo og gaf hann verkstjóra sínum, ákærða Sigurði Kristni Eyjólfssyni, fyrirmæli um að færa gáminn til innan athafnasvæðisins á óvenjulegan stað í blekkingar- og hagræðingarskyni, þ. e. á stað, sem aðeins var ætlaður eldfimum varningi. Þremenningarnir hafa með þessu háttalagi brotið gegn sömu laga-

greinum og ákærði Þorlákur að undantekinni 69. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærðu Helgi Ívarsson, Jóhann Páll Lilaa Símonarson, Þorsteinn Bjarnason og Sigurður Kristinn Eyjólfsson áttu allir þátt í hinni beinu smyglframkvæmd auk þess sem þeir lögðu fram fé til kaupanna. Jóhann Páll og Þorsteinn tóku við og komu tækjunum fyrir um borð í Dettifossi í Hamborg, ákærði Helgi sá um, að gáminum væri skipað í land í Sundahöfn, og ákærði Sigurður Kristinn annaðist tilflutning á gáminum á hafnarsvæðinu, eins og rakið var í sambandi við þátt ákærða Finnboga o. fl. Brot þeirra varða við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 61. gr., 70. gr., 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Að frágengnum framangreindum starfsmönnum Eimskipafélags Íslands h/f er nokkuð óljós hlutur annarra starfmanna félagsins í heildarframkvæmdinni. Enginn þeirra hefur kannast við að hafa vitað um umfang smyglsins eða að hafa lagt hönd að verki við beina framkvæmd þess. Allir hafa kannast við að hafa lagt fram fjármuni og flestir, að þeim var kunnugt um, að fleiri væru með, misjafnlega margir, í spilinu. Ákærði Bragi bar, að honum hafi verið boðið að vera „með" í að kaupa litasjónvarpstæki, sem smygla ætti til landsins. Svipuð orð viðhöfðu Guðmundur Guðlaugsson, Gunnar Tómas Jónsson og Gunnar Sigurðsson. Ákærði Þorsteinn Geirsson hefur borið, að hann hafi aðeins talið tækin vera 4—5. Þá hefur hann kannast við að hafa sótt 3 tæki til ákærða Finnboga og flutt og afhent tvö þeirra 2 af ákærðu. Leggja verður þessa framburði ákærðu til grundvallar, þótt þeir séu vart óyggjandi. Þeir hafa brotið gegn 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 70. gr. i. f., 71. og 75. gr. laga nr. 59/1969 og ákærði Þorsteinn auk þess gegn 2. mgr. 61. gr. sömu laga með afhendingu á tveim tækjum til tveggja ákærðu.

Skipverjarnir Friðbjörn Kristjánsson, Gísli Hafliðason og Þorsteinn Helgi Magnússon höfðu hver sína sögu að segja. Gísli og Þorsteinn Helgi voru í frii í umræddri ferð skipsins, en Friðbjörn ekki.

Ákærði Þorsteinn Helgi hefur kannast við, að hann hafi fallist á að vera með, er honum barst freistandi boð frá Þorláki, er m/s Dettifoss var staddur í Hamborg. Við það tækifæri sá ákærði lista hjá skipstjóranum með nöfnum 7—8 manna, sem nafni ákærða var bætt á. Ákærði lagði fé til kaupanna, og honum var kunnugt, að tækin átti að kaupa hja Per Skog í Hamborg. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr. og 70. gr. i. f. og 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Friðbjörn Kristjánsson hefur aðeins viðurkennt, að þáttur hans í málinu hafi verið sá að leggja fram peninga fyrir einu tæki og það hafi verið um borð í m/s Dettifossi, sem ákærði Þorlákur kom að máli við hann og bauð honum litasjónvarpstæki til kaups. Þótt önnur gögn, t. d. framburðir Þorláks og Helga, bendi til þess, að ákærði Friðbjörn hafi haft frek-

ari vitneskju um málið, verður með vísan til 108. gr laga nr. 82/1969 að leggja þennarn framburð til grundvallar. Háttsemi ákærða varðar við sömu lagaákvæði og framferði ákærða Þorsteins Helga.

Ákærði Gísli Hafliðason hefur ekki kannast við neina sök í málinu, sbr. framburð hans hér að framan. Ákærði hefur þó kannast við, að ákærði Þorlákur hafi hringt, þegar m/s Dettifoss kom úr smyglferðinni, og sagt honum, að tækið hefði „sloppið í gegnum tollinn, og var svo látið standa." Eftir þetta símtal var tækinu ekið heim til ákærða, sem síðar afhenti það ákærða Jörgen. Ákærði Gísli hefur viðurkennt, að honum hafi verið kunnugt um smygl á tækinu, áður en hann tók við því á heimili sínu. Sú háttsemi brýtur í bága við lokamálsgrein 70. gr. laga nr. 59/1969, og það háttalag að afhenda Jörgen tækið búandi að þessari vitneskju varðar við 2. mgr. 61. gr. sömu laga. Eftir stendur þá að taka afstöðu til þess, hvort ákærði Gísli hafi brotið gegn 1. mgr. 60. gr. laganna. Gísli sagði, að Jörgen hefði beðið sig að kaupa fyrir sig litasjónvarpstæki í Hamborg, flytja heim og gefa upp til tollsins og Þorlákur hafi boðist til að útvega honum tæki á verksmiðjuverði. Ákærði kvaðst eigi hafa efni á því, en datt í hug að láta Jörgen ganga inn í kaupin. Jörgen greiddi Gísla fjárhæð tækisins, sem átti að kosta um 1.400 DM, sem Gísli afhenti Þorláki. Gísli kvaðst ekki hafa óskað eftir öðru en að tækið yrði sett á pakkalista.

Er ákærði Gísli var fyrst yfirheyrður í málinu af rannsóknarlögreglunni 19. október 1976, kvaðst hann hafa verið yfirvélstjóri á m/s Dettifossi, frá því skipið kom til landsins í nóvember 1970. Ákærði kvaðst þá ekkert vita um smyglið og ekkert geta um málið sagt. Sama dag var ákærði leiddur fyrir dóm. Aðspurður um sakarefnið kvaðst hann engu hafa við skýrslu þá að bæta, sem hann gaf rannsóknarlögreglunni samdægurs. Ákærði kvaðst ekkert vita til þess, að aðrir skipverjar um borð í Dettifossi hefðu smyglað litasjónvarpstækjum. Að lokinni yfirheyrslu í dóminum var ákærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum. Ákærði var látinn laus úr gæslu 23. s. m. 25. s. m. var ákærði yfirheyrður á ný af rannsóknarlögreglunni. Þá skýrði hann frá þætti sínum í málinu á þann hátt sem áður er rakið.

Þegar málavextir eru virtir í heild sinni, framburður ákærða Helga Ivarssonar, staða ákærða á smyglskipinu, framkoma hans við rannsókn málsins og framkoma hans og meðferð tækisins eftir komu smyglskipsins, greiðslan á kaupverðinu í erlendri mynt frá ákærða Jörgen, sem var bifreiðarstjóri að atvinnu og ekki er vitað til að hafi nein gjaldeyrisréttindi eins og sjómenn, og þess, að ekki var neitt gert til að afla gjaldeyris- og innflutningsleyfis fyrir tækinu samkvæmt 3. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi nr. 370/1974, sbr. reglugerð nr. 462/1975, hafnar dómurinn því alfarið, að ákærða hafi verið ókunnugt um, að smygla ætti

tækinu, og hefur hann því með milligögnu sinni fyrirfram um útvegum kaupverðs eins tækis brotið gegn 1. mgr. 60. gr. og 1. mgr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ákærði Jörgen Hafsteinn Sigurjónsson hefur viðurkennt að hafa fengið ákærða Gísla kaupverð eins tækis í erlendri mynt í því skyni, að það yrði keypt erlendis. Ákærði hefur að vísu haldið því fram, að hann hafi ætlast til, að tollur yrði greiddur af tækinu, þótt hann hafi, er á reyndi, verið feginn að komast hjá því. Þegar það er virt, að ákærði gerði ekkert fyrir komu tækisins til landsins til að afla sér gjaldeyris- og innflutningsleyfis, og það, sem segir um þátt ákærða Gísla, hafnar dómurinn því, að ákærða hafi verið ókunnugt um, að smygla ætti tækinu inn í landið, enda tollafgreiðsla þess óhugsandi, eins og allt var í pottinn búið. Vegna fyrri mála ákærða átti honum að vera vel kunn ákvæði um innflutning til landins. Ákærði hefur því með háttalagi sínu brotið gegn 1. mgr. 60. gr. og 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit. Ákærði er ekki ákærður fyrir brot á gjaldeyrislöggjöfinni fremur en aðrir ákærðu, sem ekki nutu svokallaðs „áhafnargjaldeyris."

Ákærði Kristján Heimir Lárusson hefur viðurkennt að hafa lagt fram fé til kaupa á tveim tækjum og að hann hafi gert sér grein fyrir því, að smygla átti tækjunum til landsins. Ákærði hefur einnig kannast við að hafa gert sér grein fyrir, að einhverju magni yrði smyglað, því honum var ljóst, að nokkrir verkstjórar í hópi ákærðu áttu að fá tæki. Öðru tækinu ráðstafaði ákærði til aðilja, sem hann hefur ekki gefið upp. Ákærði hefur neitað að hafa vitað, að bílskúr hans hafi átt að nota til að geyma tæki og dreifa þaðan. Framferði ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. tolllaga.

Ákærði Júlíus Sigurðsson hefur kannast við, að hann hafi strax gert sér grein fyrir, að smygla átti tæki því, sem hann fékk. Þáttur ákærða í hinu sameiginlega smygli var sá einn að leggja fram peninga til kaupa á einu tæki. Háttsemin varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Guðmundur Ásgeirsson hefur viðurkennt að hafa lagt fram fé til kaupa á einu tæki, og fékkst sú játning fram seint og um síðir. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um umfang málsins. Leggja verður þetta til grundvallar. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Magnús Gunnarsson hefur kannast við að hafa lagt fram fé til kaupa á einu tæki og að hafa gert sér grein fyrir frá upphafi, að smygla ætti því. Ekki gerði ákærði sér grein fyrir umfangi málsins. Verður það lagt til grundvallar. Háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Daniel Pétursson hefur viðurkennt að hafa þegið boð ákærða Guðmundar Guðmundssonar að kaupa litasjónvarpstæki og að hafa lagt fram til kaupanna DM 1.350. Í dóminum kvaðst ákærði ekki hafa spurt sérstaklega, hvort ætlunin hafi verið að smygla tækinu, en gerði alveg eins ráð fyrir, að það yrði gert. Ákærða var nokkurn veginn ljóst, hvað slíkt tæki kostaði hérlendis, og hann séð af sínu verði, að það var ótollafgreitt. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Hreinn Þorsteinn Garðarsson hefur viðurkennt að hafa tekið boði ákærða Guðmundar Guðmundssonar um að kaupa eitt tæki og að hafa haft milligöngu um, að ákærði Geir Marinó Jónsson fengi keypt annað tæki, svo og að þeim hafi verið frá upphafi ljóst, að smygla ætti tækjunum til landsins. Ákærði fékk kaupverð Geirs Marinós greitt í erlendri mynt og fór með það ásamt sínu til ákærða Guðmundar Guðmundssonar. Ákærði hefur ekki kannast við frekari þátttöku í smyglinu. Leggja verður þetta til grundvallar. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. tolllaga.

Þegar virtur er ofangreindur framburður ákærða Hreins Þorsteins, viðvera ákærða Geirs Marinós, er gert var út um viðskiptin, greiðsla á tækinu fyrir móttöku samkvæmt framburði hjá rannsóknarlögreglu og það, að ákærði, sem ekki naut réttinda til áhafnagjaldeyris, gerði ekkert til að afla gjaldeyris- og innflutningsleyfis, þykir vera næg sönnun fyrir því, að ákærði var ekki í góðri trú, er hann féllst á að kaupa tækið, og honum hlítur að hafa verið ljóst, að smygla átti því, enda litasjónvarpstæki á þessum tíma ekki á löglegum markaði vegna gjaldeyristakmarkana. Ákærði Geir Marinó hefur því gerst brotlegur við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61 gr. og 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1959.

Ákærði Matthías Þorbjörn Guðmundsson hefur viðurkennt að hafa lagt fram peninga til kaupa á einu tæki og hafa gert sér grein fyrir, að því yrði smyglað. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Guðmundur Andrésson hefur viðurkennt að hafa falast eftir litasjónvarpstæki hjá Þorláki og hafa látið hann fá erlendan gjaldeyri til kaupanna. Ekki vissi hann neitt um, að hans tæki yrði hluti af stærri sendingu, eða vissi hann um aðra aðilja málsins. Leggja verður þetta til grundvallar. Háttsemin varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Jóhann Sigurður Eymundsson hefur kannast við að hafa afhent ákærða Þorláki kaupverð tækis í erlendri mynt, áður en sá síðarnefndi fór í smyglferðina. Háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. laga nr. 59/1969.

Ákærði Ríkarður Kristjánsson hefur kannast við að hafa lagt fram fé til kaupa á einu tæki, sem smyglað var til landsins. Háttsemin varðar við 1. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr., 2. mgr. 71. gr. og 75. gr. tollaga.

Eftirtaldir ákærðu hafa áður sætt refsingum fyrir brot á lögum um tollheimtu og tolleftirlit og öðrum lögum um innflutning til landsins:

1. Ákærði Þorlákur Þórarinsson var með dómi 26. maí 1972 sektaður um kr. 110.000 fyrir brot á toll- og áfengislögum og til að þola upptöku á áfengi og tóbaki.

2. Ákærði Friðbjörn Kristjánsson undirgekkst með dómssátt 4. október 1971 að greiða kr. 27.000 í sekt fyrir áfengis- og tollagabrot.

3. Ákærði Gísli Hafliðason undirgekkst með dómssátt 2. febrúar 1957 að greiða kr. 1.000 í sekt vegna tollagabrots.

4. Ákærði Jóhann Páll Lilaa Símonarson hefur þrisvar undirgengist með dómssáttum að greiða sektir fyrir brot á toll- og áfengislögum: a) 26. september 1972 kr. 2.000, b) 18. maí 1973 kr. 6.000, c) 10. nóvember 1976 kr. 300.000.

5. Ákærði Þorsteinn Bjarnason undirgekkst með dómssátt 6. júní 1975 að greiða kr. 15.000 í sekt fyrir brot á toll- og áfengislögum.

6. Ákærði Þorsteinn Helgi Magnússon hefur tvívegis undirgengist með dómssáttum að greiða sektir fyrir brot á toll- og áfengislögum: a) 11. maí 1973 kr. 8.000, b) 12. mars 1974 kr. 25.000.

7. Ákærði Guðmundur Guðmundsson hefur 4 sinnum undirgengist dómssáttir fyrir slík brot: a) 26. ágúst 1947 kr. 300 fyrir innflutning og sölu áfengis, b) 4. september 1947 kr. 1.000 fyrir ölvun, smygl og árás á lögregluna, c) 21. júlí 1958 kr. 10,000 fyrir tollagabrot, d) 2. apríl 1962 kr. 10.000 fyrir tollagabrot.

8. Ákærði Bragi Sigurðsson hefur tvívegis undirgengist með dómssáttum greiðslur sekta vegna brots á tollögum o. fl.: a) 22. júlí 1964 kr. 30.500 sekt fyrir áfengis- og tollagabrot, b) 8. febrúar 1966 kr. 500 í sekt fyrir tollagabrot.

9. Ákærði Sigurður Kristinn Eyjólfsson undirgekkst 13. janúar 1954 með dómssátt að greiða kr. 5.000 í sekt fyrir brot á áfengislögum.

10. Ákærði Guðmundur Ásgeirsson hefur þrisvar undirgengist sektargreiðslur með dómssáttum: a) 6. september 1965 kr. 12.000 fyrir tollagabrot, b) 6. október 1969 kr. 600 í sekt fyrir áfengis- og tollagabrot, c) 6. nóvember 1972 kr. 5.000 í sekt fyrir áfengislagabrot.

11. Ákærði Hreinn Þorsteinn Garðarsson undirgekkst með dómssátt 17. september 1975 að greiða kr. 3.000 í sekt fyrir tollagabrot.

12. Ákærði Jörgen Jón Hafsteinn Sigurjónnsson hefur hlotið eftirfarandi sektir vegna innflutnings: a) 9. ágúst 1966 kr. 19.000 í sekt fyrir brot

á toll- og áfengislögum. Upptaka á sjónvarpstæki, segulbandstæki og ölkassa. b) 10. janúar 1968 kr. 1.600 í sekt fyrir áfengislagabrot, c) 3. júlí 1968 kr. 120.000 í sekt fyrir áfengis- og tolllagabrot. Varningur gerður upptækur.

Af hálfu verjenda málsins hefur því verið haldið fram, að sakir skjólstæðinga þeirra séu fyrndar og því beri að sýkna þá. Ekki varð þó sú raunin á hjá þeim að reifa málið á þeirri forsendu, að refsisök kynni að vera fyrnd, en unnt væri að dæma eignarupptöku, þótt fyrir 1. október sl. hafi IX. kafli almennra hegningarlaga aðeins tekið til fyrningar á refsingum, en ekki á öðrum viðurlögum. Einnig er þess að geta, að fyrningarreglur hegningarlaganna áttu fyrir þann tíma aðeins við brot, sem lúta að hegningarlögunum sjálfum, en áttu ekki beint við brot, sem refsiverð eru samkvæmt sérrefsilöggjöfinni. Því hefur verið álitamál, hvort við sérrefsilagabrot hafi verið unnt að beita ákvæðum 81. gr. laga nr. 19/1940 með lögjöfnun.

Með lögum nr. 20/1981 var gerð gagnger breyting á fyrningarreglum. Nú taka fyrningarreglurnar til allra brota, bæði samkvæmt almennum hegningarlögum og sérrefsilögum. Einnig taka nýju sakarfyrningarreglurnar beinlínis til annarra viðurlaga við broti en refsingar, svo sem eignarupptöku. Enn má nefna, að reglur um fyrningarfresti eru mjög breyttar, og í heild sinni hefur fyrningarfresturinn lengst samkvæmt nýju reglunum, t. d. er 5 ára fyrning, ef menn koma sér undan greiðslu á tollum.

Það fyrsta, sem taka þar afstöðu til um þessa málsástæðu verjenda, er að ákveða, hvort beita eigi nýju eða gömlu fyrningarreglunum eða e. t. v. þeim báðum saman, þannig að úr báðum verða tekin þau atriði, sem hagstæðust eru sakborningunum. Í lögum eru ekki ákvæði um beitingu hinna nýju fyrningarreglna um brot, sem framin eru fyrir gildistöku laga nr. 20/1982. Um það gilda því ákvæði 2. gr. og 2. gr. a alm. hegningarlaga og meginreglur, sem af þeim verða leiddar. Ljóst er, að sakir, sem voru fyrndar við gildistöku laganna samkvæmt eldri reglum, leiða ekki til refsingar, og ófyrnd brot við gildistökuna lúta eldri fyrningarreglum, nema yngri reglur séu hagstæðari fyrir sakborninga. Þá ber að beita þeim.

Í máli þessu er staðan sú, að hinar nýju reglur eru að nokkru hagstæðari ákærðu og að nokkru óhagstæðari, þ. e. sérstakur fyrningarfrestur á upptökukröfum verður að teljast þeim hagstæðari en eldri kostur í þeim efnum, en 5 ára fyrning á sektum í stað 2 ára er þeim ákærðu, sem aðeins hafa unnið til sekta, óhagstæðari. Ef velja ætti hagstæðasta kostinn fyrir ákærðu, bæri að nota nýju reglurnar um upptöku og þær gömlu um sektir. Slíkt verður þó ekki talið heimilt, þar sem beita verður hvorum flokki fyrningarreglna fyrir sig heildstætt. Eins og hér stendur á, virðist mjótt mundangshófið, og þar sem ekki er vafalaust, að yngri reglurnar séu hagstæðari,

telur dómurinn, að beita eigi eldri reglum með lögjöfnun. Unnt er samkvæmt bæði nýju reglunum og þeim gömlu að dæma eignarupptöku, þótt refsisök kynni að vera fyrnd. Einnig ber að hafa í huga, að saknæmi brota ákærðu er mjög mismunandi, og dómurinn átti þess ekki kost að dæma minni sakir sérstaklega.

Hinn ólöglegi innflutningur, sem málið spratt af, átti sér stað, er m/s Dettifoss kom í íslenska tollsvæðið, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1969, 14. febrúar 1976, og ákæra í málinu var gefin út rúmu ári síðar, eða 11. mars 1977. Fyrsta þinghald í málinu hér í dóminum fór fram 22. september 1976. Þá hafði áður verið þingað í málinu í sakadómi Keflavíkur, þ. e. 13. s. m. Síðasta þinghald í málinu fyrir útgáfu ákæru fór fram 25. janúar 1977. Eftir útgáfu ákæru hefur verið þingað í málinu 29. ágúst 1978, 31. ágúst s. á., 6. september s. á., 13. október s. á., 7. maí 1979, 11. maí s. á., 16. júlí s. á., 14. ágúst s. á., 28. júlí 1981, 5. ágúst s. á., 7. ágúst s. á., 19. ágúst s. á., 17. september s. á., 22. september s. á., 25. september s. á., 13. október s. á. og 26. október sl., er málið var dómtekið.

Réttarrannsókn í merkingu 2. mgr. 82. gr. almennra hegningalaga hófst í máli þessu hinn 13. september 1976. Að vísu var henni í upphafi ekki beint gegn öllum ákærðu, en þeir drógust smátt og smátt, einn eftir annan, inn í malið. Þeir voru allir komnir inn í það, og málið beindist gegn þeim öllum, áður en síðasta dómpróf fór fram fyrir útgáfu ákæru. Þegar það er virt, að málið er höfðað saman gegn öllum ákærðu út af sömu smyglferðinni og sama smyglgóssinu, verður að telja hvert einasta þinghald í málinu eftir útgáfu ákæru varða þá alla og hafa réttaráhrif samkvæmt því, enda illframkvæmanlegt að halda sök hvers og eins algerlega út af fyrir sig við meðferð málsins. Að vísu hefur málsmeðferð verið nokkuð seinvirk, en eigi verður talið, að hætt hafi verið við réttarrannsókn „um óákveðinn tíma", eins og tekið er til orða í 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940, enda fjöldi ákærðu í þessu máli dæmafár og málið því allt þungt í vöfum. Dómþing í málinu fyrir útgáfu ákæru rufu því fyrningu til fullnustu hjá þeim, sem til vægustu refsingar hafa unnið, sbr. 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940. Verður því eigi fallist á, að sök neins ákærða sé fyrnd.

Refsing ákærða Þorláks Þórarinssonar telst hæfilega ákveðin fangelsi í 60 dag og sekt að fjárhæð kr. 4.500.00. Þar sem ákærði hefur eigi fyrr hlotið refsivistardóm, þykir mega fresta fullnustu refsivistarinnar og láta hana falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsivistin til fullnustu, dregst gæsluvarðhald ákærða dagana 13. septemer til 27. október 1976 frá með fullri dagatölu. Greiðslufrestur sektar er 4 vikur og vararefsing 15 daga varðhald.

Refsing ákærðu Guðmundar Guðmundssonar, Ólafs Ólafssonar og Finn-

boga Gíslasonar teljast hæfilega ákveðnar fangelsi í 45 daga og sekt að fjárhæð kr. 4.500.00. Þar sem ákærðu hafa eigi fyrr hlotið refsivistardóma, þykir mega fresta fullnustu refsivistar og láta hana falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsivist til fullnustu, kemur gæsluvarðhald ákærða Guðmundar dagana 28. september—27. október 1976 og ákærða Ólafs dagana 22.—27. október 1976 til frádáttar með fullri dagatölu. Greiðslufrestur sekta er 4 vikur og vararefsing varðhald í 15 daga.

Refsingar ákærðu Helga Ívarssonar, Jóhanns Páls Lilaa Símonarsonar, Þorsteins Bjarnasonar og Sigurðar Kristins Eyjólfssonar teljast hæfilega ákveðnar fangelsi í 30 daga og sekt að fjárhæð kr. 4.500.00. Þar sem ákærðu hafa eigi fyrr hlotið refsivistardóma, þykir mega fresta fullnustu refsivistar og láta hana falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákæðru almennt skilorð 57. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsivistar, kemur gæsluvaðhald ákærða Helga dagana 19.—26. október 1976, ákærða Jóhanns Páls Lilaa dagana 6.—19. október 1976 og ákærða Þorsteins dagana 7.—19. október 1976 til frádráttar með fullri dagatölu. Greiðslufrestur sekta er 4 vikur og vararefsing 15 dagar.

Refsingar ákærðu Friðbjörns Kristjánssonar, Gísla Hafliðsonar, Þorsteins Helga Magnússonar, Braga Sigurðssonar, Guðmundar Guðlaugssonar, Gunnars Tómasar Jónssonar, Gunnars Sigurðssonar, Þorsteins Geirssonar og Kristjáns Heimis Lárusssonar teljast hæfilega ákveðnar sektir að fjárhæð kr. 4.500.00, sem greiðast innan 4 vikna, ella komi vararefsing til, 15 daga varðhald. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Friðbjörns dagana 19.—22. október 1976 og ákærða Gísla dagana 19.—23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sektar þeirra.

Loks teljast refsingar ákærðu Júlíusar Sigurðssonar, Guðmundar Ásgeirssonar, Magnúsar Gunnarssonar, Daníels Péturssonar, Geirs Marinós Jónssonar, Hreins Þorsteins Garðarssonar, Matthíasar Þorbjörns Guðmundssonar, Jörgens Jóns Hafsteins Sigurjónssonar, Guðmundar Andréssonar, Jóhanns Sigurðar Eymundssonar og Ríkarðs Kristjánssonar hæfilega ákveðnar sektir að fjárhæð kr. 2.500.00, sem greiðast eiga innan 4 vikna, ella sæti þeir varðhaldi í 8 daga. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Guðmundar Ásgeirssonar dagana 21.—23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sektar hans.

Ákærðu sæta einnig hver fyrir sig að undanskildum ákærða Gísla Hafliðasyni upptöku á sínu sjónvarpstæki og ákærði Kristján Heimir Lárusson á tveim tækjum sakvæmt 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Sjónvarpstæki X heitins er einnig gert upptækt samkvæmt 5. mgr. sömu lagagreinar. Lagt var hald á tæki þessi við rannsókn málsins, og eru þau í vörslu tollgæslunnar.

Ákærðu greiði hver fyrir sig réttargæslu- og málsvarnarlaun verjenda sinna, ákærði Þorlákur kr. 4.000.00, ákærði Gísli kr. 2.500.00 og ákærði Jörgen Jón Hafsteinn kr. 2.000.00, allir til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Friðbjörn kr. 3.000.00 til Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Gunnar Tómas Jónsson kr. 2.000.00 til Jónasar Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Þorsteinn Geirsson kr. 2.000.00 til Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, ákærði Guðmundur Ásgeirsson kr. 2.000.00 til Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns og ákærði Daníel kr. 2.000.00 til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns. Annan sakarkostnað greiða ákærðu in solidum.

Rannsóknardómarar málsins hafa áður ákvarðað réttargæslulaun vegna ákærðu Sigurðar Kristins Eyjólfssonar, Ólafs Ólafssonar, Jóhanns Páls Lilaa og Helga Ívarssonar. Þeir óskuðu ekki eftir að fá verjendur.

Dómsorð:

Ákærði Þorlákur Þórarinsson sæti fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og fellur hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsing til fullnustu, dregst gæsluvarðhald ákærða dagana 13. september - 27. október 1976 frá með fullri dagatölu.

Ákærði Þorlákur greiði einnig sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Ákærðu Guðmundur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson og Finnbogi Gíslason sæti fangelsi hver fyrir sig í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsivistar, og fellur hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar, kemur gæsluvarðhald ákærða Guðmundar dagana 28. september - 27. október 1976 og ákærða Ólafs dagana 22. - 27. október 1976 til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærðu Guðmundur, Ólafur og Finnbogi greiði enn fremur hver fyrir sig sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 15 daga.

Ákærðu Helgi Ívarsson, Jóhann Páll Lilaa Símonarson, Þorsteinn Bjarnason og Sigurður Kristinn Eyjólfsson sæti hver fyrir sig fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refisvistar, og fellur hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærðu almennt skil-

orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til fullnustu refsingar, kemur gæsluvarðhald ákærða Helga dagana 19. - 26. október 1976, ákærða Jóhanns Páls Lilaa dagana 6. - 19. október 1976 og ákærða Þorsteins dagana 7. - 19. október 1976 til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærðu Helgi, Jóhann Páll Lilaa, Þorsteinn og Sigurður Kristinn greiði enn fremur hver fyrir sig sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 15 daga.

Ákærðu Friðbjörn Kristjánsson, Gísli Hafliðason, Þorsteinn Helgi Magnússon, Bragi Sigurðsson, Guðmundur Guðlaugsson, Gunnar Tómas Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Þorsteinn Geirsson og Kristján Heimir Lárusson greiði sekt að fjárhæð kr. 4.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 15 daga. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Friðbjörns dagana 19. - 22. október 1976 og ákærða Gísla dagana 19. - 23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sekta þeirra.

Ákærðu Júlíus Sigurðsson, Guðmundur Ásgeirsson, Magnús Gunnarsson, Daníel Pétursson, Geir Marinó Jónsson, Hreinn Þorsteinn Garðarsson, Matthías Þorbjörn Guðmundsson, Jörgen Jón Hafsteinn Sigurjónsson, Guðmundur Andrésson, Jóhann Sigurður Eymundsson og Ríkarður Kristjánsson greiði hver fyrir sig sekt að fjárhæð kr. 2.500.00 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti þeir hver fyrir sig varðhaldi í 8 daga. Komi vararefsing til framkvæmda, dregst gæsluvarðhald ákærða Guðmundar Ásgeirssonar dagana 21. - 23. október 1976 frá með fullri dagatölu, ella kemur það hlutfallslega í stað sektar hans.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 29 sjónvarpstæki af tegundinni Nordmende 2202, sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Ákærðu greiði hver fyrir sig réttargæslu- og málsvarnarlaun verjenda sinna, ákærði Þorlákur kr. 4.000.00, ákærði Gísli kr. 2.500.00 og ákærði Jörgen Jón Hafsteinn kr. 2.000.00, allir til Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Friðbjörn kr. 3.000.00 til Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Gunnar Tómas Jónsson kr. 2.000.00 til Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákærði Þorsteinn Geirsson kr. 2.000.00 til Gústafs Þórs Tryggvasonar héraðsdómslögmanns, ákærði Guðmundur Ásgeirsson kr. 2.000.00 til Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns og ákærði Daníel kr. 2.000.00 til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns. Annan sakarkostnað greiði allir ákærðu in solidum.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr. 66/1980. **Tryggingastofnun ríkisins**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Guðnýju Valtýsdóttur
(Baldur Guðlaugsson hdl.).

Mæðralaun. Endurgreiðslukrafa. Óvígð sambúð. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlensdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1980. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að sýknukrafa hans fyrir héraðsdómi verði að fullu tekin til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði einungis gert að greiða kr. 2.746.00 og vextir verði dæmdir, eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, með þeirri breytingu, að upphaf vaxtatöku miðist við 1. desember 1978, en ekki 1. nóvember 1978. Í varakröfu er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður. Til þrautavara er þess krafist, að upphafstími vaxta verði miðaður við 1. desember 1978 af öllum kröfum stefndu. Enn fremur krefst áfrýjandi þess, að fjárnám, sem gert var hinn 10. apríl 1980 í húseign hans að Laugavegi 114, Reykjavík, verði úr gildi fellt, en til vara, að fjárnámsgerðinni verði breytt í samræmi við málsúrslit, verði sýknukrafan ekki tekin til greina.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest, þó þannig, að dómvextir þeir, sem dæmdir voru frá 28. júní 1979, skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þ. e. 34.5% ársvextir frá 28. júní 1979 til 1. september 1979, 39.5% ársvextir frá 1. september 1979 til 1. desember 1979, 43.5% ársvextir frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá 1. júní 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá 1. mars 1981 til 1. júní 1981, 39% ársvextir frá 1. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá 1. nóvember 1982 til dómsuppkvaðningardags í máli

þessu og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnda, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni kr. 2.745.60 með 19% ársvöxtum af kr. 490.74 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember 1978, af kr. 1.011.52 frá 1. desember 1978 til 1. janúar 1979, af kr. 1.532.30 frá 1. janúar 1979 til 1. febrúar 1979, af kr. 2.053.08 frá 1. febrúar 1979 til 1. mars 1979, af kr. 2.609.80 frá 1. mars 1979 til 1. apríl 1979, af kr. 2.745.60 frá 1. apríl 1979 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 28. júní 1979, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá 28. júní 1979 til greiðsludags, þ. e. vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, og fjárnámsgerðin verði staðfest að því er varðar þá fjárhæð auk þess sem hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar málskostnað. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Skýra ber ákvæði 15. og 52. gr. laga nr. 67/1971 svo, að stefndu hafi borið mæðralaun, uns hún og sambúðarmaður hennar öðluðust sama rétt og hjón samkvæmt lögum þessum. Eftir afdráttarlausu orðalagi 52. gr. fær sambúðarfólk eigi slíkan rétt á grundvelli sambúðarinnar einnar sér, fyrr en hún hefur varað tvö ár samfleytt. Er í máli þessu ósannað, að síðastgreindu skilyrði hafi verið fullnægt fyrir 1. júní 1979.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti, en upphafstíma vaxta skal miða við 1. desember 1978, sbr. 57. gr. laga nr. 67/1971. Taka ber til greina kröfu stefndu um dómvexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Hina áfrýjuðu fjárnámsgerð ber að staðfesta að öðru en því, er segir um upphafstíma vaxta.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vextir ákveðast 19% ársvextir af kr. 719.08 frá 1. desember

1978 til 1. janúar 1979, af kr. 1.482.17 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 2.245.26 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 3.008.35 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 4.218.95 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 4.477.98 frá þeim degi til 1. júní s. á., og af kr. 4.766.54 ákveðast 22% ársvextir frá þeim degi til 28. s. m., 27.5% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 32.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 36.5% ársvextir frá þeim degi til 1. febrúar 1980, 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest að öðru en því, er að framan greinir um upphafstíma vaxta.

Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefndu, Guðnýju Valtýsdóttur, 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Guðný Valtýsdóttir, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 22. júní 1979, á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Gerir stefnandi þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér vangreidd mæðralaun og barnalífeyri með tveim börnum frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979 að upphæð kr. 476.654 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 71.908 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember 1978, en af kr 148.217 frá þeim degi til 1. janúar 1979, en af kr. 224.526 frá þeim degi til 1. febrúar 1979, en af kr. 300.835 frá þeim degi til 1. mars 1979, en af kr. 421.895 frá þeim degi til 1. apríl 1979, en af kr. 447.798 frá þeim degi til 1. maí 1979, en af kr. 476.654 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, nú 4% fyrir hvern byrjaðan mánuð, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi máls-

kostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans, þó ekki lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Hinn 10. apríl 1979 veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn í málinu.

Til vara krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 274.600 vegna vangreidds barnalífeyris frá og með 1. nóvember 1978 til 1. apríl 1979, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 49.074 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember 1978, en af kr. 101.152 frá þeim degi til 1. janúar 1979, en af kr. 153.230 frá þeim degi til 1. febrúar 1979, en af kr. 205.308 frá þeim degi til 1. mars 1979, en af kr. 260.980 frá þeim degi til 1. apríl 1979, en af kr. 274.600 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, nú 4% fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á vaxtakröfu í aðalkröfu og varakröfu stefnanda, að frá 28. júní 1979 er krafist dómvaxta til greiðsludags.

Stefnandi hefur stefnt heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til réttargæslu í málinu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og krefst ásamt réttargæslustefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að eiginmaður stefnanda hafi andast 25. febrúar 1975. Þau hjónin hafi átt tvö börn, fædd 9. desember 1965 og 2. apríl 1971, og hafi þau dvalist hjá móður sinni. Í marsmánuði 1977 hafi stefnanda boðist húseignin að Heiðvangi 5 í Hafnarfirði til kaups með hagstæðum kjörum. Stefnandi hafi látið íbúð sína að Hjallabraut 13 ganga upp í kaupverð íbuðarinnar, en þar sem stefnanda hafi skort fé til greiðslu kaupverðsins, hafi orðið að samkomulagi með henni og Poul R. Smith, að hann keypti húsið með henni, og sé húseignin sameign þeirra. Stefnandi hafi svo flutt í húsið 1. ágúst 1977 ásamt börnum sínum. Sama dag hafi Poul R. Smith flutt í húsið og hafi þau búið þar frá þeim tíma. Stefnandi hafi frá láti eiginmanns síns fengið greiddar lögboðnar bætur samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, þ. e. mæðralaun og barnalífeyri. Í nóvembermánuði 1978 hafi starfsmaður bæjarfógetans í Hafnarfirði, sem sé umboðsmaður Tryggingastofnunar ríkisins í Hafnarfirði, tilkynnt stefnanda símleiðis, að greiðslur mæðralauna hefðu verið felldar niður frá og með 1. ágúst 1977 og að haldið yrði eftir barnalífeyri til hennar að fjárhæð kr. 297.430, sem væri fjárhæð ofgreiddra mæðralauna til hennar á tímabilinu 1. ágúst 1977 til 31. október 1978. Þessri ákvörðun hafi stefnandi ekki viljað una og hafi henni verið mótmælt. Umboð Tryggingastofnunar ríkisins í Hafnarfirði hafi svo haldið eftir barnalífeyri til

stefnanda frá 1. nóvember 1978 til aprílmánaðar 1979, samtals kr. 274.600, og hafi mæðralaun verið felld niður frá og með 1. ágúst 1977. Þar sem leiðrétting hafi ekki fengist á þessu, hafi stefnandi höfðað mál þetta.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt frá því, að í sambandi við kaup hússins að Heiðvangi 5 hafi hún og Poul R. Smith gert með sér skriflegt samkomulag um, að þau eigi húsið að hálfu hvort. Poul hafi áður átt íbúð, sem hann hafi selt í sambandi við þessi húskaup þeirra. Hann hafi orðið fyrri til að selja íbuð sína en hún að selja íbúð þá, sem hún átti. Hafi hann um tíma búið hjá henni, áður en þau fluttu að Heiðvangi 5. Í því húsi, sem sé einbýlishús, hafi þau sameiginlegt húsnæði. Þau annist saman heimilishald og kaupi sameiginlega til heimilisins. Þau komi sameiginlega fram gagnvart ættingjum og vinum. Þau stundi hvort sína atvinnu og telji fram til skatts hvort fyrir sig. Stefnandi kveðst hafa fengið leiðbeiningabækling frá Tryggingastofnun ríkisins, en þar hafi hún ekki fundið neitt um það, hvort samband hennar og Poul R. Smith mundi hafa áhrif á greiðslur til hennar frá stofnuninni. Stefnandi kveðst einnig fá greiddar makabætur frá lífeyrissjóði og hafi komið fram, að þær bætur falli niður, ef hún gangi í hjónaband. Hafi hún talið eðlilegt, að sama gilti um greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sigurður Emilsson, starfsmaður við umboð almannatrygginga í Hafnarfirði, kveðst við afgreiðslu mála hafa miðað við það, hvort maður og kona búi saman, þau blandi saman fjáhag sínum og öðrum málum og maðurinn sé fyrirvinna heimilisins. Þegar svo sé, sé um óvígða sambúð að ræða. Hafi verið talið, að stefnandi og Poul R. Smith hefðu blandð saman fjárhag sínum og því ættu greiðslur mæðralauna til stefnanda að falla niður. Í viðtali við stefnanda hafi hún sagt þau Poul búa saman og að þau hefðu keypt saman einbýlishús. Hafi hún sjálf gefið honum upp tímamörk þau, sem hann hafi talið, að miða ætti stofnun sambúðar við. Hafi hann sagt stefnanda, að greiðslur mæðralauna yrðu felldar niður og ofgreiddum mæðralaunum skuldajafnað við barnalífeyri, sem hún ætti að fá.

Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 skuli greiða barnalífeyri með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra sé látið. Sé barnalífeyririnn fyrst og fremst ætlaður til framfærslu barnanna. Stefnandi og eiginmaður hennar, sem andast hafi 25. febúar 1975, hafi átt tvö börn, sem bæði séu innan 17 ára aldurs. Eigi stefnandi því rétt til barnalífeyris með börnunum úr hendi stefnda. Samkvæmt 15. gr. greindra laga skuli greiða ekkjum, ógiftum konum og fráskildum konum, sem hafa börn sín undir 16 ára aldri á framfæri sínu og eigi lögheimili hér á landi. Virðist því um að ræða ótvíræða skyldu til að greiða stefnanda mæðralaun, því hún sé ekkja og uppfylli að öðru leyti skilyrði til að hljóta mæðralaun samkvæmt lagagreininni.

Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að í lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 séu engin ákvæði, sem skapi ótvíræðan grundvöll til að svipta stefnanda mæðralaunum, enda eigi ákvæði 52. gr. laganna ekki við í þessu tilviki. Sambýli stefnanda og Poul R. Smith sé ekki þannig, að það firri stefnanda rétti til að fá greidd mæðraluan. Stefnandi vinni úti og sjái sér og börnum sínum farborða. Þótt um sambýli hennar og Poul R. sé að ræða og þau eigi saman húsið að Heiðvangi 5, þá leggi hann ekki meira til sambýlisins en eðlilegt sé til eigin framfærslu og sameiginlegs húshalds. Sé og á það að líta, að á Poul hvíli verulegar skuldir, en stefnandi sé skuldlaus. Poul R. Smith framfæri því ekki stefnanda eða börn hennar. Er því haldið fram, að lög um almannatryggingar þurfi að hafa að geyma ótvíræðari ákvæði um brottfall bótagreiðslna, til þess að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að fella niður greiðslur mæðralauna til stefnanda. Í leiðbeiningabæklingum, sem stofnunin hafi gefið út á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi ekki komið fram, að greiðslur mæðralauna féllu niður, þótt bótaþegi tæki upp sambúð. Því hafi stefnandi verið í góðri trú um rétt sinn til mæðralauna, er hún tók við greiðslum eftir 1. ágúst 1977. Þá er því og haldið fram, að ákvörðun tryggingaráðs um að fella niður greiðslur mæðralauna til stefnanda og skuldajafna því, sem talið var ofgreitt, við greiðslur barnalífeyris feli í sér íþyngjandi stjórnvaldsráðstöfun, en ákvörðunin hafi ekki verið nægilega rökstudd, svo sem vera beri um slíkar stjórnvaldsráðstafanir, og varði það því ógildi ráðstöfunarinnar. Einnig sé á það að líta, að lög um almannatryggingar veiti ekki heimild til skuldajafnaðar, svo sem beitt var gagnvart stefnanda, er fjárhæðum þeim, sem voru taldar ofgreidd mæðralaun, var skuldajafnað við greiðslur barnalífeyris, sem stefnandi átti rétt á. Barnalífeyrir sé ætlaður til framfærslu barnanna, en mæðralaunum sé ætlað að bæta tekjutap móður við að halda heimili fyrir börn sín. Sé því ekki slíkt samband milli greiðslna þessara, að heimilt sé að beita skuldajöfnuði skv. 58. gr. laga um almannatryggingar.

Varakrafa stefnanda er miðuð við það, að fallist dómarinn ekki á, að stefnandi eigi rétt til mæðralauna, þá lækki aðalkrafan um sem nemur fjárhæð mæðralauna fyrir tímabilið 1. ágúst 1977 til 31. október 1978. Að öðru leyti er vísað til rökstuðnings með aðalkröfu.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að 1. ágúst 1977 hafi stefnandi tekið upp óvígða sambúð við Poul R. Smith, er þau fluttu í húsið nr. 5 við Heiðvang í Hafnarfirði. Stefnandi hafi á þeim tíma fengið greidd mæðralaun og barnalífeyri með börnum sínum frá stefnda. Er umboðsmaður stefnda í Hafnarfirði hafi fengið vitneskju um sambúðina, hafi hann fellt niður greiðslur mæðralauna, enda hafi hann talið, að stefnandi fullnægði ekki skilyrðum til að hljóta greiðslur þessar samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar. Hafi umboðsmaðurinn ákveðið að láta stefnanda end-

urgreiða ofgreidd mæðralaun frá 1. ágúst 1977 með því að fella niður greiðslur barnalífeyris til stefnanda, þar til endurgreiðslu væri lokið. Er stefnandi hafi ekki viljað una þessu, hafi umboðsmaðurinn í Hafnarfirði skotið málinu til tryggingaráðs skv. 6. gr. laga um almannatryggingar. Á fundi sínum 24. janúar 1979 hafi tryggingaráð staðfest þessa ákvörðun umboðsmannsins. Er því haldið fram, að ómótmælt sé, enda viðurkennt, að stefnandi hafi tekið upp sambúð við Poul R. Smith, svo sem haldið sé fram af hálfu stefnda. Við það hafi fallið niður réttur til mæðralauna. Ákvæði 15. gr. laga nr. 67/1971 beri tvímælalaust að skýra svo, að þeir, sem rétt eiga til mæðralauna og feðralauna, séu einstaklingar með börn á framfæri, þ. e. ekkjur, ógiftar mæður, fráskildar konur, einstæðir feður og einstætt fósturforeldri. Þannig hafi lagagreinin ávallt verið skýrð og henni beitt við bótagreiðslur almannatrygginga hér á landi. Samkvæmt gagnályktun eigi ákvæði greinarinnar ekki við um aðilja, sem gengið hafa í hjónaband að nýju eða tekið upp óvígða sambúð, enda sé stöðu karls og konu í óvígðri sambúð jafnað til stöðu hjóna. Af þessum sökum hafi mæðra- og feðralaun ávallt verið felld niður, þegar bótaþegar hafi tekið upp óvígða sambúð eða gengið í hónaband. Eigi þessi afstaða sér einnig stoð í ákvæði 52. gr. laga um almannatryggingar. Hafi stefnanda mátt vera ljós þessi afstaða stefnda, því að í bæklingum, sem stofnunin gefi út og dreifi, komi fram, að greiðslur mæðralauna falli niður, er stofnað sé til óvígðrar sambúðar. Hafi stefnandi því mátt gera sér grein fyrir því, að er hún tók upp óvígða sambúð við Poul R. smith, mundu greiðslur mæðralauna til hennar falla niður. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að í 58. gr. laga um almannatryggingar séu ótvíræð ákvæði um, hvernig taka skuli á þeim vanda, er bótaþegi hefur fengið greiddar hærri bætur en honum bar. Sé það í samræmi við ákvæði þetta að draga ofgreidd mæðralaun til stefnanda frá greiðslum barnalífeyris til hennar.

Í aðalkröfu stefnanda felst krafa um viðurkenningu á því, að hún eigi rétt til mæðralauna, eins og persónulegum högum hennar er nú háttað og ágreiningslaust er, að verið hafi frá 1. ágúst 1977.

Stefnandi varð ekkja við lát eiginmanns síns 25. febrúar 1975 og öðlaðist þá rétt til mæðralauna skv. 15. gr. laga nr. 67/1971 og til barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga. Þótt fjallað sé um sambúð eða óvígða sambúð í nokkrum lagaákvæðum og aðiljum sambúðar skapaður réttur að lögum í vissum tilvikum, þá þykir slíku sambýli ekki almennt hafa verið veitt það gildi að lögum, að unnt sé að telja sambúð stefnanda og Poul R. Smith raski stöðu stefnanda til að hljóta mæðralaun frá Tryggingastofnun ríkisins, sem hún hafði ótvírætt öðlast rétt til. Er á það að líta, að sambúð hefur ekki í för með sér framfærsluskyldu. Ekki þykir tilvísun stefnda til ákvæða 52. gr. laga um almannatrygginga breyta hér neinu um. Þykir ákvæði þetta ekki

svipta stefnanda þeim rétti, sem hún hefur ótvírætt öðlast, enda hefur hún ekki enn byggt rétt á því. En auk þess er á það að líta, að er greiðslur mæðralauna til stefnanda voru felldar niður frá og með nóvembermánuði 1978 og ofgreiddum mæðralaunum skuldajafnað við greiðslur barnalífeyris til hennar á tímabilinu nóvember 1978 til 1. apríl 1979, höfðu stefnandi og Poul R. Smith ekki öðlast rétt samkvæmt ákvæðum 52. gr. greindra laga, þar sem ekki voru komin fram skilyrði þau, sem þar eru sett.

Samkvæmt því, sem hér er rakið, var ekki réttmætur grundvöllur fyrir þeirri ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisisn, sem staðfest var af tryggingaráði, að svipta stefnanda mæðralaunum, sem hún hafði öðlast rétt til. Verður Tryggingastofnun ríkisins gert að greiða stefnanda þær fjárhæðir, sem hún hefur misst af þessum sökum. Ekki hefur það sætt sérstökum andmælum, að fjárhæðir þessar nemi höfuðstól aðalkröfu stefnanda, og verður sú fjárhæð því lögð til grundvallar í málinu.

Verður Tryggingastofnun ríkisins því dæmd til að greiða stefnanda kr. 476.654, en samkvæmt dómvenju verða vextir dæmdir sem hér segir: 19% ársvextir af kr. 71.908 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember s. á., af kr. 148.207 frá þeim degi til 1. janúar 1979, af kr. 224.526 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 300.835 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 421.895 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 447.798 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 476.654 frá þeim degi til 1. júní s. á., 22% ársvextir frá þeim degi til 28. júní s. á., en frá þeim tíma dómvextir skv. lögum nr. 56/1979, sem með hliðsjón af tilgangi laganna teljast vera innlánsvextir af þriggja mánaða vaxtaaukareikningum, þ. e. 27.5% ársvextir til 1. september 1979, 32.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember, 36.5% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms í máli þessu, 1. febrúar 1980, en dómvextir, þ. e. innlánsvextir af þriggja mánaða vaxtaaukareikningum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 190.000, er renni í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 180.000.

Málskostnaður milli stefnanda og réttargæslustefnda fellur niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda, Guðnýju Valtýsdóttur, kr. 476.654 með 19% ársvöxtum af kr. 71.908 frá 1. nóvem-

ber 1978 til 1. desember s. á., af kr. 148.217 frá þeim degi til 1. janúar 1979, af kr. 224.526 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 300.835 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 421.895 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 447.798 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 476.654 frá þeim degi til 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m., með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 32.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 36.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 190.000 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 180.000.

Málskostnaður milli stefnanda og réttargæslustefnda fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja inna 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. apríl 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 10. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Tryggingastofnun ríkisins og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 700/1980: Guðný Valtýsdóttir gegn Tryggingastofnun ríkisins og heilbrigðisráðherra.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1886/1979.

Nr. 1 og 2.

Fylgir með í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 476.654 með 19% ársvöxtum af kr. 71.908 frá 1. nóvember 1978 til 1. desember s. á., af kr. 148.217 frá þ. d. til 1. janúar 1979 af kr.224.526 frá þ. d. til 1. febrúar s. á., af kr. 300.835 frá þ. d. til 1. mars s. á., af kr. 421.895 frá þ. d. til 1. apríl s á., af kr. 447.798 frá þ. d. til 1. maí s. á., af kr. 476.654 frá þ. d. til 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum frá þ. d. til 28. júní s. á., með 27.5% ársvöxtum frá þ. d. til 1. september s. á., með 32.5% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember s. á., með 36.5% ársvöxtum frá þ. d. til 1. febrúar 1980, en með dómvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, kr. 4.950 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 190.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 11.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og fyrir hann mætir Eggert G. Þorsteinsson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola Laugavegi 114. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr. 123/1982. **Sigurður Stefánsson og**
Stefán Einar Stefánsson
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sigríði Sigurðardóttur og
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Ragnari Halldóri Hall,
skiptaráðanda í Reykjavík f. h.
dánarbús Stefáns Stefánssonar
(enginn).

Skipti. Dánarbú. Kaupmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1982 og gera þær dómkröfur, að íbúð að Kaplaskjólsvegi 53, 4. hæð t. h., Reykjavík, verði talin eign dánar- og félagsbús Stefáns Stefánssonar og Sigríðar Sigurðardóttur. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefndu Sigríðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda Sigríður krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur hinum stefnda skiptaráðanda í Reykjavík og engar kröfur gerðar af hans hálfu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Krafa áfrýjenda í máli þessu byggist á því, að kaupmáli sá, sem stefnda Sigríður og Stefán Stefánsson gerðu 4. september 1962, hafi aldrei stofnað til neinnar séreignar til handa stefndu Sigríði.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að dánarbú Þóru Þórðardóttur, sem andaðist 11. júlí 1932, hafi sætt formlegri skiptameðferð. Ósannað er einnig, að Stefán Stefánsson hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir lát Þóru.

Áfrýjendur eru fæddir 1925 og 1931. Faðir þeirra andaðist 1973, og höfðu þeir þá báðir verið lögráða í meira en 20 ár.

Ekki liggur fyrir glöggt yfirlit um eignir og skuldir dánar- og félagsbús Þóru Þórðardóttur og Stefáns Stefánssonar. Hitt er ljóst, að engar sérgreindar eignir eru lengur til úr því búi, og ólíklegt er, að einhverjar eignir úr dánarbúi Þóru hafi runnið til kaupa íbúðar að Nesvegi 78, Reykjavík sem keypt var 1957 og gerð að séreign stefndu með fyrrgreindum kaupmála. Eigi er heldur unnt að líta fram hjá tómlæti áfrýjenda í því að setja fram kröfu um móðurarf sinn og ógildingu kaupmálans.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 15. gr., 2. mgr., laga nr. 8/1962, sem setur erfingjum þriggja ára afdráttarlausan frest frá afhendingu gjafar úr óskiptu búi til höfðunar riftumarmáls, verður að telja, að krafa áfrýjenda, sem byggist á vanheimild föður þeirra til kaupmálagerðar, vegna þess að skipti á dánarbúi móður þeirra hefðu ekki farið fram, sé of seint fram komin.

Því er ekki mótmælt, að kaupmálinn frá 4. september 1962 sé formlega gildur, og áfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti fallið frá þeirri málsástæðu, að hann nái ekki til íbúðarinnar að Kaplaskjólsvegi 53.

Eins og hér stendur á, verður því að telja, að með framangreindum kaupmála hafi íbúðin að Nesvegi 78 orðið séreign stefndu svo og þær íbúðir, sem í stað hennar komu, þannig að halda ber íbúðinni á Kaplaskjólsvegi 53 utan skipta á dánar- og félsgsbúi Stefáns Stefánssonar og stefndu Sigríðar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að staðfesta úrskurð skiptaréttar og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur. Áfrýjendur, Sigurður Stefánsson og Stefán Einar Stefánsson, greiði stefndu, Sigríði Sigurðardóttur, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 5. mars 1982.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 17. febrúar 1982.

Sóknaraðiljar, Sigurður Stefánsson, Nýbýlavegi 53, Kópavogi, og Stefán Stefánsson, Lækjarhvammi, Búðardal, gera þær dómkröfur, að kaupmáli varnaraðilja og föður þeirra, Stefáns Stefánssonar, dagsettur 4. september 1962, verði úrskurðaður ógildur og að varnaraðilja verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili, Sigríður Sigurðardóttir, Kaplaskjólsvegi 53, Reykjavík, krefst þess, að kröfum sóknaraðilja verði hafnað og að þeim verði gert að greiða henni ríflegan málskostnað.

Tildrög máls þessa eru þau, að 6. janúar 1973 andaðist eiginmaður varnaraðilja, Stefán Stefánsson, sem síðast bjó að Kaplaskjólsvegi 53 í Reykjavík. Hafði Stefán verið tvíkvæntur. Fyrri kona hans, Þóra Þórðardóttir, lést 11. júlí 1932. Sóknaraðiljar eru synir þeirra Stefáns og Þóru. Hinn 31. júlí 1937 gengu Stefán heitinn og varnaraðili í hjúskap.

Stuttu eftir andlát Stefáns Stefánssonar tilkynnti varnaraðili andlát hans með tíðkanlegum hætti til skiptaráðandans í Reykjavík og upplýsti þá, að dánarbú hans væri eignalaust.

Hinn 30. mars 1977 var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur uppskrift á dánarbúi Stefáns Stefánssonar. Ekki er ljóst, af hvaða tilefni þetta var gert, en bókun í þessu réttarhaldi var sem hér segir:

„Mætt er í réttinum eftirlifandi eiginkona, Sigríður Sigurðardóttir, hér til heimilis, og Einar Viðar hrl.

Mættu segja erfingja hins látna vera þessa:

1. Mættu Sigríði Sigurðardóttur.
2. Sigurður Stefánsson, Nýbýlavegi 53, Kópavogi.
3. Stefán Einar Stefánsson, Búðardal.

Erfingjar nr. 2 og 3 eru sagðir synir af fyrra hjónabandi. Kveðst Einar Viðar hrl. mæta í réttinum sem umboðsmaður þeirra.

Mætta Sigríður skýrir svo frá, að hinn látni hafi verið eignalaus, er hann

lézt. Hafi hún tilkynnt borgarfógeta andlátið, er hann lézt, og það með, að hann hafi verið eignalaus.

Mætta skýrir svo frá, að hún hafi átt sem séreign samkvæmt kaupmála íbúð að Nesvegi 78, hér í borg. Hafi hún selt eign þessa á árinu 1964 og keypt þess í stað smærri íbúð, þá íbúð hafi hún selt tveim árum síðar og keypt aðra hér að Kaplaskjólsvegi 53.

Innbú hér að Kaplaskjólsvegi 53 kveðst mætta eiga sjálf. Hafi hún og hinn látni gert kaupmála um innbú, líklega á árinu 1949, og hafi innbúið þá verið gert að séreign mættu. Hafi mætta greitt fyrir allt innbú og lagt það í búið, enda hafi hún unnið fyrir mun meira kaupi en hinn látni.

Upplesið staðfest.

Einar Viðar. Sigríður Sigurðardóttir.

Skiptarétti slitið."

Með bréfi, sem dagsett er „Kópavogi / 1978", sem ekki er upplýst, hvenær barst skiptaráðandanum í Reykjavík, er þess krafist af hálfu sóknaraðiljans Sigurðar Stefánssonar, að dánarbú Stefáns Stefánssonar og félagsbú hans og Sigríðar Sigurðardóttur verði tekið til opinberra skipta. Var beiðni þessi tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 9. ágúst 1979. Ítrekaði varnaraðili máls þessa þá enn, að dánarbúið ætti engar eignir, þar sem einu eignir í búi hennar og látna hefðu verið séreignir hennar samkvæmt kaupmála. Hinn 16. ágúst 1979 var skiptameðferð á búinu tekin fyrir að nýju og því þá mótmælt af hálfu sóknaraðilja málsins, að kaupmáli látna og varnaraðilja, dagsettur 4. september 1962, næði til íbúðar, sem hjónin höfðu búið í að Kaplaskjólsvegi 53 og varnaraðili lýst séreign sína. Er af ágreiningi þessum risið skiptaréttarmál þetta.

Málið var þingfest 8. október 1979 af Jóni Sigurgeirssyni, fulltrúa yfirborgarfógeta. Hinn 18. janúar 1980 fór fram munnlegur málflutningur í málinu. Með úrskurði, uppkveðnum 8. febrúar 1980, var málsaðiljum gefinn kostur á að afla frekari gagna í málinu og ákveðið, að málið skyldi tekið fyrir að nýju 28. mars 1980. Gagnaöflun stóð síðan yfir allt þar til henni var lýst lokið á þeim degi, sem málið var flutt munnlega.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti tók við meðferð máls þessa haustið 1981, og kveður hann upp úrskurð þennan.

II.

Eins og að framan greinir, eru sóknaraðiljar synir látna, Stefáns Stefánssonar, og fyrri konu hans, Þóru Þórðardóttur. Er móðir þeirra féll frá, voru þeir börn að aldri, Sigurður fæddur 20. september 1925, og Stefán fæddur 13. október 1931. Var þeim komið fyrir í fóstur að Fossi í Vopnafirði, þar sem þeir ólust upp hjá móðurömmu sinni og móðurbróður.

Samkvæmt vottorðum Þjóðskjalasafns Islands og skiptaráðandans í Ísafjarðarsýslu, þar sem Stefán og Þóra áttu lögheimili, er hún andaðist, virðist ekki hafa átt sér stað neins konar skiptameðferð á dánar- og félagsbúinu eftir andlát Þóru.

Stefán Stefánsson og varnaraðili gengu í hjónaband 31. júlí 1937. Hinn 4. september 1962 gerðu þau með sér svohljóðandi kaupmála:

„Við undirrituð hjón, ég Stefán Stefánsson, Nesvegi 78, og ég Sigríður Sigurðardóttir, sama stað, sem gengum að eigast árið 1937 og höfum lifað í hjúskap síðan, gerum hér með eftirfarandi

kaupmála:

Tveggja herbergja íbúð okkar í húseigninni nr. 78 við Nesveg, sem er, ásamt öllu því, er henni tilheyrir, ⅓ hluti húseignarinnar og að fasteignamati kr. 27.333.00, skal vera séreign mín, Sigríðar, svo og arður af henni. Áhvílandi skuldir við lífeyrissjóð, ca. kr. 55.000.00 og samkvæmt handhafaskuldabréfi ca. kr. 45.000.00, eða samanlagt ca. kr. 100.000.00 tek ég, Sigurður, að mér."

Skjal þetta var móttekið og innfært í kaupmálabók og veðmálabækur hjá borgarfógetanum í Reykjavík 5. september 1962 og þinglýst sem eignarheimild varnaraðilja að þar greindri fasteign.

Á árinu 1964 var íbúð sú, sem í kaupmálanum greinir, seld jafnframt því sem varnaraðili festi kaup á íbúð að Drapuhlíð 46 í Reykjavík. Þá íbúð seldi hún aftur með samningi, sem dagsettur er 9. september 1966, og ritaði Stefán Stefánsson á þann samning sem vottur, en varnaraðili er þar einn talin seljandi.

Með kaupsamningi, dagsettum 19. september 1966, keypti varnaraðili íbúð þá, sem um er deilt í máli þessu. Er hún í kaupsamningi tilgreind sem kaupandi, og kemur nafn látna hvergi við sögu á þeim samningi.

III.

Kröfur sínar í máli þessu reisa sóknaraðiljar á því, að til þess að kaupmáli um fasteign sé gildur gagnvart grandalausum þriðja manni, skuli þinglýsa honum á varnarþingi umræddrar fasteignar. Þessa hafi hvorki verið gætt varðandi íbúðina að Drápuhlíð 46 né íbúðina að Kaplaskjólvegi 53. Þá beri kaupmálinn ekki með sér, að eign, er síðar komi í stað íbúðarinnar að Nesvegi 78, verði séreign varnaraðilja. Er og tekið fram í greinargerð sóknaraðilja á dskj. 6, að vefengt sé „lagagildi slíkra ákvæða", og því haldið fram, að þau standist ekki, Af þessu leiði, að kaupmálinn hafi ekki lagagildi varðandi þær eignir, er „hjóinin keyptu sameiginlega, eftir að þau seldu íbúðina að Nesvegi", eins og segir í greinargerðinni.

Þá er því og haldið fram af sóknaraðiljum, að faðir þeirra hafi ekki haft

heimild til að ráðstafa á nokkurn hátt eigum sínum, þar sem ekki hafi verið skipt dánarbúi móður þeirra, er hann gekk í hjúskap að nýju. Sé kaupmálinn þegar af þessari ástæðu ógildur gagnvart erfingjum hans.

Varnaraðili heldur því fram, að kaupmálinn sé fullkomlega löglegur gerningur og að umrædd íbúð sé því séreign hennar. Ekki hafi verið nauðsynlegt að gera nýjan kaupmála hverju sinni í því sambandi. Óþarft hafi verið að taka fram í kaupmálanum, að eign, er síðar kynni að koma í stað íbúðarinnar að Nesvegi 78, skyldi verða séreign varnaraðilja, þar sem skýrt sé tekið fram í 3. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, að þau verðmæti séu séreign, sem komi í stað séreignar samkvæmt kaupmála, nema öðru vísi sé ákveðið, svo gilt sé.

Enn fremur heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðiljar hafi með tómlæti sínu firrt sig rétti til að hafa þá málsástæðu uppi í máli þessu, að látni hafi ekki haft heimild til að gera kaupmála við varnaraðilja í hjúskap þeirra, þar sem óskipt væri dánarbú konu hans af fyrra hjónabandi. Varnaraðili hafi ávallt haldið, að öll mál varðandi dánarbú fyrri konu Stefáns heitins væru útkljáð, og stuðst þar við framburð hans sjálfs, en hann hafi sagt henni, að dánar- og félagsbú hans og fyrri konunnar hefði ekki hrokkið fyrir skuldum. Hafi varnaraðili ávallt verið í góðri trú um þetta og aldrei haft ástæðu til annars.

IV.

Leggja verður til garundvallar í máli þessu, að dánarbú Þóru Þórðardóttur hafi aldrei fengið formlega skiptameðferð. Ekki verður heldur séð, að sóknaraðiljar hafi nokkru sinni sett fram kröfu um skipti á því búi, né heldur, að þeir hafi nokkru sinni krafið föður sinn um uppgjör á móðurarfi þeirra. Leiddar hafa verið líkur að því við meðferð máls þessa, að eignir dánar- og félagsbús Þóru og Stefáns hafi verið sáralitlar, og jafnvel ekki hrokkið fyrir kostnaði af útför hennar. Taldi varnaraðili í réttarhaldi 9. ágúst 1979, að af þeim sökum hafi dánarbúið verið afgreitt hjá sýslumanni á Ísafirði sem eignarlaust með hliðsjón af 1. mgr. 10. gr. skiptalaga. nr. 3/1878.

Móðurbróðir sóknaraðilja, Stefán Þórðarson, fyrrum bóndi að Fossi í Vopnafirði, hefur komið fyrir skiptarétt Norður-Múlasýslu og borið vitni í máli þessu. Kvaðst vitnið ekki geta staðhæft neitt um efnahag þeirra Stefáns og Þóru við fráfall hennar, en taldi þó, að þau hefðu verið fátæk. Hafi vitnið aldrei heyrt um það rætt, að sóknaraðiljar ættu inni móðurarf sinn hjá föður þeirra. Hins vegar hafi þeir komið allslausir, þegar þeim var ráðstafað í fóstur að Fossi, og aldrei fengið neitt frá föður sínum eftir það.

Er faðir þeirra féll frá, höfðu sóknaraðiljar báðir verið lögráða í rúmlega

20 ár. Hafi þeir talið sig eiga inni móðurarf sinn hjá föður sínum, bar þeim að krefja hann án ástæðulausrar tafar um uppgjör á þeim arfi, og það því fremur sem þeim var ljóst, að hann hafði gengið í hjúskap tiltölulega skömmu eftir lát móður þeirra. Krafa þeirra, sem hér er til úrlausnar, var þó ekki sett fram fyrr en á árinu 1978, en faðir þeirra lést 6. janúar 1973. Verður að telja, að krafa sóknaraðilja, byggð á þeirri málsástæðu, að faðir þeirra hafi ekki haft heimild til að gera umræddan kaupmála vegna þess, að skipti hefðu ekki farið fram á dánarbúi móður þeirra, sé allt of seint fram komin, og verður að hafna henni þegar af þeirri ástæðu. Skiptir í því sambandi ekki mali, hvort sóknaraðiljum var kunnugt um tilvist kaupmálans eða ekki.

Ekki er um það deilt í málinu, að kaupmálinn sé formlega gildur. Af hálfu sóknaraðilja hefur ekki verið dregin í efa frásögn varnaraðilja um, með hvaða hætti eign sú, sem kaupmálinn tiltekur, var seld og með hvaða hætti sú eign hefur komið í hennar stað, sem varnaraðili telur séreign sína. Af hálfu sóknaraðilja hafa engin haldbær rök komið fram, er hnekki skýru ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20/1923, en samkvæmt þessu lagaákvæði eru þau verðmæti séreign, sem koma í stað séreignar samkvæmt kaupmála, nema öðru vísi sé ákveðið, svo gilt sé.

Samkvæmt framagreindu verður að hafna kröfum sóknaraðilja í máli þessu, en þar af leiðir, að við skipti á dánarbúi Stefáns Stefánssonar og félagsbúi hans og varnaraðilja verður umræddur kaupmáli lagður til grundvallar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja málskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðilja, Sigurðar og Stefáns Stefánssona, í máli þessu.

Sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja, Sigríði Sigurðardóttur, kr. 5.000.00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1983.

Nr. 94/1980. **Jón Vilhjálmsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Svanþór Þorbjörnssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnulaun. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Magnús Thoroddsen og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1980. Dómkröfur hans eru þær, að honum verði einungis gert að greiða stefnda 359.20 krónur og stefnda gert að greiða honum málskostanð í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að stefndi var nemi í málaraiðn á þriðja ári, er hann vann verk þau, sem hann krefur launa fyrir í máli þessu. Þá er heldur ekki deilt um það, að við útreikning þeirra launa eigi að miða við prósentutöluna 75. Hins vegar greinir aðilja á um það, af hvaða tölu beri að reikna prósentu þessa. Stefndi heldur því fram, að leggja beri uppmælingataxta til grundvallar, en áfrýjandi staðhæfir, að samist hafi svo um, að miða hafi átt útreikning þennan við tilboðsverð hans í verkin að frádregnum efniskostnaði, leigu fyrir körfubifreið og 40% meistaraálagi. Áfrýjandi hefur hins vegar ekki sannað gegn andmælum stefnda, að svo hafi um samist sem hann staðhæfir. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 5.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Vilhjálmsson, greiði stefnda, Svanþór Þor-

björnssyni, 5.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. mars sl., hefur Svanþór Þorbjörnsson, Möðrufelli 5, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. júní 1979, á hendur Jóni Vilhjálmssyni, Háaleitisbraut 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 657.580 auk 3% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. október 1978 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi greiði honum kr. 385.246 með hæstu lögleyfðu vöxtum frá 1. október 1978 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 35.922. Málskostnaðar er krafist að skaðlausu úr hendi stefnanda skv. gjaldsskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var samkvæmt því, er segir í iðnnámssamningi, dskj. 28, á námssamningi hjá Húsamálaranum s/f frá 1. september 1976 til 22. ágúst 1978. Meistarar hans voru stefndi og faðir stefnda, Vilhjálmur Ingólfsson. Stefnandi hlaut fjögurra mánaða styttingu á iðnnámi sínu vegna fyrra náms síns og sleppti fyrsta áfanga í iðnskóla. Mál það, sem hér er til meðferðar, er risið af vinnu stefnanda í þágu stefnda eins og persónulega að Vesturbergi 120, Reykjavík, á tímabilinu 23. maí 1978 til 29. maí 1978 og 8. júní 1978 til 9. júní 1978, að Fellsmúla 2 - 4 tímabilið 31. maí 1978 til 30. júní 1978 og að Fellsmúla 9 - 11 tímabilið 3. júlí 1978 til 21. ágúst 1978. Stefnandi heldur því fram, að störf hans hafi verið unnin í uppmælingu, og byggir kröfugerð sína á niðurstöðum slíkra mælinga. Stefnandi vann störf sín ásamt öðrum iðnnema, Helga Jónssyni, Þinghólsbraut 29, Kópavogi. Þeir halda því fram, að þeir hafi unnið einir að verkum þessum að öðru leyti en því, að stefndi hafi litillega unnið með þeim að Fellsmúla 2 - 4.

Halda þeir því fram, að milli sveina- og meistarafélaga í málaraiðn sé munnlegt samkomulag um, að iðnnemar, sem vinna einir í verki, hljóti 95% af launum sveina fyrir verkið. Þessu til staðfestu hafa þeir lagt fram yfirlýsingu frá Meistarasambandi byggingamanna og Sambandi byggingamanna, dags. 22. janúar sl., dómskj. 30, þar segir:

„Vegna fyrirspurnar til okkar um, hver skuli vera hlutur iðnnema í ákvæðisvinnu, sbr. 14. kafla í kjarasamningi byggingamanna, ef neminn vinnur einn í verkinu, viljum við taka fram, að þá á neminn það kaup,

sem uppmælingin mælir, mínus 15% hlut meistarans, eða 2/3 af því, eftir því hvorum samningskjörum hann er á, sbr. 14. kaflann.

Um þetta er ekki ágreiningur milli samtaka okkar."

Stefndi hefur mótmælt því, að sér hafi verið þetta samkomulag kunnugt.

14. kafli kjarasamnings byggingamanna hljóðar svo:

„Kjör iðnnema í ákvæðisvinnu:

Nú vinnur iðnnemi með sveini í ákvæðisvinnu og er á kjörum samkvæmt iðnfræðslulögum og á samningum A.S.Í. og V.S.Í. þar um. Skal þá hluti iðnnemans vera: Á 1. námsári 45%, á öðru ári 55%, á þriðja ári 65% og á fjórða ári 75% á móti 100% hluta sveinsins. Hluti meistarans vegna kostnaðar hans af hlunnindum, er iðnneminn nýtur umfram hlunnindi almennra kjarasamninga, skal vera 15% til viðbótar hlut iðnnemans. Nú er samkomulag um, að meistari greiði iðnnema kaup samkvæmt samningi um kaup og kjör iðnnema fyrir unninn tíma (sjá iðnnemasamning), og bætast þá 2/3 af hluta meistarans við hluta iðnnemans, og skal þá sú greiðsla skoðuð sem fullnaðargreiðsla framgreindra hlunninda nemans."

Í námssamningi, dómskj. 28, kemur ekki fram, hvor reglan skal gilda um stefnanda. Það er ágreiningslaust, að síðari reglan gilti um stefnanda, þegar hann vann í þjónustu stefnda.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína í málinu á þessari svokallaðri 95% reglu og útreikningum Iðnnemafélags Íslands samkvæmt henni. Í stefnu er krafa hans sundurliðuð svo:

„Vegna vinnunnar að Vesturbergi 120 er hlutur stefnanda kr. 192.018.-, miðað við 95% mælingar, að frádregnum kr. 48.000.-, sem stefnandi hefur fengið greiddar uppí kröfuna, og eru því eftirstöðvar kr. 144.018.-. Vegna vinnunnar að Fellsmúla 2 - 4 er hlutur stefnanda kr. 585.216.- miðað við 95% mælingar að frádregnum kr. 320.000.-, sem stefnandi hefur fengið greiddar uppí kröfuna, og eru því eftirstöðvar kr. 265.216.-. Vegna vinnunnar á Fellsmúla 9 - 11 er hlutur stefnanda kr. 516.346.- miðað við 95% mælingar, að frádregnum kr. 268.000.-, og eru eftirstöðvar kr. 248.346.-, eða samtals eftirstöðvar kr. 657.580.-, sem er stefnufjárhæðin í málinu."

Varakröfu sína byggir stefnandi hins vegar á 75% áf uppmælingarhlut sveins, sbr. 14. kafla kjarasamnings byggingamanna. Hann og Helgi Jónsson, sem með honum vann, halda því fram, að um það hafi samist milli þeirra og stefnda, að fyrir ofangreind verk greiddi hann þeim 75% af sveinamælingu.

Af hálfu stefnda er uppmælingunni hvorki sem slíkri mótmælt né tölulegum útreikningum stefnanda, og hann hefur gert upp gjöld til stéttarfélaga og stofnana þeirra í samræmi við uppmælinguna. Því er hins vegar haldið fram, að um hafi samist milli hans, Svanþórs og Helga, að þeir

fengju greitt samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í greinargerð segir hér um:

„Starfsmennirnir áttu að fá 3/4 hluta af tilboðsverði að frádregnum 28% efniskostnaði, kostnaði af leigu körfubifreiðar, þá ennfremur að frádregnum 40% sem meistaraálag til verktaka. Á þessum grundvelli hefur stefndi gert upp öll verkefnin, þar sem ekki lá fyrir endanlegur kostnaður, var aðeins greitt inn á verkin skv. áætlun. Þar sem stefnandi hætti svo fyrirvaralaust, var aldrei gengið fullkomlega frá uppgjöri, en vegna þessa máls þá kemur í ljós, að stefndi kann að vera skuldugur um kr. 36.922.-, það er ef viðurkennt er það uppgjör, sem hér á eftir verður reifað. Boðin er fram greiðsla á framangreindri fjárhæð. Verður vikið að hverju einstöku verkefni sérstaklega og gerð grein fyrir tilboði og uppgjöri.

Nr. 1. Vesturberg 120.

Tilboð	Kr.	418.610
÷ 28% efniskostnaður		117.210
		301.400
Aukaverk		16.500
÷ Leiga á körfubíl		89.850
		228.050
Álag meistara 40%		91.220
		136.830
Til starfsmanna 75%		103.990
Hlutur stefnanda		51.995

Inn á verkið hefur stefnandi þegar fengið greitt kr. 48.000, þannig að vegna þessa verks er skuld stefnda kr. 3.995.

Nr. 2. Fellsmúli 2 - 4

Tilboð	Kr.	2.208.318
28% efniskostnaður		618.330
		1.589.988
Aukaverk		46.178
		1.636.166
Leiga á körfubíl		330.298
		1.350.868
40% til meistara		535.406
		770.462
75% til starfsmanna		505.550

Verktími 422.5 klst. per klst. 1.385.

Af þessum verktíma vann stefnandi samtals 194.5 klst, og er því hlutur hans í verkinu 194.5 x 1385 = kr. 269.383. Á verktímanum greiddi stefndi stefnanda samtals kr. 320.000, og hefur stefnandi því fengið ofgreitt samtals kr. 50.617.

Verk nr. 3 Fellsmúli 9 - 1

Tilboð	kr. 2.453.019
28% efniskostnaður	685.845
	1.766.174
Aukaverk	48.720
	1.814.894
Kostnaður v/körfubíls	268.836
	1.546.058
40% til verktaka	633.884
Grunngjald	912.174
75% til verkamanna	684.130

Verktími var 425.5 klst., og er því einingargjald per. klst. kr. 1.608. Stefnandi vann í verkinu samtals 218 klst., og er því hans hlutur 218 x 1608 = kr. 350.544. Undir verkinu fékk stefnandi greitt frá stefnda samtals kr. 268.000 og á því inni kr. 82.544. Ef ofangreind uppgjör eru lögð til grundvallar við lausn þessa máls, þá er reikningsstaðan:

Vesturberg 120		
Skuld við stefnanda		3.995
Fellsmúli 2 - 4		
Skuld við stefnda	50.617	
Fellsmúli 9 - 11		
Skuld við stefnanda		82.544
Mismunur inneign stefnanda hjá stefnda	35.922	
	86.539	86.539

Því er harðlega mótmælt, að samið hafi verið um, að stefnandi og samstarfsmenn hans ættu að fá greitt 95% af sveinamælingu, enda er þessi regla stefnda með öllu ókunn og á sér enga stoð í samningum, og er þessari staðhæfingu alfarið vísað á bug. Stefnanda var mætavel ljóst, að verkin voru öll unnin á tilboðsgrundvelli, og var það fyrir áeggjan hans, að stefndi

gekkst inn á það samkomulag, sem hér að framan hefur verið rakið. Uppmæling, sem frammi liggur, er þessu máli óviðkomandi og er ætlað að tryggja fagfélögum ákveðin gjöld, sem tengd eru starfi iðnaðarmanna. Stefndi er, ef þess er óskað, reiðubúinn að gera upp viðskipti sín og stefnanda á grundvelli tímakaups, ef þess er óskað, en tímafjöldinn er þekktur, sbr. dskj. nr. 8. Þá kemur til greina að leggja til grundvallar uppgjöri ákvæði 14. gr. kjarasamnings, en verði stefnandi álitinn iðnnemi, þá er hann á öðru ári og ætti að fá 55% af sveinamælingu."

Launaseðlar stefnanda frá stefnda hafa verið lagðir fram sem dómskj. nr. 31. Þar er víða ritað, að greitt sé upp í mælingu. Stefndi heldur því fram í þinghaldi 10. desember sl., að hann hafi ritað þetta af gömlum vana. Í því þinghaldi voru aðiljar samprófaðir, um hvaða kjör var samið þeirra í milli fyrir greind verk. Hvor aðili hélt fast við fyrri staðhæfingar sínar, sem raktar hafa verið hér að framan. Helgi Jónsson, sem vann með stefnanda hefur fyrir dómi staðhæft, að samið hafi verið um þau sömu kjör og stefnandi heldur fram. Helgi á einnig í máli við stefnda vegna uppgjörs á framangreindum verkum.

Kjartan Georg Gunnarsson viðskiptafræðinemi hefur komið fyrir dóm sem vitni. Kjartan vann hjá stefnda sumarið 1978. Hann vann þó ekki með Svanþór og Helga. Hann sagðist oft hafa verið viðstaddur, þegar það barst í tal milli stefnda, Svanþórs og Helga, á hvaða kjörum Svanþór og Helgi unnu hjá stefnda. Hann sagði, að þeir hefðu rætt um, að Svanþór og Helgi væru á 75%. Hann kvaðst hafa lagt þann skilning í það, að Jón hefði gert tilboð í blokkina og ættu þeir að fá 75% af því, sem það hljóðaði upp á, en Jón síðan 25%. Hann kvaðst ekki geta fullyrt, af hverju þessi 75% áttu að reiknast. Hann var að því spurður, hvort eitthvað sérstakt hefði bent til þess, að þeir hafi átt við tilboðsfjárhæðin. Hann sagði þá, að hann hefði einhvern tíma verið að ræða þetta við Svanþór, eftir að hann var byrjaður að vera óánægður með 75% og farinn að ræða um, að þeir ættu að fá 95%. Hann hefði sagt við Svanþór, að ef þeir fengju 95%, fengi Jón aðeins 5% af upphæðinni og Svanþór hefði fundist það alveg nóg fyrir Jón. Taldi Kjartan, að ef Svanþór hefði miðað við mælingu, en ekki tilboðið, hefðu þessi 5% ef til vill verið 5% að tilboðsupphæðinni, ef til vill meira eða minna. Kjartan kvaðst ekki kunnugur launakjörum iðnnema.

Alit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins þykir eiga við það að miða, að stefnandi hafi verið á námssamningi hjá stefnda. 14. kafli kjarasamnings byggingamanna á því við hann, vinni hann í ákvæðisvinnu. Kaup hans í ákvæðisvinnu er þannig alla jafnan ákveðið sem hluti af uppmælingarhlut sveins í iðninni. Samkvæmt námssamningi hans fór hann á samning hjá Húsa-

málaranum s/f 1. september 1976. Vegna fyrra náms á nám hans að styttast um fjóra mánuði, sem rétt þykir að taka framan af námssamningi hans. Stefnandi er þannig eftir 1. maí 1978 nemi á þriðja námsári og skal því samkvæmt 14. kafla kjarasamnings byggingamanna fá 65% af hluta sveins í ákvæðisvinnu. Við þetta skal bætast samkvæmt ákvæðinu 2/3 af 15%, þar sem síðasti hluti ákvæðisins á við hann. Hann á þannig samkvæmt 14. kafla kjarasamnings byggingamanna að hafa 75% af hluta sveins fyrir þau verk, sem hann vill fá uppgert fyrir.

Aðiljar eru sammála um, að svo hafi samist milli þeirra, að stefndi greiddi stefnanda 75% og kaup hans þannig miðast við afköst, en þeir deila um, af hverju 75% áttu að reiknast. Halda stefnandi og Helgi Jónsson, sem með honum vann, því fram, að þau hafi átt að reiknast af uppmælingu, en stefndi af tilboðsfjárhæð eftir nánari útreikningi.

Stefndi, sem heldur fram fráviki frá kjarasmaningum, þykir ekki hafa sannað staðhæfingar sínar, og þykir því ekki þurfa frekar að fjalla um útreikninga hans.

Stefndi hefur mótmælt því, að honum sé kunnugt munnlegt samkomulag, sbr. yfirlýsingu Meistarsambands byggingamanna og Sambands byggingamanna, dómskj. 30, sem rakið er hér að framan. Samkomulag þetta er ekki tekið með í útgefnum kjarasamningum, og þykir stefndi því ekki við það bundinn.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kjör stefnanda skulu niðast við 75% af uppmælingarhlut sveins og vera þannig í samræmi við varakröfu stefnanda, en útreikningi varakröfunnar er ekki mótmælt. Stefndi skal þannig greiða stefnanda kr. 385.246. Eins og vaxtakröfu stefnanda er háttað, þykir rétt, að stefndi greiði ofangreinda fjárhæð með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 200.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Svanþór Þorbjörnssyni, kr. 385.246 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1983.

Nr. 95/1980. **Jón Vilhjálmsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Helga Jónssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnulaun. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Magnús Thoroddsen og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1980. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að stefndi var nemi í málaraiðn á þriðja ári, er hann vann verk þau, sem hann krefur launa fyrir í máli þessu. Þá er heldur ekki deilt um það, að við útreikning þeirra launa eigi að miða við prósentutöluna 75. Hins vegar greinir aðilja á um það, af hvaða tölu beri að reikna prósentu þessa. Stefndi heldur því fram, að leggja beri uppmælingartaxta til grundvallar, en áfrýjandi staðhæfir, að samist hafi svo um, að miða hafi átt útreikning þennan við tilboðsverð hans í verkin að frádregnum efniskostnaði, leigu fyrir körfubifreið og 40% meistaraálagi. Áfrýjandi hefur hins vegar ekki sannað gegn andmælum stefnda, að svo hafi um samist sem hann staðhæfir. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 5.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Vilhjálmsson, greiði stefnda, Helga Jónssyni, 5.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. mars sl., hefur Helgi Jónsson, Þinghólbraut 29, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. júní 1979, á hendur Jóni Vilhjálmssyni, Háaleitisbraut 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 623.580 auk 3% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. okt. 1978 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi greiði honum kr. 351.246 með hæstu lögleyfðu vöxtum frá 1. október 1978 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var samkvæmt því, er segir í iðnnámssamningi, dómskj. 30, á námssamningi hjá Húsamálaranum s/f frá 1. ágúst 1976 til 22. ágúst 1978. Meistarar hans voru stefndi og faðir stefnda, Vilhjálmur Ingólfsson. Stefnandi hlaut fjögurra mánaða styttingu á iðnnámi sínu vegna fyrra náms síns og sleppti fyrsta áfanga í iðnskóla. Mál það, sem hér er til meðferðar, er risið af vinnu stefnanda í þágu stefnda eins og persónulega að Vesturbergi 120, Reykjavík, á tímabilinu 23. maí 1978 til 29. maí 1978 og 8. júní 1978 til 9. júní 1978 og að Fellsmúla 2 - 4 tímabilið 31. maí 1978 til 30. júní 1978 og að Fellsmúla 9 - 11 tímabilið 3. júlí 1978 til 21. ágúst 1978. Stefnandi heldur því fram, að störf hans hafi verið unnin í uppmælingu, og byggir kröfugerð sína á niðurstöðum slíkra mælinga. Stefnandi vann störf sín ásamt öðrum iðnnema, Svanþór Þorbjörnssyni, Möðrufelli 5, Reykjavík. Þeir halda því fram, að þeir hafi unnið einir að verkum þessum að öðru leyti en því, að stefndi hafi lítillega unnið með þeim að Fellsmúla 2 - 4.

Halda þeir því fram, að milli sveina- og meistarafélaga í málaraiðn sé munnlegt samkomulag um, að iðnnemar, sem vinna einir í verki, hljóti 95% af launum sveins fyrir verkið. Þessu til staðfestu hafa þeir lagt fram yfirlýsingu frá Meistarasambandi byggingamanna og Sambandi byggingamanna, dags. 22. janúar sl., dómskj. 32, þar segir: „Vegna fyrirspurnar til okkar um, hver skuli vera hlutur iðnnema í ákvæðisvinnu, sbr. 14. kafla í kjarasamningi byggingamanna, ef neminn vinnur einn í verkinu, viljum við taka fram, að þá á neminn það kaup, sem uppmælingin mælir minus

15% hlut meistarans eða 2/3 af því, eftir því hvorum samningskjörum hann er á, sbr. 14. kaflann. Um þetta er ekki ágreiningur milli samtaka okkar".

Stefndi hefur mótmælt því, að sér hafi verið þetta samkomulag kunnugt.

14. kafli kjarasamnings byggingamanna hljóðar svo:

„Kjör iðnnema í ákvæðisvinnu:

Nú vinnur iðnnemi með sveini í ákvæðisvinnu og er á kjörum samkvæmt iðnfræðslulögum og á samningi A.S.Í og V.S.Í þar um. Skal þá hluti iðnnemans vera: Á 1. námsári 45%, á öðru ári 55%, á þriðja ári 65% og á fjórða ári 75% á móti 100% hluta sveinsins. Hluti meistarans vegna kostnaðar hans af hlunnindum, er iðnnemi nýtur umfram hlunnindi almennra kjarasamninga, skal vera 15% til viðbótar hlut iðnnemans. Nú er samkomulag um, að meistari greiði iðnnema kaup samkvæmt samningi um kaup og kjör iðnnema fyrir unninn tíma (sjá iðnnemasamning), og bætast þá 2/3 af hluta meistarans við hluta iðnnemans, og skal þá sú greiðsla skoðuð sem fullnaðargreiðsla framgreindra hlunninda nemans".

Í námssamningi, dómskj. 30, kemur ekki fram, hvor reglan skal gilda um stefnanda. Það er ágreiningslaust, að síðari reglan gilti um stefnanda, þegar hann vann í þjónustu stefnda.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína í málinu á þessari svokallaðri 95% reglu og útreikningum Iðnnemafélags Íslands samkvæmt henni. Í stefnu er krafa hans sundurliðuð svo: „Vegna vinnunnar að Vesturbergi 120 er hlutur stefnanda kr. 192.018.-, miðað við 95% mælingar, að frádregnum kr. 48.000.-, sem stefnandi hefur fengið greiddar upp í kröfuna, og eru því eftirstöðvar kr. 144.018.-. Vegna vinnunnar að Fellsmúla 2 - 4 er hlutur stefnanda kr. 585.216.- miðað við 95% mælingar að frádregnum kr. 344.500.-, sem stefnandi hefur fengið greiddar upp í kröfuna, og eru því eftirstöðvar kr. 240.716.-. Vegna vinnunnar að Fellsmúla 9 - 11 er hlutur stefnanda kr. 516.346.- miðað við 95% mælingar, að frádregnum kr. 277.500.-, og eru eftirstöðvar kr. 238.846.-, eða samtals eftirstöðvar kr. 623.580.-, sem er stefnufjárhæðin í málinu".

Varakröfu sína byggir stefnandi hins vegar á 75% af uppmælingarhlut sveins, sbr. 14. kafla kjarasamnings byggingamanna. Hann og Svanþór Þorbjörnsson, sem með honum vann, halda því fram, að um það hafi samist milli þeirra og stefnda, að fyrir ofangreind verk greiddi hann þeim 75% af sveinamælingu.

Af hálfu stefnda er uppmælingunni hvorki sem slíkri mótmælt né tölulegum útreikningum stefnanda. Hann hefur gert upp gjöld til séttarfélaga og stofnana þeirra í samræmi við mælinguna. Því er hins vegar haldið fram, að um hafi samist milli hans, Svanþórs og Helga, að þeir fengju

greitt eftir afköstum samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í greinargerð segir hér um:

„Stefndi kveður samkomulag þeirra hafa verið eftirfarandi: að stefnandi og Svanþór áttu að hafa í laun 3/4 hluta af tilboðsverði, er dregið hafði verið frá 28% vegna efniskostnaðar, kostnaður af leigu körfubifreiðar, þá ennfremur að frádregnu 40% sem meistarálag til verktaka. Á þessum grundvelli hefur stefndi þegar gert upp öll verkefnin við stefnanda, þó þannig, að hann telur sig hafa ofgreitt kr. 35.045, og hirðir hann ekki að hafa uppi kröfur vegna þess.

Verður hér á eftir vikið að hverju einstöku verkefni sérstaklega og gerð grein fyrir tilboðinu og uppgjöri.

Nr. 1, *Vesturbergi 120.*

Tilboð	418.610
÷ 28% efniskostnaður	117.210
	301.400
Aukaverk	16.500
÷ leiga á körfubíl	89.850
	228.050
Álag meistara (verktaki)	91.220
	136.830
75% til starfsmanna	103.990
Hlutur stefnanda helmingur	51.995

Inn á ofangreint verk hefur stefndi þegar greitt stefnanda kr. 48.000, þannig skuldar hann kr. 3.995.

Nr. 2, *Fellsmúli 2 - 4.*

Tilboð	2.208.318
÷ 28% efniskostnaður	618.330
	1.589.988
+ aukaverk	46.178
	1.636.166
÷ leiga á körfubíl	330.298
	1.305.868
40% til verktaka	535.406
grunngjald	770.462
75% til starfsmanna	585.550

Verktími 422,5 klst. pr. klst kr. 1.385.

Af þessum verktíma vann stefnandi samtals 180 stundir, sbr. dsk. nr. 8, en Svanþór 194,5 klst og stefndi 48 tíma.

Hlutur stefnanda í þessu verki

$$180 \times 1.385 = 249.300 \text{ kr.}$$

Greiddi stefndi á verktímanum kr. 344.500, og hefur því stefnandi fengið greitt umfram kr. 95.200.

Nr. 3, *Fellsmúli 9 - 11*

Tilboð	2.453.019
÷ 28% efniskostnaður	686.845
	1.766.174
Aukaverk	48.720
	1.814.894
÷ leiga á körfubíl	268.836
	1.545.058
40% til verktaka	633.884
grunngjald	912.174
75% til starfsmanna	684.130

Verkið tók samtals 425,5 klst., og er því vinnugjald pr. klst. kr. 1608. Stefnandi vann að verkinu samtals 207,5 klst, sbr. dskj. nr. 8, og er því hlutur hans 333.660 kr.

Á verktímanum fékk stefnandi greitt samtals kr. 277.500, og standa því eftir kr. 56.160, sem er skuld við stefnanda. Ef ofangreindar tölur eru lagðar til grundvallar, þá er reikningsstaðan

Vesturberg 120		
Skuld við stefnanda		3.995
Fellsmúli 2 - 4		
Inneign hjá stefnanda	95.200	
Fellsmúli 9 - 11		
Skuld við stefnanda		56.160
Mismunur inneign hjá stefnanda		35.045
	95.200	95.200

Því er harðlega mótmælt, að samið hafi verið um, að stefnandi og samstarfsmaður hans hafi átt að fá greitt 95% af sveinamælingum, enda er þessi regla stefnda með öllu ókunn og á sér hvergi stoð í samningum. Stefnanda var fullljóst, að öll þessi verkefni voru unnin á tilboðsgrundvelli, og mæling á verkinu fer einungis fram til þess að tryggja felögum iðnaðarmanna hin launatengdu gjöld, og er því mælingin máli þessu með öllu óviðkomandi. Stefndi er reiðubúinn, ef ofangreindum útreikningum er hafnað, að gera verkin upp við stefnanda á grundvelli tímakaups, og vísa ég í þeim efnum til dskj. nr. 22, sem er taxti Meistarasambands byggingarmanna frá 1. desember sl.

Stefnandi í máli þessu mun hafa verið um eins árs skeið iðnnemi. Var eftir því sem næst verður komist hættur iðnnámi, og eiga því ákvæði um kjör iðnnema í ákvæðisvinnu ekki við. Þrátt fyrir þetta er stefndi reiðubúinn til þess að skoða stefnanda sem fyrsta árs nema og gera upp vipskipti þeirra á grundvelli 14. greinar kjarasamnings."

Launaseðlar stefnda hafa verið lagðir fram sem dómskj. nr. 33. Þar er víða ritað, að greitt sé upp í mælingu. Stefndi heldur því fram í þinghaldi 10. des. sl., að hann hafi ritað þetta að gömlum vana. Í þinghaldi voru Svanþór Þorbjörnsson og stefndi samprófaðir, um hvaða kjör var samið þeirra í milli fyrir greind verk. Hvor aðili hélt fast við fyrri staðhæfingar sínar, sem raktar hafa verið hér að framan. Stefnandi, Helgi Jónsson, hefur fyrir dómi staðhæft, að samið hafi verið um þau kjör, sem hann byggir varakröfu sína á. Svanþór á einnig í máli við stefnda vegna uppgjörs á framangreindum verkum.

Kjartan Georg Gunnarsson viðskiptafræðinemi hefur komið fyrir dóm sem vitni. Kjartan vann hjá stefnda sumarið 1978. Hann vann þó ekki með Svanþór og Helga. Hann sagðist oft hafa verið viðstaddur, þegar það barst í tal milli stefnda, Svanþórs og Helga, á hvaða kjörum Svanþór og Helgi unnu hjá stefnda. Hann sagði, að þeir hefðu rætt um, að Svanþór og Helgi væru á 75%. Hann kvaðst hafa lagt þann skilning í það, að Jón hefði gert tilboð í blokkina og ættu þeir að fá 75% af því, sem það hljóðaði upp á, en Jón síðan 25%. Hann kvaðst þó ekki geta fullyrt, af hverju þessi 75% áttu að reiknast. Hann var að því spurður, hvort eitthvað sértakt hefði bent til þess, að þeir hafi átt við tilboðsfjárhæðina. Hann sagði þá, að hann hefði einhvern tímann verið að ræða þetta við Svanþór, eftir að hann var byrjaður að vera óánægður með 75% og var farinn að ræða um, að þeir ættu að fá 95%. Hann hefði sagt við Svanþór, að ef þeir fengju 95%, fengi Jón aðeins 5% af upphæðinni, og Svanþór hefði fundist það alveg nóg fyrir Jón. Taldi Kjartan, að ef Svanþór hefði miðað við mælingu, en ekki tilboðið, hefðu þessi 5% ef til vill ekki verið 5% af tilboðsupphæðinni,

ef til vill meira eða minna. Kjartan kvaðst ekki kunnugur launakjörum iðnnema.

Álit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins þykir eiga við það að miða, að stefnandi hafi verið á námssamningi hjá stefnda. 14. kafli kjarasamnings byggingamanna á því við hann, vinni hann í ákvæðisvinnu. Kaup hans í ákvæðisvinnu er þannig allajafnan ákveðið sem hluti af uppmælingarhlut sveins í iðninni. Samkvæmt námssamningi hans fór hann á samning hjá Húsamálaranum s/f 1. ágúst 1976. Vegna fyrra náms á nám hans að styttast um fjóra mánuði, sem rétt þykir að taka fram á námssamningi hans. Stefnandi er þannig eftir 1. apríl 1978 nemi á þriðja námsári og skal því samkvæmt 14 kafla kjarasamnings byggingamanna fá 65% af hluta sveins í ákvæðisvinnu. Við þetta skal bætast samkvæmt ákvæðinu ⅔ af 15%, þar sem síðasti hluti ákvæðisins á við hann. Hann á þannig samkvæmt 14. kafla kjarasamnings byggingamanna að hafa 75% af hluta sveins fyrir þau verk, sem hann vill fá uppgert fyrir.

Aðiljar eru sammála um, að svo hafi samist milli þeirra, að stefndi greiddi stefnanda 75% og kaup hans þannig miðast við afköst, en þeir deila um, af hverju 75% áttu að reiknast. Halda stefnandi og Svanþór Þorbjörnsson, sem með honum vann, því fram, að þau hafi átt að reiknast af uppmælingu, en stefndi af tilboðsfjárhæð eftir nánari útreikningi. Stefndi, sem heldur fram fráviki frá kjarasamningum, þykir ekki hafa sannað staðhæfingar sínar, og þykir því ekki þurfa frekar að fjalla um útreikninga hans.

Stefndi hefur mótmælt því, að honum sé kunnugt munnlegt samkomulag, sbr. yfirlýsingu Meistarasambands byggingamanna og Sambands byggingamanna, dómskj. 32, sem rakið er hér að framan. Samkomulag þetta er ekki tekið með í útgefnum kjarasamningum, og þykir stefndi því ekki við það bundinn.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kjör stefnanda skulu miðast við 75% af uppmælingarhlut sveins og vera þannig í samræmi við varakröfu stefnanda, en útreikningi varakröfunnar er ekki mótmælt. Stefndi skal þannig greiða stefnanda kr. 351.246. Eins og vaxtakröfu stefnanda er háttað, þykir rétt, að stefndi greiði ofangreinda fjárhæð með 19% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. júní 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metin kr. 200.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Helga Jónssyni, kr. 351.246 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1983.

Nr. 215/1982. **Sverrir h/f, Grindavík,**
gegn
Enni h/f, Ólafsvík.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 30. september 1982, sem barst Hæstarétti 1. nóvember s. á., skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður þessi verði felldur úr gildi eða honum breytt þannig, að réttaráhrif þinglýsingarinnar vakni að nýju. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp á aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en ekki í þinglýsingardómi, svo sem rétt hefði verið. Ekki er ástæða til þess að ómerkja málsmeðferð af þeirri ástæðu, svo sem hér stendur á.

Mótmælaskjal það, sem greinir í úrskurði og þinglýst var hinn 20. júlí 1982, er svohljóðandi: „Mótmæli: — Undirritað hlutafélag, Sverrir h.f., Grindavík, mótmælir hér með heimild Ennis h.f., Ólafsvík, til að veðsetja skipið Guðlaug Guðmundsson SH 97.

Jafnaframt er þess krafist að eignarheimild Ennis h.f. og þær veðsetningar, sem fram hafa farið, verði þegar í stað afmáðar úr skipabók.— Með tilvísun til 27. greinar þinglýsingarlaga er þess farið á leit, að mótmælum þessum verði þinglýst á skipið. — Keflavík 9. 7. 1982. Magnús Þ. Sverrisson. Bjarni G. Gunnarsson — í stjórn Sverris h.f.". Svo sem í úrskurði greinir, var skjali þessu þinglýst 20. júlí 1982, en kröfu í skjalinu um, að afmáðar yrðu þinglýsingarfærslur um eignarheimild og veðsetningar ekki sinnt að öðru leyti.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá bæjarþingsmáli, sem rekið er fyrir bæjarþingi Ísafjarðar út af skipasmíðasamningi sóknaraðilja, Sverris h/f, við Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f og kröfum og yfirlýsingum aðilja þess máls um riftun skipasmíðasamnings. Í bréfi M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f til Sverris h/f frá 4. september 1981 segir m. a. svo: „ Með tilvísan til fyrri bréfa okkar, og samkvæmt 11. gr. samnings okkar um nýsmíði 51, kjósum við að rifta smíðasamningi við yður, og tilkynnist yður hér með sú ákvörðun okkar. . ." Með bréfi, dagsettu hinn 7. sama mánaðar, tilkynnti lögmaður sóknaraðilja, Sverris h/f, M. Bernharðssyni skipasmíðastöð h/f, að hann mótmælti framangreindri riftunartilkynningu, ekki væri sjáanleg heimild til riftunar af hálfu M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f og ítrekar kröfu um, að haldið verði áfram smíði skipsins. Í símskeyti, sem lögmaður sóknaraðilja sendi fyrir hans hönd til M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f, Ísafirði, hinn 1. júní 1982, segir m. a. svo: „Riftun. Hér með er rift smíðasamningi dags. 25/8 1979 um nýsmíði nr. 51 ... Staðfestingarmál verður höfðað án tafar Jón G. Briem hdl. . . ." Í stefnu í framangreindu bæjarþingsmáli á Ísafirði, útgefinni 4. júní 1982, er fyrsta stefnukrafa Sverris h/f á hendur M. Bernharðssyni Skipasmíðastöð h/f sú, „að stefnda verði dæmt til að þola riftun á smíðasamningi dags. 28. 8. 1979 um nýsmíði nr. 51..." Gagnsök í sama máli er höfðuð með gagnstefnu M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f gegn Sverri h/f, útgefinni hinn 23. júní 1982. Fyrsti liður stefnukrafna er svohljóðandi: „Að gagnstefnda sóknaraðila þessa kærumáls verði dæmt að þola riftun á smíðasamningi, dags. 28. 5. 1979 um nýsmíði nr. 51...."

Svo sem að framan greinir, færði þinglýsingardómari mómælaskjal sóknaraðilja til þinglýsingarbókar hinn 20. júlí 1982, en leið-

rétti þá færslu og felldi hana úr gildi með hinum kærða úrskurði. Er síðarnefnd úrlausn þinglýsingardómara kæruefni í kærumáli þessu.

Eins og hér stendur á, var þinglýsingardómara rétt að eigin frumkvæði að taka þinglýsinguna til efnismeðferðar og leiðréttingar að nýju, sbr. 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, en dómarinn veitti aðiljum hæfilegan frest til að gera grein fyrir máli sínu og úrskurðaði málið að svo vöxnu án tafar.

Stefna aðalstefnanda, sóknaraðilja í kærumáli þessu, í framangreindu bæjarþingsmáli og stefna gagnstefnanda, M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f, svo og aðrar yfirlýsingar þeirra varðandi skipasmíðasamning þann, er greinir í málinu, bera með sér, að samningsaðiljar hafa rift samningnum, og er ágreiningur þeirra einskorðaður við kröfur til endurgreiðslu og skaðabóta vegna riftunar. Eins og málið horfir nú við, skortir efnislegan lagagrundvöll undir kröfu sóknaraðilja um þinglýsingu á skjali því, er hann krefst þinglýsingar á. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dæma ber sóknaraðilja til þess að greiða varnaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 5.000.00 krónur.

Það athugast, að í úrskurði dómara eru þinglýsingarbækur ranglega nefndar veðmálabækur. Þar sem enginn vafi er á því, hvað við er átt, þykir ekki ástæða til þess að breyta ályktunarorðum úrskurðarins þess vegna.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sverrir h/f, greiði varnaraðilja, Enni h/f, 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómsþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 20. september 1982.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Enni h/f, Ólafsvík, þinglýstur eigandi skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, krafist þess, að þinglýst mótmæli af hálfu Sverris h/f, Grindavík, með bréfi, dags. 9.

júlí 1982, verði afmáð úr veðmálabókum embættisins, þar sem engin þau gögn hafi verið lögð fram, er geti réttlætt þinglýsingu þeirra, en samkvæmt mótmælaskjali þessu, dags. 9. júlí 1982, hefur Sverrir h/f mótmælt heimild Ennis h/f til að veðsetja umrætt skip og jafnframt sett fram kröfur um, að eignarheimild Ennis h/f og þær veðsetningar, sem fram hafa farið, verði þegar í stað afmáðar úr skipabók.

Þykir því eðlilegt að ráða máli þessu til lykta með úrskurði.

Málavextir eru þessir:

Með tilkynningu, dags. 7. maí 1982, um skráningu m/b Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, í aðalskipaskrá þann sama dag sendi Siglingamálastofnun ríkisins embættinu skipasmíðaskírteini, útgefið á Ísafirði 5. sama mánaðar, þar sem M. Bernharðsson skipasmíðastöð h/f, Ísafirði, lýsir því yfir, að fyrirtækið hafi í skipasmíðastöð sinni smíðað fiskiskipið Guðlaug Guðmundsson, sem hefur smíðanúmer 51, umdæmisbókstafi og tölur SH 97 og skipaskrárnúmer 1622, og sé skipið smíðað fyrir og á kostnað Ennis h/f, Ólafsvík. Jafnframt samþykkir skipasmíðastöðin, að Enni h/f verði skráð eigandi skipsins.

Samkvæmt þessum skjölum var skipið Guðlaugur Guðmundsson, SH 97, síðan skráð í skipabók Snæfellsnes - og Hnappadalssýslu sem þinglýst eign Ennis h/f, Ólafsvík. Hinn 9. júní 1982 var jafnframt þinglýst fjórum veðskuldabréfum, sem tryggð eru með veði í skipinu, og nokkru síðar einu veðskuldabréfi í viðbót.

Sverrir h/f, Grindavík, vildi ekki una þessu og sendi embættinu mótmælaskjal, dags. 9. júlí 1982, og óskaði eftir, að því yrði þinglýst á skipið með vísun til 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Samkvæmt skjalinu mótmælir Sverrir h/f heimild Ennis h/f til að veðsetja m/b Guðlaug Guðmundsson, SH 97, og setur jafnframt fram þær kröfur, að eignarheimild Ennis h/f og þær veðsetningar, sem fram hafa farið, verði þegar í stað afmáðar úr skipabók. Sverrir h/f byggir mótmæli sín og kröfur á því, að eigandi skipsins sé ranglega tilgreindur í skipasmíðaskírteini. Í því sambandi er vísað til skipasmíðasamnings milli Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f og Sverris h/f, dags. 25. ágúst 1979. Með mótmælaskjali Sverris h/f fylgdu ljósrit af umræddum skipasmíðasamningi og fleiri skjölum, sem fyrirtækið hefur lagt fram í máli, sem það hefur höfðað á hendur M. Bernharðssyni skipasmíðastöð h/f með stefnu, dagsettri 4. júní 1978, til riftunar smíðasamningnum og greiðslu skaðabóta og rekið er fyrir bæjarþingi Ísafjarðar.

Mótmælaskjalið var móttekið til þinglýsingar 16. júlí 1982 og þinglýst 20. sama mánaðar, merkt litra 940 - 1982. Skjalinu var þinglýst með vísun til 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 samkvæmt ósk þinglýsingar-

beiðanda, Sverris h/f, og litið á þinglýsingu þessa sem bráðabirgðavernd ætlaðra réttinda Sverris h/f til skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, en þá ekki tekin afstaða til krafna þinglýsingarbeiðanda varðandi réttindi yfir skipinu að öðru leyti.

Með símskeyti, dags. 14. september 1982, var Sverri h/f tilkynnt um frekari meðferð málsins skv. 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga, veittur frestur í því skyni til 20. sama mánaðar, er þinghald var ákveðið.

Jafnframt var Enni h/f gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og til þess veittur sami frestur, en forráðamenn Ennis h/f höfðu haft samband við embættið í lok ágústmánaðar sl., er þeir tjáðu sig hafa fengið vitneskju um þinglýsingu mótmælaskjalsins, og krafist þess, að það yrði afmáð úr veðmálabókum.

Lögmaður þinglýsingarbeiðanda, Sverris h/f, Jón G. Briem héraðsdómslögmaður, svaraði framangreindri tilkynningu dómara um frest og boðun þinghalds vegna máls þessa með símskeyti, dags. 17. þ. m., sem lagt hefur verið fram í málinu, dskj. nr. 19. Kveður hann sér ekki vera ljóst, á hvaða grundvelli boðað sé til réttarhalds, þar sem þinglýsingu mótmælanna sé lokið og þinglýsingin bindandi fyrir dómarann og aðilja, þ. e. að þegar gerð afgreiðsla hinn 20. júlí sl. sé „res judicata."

Á þetta sjónarmið þinglýsingarbeiðanda verður ekki fallist, þar sem líta verður á þinglýsingu mótmælanna af hálfu Sverris h/f hinn 20. júlí 1982 sem bráðabirgðavernd ætlaðra réttinda þinglýsingarbeiðanda til skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97.

Slíkum mómælum er almennt, eðli málsins samkvæmt, að jafnaði ætlaður skammur gildistími vegna hugsanlegra leiðréttinga eða þar til fullnægjandi sannanir fyrir kröfum að mati dómara hafa verið lagðar fram og endanleg niðurstaða fæst varðandi kröfur samkvæmt hinum þinglýstu mótmælum og þá með úrskurði, ef á þarf að halda, enda gerir 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga beinlínis ráð fyrir slíkri málsmeðferð og fresti í því sambandi.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, er Enni h/f, Ólafsvík, þinglýstur eigandi skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, samkvæmt skipasmíðaskírteini, dags. 5. maí 1982. Skipasmíðaskírteinið virðist útgefið í framhaldi af smíðasamningi um skipið milli M. Bernharðssonar skipðasmíðastöðvar h/f og Ennis h/f, dags. 29. desember 1981. Þessi eignarheimild að skipinu, sem hefur verið þinglýst, skoðast vera fullnægjandi, sbr. enn fremur önnur framlögð skráningarskjöl.

Ekki verður séð af skjölum málsins, að Sverrir h/f, Grindavík, hafi að svo stöddu nokkra lögformlega heimild til skipsins. Auk þess hefur Sverrir

h/f þegar krafist riftunar smíðasamningsins frá 25. ágúst 1979, dskj. nr. 5, sbr. framlögð dómskjöl nr. 4 - 14. Ljóst er, að kröfugerð og efnisatriði í umræddu riftunar- og skaðabótamáli milli verkkaupa og verksala samkvæmt smíðasamningi þessum eða út af honum, sem er til meðferðar fyrir bæjarþingi Ísafjarðar, geta að öðru leyti ekki ráðið úrslitum um niðurstöðu í þinglýsingarmáli þessu.

Þá hefur þinglýsingarbeiðandi ekki sótt þing í málinu og ekki lagt fram nein gögn til sönnunar rétti sínum í þar til veittum fresti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, og með vísun til gagna málsins og allra atvika þykja því ekki vera efni til að láta hin þinglýstu mótmæli Sverris h/f standa áfram óbreytt í veðmálabók jafnframt því sem þau valda þinglýstum eiganda skipsins fjárhagslegu tjóni.

Ber því að afmá umrædd mótmæli Sverris h/f varðandi heimildir hins þinglýsta eiganda m/b Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, af skipinu úr skipaskrá embættisins og jafnframt að synja um framgang á kröfum Sverris h/f varðandi eignarheimild og þegar þinglýstar kvaðir á skipið.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Ríkarður Másson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Dráttur á endanlegri afgreiðslu málsins stafar aðallega af fjarveru dómarans frá störfum vegna sumarleyfis.

Því úrskurðast:

Þinglýsing á mótmælum Sverris h/f, Grindavík, dags. 9. júlí 1982, (lítra 1982/940) varðandi eignarheimild og veðsetningu m/b Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, þinglýsta eign Ennis h/f, Ólafsvík, skal afmáð úr veðmálabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og kröfu Sverris h/f um að afmá þinglýsta eignarheimild Ennis h/f að skipinu ásamt þegar þinglýstum veðsetningum á skipið úr veðmálabókum embættisins er synjað.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1983.

Nr. 192/1979. **Friðrik Ásmundsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Björgvin Sigurðssyni hrl. f. h.
Sun House A/S Ltd.
(sjálfur)

Gerðardómur. Aðild. Áfrýjun. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1979. Hann krefst þess aðallega, að úr gildi verði felldur úrskurður í gerðardómsmáli milli málsaðilja, sem upp var kveðinn 30. júní 1977, og sér verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda málinu og málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfum aðilja samkvæmt úrskurði gerðardómsins verði skuldajafnað miðað við gengi norskrar krónu 14. maí 1975 og sér verði aðeins dæmt skylt að greiða stefnda mismuninn, 2.232.55 norskar krónur með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1975 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður. Til þrautavara krefst hann þess, að kröfum aðilja samkvæmt úrskurðinum verði skuldajafnað miðað við gengi norskrar krónu 30. júní 1977 og hann verði aðeins dæmdur til að greiða mismuninn, 14.657.75 norskar krónur með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1977 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Vegna þeirra gagna, sem greint er frá hér að framan, var hinn 4. júní s. á. kveðinn upp í Hæstarétti úrskurður um, að aðiljum væri veittur kostur á að afla skýrslna síðustu stjórnarmanna svo og skilanefndar Sun House A/S Ltd. um aðild félagsins að málssókninni svo og nánar tiltekinna skýrslna um fjárkröfu þá, sem heimta atti með henni. Er þetta nánar greint í úrskurðinum.

Er málið var flutt munnlega að nýju í Hæstarétti, hafði engra skýrslna verið aflað frá síðustu félagsstjórn eða skilanefnd Sun House A/S Ltd., sem gefnar væru í tilefni af úrskurði Hæstaréttar. Hins vegar var þá lögð fram af hálfu stefnda skýrsla skilanefndar svo og lokareikningur Sun House A/S Ltd., hvort tveggja dags. 27. desember 1978, ásamt ársreikningi félagsins 31. desember 1977 og nokkrum fleiri skjölum.

Hin nýju gögn, sem liggja fyrir Hæstarétti, sýna ekki aðeins, að Sun House A/S Ltd. var eigi lengur til við uppsögu héraðsdómsins, heldur benda þau og eindregið til þess, að við félagsslitin hafi félagið ekki talið sig eiga neinar kröfur á áfrýjanda eða aðra íslenska aðilja. Í málflutningi hefur Björgvin Sigurðsson hæstaréttarlögmaður synjað fyrir, að hann hafi eignast nokkrar kröfur á áfrýjanda fyrir framsal frá Sun House A/S Ltd. Hann hefur hins vegar hreyft því, að A/S Høyer Ellefsen í Olsó muni hafa eignast kröfur Sun House A/S Ltd. á áfrýjanda við félagsslitin. Þær staðhæfingar eru þó órökstuddar, og greint hlutafélag hefur aldrei gerst aðili málsins sem réttartaki Sun House A/S Ltd.

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Björgvin Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Sun House A/S Ltd. í Osló. Enginn fyrirsvarsmanna hlutafélagsins samkvæmt félagslögum var nafngreindur í bæjarþingsstefnunni. Er áfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi, stefndi hann með samsvarandi hætti áðurgreindum hæstaréttarlögmanni f. h. Sun House A/S Ltd. fyrir Hæstarétt. Ritaði hæstaréttarlögmaðurinn á stefnuna 5. nóvember 1979 f. h. hlutafélagsins, að stefnan væri sér „löglega og nægilega birt." Hefur hann og flutt málið fyrir Hæstarétti án athugasemda um greinda stefnuhætti.

Málið var fyrst flutt munnlega fyrir Hæstarétti 26. apríl 1982. Voru þá lögð fyrir Hæstarétt af hendi áfrýjanda ýmis ný skjöl. Þeirra á meðal var bréf lögmanns hans til verslanaskrárinnar í Osló, dags. 24. september 1979. Var með bréfi lögmannsins leitað upplýsinga um nöfn og heimili stjórnarmanna í Sun House A/S Ltd. Í svarbréfi, dags. 2. október s. á., voru gefnar þær upplýsingar, að hinn 30. maí 1978 hefði verið skráð í verslanaskrána tilkynning um kosningu skilanefndar fyrir hlutafélagið og hinn 6. mars 1979 hefði félagið verið afmáð úr verslanaskránni. Þá var og lagt fram sem

nýtt skjal í Hæstarétti afrit af bréfi Sun House A/S Ltd. til lögmanns síns, dags. 16. desember 1977, með reikningsgerð félagsins um kröfur þess á hendur áfrýjanda og sex öðrum íslenskum aðiljum samkvæmt gerðardómum hliðstæðum þeim, sem dómkröfur félagsins í máli þessu eru reistar á, og um kröfur þeirra á hendur félaginu. Var lögmanninum í bréfinu falið að gera þær upp og jafnframt tekið fram, að innheimtur mismunur væri framseldur honum til lúkningar kröfum hans um þóknun fyrir störf sín.

Þegar af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Þarf þá ekki að gefa gaum að því sérstaklega, hvort á gerðardómsúrskurðinum, sem var grundvöllur kröfugerðar stefnda, séu annmarkar, er stæðu því í vegi, að hann yrði lagður til grundvallar dómi í málinu.

Svo sem málið liggur fyrir Hæstarétti, verður málskostnaður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 8. ágúst 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. júnlí sl. að afloknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. nóvember 1978, af Björgvin Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, Bankastræti 6, Reykjavík, f. h. Sun House A/S Ltd., Osló, á hendur Friðrik Ásmundssyni, Smáragötu 26, Vestmannaeyjum. Er málið höfðað til að fá aðfararhæfan dóm í samræmi við dómsorð gerðardóms, uppkveðins 30. júní 1977, en dómsorð gerðardómsins er svohljóðandi:

„Varnaraðili, Friðrik Ásmundsson, greiði sóknaraðilja, Sun House A/S Ltd., n. kr. 47.956.- með 15% ársvöxtum frá 14. maí 1975 til 15. mars 1976, en 2% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ísl. kr. 302.000.- í málskostnað.

Sóknaraðili, Sun House A/S Ltd., greiði varnaraðilja, Friðrik Ásmundssyni, ísl. kr. 1.467.574.- ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot

úr mánuði frá 15.nóvember 1975 til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ísl. kr. 250.000.- í málskostnað.

Kostnað við gerðardóminn, ísl. kr. 495.000.-, skulu aðiljar greiða til helminga hvor.

Magnús Thoroddsen oddamaður
Gunnar Torfason.

Sératkvæði dr. Ragnars Ingimarssonar prófessors:

Ég er sammála niðurstöðum meirihluta dómsins að öðru leyti en því er snertir verðbótakröfur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja.

Gagnstætt niðurstöðum meirihlutans tel ég allsendis ósannað, að Ágúst Elíasson hafi verið umboðsmaður sóknaraðilja á þeim tíma, sem umræddur kaupsamningur var gerður, þó svo að hann hafi orðið það síðar (sbr. auglýsingar í Dagskrá 27.04. - 01.06. '74). Samkvæmt frásögn Ágústs sjálfs fyrir dóminum var hann milligöngumaður í samningagerð aðilja, og sem slíkur hlaut hann á einhverju stigi að bera hálfundirritaðan samning á milli aðilja.

Samkvæmt ofangreindu tel ég ekki, að túlkun Ágústs á einstökum atriðum kaupsamningsins sé bindandi fyrir sækjanda að því leyti sem slík túlkun brýtur í bága við skrifleg ákvæði hans og beri því að taka kröfu sóknaraðilja að verulegu leyti til greina.

Ragnar Ingimarsson."

Þá krefst stefnandi málskostnaðar í máli þessu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning breytti umboðsmaður stefnanda vaxtakröfu sinni þannig, að stefnda yrði gert að greiða stefnanda 3% dráttarvexti á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. ágúst 1977 til 1. júní 1979, en 4% dráttarvexti á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru:

Aðallega, að stefndi verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eftir mati réttarins.

Til vara verði stefnda dæmt að greiða stefnanda norskar kr. 553.00 með almennum dómvöxtum frá 14. maí 1975 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttatilraunir hafa farið fram, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 4. apríl 1974, skuldbatt stefndi sig til að kaupa af stefnanda, og stefnandi skuldbatt sig til að selja stefnanda einbýlishús, sem stefnandi átti að reisa í Vestmannaeyjum.

Í 2. mgr. 13. gr. samningsins var svohljóðandi ákvæði: „Eventuelle uoverensstemmelser avgjöres med voldgift på Island med Borgerdommeren i Reykjavik som oppmann."

Gerðardómur var skipaður í samræmi við ákvæði samningsins. Skipaðir voru: Magnús Thoroddsen, yfirborgardómari (svo), oddamaður dómsins, samkvæmt tilnefningu yfirborgardómarans í Reykjavík frá 5. mars 1976, en meðdómendur voru dr. Ragnar Ingimarsson prófessor, tilnefndur af stefnanda með bréfi, dags. 16. mars 1976, og Gunnar Torfason verkfræðingur, tilnefndur af stefnda með bréfi, dagsettu 11. maí 1976.

Svofelldur gerðardómur var kveðinn upp í málinu hinn 30. júní 1977:

„Ár 1977, fimmtudaginn 30. júní, var í gerðardómsmálinu nr. 6/1977: Sun House A/S Ltd. gegn Friðriki Ásmundssyni og gagnsök kveðinn upp svohljóðandi

g e r ð a r d ó m u r:

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 17. maí s.l., hefir Sun House A/S Ltd., Oslo, höfðað fyrir gerðardóminum með kröfuskjali, útgefnu 20. maí 1976 og þingfestu fyrir gerðardóminum 5. júní s. á.

Kröfugerð sóknaraðilja er sú, að varnaraðili, Friðrik Ásmundsson, Smáragötu 26, Vestmannaeyjum, verði dæmdur til að greiða sóknaraðilja n. kr. 78.429.- ásamt 2% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot út mánuði frá 15. mars 1976 til 20. nóvember 1976, en frá þeim degi 2½% vanskilavexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði til greiðsludags, svo og til greiðslu málskotnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, allt að frádregnum n. kr. 10.000.-.

Ennfremur krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði gert að greiða allan kostnað við gerðardóminn, þar á meðal sinn hluta af ferðakostnaði gerðardómsins til Vestmannaeyja í ágúst-mánuði 1976, sbr. dskj. nr. 40 í gerðardómsmálinu nr. 1/1976.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja, en sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðilja kr. 1.083.006.- með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 15. nóvember 1975 til 20. nóvember 1976, en 2½% vanskilavöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir gerðardóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Ennfremur gerir varnaraðili þá kröfu, að sóknaraðilja verði gert að greiða allan kostnað af gerðardóminum.

Með samningi, sem dagsettur er 4. apríl 1974, skuldbatt varnaraðili, Friðrik Ásmundsson, sig til þess að kaupa einbýlishús af sóknaraðilja, sem hann átti að reisa í Vestmannaeyjum samkvæmt nánari ákvæðum samningsins. Ágúst Elíasson tæknifræðingur, sem haldið er fram af hálfu varnaraðilja, að hafi verið umboðsmaður sóknaraðilja við kaupin, færði samninginn undirritaðan til vanraraðilja til undirskriftar. Varnaraðili undirritaði samning þennan með fyrirvara um það, að sóknaraðili samþykkti að veita honum 12% afslátt af samningsupphæðinni, enda verði bílgeymsla óeinangruð og óupphituð.

Með nýjum samningi, sem Óli J. Skogen, framkvæmdastjóri sóknaraðilja, undirritar hinn 3. maí 1974 og koma skyldi í stað fyrri samningsins frá 4. apríl s. á., er kaupverðið ákveðið n. kr. 234.000.-, en þar við skyldu bætast 24% tollur og 18% söluskattur.

Kaupverðið átti að greiða þannig, að ⅓ hluti kaupverðs félli í gjalddaga við undirskrift samnings gegn fullnægjandi tryggingu, en ⅔ hlutar kaupverðsins féllu í gjalddaga við afhendingu hússins fullsmíðaðs, þó ekki fyrr en 2. október 1974.

Í 4. tl. kaupsamnings aðiljanna segir m. a., að samningsfjárhæðin breytist ekki („er fast") í tvær vikur frá samningsdegi. Síðan segir svo:

„Derefter blir den å justere ved ferdigstillelse i samsvar med Stormbulls prisindeks for tomannsboliger av tre i Osloområdet".

Varnaraðili hefur skýrt svo frá fyrir gerðardóminum, að honum hafi þótt skilningur á þessu orðalagi orka tvímælis. Kveðst hann því hafa leitað álits á þessu hjá Ólafi Helgasyni, bankaútibússtjóra í Vestmannaeyjum, sem verið hafi norskur konsúll, og hann ekki verið viss um merkingu þessa orðalags. Enn fremur kveðst varnaraðili hafa leitað álits á þessu orðalagi hjá norska sendiráðinu í Reykjavík, en ekki fengið þar einhlít svör, þar sem orðalag þetta orkaði tvímælis. Kveðst varnaraðili þá hafa gengið á Ágúst Elíasson tæknifræðing, sem haldið er fram af hálfu varnaraðilja, að hafi verið umboðsmaður sóknaraðilja við kaupin, og innt hann eftir því, hvort hann væri ekki að kaupa húsið af sóknaraðlja á föstu verði, og hafi Ágúst Elíasson þá sagt, að ekki kæmu til verðhækkanir á samningsfjárhæðina.

Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, hefur viðurkennt fyrir gerðardóminum, að þetta sé rétt, enda kvaðst hann hafa misskilið kaupsamninginn að því er 4. tl. hans varðar.

Í 6. gr. kaupsamningsins er tekið fram, að unnt eigi að vera að hefja vinnuna um það bil þremur mánuðum eftir að greiðsla hafi verið staðfest. Þá er þess ennfremur getið, að sóknaraðili, Sun House A/S Ltd., skuldbindi sig til þess að afhenda húsið fullbúið um það bil 25 vikum eftir undir-

skrift samnings með því skilyrði, að staðfest sé, að ⅓ hluti kaupverðsins hafi verið móttekinn 8 dögum eftir að báðir aðiljar hafi undirritað samning.

Enn er þess getið í 7. gr. kaupsamningsins, að sóknaraðili sé ábyrgur fyrir því sem verktaki, að húsið sé reist í samræmi við byggingarlög og gildandi samþykktir í Noregi. Að endingu er það tekið fram í 12. gr. kaupsamningsins, að húsið verði afhent þannig, að það fullnægi íslenskum kröfum um vindstyrk á byggingarstað.

(„Sun House leverer husene tilpasset islandske krav for vindstyrke på byggeplass").

Samkvæmt 11. gr. kaupsamningsins átti varnaraðili m. a. að sjá um grunn fyrir undirstöðu hússins. Varnaraðili átti að sjá um að grafa skurði fyrir sökkul gólfplötunnar, en sóknaraðili að steypa hana.

Hinn 19. mars 1974 var varnaraðilja úthlutað lóð fyrir einbýlishús að Smáragötu nr. 26. Hefur varnaraðili skýrt svo frá, að hann hafi strax farið í það að undirbúa grunninn og verið tilbúinn með hann í júlíbyrjun 1974. Þá hafi ekki verið farið að koma húsaviðnum um borð í skip í Noregi. Kveðst varnaraðili þó alltaf hafa verið að reka á eftir við verkstjórann fyrir Sun House í Vestmannaeyjum að fá húsið, en ekkert hafi gengið. Það hafi svo loks verið 2. október 1974, að húsið hafi komið til Vestmannaeyja ásamt fimm öðrum húsum sömu gerðar. Um mánaðarmótin nóvember/desember 1974 segir varnaraðili, að loks hafi verið hafist handa um að reisa húsið, og fokhelt varð það 11. desember 1974, sbr. dskj. nr. 14. Varnaraðili segir, að smávegis hafi verið unnið við raflögn hússins um mánaðarmótin janúar—febrúar 1975, en síðan hafi ekkert verið unnið í húsinu af hálfu sóknaraðilja.

Varnaraðili kveðst af tilviljun hafa komið í húsið 14. maí 1975. Þar hafi þá verið fyrir í húsinu Óli J. Skogen frá Sun House A/S Ltd. með einhverjum lögfræðingi norskum með sér ásamt Arne Hjorth, Garðari Björgvinssyni og Bjarna Samúelssyni frá fyrirtækinu Tréverk. Kveðst varnaraðili þá hafa heyrt, að Óli J. Skogen hafi verið að fela Garðari Björgvinssyni að ljúka við húsið. Hafi Óli J. Skogen sagst mundu ganga þannig frá málum í bankanum, að Garðar Björgvinsson mundi fá alla reikninga greidda þar. Kvaðst varnaraðili hafa þá séð úttektargjörð (proktokoll), sem þeir hafi verið búnir að gera um það, sem ógert var við húsið. Nóttina eftir kveður varnaraðili Óla J. Skogen hafa stungið af ásamt liði sínu. Garðar Björgvinsson hafi sannreynt í Útvegsbankanum, að engin fyrirmæli hefðu borist þangað, að hann fengi frekari greiðslur fyrir þetta verk. Hafi Garðar Björgvinsson þá ekki sinnt húsinu frekar og hafi hann ekkert unnið eftir þetta á vegum Sun House A/S Ltd.

Hinn 25. maí 1975 ritar varnaraðili sóknaraðilja bréf, þar sem hann óskar eftir því að fá leyfi þeirra til að láta vinna það verk, sem eftir hafi verið

við húsið, en sóknaraðili sleppti tilkalli til frekari greiðslna frá varnaraðilja. Þessu hafi sóknaraðili synjað og hafi af hans hálfu ekkert frekar verið gert til að koma húsinu í stand.

Í júnímánuði 1975 kveðst varnaraðili hafa tekið við húsinu hálffullu af vikri og óhreinindum, enda hafi hann ekki séð sér annað fært en að hefjast handa um að ljúka verkinu sjálfur, þar sem sóknaraðili hafi ekki fengizt til þess og sýnt hafi verið orðið, að hann hafi ekki ætlað að gera frekara. Varnaraðili kveðst síðan hafa fengið iðnarðarmenn, sem sóknaraðili hafi haft, áður en hann hafi hlaupizt á brott frá verkinu, til að vinna verkið, og kveðst hann hafa haldið nákvæmlega saman öllum reikningum yfir kostnaðinn. Verður nánar fjallað um þann kostnað í gagnsök.

Samkvæmt úttektargerðinni frá 14. maí 1975 átti lokaúttekt að fara fram að einu ári liðnu, þegar tryggingartímabilið rynni út. Sú úttekt fór aldrei fram.

Varnaraðili kveðst hafa tekið húsið til afnota 26. júlí 1975.

Sóknaraðili sundurliðar kröfur sínar fyrir gerðardóminum þannig, sbr. dskj. nr. 4:

„1. Rest på kontrakt	Kr. 38.000.-	
÷ Utført mangler selv	— 4.000.-	Kr. 34.000.-
2. Prisstigning		— 17.171.-
3. Tillegg elektrisk anlegg		— 1.360.-
4. Sammenskruing armering 12 t		— 624.-
5. Jordingsmateriell		— 400.-
6. Utgraving for forskaling 12 t		— 624.-
7. Utgraving for bunnledning 20 t		— 1.040.-
8. Planering av byggegrunn 16 t		— 832.-
9. Frakt kai/byggeplass	5.313 — 148	
	769	— 1.022.-
10. Tillegg vinterarbeid	R.S.	— 3.000.-
11. 25 m² stöpt plate på inngangssiden og 5 m² foran garasje i tillegg til kontrakt/tegn ...		— 7.500.-
12. Gulvbelegg (ikke inkl. kontrakt)		— 3.600.-
13. Sanitærutstyr (ikke inkl. kontrakt)		— 3.800.-
14. Vifte kjökken (ikke inkl. kontrakt)		— 712.-
		Kr. 73.563.-
Fradrag for malerarbeider	Kr. 2.600.-	
Fradrag for spell	— 200.-	— 2.800.-
		Kr. 70.763.-
15% rente fra 15/2 73—15/3 76		— 7.665.-
	Sum	Kr. 78.428.-“

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum í kröfugerðinni.

um 1. lið:

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 38.000.-. Af hálfu varnaraðilja er viðurkennt, að hann skuldi eftirstöðvar að fjárhæð n. kr. 36.000-, en ekki n. kr. 38.000-, þar sem varnaraðili hafi greitt n. kr. 40.000.- í júlí 1974, svo sem fram komi handskrifað við 5. lið í kaupsamningnum frá 4. apríl 1974. Að þessu athuguðu þykir bera að taka þennan lið til greina með n. kr. 36.000.-, enda virðist enginn vafi á því, að undir handskriftina við 5. lið kaupsamningsins eru upphafsstaðir Óla J. Skogen.

Um 2. lið: (Prisstigning).

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um n. kr. 17.171.- í verðbætur. Sóknaraðili byggir kröfulið þennan á 4. tl. í samningi aðiljanna frá 4. apríl 1974 og 3. maí s. á., en þar sé tekið fram eftirfarandi: „Derefter blir den (þ. e. samningsupphæðin) å justere ved ferdigstillelse i samsvar med Stormbulls prisindeks for tomannsboliger av tre i Oslo-området".

Telur sóknaraðili ugglaust, að hann eigi framangreinda verðbótakaröfu á varnaraðilja, enda hélt lögmaður sóknaraðilja því fram við munnlegan flutning málsins, að Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, hefði ekki verið orðinn umboðsmaður Sun House A/S Ltd., er kaupsamningur aðiljanna var gerður.

Verði hins vegar litið svo á, að Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, hafi verið orðinn umboðsmaður sóknaraðilja, þegar kaupsamningurinn var gerður, þá heldur lögmaður sóknaraðilja því fram, að það hafi ekki verið um annars konar umboð að ræða en samkvæmt 18. gr. samningalaganna nr. 7/1936. Sóknaraðili sé því ekki bundinn af rangri túlkun Ágústs Elíassonar á 4. tl. í kaupsamningi aðiljanna, sbr. 2. tl. 11. gr. samningalaganna nr. 7/1936.

Af hálfu varnaraðilja er þessum kröfulið algjörlega mótmælt, þar sem Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, hafi verið orðinn umboðsmaður sóknaraðilja, er kaupsamningur var gerður. Ágúst Elíasson hafi skýrt samninginn þannig fyrir varnaraðilja, að hann væri að kaupa margnefnt hús á föstu verði. Þetta hafi Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, viðurkennt, er hann gaf skýrslu sína fyrir gerðardóminum. Sóknaraðili sé því bundinn við þessa túlkun umboðsmanns hans á samningnum, enda hefur lögmaður varnaraðilja haldið því fram við munnlegan flutning, að Ágúst hafi haft stöðuumboð til að túlka samninginn, sbr. 2. tl. 10. gr. samingalanganna nr. 7/1936.

Svo sem fyrr getur í dóminum, kom Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, með kaupsamninginn undirritaðan og útfylltan til varnaraðilja til undir-

skriftar. Meiri hluti gerðardómsins telur, að Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, hafi komið þannig fram við samningsgerðina gagnvart varnaraðilja, að hann mætti treysta því, að Ágúst væri umboðsmaður sóknaraðilja, Sun House A/S Ltd. Telja verður, að umboð Ágústs Elíassonar hafi verið víðtækara en umboð samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936, þar sem það telst ekki aðeins fólgið í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmanns, heldur einnig í því, að Ágústi Elíassyni var afhentur kaupsamningurinn undirritaður af hálfu sóknaraðilja, og það þykir verða að túlka á þann veg, að hann hafi haft umboð til þess að útskýra samninginn fyrir varnaraðilja, þannig að bindandi væri fyrir umbjóðandann, Sun House A/S Ltd. Varnaraðili hefur haldið því fram fyrir gerðardóminum, að Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, hafi aðspurður fullyrt, að varnaraðili væri að kaupa húsið á föstu verði. Ágúst Elíasson, tæknifræðingur, hefur viðurkennt fyrir gerðardóminum, að hann hafi misskilið 4. tl. í kaupsamningnum og túlkað hann á þann veg, sem varnaraðili heldur fram. Sóknaraðili, Sun House A/S Ltd., telst vera bundinn við þessa túlkun umboðsmannsins, Ágústs Elíassonar, á 4. tl. kaupsamningsins. Verður verðbótakrafa sóknaraðilja á hendur varnaraðilja því ekki tekin til greina í þessu máli.

Um 3. lið: („Tillegg elektrisk anleg").

Undir þessum lið gerir sóknaraðili kröfu til, að varnaraðili greiði n. kr. 1.360.-. Í faktúru nr. 1256, dags. 25. maí 1975, sem er fylgiskjal með rskj. nr. 16, hefur sóknaraðili lækkað þessa fjárhæð um helming, eða niður í n. kr. 680.-.

Sóknaraðili heldur því fram, að hér hafi verið um viðbótarverk að ræða við raflögn hússins í samræmi við bréf frá Sjond, dags. 12. september 1974. Sóknaraðili bendir á það, að húsið hafi að því er rafbúnað varðar verið afhent í samræmi við Sun House standard.

Af hálfu varnaraðilja er þessum kröfulið algjörlega mótmælt sem röngum og tilbúnum.

Sóknaraðili hafði skuldbundið sig til að afhenda rafbúnað eftir „Sun House standard".

Af hjálfu varnaraðilja er ósannað, að sóknaraðili hafi vanrækt þetta. Verður varnaraðilja því gert að greiða n. kr. 680.- undir þessum lið.

Um 4. lið: („Sammenskruing armering 12 t n. kr. 624,-").

Á faktúru nr. 1256, dags. 25. maí 1975, er krafa þessi lækkuð um n. kr. 180.-. Eftir standa þá n. kr. 444.-. Af hálfu varnaraðilja er þessum kröfum mótmælt, en þar sem þau mótmæli hafa ekki verið studd haldbærum rökum, þá er ekki unnt að taka þau til greina, enda hefur varnaraðili

ekki sýnt fram á, að verk þetta hafi veri innifalið í kaupunum. Verður krafa sóknaraðilja því tekin til greina með n. kr. 444.-.

Um 5. lið:

Undir þessum lið gerir sóknaraðili kröfu til þess, að varnaraðilji greiði n. kr. 400.- fyrir „Jordingsmateriell."

Þessum lið hefur verið mótmælt af hálfu varnaraðilja, þar sem jarðtenging á rafmagni hafi tilheyrt sóknaraðilja samkvæmt samningi.

Í lýsingu á rafbúnaði með húsum þessum („beskrivelse av elektriske installationer") er tekið fram, að hugsanleg jarðtenging sé ekki reiknuð með í verðinu og heldur ekki inntakskapall. Að svo vöxnu máli hafa mótmæli varnaraðilja gegn þessum lið ekki við rök að styðjast, og verður kröfu liður þessi því tekinn til greina með n. kr. 400.-.

Um 6. 7. og 8. lið:

Undir þessu liðum krefur sóknaraðili varnaraðilja um greiðslu vegna graftar fyrir mótum, leiðslum o. fl. samtals 48 t. Upphaflega hafði sóknaraðili krafist n. kr. 52.- á tímann, en með fatúru nr. 1256, dags. 25. maí 1975, lækkar sóknaraðili heildarkröfu sína samkvæmt þessum þremur liðum um n. kr. 720.-. Eftir standa þá samtals samkvæmt þessum þremur liðum n. kr. 1.776.-.

Varnaraðili hefur mótmælt þessum kröfuliðum. Af hans hálfu var bent á það, að hann hefði verið búinn að ganga frá grunninum á þann hátt, sem áskilið hafi verið. Hann hafi fyllt hann af grjóti og vibrað vikurlag þar ofan á. Síðan hafi hann grafið fyrir veggjum og leiðslum og sléttað grunninn á þann máta, sem Gunnar Solgård verkstjóri hafi verið ánægður með. Hefir varnaraðili lagt fram reikninga yfir þennan kostnað, samtals að fjárhæð kr. 63.113.-, sbr. dskj. nr. 15.

Samkvæmt 11. gr. í kaupsamningi aðiljanna átti varnaraðili að sjá um verk þetta. Hann hefir lagt fram reikningsgögn um það, að hann hafi látið vinna þessi verk á sinn kostnað. Að svo vöxnu máli þykja ekki efni til að taka þessa kröfuliði sóknaraðilja til greina, enda eru þeir hvergi nærri studdir nægilegum gögnum.

Um 9. lið:

Undir þessum lið krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili greiði honum flutningskostnað á byggingarefni frá hafnargarði á byggingarstað, („frakt kai/byggeplass"). Kröfugerð sóknaraðilja, nr. kr. 1.022.-, byggist á jöfnunni

5.3131 x 148

769

Sóknaraðili byggir þessa kröfu sína á 11. tl. í kaupsamningi aðiljanna, þar sem tekið er fram, að byggjandi annist um flutninga á efni og geymslu.

Varnaraðili mótmælir þessum kröfulið. Bendir hann á það, að þegar húsin hafi komið til Vestmannaeyja 2. október 1974, hafi sóknaraðilja verið útvegað húspláss að kostnaðarlausu fyrir efnið í Vinnslustöðinni h/f, enda hafi þá verið komið haust og vetur. Því hafi verið talið óráðlegt að fara með allt byggingarefnið að húsgrunnunum. Sumt hafi verið flutt á kostnað byggjenda. Loksins, þegar byrjað hafi verið á verkinu, hafi starfsmenn sóknaraðilja sótt byggingarefnið sjálfir í Vinnslustöðina. Þeim hafði borið að snúa sér til byggjenda, ef þeir hafi ætlað byggjendum að greiða fyrir þetta.

Varnaraðilja bar að greiða kostnað við aksturinn, sbr. 11. tl. í kaupsamningi aðiljanna. Varnaraðili hefur hins vegar ekki lagt fram neinar sönnur í málinu fyrir því, að hann hafi greitt þetta. Hins vegar er ljóst, að hluti af þessum kostnaði varð til í júlí, ágúst og september 1974, áður en húsið kom til landsins. Þann kostnað á varnaraðili ekki að bera. Þegar þetta er haft í huga, ákveðst liður þessi n. kr. 920.-.

Um 10. lið: („Tillegg vinterarbeid").

Af hálfu varnaraðilja er þessum kröfulið sérstaklega mótmælt. Bendir varnaraðili á það, að verkið hefði mátt vinna að sumrinu til. Bezta sumar, sem í manna minnum hafi komið í Vestmannaeyjum, sumarið 1974, hafi sóknaraðili látið líða án þess að hefjast handa í samræmi við kaupsamning.

Sóknaraðili telst sjálfur bera ábyrgð á drætti þessum og á því ekki réttmæta kröfu á álagi vegna vetrarvinnu.

Um 11. lið:

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um greiðslu á n. kr. 7.500.- vegna steypu á 25 m^2 plötu við inngangshlið hússins og 5 m^2 fyrir framan bílskúr til viðbótar við samningsskyldur.

Af hálfu varnaraðilja hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum. Jafnframt hefur varnaraðili bent á það, að halli á stétt fyrir framan húsið sé rangur, þar sem stéttin halli að húsinu í stað þess að halla frá því.

Hér er greinilega um aukaverk að ræða, er sóknaraðili hefur unnið í þágu varnaraðilja. Ber varnaraðilja að greiða fyrir verk þessi. Þegar umfang þessa verks er haft í huga svo og sá galli, sem það er haldið, þá þykir greiðsla til handa sóknaraðilja frá varnaðilja hæfilega ákveðin n. kr. 2.000.-.

Um 12. lið:

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um norskar kr. 3.600.- fyrir gólfdúk, sem ekki var innifalinn í kaupsamningnum.

Af hálfu varnaraðilja er viðurkennt, að hér hafi verið um gólfefni að ræða, sem ekki hafi verið innifalið í sjálfum kaupsamningnum. Hins vegar er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að efni þetta sé of hátt reiknað, og viðurkennir varnaraðili lið þennan með n. kr. 1.800.-

Eftir atvikum þykir rétt að lækka þennan lið nokkuð og taka hann til greina með n. kr. 3.000.-

Um 13. lið:

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um n. kr. 3.800.- vegna hreinlætistækja, er ekki hafi verið innifalin í kaupsamningi.

Þessi liður er viðurkenndur af hálfu varnaraðilja, og verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um 14. lið:

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um n. kr. 712.- fyrir vinnu í eldhúsi.

Varnaraðili hefur viðurkennt þennan lið. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Úrslit aðalsakar verða þau, að varnaraðili er dæmdur til að greiða sóknaraðilja n. kr. 47.956.- með 15% ársvöxtum frá hinni svokölluðu úttektargerð 14. maí 1975 til 15. mars 1976, en 2% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 20. nóv. 1976, og 2½% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum í aðalsök verður varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, er ákveðst ísl. kr. 302.000.-. Í þeirri fjárhæð er fólgin hluti af útlögðum kostnaði sóknaraðilja vegna ferðar gerðardómsins til Vestmannaeyja í ágústmánuði 1976.

Um gagnsök:

Kröfugerð varnaraðilja í gagnsök nemur samtals ísl. kr. 1.083.006.- (svo) auk vaxta og kostnaðar, sbr. reikning varnaraðilja, dags. 8. júlí 1976 á rskj. nr. 7. Kröfugerð þessi er alls í 7 liðum, og verður nú vikið að hverjum einstökum lið.

Um 1. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 84.150.- fyrir vinnu varnaraðilja við hús Erlends Jónssonar, Anders Bergesen heitins og Guðna Grímssonar á árinu 1974, alls 187 vinnustundir á kr. 450.- fyrir hverja vinnustund.

Þessi liður er viðurkenndur af sóknaraðilja, sbr. faktúra 1234, dags. 28. apríl 1975, sem heft er við dskj. nr. 16. Þessi liður verður því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 828.218.-. Kveður varnaraðili lið þennan vera fyrir aðkeypta vinnu við að ljúka húsbyggingunni, sbr. yfirlitsreikning þar um, dags. 23. 12. 1975, sem lagður hefur verið fram á dskj. nr. 9. Ennfremur hefur varnaraðili lánað gerðardóminum til athugunar undirreikninga varðandi verk þessi. Gerðardómurinn hefur yfirfarið undirreikninga málsins og borið þá saman við yfirlitsreikninginn, hina svokölluðu úttektargerð frá 14. maí 1975, sbr. dskj. nr. 11, svo og lokaúttekt þá, er varnaraðili lét sjálfur framkvæma með aðstoð Gunnars Torfasonar, verkfræðings, 15. nóvember 1975.

Á rskj. nr. 16, sem eru athugasemdir frá sóknaraðilja, dags. 14. september 1976, við reikningum frá varnaraðilja, er tekið fram, að sóknaraðili muni greiða efni og vinnu í samræmi við protokoll og skjalfestan útlagðan kostnað. Við munnlegan flutning málsins andmælti lögmaður sóknaraðilja þessum lið hins vegar sem allt of háum og dró í efa, að allur þessi kostanður væri vegna lúkningar húsbyggingarinnar í samræmi við kaupsamning.

Við ákvörðun þessa kröfuliðar ber í fyrsta lagi að hafa í huga, að sóknaraðili lauk aldrei húsi varnaraðilja, svo sem hann var skuldbundinn til samkvæmt kaupsamningi. Í annan stað stóð sóknaraðili ekki við að láta fara fram lokaúttekt, svo sem hann var skyldugur til. Þá er og á það að líta, að varnaraðili var ekki boðaður til hinnar svokölluðu úttektar, er fram fór 14. maí 1975, hins vegar kveðst varanaraðili hafa komið í húsið af tilviljum, þar sem úttekt þessi fór fram. Þegar þetta er haft í huga, ber að túlka allan vafa um sönnunaratriði sóknaraðilja í óhag. Að þessu athuguðu svo og rannsókn á hinum framlögðu reikningum varnaraðilja yfir vinnu og efni samkvæmt þesum lið þá þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja ísl. kr. 765.000.- undir þessum lið.

Um 3. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til þess, að sóknaraðili greiði ísl. kr. 111. 809.90 fyrir eigin vinnu varnaraðilja við lúkningu hússins, sbr. reikning varnaraðilja á rskj. nr. 8. Hér er um að ræða 195.5 klst, í dagvinnu á kr. 430.20, er gera samtals kr. 84.104.10, og 46 stundir í eftirvinnu á kr. 602.30, er gerir samtals kr. 27.705.80. Samtals nema þessar tvær fjárhæðir kr. 111.809.90.

Varnaraðili hefur skýrt svo frá fyrir gerðardóminum, að vinna þessi hafi verið fólgin í því að hreinsa vikur í húsinu, koma vélum fyrir í geymslu og einnig í vinnu með rafvirkja og málara.

Sóknaraðili hefur andmælt þessum kröfulið sem of háum, og sérstaklega hélt lögmaður hans því fram við munnlegan flutning málsins, að tímakaupið væri of hátt.

Við ákvörðun á tímalaunum til varnaraðilja þykir rétt að hafa það í huga, að sóknaraðili hefur undir fyrsta lið viðurkennt tímakaup varnaraðilja kr. 450.-. Þegar þetta er haft í huga, þykir gerðardóminum rétt að taka þennan lið til greina með ísl. kr. 103.893.-, og er þá öll vinna varnaraðilja reiknuð á þeim dagvinnutaxta, sem hann hefur gert kröfu til.

Um 4. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til þess, að sóknaraðili greiði honum samtals ísl. kr. 60.000.- vegna ýmiss þess, sem enn vanti í húsið, en sóknaraðili hafi átt að leggja til. Það sé eftirfarandi:

a. Tvöfalt gler, 1 rúða 102x143 cm á ísl.kr. 10.200.-
b. Frágangur á skotrennum, ísl.kr. 6.000.-
c. Viðgerð á hornstoðum utanhúss, ísl.kr. 1.800.-
d. Masonite klæðning á bílskúr, ísl.kr. 24.000.-
e. Viðgerð á stétt fyrir framan aðalinng. isl.kr. 18.000.-

Sóknaraðili hefur andmælt þessum kröfulið sem of háum. Rétt þykir að taka kröfulið þennan til greina með ísl. kr. 40.000.-, enda hefir e liður þegar verið hafður í huga við ákvörðun fjárhæðar 11. liðar í aðalsök.

Um 5. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til þess, að sóknaraðili greiði kr. 104.531.- vegna rafmagnsreiknings á byggingartímanum frá Rafmagnsveitu Vestmannaeyja, sem varnaraðili hefur greitt. Varnaraðili kveður reikning þennan stafa af því, að meðan verið var að byggja húsið, hafi sóknaraðili notað hús varnaraðilja sem verkstæði. Þar hafi starfsmenn sóknaraðilja haft rafmagnsnáhöld, vélsög, borvél og fleiri tæki í húsi varnaraðilja. Þá hafi þeir ennfremur eldað sér kaffi í húsinu, meðan þeir unnu við hin húsin. Þessa rafmagnsnotkun telur varnaraðili sér algjörlega óviðkomandi.

Sóknaraðili hefur andmælt þessum kröfulið og heldur því fram, að kaupandi eða kaupendur eigi samkvæmt samningnum að kosta rafmagn á uppsetningartímanum.

Í 3. gr. í samningi aðiljanna (sbr. fylgiblað 08/100) segir, að byggjandi greiði fyrir rafmagn á byggingartíma. Hins vegar er ljóst, að varnaraðili á eigi að greiða fyrir raforku, sem notuð hefir verið í þágu annarra húseigenda en hans. Samkvæmt þessu þykir rétt, að varnaraðili greiði sjálfur kr. 34.531.- af rafmagnsreikningunum, en sóknaraðili greiði honum kr. 70.000.-, er hann síðar getur innheimt hjá þeim byggjendum, er nutu góðs af.

Um 6. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til, að sóknaraðili greiði honum ísl. kr. 600.000.- í bætur vegna ýmissa óviðgerðarhæfra galla á húsinu. Í fyrsta lagi séu gluggar misháir á húsinu. Þar hafi verið brugðið út frá teikningu. Hefði þetta útlit hússins legið fyrir í upphafi, hefði Byggingarnefnd Vestmannaeyja aldrei samþykkt húsið. Þá leki húsið á ýmsum stöðum og sé víða óþétt. Þetta sé ekki í samræmi við samninginn. Þakdúkurinn sé laus og sláist til í vindi og eigi fyrir sér að rifna af. Nú þegar kveðst varnaraðili vera með planka í þakrennum til að halda dúknum niðri. Þetta stafi af rangri uppsetningu á dúknum. Þá séu niðurfallsstútar á þakrennum þannig, að þeir standi upp úr, og því standi vatn í þakrennum. Sóknaraðili beri ábyrgð á öllum þessum ágöllum og hljóti því að verða að kosta lagfæringu þeirra.

Sóknaraðili mótmælir þessum kröfulið sem allt of háum og bendir ennfremur á, að húsið hafi verið afhent í samræmi við „Standard og utførelse som er avtalt i kontrakten."

Þá heldur sóknaraðili því ennfremur fram, að hús sem þetta, sem byggt sé samkvæmt ákvæðum samningsins, þoli illa þá miklu veðurhæð, sem komið hafi í Vestmannaeyjum seinni hluta árs 1974 og verið hafi meiri heldur en sóknaraðili mátti búast við eftir þeim upplýsingum, sem honum hafi verið gefnar við samningsgerðina. Leitazt hafi verið við að bæta úr þessu. Fullyrða megi einnig, að margir íbúar Vestmannaeyjakaupstaðar hafi orðið fyrir óþægindum af veðurofsa, ekki síst vegna öskufoks.

Þá hefur sóknaraðili einnig andmælt því sérstaklega, að honum beri að bæta þakdúkinn, enda sé 10 ára ábyrgð á dúknum. Sú ábyrgð muni halda gildi sínu áfram.

Gerðardómurinn telur ljóst, að sóknaraðili beri ábyrgð á öllum þeim göllum, sem varnaraðili telur fram undir þessum lið. Þessir gallar stafa sumpart vegna ónógrar nákvæmni og aðgæzlu við frágang hússins og sumpart vegna þess, að þakdúkurinn hefur eigi verið límdur á þakboga, heldur festur til endanna við þakrennur hússins og límdur lítið eitt upp á bogana. Þessi festing hefur ekki staðizt þann vindstyrk, sem komið getur á byggingarstað. Af þessum sökum hefur teygzt á þakdúknum, og í vindi veldur sláttur frá dúknum íbúum hússins óþægindum. Þakdúkurinn fullnægir því ekki nú þeim kröfum, sem gera verður til þekjuefnis. Þetta hefur valdið íbúum hússins óþægindum, og er viðbúið, að varnaraðili verði fyrir útgjöldum við að lagfæra dúkinn, t. d. með því að fergja þakdúkinn, þannig að hann sláist hvorki til í vindi né að hætta sé á, að hann sviptist af í roki.

Gerðardómurinn telur sóknaraðilja bera fjárhagslega ábyrgð gagnvart varnaraðilja á öllum þessum ágöllum. Á varnaraðili rétt á skaðabótum úr

hendi sóknaraðilja vegna þessa. Bætur þessar þykja hæfilega ákveðnar ísl. kr. 300.000.-

Um 7. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um kr. 200.000.- vegna afhendingardráttar á húsinu frá 15. október 1974, er sóknaraðili hefði átt að skila húsinu fullgerðu, og þar til varnaraðili gat tekið það til afnota 26. júlí 1975. Telur varnaraðili eðlilegt að miða við, að hann hefði getað leigt húsið, ekki undir kr. 20.000.- á mánuði á þessu tímabili. Varnaraðili telur sóknaraðilja bera alla ábyrgð á afhendingardrætti þessum og beri honum því að greiða sér þessar bætur.

Sóknaraðili hefur alfarið mótmælt þessum kröfulið. Mótmælir sóknaraðili því, að dráttur sá, sem varð á afhendingu hússins, sé á hans ábyrgð, heldur hafi drátturinn stafað af ástæðum, sem sóknaraðili bar enga ábyrgð á. Guðni Pálsson, einn af hússbyggjendunum, hafi ekki fengið lóð sína fyrr en 18. október 1974, en það hafi verið skilyrði af hálfu sóknaraðilja, að líta á alla samningana sem eina pöntun.

Það er ljóst af gögnum málsins, að verulegur dráttur var á afhendingu húss varnaraðilja. Er það brot á 6. gr. kaupsamningsins. Sóknaraðili ber ábyrgð á afhendingardrættinum, sem gerðardómurinn telur sanngjarnt að ákveða 7 mánuði. Krafa sú, sem varnaraðili gerir um mánaðarleigu, þykir vera í hóf stillt, og verður hún tekin til greina óbreytt. Sóknaraðilja verður samkvæmt þessu gert að greiða varnaraðilja kr. ísl. 140.000.- undir þessum kröfulið.

Úrslit gagnsakar verða því þau, að sóknaraðilja, Sun House A/S Ltd., er gert að greiða varnaraðilja, Friðriki Ásmundssyni, ísl. kr. 1.467.574.- með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 15. nóvember 1975 til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað í gagnsök, er þykir hæfilega ákveðinn ísl. kr. 250.000.-.

Kostnaður við gerðardóminn er ísl. kr. 495.000.-, og skulu málsaðiljar greiða þann konstað til helminga hvor.

Dóm þennan kváðu upp eftirfarandi menn:

Magnús Thoroddsen borgardómnari, oddamaður dómsins samkvæmt tilnefningu yfirborgardómarans í Reykjavík frá 5. mars 1976, en meðdómendur voru þeir dr. Ragnar Ingimarsson, prófessor, tilnefndur af sóknaraðilja með bréfi, dags, 16. mars 1976, og Gunnar Torfason, verkfræðingur, tilnefndur af varnaraðilja með bréfi, dags. 11. mai 1976.

Dómsorð:

Varnaraðili, Friðrik Ásmundsson, greiði sóknaraðilja, Sun House

A/S Ltd., n. kr. 47.956.- með 15% ársvöxtum frá 14. maí 1975 til 15. marz 1976, en 2% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greisludags, og kr. ísl. 302.000.- í málskostnað.

Sóknaraðili, Sun House A/S Ltd., greiði varnaraðilja, Friðriki Ásmundssyni, ísl. kr. 1.467.574.- ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 15. nóvember 1975 til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ísl. kr. 250.000.- í málskostnað.

Kostnað við gerðardóminn, ísl. kr. 495.000.-, skulu aðiljar greiða til helminga hvor.

Magnús Thoroddsen oddamaður
Gunnar Torfason.

Sératkvæði dr. Ragnars Ingimarssonar prófessors.

Ég er sammála niðurstöðum meirihluta dómsins að öðru leyti en því er snertir verðbótakröfur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja.

Gagnstætt niðurstöðum meirihlutans tel ég allsendis ósannað, að Ágúst Elíasson hafi verið umboðsmaður sóknaraðilja á þeim tíma, sem umræddur kaupsamningur var gerður, þó svo að hann hafi orðið það síðar (sbr. auglýsingar í Dagskrá 27.04.-01.06. '74). Samkvæmt frásögn Ágústs sjálfs fyrir dóminum var hann milligöngumaður í samningagerð aðilja, og sem slíkur hlaut hann á einhverju stigi að bera hálfundirritaðan samning á milli aðilja.

Samkvæmt ofangreindu tel ég ekki, að túlkun Ágústs á einstökum atriðum kaupsamningsins sé bindandi fyrir sækjanda að því leyti sem slík túlkun brýtur í bága við skrifleg ákvæði hans og beri því að taka kröfu sóknaraðilja að verulegu leyti til greina.

Ragnar Ingimarsson".

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að umræddur gerðardómur sé endanlegur og bindandi fyrir málsaðilja, enda geti almennir dómstólar ekki breytt niðurstöðum gerðardóma, nema um sé að ræða verulega annmarka á málsmeðferð. Bendir stefnandi á, að í norrænum og raunar einnig engilsaxneskum rétti sé viðurkennt, að gerðardómi verði ekki breytt efnislega. Engin skráð lagaákvæði sé að finna um þetta í ísleskum rétti, en reglur þær, sem taldar séu gilda hérlendis, mundu leiða til sömu niðurstöðu.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndi ekki verið fáanlegur til að greiða skuld sína samkvæmt úrskurðarorði gerðardómsins af frjálsum vilja. Því sé stefnanda nauðsynlegt að afla sér aðfararhæfs dóms í samræmi við niðurstöðu gerðardómsins.

Stefnandi vísar því alfarið á bug, að málinu sé skilað ófgreiddu í dómsorði gerðardóms. Skuldbindingar stefnda gangnvart stefnanda hafi verið í norskum krónum og við það miði gerðardómurinn, eins og krafist hafi verið. Stefndi hafi aftur á móti sett kröfur sínar fram í íslenskum krónum og þar af leiðandi verið dæmdar bætur í þeirri mynt.

Enn fremur vísar stefnandi því á bug, að gerðardómsmönnum hafi borið skylda til að beita 49. gr. einkamálalaga við úrlausn sína. þeir hafi þvert á móti haft frjálsar hendur og þeim því heimilt að leggja eigið mat á þetta atriði.

Loks er á það bent af hálfu stefnanda, að það sé út í hött hjá stefnda að halda því fram, að ekki hafi verið teknar til greina kröfur hans um skuldajöfnuð. Þessu sé raunar þveröfugt farið, þar sem kröfur beggja málsaðilja hafi komist til skila í dómsorði gerðardómsins. Það sé aftur á móti annað mál, að á greiðsludegi beri að miða við gengisskráningu þess dags og úr því að stefndi hafi látið hjá líða að gera upp samkvæmt gerðardómnum, geti hann sjálfum sér um kennt varðandi tjón það, sem hann hafi orðið fyrir af völdum gengissigs norskrar krónu.

Af hálfu stefnda er því almennt haldið fram, að gerðardómurinn hafi ekki gætt réttra sjómarmiða eða aðferða við dóminn.

Mál þetta sé í raun uppgjör milli aðilja vegna kaupa stefnda á húsi af stefnanda.

Kröfur stefnanda fyrir gerðardóminum hefðu verið að fá eftirstöðvar kaupverðs úr hendi stefnda, en kröfur stefnda hefðu verið bótakröfur fyrir það, að stefnandi hljópst frá verkinu 14. maí 1975, og fyrir galla á smíðinni. Uppgjör gerðardómsins á framangreindu hafi að sjálfsögðu miðast við 14. maí 1975. Gerðardómurinn hafi hins vegar látið hjá líða að skuldajafna og skili málinu óafgreiddu í dómsorði. Þetta hefði það í för með sér, að væri dómurinn gerður upp í dag, væri stefnandi búinn að fá með gengishagnaði uppétnar allar réttmætar bótakröfur stenda á hendur stefnanda. Slík niðurstaða væri fráleit og styddist ekki við lög.

Þótt gerðardómsmönnum hafi þannig sést yfir að leiða málið til lykta með skuldajöfnuði, svo sem bar að gera, hafi það ekki verið fyrir, að áábendingu eða kröfu vantaði um það. Skuldajafnaðarkrafa hafi legið fyrir bæði á yfirlitsreikningi og í greinargerð. Mali sínu til stuðnings bendir stefndi á, að öll lagaskilyrði hafi verið til skuldajafnaðar. Megi þar nefna, að kröfur aðilja séu af sömu rót runnar, þær hafi verið gjalskræfar og gildar. Ljóst sé, að skuldajöfnuð beri að miða við 14. maí 1975, þ. e. þann dag sem stefnandi hljópst frá verkinu, Skuldajafnaðarkrafa hafi verið sett fram 12. júlí 1976 og sé það allra síðasta tímamark, sem unnt sé að miða skuldajöfnuð við. Enn fremur bendir stefndi á, að gerðardómsmenn hafi ekki fjallað um skuldajafnaðarkröfuna, heldur dæmi þeir aðalsök og gagn-

sök sér. Þetta sé andstætt 49. gr. einkamálalaga, sem sé grundvallarregla í réttarfari varðandi skuldajöfnuð og gerðarmönnum ekki unnt að sniðganga. Afgreiðsla gerðardómsins hefði þó ekki komið að sök, ef dómur hefði hljóðað upp á greiðslu í sömu mynt, en sé fráleit, þar sem aðalsökin sé dæmd í norskum krónum, en gagnsökin í íslenskum krónum. Þótt aðalkrafan hafi verið sett fram í norskum krónum, en gagnkrafan í íslenskum krónum, eigi það ekki að standa í vegi fyrir skuldajöfnuði. Greiðslustaður skuldar stefnda sé á Íslandi og því ætti hann að geta leyst sig undan greiðslu í íslenskri mynt. Bendir stefndi í þessu sambandi á ákvæði 41. gr. víxillaga og 36. gr. tékkalaga, sem nærtækast sé að beita um þetta tilvik með lögjöfnun.

Aðalkröfu sína um sýknu í málinu byggir stefndi á því, að nú sé komið í ljós, sem raunar hafi verið haldið fram af stefnda fyrir gerðardóminum, að þakdúkurinn á húsi stefnda sé ónýtur vegna misteygju, svo ekki verði bætt úr með þeim hætti, sem gerðardómsmenn reiknuðu með, þ. e. að fergja dúkinn niður. Hefur stefndi lagt fram vottorð manns, sem kynnt hefur sér ásetningu slíks dúks. Í vottorði hans komi fram, að ásetningu dúksins sé stórlega ábótavant og sé alls ekki samkvæmt þeim reglum, sem fara eigi eftir. Þótt reynt sé að bæta úr þessu, sé alls ekki víst, að þakdúkurinn geti gegnt hlutverki, sem honum var ætlað. Krafa stefnda fyrir gerðardóminum um 600.000 kr. bætur vegna þakdúksins hafi verið lækkuð niður í 300.000 kr. Augljóst sé því, að stefndi eigi miklu hærri kröfu á hendur stefnanda vegna þakdúksins en nemur þeim mismun, norskum kr. 533.00 með vöxtum og jafnvel kostnaði, sem gerðardómurinn mat, að stefndi skuldaði stefnanda 14. maí 1975. Vaxtakröfu sína reiknar stefndi þannig: Gengi norskrar krónu 14. maí 1975 100 norskar kr. = 3.095.95 (sölugengi). Allar dæmdar kröfur stefnanda í aðalsök, norskar, kr. 47.956.00 miðað við þau tímamörk. Breytt í ísl. kr. nam sú fjárhæð 1.468.693.78. Þar frá bar að draga kröfur stefnda í gagnsökinni, kr. 1.467.574. Inneign stefnanda við uppgjör, kr. 17.120, sem geri í norskum krónum 14. maí 1975 553.00.

Niðurstaða dómsins.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, er grundvöllur samskipta aðilja, sem síðar leiddi til ágreinings þeirra í milli, samningur þeirra frá 4. apríl og 3. maí 1974, en í honum skuldbatt stefnandi sig til að selja og reisa einbýlishús fyrir stefnda, innflutt frá Noregi og greiða skyldi fyrir í norskum krónum. Í samningi þessum er gerðardómsákvæði, sem aðiljar samþykktu, að skæri úr um hugsanlegan ágreining þeirra á milli.

Fyrir gerðardóminum höfðu aðiljar hvor um sig uppi kröfur á hendur hinum, sem áttu rót sína að rekja, beint eða óbeint, til samnings þeirra.

Gerði stefnandi kröfu um greiðslu í norskum krónum, en kröfur stefnda hljóðuðu upp á greiðslu í íslenskum krónum.

Það er álit dómsins, að ekki verði séð, að gerðardómurinn hafi á nokkurn hátt beitt röngum aðferðum eða látið röng sjónarmið ráða ferðinni við dómsúrlausn sína, þannig að haggað verði niðurstöðum hans. Það verður einnig að hafa í huga, að heimild þessa dóms til að breyta efnislegri niðurstöðu gerðardómsins eru þröng takmörk sett. Þá verður niðurtaða gerðardómsins ekki skilin á annan veg en þann, að ótvírætt er, að skuldbindingar stefnda skulu vera í norskum krónum og ekki bundnar við gengisskráningu ákveðins dags.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lagt fram vottorð um ástand þakdúks á húsi hans, og byggir hann sýknukröfu sína á efni þessa vottorðs. Með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, verður að telja, að ekki sé unnt að taka kröfu þessa til greina, þar sem gerðardómur skyldi úrskurða um ágreiningsatriði aðilja, burt séð frá því, að skjal þetta er ekki stutt neinum frekari gögnum.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið hér að framan, þykir verða að fallast á dómkröfu stefnanda og veita honum aðfararhæfan dóm, þar sem stefndi hefur ekki verið fáanlegur til að inna af hendi skyldu sína í samræmi við niðurstöðu gerðardómsins. Ekki þykja efni til að dæma stefnanda hærri vexti en gerðardómur ákvarðaði honum.

Við munnlegan málflutning lýstu lögmenn aðilja því yfir, að kostnaður við gerðardóminn, kr. 495.000, væri greiddur. Eru því ekki efni til að taka það atriði upp í dómsorð.

Loks ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 200.000.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Ásmundsson, greiði stefnanda, Sun House A/S Ltd., norskar kr. 47.956.00 með 15% ársvöxtum frá 14. maí 1975 til 15. mars 1976, en 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 302.000 í málskostnað fyrir gerðardómi og kr. 200.000 í málskostnað hér fyrir dómi.

Stefnandi, Sun House A/S Ltd., greiði stefnda, Friðrik Ásmundssyni, kr. 1.467.574 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 15. nóvemer 1975 til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 250.000 í málskostnað fyrir gerðardómi.

Framangreindar fjárhæðir ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1983.

Nr. 193/1979. **Guðni Pálsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Björgvin Sigurðssyni hrl. f. h.
Sun House A/S Ltd.
(sjálfur).

Gerðardómur, Aðild. Áfrýjun. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1979. Hann krefs þess *aðallega,* að úr gildi verði felldur úrskurður í gerðardómsmáli milli málsaðilja, sem upp var kveðinn 30. júní 1977, og sér verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess, að kröfum aðilja samkvæmt úrskurði gerðardómsins verði skuldajafnað miðað við gengi norskrar krónu 14. maí 1975 og sér verði aðeins dæmt skylt að greiða stefnda mismuninn, 19.022.01 norskar krónur með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1975 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður. *Til þrautavara* krefst hann þess, að kröfum aðilja samkvæmt úrskurðinum verði skuldajafnað miðað við gengi norskrar krónu 30. júní 1977 og hann verði aðeins dæmdur til að greiða mismuninn, 36.400.70 norskar krónur með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1977 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Björgvin Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Sun House A/S Ltd. í Osló. Enginn fyrirsvarsmanna hlutafélagsins samkvæmt félagslögum var nafngreindur í bæjarþingsstefnunni. Er áfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi, stefndi hann með samsvarandi hætti áðurgreindum hæstaréttaralögmanni f. h. Sun House A/S Ltd. fyrir Hæstarétt. Ritaði hæstaréttarlögmaðurinn á stefnuna 5. nóvember 1979 f. h. hlutafélagsins, að stefnan væri sér „löglega og nægilega birt". Hefur hann og flutt málið fyrir Hæstarétti án athugasemda um greinda stefnuhætti.

Málið var fyrst flutt munnlega fyrir Hæstarétti 26. apríl 1982. Voru þá lögð fyrir Hæstarétt af hendi áfrýjanda ýmis ný skjöl. Þeirra á meðal var bréf lögmanns hans til verslanaskrárinnar í Osló, dags. 24. september 1979. Var með bréfi lögmannsins leitað upplýsinga um nöfn og heimili stjórnarmanna í Sun House A/S Ltd. Í svarbréfi, dags. 2. október s. á., voru gefnar þær upplýsingar, að hinn 30. maí 1978 hefði verið skráð í verslanaskrána tilkynning um kosningu skilanefndar fyrir hlutafélagið og hinn 6. mars 1979 hefði félagið verið afmáð úr verslanaskránni. Þá var og lagt fram sem nýtt skjal í Hæstarétti afrit af bréfi Sun House A/S Ltd. til lögmanns síns, dags. 16. desember 1977, með reikningsgerð félagsins um kröfur þess á hendur áfrýjanda og sex öðrum íslenskum aðiljum samkvæmt gerðardómum hliðstæðum þeim, sem dómkröfur félagsins í máli þessu eru reistar á, og um kröfur þeirra á hendur félaginu. Var lögmanninum í bréfinu falið að gera þær upp og jafnframt tekið fram, að innheimtur mismunur væri framseldur honum til lúkningar kröfum hans um þóknun fyrir störf sín.

Vegna þeirra gagna, sem greint er frá hér að framan, var hinn 4. júní s. á. kveðinn upp í Hæstarétti úrskurður um, að aðiljum væri veittur kostur á að afla skýrslna síðustu stjórnarmanna svo og skilanefndar Sun House A/S Ltd. um aðild félagsins að málssókninni svo og nánar tiltekinna skýrslna um fjárkröfu þá, sem heimta átti með henni. Er þetta nánar greint í úrskurðinum.

Er málið var flutt munnlega að nýju í Hæstarétti, hafði engra skýrslna verið aflað frá síðustu félagsstjórn eða skilanefnd Sun House A/S Ltd., sem gefnar væru í tilefni af úrskurði Hæstaréttar. Hins vegar var þá lögð fram af hálfu stefnda skýrsla skilanefndar

svo og lokareikningur Sun House A/S Ltd., hvort tveggja dags. 27. desember 1978, ásamt ársreikningi félagsins 31. desember 1977 og nokkrum fleiri skjölum.

Hin nýju gögn, sem liggja fyrir Hæstarétti, sýna ekki aðeins, að Sun House A/S Ltd. var eigi lengur til við uppsögu héraðsdóms, heldur benda þau og eindregið til þess, að við félagsslitin hafi félagið ekki talið sig eiga neinar kröfur á áfrýjanda eða aðra íslenska aðilja. Í málflutningi hefur Björgvin Sigurðsson hæstaréttarlögmaður synjað fyrir, að hann hafi eignast nokkrar kröfur á áfrýjanda fyrir framsal frá Sun House A/S Ltd. Hann hefur hins vegar hreyft því, að A/S Høyer Ellefsen í Osló muni hafa eignast kröfur Sun House A/S Ltd. á áfrýjanda við félagsslitin. Þær staðhæfingar eru þó órökstuddar, og greint hlutafélag hefur aldrei gerst aðili málsins sem réttartaki Sun House A/S Ltd.

Þegar af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Þarf þá ekki að gefa gaum að því sérstaklega, hvort á gerðardómsúrskurðinum, sem var grundvöllur kröfugerðar stefnda, séu annmarkar, er stæðu því í vegi, að hann yrði lagður til grundvallar dómi í málinu.

Svo sem málið liggur fyrir Hæstarétti, verður málskostnaður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 9 ágúst 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að afloknum munnlegum málflutningi hinn 25. júlí sl., er höfðað með stefnu, birtri 10. nóvember 1978, af Björgvin Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, Bankastræti 6, Reykjavík, f. h. Sun House A/S Ltd., Osló, á hendur Guðna Pálssyni, Smáragötu 34, Vestmannaeyjum. Er málið var höfðað til að fá aðfararhæfan dóm í samræmi við dómsorð gerðardóms, uppkveðins 30. júní 1977, en dómsorð gerðardómsins er svohljóðandi: „Varnaraðili, Guðjón Pálsson, greiði sóknaraðilja, Sun House A/S Ltd., n. kr. 71.257.- með 15% ársvöxtum frá 15. maí 1975 til 15. mars 1976 og með 2% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði

frá þeim degi til 20. nóvember 1976, en 2½% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ísl. kr. 430.000.- í málskostnað.

Sóknaraðili, Sun House A/S Ltd., greiði varnaraðilja, Guðna Pálssyni, ísl. kr. 1.751.168.- ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. ágúst 1975 til 20. nóv. 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ísl. kr. 2956.000.- í málskostnað.

Kostnað við gerðardóminn ísl. kr. 495.000.- skulu aðiljar greiða til helminga hvor.

Magnús Thoroddsen
oddamaður

Gunnar Torfason Ragnar Ingimarsson."

Þá krefst stefnandi málskostnaðar í máli þessu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning breytti umboðsmaður stefnanda vaxtakröfu sinni þannig, að stefnda yrði gert að greiða stefnanda 3% dráttarvexti á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. ágúst 1977 til 1. júní 1979, en 4% dráttarvexti á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda norskar kr. 14.693.00 með almennum dómvöxtum frá 15. maí 1975 til greiðsludags og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttatilraunir hafa farið fram, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að með amningi, dagsettum 4. apríl 1974, skuldbatt stefndi sig til að kaupa af stefnanda, og stefnandi skuldbatt sig til að selja stefnda einbýlishús, sem stefnandi átti að reisa í Vestmannaeyjum.

Í 2. mgr. 13. gr. ofannefnds samnings var svohljóandi ákvæði: „Eventuelle uoverensstemmelser avgjöres med voldgift på Island med Borgerdommeren i Reykjavik som oppmann."

Gerðardómur var skipaður í samræmi við ákvæði samningsins, og voru eftirtaldir menn tilnefndir: Magnús Thoroddsen borgardómari, oddamaður dómsins samkvæmt tilnefnigu yfirborgardómarans í Rekjavík frá 5. mars 1975, dr. Ragnar Ingimarsson prófessor, tilnefndur af stefnanda með bréfi, dags. 16. mars 1976, og Gunnar Torfason verkfræðingur, tilnefndur af stefnda með bréfi, dags. 1. maí 1976.

Svofelldur gerðardómur var kveðinn upp í málinu hinn 30. júní 1977:

„Ár 1977, fimmtudaginn 30. júní, var í gerðardómsmálinu nr. 7/1976:, Sun House A/S Ltd. gegn Guðna Pálssyni og gagnsök kveðinn upp svohljóðandi

gerðardómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 7. maí s.l., hefir Sun House A(S Ltd., Oslo, höfðað fyrir gerðardóminum með kröfuskjali, útgefnu 20. maí 1976 og þingfestu fyrir gerðardóminum 5. júní s. a.

Kröfugerð sóknaraðilja er sú, að varnaraðili, Guðni Pálsson, Smáragötu 34, Vestmannaeyjum, verði dæmdur til að greiða sóknaraðilja n. kr. 87.932.- ásamt 2% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. mars 1976 til 20. nóvember 1976, en frá þeim degi 2½% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. allt að frádregnum n. kr. 10.000.-.

Ennfremur krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði gert að greiða allan kostnað af gerðardóminum.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja og sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja ísl. kr. 905.090.- með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 15. október 1974 til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk alls málskostnaðar að fulli að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Þá gerir vanaraðili einnig þá kröfu, að sóknaraðilja verði gert að greiða allan kostað af gerðardóminum.

Helstu málavextir eru þessir:

Árið 1973 varð eldgos í Vestmannaeyjum (Heimaey). Í eldgosi þessu missti varnaraðili húsnæði sitt og þurfti því að afla sér húsnæðis aftur í Vestmannaeyjum með sem skjótustum hætti. Það var í marsmánuði 1974, að varnaraðili fréttir, að Guðni Hermansen og menn með honum hefðu gert samning við norskan byggingaraðilja, Sun House A/S Ltd., um tilbúin hús, sem tæki mjög skamman tíma að setja upp. Var Ágúst Elíasson, sem varnaraðili nefnir umboðsmann sóknaraðilja, á ferð í Vestmannaeyjum, og fór varnaraðili ásamt eiginkonu hans til fundar við Ágúst, þar sem hann bjó í íbúð Guðna Hermansen. Kveður varnaraðili Ágúst hafa sagt, að mjög skamman tíma tæki að setja húsin upp, tvær til þrjár vikur, eftir að grunnur væri tilbúinn. Bað varnaraðili Ágúst um verðútreikning, þar sem hann kvaðst ekki vera viss um, að hann gæti klofið fjárhagslega að taka allt með húsinu, ef af kaupum yrði. Varnaraðili kveður Ágúst hafa komið um það bil viku seinna heim til sín með útreikninga á blaði, þar sem hann hafi reiknað samningsverð á húsinu, ísl. kr. 4.600.000.-, en með dúkum, rafmagni, baði og innréttingum á kr. ísl. 5.349.665.-, sbr. dskj. nr. 15. Varnaraðili taldi ísl. kr. 4.600.000.- vera hámark þess, sem hann réði við,

og kveðst hafa sagt Ágústi, að ef hann gæti fengið húsið án fylgihluta og innréttinga á því verði, mundi hann kaupa. Varnaraðili kveður það síðan hafa dregist fram í maí, að Ágúst Elíasson kæmi með kauptilboðið frá Sun House A/S Ltd. Seinni hluta maímánaðar hafi Ágúst komið með kaupsamning undirritaðan af Ole Jan Skogen fyrir hönd Sun House A/S Ltd., dags. 4.4.1974. Hafi samningurinn að fullu verið útfylltur, einnig um fyrirvara, sem varnaraðili undirritaði á samninginn um 12% afslátt af kaupverði, enda bílgeymsla óeinangruð og óupphituð. Varnaraðili kveðst hafa farið fram á það að fá samninginn á íslenzku og hafi Ágúst Elíasson sagzt mundu athuga það. Varnaraðili kveður samninginn ekki hafa verið lesinn upp né þýddan fyrir þeim hjónum, en Ágúst Elíasson hafi sagt þeim það, sem þau spurðu um. Varnaraðili kveðst hafa vitað það, að gengisbreytingar gætu hækkað verð hússins í íslenzkum peningum, og hafi reiknað með því. Á aðrar hækkanir hafi ekki verið minnzt. Varnaraðili hefur borið fyrir gerðardóminum, að ekkert hafi verið minnzt á 4. tl. í samningnum, en þar segir m. a. á þessa leið: „Kontraktsummen er fast i 2 uker fra dato. Derefter blir den å justere ved ferdingstillelse i samsvar med Stormbulls prisindeks for tomannsboliger av tre i Oslo-omradet."

Varnaraðili segir, að sig hafi ekki grunað, að einhverjar hækkanir vegna vísitölu gætu komið til, enda hefði hann þá alls ekki gert kaupsamning um húsið. Varnaraðili kveður Ágúst Elíasson ekki hafa minnst á það, að neinar vísitöluhækkanir gætu komið til greina.

Kaupverð hússins var ákveðið n. kr. 228.000.-, sbr. bréfið frá 30. maí 1974 á rskj. nr. 9. Þar við bætist 24% tollur og 18% söluskattur. Varnaraðili greiddi fyrstu greiðslurnar n. kr. 76.000.- 17. júlí 1974, löngu fyrir tilskilinn tíma að sögn varnaraðilja. Hinn 19. október 1974 greiddi varnaraðili toll og söluskatt gegnum Útvegsbanka Íslands að fjárhæð ísl. kr. 509.432.-, hinn 29. nóvember 1974 greiðir varnaraðili ísl. kr. 100.000.-, hinn 12. desember 1974 greiðir varnaraðili ísl. kr. 100.000.-, hinn 20. mars 1975 greiðir varnaraðili ísl. kr. 300.000.- og hinn 18. júlí 1975 greiðir varnaraðili ísl. kr. 1.000.000.-. Þessar greiðslur hafa verið umreiknaðar í norskar kr. á reikningi, dskj. nr. 7, sem vikið verður að síðar í dóminum.

Í 6. gr. kaupsamningsins er þess getið, að unnt eigi að vera að hefja vinnuna um það bil þremur mánuðum eftir að greiðsla hafi verið staðfest, enda liggi fyrir byggingarleyfi í samræmi við „Standard Sun House spesifikasjoner." Þá er þess enn fremur getið, að sóknaraðili, Sun House A/S Ltd., skuldbindi sig til þess að afhenda húsið fullbúið um það bil 25 vikum eftir undirskrift samnings með því skilyrði, að staðfest sé, að 1/3 hluti kaupverðsins hafi verið móttekinn 8 dögum eftir að báðir aðiljar hafi undirritað samninginn.

Á þessu varð þó breyting, sbr. bréfið á dskj. nr. 9, sem dagsett er 30.

maí 1974, en þar er þess beiðzt, að 1/3 hluti kaupverðsins sé greiddur innan viku frá móttöku bréfsins. Eftirstöðvar kaupverðsins, 2/3 hlutar samningsfjárhæðarinnar, átti að greiða, þegar kaupandinn tæki við húsinu fullbúnu, þó ekki fyrir 2. október 1974.

Í 7. gr. kaupsamningsins er tekið fram, að sóknaraðili sé ábyrgur fyrir því sem verktaki, að húsið verði reist í samræmi við byggingarlög og gildandi samþykktir í Noregi.

Þá er tekið fram í 12. gr. kaupsamningsins, að húsið verði afhent þannig, að það fullnægi íslenzkum kröfum um vindstyrk á byggingarstað.

(„Sun House leverer husene til passet islandske krav for vindstyrke på byggeplass").

Samkvæmt 11. gr. kaupsamningsins átti varnaraðili m. a. að sjá um grunn fyrir undirstöðu hússins og að grafa skurði fyrir sökkul gólfplötunnar, en sóknaraðili að sjá um að steypa hana.

Þegar samningarnir voru gerðir, segir varnaraðili, að reiknað hafi verið með því, að húsinu yrði skilað fullgerðu í október 1974. Hins vegar hafi sumarið 1974 liðið, án þess að húsin kæmu til Vestmannaeyja og það hafi loksins verið 2. október 1974, að skip hafi komið með húsaviðinn, sama daginn og varnaraðili heldur fram, að hann hafi átt að fá húsið afhent fullbyggt. Um það leyti, er húsin komu til Vestmannaeyja, kveður varnaraðili starfsmann sóknaraðilja, Arne Hjorth, hafa boðað eigendur húsanna til fundar á Hótel Vestmannaeyjum og fullyrt þar, að allt yrði gert til að ljúka byggingu húsanna fyrir 18. desember 1974, því að þá færu Norðmennirnir í jólaleyfi og yrðu að ljúka húsunum áður, ef unnt væri. Þetta kveður varnaraðili þá kaupendur hafa látið sér lynda, þótt þeim hafi þótt dráttur þegar vera orðinn mikill frá því, sem reiknað hefði verið með, þar sem það hafi vakað fyrir kaupendum að tryggja sér hraðbyggð hús.

Varnaraðili kveðst upphaflega hafa tryggt sér lóð við Stóragerði, en þegar til kastanna hafi komið, hafi verið vandkvæði á því að útvega rafmagn og vatn á þessu svæði, þannig að varnaraðili sótti um lóðina nr. 34 við Smáragötu, og var hún úthlutuð honum hinn 8. október 1974, sbr. ljósrit úr byggingarskrá Vestmannaeyja á dskj. nr. 13.

Dagana 10. - 13. október 1974 vann varnaraðili við annan mann, Hlöðver Johnsen, við að grafa fyrir sökklum að húsinu svo og fyrir vatns- og frárennslisrörum í húsgrunninum. Bið var á því, að sóknaraðili steypti gólfplötuna, þannig að dagana 3. - 5. desember s. á. urðu þeir aftur að grafa upp úr skurðunum vegna gjalls og ösku, er fokið hafði ofan í þá. Í þriðja sinn grófu þeir upp úr skurðum fyrir húsinu 11. febrúar 1975, en þá steyptu sóknaraðiljar loks grunninn.

Varnaraðili kveðst margoft hafa kvartað undan seinaganginum, en án árangurs. Frá því að grunnurinn var steyptur, hafi ekkert verið gert fyrr

en 17. mars 1975, er byrjað hafi verið að reisa húsið. Þegar liðið hafi að páskum, hafi starfsmenn sóknaraðilja farið í páskaleyfi og eftir það hafi þeir ekki unnið meira við húsið. Þegar þetta hafi gerzt, hafi verið búið að reisa húsið, en mikil innivinna hafi verið eftir. Eftir þetta hafi svo Garðar Björgvinsson komið með tvo menn til smíðavinnu í húsinu í fáa daga fyrir sóknaraðilja. Garðar og menn hans hafi síðan hætt, vegna þess að sóknaraðili hafi ekki greitt þeim kaup. Sóknaraðili lauk því aldrei við að fullsmíða húsið í samræmi við samning aðiljanna.

Hinn 14. maí 1975 framkvæmir Ole Jan Skogen úttektargerð á húsi varnaraðilja að viðstöddum Garðari Björgvinssyni, byggingameistara. Í úttektargerðinni eru taldir upp ýmsir þættir, sem ólokið er, og þess jafnframt getið, að Garðar Björgvinsson, byggingameistari, muni taka að sér að framkvæma það, sem eftir er. Þá er þess einnig getið í úttektargerðinni, að lokaúttekt eigi að fara fram að ári liðnu. Þá úttekt framkvæmdi sóknaraðili aldrei. Hinn 15. maí 1975 ritar Ole Jan Skogen varnaraðilja bréf f. h. Sun House A/S Ltd., þar sem hann sendir honum úttektargerðina til undirritunar og beiðist þess, að hann sendi hana til baka undirritaða. Jafnaframt getur Ole Jan Skogen þess í bréfinu, að ef varnaraðili hafi einhverjar frekari athugasemdir fram að færa en fram komi í úttektargerðinni, þá skuli hann bæta þeim við skjalið og beiðast gagnundirritunar af hálfu sóknaraðilja. Þetta gjörði varnaraðili aldrei, enda kveðst hann hafa glatað skjölum þessum.

Varnaraðili hefur skýrt svo frá fyrir gerðardóminum, að hann hafi þurft að flytja búferlum fjórum sinnum, á meðan hann var að bíða eftir að sóknaraðili afhenti húsið, en inn í húsið kveðst varnaraðili hafa flutt í júlímánuði 1975.

Sóknaraðili sundurliðar kröfur sínar fyrir gerðardóminum þannig, sbr. skj. nr. 4, bls. 2:

„1. Rest kontrakt	Kr. 78.000.-		
Bet. 3.408.-			
Bet. 9.345.-			
Bet. 33.486.-	— 46.239.-	Kr.	31.761.-
2. Prisstigning		Kr.	20.276.-
3. Graving på tomt 60 t		—	3.120.-
4. Sammenskruing armering 14 t		—	728.-
5. Jordingsmateriell		—	400.-
6. Tillegg for vinterarbeid iflg.			
kontrakt 20% af kontraktsum		—	4.560.-

7. Frakt kai/byggeplass	5.313x188	
	769	— 1.298.-
8. Sanitær, elektro, kjökken		— 29.359.-
	Sum	Kr. 91.502.-

Til fradrag

Utbedret mangler notert ved		
befaring mai 1976	Kr. 6.000.-	
Skaffet egne materialer	— 2.000.-	
Fradrag for egen maler	— 3.000.-	Kr. 11.000.-
	Rest	Kr. 80.502.-
15% rente pr. 15/3 - 75		— 7.430.-
	Sum	Kr. 87.932.-"

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum í kröfugerðinni.

Um 1. lið: Eftirstöðvar kaupverðs. („Rest kontrakt")

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um eftirstöðvar kaupsamningsins.

Varnaraðili hefur tvennt við þessa kröfugerð sóknaraðilja að athuga. Í fyrsta lagi eigi síðasti þriðjungur afborgunar að vera n. kr. 76.000.-, en ekki kr. 78.000.-, sem sé rangt hjá sóknaraðilja. Kaupverð hússins var n. kr. 228.000.-. 1/3 af þeirri fjárhæð er n. kr. 76.000.-, þannig að þessi athugasemd varnaraðilja hefur við rök að styðjast. Í annan stað bendir varnaraðili á, að hann hafi greitt ísl. kr. 100.000 meira upp í samningsverðið heldur en greini í kröfugerð sóknaraðilja, eða andvirði n. kr. 3.408.-. Þetta er einnig rétt hjá varnaraðilja, sbr. kvittanirnar á dskj. nr. 42, 43 og 44. Þessi greiðsla á því að koma til frádráttar á eftirstöðvunum. Útkoman úr fyrsta lið verður því n. kr. 26.353.- (þ. e. n. kr. 31.761.- ÷ n. kr. 2.000.- ÷ n. kr. 3.408.-).

Um 2. lið: („Prisstigning").

Undir þessum lið gerir sóknaraðili kröfu til þess, að varnaraðili greiði honum n. kr. 20.276.- í verðbætur. Sóknaraðili byggir þennan kröfulið á 4. tl. í samningi aðiljanna frá 4. apríl 1974 , en þar er tekið fram eftirfarandi: „Derefter blir den (þ. e. samningsupphæðin) å justere ved ferdigstillelse i samsvar med Stormbulls prisindeks for tomannsboliger av tre i Osloområdet ." Útreikningur á verðbótum þessum kemur fram á faktúru nr. 1244, sem dagsett er 28. apríl 1975, svohlj.:

„Kontraktssum kr. 228.000.-
Kontraktsdato 4. apríl 1974 utgangspunkt 18. apríl 1974.

18.4.1974	Kr. 228.000.-	fra 18.4.-12.7.74	6,94%	N.kr. 15.823.-
12.7.1974 betalt	— 76.000.-			
12.7.1974 rest	Kr. 152.000.-	fra 12.7.-31.7.74	0,17%	— 258.-
31.7.1974 betalt	— 76.000.-			
31.7.1974 rest	Kr. 76.000.-	fra 31.7.-15.3.75	5,52%	— 4.195.-
prisstigning eksklusive merverdiavgift				N.kr. 20.276.- "

Varnaraðili hefur andmælt þessum kröfulið og byggir þau mótmæli á því, að aldrei hafi verið minnzt á það í samningum aðiljanna, að einhverjar hækkanir ættu að koma á kaupsamninginn samkvæmt einhverri Stormbulls vísitölu. Ekki hafi þetta heldur verið tekið fram í staðfestingu sóknaraðilja á verði hússins. Hér hafi líka verið um að ræða pöntun á hraðbyggðu húsi og vafalaust hafi seljendur verið búnir að reikna sig skaðlausa fyrir þann tíma, sem þeir tóku að sér að koma húsinu upp fyrir varnaraðilja. Það sé heldur ekki í samræmi við íslenzk lög að binda slíka verksamninga vísitöluhækkunum — síst vísitölum erlendra ríkja. Sóknaraðili hafi aldrei bent varnaraðilja á þann möguleika, að einhver vísitöluhækkun gæti komið ofan á verðið. Hefði varnaraðili alls ekki gert samninginn við sóknaraðilja um húskaupin, ef hann hefði vitað eða grunað, að verðið væri ekki endanlegt.

Það er eigi andstætt íslenzkum lögum að verðtryggja kaupsamninginn frá 4. apríl 1974 samkvæmt Stormbulls vísitölu, þar sem sóknaraðili er búsettur erlendis, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Eigi veldur það heldur ógildingu þessa ákvæðis, enda þótt varnaraðilja hafi eigi verið bent á það sérstaklega, þar sem ákvæði þetta er hluti af samningnum, er honum bar að grandskoða rækilega, áður en hann undirritaði. Varnaraðili verður því sjálfur að bera ábyrgð á því, hafi hann vanrækt að kynna sér efni samningsins á fullnægjandi hátt, og stoðar hann það eigi, þótt hann skilji ekki norska tungu. Varnaraðili hefur borið fyir gerðardóminum, að 4. tl. hafi ekki verið ræddur milli hans og Ágústs Elíassonar, umboðsmanns sóknaraðilja. Það er því ákvæði 4. tl. samningsins, sem gildir, og fá hvorki hugmyndir varnaraðilja um það, að hann væri að kaupa húsið á föstu verði, né síðari athafnir sóknaraðilja hér nokkru um breytt, enda er ekki hægt að túlka framkomu sóknaraðilja eftir samningsgerð þannig, að hann hafi fallið frá þessum verðbótarétti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa sóknaraðilja um verðbætur tekin til greina þannig: Fyrsta greiðslan n. kr. 76.000.- var innt

af hendi 24. júní 1974. Á þá greiðslu reiknast 2.63% verðbætur, þ. e. n. kr. 1.999.-. Önnur greiðslan n. kr. 76.000.- var innt af hendi 17. júlí 1974. Á þá greiðslu reiknast 5,09% verðbætur, þ. e. n. kr. 3.868.-. Verðbætur á síðustu greiðsluna n. kr. 76.000.- eru reiknaðar miðað við 1. febrúar 1975, en þá átti sóknaraðili í síðasta lagi að hafa skilað húsinu. Verðbætur þessar eru 9,99%, eða í n. kr. 7.592.-. Samtals nema þessar fjáhæðir n. kr. 13.459.-, og er varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja þá fjárhæð í verðbætur undir þessu lið.

Um 3. lið:

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um n. kr. 3.120.- vegna graftar í húsgrunni varnaraðilja 60 t. á n. kr. 52 fyrir tímann.

Varnaraðili hefur mótmælt þessum kröfulið. Af hans hálfu er bent á það, að hann hafi tvívegis þurft að moka upp úr grunni við annan mann vegna þess, hve dregizt hafi hjá sóknaraðilja að steypa sökklana og plötu hússins.

Þegar litið er til röksemda varnaraðilja gegn þessum kröfulið svo og vottorðs Hlöðvers Johnsen frá 12. maí 1977, sbr. dskj. nr. 46, þá þykja ekki efni til að taka þennan kröfulið til greina.

Um 4. lið: („Sammenskruing armering").

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðila um n. kr. 728.- vegna samsetningar á járnmottum með vírklemmum 14 t. á n. kr. 52.-. Á faktúru nr. 1255, sem dagsett er 25. maí 1975, lækkar sóknaraðili kröfu þessa um n. kr. 210.-, þannig að eftir standa n. kr. 518.-.

Af hálfu varnaraðilja er þessum kröfum mótmælt, en þar sem þau mótmæli hafa ekki verið studd haldbærum rökum, þá er ekki unnt að taka þau til greina, enda hefir varnaraðili ekki sýnt fram á, að verk þetta hafi verið innifalið í kaupsamningnum. Verður krafa sóknaraðilja því tekin til greina með n. kr. 518.-.

Um 5. lið:

Undir þessum lið krefur sóknaraðili varnaraðilja um n. kr. 400.- fyrir jarðtengingarefni. (Jordingsmateriell").

Þessum lið hefur verið mótmælt af hálfu varnaraðilja. Í „teknisk beskrivelse", sem er hluti af samningi aðiljanna, er í kaflanum: „Beskrivelse af elektriske installationer enebolige Vestmannaeyjar, Island" tekið fram, að jarðtengingarefni sé ekki innifalið í kaupunum. Mótmæli varnaraðilja eru því eigi studd haldbærum rökum. Verður þessi liður því tekinn til greina óbreyttur.

Um 6. lið:

Undir þessum lið gerir sóknaraðili kröfu til þess, að varnaraðili greiði hon-

um n. kr. 4.560.-, sem er 2% álag á samningsupphæðina fyrir vetrarvinnu „iflg. kontrakt".

Af hálfu varnaraðilja er þessum kröfulið algjörlega mótmælt. Heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðili hafi átt að skila húsinu sumarið 1974. Af ástæðum, sem sóknaraðilja einum sé um að kenna, hafi verkið dregizt fram á vetur og reyndar fram á vor 1975. Mótmælir varnaraðili kröfu sóknaraðilja sem fjarstæðu vegna þess, að verkið hafi dregizt fram á vetur þvert ofan í ákvæði samningsins.

Húsin komu til Vestmannaeyja 2. okt. 1974. Grunnur varnaraðilja var tilbúinn til steypu hinn 13. okt. 1974. Það er álit dómsins, að með nægum mannskap og góðri stjórn hefði sóknaraðili getað reist hús varnaraðilja án þess að lenda með það í vetrarvinnu. Af þeim sökum telur dómurinn, að sóknaraðili eigi ekki rétt á álagi vegna vetrarvinnu. Þessi liður er því ekki tekinn til greina.

Um 7. lið:

Undir þessum lið krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili greiði honum flutningskostnað á byggingarefni frá hafnargarði á byggingarstað („frakt kai/byggeplass"). Kröfugerð sóknaraðilja n. kr. 1.298.- er samkvæmt jöfnu

$$\frac{5.313 \times 188}{769}$$

Sóknaraðili byggir kröfu sína á 11. tl. í samningi aðiljanna, þar sem tekið er fram, að byggjandi annist flutninga á efni og geymslu.

Varnaraðili hefur andmælt þessum kröfulið og heldur því fram í aðiljaskýrslu sinni, að hann hafi ekið byggingarefni á byggingarstað að öllu leyti. Sóknaraðili eigi því engan rétt á kröfu þessari.

Af hálfu varnaraðilja hefur ennfremur verið bent á það, að allur aksturskostnaður sóknaraðilja í Vestmannaeyjum við uppsetningu á níu húsum þar hafi samtals numið ísl. kr. 160.595.-. Hlutur varnaraðilja geti því aðeins numið þeirri fjárhæð, sem sóknaraðili staðhæfi og krefjist.

Varnaraðilja ber að greiða kostnað við aksturinn, sbr. 11. tl. í kaupsamningi aðiljanna frá 4. apríl 1974. Varnaraðili hefur hins vegar ekki lagt faram neinar sönnur í málinu fyrir því, að hann hafi greitt þetta. Hins vegar er ljóst, að hluti af þessum kostnaði varð til í júlí, ágúst og september 1974, áður en húsið kom til landsins. Þann kostnað á varnaraðili ekki að bera. Þegar þetta er haft í huga, ákveðst liður þessi n. kr. 1.168.-.

Um 8. lið:

Undir þessum lið gerir sóknaraðili kröfu til þess, að varnaraðili greiði honum n. kr. 29.359.- vegna hreinlætistækja, rafbúnaðar og eldhúss. Svo

sem fyrr getur, hafði varnaraðili undanskilið þessa hluti, þegar hann keypti húsið með samningnum frá 4. apríl 1974. Síðan pantaði hann þetta hjá sóknaraðilja. Sundurliðun á þessari kröfu er á faktúru nr. 1243, sem dagsett er 3. maí 1975, sbr. dskj. nr. 34, svohlj.:

„Additional delivery according to our offer:

Kitchen	n. kr.	11.000.-	
Stormbull 11,95%	—	1.314.-	N.kr. 12.314.-
Electricity equipment:			
Extra work	n. kr.	16.665-	
Stormbull indeks 11,95%	—	1.991.-	— 18.656.-
Sanitary equipment	n. kr.	18.800.-	
Stormbulls ind. 11,95%	—	2.246.-	
	n. kr.	21.046.-	
Recduction for 1 lavatori, 1 handbasin, 1 bathtube and work not completed	n. kr.	3.000.-	— 18.046.-
			N.kr. 49.016.-
Payed december 1974			— 9.546.-
Payed the 19th of march	isl. kr.	300.000.-	
		(26,67)	— 10.111.-
Total rest.			N.kr. 29.359.-

To be payed to our kto. 6001.06.30811
Kreditkassen Oslo".

Af hálfu varnaraðilja hefur þessum kröfum sóknaraðilja fram yfir samningsverðið verið mótmælt sem rakalausum og röngum.

Þau atriði, sem sóknaraðili krefur varnaraðilja um undir þessum lið, voru ekki innifalin í kaupsamningi aðiljanna frá 4. apríl 1974. Hér er því um viðbót að ræða við samninginn, og eiga andmæli varnaraðilja gegn þessum lið því ekki við rök að styðjast. Verður þessi liður tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið, verða úrslit aðalsakar þau, að varnaraðilja er gert að greiða sóknaraðilja n. kr. 71.257.- með 15% ársvöxtum frá hinni svokölluðu úttektargerð að telja hinn 14. maí 1975 til 15. mars 1976, en 2% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði

frá þeim degi til 20. nóvember 1976 og 2½% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessi úrslit aðalsakar verður varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, er ákveðst ísl. kr. 430.000.-. Í þeirri fjárhæð er fólgin hluti af útlögðum kostnaði sóknaraðilja vegna ferðar gerðardóms til Vestmannaeyja í ágúst 1976.

Um gagnsök:

Af hálfu varnaraðilja er á það bent, að sóknaraðili hafi skuldbundið sig til að skila húsinu í byrjun október 1974, strax eftir sumarið. Efni í 6 hús hafi fyrst komið til Vestmannaeyja um það leyti sem húsin hafi átt að vera fullgerð fyrir kaupendurna. Ekkert hafi hins vegar verið gert við hús varnaraðilja fyrr en eftir áramót 1974/1975, er grunnurinn hafi verið steyptur. Húsið hafi loks verið reist eftir 17. mars 1975, en fyrir páskana hafi starfsmenn sóknaraðilja hlaupizt frá verkinu óloknu og ekkert hafi frekar verið unnið við húsið, utan það lítilræði, sem Garðar Björgvinsson hafi unnið við húsið eftir páskana, en hætt þegar sóknaraðili greiddi honum ekki vinnulaun. Samkvæmt kaupsamningi hafi átt að fara fram úttekt á húsinu, þegar byggingu þess væri lokið. Þetta hafi sóknaraðili þverbrotið, þar sem hann hafi aldrei látið löglega úttekt fara fram né lokið verkinu, heldur hlaupizt frá því án fyrirvara. Varnaraðili hafi því orðið að taka við húsinu ófrágengnu af sóknaraðilja. Hafi allt orðið miklu dýrara fyrir varnaraðilja vegna dráttarins og óvissunnar. Hann hafi fyrst getað flutt í húsið í júlímánuði 1975.

Varnaraðili hefur sundurliðað kröfugerð sína í gagnsök ræklega. Fyrst er vikið að ágöllum samkvæmt protokoll Ole J. Skogen frá 14. maí 1975, síðan um galla, sem hafi verið á húsinu, er protokoll þessi var gerður, en ekki komið fram í honum. Þessu næst gerir varnaraðili kröfu vegna galla, sem fram hafi komið á húsinu eftir 14. maí 1975, og að endingu setur hann fram einstakar kröfur aðrar, sem vikið verður að síðar. Verður nú fjallað um hverja kröfu fyrir sig:

A) Samkvæmt protokoll Ole J. Skogen frá 14. 5. 1975:

1. Sex rúður, flestar stórar, efni ca. kr. 100.000.-.

Rúðum þessum er lýst í protokollnum.

Sóknaraðili hefur andmælt þessum lið sem of háum.

Sóknaraðili ber ábyrgð á að skila þessum rúðum ógölluðum til varnaraðilja. Þykir bótakrafa varnaraðilja sanngjörn, og er hún tekin til greina óbreytt.

Um 2. lið:

Vinna við að taka rúðurnar úr og setja þær í ísl. kr. 40.000.-.

Söknaraðili hefur andmælt þessum lið sem of háum.

Söknaraðili ber ábyrgð á þessum lið. Verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um 3. lið:

Ein rúða í útidyrum, efni og vinna ísl. kr. 25.000.-.

Söknaraðili andmælir þessum kröfulið sem of háum.

Söknaraðili ber ábyrgð á þessum lið, sbr. protokollinn. Þessi liður þykir hæfilega ákveðinn ísl. kr. 20.000.-

Um 4. lið:

Ófrágengin niðurföll og rennur ísl. kr. 20.000.-.

Söknaraðili hefur andmælt þessum lið sem of háum.

Söknaraðili ber ábyrgð á þessum lið, sbr. það sem fram kemur í protokoll frá 14. maí 1975. Þessi liður þykir hæfilega tekinn til greina með ísl. kr. 20.000.-

Um 5. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til þess, að söknaraðili greiði honum ísl. kr. 70.000.- vegna þess, að kantlistar á rennum séu óunnir.

Söknaraðili hefur andmælt þessum lið sem of háum.

Söknaraðili ber ábyrgð á þessari vöntun, sbr. protokollinn frá 14. maí 1975. Rétt þykir að taka þennan lið til greina með ísl. kr. 50.000.-.

Um 6. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til, að söknaraðili greiði honum ísl. kr. 60.000.- vegna þess, að ytra byrði á þakbogum sé ófrágengið.

Söknaraðili andmælir þessum lið sem of háum.

Söknaraðili ber ábyrgð á þessum ágalla, sbr. protokollinn. Rétt þykir að taka þennan lið til greina með ísl. kr. 40.000.-.

Um 7. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til, að söknaraðili greiði honum ísl. kr. 150.000.- vegna þess, að tveir þakbogar hafi verið brotnir og einn hafi verið of stuttur.

Af hálfu söknaraðilja er þessum lið mótmælt sem of háum og ennfremur bent á það, að það hafi orðið að samkomulagi á milli varnaraðilja og hr. Solgaards að nota einingar, sem væru gallaðar, gegn því, að varnaraðili fengi tvo þakboga ókeypis, en þeir séu að verðmæti yfir n. kr. 2.500.-.

Sóknaraðili ber ábyrgð á þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að sóknaraðili bæti varnaraðilja ísl. kr. 80.000.- undir þessum lið.

Um 8. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um 2 stykki hurðarjárn ísl. kr. 6.048.-

Þessum lið er mótmælt sem of háum af hálfu sóknaraðilja.

Sóknaraðili ber ábyrgð á þessum lið.

Rétt þykir að taka þennan lið til greina með ísl. kr. 6.048.-

Um 9. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um kr. 10.000.- vegna frágangs á hurðarjárnum.

Sóknaraðili hefur andmælt þessum lið sem of háum.

Sóknaraðili ber ábyrgð á þessum lið.

Rétt þykir að taka þennan lið til greina með ísl. kr. 10.000.-.

Um 10. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 15.000.- fyrir 5 stykki vatnsstoppara í þakrennur.

Af hálfu sóknaraðilja er þessum lið mótmælt sem of háum.

Sóknaraðili ber ábyrgð á þessum lið.

Hæfilegt þykir að taka hann til greina með ísl. kr. 15.000.-.

Um 11. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 70.000.-, þar sem plötur í ytra byrði séu brotnar á fimm stöðum.

Af hálfu sóknaraðilja er tekið fram, að varnaraðilja muni verða sendar þessar plötur að kostnaðarlausu. Þetta hefur hins vegar enn eigi verið gert. Á því varnaraðili bótakröfu á hendur sóknaraðilja vegna þessa. þykja bætur hæfilega ákveðnar ísl. kr. 50.000.-.

B) Gallar, sem varnaraðili kveður hafa verið á verkinu, þegar úttektin fór fram 14. maí 1975, en eigi var getið í protokollinum.

Um 1. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um kr. 200.000.- vegna þess, að fimm opnanlegir gluggar séu allir 6 cm of stuttir. Hér sé um útlitslýti að ræða, sem ekki kosti undir kr. 200.000.- að bæta úr.

Þessum lið er mótmælt af hálfu sóknaraðilja sem of háum, en bent á það, að ef mönnum finnist þessi munur á gluggum meiðandi fyrir augað,

þá megi lagfæra þetta með því að setja svart borð neðst á síðari gluggana.

Hér er greinilega um útlitslýti á húsinu að ræða, sem sóknaraðili ber fjárhagslega ábyrgð á, enda er þetta í ósamræmi við teikningu hússins. Þykir rétt, að sóknaraðili bæti varnaraðilja ágalla þessa með ísl. kr. 100.000.-

Um 2. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 100.000.-, þar sem vantað hafi opnanlega glugga á gestabað og ennfremur ventil fyrir eldhús og bað.

Af hálfu sóknaraðilja er þessum lið mótmælt sem of háuum.

Sóknaraðili ber ábyrgð á þessum ágöllum. Ber honum að bæta varnaraðilja ágalla þessa. Bætur þessar þykja hæfilega ákveðnar ísl. kr. 100.000.-.

Um 3. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 45.000.- vegna þess, að salerni hafi verið brotið.

Lið þessum er mótmælt af hálfu sóknaraðilja sem of háum.

Sóknaraðili ber ábyrgð á þessum galla. Þykir rétt, að hann bæti varnaraðilja gallann með ísl. kr. 35.000.-.

Um 4. lið:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til, að sóknaraðili greiði honum ísl. kr. 70.000.-, þar sem gólf hafi verið ófrágengið í húsinu, og kveðst varnaraðili hafa orðið að pússa yfir öll gólfin.

Sóknaraðili hefur andmælt þessum kröfulið og kveðst ekkert þekkja til þessa vandamáls, og telur hann ósennilegt, að ísl. kr. 70.000.- hafi farið til að lagfæra þessa meintu galla.

Sóknaraðilja ber að skila gólfum hússins ógölluðum. Hann ber því ábyrgð á þessum ágöllum. Þykir rétt að taka lið þennan til greina með ísl. kr. 70.000.-.

Um 5. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 151.000.- fyrir málningu á öllu húsinu, sem hafi verið ólokið, þegar starfsmenn sóknaraðilja hafi yfirgefið verkið.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að hann hafi verið búinn að semja um verk þetta fyrir um það bil ísl. kr. 85.000.-. Einingarnar séu afhentar málaðar frá verksmiðju og því þurfi aðeins að strjúka einu sinni yfir þær og ef til vill að bletta þær. Hins vegar kveðst sóknaraðili vita, að hús varnaraðilja hafi hulizt ösku uppundir þak. Eftir að aska hafi verið fjarlægð einu sinni hafi þetta endurtekið sig þegar daginn eftir. Málning

og hreinsun samkvæmt sliku við þessar aðstæður séu ekki á ábyrgð sóknaraðilja.

Sóknaraðilja bar að skila varnaraðilja húsinu máluðu. Þykir rétt, að hann greiði varnaraðilja ísl. kr. 151.000.- í málningarkostnað.

Um 6. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 40.000.- vegna hreinsunar á húsinu, eftir að starfsmenn sóknaraðilja yfirgáfu það.

Sóknaraðili andmælir þessum kröfulið með þeirri röksemd, að samkvæmt viðbót við samning eigi kaupandi að annast hreingerningu.

Með vísan til þessara röksemda sóknaraðilja er eigi unnt að taka þennan kröfulið varnaraðilja til greina.

C) Gallar, sem fram hafa komið eftir 14. maí 1975:

Um lið 1:

Undir þessum lið gerir varnaraðili kröfu til þess, að sóknaraðili greiði honum ísl. kr. 250.000.-, þar sem leki hafi komið við alla glugga í húsinu, eftir að farið var að búa í því, og húsið hafi allt verið óþétt. Allt þarfnist það uppherðingar og þéttingar.

Sóknaraðili hefur andmælt þesusm kröfulið. Bendir hann þeim andmælum til áréttingar til samningsins um það, að húsið sé afhent í samræmi við „Sun House standard og norske forskrifter." Þá hefur sóknaraðili ennfremur andmælt þessum kröfulið sem of háum.

Hús þetta átti að þola vindstyrk á byggingarstað. Ljóst þykir, að ágallar þeir, sem hér er krafið bóta fyrir, séu vegna ónógrar nákvæmni og aðgæzlu við frágang hússins. Þegar þetta er haft í huga, þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja bætur til að þétta lekastaði. Þessar bætur þykja hæfilega ákveðnar ísl. kr. 120.000.-.

Um 2. lið:

Undir þessum lið krefur varnaraðili um ísl. kr. 700.000.-, þar sem þakdúkur þarfnist endurnýjunar. Leki sé á fjórum stöðum á þakinu og nauðsynlegt sé að gera varanlegar úrbætur á þakinu.

Sóknaraðili hefur andmælt þessum kröfulið og m. a. bent á það, að þaknefið hafi verið afhent í samræmi við samninginn og í tilfelli varnaraðilja hafi þakdúkurinn verið límdur á þakbogana. Hvorki megi né beri að skipta um þakdúk á húsinu, enda sé 10 ára ábyrgð á dúknum. Sú ábyrgð muni halda gildi sínu áfram.

Sóknaraðilja ber að bæta varnaraðilja lekastaði þá, sem fram hafa komið

á þakinu. Þykja bætur til varnaraðilja vegna þessa hæfilega ákveðnar ísl. kr. 300.000.-.

Að öðru leyti verður varnaraðili að sætta sig við 10 ára ábyrgð á þakdúknum, enda er fram komið, að í þessu tilfelli var þakdúkurinn límdur á þakbogana.

D).

Undir þessum lið krefur varnaraðili sóknaraðilja um ísl. kr. 269.120.-, sem er fæðiskostnaður fyrir starfsmenn sóknaraðilja í Vinnslustöð Vestmannaeyja. Varnaraðili greiddi þennan kostnað að beiðni sóknaraðilja.

Þessi liður er viðurkenndur af hálfu sóknaraðilja. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

E).

Þá kveðst varnaraðili einnig hafa orðið fyrir afnotatjóni vegna seinkunar og tafa á verkinu svo og því, að sóknaraðili hafi aldrei skilað verkinu af sér. Varnaraðili kveðst af þessum sökum ekki hafa getað flutt í húsið fyrr en síðla í júlímánuði 1975. Varnaraðili telur, að eðlileg leiga eftir húsið reiknað frá áramótum sé kr. 20.000.- á mánuði í 7 mánuði, en það gerir kr. 140.000.-. Auk þess krefur varnaraðili sóknaraðilja um kr. 60.000.- bætur vegna skemmda á innbúi í sambandi við búferlaflutninga, en varnaraðili kveðst hafa þurft að flytja tvisvar sinnum á tímanum. Þá kveðst hann hafa orðið fyrir annars konar óhagræði af þessum sökum.

Sóknaraðili hefur algjörlega mótmælt þessum kröfulið og telur sig enga ábyrgð bera á þeim drætti, sem varð á afhendingu hússins. Varnaraðili beri sjálfur alla ábyrgð á þessu, enda hafi grunnurinn fyrir hús hans ekki verið tilbúinn fyrr en í októbermánuði 1974.

Verulegur afhendingardráttur var á húsinu af hálfu sóknaraðilja. Telur gerðardómurinn eðlilegt að miða við, að afhendingardráttur á húsinu hafi staðið frá 1. febrúar til júlíloka, þ. e. í 6 mánuði. Ber sóknaraðilja að gjalda varnaraðilja leigu eftir húsið yfir þetta tímabil. Mánaðarleigukröfu varnaraðilja þykir vera í hóf stillt. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina með kr. 120.000.-. Að öðru leyti eru ekki efni til að dæma sóknaraðilja til þess að greiða varnaraðilja frekari bætur, svo sem varnaraðili gerir kröfu til.

Við munnlegan flutning málsins setti varnarðili fram tvær frekari bótakröfur á hendur sóknaraðilja. Í fyrsta lagi ísl. kr. 450.000.-. bótakröfu vegna rúðu af stærðinni 1,2 x 2,18 m auk karms.

Af hálfu sóknaraðilja var þessum kröfulið mótmælt sem of háum. Rétt þykir að taka þennan kröfulið til greina óbreyttan.

Í annan stað setti varnaraðili fram þá kröfu við munnlegan flutning, að

sóknaraðili greiddi honum ísl. kr. 23.000.-, sem er húsaleiga í fjóra mánuði, desember-marz 1974-1975 að Nýju-Geirseyri í Vestmannaeyjum, kr. 15.000.- og kr. 8.000.- fyrir málningu vegna skemmda á herberginu. Varnaraðili kveðst hafa greitt þennan reikning fyrir starfsmenn sóknaraðilja.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður sóknaraðilja athugasemdir við málningarlið reikningsins, kr. 8.000.-, en að öðru leyti mótmælti hann honum ekki.

Eftir atvikum þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 15.000.-. enda hefur varnaraðili ekki rökstutt málningarliðinn nægilega gegn andmælum sóknaraðilja.

Úrslit gagnsakar verða því samkvæmt framansögðu þau, að sóknaraðili er dæmdur til að gjalda varnaraðilja ísl. kr. 1.751.168.- ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá tímamarki, er miðast við 1. ágúst 1975 til 20. nóvember 1976, en 2 ½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður sóknaraðili dæmdur til að gjalda varnaraðilja málskostnað í gagnsök. Þykir hann hæfilega ákveðinn ísl. kr. 295.000.-.

Kostnaður við gerðardóminn er ísl. kr. 495.000.-, og skulu málsaðiljar greiða þann kostnað til helminga hvor.

Dóm þennan kváðu upp eftirfarandi menn:

Magnús Thoroddsen, borgardómari, oddamaður dómsins, samkvæmt tilnefningu yfirborgardómarns í Reykjavík frá 5. marz 1976, en meðdómendur þeir dr. Ragnar Ingimarsson, prófessor, tilnefndur af sóknaraðilja með bréfi, dags. 16. mars 1976, og Gunnar Torfason, verkfræðingur, tilnefndur af varnaraðilja með bréfi, dags. 11. maí 1976.

Dómsorð:

Varnaraðili, Guðni Pálsson, greiði sóknaraðilja, Sun House A/S Ltd., n. kr. 71.257.- með 15% ársvöxtum frá 15. maí 1975 til 15. marz 1976 og með 2% vanskilavöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 20. nóvember 1976, en 2 ½% vanskilavöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ísl. kr. 430.000.- í málskostnað.

Sóknaraðili, Sun House A/S Ltd., greiði varnaraðilja, Guðna Pálssyni, ísl. kr. 1.751.168 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. ágúst 1975 til 10. nóv. 1976, en 2 ½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og ísl. kr. 295.000.- í málskostnað.

Kostnað við gerðardóminn ísl. kr. 495.000.- skulu aðiljar greiða til helminga hvor.

Magnús Thoroddsen oddamaður
Gunnar Torfason Ragnar Ingimarsson"

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að umræddur gerðardómur sé endanlegur og bindandi fyrir málsaðilja, enda geti almennir dómstólar ekki breytt niðurstöðum gerðardóma, nema um verulega galla sé að tefla varðandi málsmeðferð. Bendir stefnandi á, að viðurkennt sé í norrænum rétti, að gerðardómnum verði ekki breytt efnislega. Engin lagaákvæði séu til um þetta í íslenskum rétti, en reglur þær, sem taldar séu gilda hér, mundu leiða til sömu niðurstöðu.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi stefndi ekki verið fáanlegur til að gera upp við stefnanda í samræmi við niðurstöðu gerðardómsins og sé stefnanda því nauðsynlegt að afla sér aðfararheimildar á gerðardóminum.

Því er alfarið mótmælt af hálfu stefnanda, að málinu sé skilað óafgreiddu í dómsorði gerðardóms. Skuldbindingar stefnda hafi verið í norskum krónum og við það miði gerðardómurinn. Enn fremur bendir stefnandi á, að stefndi hafi sett kröfur sínar fram í íslenskum krónum og stefndi að sjálfsögðu fengið þær dæmdar í þeirri mynt. Vefengir stefnandi, að gerðardómsmönnum hafi borið að beita 49. gr. einkamálalaga við úrlausn sína. Þvert á móti hafi þeir frjálsar hendur, þar sem um sé að ræða frávíkjanlega reglu og þeim því heimilt að leggja eigið mat á þetta atriði.

Loks er á það bent af hálfu stefnanda, að það sé út í hött hjá stefnda að halda því fram, að ekki hafi verið teknar til greina kröfur hans um skuldajöfnuð. Þessu sé raunar þveröfugt farið, þar sem kröfur beggja málsaðilja hafi komið til skila í dómsorði gerðardóms. Það sé aftur á móti annað mál, að á greiðsludegi beri að miða við gengisskráningu þess dags. Tjón vegna gengissigs norskrar krónu geti stefndi því sjálfum sér um kennt með því að láta hjá líða að gera upp skv. gerðardóminum.

Af hálfu stefnda er því almennt haldið fram, að gerðardomurinn hafi ekki við úrlausn sína gætt réttra sjónarmiða eða aðferða.

Mál þetta sé í raun uppgjör milli aðilja vegna kaupa stefnda á húsi af stefnanda.

Kröfur stefnanda fyrir gerðardómi hefðu verið að fá eftirstöðvar kaupverðs úr hendi stefnda, en kröfur stefnda hefðu verið bótakröfur fyrir það, að stefnandi hljópst frá verkinu hinn 14. mai 1975, og fyrir galla á smíðinni. Uppgjör gerðardómsins á ofangreindu hafi að sjálfsögðu miðast við

14. maí 1975. Á hinn bóginn hafi gerðardómsmenn látið hjá líða að skuldajafna og skili málinu óafgreiddu í dómsorði. Þetta valdi því, að væri dómurinn gerður upp í dag, væri stefnandi búinn að fá með gengishagnaði uppétnar allar réttmætar bótakröfur stefnda á hendur stefnanda margfaldar. Þessi niðurstaða væri fráleit og styddist ekki við lög.

Þótt gerðardómsmönnum hafi þannig sést yfir að leiða málið til lykta með skuldajöfnuði, eins og vera bar, hafi það ekki verið fyrir, að ábendingu eða kröfu vantaði um það. Skuldajafnaðarkrafa hafi legið fyrir á yfirlitsreikningi og í greinargerð. Máli sínu til stuðnings bendir stefndi á, að til skuldajafnaðar hafi verið öll lagaskilyrði. Megi þar nefna, að kröfur aðilja séu af sömu rót runnar, þær hafi verið gjaldkræfar og gildar. Ljóst sé, að skuldasjöfnuð beri að miða við 14. maí 1975, þ. e. þann dag sem stefnandi hljópst frá verkinu. Skuldajafnaðarkrafa hafi verið sett fram hinn 19. júlí 1976 og það sé allra síðasta tímamark, sem unnt sé að miða skuldajöfnuð við. Enn fremur bendir stefndi á, að gerðardómsmenn hafi alls ekki fjallað um skuldajafnaðarkröfu, heldur dæmi þeir aðalsök og gagnsök sér. Þetta sé andstætt 49. gr. einkamálalaga, sem sé grundvallarregla í réttarfari varðandi skuldajöfnuð og gerðarmönnum ekki verið unnt að sniðganga. Afgreiðsla gerðardómsins hefði þó ekki komið að sök, ef dómur hefði hljóðað upp á greiðslu í sömu mynt, en sé fráleit, þar sem aðalsökin sé dæmd í norskum krónum, en gagnsök í íslenskum krónum. Þótt aðalkrafa hafi verið sett fram í norskum krónum, en gagnkrafa í íslenskum krónum, eigi það ekki að koma í veg fyrir, að skuldajöfnuði sé beitt. Bendir stefndi á í þessu sambandi ákvæði 41. gr. víxillaga og 36. gr. tékkalaga, sem beita megi um tilvik þetta með lögjöfnun.

Stefndi reiknar kröfu sína þannig: Krafa stefnanda í aðalsök umreiknuð í ísl. kr. með gengi norskar kr. 14. m aí 1975 (100 n. kr. = 3095.95 kr.) 2.206.081.09 kr.

Kröfur stefnda í gagnsök kr. 1.751.161. Inneign stefnanda sé því 454.913, sem jafngildi norskum kr. 14.693.- miðað við gengi norskrar krónu 15. maí 1975.

Niðurstaða dómsins.

Grundavöllur viðskipta aðilja, sem síðar leiddi til ágreinings milli þeirra, er samningurinn frá 4. apríl 1974, þar sem stefnandi skuldbatt sig til að selja og reisa einbýlishús fyrir stefnda, sem flutt var inn frá Noregi og greiða skyldi fyrir í norskum krónum.

Fyrir gerðardóminum höfðu aðiljar hvor um sig uppi kröfur á hendur hinum, sem flestar áttu rót sína að rekja til samnings þeirra. Gerði stefnandi kröfu um greiðslu í norskum krónum, en gagnkröfur stefnda voru í íslenskum krónum.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að gerðardómsmenn hafi ekki gætt réttra sjónarmiða eða aðferða við úrlausn sína. Verður niðurstaða gerðardómsins ekki skilin á annan veg en þann, að ótvírætt er, að skuldbindingar stefnda skuli vera í norskum krónum og ekki bundnar við gengisskráningu ákveðins dags.

Málflutningur stefnda beinist ekki að því, að niðurstaða gerðardóms verði ógilt, heldur eingöngu, að skuld stefnda miðist við gengi norskrar krónu á ákveðnum degi, þ. e. 14. maí 1975, og skuldajöfnuður miðist við þann dag. Í þessu sambandi verður að líta til þess, að heimild hinna almennu dómstóla til að breyta efnislegum niðurstöðum gerðardóma eru þröng takmörk sett.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður að fallast á dómkröfu stefnanda og veita honum aðfararhæfan dóm, þar sem stefndi hefur ekki verið fáanlegur til að inna af hendi skyldu sína í samræmi við niðurstöðu gerðardómsins. Ekki þykja efni til að dæma stefnanda hærri vexti en frá er greint í gerðardómi.

Við munnlegan málflutning lýstu lögmenn aðilja því yfir, að kostnaður við gerðardóminn, kr. 495.000, væri greiddur. Eru því ekki efni til að taka það atriði upp í dómsorð.

Loks þykir verða að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessum. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.000.-.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðni Pálsson, greiði Sun House A/S Ltd., norskar kr. 71.257.- með 15% ársvöxtum frá 15. maí 1975 til 15. mars 1976 og með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 430.000 í málskostnað fyrir gerðardómi og kr. 300.000 í málskostnað hér fyrir dómi.

Stefnandi, Sun House A/S Ltd., greiði stefnda, Guðna Pálssyni, kr. 1.751.168 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. ágúst 1975 til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 295.000 í málskostnað fyrir gerðardómi.

Frmangreindar fjárhæðir ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1983.

Nr. 43/1983. **Ákæruvaldið**

gegn

Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni.

Kærumál. Gæsluvaðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3 tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er barst 14. febrúar 1983. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. febrúar 1983.

Ár 1983, laugardaginn 12. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur krafist þess, að Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson sæti gæsluvarðhaldi til kl. 1700 miðvikudaginn 23. febrúar nk. vegna gruns um þjófnað og skjalafals.

Kærði hefur mótmælt kröfunni og lýst sig saklausan af grunsemdum.

Tilefni kröfunnar er, að Pétur Sigurðsson, skattendurskoðandi á skattstofu Reykjavíkur, fæddur 23. október 1933, sneri sér í gær til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði þjófnað á veski sínu, sem hafði að geyma m. a. ávísanahefti á reikning hans í Búnaðarbankanum á Blönduósi. Kærandi hafði aðstoðað kærða við útfyllingu á skattframtali á skattstofunni.

Skömmu eftir að kærði var farinn af skattstofunni, saknaði kærandi veskisins.

Um kl. 1800 í gær var kærði handtekinn, er hann var að koma út úr bifreið sinni við Hlemmtorg. Einnig voru handtekin Einar Skagfjörð Steingrímsson, Tunguseli 8 hér í borg, fæddur 28. júní 1965, og Erna Björg Bjarnadóttir, Hagamel 48 hér í borg, fædd 4. apríl 1968. Við leit í bifreiðinni fannst ýmis varningur, m. a. tékkhefti kæranda.

Einar Skagfjörð, Erna Björg og Anna Katrín Stefánsdóttir, Heiðarlundi 7, Garðabæ, fædd 23. nóvember 1967, hafa öll borið við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni, að kærði hafi verið valdur að þjófnaðinum á skattstofunni og báðar stúlkurnar hafi falsað margar ávísanir, sem hafi verið seldar á ýmsum stöðum í Reykjavík. Ein ávísun er þegar komin fram, og var hún notuð í viðskiptum í söluskála við Dalbraut 1.

Kærði hefur alfarið neitað að vera valdur að þjófnaðinum og ávísanafölsun.

Rökstuddur grunur er á því, að kærði hafi stolið framangreindu veski og ávísanahefti svo og verið í vitorði í ávísanafalsi. Rétt þykir því með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og 244. gr. og 155. gr. almennra hegningarlaga að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og úrskurða kærða, Kristin Snæfeld Haukdal Styrmisson, til að sæta gæsluvarðhaldi, á meðan nauðsynlegt er vegna rannsóknar málsins, en þó ekki lengur en til kl. 1700 miðvikudaginn 23. febrúar 1983.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, fæddur 30. janúar 1958, sæti gæsluvarðhaldi, á meðan rannsóknarhagsmunir málsins krefjast, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 23. febrúar 1983, kl. 1700.

Fimmtudaginn 17. febrúar 1983.

Nr. 42/1981. **Benedikt Bogason**
(Jón Ólafsson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Iðgjöld til lífeyrissjóðs. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararmir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari,

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1980 (mál nr. 139/1980), en það var fellt niður með útivistardómi 2. febrúar 1981. Enn var því stefnt til Hæstaréttar 10. febrúar 1981, sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess, að hann verði dæmdur til að greiða stefnda 8.648.03 krónur með 13% ársvöxtum af 1.003.80 krónum frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1976, af 2.244.04 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1977, af 3.920.68 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 6.354.97. krónum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, en af 8.648.03 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% dráttavöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádegnum 1.000.00 krónum. Þá er þess krafist, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í 5. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. og 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands er það lagt á

vald bankans að ákveða dráttarvexti. Í auglýsingum þeim, sem birtar hafa verið frá bankanum í Lögbirtingablaði, sbr. nýnefnda grein í lögum um bankann, voru eigi bein ákvæði um vexti þá, sem deilt er um í þessu máli. Hinn 1. janúar 1975 var í gildi auglýsing „um vexti við innlánsstofnanir" 12. júlí 1974, sem birt var í Lögbirtingablaði 15. júlí. Þar sagði m. a. í kafla um útlánsvexti:

„. . .5) Vanskilavextir (dráttarvextir):

a) af víxlum og tékkum 2% á mánuði . . .

b) af öðrum lánum 2% á nánuði eða fyrir brot úr mánuði af gjaldfallinni upphæð, en samningsvextir falla niður frá gjalddaga. Gildir þessi regla um öll lán í vanskilum".

Síðar í auglýsingunni segir: „Framangreindar ákvarðanir um vexti af lánum og vanskilavexti gilda einnig á lánsviðskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960".

Þau orð, sem nú voru greind, er á ný að finna í auglýsingu Seðlabankans 23. apríl 1976, sem kom í stað auglýsingarinnar frá 12. júlí 1974. Birtist hún í Lögbirtingablaði 28. apríl 1976, Henni var breytt að hluta með auglýsingu 21. september 1976 (Lögbirtingablað 28. september), m. a. ákvæðunum um vanskilavexti (dráttarvexti), sem vera skyldu 2½% mánaðarvextir. Ekki voru tekin upp orð fyrri auglýsingar: „Gildir þessi regla um öll lán í vanskilum." Hins vegar verður að skilja auglýsinguna þannig, að áfram hafi staðið þau orð auglýsingarinnar frá 23. apríl, að þessi ákvæði skyldu gilda í „lánsviðskiptum utan innlánsstofnana". Næsta auglýsing Seðlabankans er dagsett 18. júlí 1977 (Lögbirtingablað 20. júlí), þá kom auglýsing 18. nóvember 1977 (Lögbirtingablað 19. nóvember) og 17. febrúar 1978 (Lögbirtingablað 20. febrúar). Er í öllum þessum auglýsingum orðalag, sem í því, er hér skiptir máli, er sama efnis og orðalag auglýsingarinnar 21. september 1976.

Auglýsing 30. desember 1977 (Lögbirtingablað 18. janúar 1978) skiptir hér ekki máli.

Í auglýsingu Seðlabankans 29. maí 1979, sem birt var í Lögbirtingablaði 31. maí, er sambærilegt ákvæði orðað svo: „Framangreindar ákvarðanir um vexti af lánum og vanskilavexti gilda sem hámarksvextir í hliðstæðum og sambærilegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960." Er

orðalag þetta óbreytt í næstu auglýsingum 30. ágúst 1979 og 29. nóvember 1979 (Lögbirtingablað 31. ágúst og 30. nóvember).

Auglýsingar Seðlabanka Íslands allt frá 12. júlí 1974 og allar götur fram til auglýsingar 29. nóvember 1979 ber að skilja svo, að heimildin til töku dráttarvaxta utan innlánsstofnana hafi verið einskorðuð við lánsviðskipti. Vanskil áfrýjanda á lífeyrissjóðsiðgjöldum sínum til stefnda verða eigi talin lánsviðskipti í skilningi auglýsinganna. Vextir af iðgjaldaskuld áfrýjanda frá 1. janúar 1975 og fram að gildistöku laga nr. 55/1980 verða því eigi dæmdir hærri en sem nemur almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir voru á hverjum tíma þetta tímabil.

Í 7. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda segir, að vangoldin iðgjöld samkvæmt ákvæðum þeirra laga skyldu innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimili innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga. Stefnda var samkvæmt þessu heimilt að reikna dráttarvexti, eins og hann gerði af skuld áfrýjanda, frá og með gildistökudegi laganna 17. júní 1980. Hefur áfrýjandi ekki vefengt þá heimild, eins og kröfugerð hans ber með sér. Samkvæmt þessu ákvarðast vextir af iðgjaldsskuld áfrýjanda frá og með 17. júní 1980 í samræmi við kröfugerð hans.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Benedikt Bogason, greiði stefnda, Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands, 8.648.03 krónur með 13% ársvöxtum af 1.003.80 krónum frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1976, sömu vöxtum af 2.244.04 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1977 og af 3.920.68 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af 3.920.68 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 6.354.97 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 6.354.97 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, en með 19% ársvöxtum af 8.648.03 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979 og með 22% ársvöxtum af 8.648.03 krónum frá þeim degi til 1. september

1979, með 27% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til 17. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði af 8.648.o3 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 1.000.00 krónum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara og Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Við erum ósammála atkvæði meiri hluta dómara. Með fundarsamþykktinni frá 29. maí 1969 var aðalfundur stefnda m. a. að setja reglur um vaxtatöku af iðgjöldum þeirra sjóðfélaga, sem í vanskilum lentu. Að þessu leyti laut fundarsamþykktin einvörðungu að innri málefnum sjóðsins. Samkvæmt málflutningi áfrýjanda hér fyrir dóminum átti hann frjálsa aðild að sjóðnum. Líta verður svo á, að aðalfundarsamþykktin hafi bundið hann eftir almennum reglum um loforð, en fordæmis frá Hæstaarétti er ekki til að dreifa á þessu takmarkaða sviði réttarins. Þá þykja vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands heldur eigi standa vaxtakröfunni í vegi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotum til forsendna hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur að öðru leyti en málskostnað varðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði fellur niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1980.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. október 1979.

Stefnandi er Lífeyrirssjóður Verkfræðingafélags Íslands, Reykjavik.

Stefndi er Benedikt Bogason, Háaleitisbraut 52, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

Aðalkrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda „kr. 1351.179 ásamt 3% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 864.803 frá 1.11.78 til 1.6.79, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þ. d. til 1.9.79, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ. d. til greiðsludags, svo og málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í.", allt að frádregnum kr. 100.000.

Varakrafa: „Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 864.803 með 13% ársvöxtumm af kr. 100.380 frá 1.1.75 til 1.7.75, en af kr. 154.771 frá þ. d, til 1.1.76, en af kr. 224.404 frá þ. d. til 1.7.76, en af kr. 302.090 frá þ. d. til 1.1.77, en af kr. 392.68 frá þ. d. til 21.11.77, en með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ. d. til 1.1. 78, en af kr. 635.497 frá þ. d. til 20.02.78, en með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ. d. 1.8.78, en af kr. 864.803 frá þ. d. til 1.6.79, en með 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1.9.79, en með 27% ársvöxtum frá þ. d. til 18.10.79, en með dómvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, allt að frádegnum kr. 100.000, sem stefndi greiddi inn á kröfuna þann 10.04.78. Þess er krafist, að innborgunin komi til frádráttar áföllnum vöxtum á innborgunardegi, og jafnframt er þess krafist, að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda sé heimilt að bæta áföllnum vöxtum við höfuðstól kröfunnar eftir hver samfelld tólf mánaða vanskil. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati réttarins."

Dómkröfur stefnda eru nú þær, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 864.803 með 13% ársvöxtum af kr. 100.380 frá 1. janúar 1975 til 1. janúar 1976, af kr. 224.404 frá þeim degi til 1. janúar 1977, af kr. 392.068 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af síðastgreindri fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af kr. 635.497 frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1978, en af kr. 864.803 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 100.000, og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Með yfirlýsingu, dagsettri 18. október 1979, sbr. dómskjal nr. 3, var því lýst yfir, að samkomulag hafi verið um að ganga fram hjá sáttanefnd.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

II.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Skuld þessi er vegna ógreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda stefnda til stefnanda fyrir tímabilið frá 1.1.'74 til 31.7.'78. Stefndi er verkfræðingur og var félagi í Lífeyrissjóði V.F.Í. á nefndu tímabili, en þann 31.7.'78 sagði stefndi sig úr sjóðnum. Stefnufjárhæðin er samkvæmt yfirliti stefnanda yfir iðgjaldaskuld stefnda með dráttarvöxtum miðað við greiðslu í október 1978, en dráttarvaxta er einungis krafist af höfuðstól iðgjaldanna frá 1.11.'78. Yfirlit stefnanda byggist á sundurliðaðri útskrift úr viðskiptamannabók Lífeyrissjóðs V.F.Í. frá 13.10.'76, 10.10.'77, 1.5.'78 og 19,7.'78, en útskriftir þessar ásamt yfirlitinu eru lagðar fram í málinu. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar yfir lífeyrissjóð V.F.Í., sem hlotið hefur staðfestingu fjármálaráðuneytisins, ber sjóðfélaga að greiða iðgjöld sín til sjóðsins mánaðarlega fyrirfram. Iðgjöldin eru ákveðin þannig, að við inngöngu í sjóðinn velur sjóðfélagi launaflokk, sem hann skal greiða eftir, og eru iðgjöldin reiknuð út samkvæmt því og færð á reikning viðkomandi í viðskiptamannabók stefnanda. Ítrekaðar innheimtutilraunir hafa engan árangur borið, og er því málshöfðun þessi nauðsynleg."

Í þinghaldi 14. maí 1978 fékk lögmaður stefnda bókað:

„Stefndi viðurkennir nú að skulda stefnanda iðgjöld að fjárhæð kr. 864.803 að frádregnum kr. 100.000. Er því nú aðeins deilt um vexti af iðgjaldaskuldinni og málskostnað."

Á dómskjali nr. 18 hefur stefnandi lagt fram „Yfirlit yfir iðgjaldaskuld stefnda með dráttarvöxtum miðað við greiðslu í október 1978." Er það svohljóðandi:

„1974:	*Iðgjald*	*%*		*Dr.vextir*	*Vaxtafótur pr. mán.*
jan.	6690	× 127,25	:	8.513	1.5%
febr.	6690	× 125,75	:	8.413	
marz	8674	× 124,25	:	10.777	
apr.	8674	× 122,75	:	10.647	
maí	8674	× 121,25	:	10.517	
júní	8674	× 10.387	:	10.387	
júlí	8674	× 118,0	:	10.235	1.5% til 15.7.74
ág.	8674	× 116,0	:	10.062	2.0% til 15.7.74
sept.	8674	× 114,0	:	9.888	
okt.	8674	× 112,0	:	9.715	
nóv.	8674	× 110,0	:	9.541	
des.	8934	× 108,0	:	9.649	
	100.380			118.344	

1975:		%		*Dr.vextir*	*Vaxtafótur pr. mán.*
jan.	8934	× 106,0	:	9.470	2.0%
febr.	8934	× 104,0	:	9.291	
marz	8934	× 102,0	:	9.113	
apr.	8934	× 100,0	:	8.934	
maí	8934	× 98,0	:	8.775	
júní	9721	× 96,0	:	9.332	
júlí	11.434	× 94,0	:	10.748	
ág.	11.434	× 92,0	:	10.519	
sept.	11.434	× 90,0	:	10,291	
okt.	11.777	× 88,0	:	10.364	
nóv.	11.777	× 86,0	:	10.128	
des.	11.777	× 84,0	:	9.893	
	124.024			116.838	

1976:		%		*Dr.vextir*	*Vaxtafótur pr. mán.*
jan.	12.359	× 82,0	:	10.143	2.0%
febr.	12.369	× 80,0	:	9.895	
marz	13.237	× 78,0	:	10.325	
apr.	13.237	× 76,0	:	10.060	
maí	13.237	× 74,0	:	9.795	
júní	13.237	× 72,0	:	9.531	
júlí	14.406	× 70,0	:	10.084	
ág.	14.406	× 68,0	:	9.796	
sept.	14.406	× 66,0	:	9.508	
okt.	15.270	× 64,0	:	9.773	
nóv.	15.745	× 62,0	:	9.762	
des.	15.745	× 59,5	:	9.368	2.5%
	167.664			118.040	

1977:					*Dr.vextir*	*Vaxtafótur pr. mán.*
jan.	15.745	×	57,0	:	8.975	2.5%
febr.	16.532	×	54,5	:	9.010	
marz	16.945	×	52,0	:	8.811	
apr.	16.945	×	49,5	:	8.388	
maí	17.453	×	47,0	:	8.203	
júní	17.453	×	44,5	:	7.767	
júlí	22.525	×	42,0	:	9.461	3.0%
ág.	22.525	×	39,0	:	8.785	
sept.	23.604	×	36,0	:	8.497	
okt.	23.604	×	33,0	:	7.789	
nóv.	23.604	×	30,0	:	7.081	
des.	26.494	×	27,0	:	7.153	
	243.429				99.920	

1978:					*Dr.vextir*	*Vaxtafótur pr. mán.*
jan.	26.494	×	24,0	:	6.359	3.0%
febr.	31.356	×	21,0	:	6.585	
marz	33.024	×	18,0	:	5.944	
apr.	33.024	×	15,0	:	4.954	
maí	33.024	×	12,0	:	3.965	
júní	36.192	×	9,0	:	3.257	
júlí	36.192	×	6,0	:	2.172	
	229.306				33.234	

Samanlagður skuldir:				
1974	100.380	118.344		
1975	124.024	116.838		
1976	167.664	118.040		
1977	243.429	99.920		
1978	229.306	33.234		
	864.803	468.376	:	1.351.179“

Í bréfi stefnanda, dagsettu 19. maí 1980, kemur m. a. fram:

„1. Á aðalfundi Lífeyrissjóðs VFÍ 3/11 1961, þar sem fjallað var sérstaklega um vanskil á iðgjöldum, var m. a. samþykkt eftirfarandi:

„Krefjast skal hæstu leyfilegra vaxta af vanskilafé frá gjalddaga til greiðsludags. Heimilt er þó sjóðstjórninni að sleppa vanskilavöxtum gegn hæfilegri fyrirframgreiðslu iðgjalda."

2. Á stjórnarfundi 13/5 1969 var m. a. bókað eftirfarandi:

„Rætt var um hækkun vaxta af skuldabréfum svo og hækkun dráttarvaxta af iðgjöldum. Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur var meðmæltur hækkun vaxta."

3. Á aðalfundi Lífeyrissjóðs VFÍ 29/5 1969 var m. a. bókað eftirfarandi:

„Nokkrar umræður urðu einnig um dráttarvexti, og voru fundarmenn sammála um, að jafnan skyldi reiknað með hæstu dráttarvöxtum, sem lög leyfa, en þeir eru nú 1% p. m."

4. Á stjórnarfundi 24/6 1969 var m. a. bókað eftirfarandi:

„Framkvæmdastjóri skýrði frá því, að hann hefði innheimt 1% p. m. í dráttarvexti frá síðasta aðalfundi af öllum vangoldnum iðgjöldum, eins og rætt var um á aðalfundinum. Stjórnin lýsti sig samþykka þessari ráðstöfun."

Síðan hefur sjóðurinn krafist undantekningarlaust dráttarvaxta af iðgjöldum í vanskilum og öðru vanskilafé skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands, nú 4,5% p. m."

Af hálfu stefnanda er m. a. skírskotað til samþykkta aðalfundar um dráttarvexti.

Stefndi mótmælir drattarvaxtakröfu stefnanda í aðalkröfu og dómvaxtakröfu stefnanda varakröfu. Er af hálfu stefnda m.a. skírskotað til 2. töluliðs 5. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins.

III.

Niðurstaða réttarins.

Stefndi varð félagi í Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands 1. september 1961.

Svo sem fram kemur í kaflanum hér á undan, er nú viðurkennt af hálfu stefnda, að stefndi skuldi stefnanda iðgjöld til lífeyrissjóðsins, samtals að fjárhæð kr. 846,803 ásamt vöxtum, svo sem í kröfugerð stefnda greinir.

Með hliðsjón af málflutningi aðilja hér fyrir dómi ber að skýra aðalfundarsamþykkt sjóðsins frá 29. maí 1969 svo, að þar hafi verið samþykkt að innheimta hæstu dráttavexti af vangreiddum iðgjöldum til sjóðsins, sbr. bókun á stjórnarfundi 24. júní 1969.

Stefndi, sem var félagi í lífeyrissjóðnum, er bundinn af aðalfundarsamþykkt þessari. Þetta leiðir til þess, svo sem hér stendur sérstaklega á, þrátt fyrir andmæli af hálfu stefnda, að taka ber til greina aðalkröfu stefnanda um dráttarvexti, en tölulegum útreikningi á vaxtakröfunni hefur ekki verið mótmælt, enda verður eigi á það fallist með stefnda, að 2. tl. 5. gr. reglugerðar fyrir sjóðinn geti skipt hér máli.

Þess skal getið, að við flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að stefndi bæri ekki fyrir sig fyrningu.

Niðurstaða málsins verður þá sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 864.803 ásamt kr. 486.376 í dráttarvexti árin 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978, eins og í útreikningi stefnanda greinir, svo og 3% dráttarvexti á mánuði af kr. 864.803 frá 1. nóvember 1988 til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 260.000.

Til frádráttar koma kr. 100.000, sem stefndi greiddi 10. apríl 1978.

Dómsorð:

Stefndi, Benedikt Bogason, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands, kr. 864.803 ásamt kr. 486.376 í dráttarvexti árin 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978, eins og í útreikningi stefnanda greinir, og auk þess 3% dráttarvexti á mánuði af kr. 864,803 frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 260.000 í málskostnað, allt að frádregnum kr. 100.000

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1983.

Nr. 53/1979. **Hrafnhildur Helgadóttir persónulega og vegna dánarbús Lúðvíks Karlssonar**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Almennum Tryggingum h/f
(Jón Halldórsson hdl.)
og
Almennar Tryggingar h/f
gegn
Hrafnhildi Helgadóttur persónulega og vegna dánarbús Lúðvíks Karlssonar
og
Guðríði Friðriksdóttur persónulega og vegna dánarbús Kristjáns Helgasonar
og
Sólveigu Kristjánsdóttur persónulega
og
Sigrúnu Jóhannsdóttur
f. h. Jóhanns Kristjánssonar
(Sigurður Sigurjónsson hdl.).

Vátrygging. Húftrygging þyrlu. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur, „Ragnar Aðalsteinsson hrl. f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar og/eða Hrafnhildur Helgadóttir persónulega og f. h. ófjárráða barna hennar, Karls og Þorláks Lúðvíkssona," skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. febrúar s. á. Eru dómkröfur þeirra þær, að gagnáfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f, verði dæmt að greiða þeim 35.000.00 bandaríkjadali með 15.75% ársvöxtum frá 17. janúar 1975 til 1. ágúst 1977, 16.25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 19.5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978,

22.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 24.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m.

Gagnáfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjenda, „ þ. e. að héraðsdómur verði staðfestur." Ef sýknukrafa verður eigi tekin til greina, er þess krafist til vara, að „dráttarvextir verði dæmdir: 7% á ári frá 1. 6. 1980 til 13. 2. 1981, 9% á ári frá þeim degi til 1. 6. 1981, 10% á ári frá þeim degi til 1. 10. 1982 og 8% frá þeim degi til greiðsludags." Gagnáfrýjandi krefst í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Almennar Tryggingar h/f hafa með sömu áfrýjunarstefnu og á grundvelli sama áfrýjunarleyfis áfrýjað málinu á hendur Guðríði Friðriksdóttur persónulega og f. h. ófjárráða barns hennar og Kristjáns heitins Helgasonar, Sólveigar Kristjánsdóttur, og Sigrúnu Jóhannsdóttur vegna ófjárráða barns hennar og Kristjáns Helgasonar, Jóhanns, svo og að því er tekur til Sólveigar Kristjánsdóttur, móður Kristjáns Helgasonar.

Krefst áfrýjandinn Almennar Tryggingar h/f þess aðallega, að sér verði dæmd sýkna af kröfum hinna stefndu, en til vara, að vextir verði lækkaðir af tildæmdum kröfum, svo sem segir í kröfugerð hans á hendur aðaláfryjendum. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Guðríðar Friðriksdóttur persónulega og vegna ófjárráða barns hennar, Sólveigar Kristjánsdóttur, og Sigrúnar Jóhannsdóttur vegna ófjárráða barns hennar, Jóhanns Kristjánssonar, svo og af hálfu Sólveigar Kristjánsdóttur eldri eru hafðar uppi þessar kröfur:

1. Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar dánarbú Kristjáns S. Helgasonar, þ. e. a. s. erfingja hans, að öðru leyti en því, að gerð er krafa um, að greiðsla vaxta af hinni dæmdu fjárhæð US $ 35.000.00 verði þannig: með 15.75% ársvöxt-

um frá 17. janúar 1975 til 1. ágúst 1977, með 16.25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 19.5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 22.5% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, með 27.5% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Til vara er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að ársvextir verði 22.5% frá 21. febrúar 1978 til greiðsludags.

3. Til þrautavara er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, enda verði 22.5% ársvextiar dæmdir frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1979, 24.5% ársvextir frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27.5% frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 30% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1980, 7% ársvextir frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 9% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 10% ársvextir frá þeim degi til 1. október 1982, en 8% ársvextir frá þeim degi til greiðsludgs. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda Almennra Trygginga h/f fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Sólveigar Kristjánsdóttur eldri „eru ekki gerðar kröfur í máli þessu umfram það, sem að framan greinir", en hún krefst málskostnaðar úr hendi áfrýjanda Almennra Trygginga h/f.

I.

Ný gögn fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lög nokkur ný gögn. Geyma þau m. a. nokkrar upplýsingar um þyrlur af þeirri tegund, sem mál þetta varðar, og lúta að leyfilegum hleðsluþunga þeirra. Þá hafa verið lagðar fram erfðafjárskýrslur varðandi skipti í dánarbúum Lúðvíks Karlssonar, dags. 6. október 1975, og Kristjáns Helgasonar, dags 27. september 1976.

Eftir að mál þetta var flutt hér fyrir dómi, gaf Hæstiréttur aðiljum kost á að afla nokkurra gagna. Varð það efni til þess, að á bæjarþingi Reykjavíkur 8. desember 1982 voru að ósk málsaðilja dómkvaddir þeir Benóný Ásgrímsson flugmaður og Þorteinn Þorsteinsson flugvélaverkfræðingur „ til þess að meta, hvort unnt sé að ráða af gögnum hæstaréttarmálsins [nr. 53/1979] um eldsneytiskaup eigenda þyrlunnar TF-LKH og flugtíma frá komu vélarinnar

til landsins, þar til hún lagði í síðasta flug sitt 17.1.'75, hvert hafi verið líklegt magn eldsneytis í þyrlunni þá, allt eins og nánar getur í matsbeiðni". Skyldu matsmenn „semja skriflega matsgjörð. . .".

Matsmenn skiluðu ekki sameiginlegri matsgerð, heldur samdi hvor um sig álitsgerð um matsefnið.

Álitsgerð Benónýs Ásgrímssonar er svo að efni til:

„Svar mitt við spurningunni um, hvort unnt sé aí ráða af gögnum Hæstaéttarmálsins um eldsneytiskaup eiganda þyrlunnar TF-LKH og flugtíma frá komu vélarinnar til landsins, þar til hún lagði í síðasta flug sitt 17.1.'75, hvert hafi verið líklegt magn eldsneytis í þyrlunni þá, er NEI.

Skýringar:

Svar mitt er einskorðað við þá spurningu, hve mikið eldsnetismagn hafi verið í þyrlunni TF-LKH, áður en eldsneyti var sett á hana að morgni 17.1.'75.

Að mínu mati eru óvissu-þættirnir á eldsneytiseyðslu þyrlunnar TF-LKH á tímabilinu frá því hún kom til landsins og fram að síðasta flugi hennar það margir, að ekki sé hægt með neinni nákvæmni að reikna út líklegt eldsneytismagn. Nefni ég eftirfarandi óvissuþætti.

1. Í gögnum Hæstaréttarmálsins er að finna upplýsingar um eldsneytiseyðslu þyrla af sömu tegund og TF-LKH og þá einungis á farflugshraða (crusing speed)
   Engar upplýsingar eru um eldsneytiseyðslu:
   a) hægagangi (idling speed)
   b) á hámarkshraða (max. crusing speed)
   c) í hangi (hover)
2. Engar upplýsingar eru um, hvort eða hve oft hreyfill TF-LKH var gangsettur og þá hve lengi í hvert skipti vegna : a) samsetningu þyrlunnar, er hún kom til landsins, b) vegna bilana eða anarra prófana
3. Flugtíma TF-LKH 9. jan. '75 samkvæmt skrám flugturnsins í Reykjavík ber ekki saman við frásögn manna í viðkomandi ferð. — Sterkar líkur eru á því, að sá tími, sem stöðvað var við Ingólfsfjall, og jafnvel tíminn, sem viðdvöl var höfð við Búrfell, sé skráður sem flugtími í skrám flugturnsins í Reykjavík.
4. Taka verður tillit til þess, að þyrlur hafa vegna eiginleika sinna

möguleikar á að lenda utan flugvalla. Þar af leiðandi gerir það skrá flugturnsins í Reykjavík um flugtíma TF-LKH á framangreindu tímabili óörugga".

Álitsgerð Þorsteins Þorsteinssonar er svofelld að efni til:

„A. Unnt er að ráða af gögnum hæstaréttarmálsins um eldsneytiskaup eigenda þyrlunnar, TF-LKH, og flugtíma frá komu vélarinnar til landsins, þar til hún lagði í síðasta flug sitt, 17. janúar 1975, hvert hafi verið líklegt magn eldsneytis í þyrlunni þá, með fyrirvara um óvissumörk, sem ráðast af eftirfarandi atriðum:

1. Ekki er getið um gangtíma vélarinnar á jörðu niðri svo sem fyrir flugtak og eftir lendingu eða eftir samsetningu þyrlunnar eftir komuna til landsins, og ólíklegt er talið, að flugvirki Þyrluflugs h.f. hafi lýst þyrluna flughæfa án einhverrar uppkeyrslu við það tækifæri.
2. Ekki er að finna upplýsingar um, á hvaða hreyfiafli og hraða flug þyrlunnar var í þeim ferðum, sem hún fór, en þar má t. d. greina milli aðferðar, sem gefur mest flugþol í klukkustundum án tillits til vegalengdar, sem farin er, og aðferðar, sem gefur mest flutdrægi í kílómetrum, og aðferðar, sem gefur mestan flughraða.
3. Ekki er getið um frágang þyrlunnar fyrir flutning til landsins, en harla ólíklegt er talið, að flutningsaðilar hafi sampykkt flutning með benzín í tönkum eða öðrum hlutum eldsneytiskerfis þyrlunnar.

B. Úr tegundarskírteini (Helicopter Specification 1H4) og flughandbók (Flight Manual) þyrlunnar, sem er hluti af lofthæfnisskírteini hennar, eru þær upplýsingar um eldneytistanka hennar, að sá fremri rúmi 104 USG og sá aftari 85 USG eða samtals *715 lítra*. Þetta er þó ekki allt nýtanlegt eldsneyti á flugi, heldur dragst hér frá samtals *46 lítrar,* sem er samantekt á því, sem í flughandbókinni er kallað „Trapped, Sump and Unusable Fuel". Þ. e. *nýtanlegt eldsneyti* er *669 lítrar*. Ef miðað er við 4 tíma *hámarks flugþol* með 30 mínútna varaeldsneyti (Reserve), fæst *149 lítra* meðaleyðsla á flugstund.
Nú eru settir 626 lítrar á þyrluna 6. jan. '75 og aftur 130 lítrar

8. jan. '75, en 6. jan. '75 er jafnframt flogið samtals 15 mínútur eða eyðsla u. þ. b. 37 lítrar. Eftir standa þá 719 lítrar, eða yfirfullir tankar. Þetta styður þá skoðun, sem fram kemur í lið A. 3. hér að ofan, að eldsneytiskerfi þyrlunnar hafi verið tómt við komuna til landsins og ennfremur, að gangtími þyrlunnar 6. jan. '75 hafi áreiðanlega verið meiri en 15 mínútur. 9. jan. '75 er flogið til Búrfellsvirkjunar með millilendingu og u. þ. b. klukkutíma viðdvöl við Búrfell þar sem hreyfill þyrlunnar var stöðvaður. Flugtíminn er hér áætlaður *3 tímar,* sbr. bréf Andra Heiðbergs og skýrslu Tryggva Sigurbjarnarsonar og Agnars Olsen og tíminn 3. klst. og 43 mín., frá því þyrlan fór á loft frá Reykjavík og þar til hún lenti þar aftur, þ. e. eldsneytiseyðsla gæti talist u. þ. b. 447 lítrar.

Hér má benda á þá sérstöku óvissu, sem verður á eldsneytiseyðslu þyrlunnar vegna óvenjulegs þunga hennar við brottför frá Reykjavík, þ. e. fullir tankar og 6 manns um borð.

Fyrir áfyllingu 10. jan. '75 gætu því hafa verið u. þ. b. *418 lítrar* (268 plús 252 mínus 102 lítrar) af eldsneyti á þyrlunni. 17. jan. '75 eru *250 lítrar* settir á og gætu nú verið samtals *668 lítrar* af nýtanlegu eldsneyti á þyrlunni, sem samsvarar *622 lítrum* af nýtanlegu eldsneyti, þ. e. *3,7 tíma flugþoli* miðað við 30 mínútna varaeldsneyti.

Þessi niðurstaða virðist vera í marktæku samræmi við þær upplýsingar um flugþol, sem flugmaðurinn gefur flugturninum í Reykjavík fyrir flugið 17. jan. '75, enda má ætla, að hann hafi farið eftir eldsneytismælum þyrlunnar um magn á tönkum *fyrir* áfyllingu (og ekki liggur fyrir, að þeir hafi verið bilaðir) og bætt við það þeim 250 lítrum, sem mældir voru við áfyllingu."

Matsmennirnir hafa ekki staðfest álitsgerðir sínar í dómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt ljósrit af strimli flugturnsins á Reykjavíkurflugvelli varðandi flug TF-LKH hinn 17. janúar 1975. Kemur þar fram, að ferðinni var heitið til Stykkishólms, flugtími þangað var áætlaður 1½ klst., flugtakstími á Reykjavíkurflugvelli kl. 1036 og áætlaður komutími til Reykjavíkur kl. 1436, flugþol er tilgreint 4 klst.

Þá hefur verið lagt fram endurrit af segulbandsupptöku á viðtölum, er rannsóknarnefnd átti við ýmsa þá, sem sáu eða heyrðu til þyrlunnar, rétt áður en hún fórst, eða sáu hana hrapa.

Enn hefur verið lagt fram fyrir Hæstarétt vottorð borgarfógetans í Reykjavík 16. desember 1982, þar sem því er m. a. lýst, að skiptaráðandinn í Reykjavík samþykki fyrirsvar Hrafnhildar Helgadóttur " f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar og félagsbús hans og Hrafnhildar Helgadóttur " í hæstaréttarmáli þessu. Er það gert með vísan til þess m. a., að hæstaréttarlögmaður sá, sem fer með málið vegna dánarbúsins og erfingjanna, hafi lýst yfir því, „að fáist krafan dæmd, skuli hún greiðast skiptaráðandanum í Reykjavík vegna framangreinds dánar- og félagsbús".

II.

Málsaðild.

Mál þetta fjallar að efni til um kröfur aðaláfrýjenda og stefndu á hendur Almennum Tryggingum h/f um greiðslu vátryggingarverðs þyrlunnar TF-LKH, er fórst hinn 17. janúar 1975, en hún var húftryggð hjá tryggingarfélaginu.

Áfrýjunarleyfi til handa aðaláfrýjendum og gagnáfrýjanda eru einskorðuð við málsaðildina, eins og hún var í héraðsdómi, og svo sem mál þetta var flutt hér fyrir dómi hinn 11. febrúar 1983 verður við það að miða, að málsaðildin sé hin sama fyrir Hæstarétti og héraðsdómi. Verður Sigurún Jóhannsdóttir f. h. Jóhanns Kristjánssonar eigi talin meðal aðilja máls þessa, og ber að vísa kröfum áfrýjandans Almennra Trygginga h/f gegn henni frá Hæstarétti og dæma hann til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í lok dóms þessa.

Erfðafjárskýrsla út af skiptum eftir Kristján heitinn Helgason ber með sér, að skiptum í því búi er ekki lokið. Um meðferð á búi Lúðvíks heitins Karlssonar og afstöðu skiptaréttar Reykjavíkur til fyrirsvars Hrafnhildar Helgadóttur vegna búsins í máli þessu vísast til bréfs borarfógeta frá 16. desember 1982, sem vikið er að hér að framan.

III.

Rétthafar að vátryggingarverði þyrlunnar.

Af hálfu Almennra Trygginga h/f hafa eigi verið bornar brigður á, að vátryggingarsamningur hafi komist á milli eigenda þyrlunnar

TF-LKH og félagsins og hafi flugvélin samkvæmt því verið tryggð húftryggingu að fjárhæð 70.000 bandaríkjadalir. Hins vegar er ágreiningur milli aðilja um það, með hverjum skilmálum tryggt hafi verið, svo sem greinir í héraðsdómi. Eins og málið horfði við fyrirsvarsmönnum vátryggingarfélagsins, verður við það að miða, að vátryggingartakar hafi verið þeir Kristján Helgason og Lúðvík Karlsson, og eru dánarbú þeirra, en eigi hlutafélag (Þyrluflug), er þeir hugðust stofna, réttir aðiljar um heimtu vátryggingarverðs vélarinnar. Þá verður einnig lagt til grundvallar, eins og gert er í héraðsdómi, að vátryggingin hafi verið tekin til hagsbóta fyrir þá Kristján og Lúðvík að jöfnu.

Þær Hrafnhildur Helgadóttir, Guðríður Friðriksdóttir og Sólveig Kristjánsdóttir reisa persónulegar kröfur sínar gegn Almennum Tryggingum h/f á því, að Þyrluflug hafi verið vátryggingartaki. Samkvæmt framansögðu ber vegna aðildarskorts að sýkna Almennar Tryggingar h/f af þessum kröfum þeirra, en fjallað verður um málskostnað í heild sinni í lok dómsins.

IV.

Með hverjum skilmálum þyrlan TF-LKH var vátryggð.

Þessi þáttur málsins, málsgögn og horf málsaðilja við þeim er reifaður í héraðsdómi og leyst úr ágreiningsefnum. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að eigi sé sannað, að vátryggingartökum hafi verið settir þeir sérstöku vátryggingarskilmálar, sem Almennar Tryggingar h/f halda fram, að vátryggingin hafi verið bundin. Verður því að leysa úr ágreiningsefni málsaðilja gagngert á grundvelli laga nr. 20/1954.

V.

Upplýsingar vátryggingartaka við gerð vátryggingasamnings.

Hvert einstakt atriði, sem hér reynir á, er tekið til rökstuddrar úrlausnar í héraðsdómi. Er fallist á mat héraðsdóms á þeim, og verður Almennum Tryggingum h/f eigi dæmd sýkna samkvæmt þessum málsástæðum.

VI.

Sýknukrafa Almennra trygginga h/f á grundvelli 18. gr., 2. málsgr., laga nr. 20/1954.

Svo sem reifað er í héraðsdómi, reisa Almennar Tryggingar h/f enn fremur sýknukröfu sína á því, að þyrlan hafi verið bæði ofhlaðin

og ranghladin, er hún hóf sig til flugs að morgni 17. janúar 1975, og verði flugslysið rakið gagngert til þessa. Sé þar fyrir að fara stórkostlegu gáleysi flugmannsins, er leysi félagið undan skyldu sinni til greiðslu vátryggingarverðs þyrlunnar. Þessari staðhæfingu andmæla aðaláfrýjendur og stefndu.

VI. 1. Frumgagnið um orsakir flugslyssins er skýrsla rannsóknarnefndarinnar, sem að framan greinir. Þessi skýrsla er samin og unnin og rannsókn leyst af hendi vegna fyrirmæla í 141. gr. laga nr. 34/1964, og er hún ekki samin út af fyrir sig til þess að vera sönnunargagn í einkamáli slíku sem þessu. Rannsóknarnefnd gegnir opinberu starfi, og þeir menn, sem leyst hafa af hendi starfið, eru sérfróðir menn með mikla starfsreynslu á sviði flugmála, þ. á m. er einn þeirra maður með allmikla reynslu sem þyrluflugmaður. Þeir hafa allir staðfest skýrsluna fyrir dómi í máli þessu, þar sem lögmenn málsaðilja hafa lagt fyrir þá margvíslegar spurningar um störf þeirra, rannsóknarhætti og ályktanir.

VI. 2. Í lok skýrslu rannsóknarnefndar segir svo:

„Nefndin telur líklega orsök slyssins vera þá, að þyrluna hafi skort afl og flugmanninn reynslu til þess að komast mætti í gegnum sviptivindasvæðið við Hjarðarnes, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að þyrlan var yfirhlaðin og þungamiðja aftan við leyfð mörk." Í niðurstöðum 2. 2. a. VIII segir svo: „Samkvæmt útreikningi nefndarinnar mun þyrlan hafa verið yfirhlaðin um 868 lbs. og þungamiðjan um 3,5 þumlunga aftan við leyfð mörk við flugtak í Reykjavík." Áætlaður þungi yfir slysstað nam 7.988 enskum pundum, þ. e. 788 pundum umfram hámark, 7.200 pund, og þungamiðja 3.76 þumlungar aftan við leyfð mörk. Í héraðsdómi er þyrlan talin ofhlaðin yfir slysstað að því er virðist um 788 ÷ (222 + 44) = 522 pund og þungamiðja 2.6 þumlunga aftan við leyfð mörk.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hafa aðaláfrýjendur og hinir stefndu gagnrýnt ýmis atriði í forsendum rannsóknarnefndar, og skulu þau nú tekin til athugunar í sömu röð og í héraðsdómi.

VI. 3. Fallast verður á það mat héraðsdóms, að leggja beri til grundvallar, að Lúðvik heitinn Karlsson hafi vitað, að leyfð heildarþyngd þyrlunnar væri 7200 pund og hafi borið að haga hleðslu þyrlunnar í samræmi við það. Breyta hin nýju gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétti, eigi þeirri niðurstöðu.

VI. 4. Fallist er á forsendur og niðurstöður héraðsdóms varðandi þá gagnrýni aðaláfrýjenda og stefndu, er lýtur að eftirfarandi atriðum í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa:

a) þunga farþega,
b) eldsneyti innifalið í tómaþunga og um áhrif hraðfyllingar og
c) af hvaða geymi eldsneyti var tekið.

Eigi þykja fullnægjandi gögn fram komin um það, hvernig niðurskipun manna í þyrlunni var háttað.

Hér að framan er lýst álitsgerðum tveggja manna, sem dómkvaddir voru á bæjarþingi Reykjavíkur 8. desember 1982 til að semja matsgerð um efni þau, er þar getur. Matsmennirnir skiluðu ekki sameiginlegri matsgerð, og verða álitsgerðir þeirra eigi lagðar til grundvallar dómi í máli þessu.

VI. 5. Engin ástæða er til að bera brigður á, að 250 lítrar af bensíni hafi verið settir á þyrluna 17. janúar 1975, og eins og mál þetta horfir við, þykir verða að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um eldsneytisþáttinn í hleðslu þyrlunnar, en það athugast, að í skýrslu rannsóknarnefndar eru 30 pund vegna eldsneytis, sem eytt var í „uppkeyrslu," tvídregin frá.

Með gögnum þeim, sem fram eru lögð í málinu, er eigi hnekkt þeirri niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum mönnum, að þyrlan hafi verið ofhlaðin, þegar hún fórst 17. janúar 1975, og að slysið verði rakið m. a. til þessa. Flugmaðurinn bar ábyrgð á hleðslu þyrlunnar, og sýndi hann af sér vangá að því er til hleðslunnar tekur.

VI. 6. Í málinu nýtur við nokkurra gagna um veðurfar í grennd við þann stað, er þyrlan fórst. Eru það bæði skýrslur almennt um veðurlag á þessu svæði og svo skýrslur um veðrið þann dag, er slysið varð. Má af þeim ráða, að misvindasamt sé á þessum slóðum. Í bréfi Páls Bergþórssonar veðurfræðings 29. janúar 1975 segir m. a. svo um veðrið á þeim stað, er þyrlan fórst 17. janúar s. á: „Allt bendir til þess, að þennan dag, 17. janúar 1975, hafi verið mjög misvinda í lofti á svæðinu kringum Hjarðarnes, vindhraði frá nærri logni og upp í 40 - 50 hnúta snöggar hviður." Í þessu sambandi er einnig vert að benda á umsögn Páls Halldórssonar flugmanns,

sem greind er í skýrslu rannsóknarnefndar, en Páll flaug að Hjarðarnesi á þyrlu um kl. 1200 - 1212 hinn 17. janúar 1975. Reyndist misvinda á þessari flugleið, og færðist vindur í auka því nær sem komið var Hjarðarnesi, og var þar mjög ókyrrt. Svipað kemur fram í skýrslu Páls Kristjánssonar fyrir rannsóknarnefnd.

Hinn 13. júní 1975 ritaði þáverandi lögmaður „Þyrluflugs h.f." rannsóknarnefnd flugslysa, er þá hafði skilað skýrslu sinni, bréf, þar sem spurst er fyrir um, hvort nefndin teldi, „að þyrlan TF-LKH hefði komist af miðað við þau veðurskilyrði, er hún lenti í þann 17. janúar s.l., ef vélin hefði verið innan hleðslumarka." Svarbréf formanns rannsóknarnefndar f. h. nefndarinnar er ritað 16. júní s. á. og er svo að efni til:

„Með hliðsjón m. a. af þeim staðreyndum, sem komu í ljós við rannsóknir Veðurstofu Íslands á veðurskilyrðum við Hjarðarnes og kafla 1. 7. í skýrslu nefndarinnar um flugslysið þann 17. janúar s.l., telur nefndin, að miklar líkur séu á því, að slysið hefði getað skeð, þótt hleðsla þyrlunnar hefði verið innan marka."

VI. 7. Með vísan til þessara gagna ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að flugslysið verði öðrum þræði rakið til óhagstæðs veðurs yfir slysstaðnum. Af gögnum máls verður þó ekki ályktað, að misvinda veðurlag hafi verið eina orsök slyssins, heldur ber að telja, eins og héraðsdómur greinir, að ofhleðsla og ókyrrð í lofti vegna misvinda séu samvirkar orsakir þess, að þyrlan fórst.

VII.

Að vísu verður að telja það mikla vangá hjá flugmanninum að gæta ekki réttra hleðslumarka, svo sem að framan er rakið. Eigi verður þó talið, að Almennar Tryggingar h/f hafi með málssgögnum og málsreifun sýnt fram á, að flugmanninum hafi orðið á stórkostleg vangá, svo sem lögskýra ber það orðalag í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954. Er þess m. a. að gæta í því sambandi, að það var flugmaður sá, er stjórnaði þyrlunni, sem bar ábyrgð á hleðslunni. Annars konar vangá en sú, sem stórkostleg verður talin, leysir tryggingarfélagið eigi undan skyldu til að greiða vátryggingarverð þyrlunnar, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954. Samkvæmt þessu og án þess að gefa þurfi gaum að öðrum ástæðum ber að dæma Almennar

Tryggingar h/f til að greiða Hrafnhildi Helgadóttur f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar jafnvirði 35.000.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum eftir gengi á greiðsludegi ásamt vöxtum svo sem segir í dómsorði, en upphafstíma vaxta hefur eigi verið andmælt sérstaklega. Af þessum málalokum leiðir þegar, að dæma ber Almennar Tryggingar h/f til að greiða Guðríði Friðriksdóttur f. h. dánarbús Kristjáns Helgasonar jafnvirði 35.000.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum eftir gengi á greiðsludegi ásamt vöxtum, svo sem segir í dómsorði, en upphafstíma vaxta hefur eigi verið andmælt sérstaklega.

Dæma ber Almennar Tryggingar h/f til að greiða Hrafnhildi Helgadóttur f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000.00 krónur. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnaðargreiðslu til Guðríðar Friðriksdóttur f. h. dánarbús Kristjáns Helgasonar, enda hefur málinu eigi verið áfrýjað af hálfu dánarbúsins, en hæfilegt þykir, að Almennar Tryggingar h/f greiði henni vegna dánarbúsins 60.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Almennar Tryggingar h/f greiði Sigrúnu Jóhannsdóttur vegna Jóhanns Kristjánssonar 6.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Málskostnaður vegna persónulegra krafna Hrafnhildar Helgadóttur, Sólveigar Kristjánsdóttur og Guðríðar Friðriksdóttur á hendur Almennum Tryggingum h/f í máli þessu þykir eiga að falla niður.

VIII.

Hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson taka fram, að þeir hafi greitt atkvæði með því, sem segir um vexti fram til 1. júní 1980, vegna fordæmisreglu, sem meiri hluti Hæstaréttar hefur mótað.

Dómsorð:

Kröfum Almennra Trygginga h/f á hendur Sigrúnu Jóhannsdóttur f. h. Jóhanns Kristjánssonar er vísað frá Hæstarétti og greiði Almennar Tryggingar h/f henni málskostnað fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Almennar Tryggingar h/f skulu sýknar af persónulegum

kröfum Hrafnhildar Helgadóttur, Guðríðar Friðriksdóttur og Sólveigar Kristjánsdóttur í máli þessu, en málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður. Almennar Tryggingar h/f greiði Hrafnhildi Helgadóttur f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar og Guðríði Friðriksdóttur f. h. dánarbús Kristjáns Helgasonar, hvorri um sig, jafnvirði 35.000.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum eftir gengi á greiðsludegi ásamt 15% ársvöxtum frá 17. janúar 1975 til 1. maí 1976, 15¾% ársvöxtum frá þeim degi til 31. júlí 1977, 16¼% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 19½% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 22½% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 24½% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27½% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Almennar Tryggingar h/f greiði Hrafnhildi Helgadóttur .f h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000.00 krónur, og Guðríði Friðriksdóttur f. h. dánarbús Kristjáns Helgasonar málskostnað í héraði, 10.000.00 krónur, og málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er ósammála umfjöllun og niðurstöðu meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu um þær sýknuástæður gagnáfrýjanda, sem byggðar eru á gáleysi flugmannsins og um orsakir slyssins. Gagnáfrýjandi reisir þennan þátt kröfugerðar sinnar á því, að Lúðvík Karlsson flugmaður hafi ofhlaðið og ranghlaðið þyrluna TF-LKH fyrir hið örlagaríka flug 17. janúar 1975. Gagnáfrýjandi styður mál

sitt við niðurstöðu rannsóknarnefndar flugslysa, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, en í honum var fallist á þá skoðun rannsóknarnefndarinnar, að þyrlan hafi verið ofhlaðin og ranghlaðin.

Útreikningar rannsóknarnefndar flugslysa eru á því byggðir, að akveðið magn eldsneytis hafi verið í eldsneytisgeymum þyrlunnar fyrir áfyllingu hinn 17. janúar 1975 og geymarnir nær fullir eftir áfyllinguna. Um það efni eru engar óyggjandi upplýsingar. Eina eldsneytið, sem sannað er, að var í geymum þyrlunnar við flugtak, eru þeir 250 lítrar, sem dælt var á rétt fyrir flugtakið. Líklegt er, að eitthvert eldsneyti hafi verið í geymum þyrlunnar fyrir þá áfyllingu, en um það er ekki vitað. Sönnunarbyrði er hjá gagnáfrýjanda, og verður allur vafi í því efni aðaláfrýjanda og stefndu til hags. Matsmennirnir, Benóný Ásgrímsson og Þorsteinn Þorsteinsson, urðu ekki sammála um það, hvort ráðið yrði af gögnum máls þessa um eldsneytiskaup og flugtíma þyrlunnar, hvert hefði verið líklegt eldsneytismagn í henni, er hún fórst. Svar Benedýns var afdráttarlaust nei. Í héraðsdómi er frá því greint, að niðurstaða hjá rannsóknarnefnd flugslysa um þetta atriði hafi verið áætlun, sem er þó í héraðsdómi lögð til grundvallar í aðalatriðum.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, var lágmarks heildarþyngd þyrlunar, er slysið varð, sem hér segir:

1.	Tómaþungi (lítils háttar eldsneyti innifalið)	5632 lbs.
2.	Flugmaður og 6 farþegar 7 x 156 lbs.	1155 lbs.
3.	Olía	70 lbs.
4.	Eldsneyti það, sem dælt var í geyma þyrlunnar 17/1 1975, 250 lítrar (eðlisþyngd 0.72)	
	Samtals	7254 lbs.
	Frá dregst eyðsla í uppkeyrslu og vegna flugs að slysstað	75 lbs.
		7179 lbs.

Þótt gengið sé út frá því, að eitthvert eldsneyti hafi verið í geymum þyrlunnar fyrir áfyllingu 17. janúar 1975, er ekki vitað, hversu mikið það var, og ekki unnt að reikna það út samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu. Verður niðurstaða um þetta atriði

ekki byggð á ágiskunum. Þó að ég telji sennilegt, að heildarþungi þyrlunnar kunni að hafa farið eitthvað fram úr 7200 enskum pundum, þá get ég ekki fallist á það með meiri hluta dómenda, að staðfesta eigi niðurstöðu héraðsdóms um eldsneytisþáttinn í hleðslu þyrlunnar. Fellst ég því heldur ekki á það með meiri hluta dómenda, að sannað sé, að þyrluflugmaðurinn, Lúðvík Karlsson, hafi sýnt af sér það gáleysi eða vangá, sem í dómi greinir.

Sú staðhæfing, að þyrlan hafi verið ranglega hlaðin, er byggð á ofhleðslu og staðsetningu farþega í henni, er slysið varð. Hvorugt er sannað, og verður ætlað gáleysi flugmannsins því ekki heldur tengt rangri hleðslu.

Þá get ég ekki heldur fallist á það með meiri hluta dómenda, að sannað sé, að ofhleðsla og ókyrrð í lofti séu samvirkar orsakir þess, að þyrlan fórst. Ég tel orsök slyssins ókunna. Í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa segir m. a.: „Ekkert hefur komið fram, sem bent getur til, að hreyfillinn hafi ekki verið í gangi, þegar þyrlan kom til jarðar." Ekki verður séð af skýrslunni, að nefndin hafi leitt frekar huga að hugsanlegri bilun í aflvél þyrlunnar eða öðrum bilunum í henni, heldur beint þunga rannsóknarinnar að hleðslu þyrlunnar og veðurfari á slysstað.

Í gögnum rannsóknarnefndar flugslysa eru skráðir framburðir nokkurra vitna, sem næst voru slysstað. Tveir menn í olíuflutningabifreið, sem nærstödd var, fylgdust með aðdraganda slyssins. Hvorugur þeirra heyrði vélarhljóð. Gluggi bifreiðar, er sneri að þyrlunni, var opinn, en vél bifreiðarinnar í gangi. Kona, sem var úti við nálægt slysstað og fylgdist með aðdraganda slyssins, kvaðst ekki geta fullyrt, að hún hefði heyrt vélarhljóð í þyrlunni. Bóndi á næsta bæ vaknaði við sprengingu, en hafði ekki heyrt vélarhljóð. Hann kvaðst ýmist vakna eða ekki, þegar flugvélar flygju yfir í námunda við bæ hans.

Í skjali, sem vitnað var til við flutning málsins fyrir Hæstarétti, þar sem gerð er grein fyrir afdrifum 12 þyrlna í íslenskri eigu í sambandi við fyrirspurn til ráðherra um öryggismál varðandi þyrlurekstur, kemur fram, að 9 þyrlur höfðu farist, 3 vegna hreyfilbilunar, 2 vegna bilana í stélskrúfu eða drifkassa, 1 vegna árekstrar á loftlínu, 1 vegna þess, að flogið var á jörð í dimmviðri, og ein vegna misvindis og sviptivinds auk þyrlu þeirrar, sem mál þetta fjallar um.

Bilun í tækinu sjálfu er því langalgengasta ástæða þyrluslysa hér á landi.

Með þessum athugasemdum er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda Hæstaréttar svo og rökstuðningi þeirra um önnur atriði, sem ekki snerta það, sem ég hef rakið hér að framan.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1978.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. maí sl., höfðuðu Hrafnhildur Helgadóttir, Sæviðarsundi 32 hér í borg, persónulega og f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar, Guðríður Friðriksdóttir, Laufásvegi 54 hér í borg, persónulega og f. h. dánarbús Kristjáns Helgasonar og Sólveig Kristjánsdóttir, Nökkvavogi 42 hér í borg, gegn Almennum Tryggingum h/f hér í borg til greiðslu á $ 70.000.00 ásamt 16% ársvöxtum frá 17. janúar 1975 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerðu stefnendur þá dómkröfu, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnendum $ 70.000.00 með 15.75% ársvöxtum frá 17. janúar 1975 til 1. ágúst 1977, en með 16.25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en 19.5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 22.5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Lögmaður stefnda samþykkti, að lögmaður stefnenda fengi komið að breytingu á vaxtakröfu sinni.

Stefndi hefur krafist þess að verða algerlega sýknaður og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Leitað hefur verið um sættir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir.

Mál þetta er höfðað til greiðslu húftryggingarbóta þyrlunnar TF-LKH af gerðinni Sikorsky S55B, sem fórst 17. janúar 1975.

Málsatvik eru þau, að í október 1974 mun Lúðvík Karlsson flugmaður hafa snúið sér til deildarstjóra stefnda í flugtryggingum og spurst fyrir um, hvort stefndi gæti húftryggt þyrlu. Hinn 20. okt. 1974 sendi stefndi telex til London, þar sem spurst var fyrir um tryggingu á Sikorsky 55 þyrlu, flugmaður væri Lúðvík Karlsson, sem hefði 2000 flugtíma og færi til Bandaríkjanna á námskeið í þyrluflugi. Einnig segir þar, að flugmaðurinn hafi aldrei lent í slysi. Hinn 1. nóvember 1974 undirritaði Lúðvík Karlsson

kaupsamning um þyrlu, Sikorsky S55B. Registration No. N6734, kaupverð $ 59.000.00. Seljandi þyrlunnar var Orlando Helicopter Airways Inc. Í kaupsamningi er svo kveðið á, að seljandi sjái kaupandanum fyrir þjálfun í meðferð þyrlunnar allt að 25 klukkustundum. Þyrlan skuli vera á ábyrgð kaupanda á þjálfunartíma og eigi kaupandi að greiða tryggingar. Hinn 6. nóvember 1974 skrifaði stefndi Landsbanka Íslands bréf vegna flutningstryggingar, sem stefndi hafði tekið að sér fyrir Kristján S. Helgason og Lúðvík Karlsson á þyrilvængju af gerðinni Sikorsky S55 frá Bandaríkjunum til Reykjavíkur, að vátryggingarverðmæti $ 70.000.00. Í bréfinu er þess getið, að stefnda hafi borist telex frá Kristjáni Helgasyni 6. nóv. 1974, þar sem hann lýsi því yfir, „ að Landsbanki Íslands eigi forgangskröfu á tryggingarféð, ef til tjóns kemur, vegna lánsfyrirgreiðslu." Stefndi viðurkenndi með bréfinu þennan forgangskröfurétt Landsbanka Íslands. Í bréfi Landsbanka Íslands, dags. 21. febrúar 1975 (dskj. 19), um lántöku Lúðvíks Karlssonar og Kristjáns Helgasonar vegna kaupa á þyrlu er frá því skýrt, að hinn 7. nóv. 1974 hafi Landsbanki Íslands tekið lán hjá Scandinavia Bank Limited að fjárhæð $47.436.00, sem endurlánað hafi verið til kaupa á þyrlu þeirri, sem mál þetta snýst m. a. um.

Hinn 15. nóv. 1974 senda endurtryggjendur telex, þar sem þeir staðfesta, að þyrlan, sem tryggð sé hjá stefnda, hafi verið tekin til endurtryggingar, greint er frá iðgjaldi, en undanskilinn er hangandi farmur (sling cargo). Í bréfi, dags. 14. janúar 1975 (cover note, dksj. 4), lýsti stefndi yfir því, að hann hefði endurtryggt þyrluna Sikorsky S55B 18. nóv. 1975 til 12 mánaða. Vátryggingarfjárhæð sé $ 70.000.00. Hangandi farmur (sling Cargo) sé innifalinn.

Hinn 27. des. 1974 sótti Þyrluflug h/f um lofthæfisskírteini fyrir Sikorsky S55B. Sama dag sótti sami aðili um skrásetningarskírteini fyrir sömu vél. Í bréfi flugmálastjóra, dags. 20. febrúar 1975, stendur, að eigendur Þyrluflugs hafi 30. desember 1974 sótt um leyfi til loftferðastarfsemi til samgönguráðuneytisins samkv. 82. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 og samkv. 1. gr. reglugerðar nr. 91/1973, enda hafi hér verið um að ræða flugrekstur til fjáröflunar. Á fundi flugráðs 14. janúar 1975 hafi verið samþykkt að mæla með leyfi til þjónustuflugs með þyrlu, enda fullnægi félagið settum skilyrðum loftferðaeftirlits flugmálastjórnar um flugrekstrar- og viðhaldsbækur. Þess er getið í bréfi flugmálastjóra, að ofangreindar bækur hafi ekki verið lagðar fram til samþykkis flugmálastjórnar, og enn fremur er þess getið, að umræddar flugrekstrar- og viðhaldshandbækur hafi ekki verið endanlega samþykktar af loftferðaeftirlitinu, er þyrlan fórst 17. janúar 1975.

Samkvæmt bréfi framkvæmdastjóra loftferðaeftirlits flugmálastjórnar, dags. 14. febrúar 1975, var flughandbók (Flight Manual) þyrlunnar áritud

3. janúar 1975. Skrásetningarskírteini og lofthæfisskírteini voru gefin út 6. sama mánaðar. Samkvæmt bréfi loftferðaeftirlits flugmálastjórnar, dags. 4. febrúar 1975, var þyrlunni flogið 4 klst. og 39 mínútur á tímabilinu 6. til 17. janúar 1975 eftir því sem skrár flugturnsins í Reykjavík greindu.

Hinn 17. janúar 1975 var þyrlan í leiguflugi fyrir Rafmagnsveitu ríkisins, en Valgarð Thoroddsen, þáverandi rafmagnsveitustjóri, skýrði frá því í bréfi, dags. 9. september 1977 (dskj.32), að rafmagnsveiturnar hefðu oft haft það til siðs að taka litlar flugvélar á leigu til flutnings á starfsmönnum sínum út á land. Við slíkt flug greiddu þær fast gjald miðað við flugtíma auk gjalds fyrir biðtíma á ákvörðunarstað. Í bréfinu segist rafmagnsveitustjóri ekki minnast þess, að greiðsla hafi beint verið miðuð við tölu farþega, og minntist hann ekki annars en sami háttur hafi verið á hafður við nefnt flug með þyrlunni. Í ferð þessari fórst þyrlan suðvestan við bæinn Hjarðarnes á Kjalarnesi og með henni flugmaðurinn, Lúðvík Karlsson, og sex farþegar.

Eftir slysið hóf nefnd til rannsókna á flugslysum, þegar manntjón verður, rannsókn á slysinu. Skýrsla nefndar þessarar liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 3. Rétt þykir að rekja hér það helsta úr skýrslunni, sem hér skiptir máli:

Í kafla merktum 1.1. Um flugið segir svo:

„Rafmagnsveitur ríkisins leigðu þyrlu af Sikorsky S55B gerð, TF-LKH, sem var eign nýstofnaðs félags, Þyrluflug h.f. Þyrlan var búin 11 sætum í farþegaklefa, og hún gat aðeins lent á landi.

Um morguninn þann 17. janúar 1975, milli klukkan 1000 og 1030, voru eldsneytisgeymar þyrlunnar fylltir, og gerði það starfsmaður hjá Olíufélaginu Skeljungi h.f., Elías Pálsson.

Samkvæmt frásögn Elíasar bað flugmaður þyrlunnar um að fylla geymana, síðan lokaði hann þeim.

Samkvæmt pappírum þyrlunnar á að vera hægt að koma 600 lbs af eldsneyti í fremri geymi og 426 lbs. í þann aftari. Það er, ef beðið er eftir, að það jafnist í geymunum, þar sem þeir eru hólfaðir.

Samkvæmt frásögn Guðjóns Sigurgeirssonar, flugvélavirkja, sátu farþegar fyrir flugtak sem hér segir:

„Framkvæmdastjóri Þyrluflugs h. f. sat við hlið flugmanns. Fimm farþegar sátu í aftari sætum þyrlunnar."

Klukkar 1036 hóf þyrlan sig til flugs frá Reykjavíkurflugvelli. Flugstefna frá Reykjavík var norðaustur meðfram ströndinni og með Esju.

Á Móum á Kjalarnesi var talað við Unni Andrésdóttur og Guðmund Sigfússon, sem bæði urðu vör við og sáu þyrluna, er hún flaug þar yfir.

Unnur kvaðst ekkert óeðlilegt hafa séð við flugið, segir þó, að sér hafi fundist hún fljúga fremur lágt.

„Þyrlan flaug yfir bæinn, inn með fjallinu í stefnu á Akrafjall."

Því næst hafði nefndin tal af Sigríði Böðvarsdóttur, 17 ára stúlku, frá Saurbæ á Kjalarnesi. Sigríður segist hafa verið á göngu frá Saurbæ upp á þjóðveginn vestan við Tíðarskarð. Hún segir meðal annars:

„Ég tók eftir þyrlunni, er hún kom fljúgandi úr suðaustri og flaug yfir, rétt austan við þann stað, sem ég var stödd á."

Sigríður giskaði á, að þyrlan hefði flogið í um 200 metra hæð. Sigríður tók ekki eftir neinu óeðlilegu við flugið, fyrr en þyrlan var um það bil mitt á milli Saurbæjar og Hjarðarness, þó nær Saurbæ.

Þá tók Sigríður eftir, að þyrlan fór að dingla til stélinu, og svo sneri stélið (frá henni séð) alveg niður (lóðrétt). Svo tók hún eftir, að þyrlan réttist við og flaug í smá sveig áfram, en sá síðan, að hún féll ört, með nefið niður. Sigríður sá ekki, er þyrlan kom til jarðar, vegna hæðar, sem bar á milli. Litlu síðar heyrði hún sprengingu og sá, að eldur og dökkur reykur gaus upp. Reykinn lagði upp og síðan að fjallinu.

Hjalti Jóhannsson, Skeiðarvogi 113, Reykjavík, og Gýmir Guðlaugsson, Heiðargerði 116, Reykjavík, voru á leið eftir þjóðveginum, skammt frá Hjarðarnesi á olíuflutningabifreið frá Olíuverzlun Íslands.

Þegar þeir sáu þyrluna, virtist þeim hún á leið inn Hvalfjörð, yfir sjó, (frá þeim séð), í lítilli hæð. Þeir sáu strax, að þyrlan var að falla. Þeir stöðva bifreiðina, en ekki mótorinn. Þeim virtist þyrlan falla stjórnlaus rétt við land.

Þeir sögðu, að er þeir sáu þyrluna fyrst, þá hafi staða hennar verið þannig, að stélið vísaði skáhallt niður, og virtist þeim hún koma þannig niður á jörðina.

Þeir tóku eftir því, að er þyrlan var á leið niður, sveigði hún til hliðar öðru hvoru, einnig hreyfðist stélið aðeins upp og niður, en þyrlan snerist ekki.

Að því er þeim virtist kom hún stjórnlaust niður og var að minnsta kosti í 45 gráðu halla, með stélið niður.

Ekki sáu þeir neitt falla frá þyrlunni né sáu þeir reyk frá henni, er hún var að falla til jarðar.

Þyrlan kom niður suðvestan við túnið á Hjarðarnesi á Kjalarnesi með miklum fallhraða, og voru ekki merki þess, að hún hafi hreyfst neitt af þeim stað eftir snertingu við jörð.

Eldur kviknaði samstundis í þyrlunni, er hún kom til jarðar.

Bóndinn á Hjarðarnesi, Jósep Kristjánsson, sagði, að þau hjónin hefðu vaknað við hávaðann, er eldurinn braust út. Því var líkt við sprengingu.

Hjónin á Hjarðarnesi létu strax vita um slysið símleiðis. Jósep fór strax að flakinu, en þar var mikill eldur.

Eftir að fregnin um slysið barst til Reykjavíkur, var sent á staðinn, lögregla, sjúkralið, slökkvilið o. fl."

Í skýrslunni kemur fram, að allir, sem í þyrlunni voru, en það voru flugmaðurinn og sex farþegar, hafi farist og þyrlan gereyðilagst af eldi. Jarðrót hafi orðið nokkuð.

Flugmaður þyrlunnar var Lúðvík Karlsson, fæddur 11. maí 1943, og var hann handhafi atvinnuflugmannsskírteinis Nr. 761. Flugmannsréttindi Lúðvíks eru rakin í skýrslunni þannig: flugnemaskírteini 1. september 1964, einkaflugmannsskírteini 4. janúar 1965, atvinnuflugmannsskírteini 14. apríl 1971, sviffflugmannsskírteini 14. apríl 1971, blindflugsskírteini 9. júní 1972, atvinnuflugmannsskírteini, meira próf, 8. nóvember 1973 og flugstjóraskírteini 16. maí 1974. Flugtímar á flugvélar um 1500 klukkustundir, þar af um 1380 stundir sem flugstjóri. Flugtímar á sviffflugum um 160 klukkustundir. Jafnframt er þess getið, að samkvæmt upplýsingum Loftferðaeftirlits ríkisins hafi Lúðvík flogið 84:42 klukkustundir í æfingarskyni á Sikorsky þyrlu S55B og 4:39 kluukustundir hérlendis eða samtals 89:21 klukkustundir.

Í kafla merktum 1.6. Upplýsingar um loftfarið segir svo:

„Rannsóknarnefnd flugslysa hefur eftir Loftferðaeftirliti ríkisins, að þyrlan TF-LKH hafi verið smíðuð af Sikorsky verksmiðjunni í U.S.A. árið 1954. Hún var af tegundinni Sikorsky UH-19D. Smíðanúmer var 55-645.

Þyrlan var endurnýjuð af „Orlando Helicopter Airways Inc., í Sanford, Florida, og breytt til almennra nota.

Þann 23. desember 1971 var hún skráð í U.S.A. sem N-6734 og tegundarheiti breytist í S55B.

17. desember 1974 hafði farið fram skoðun og breyting hjá „Orlando" og lofthæfnisskírteini til útflutnings veitt þann dag af F. A. A.

Þyrlan kom til Íslands þann 1. janúar 1975 og var síðan skrásett hér af Loftferðaeftirliti ríkisins þann 6. janúar 1975 sem eign Þyrluflugs h.f., Dugguvogi 2, Reykjavík.

Þegar þyrlan fórst, hafði henni verið flogið hérlendis 4 klukkustundir 39 mínútur.

Færslubækur þyrlunnar hafa ekki fundist, svo nefndinni er ekki unnt að upplýsa heildarflugtíma eða annað um breytingar og skoðanir á þyrlunni sjálfri né hreyfli.

Þyrla þessi var málmklædd með tveim flugmannasætum í stjórnklefa, sem var framan og ofan við farþegaklefa. Í farþegaklefa voru 11 farþegasæti, er slysið varð, fjögur í fremstu röð, þrjú í miðröð og fjögur aftast.

Fyrir neðan og framan við stjórnklefa var hreyfillinn, sem var af gerðinni Wright R-1300-3D, 700 hestöfl.

Fyrir aftan hreyfil og undir farþegaklefa voru tveir eldneytisgeymar, sem samtals tóku 1026 lbs. af eldsneyti (benzíni).

Þyrla þessi var eingöngu búin hjólum og þar af leiðandi ekki ætluð fyrir lendingar á vatni

Samkvæmt Handbók þyrlunnar „Flight Manual" segir, að mesti flughraði hennar hafi mátt vera 95 hnútar. Algengt hraðasvið: 35 til 95 hnútar.

Í handbókinni er aðvörun, sem segir, að á meðan hreyfillinn sé keyrður upp á jörðu, „ verði vinstri rúða í stjórnklefa að vera lokuð vegna hættu á „Garbon monoxide" frá hreyflinum, þar sem útblástursrör er vinstra megin neðan við gluggann."

Hámarksþungi fyrir flugtak má ekki vera yfir 7200 lbs. í farþegaflugi.

Fremri þungamörk 125.0 þumlungar.

Aftari þungamörk 136.0 þumlungar.

Líkur benda til þess, að hleðsluskrá hafi ekki verið gerð fyrir flugið, enda hefir hún ekki fundist.

Nefndin hefur gert hleðsluskrá byggða á þeim öruggustu upplýsingum, sem hægt var að afla. Í vafaatriðum hefur nefndin haft þá reglu að nota lægri töluna."

Í skýrslunni er hleðsluskrá flugslysanefndar. Samkvæmt þeirri hleðsluskrá var áætlaður þungi þyrlunnar við flugtak í Reykjavík 8.068 lbs. og þungamiðja 139.5 þumlungar frá viðmiðunarpunkti. Í hleðsluskránni er gert ráð fyrir eldsneytiseyðslu um 5 lbs. á mínútu. Þyrlan hafi verið 10 mínútur á flugi og 5 mínútur hafi farið í uppkeyrslu fyrir flugtak. Olíueyðsla hafi verið um 5 lbs. í uppkeyrslu og á flugi. Þannig telst flugslysanefnd til, að áætlaður þungi þyrlunnar á slysstað hafi verið 7.988 lbs. og þungamiðja 139.76 þumlunga frá viðmiðunarpunkti.

Í skýrslunni segir, að leyfður hámarksþungi fyrir flugtak á þyrlunni TF-LKH hafi verið 7200 lbs. Fremri þungamörk séu 125.0 þumlungar og aftari þumgamörk 136.0 þumlungar frá viðmiðunarpunkti. Samkvæmt útreikningi nefndarinnar sé áætluð yfirhleðsla um 868 lbs. og þungamiðja um 3.5 þumlungar aftan við leyfð mörk. Samkvæmt þessu sé áætluð yfirhleðsla yfir slysstað um 788 lbs. og þungamiðja 3.76 þumlungar aftan við leyfð mörk.

Þungi farþega og farangurs sé fenginn með aðstoð Kára Einarssonar og Loftferðaeftirlit ríkisins. Staðsetning á farþegum sé gerð samkvæmt frásögn Guðjóns V. Sigurgeirssonar flugvirkja og myndum, sem teknar voru eftir slysið.

Í kafla merktum 1.7. Veðurskilyrði segir m. a. svo:

„Þegar þyrla Þyrluflugs lagði frá Reykjavík vestur á Snæfellsnes þ. 17. janúar 1975 fyrir hádegi, var austanátt á landinu. Skyggni var gott, og í Reykjavík voru ský meinlaus. 1/8 cu í 2500 feta hæð og 4/8 ac í 7000

feta hæð. Það eina í veðrinu, sem máli skiptir vegna þessa slyss, er því vindhraðinn, og þá sérstaklega misvindi. Af veðurkortum má sjá, að vindátt var um 120° í fjallhæð, en um 90° við jörð á þessu svæði. Vindhraði í Reykjavík var 20-25 hnútar, og mesti gustur á milli kl. 9 og 12 var 34 hnútar skv. sírita við Veðurhús á Bústaðavegi 9. Í 5000 feta hæð yfir Keflavík var vindur 135° 41 hnútar, en minnkaði, þegar ofar dró. En skv. veðurkortum virtust þrýstilínur við jörð talsvert þéttari á svæðinu norðan Reykjavíkur en yfir Keflavík, enda var vindur talsvert hægari við jörð í Keflavík.

Þessar staðreyndir benda til þess, að í fjallahæð hafi verið talsverður vindur yfir Hjarðarnesi, trúlega meiri en 40 hnútar.

En nú vill svo til, að árin 1967 - 1970 voru gerðar vindmælingar í Hjarðarnesi, eins og meðfylgjandi skýrsla ber með sér, og þar kemur greinilega fram mikið misvindi í vindátt eins og var þennan dag. Skal sérstaklega bent á kaflann Stormhrinur á bls. 3 - 4 í skýrslunni. Skv. skýrslunni mun meðalvindhraði (10 mín.) í Hjarðarnesi svipaður og í Reykjavík í þessari vindátt að vetri til, en hinsvegar er ekki sjaldgæft, að í hviðunum sé tvöfalt hvassara en að meðaltali næstu 10 mínútur á undan.

Allt bendir þetta til, að þennan dag, 17. janúar 1975, hafi verið mjög misvinda í lofti á svæðinu kringum Hjarðarnes, vindhraði frá nærri logni og upp í 40 - 50 hnúta snöggar hviður."

Samkvæmt segulbandsúrdrætti yfir fjarskipti milli þyrlunnar TF-LKH og Reykjavíkurflugturns var tilkynnt kl. 1035 úr þyrlunni, að hún væri tilbúin til flugtaks, og óskað var leyfis til að taka vinstri beygju. Kl. 1036 var upplýst um vindstyrk og heimilað flugtak. Flugtak var kl. 1038, og kl. 1045 er tilkynnt úr þyrlunni, að hún sé út úr vallarsviði og upp undir Kjalarnesi. Þetta muni vera síðustu fjarskipti við þyrluna.

Í þeim hluta skýrslunnar, sem fjallar um athuganir á slysstað, kemur fram, að um klukkan 1200 17. janúar hafi fulltrúar Loftferðaeftirlits ríkisins og flugslysanefndar komið á slysstað, þar sem þyrlan hafði fallið niður rétt suðvestan við túnið á Hjarðarnesi. Þegar fulltrúar nefndarinnar komu á slysstaðinn, var ennþá allmikil glóð í leifum þyrlunnar, og lagði nokkurn reyk af þeim. Þyrlan var svo til öll brunnin til ösku, nema hvað hluti af stélinu hafði brotnað af og lent utan við mesta eldinn. Á slysstaðnum var því lítið annað að sjá en öskubráðinn málm, bogin stálrör, stálhluti, svo sem úr hreyflinum, tannhjól úr hraðaskipti fyrir vængblöð „Gear Box", brotin og brunnin vængblöð og hitara, sem var rifinn og skemmdur. Litla rannsókn var hægt að gera á slysstaðnum, vegna þess hversu allt var illa brunnið. Svæðið, þar sem þyrlan snerti fyrst jörð, var allt í ösku og bræddum málmi. Segir í skýrslunni, að á staðnum hafi ekki verið hægt að sjá annað en að þyrlan hefði komið niður á jörðina í nokkuð reistri stöðu,

með stél niður á við. Engin merki hafi verið á staðnum, er bent gátu til þess, að þyrlan hafi hreyfst úr stað eftir fyrstu snertingu. Mestur hluti þyrlunnar hafi verið sem öskuhaugur auk smáhluta, sem lágu víð og dreif, svo sem aftari hluti stélsins, stélskrúfa, eitt hjól og tvö brot úr vængblöðum, „Rotor blades", sem geti gefið til kynna, að þyrlan hafi frekar komið niður á vinstri hlið, eftir því sem brotin úr blöðunum lágu. Tannhjól, sem breyta hreyfilhraða í vængblaðahraða, hafi verið athuguð og hafi þau verið óbrotin.

Samkvæmt frásögn sjónarvotta hafi orðið mikill hávaði sem sprenging, er þyrlan skall til jarðar, og engum togum skipt, að allt hafi orðið alelda á svipstundu.

Skýrslu flugslysanefndar lýkur með kafla merktum 2. Ályktanir og Niðurstöður. Kaflinn er svohljóðandi:

„2.1. ÁLYKTANIR

Rannsóknarnefndin álítur að fengnum yfirlýsingum um veðurfar á slysstaðnum, sem kemur fram í grein 1.7. og þeim hleðsluútreikningum, sem nefndin hefur gert, og kemur fram í grein 1.6.

1) Að þyrlan hafi verið mikið fyrir ofan leyfðan flugtaksþunga.

2) Að þyrlan hafi ekki verið hlaðin rétt. Þungamiðja hennar hafi verið nokkuð aftan við leyfð mörk, sem er mikilvægt atriði.

3) Að þyrlan hafi lent í sviptivindum yfir þeim stað, er slysið varð, sbr. grein 1.7. Einnig fylgir hér að aftan skýrsla um vindmælingar að Hjarðarnesi framkvæmdar af Veðurstofu Íslands.

4) Þegar þyrlan lenti í sviptivindum við Hjarðarnes, hafi það aukið mjög vanda flugmannsins að hafa stjórn á henni og þá sérstaklega vegna þess, hve gáleysislega hún var hlaðin, sbr. liði 1) og 2).

2.2. NIÐURSTÖÐUR

a) Það sem kom í ljós

I) Þyrlan TF-LKH var skrásett eign Þyrluflugs h.f.

II) Lofthæfnisskírteini TF-LKH nr. 252 var í gildi.

III) Ekki hefur nefndin haft upp á viðhalda- eða flugbók þyrlunnar, svo ekki er unnt að segja nokkuð um þær upplýsingar, sem þar eiga að vera um viðhald og flugtíma.

IV) Þær upplýsingar, sem eiga að vera á umsóknareyðublaði um lofthæfnisskírteini, eru mjög ófullnægjandi og illa frá gengnar hvað snertir „Flugtíma alls frá endurnýjun" og „Frá smíði" o. fl.

V) Reiknað er með, að um 125 U.S. gallon af eldsneyti (benzíni) hafi verið á eldsneytisgeymum þyrlunnar, er slysið varð.

VI) Samkvæmt upplýsingum Loftferðaeftirlits ríkisins var flugskírteini Lúðvíks Karlssonar í gildi. Flugbók hans hefur nefndin ekki fundið.

VII) Ekkert hefur komið fram, sem bent getur til, að hreyfillinn hafi ekki verið í gangi, þegar þyrlan kom til jarðar.

VIII) Samkvæmt útreikningi nefndarinnar mun þyrlan hafa verið yfirhlaðin um 868 lbs og þungamiðja um 3.5 þumlunga aftan við leyfð mörk við flugtak í Reykjavík. (Engin hleðsluskrá hefur fundist, sem hefði átt að gera fyrir flugið og vera samþykkt af flugmanni).

IX) Samkvæmt rannsókn Rannsóknarstofnunar í Lyfjafræði við Háskóla Íslands var alkóhól ekki í mælanlegu magni í blóði eða lifur Lúðvíks Karlssonar. Blóðrauði var mettaður koloxiði að 12 hundraðshlutum.

X) Nefndin vill benda á í þessu sambandi grein 1.6., 3. málsgrein, þar sem vitnað er í aðvörun um að hafa vinstri glugga í stjórnklefa lokaðan, er uppkeyrsla á hreyfli á sér stað. Nefndin hefur fregnað, að í fyrri flugum þyrlunnar hér á landi hafi verið mjög erfitt að loka þessum glugga.

XI) Nefndin telur, að reynsla flugmannsins á þyrlu hafi verið í lágmarki, ekki síst eftir að í ljós hefur komið, að umtalsverður hluti af skráðu æfingaflugi hans í Florida hafði ekki verið flogið.

XII) Kafli 1.9., (ólæsileg sending). Í ljós hefur komið með þó nokkurri vissu, að ólæsilegt kall, sem heyrðist 14 sekúndum eftir að TF-LKH var tilkynnt út úr vallarsviði, hafi verið óviljandi snerting sendihnapps í flugturni, sbr. „ Voice Print" frá „National Transportation Safety Board" í Washington, og fylgir afrit af því með skýrslunni.

XIII) Í ljós hefir komið, að sætin, sem voru í TF-LKH, er slysið varð, höfðu ekki verið viðurkennd af Loftferðaeftirliti Bandaríkjanna (FAA approval), og þurfti því leyfi Loftferðaeftirlits ríkisins til þess að nota þau í þyrlunni.

XIV) Í útskýringum nefndarinnar á áætluðum þunga þyrlunnar á slysstað hefur verið reiknað með, að notað hafi verið eldsneyti úr fremri geymi. Þetta er samkvæmt handbók vélarinnar (Aircraft Manual) og upplýsingum frá F. A. A. í Washington. Hinsvegar telur vélamaður þyrlunnar, Guðjón V. Sigurgeirsson, að hægt hafi verið að fljúga af hvorum geymi sem væri og muni því hafa verið notað eldsneyti af aftari geymi fyrst. Hafi svo verið, hefði þungamiðja þyrlunnar verið 138.87, eða 0.89 þumlungum framar en í meðfylgjandi útreikningum.

b) Orsök eða líkleg orsök slyssins.

Nefndin telur líklega orsök slysins vera þá, að þyrluna hafi skort afl og flugmanninn reynslu til þess að komast mætti í gegnum sviptivindasvæðið við Hjarðarnes, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að þyrlan var yfirhlaðin og þungamiðja aftan við leyfð mörk."

III.

Skýrslur fyrir dómi.

Verða nú raktir framburðir þeirra, sem komið hafa fyrir dóm og gefið skýrslu um málavexti og önnur atriði, sem máli teljast skipta.

Formaður rannsóknarnefndar flugslysa, Jóhannes Snorrason flugstjóri, staðfesti efni skýrslunnar á dskj. nr. 3 fyrir dómi 10. október 1977. Skýrði hann svo frá, að við starf sitt fari flugslysanefnd eftir alþjóðareglum um það, hvernig beri að vinna að rannsókn á flugslysum. Þetta slys hafi verið fyrsta þyrluslysið, sem hann hafi unnið við rannsókn á, en hann hafi tekið þátt í rannsókn á mörgum flugslysum. Ekki kvaðst hann hafa gengið í skóla í meðferð á þyrilvængjum.

Nefndin hafi sent mann til F. A. A. í Washington, m. a. til að láta rannsaka það, sem illrannsakanlegt var hér, það hafi verið mjög stutt útsending, sem hugsanlega var frá þyrlunni, en niðurstaðan af rannsókn þeirra orðið sú, að svo hafi ekki verið. Ekki kvaðst Jóhannes hafa haft nein afskipti af því, að leifar þyrlunnar væru fjarlægðar. Hann og Karl Eiríksson hafi einungis tilkynnt lögreglumönnum á staðnum, að starfi þeirra væri lokið.

Eftir slysið hafi komið hingað til lands sérfræðingur frá Sikorsky verksmiðjunum, sem nefndarmenn hafi beðið um að vera sér til aðstoðar í upphafi, þannig að þeir gætu spurt hann um tæknileg atriði. Hann hafi frætt nefndarmenn um þessa tegund af þyrlum. Nefndin hafi hins vegar ekki beðið um sérfræðilegt álit frá verksmiðjunum, og ekki minntist Jóhannes, hver hefði átt frumkvæði að komu sérfræðings þessa.

Í loftferðaskírteini standi, hversu mikið megi hlaða þyrluna, og þar séu mörkin. Hættulegt geti verið við vissar aðstæður að yfirhlaða flugvél, ekki síst ef eitthvað bilar. Þessi mörk séu sett af öryggisástæðum. Nefndinni hafi verið kunnugt um það, er hún gerði skýrslu sína, að í Bandaríkjunum hafi verið unnt að fá leyfi til þess að fljúga sams konar þyrlum með 7900 punda þunga til sérstakra starfa, „restricted category." Í vissum tilvikum sé leyft að hlaða þyrlur meira en venjulegt hámark leyfi, en þá sé miðað við, að hægt sé að losna við þá þyngd með einu handtaki. Til séu sérstök tæki til þess að hengja flutning neðan í þær og ef eitthvað bjáti á, sé hægt að sleppa honum á stundinni, þá horfi málið öðruvísi við. Nefndarmenn hafi kynnt sér eins og þeir gátu allt, sem varðaði flughæfni, og sérstaklega hvaða afleiðingar það gæti haft að yfirhlaða þessa þyrlu, og byggt svo álit sitt á því.

Vettvangsrannsókn nefndarmanna hafi verið eingöngu með berum augum og höndum, en þeir hafi farið yfir alla þá öxla, tengingar og tannhjól, sem til voru, strokið hverja einustu tönn. Þarna hafi raunverulega ekki verið annað en gjallhrúga, en ekki hafi verið sjáanleg nein skemmd á þeim tannhjólum, sem þeir hefðu náð í og skoðað. Hlutir þessir hafi verið ó-

brotnir, nema það sem brotnað hefði við höggið. Erfitt hafi verið við könnun á slysstað að sjá nákvæmlega, hvar hver farþegi hafi setið, en eftir því sem best varð séð taldi Jóhannes, að fjórir farþegar hefðu setið í aftursæti.

Staðhæfing nefndarinnar um, að bensíntankar þyrlunnar hafi verið fylltir af bensíni, áður en þyrlan hóf sig til flugs, sé byggð á staðfestingu frá manni, sem fyllti tankana, og staðhæfingu flugvirkjans, sem var á staðnum. Nefndarmenn hafi talið, að í mesta lagi vantaði 10 hundraðshluta upp á, að geymar væru fullir vegna hraðfyllingar. Spurningu um það, hvort tekið hafi verið tillit til þess við útreikning á þungamiðju, að flugmaðurinn kynni að hafa dælt á milli geyma í þyrlunni, svaraði formaður nefndarinnar svo, að ekki þyrfti að gera ráð fyrir slíku, enda báðir geymar fullir. Einnig væri algerlega útilokað, að flugmaðurinn hefði getað dælt milli geyma, eftir að þyrlan hafði hafið sig til flugs, þótt hann hefði eytt bensíni í uppkeyrsluna og hraðfyllingaráhrifin horfin.

Jóhannes taldi óhugsandi, að farþegar og flugmaður hefði verið léttari en gert er ráð fyrir í útreikningi nefndarinnar. Farangur hafi verið reiknaður í lágmarki. Óhugsandi væri, að smurolía í þyrlunni hafi verið minni en 70 pund. Ekki sé venja hjá stóru flugfélögunum að vigta hvern farþega, áður en hann fer upp í flugvél, þá sé tekið meðaltal. En það sé hins vegar yfirleitt venja við minni flugvélar, þar sem þungi hvers farþega fyrir sig geti skipt miklu máli. Ef ekki sé vigtaður hver farþegi, sé almennt miðað við 75 kg. þyngd með handfarangri, en þetta sé ákaflega loðin regla og raunverulega sé það svo, þegar farþegar séu orðnir tvö til þrjú hundruð, þá skipti ekki höfuðmáli, þótt þessi regla sé notuð, þegar það jafnist á slíkan hóp, en það skipti miklu máli með 7 - 8 farþega.

Spurningu um það, hvort flugmaðurinn hefði ekki í flugtaki hlotið að verða þess var, ef þyrlan hafi verið yfirhlaðin um 868 pund og þungamiðjan verið 3.5 þumlungum fyrir aftan leyfð mörk, svaraði Jóhannes á þá leið, að hann gerði ráð fyrir því, að flugmaðurinn hefði orðið var við það og trúlega mjög var við það, ef ekki hefði verið sterkur vindur. Hann hefði sjálfsagt aldrei farið í loftið, ef hann hefði ekki haft vindinn, sem hefði verið hvass. Þyrlan hafi strax farið á framskrið eða mjög fljótlega. Jóhannes gerði ráð fyrir, að flugmaðurinn hefði orðið að nota mikið af afli hreyfilsins.

Jóhannes taldi, að mótorblöðin hefðu borið þess greinileg merki og reyndar margt fleira bent til þess, að hreyfill hefði verið í gangi og undir fullu afli, þegar þyrlan kom til jarðar. Enn fremur væri sannað, svo óyggjandi sé, að slysið yrði ekki rakið til bilunar eða galla í þyrlunni. Það álit nefndarinnar sé byggt á því, hvernig síðasta spöli flugsins var háttað, og verksummerkjum á jörðinni.

Um flugtíma flugmannsins sagði Jóhannes, að flugmaðurinn hefði ekki

verið staddur á Florida, þegar mikill hluti af hans æfingaflugi sé skráður í flugbók hans. Hann hafi verið á leiðinni til Íslands. Flugbók sé einnig kölluð loggbók, en þar skrái flugmaður flugtíma sinn og flugleiðir. Bókina varðveitti hann sjálfur. Þá sé algengt, að flugmaðurinn geri sjálfur hleðsluskrá, séu flugvélar litlar. Eitt eintak af hleðsluskrá sé haft í flugvélinni, en alltaf sé annað skilið eftir á jörðu.

Karl Eiríksson framkvæmdastjóri, sem sæti á í rannsóknarnefnd flugslysa, staðfesti efni skýrslunnar á dskj. nr. 3 fyrir dómi 28. nóvember 1977. Hann tók m. a. einflugspróf á þyrlu 1949, en hefur ekki flogið þyrlum síðan. Skýrði hann svo frá, að nefndin starfaði aðallega eftir reglum, sem ráðuneytið hefði sett nefndarmönnum. Hann hefði verið aðstoðarmaður rannsóknarnefndarinnar í mörg ár, en líklega tekið þátt í rannsókn 4 - 5 flugslysa sem fullgildur nefndarmaður. Þetta væri fyrsta þyrluslysið.

Um ráðstöfun flaks eða öllu heldur leifa þyrlunnar tók hann fram, að þeir nefndarmennirnir, hann sjálfur og Jóhannes Snorrason, hefðu einungis tilkynnt hlutaðeigandi yfirvöldum, að þeir þyrftu ekki að skoða meira, enda teldi hann ekki í verkahring nefndarinnar að bjóða neinum að skoða flakið, áður en það væri urðað. Ekki kvaðst hann hafa hugmynd um, hvenær leifar flugvélarinnar hefðu verið fjarlægðar eða hver hefði gert það. Nefndarmenn hefðu tekið með sér stélhluta til frekari athugunar, en annað hafi ekki verið unnt að taka. Megi vera, að þetta hafi verið hluti af aðalrótor. Ekki hafi verið ástæða til að rannsaka þessa hluti með hliðsjón af málmþreytu. Hér hafi verið um gírkassa eða lítinn gír að ræða, sem virkað hafi nákvæmlega eins og hann hafi átt að gera. Þetta hafi nefndarmenn rannsakað.

Sjálfur kvaðst Karl hafa farið til Bandaríkjanna einkum til þess að láta rannsaka stutta útsendingu, sem hugsanlega hafi komið frá þyrlunni, rétt áður en hún fórst, en við athugun hafi hún ekki reynst skipta máli. Enn fremur kvað hann nefndina hafa fengið tæknilegar upplýsingar frá sérfræðingi Sikorskyverksmiðjanna, sem hingað til lands hefði komið, að vísu án tilhlutunar nefndarinnar.

Karl taldi, að miða yrði við þá þyngd, sem þyrlan væri skráð fyrir, 7200 lbs., þegar meta ætti, hvort hún hafi verið yfirhlaðin. Raunveruleg burðargeta væri háð svo margvíslegum aðstæðum, að ekki væri ástæða til að fara út í neinar hugleiðingar um það, hvað hugsanlegt væri að setja í þyrluna. Leyfa mætti meiri þyngd, ef losna mætti við flutning með einu handtaki. Þyngd farþega og farangurs, sagði Karl, að væri áætluð samkvæmt upplýsingum Guðjóns V. Sigurgeirssonar flugvélavirkja, sem þarna hefði verið, og Kára Einarssonar, en þyngd þeirra, sem höfðu flugskírteini, hefði legið fyrir frá læknisskoðunum. Aðeins hefði verið gert ráð fyrir þeim farangri og flutningi, sem ótvírætt hefði verið í þyrlunni. Þyngd metin eins hóflega

og unnt var. Um skipan farþega í sæti liggi fyrir skýrsla Guðjóns V. Sigurgeirssonar og verksummerki á slysstað styðji hana.

Það álit nefndarinnar, að bensíngeymar þyrlunnar hafi verið fylltir, sé stutt upplýsingum afgreiðslumanns frá olíufélagi, en einnig hafi Guðjón V. Sigurgeirsson verið nálægur. Áhrif hraðfyllingar séu metin 10% til að ofmeta örugglega ekki hleðslu, en þyrlan hafði þó skekist í vindi, meðan geymar voru fylltir. Hér skipti öllu máli, hvernig þyrlan hafi raunverulega verið hlaðin, en ekki ágiskanir.

Þá ítrekaði Karl, að ekkert benti til, að hreyfill hefði ekki verið í gangi, þegar þyrlan kom til jarðar. Enn fremur, að reynsla flugmannsins hefði verið í lágmarki, enda ljóst, að hann hefði ekki flogið umtalsverðan hluta þeirra þjálfunartíma, sem hann hefði skráð.

Halldór Sigurjónsson, flugvélavirki og einn nefndarmanna í rannsóknarnefnd flugslysa, staðfesti 10. okt. 1977 fyrir dómi efni skýrslunnar á dskj. nr. 3. Halldór kvaðst ekki hafa aflað sér sérþekkingar á þyrluflugi eða meðferð þyrlna. Þetta sé fyrsta þyrluslysið, sem hann hafi tekið þátt í að rannsaka. Ekki hafi hann farið á slysstað vegna sjúkleika. Yfirleitt sé ekki hægt að ná í alla 3 eða 4 nefndarmenn til þess að fara á vettvang þegar í stað, þegar slys ber að höndum. Það séu yfirleitt ekki nema 2, stundum 1, sem fari. Ekki kvaðst hann hafa vitað um neinn fulltrúa Sikorskyverksmiðjanna hér á landi.

Páll Halldórsson, flugmaður og nefndarmaður í rannsóknarnefnd flugslysa, staðfesti fyrir dómi 28. október 1977 efni skýrslunnar á dskj. nr. 3. Páll er með flugstjóraskírteini og með þyrluréttindi. Páll kvaðst halda, að hann hafi flogið þyrlu svona 700 klst. á þeim 10 árum, síðan hann fékk réttindi til þyrluflugs. Þetta slys sé fyrsta slysið, sem hann hafi tekið þátt í að rannsaka.

Ekki sagði hann, að nefndin hefði fengið mikið af reglum til þess að starfa eftir. Rannsóknarnefndin hafi ekki gert sjálfstæða athugun á því, hversu mikið megi hlaða þyrlu eins og þá, sem hér er um fjallað, fram yfir 7200 pund, án þess að flughæfni skertist. Flughæfnin hljóti þó að skerðast. Honum hafi verið kunnugt, þegar skýrslan á dksj. nr. 3 var samin, að í Bandaríkjunum væri unnt að fá leyfi til þess að fljúga sams konar þyrlum með 7900 punda heildarþunga til sérstakra starfa, án farþega. Það segi sig sjálft, að í sjálfu sér hljóti þyrlan að geta flogið á þeirri vigt. En þá muni áskilið, að flutningur hangi á króki neðan úr þyrlunni og við hann megi losna með einu handtaki. Þetta sé kannske hægt við bestu skilyrði. Páli var nú sýnt dskj. nr. 24, og sagði hann þá, að sér sýndist, að ekki þyrfti í öllum tilvikum að vera um hangandi flutninga að ræða, en það sé einungis við sérstök störf (restriced category), þar sem hún megi vera 7900 pund. Honum sé ekki kunnugt um, hvaða öryggisstuðul við sé miðað

í þessari tegund þyrlna, þegar ákveðinn sé hámarksþunginn 7200 pund, hámarksvigt sé hámarksvigt, en í flugi sé alls staðar gert ráð fyrir einhverjum öryggisstuðli.

Páll skýrði svo frá, að ekki hefði þurft mikla tilflutninga farþega úr aftursæti í framsæti til þess að þungamiðjan flyttist fram um 3 - 4 þumlunga við flugtak eða skömmu eftir flugtak. Flugmaður þyrlu, sem sé annað hvort yfirhlaðin eða með rangan þyngdarpunkt eða hvort tveggja, verði strax eða mjög fljótlega, eftir að hann fer að fljúga, var við það. Viðbrögð flugmanna við þessu fari eftir því, hvort menn geri sér grein fyrir þessu, enda sé þetta alvarlegur hlutur. Menn, sem ekki þekki þyrlur og hafi ekki flogið þeim mikið, hugsi dæmið kannski ekki til enda. Flughæfni þyrlu eins og þessarar, sem ekki sé meira hlaðin en samtals 7200 pundum, en með þungamiðju 3.5 þumlungum fyrir aftan það, sem gert sé ráð fyrir í flughandbók vélarinnar, skerðist verulega. Flugmaðurinn geti séð það á staðsetningu stýranna, að þungamiðja sé á röngum stað eða vélin ekki rétt hlaðin. Óvenjulegt væri, að farþegi flytti sig á milli sæta, eftir að þyrla er komin á loft og farin að fljúga. Vegna þess hversu þyngdarpunkturinn sé viðkvæmur, sé venjulega gert ráð fyrir því, að farþegar gangi ekki um, þegar þeir hafi verið bundnir í sæti, vegna þess, að einn maður geti hreinlega sett þyrluna úr jafnvægi, en að sjálfsögðu fari þetta eftir því, við hvaða skilyrði flogið sé.

Dælingu milli geyma á flugi taldi Páll, að skipti ekki öllu máli í þessu sambandi, þar sem geymar hefðu nánast verið fullir, því að slysið hefði orðið svo skömmu eftir flugtak.

Björn Jónsson flugmaður kom fyrir dóm 31. janúar 1978. Hann kvaðst vera atvinnuflugmaður með breskt atvinnuflugmannsskírteini og hafa flogið í kringum 2500 tíma sem aðstoðarmaður og flugstjóri á ýmsum gerðum venjulegra flugvéla. Síðustu 10 árin hafi hann aðallega verið þyrluflugmaður með réttindi frá bandarísku strandgæslunni og bandarískra flotanum, bæði á litlar þyrlur og meðalstórar Sikorskyþyrlur. Flugtími sé í kringum 2600 tímar.

Björn skýrði svo frá, að til þess að fylla bensíngeyma, m. a. á Sikorskyþyrlum, megi ætla 10 - 15 mínútur, auk þess sem hrista verði þyrluna. Geti vantað um 200 ensk pund á fulla geyma, ef hraðfyllt sé. Flugmanni beri af eigin raun að fylgjast með eldsneytisbirgðum, en ekki láta segja sér neitt um það. Sér sýndist, að í þyrlunni, sem fórst, væri tveggja geyma kerfi, eins og á þeirri, sem hann þekkti best, og væri þá tilhögun sú, að eldsneyti færi úr aftari geymi fyrst, þar til hann hefði tæmst, en síðan úr fremri geymi. Kerfið starfi þannig sjálfkrafa og eigi flugmaður ekkert val.

Um ofhleðslu tók Björn fram, að það færi mjög eftir veðurfari, hita, kulda, rakastigi, vindi o. s. frv., hvort flugmaður yrði hennar var. Ef hvasst

væri, þyrfti hann ekki að finna fyrir ofhleðslu. Stýrisstöng segði aftur til um, hvort þyrla væri ekki rétt hlaðin, en vindur hefði þó áhrif. Maður, sem eitthvað hefði flogið að ráði, ætti þó að geta séð á stöðu stýrisstangar, hvort þyrla væri rétt hlaðin.

Ekki taldi Björn venju að vigta farþega, heldur væri miðað við, að hver vægi 80 kg, en flugmaður tæki þó tillit til þess við hleðslu, ef líklegt væri, að farþegi væri þyngri án þess beint að vigta hann.

Fram kom hjá Birni, að flug væri talið erfiðara, þar sem mikið væri um fjalllendi. Vindar brotni illa á fjöllum og geti myndað sveipi og það, sem kallað sé niðurstreymi (downcraft) og uppstreymi (upcraft). Það þurfi engin hætta að fylgja því, einungis meiri nákvæmni og þekkingu á eðli þess svæðis, sem verið sé að fljúga yfir. Það sé ekki erfiðara að fljúga hér en í öðrum löndum, heldur sé einungis meira um fjöll en víða annars staðar. Það þurfi aðra tækni og ákveðna kunnáttu að fljúga í fjalllendi. Birni var kynnt það, sem fram kemur í skýrslunni á dskj. nr. 3 um veður á slysdegi. Aðspurður kvaðst Björn ekki telja þetta svo mikla veðurhæð, að hættulegt eða varhugavert hafi verið að fljúga þyrlu í þessu veðri. Slíkum þyrlum sé oft og iðulega flogið í veðri eins og þessu. Þarna um Kjalarnes sé venjuleg flugleið, þegar farið sé frá Reykjavík upp í Borgarnes. Þessi leið sé síður en svo hættuleg. Venjulega sé meira rok þar en í Reykjavík í austanátt, vindurinn nái sér meira upp vestur um Hvalfjörðinn heldur en í Reykjavík. Þetta teljist ekki hættuleg leið með þessum vindhraða.

Elías Pálsson, starfsmaður Olíufélagsins Skeljungs h/f, kom fyrir dóm 14. nóvember 1977. Hann kvaðst muna eftir því að hafa afgreitt eldsneyti til þyrlunnar, sem mál þetta er af risið. Maður, sem staðið hafi við vélina, hafa beðið um, að geymar vélarinnar yrðu fylltir, og það kvaðst Elías hafa gert. Maður þessi hafi hjálpað sér og lokað geyminum. Ekki vissi hann nafn mannsins né heldur hvort þessi maður fór með vélinni. Geymar vélarinnar hafi verið tveir og báðir fylltir, enda þótt vera megi, að hægt hefði verið að bæta á 2 til 3 lítrum. Elías minnti, að tvisvar hafi verið gert hlé á dælingu, til þess að jafnaðist í geymunum, en mikið hafi legið á og verkið þar af leiðandi tekið stuttan tíma.

Guðjón Viðar Sigurgeirsson flugvélavirki staðfesti fyrir dómi 28. nóvember 1977 sem rétta frásögn, sem eftir honum er höfð í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa á dskj. nr. 3, en frásögnin er svohljóðandi:

„Ég undirritaður staðfesti hér með að hafa verið viðstaddur, þegar þyrlan TF-LKH fór frá Reykjavík að morgni þann 17. janúar 1975. Þá hafði ég samtal við flugmann vélarinnar, Lúðvík Karlsson, rétt áður en hann hóf flugtak. Þegar samtalið fór fram, snerust þegar skrúfublöð þyrlunnar. Þegar ég gekk niður frá því að tala við flugmanninn, leit ég inn í vélina og eins þegar ég gekk aftur með vélinni, horfði ég inn í vélina, og sátu þá

farþegarnir í aftursætum vélarinnar. Framsætið var tómt. Í miðsæti vélarinnar sá ég aðeins einn mann, sem var að tala við flugmanninn í innisíma (interphone), og var þessi maður með yfirvaraskegg og hökutopp. Um leið og ég gekk frá þyrlunni, hófst hún á loft og flaug burt. Verkfærakista, sem var með í ferðinni, var að öllu jöfnu geymd undir framsæti, en að öðru leyti get ég ekki sagt til um, hvernig vélin var hlaðin eða farangur geymdur."

Guðjón skýrði frá því, að hann hafi tekið að sér að annast viðhald og eftirlit með þyrlunni sem flugvélavirki. Þegar þyrlan kom til Íslands, hafi öll sæti verið laus og í hrúgu í vélinni. Með henni hafi komið tvær gerðir af sætum, þau sem upphaflega voru, þegar hún var keypt, og svo sæti, sem Lúðvík Karlsson hafi látið smíða sérstaklega fyrir sig. Upphaflegu sætin, sem hafi verið 8, hafi verið sett í vélina fyrst og síðan 1 - 2 dögum áður en vélin fór í sitt síðasta flug hafi verið skipt um stóla. Hafi Lúðvík sjálfur unnið við uppsetningu stólanna og þá hafi verið látin í vélina 10 sæti. Guðjón taldi, að þyngd sætanna hafi verið ósköp svipuð. Um áhrif hraðfyllingar tók Guðjón fram, að það muni a. m. k. 10% á því magni, sem eldsneytisgeymar vélarinnar taki, ef bensíni sé dælt hratt og svo ef það sé gert með hléum og smáfyllt á. Í botninum á vélinni séu gúmmísellur, sem séu tengdar saman með litlum rörum, og það verði að sjatna, á meðan loftið sé að fara úr, svo hún geti ekki hafa verið alveg full. Ekki segist hann hafa fylgst með því, þegar fyllt var á eldsneytisgeyma þyrlunnar rétt fyrir brottför á slysdegi.

Guðjón kvaðst hafa verið í tæpan mánuð hjá fyrirtæki seljanda þyrlunnar til þess að læra á hana og fylgjast með viðgerð á henni, áður en hún var keypt. Burðargeta vélarinnar sé miðuð við það, að tiltekinn hámarksþungi sé leyfður, ef vél sé eingöngu í vöruflutningum eða geti losað sig við flutninginn fyrirvaralaust, og tiltekinn hámarksþungi, ef hún sé í farþegaflugi. Guðjón kvaðst ekki muna þessar tölur lengur, en það hafi munað þó nokkuð miklu á þeim. Þarna úti hafi sér verið sagt, að sá hámarksþungi, sem sé notaður við sérstök störf (special category), sé svo viðsjárverður, að eingöngu sé gert ráð fyrir honum í vöruflutningum, þar sem farmur hangi neðan í vélinni og hægt sé að sleppa honum, ef eitthvað komi fyrir. Guðjón kvaðst ekki hafa fylgst með, hvernig ætti að reikna út hleðsluna á þyrlunni, þegar fluttir væru farþegar.

Guðjón kvaðst hafa fjarlægt flak þyrlunnar að kvöldi slysdags að beiðni Grétars Óskarssonar hjá loftferðaeftirlitinu. Grétar hafi haft samband við Ólaf B. Thors hjá stefnda. Stefndi hafi greitt kostnað við að fjarlægja flakið. Ekki kvaðst hann minnast þess að hafa séð neina hluti, sem teknir hefðu verið úr flaki þyrlunnar. Ókunnugt væri sér um flugbækur þyrlunnar.

Grétar Óskarsson, framkvæmdastjóri Loftferðaeftirlits ríkisins, kom fyr-

ir dóm 12. desember 1977 og sagði m. a., að til væru tvær gerðir af lofthæfisskírteinum. Ef til sé flughandbók (flight manual), þ. e. handbók fyrir ákveðið loftfar, hvort sem það er þyrla eða eitthvað annað, þá sé eingöngu gefinn út einblöðungur og handbókin gerð að lofthæfisskírteini og þetta hafi verið gert í þessu tilfelli, enda standi, að flugvélin eða loftfarið sé talið lofthæft, sé fylgt flughandbók, og verði þá flughandbók hluti af lofthæfisskírteini. Sumar minni og eldri tegundir af flugvélum hafi ekki flughandbók og þá séu teknar upp takmarkanir í lofthæfisskírteinið sjálft og þurfi 4 blaðsíður til þess.

Enn fremur skýrði Grétar Óskarsson frá því, að loftferðaeftirlitinu hafi ekki verið kunnugt um, að skipt hafi verið um sæti í vélinni, fyrr en eftir slysið, né heldur um þyngd hinna nýju sæta. Hins vegar hefði verið heimilt að hafa 12 sæti í þyrlunni, en þau verið 11. Ef flugmaðurinn hefði tekið 11 farþega, hefði hann orðið að taka minna bensín sem því næmi og þar með getað flogið styttri vegalengd.

Starfsmenn loftferðaeftirlits, þ. á m. hann sjálfur, hafi komið á slysstað og athugað verksummerki eins og þeir hafi getað og venjulegt sé. Í samráði við rannsóknarnefnd flugslysa hafi hann beðið Gunnar (mun eiga að vera Guðjón) Sigurgeirsson flugvirkja að fjarlægja flak flugvélarinnar. Ekki hafi verið haft samband við aðra, sem hagsmuna áttu að gæta, hvorki eigendur vélarinnar né vátryggingaraðilja.

Grétar kvað loftferðaeftirlitið hafa tilkynnt Sikorskyverksmiðjunum um slysið og hann hitt að máli fulltrúa, sem þær hefðu sent hingað.

Skúli Jón Sigurðsson, deildarstjóri loftferðaeftirlitsins, kom fyrir dóm 12. desember 1977 og skýrði svo frá, að ekki væri til nein íslensk reglugerð um það, hvernig veita skyldi þyrluflugmönnum réttindi, en farið hafi verið eftir viðauka (annex) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Í byrjun nóvember 1974 hafi flugvirki Þyrluflugs komið frá Bandaríkjunum, eftir að hafa verið þar í námi, með fyrirspurn frá Lúðvík Karlssyni um það, hversu mörgum flugtímum hann þyrfti að ljúka til þess að fá réttindi. Þann 1. janúar 1975 hafi nýr viðauki með auknum kröfum átt að taka gildi, en samkvæmt honum skyldu lágmarkskröfur til atvinnuflugmanns, sem fær þyrluréttindi, vera 150 tímar. Hefði maðurinn lokið námi í viðurkenndum skóla, skyldu það vera 100 tímar og hefði maðurinn hliðstæða reynslu á flugvél, mætti fækka tímum um 25%. Vegna þessa hafi hann skrifað bréf í nóvember 1974, þar sem sagði, að loftferðaeftirlitið mundi gera tilteknar kröfur um veitingu atvinnuflugmannsréttinda á Sikorskyþyrlu og væru það 75 þyrlutímar. Hér hafi verið átt við heildarreynslu, en svo og svo mikið af þeim skyldi maður hafa flogið sem flugstjóri og svo og svo mikið af þeim með kennara, að minnsta kosti. Þessi krafa um 75 tíma hafi verið á því byggð, að Lúðvík Karlsson hafi í fyrsta lagi haft atvinnuflugmannsréttindi á flug-

vél, og svo því, að hann hafi lokið námi, sem væri viðurkennt af flugmálastjórn þess lands, þar sem hann ætti að ljúka náminu. Ef námið væri ekki viðurkennt, væru þessir tímar ekki 75, heldur 150 að frádregnum 25%, eða 110 tímar. Áður hefðu þær reglur gilt, að til þess að atvinnuflugmaður, sem lokið hefði þyrluflugmannsnámi á viðurkenndum skóla, gæti fengið atvinnuflugmannsréttindi á þyrlu, þyrfti hann 50 þyrluflugtíma. Af ýmsum ástæðum hefðu starfsmenn loftferðaeftirlits talið heppilegt að setja markið 75 tíma, þar sem þær reglur hefðu átt að taka gildi um áramótin. Í desember 1974 hefði Lúðvík Karlsson lagt fram sín gögn og óskað eftir innfærslu atvinnuflugmannsréttinda á þyrlu í atvinnuflugmannsskírteini sitt. Hann hafi verið með rúmlega 50 þyrlutíma í flugbók sinni, og við þá var stimplað og þeir staðfestir af skólanum, og einnig var þar staðfesting prófdómara F. A. A. um, að hann hefði lokið sínu atvinnuflugmannsprófi á þyrlu. Til viðbótar þessum tíma hefðu verið á milli 20 og 30 flugtímar, sem hann hafði flogið einliðaður. Þessi flugtími hafi ekki verið staðfestur af skólanum, og kvaðst Skúli hafa óskað eftir því, að það væri gert. Hann hafi sagt við flugmanninn, að eins og hann hefði vafalaust séð í bréfum, þá væru tvær forsendur fyrir samþykki þyrluflugsréttindanna, í fyrsta lagi, að það væri staðfest af skólanum, sem hann hefði verið hjá, að þessir flugtímar hefðu verið flognir, og í öðru lagi staðfest, að skólinn væri viðurkenndur.

Þegar Lúðvík hefði lagt gögn sín fyrir loftferðaeftirlið, sem sýndu, að hann hefði flogið 54 tíma og það staðfest, en að auki 30 tíma síðustu daga nóvember og fyrstu daga desember, án þess að staðfest væri, hefði þess verið óskað, að Orlando Helicopter Airways staðfesti, að framangreindir 30 tímar hefðu verið flognir, eins og staðið hefði í flugbók Lúðvíks Karlssonar, og að hann hefði lokið viðurkenndu námi. Svarbréf hefði komið, dags. 10 desember, þar sem staðið hefði, að þessir flugtímar virtust réttilega taldir, en ekki væri unnt að ganga úr skugga um það, vegna þess, að þyrlan, sem Lúðvík hefði flogið, væri annars staðar og bækurnar í henni. Enn fremur hefði staðið í bréfinu, að nám hans hefði verið viðurkennt af F. A. A. Með þessu hefðu starfsmenn loftferðaeftirlitsins talið sig hafa nægilega staðfestingu á því, að skráðir tímar væru raunverulega flognir og námið viðurkennt af F. A. A. Á þessum grundvelli hafi réttindi Lúðvíks Karlssonar verið færð í skírteini hans 20. desember 1974. Það hefði verið forsenda fyrir því, að Lúðvík fengi réttindin, að hann hefði flogið þessa viðbótartíma, og þessum kröfum lýst fyrir honum skriflega í bréfi, með öðrum orðum, að hann hefði 75 flugtíma á þyrlu.

Gísli Örn Lárusson, deildarstjóri hjá stefnda, Almennum Tryggingum h/f, kom fyrir dóm 28. nóv. 1977, og sagði hann, að Lúðvík Karlsson hefði tryggt hjá stefnda um nokkurra ára skeið. Um miðjan október hafi Lúðvík

komið með fyrirspurn um tryggingu á þyrlu og hafi hann nefnt, hvaða tegund hann væri að hugsa um að kaupa. Send hafi verið fyrirspurn erlendis til þess að fá vitneskju um iðgjald, bæði fyrir ábyrgðartryggingu, farþegatryggingu og svokallaða fasta tryggingu. Þeir Lúðvík hafi farið yfir skírteini, sem Lúðvík reyndar þekkti áður. Lúðvík hafi beðið sig um að taka sérstaklega upp „sling Cargo" svokallað, hangandi farm, en það sé ekki innifalið í skírteininu. Hann hafi verið á förum utan og hafi hann sagt við Lúðvík, að hann mundi koma til með að athuga það. Gísli hafi farið til London í byrjun nóvember og 13. nóvember hafi hann sent telex til stefnda frá London vegna fyrirspurna frá endurtryggjendum úti, þar sem þeir hafi beðið um upplýsingar um eftirfareandi atriði, hvaða tegund af flugvél Lúðvík væri að þjálfa sig á í Bandaríkjunum og hve marga flugtíma hann hefði, er hann útskrifaðist. Í simtali við stefnda sama dag hafi hann fengið þær upplýsingar, að Lúðvk kæmi til með að ljúka um 80 tímum á þyrlu, áður en hann kæmi til Íslands, það er ca 60 tímum á Bell-47 og 20 tímum á Sikorsky 55B, sem hafi verið sú flugvél, sem Lúðvík tryggði. Eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir hjá endurtryggjendum úti, hafi verið sent telex 15. nóv. 1974 til staðfestingar á tryggingunni, að þyrlan væri tryggð hjá stefnda, þó án hangandi farms, en það hafi komið inn í seinna. Í lok desember hafi Kristján Helgason komið á skrifstofu stefnda og beðið um, að þyrlan yrði umtryggð hér heima og að sent yrði bréf til loftferðaeftirlitsins um, að þyrlan væri tryggð í nafni Þyrluflugs. Starfsmenn stefnda hafi engar athugasemdir haft við það að gera, þar sem þeir verði að tryggja vélina og hafa það nafn á tryggingartaka, sem sé skráð hjá loftferðaeftirlitinu, svo þeir hafi sent bréf og staðfest trygginguna. Þeir hafi ekki vitað, hverjir voru aðiljar að Þyrluflugi h/f, en þeir hafi átt samskipti við þá báða, Lúðvík Karlsson og Kristján Helgason. Þegar tryggingin hafi verið tekin í nóvember, hafi verið búið að fara yfir tryggingarskilmála fyrir flugvélina. Stefndi hafi ekki fengið senda þessa „cover note" að utan fyrr en 14. janúar, að því er Gísli taldi, en fyrir þann tíma hafi þeir verið búnir að fara í gegnum skírteinið, enda hafi það verið gert um miðjan október. Ekki hafi verið gefið út skírteini á grundvelli „cover note", þar sem hún sé raunverulega ekkert nema til innheimtu á iðgjaldi. Í henni sé miðað við skírteini, sem farið hafi verið yfir. Það geti dregist 2 - 3 mánuði að gefa út skírteini og sé það ekki annað en iðgjaldakvittun, en um leið og stefndi sendi bréf og staðfesti tryggingu á flugvélinni, sé stefndi að sjálfsögðu kominn með ábyrgð á tryggingunni. Ekki hafi verið afhent skrifleg vátryggingarbeiðni frá Lúðvík Karlssyni eða öðrum vegna vátryggingar á þyrlunni.

Setning á dskj. nr. 4 undir „Situation" merki, að vélin sé tryggð á Íslandi og í Bandaríkjunum eftir þeim skilmálum, sem upp séu settir. Það sé miðað við það, sem heiti LLoyds AV1. Skírteinið, sem stefndi noti, sé kallað

LLoyds AV1. Ef breyta eigi einhverju frá skírteininu, þurfi að hafa samband við endurtryggjanda og hann að samþykkja það. „As original" á dskj. nr. 4 vísi til skírteinis AV1, sem stefndi noti. Sams konar skírteini séu notuð um allan heim, og kvaðst Gísli ekki vita um annað, sem notað sé, nema um afbrigðilega tegund af tryggingu. Upplýsingar, sem fram komi á dskj. nr. 56, séu fengnar frá Lúðvík Karlssyni. Það hafi verið um miðjan febrúar sem Lúðvík hafi tekið sérstaka slysatryggingu og þá hafi hann gefið upp um það bil 2000 flugtíma. Ef legið hefði fyrir, að Lúðvík væri ekki með nema 1500 flugtíma, þá hefði það kannski haft áhrif á iðgjald og það hækkað, en vátryggingin hefði áreiðanlega verið veitt, það hafi aldrei komið fyrir, að stefndi hafi neitað nokkurri flugtryggingu.

Ólafur B. Thors, forstjóri stefnda, kom fyrir dóm 9. janúar 1978. Hann greindi frá því, að um kvöldið 17. janúar hefði verið hringt til sín, og minnti hann, að sá, sem hringdi, hafi verið Guðjón flugvirki, og hafi erindi hans verið að skýra frá því, að krafa hefði komið fram um, að flak þyrlunnar yrði fjarlægt og verksummerki afmáð og afla heimildar stefnda til þess, að það yrði gert. Hann kvaðst hafa litið svo á, að þarna væri um að ræða kröfu flugmálayfirvalda, og hafi hann þá gefið samþykki f. h. stefnda til þess, að þetta yrði gert. Hann kvaðst halda, að stefndi hefði greitt kostnaðinn af því að fjarlægja flakið, og taldi það eðlilega afleiðingu af samþykki við framkvæmd verksins

IV.

Rökstuðningur stefnenda.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að þyrlan TF-LKH, Sikorsky S55B, hafi verið húftryggð hjá stefnda, en ekkert vátryggingarskírteini hafi þó verið gefið út af félaginu af því tilefni, en sá af eigendum þyrlunnar, sem trygginguna tók, hafi fengið í hendur svokallað „COVER NOTE" Fee 37 No. - 0245, dags. 14. janúar 1975, þar sem vátryggingarupphæðin sé ákveðin $ 70.000.00, en það sé einnig sú upphæð, sem stefndi hafi endurtryggt þyrluna fyrir hjá endurtryggingum sínum í London. Í þessari svonefndu „COVER-NOTE" hafi engar sérstakar takmarkanir á bótaskyldu verið, svo sem vegna gáleysis eða stórkostlegs gáleysis af hendi tryggingartaka, og þar sem ekkert tryggingarskírteini hafi heldur verið gefið út, komi aðeins almennar reglur laga til greina um allar takmarkanir á greiðslu á umsamdri tryggingarupphæð þyrlunnar, sbr. t. d. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954.

Þyrlan hafi verið keypt í Bandaríkjunum í nóvembermánuði 1974 og hafi komið hingað til lands um áramót 1974/1975. Fyrirætlun kaupenda, þeirra Lúðvíks Karlssonar flugmanns og Kristjáns Helgasonar framkvæmdastjóra, hafi verið sú að stofna hlutafélag, sem þá yrði eigandi þyrlunnar,

með nafninu Þyrluflug h/f, enda hafi þyrlan verið skráð hér hjá samgöngumálaráðuneytinu á það nafn, með þjóðernis- og skrásetningarmerkinu TF-LKH, 6. jan. 1975. Sama dag hafi samgöngumálaráðuneytið gefið út lofthæfisskírteini fyrir vélina til farþega-, póst- og vöruflutninga.

Þar sem ekki hafi verið gengið frá stofnun Þyrluflugs, þegar fyrrnefnd trygging var tekin hjá stefnda, hafi tryggingartaki til bráðabirgða verið nefndur Lúðvík Karlsson, en sú trygging hafi að sjálfsögðu verið tekin vegna væntanlegs hlutafélags, þ. e. Þyrluflugs h/f. Hér megi þó minna á, að vátryggingarsamningur um tryggingu þyrlunnar, meðan á flutningi stóð frá Bandaríkjunum til Íslands, sbr. dskj. nr. 25, hafi verið gerður við Þyrluflug h/f. Af ákvæðum 54. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20 frá 1954 leiði því, að trygging þessi hafi verið tekin til hagsbóta fyrir væntanlega hluthafa í Þyrluflugi h/f, en samkvæmt upplýsingum lögfræðings þess, sem sjá átti um stofnun hlutafélags þessa, Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, hafi stofnendur átt að vera eftirgreindir menn og hlutafjárframlag sem hér segir:

Lúðvík Karlsson	kr.	940.000
Hrafnhildur Helgadóttir, kona hans	kr.	40.000
Kristján Helgason	kr.	940.000
Guðríður Friðriksdóttir, kona hans	kr.	40.000
Sólveig Kristjánsdóttir, móðir Kristjáns Helgasonar	kr.	40.000
eða hlutafé samtals	kr.	2.000.000

Réttir aðiljar að tryggingarbótunum séu því allir fyrrgreindir aðiljar, enda sé það viðurkennt af lögmanni stefnda í bréfi hans til félagsins, dags. 26. júní 1975, sem fjallar um mál þetta. Beri þeim bætur í réttu hlutfalli við þessi hlutafjárloforð.

Í bréfinu lýsi lögmaður stefnda þó yfir þeirri skoðun sinni, að fyllsta ástæða sé til þess fyrir stefnda að neita að greiða húftryggingu þyrlunnar, og að því er virðist aðallega vegna þess, að flugmaður hennar, Lúðvík Karlsson, hafi sýnt af sér stórkostlega vangá, en þeirri fullyrðingu sé eindregið mótmælt. Auk þess eigi slíkar varnir ekki við um aðra stefnendur málsins. Hvað sem þessum vörnum líði að öðru leyti, sé ljóst, að stefnda beri að sanna það ótvírætt, að tjón það, sem varð og stefnt er út af, hafi orðið fyrir stórkostlegt gáleysi flugmannsins. Í því sambandi megi benda á, að rannsóknarnefnd flugslysa fullyrði ekkert um raunverulegar orsakir slyssins, heldur telji „líklega orsök" þá, að þyrluna hafi skort afl og flugmanninn reynslu til þess að komast í gegnum sviptivindasvæðið við Hjarðarnes, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að þeir telji, að þyrlan hafi verið yfirhlaðin og þungamiðja aftan við leyfð mörk.

Stefndi reisi þá skoðun sína, að Lúðvík Karlsson hafi sýnt gáleysi, og þá um leið sýknukröfu sína, einungis á skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa, sbr. dskj. nr. 3. Við þá skýrslu sé það fyrst að athuga, að hún sé alls ekki ætluð til afnota í einkamálum, heldur til þess að afla upplýsinga, sem draga megi af lærdóm, til þess að slys endurtaki sig ekki. En auk þess sé ýmislegt við rannsókn nefndarinnar að athuga, sem ef til vill megi rekja til þess, að nefndinni hafi ekki verið settar neinar reglur til þess að starfa eftir.

Í fyrsta lagi hafi nefndin látið það viðgangast, að flaki þyrlunnar væri ráðstafað án samráðs við umbjóðendur stefnenda málsins og þannig komið í veg fyrir frekari könnun á því. Megi telja, að með samþykki sínu á þessari ráðstöfun hafi stefndi skuldbundið sig til þess að greiða húftryggingarbætur. Í öðru lagi sé það aðfinnsluvert, að flugmálastjórn skyldi tilkynna Sikorsky verksmiðjunum um slysið og rannsóknarnefnd flugslysa hafi síðan leitað til fulltrúa þeirra, sem komið hafi hingað til lands af þessu tilefni, um upplýsingar til afnota við rannsókn á slysinu. Verksmiðjurnar eigi hér hagsmuna að gæta, þar sem þær gætu hugsanlega orðið ábyrgar. Í þriðja lagi hafi öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna séð ástæðu til þess að gagnrýna flugslysanefnd, meðal annars fyrir að heimila, að leifum þyrlunnar yrði ráðstafað með þeim hætti sem þegar sé greint. Starfshættir nefndarinnar bendi ótvírætt til þess, að hún hafi þegar í upphafi verið sannfærð um, að ofhleðsla og ranghleðsla hafi valdið slysinu, og því ekki sinnt könnun á öðrum hugsanlegum orsökum.

Efnislega sé og margt við skýrslu flugslysanefndar að athuga. Hleðsluskráin, sem áætluð sé í skýrslunni, sé hvergi nærri studd fullnægjandi gögnum og eigi það við um þyngd farþega, farangurs og annars flutnings og niðurskipan þeirra í sæti. Ekki séu áhrif hraðfyllingar metin sem skyldi. Þar styðjist nefndin við frásögn manns, sem óvanur sé slíku verki. Hins vegar hafi Björn Jónsson þyrluflugmaður skýrt svo frá fyrir dóminum, að við hraðfyllingu geti skeikað um allt að 200 enskum pundum. Ekki hafi nefndin gætt þess, að í tómaþunga þyrlunnar sé gert ráð fyrir hluta af eldsneyti, sbr. „Helicopter Specification No 1HA, note 5" (dskj. nr. 37, bls. 5). Þá miði flugslysanefnd áætlun sína við það, að eytt hafi verið bensíni úr fremra geymi, sbr. 2. 1. Niðurstöður XIV, en það fái ekki staðist, sbr. framburð Björns Jónssonar þyrluflugmanns.

Enn fremur sé rannsókn flugslysanefndar áfátt í því, að hún hafi ekki kannað raunverulegt burðarþol þyrlunnar, en ljóst sé, að það sé meira en 7200 pund.

Þá sé það vefengjanlegt, að almennt tíðkist að gera hleðsluskrár og alls ekki sé almenn venja að vigta farþega upp í litlar flugvélar. Lúðvík Karlsson sé því ekki ámælisverður, þótt hann hafi látið slíkt undir höfuð leggjast.

Það sé því algerlega ósannað í málinu, að stórfellt gáleysi flugmannsins hafi verið raunveruleg ástæða slyssins, heldur mjög óhagstætt veður yfir Hjarðarnesi, er slysið varð. Sannað sé, að mjög misvinda hafi verið í lofti þar, vindhraði frá nærri logni og upp í 40 - 50 hnúta snöggar hviður, sbr. skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa á dskj. nr. 3, 1. 7. Megi hér benda á bréf nefndarinnar, dags. 16. júní 1976, dskj. nr. 11, þar sem sú skoðun sé látin í ljós, að með hliðsjón af þeim staðreyndum, sem komi í ljós við rannsókn Veðurstofu Íslands á veðurskilyrðum við Hjarðarnes (dskj. 3, 1. 7), megi telja miklar líkur á því, að slysið hefði getað orðið, þótt hleðsla þyrlunnar hefði verið innan marka.

Því er mótmælt af hálfu stefnenda, að flugmanninn hafi skort reynslu til þess að stjórna þyrlu við þær óvenjulegu aðstæður, sem verið hafi, flugmanninn hafi ekki skort neina reynslu, enda sé ekki hægt að gera þær kröfur til flugmanna almennt, að þeir eigi að geta ráðið við flugvél af þessari gerð undir þeim óvenjulegu kringumstæðum, sem verið hafi. Slík veðurskilyrði séu alger undantekning, sem enginn flugmaður hefði við ráðið, hversu „reyndur" sem hann hefði verið. Flugmaður þyrlunnar verði því ekki, eins og á stóð, gerður ábyrgur af þeim sökum, að hann hafi skort reynslu. Í þessu sambandi er vísað til dskj. nr. 8 og 9, sem sanni, að hér hafi verið um óvenjulega færan flugmann að ræða, sem lokið hafi þeim prófum, sem tilskilin hafi verið, þegar þeim var lokið. Þannig hafi ekki verið sýnt fram á stórfellt gáleysi Lúðvíks Karlssonar og af því leiði, að hann hafi ekki gerst brotlegur við nein varúðarákvæði vátryggingarsamningsins, jafnvel þótt skilmálarnir í skírteinisforminu á dskj. 14 teldust gilda. Af þessum ástæðum verði ekki heldur talið, að hann hafi skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954 fyrirgert rétti til bóta. Ekki komi 45. gr. sömu laga heldur til álita, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á, að áhætta hafi aukist með vilja vátryggða. Beri hér að hafa í huga, að sjálfur hafi Lúðvík verið flugmaður og samstarfsmaður hans farþegi.

Þá sé ekki heldur unnt að sýkna stefnda á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 20/1954, enda ósannað, að Lúðvík Karlsson hafi leynt upplýsingum, er máli skiptu, um flugferil sinn. Hann hafi ekki verið sviptur flugskírteini, heldur samþykkt þann 14. júlí 1972 að fljúga ekki næstu þrjá mánuði og geti slíkt ekki haft áhrif á húftryggingu mörgum árum síðar. Enn fremur sé ósannað, að Lúðvík hafi ekki flogið þá flugtíma, sem skráðir séu í flugbók hans 30. nóv., 1. og 2. des. 1974. En jafnvel þótt mishermt væri í flugbókinni, skipti það ekki máli við gerð vátryggingarsamningsins um þyrluna. Ekki sé það heldur sannað, að hann hafi gefið upp 2000 flugtíma við gerð vátryggingarsamningsins, en auk þess bendi ekkert á, að félagið hefði ekki verið jafnreiðubúið til þess að gera samninginn, þótt hann hefði gefið upp færri tíma, t. d. 1500.

Loks var því haldið fram af hálfu stefnenda, að það væru algerlega óskyld mál húftrygging þyrlunnar og flugrekstrarleyfið. Húftryggingin hljóti að gilda, jafnvel þótt talið yrði, að hann hefði hafið flug, áður en það hefði verið gefið út. Auk þess sé á það að líta, að Lúðvík hafi ekki tekið gjald fyrir flutning farþega, sbr. bréf Valgarðs Thoroddsen rafmagnsstjóra, dags. 2. sept. 1977 (dskj. 32).

V.

Rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda var aðdraganda að gerð vátryggingarsamningsins lýst þannig, að vátryggingartakinn, Lúðvík Karlsson, hafi snúið sér til Gísla Arnar Lárussonar, deildarstjóra stefnda í flugtryggingum, síðari hluta októbermánaðar og spurst fyrir um, hvort stefndi gæti kaskóábyrgðartryggt þyrluna, meðan á æfingaflugi í Bandaríkjunum stæði. Gísli hafi þá verið á förum til London, en þar sem honum hafi ekki verið ljóst, hver iðgjaldsgreiðslan yrði, hafi hann ákveðið að bera það undir endurtryggjendur félagsins í London. Jafnframt viðtali þessu hafi þeir farið sameiginlega yfir vátryggingarskilmálana með hliðsjón af væntanlegri starfsemi þyrlunnar, hafi Lúðvík þótt rétt, ef hægt væri, að tryggingin tæki einnig til hangandi farms (sling cargo). Gísli hafi svo farið til London í byrjun nóvember og eftir að hafa rætt við endurtryggjendur um væntanlegt iðgjald og hvort þess væri kostur, að tryggingin næði einnig til hangandi farms, hafi hann sent skeyti, dags. 15. nóv. 1974, til stefnda, sbr. dskj. nr. 17. Það beri með sér, að endurtryggjendur hafi undanskilið hangandi farm tryggingunni, en vikið frá því, áður en tryggingin hafi tekið gildi.

Í bréfi, dags. 14. janúar 1975 (dskj. 3), komi það skýrt fram, að tryggingin hafi tekið gildi 18. nóv. 1974, og í því sama skjali sé staðfest, að hún nái einnig til hangandi farms. Hafi þyrlan þannig verið komin í tryggingu, alllöngu áður en stofnun hlutafélags um rekstur hennar hafi komið til greina og umsóknin til íslenskra yfirvalda um rekstur þyrlunnar í nafni Þyrluflugs h/f sé dagsett. Allt frá því að þeir fyrst töluðu saman, Gísli og Lúðvík, hafi Lúðvík haft undir höndum prentað form vátryggingarskírteinisins og verið vel kunnugt um ákvæði þess, eins og best sjáist á því, að hann hafi viljað láta trygginguna taka til hangandi farms, sem skírteinið taki ekki til berum orðum. Það fái því ekki staðist, að varnir verði eingöngu byggðar á lögunum um vátryggingarsamninga. Hér komi að sjálfsögðu einnig til álita allir þeir skilmálar, sem settir séu í hinum prentaða texta vátryggingarskírteinisins.

Um aðild stefnenda er því haldið fram af hálfu stefnda, að skv. bréfinu frá 14. janúar 1975 (dskj. 4) sé nafn hins tryggða L. Karlsson. Kaupsamningur um flugvélina (sbr. dskj. 14) sýni greinilega, að Lúðvík Karlsson sé

kaupandi vélarinnar. Skjalið sé undirritað af fulltrúa seljanda og Lúðvík Karlssyni sjálfum sem kaupanda. Stefnendur upplýsi og í rauninni vefengi stefndi það ekki, að til hafi staðið að stofna hlutafélag til kaupa á þyrlunni og reksturs hennar. Gögn liggi fyrir í málinu frá Brynjólfi Kjartanssyni héraðsdómslögmanni um, að honum hafi verið falið að stofna hlutafélag, sem nefnast skyldi Þyrluflug, og stofnendur hafi verið stefnendur máls þessa. Þrátt fyrir það að fyrirhugað væri að stofna slíkt hlutafélag, geti Þyrluflug á engan hátt talist persóna að lögum og væntanlegir hluthafar á engan hátt orðið aðiljar gagnvart stefnda, enda liggi ekkert fyrir um það í málinu, að Lúðvík Karlsson hafi framselt rétt sinn eða hluta til nokkurs aðilja. Sú athöfn að skrá sig sem væntanlegan hluthafa geti ekki aflað mönnum neins réttar skv. 54. gr. laga nr. 20/1954. Hér beri reyndar einnig að hafa í huga, að Kristján Helgason hafi ekki spurt móður sína, hvort hún vildi vera hluthafi. Þótt Þyrluflug sé nefnt í flutningstryggingarskírteininu á dskj. nr. 25, felist í því engin viðurkenning á kröfum annarra stefnenda en dánarbús Lúðvíks Karlssonar. Sú trygging hafi og fallið niður við uppskipun þyrlunnar í Reykjavík. Samkvæmt þessu verði að telja, að eini aðilinn, sem geti gert kröfur á hendur stefnda til bóta fyrir þyrluna sjálfa, sé dánarbú Lúðvíks Karlssonar. Það beri því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum allra annarra aðilja en dánarbús hans. Hinir aðiljarnir hafi ekki sýnt fram á, að neitt það réttarsamband hafi stofnast milli þeirra og stefnda, sem réttlæti kröfugerð þeirra í málinu. Í stefnu þeirra sé rangt, að í bréfi lögmanns stefnda, dags. 26. júní 1975 (dskj. 20), sé viðurkennd aðild annarra en dánarbús Lúðvíks Karlssonar. Það, sem þar segi um Kristján Helgason, sé reist á munnlegum upplýsingum, sem kunni að hafa brenglast, enda hafi bréfritari ekki haft neina heimild til þess að viðurkenna aðild hans.

Lúðvík Karlsson sé tryggingartaki og sé hann eini vátryggði, þar sem hann einn eigi þyrluna, sem vátryggð hafi verið.

Hinn 27. desember 1974 hafi Lúðvík Karlsson sótt um lofthæfisskírteini fyrir þyrluna og sjálfur undirritað umsóknareyðublaðið f. h. Þyrluflugs h/f. Í umsókninni séu greindar þungatölur varðandi þyrluna í enskum pundum. Tómaþungi hennar sé 5669 pund, eldsneyti (fullir geymar) vegi 1026 pund, olía (fullir geymar) 70 pund, leyfður þungi áhafnar 340 pund, þungi alls farms (farþega og flutnings), er eldsneytis- og olíugeymar séu fullir, 95 pund. Mesti leyfður þungi þyrlunnar sé 7200 pund. Í lið 3 í umsókninni segi síðan, að áhöfn sé 1 - 2 og farþegasæti alls 11.

Niðurstöður rannsóknarnefndar flugslysa, sem standi óhaggaðar þrátt fyrir gagnrýni lögmanns stefnenda, sýni, að þyrlan hafi, þegar slysið varð, bæði verið ofhlaðin og rangt hlaðin, þannig að rétt þungahlutföll hafi raskast. Það verði því að telja, að flugmaðurinn hafi í umrætt sinn sýnt af

sér stórkostlegt og vítavert gáleysi. Honum hafi mátt vera fullkunnugt, sbr. umsókn hans, að farþegar og farmur mættu undir engum kringumstæðum vera þyngri en 95 ensk pund, þegar eldsneytisgeymar séu fullir. Þrátt fyrir þetta sé flug hafið með 6 farþega innanborðs. Enga hleðsluskrá virðist hann hafa gert, áður en lagt hafi verið af stað, sem honum þó hafi borið að gera og hefði getað orðið honum til viðvörunar. Hugleiðingar lögmanns stefnenda um, að þyrlan hafi getað borið 7900 ensk pund, séu á misskilningi reistar. Sú þyngd sé aðeins leyfð, t. d. í Bandaríkjunum, við sérstaka og takmarkaða notkun, einkum þegar fluttur sé hangandi farmur, en Lúðvík Karlsson hafi ekki aflað neins slíks leyfis. Þyngdamörkin 7200 ensk pund séu ekki sett að ástæðulausu, enda hafi afleiðingar af of- og ranghleðslu ekki látið á sér standa, þegar veður hafi orðið óhagstætt. Vegna þessa hafi flugmaðurinn, Lúðvík Karlsson, sem hafi verið vátryggingartaki og jafnframt vátryggður, brotið vátryggingarsamninginn, sem hann hafi gert við stefnda, og sé því greiðsluskyldu vegna húftryggingar þyrlunnar hafnað. Í vátryggingarsamningi þeim, sem gilti um þyrluna, segi svo, þar sem fjallað sé um „Warranties", að greiðsluskylda félagsins sé bundin því skilyrði sem hér segir:

„The insured will comply with all air navigation and airworthiness orders and requirements issued by any competent authority and will take all resonable steps to ensure that such orders and requirements are complied with by the Insured's agent (s) and employees and that the aricraft shall be airworthy at the commencement of each flight."

Hér sé m. a. tekið fram, að vátryggði skuli fara eftir öllum fyrirmælum um flug og flughæfni, gefnum út af þar til bærum yfirvöldum, og að þyrlan sé lofthæf við upphaf hvers flugs. Samningsákvæði þetta megi telja varúðarreglu, sem falli undir 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954. Sú grein leggi sönnunarbyrðina á vátryggða, þannig að honum beri að sanna, að brot á varúðarreglu hafi engin áhrif haft á það, að vátryggingaratburðurinn hafi orðið. Enn fremur megi telja, að flugmaðurinn hafi brotið gegn 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954. Megi einnig vísa til 45 gr. sömu laga (aukning áhættu), enda gæti ekkert vátryggingarfélag samþykkt, að tryggt loftfar væri notað andstætt því, sem greindi í flughandbók.

Þegar Lúðvík Karlsson hafi falast eftir vátryggingu hjá stefnda, hafi hann látið undir höfuð leggjast að minnast á, að hann hafi í júlí 1972 verið sviptur flugskírteini sínu í þrjá mánuði vegna gáleysislegs flugs til Þórshafnar á Norð-Austurlandi. Verði að telja, að með þessu hafi vátryggingartaki brotið gegn 6., sbr. 7. gr. laga nr. 20/1954 og ákvæðum vátryggingarsamningsins.

Þá séu flugréttindi forsenda vátryggingarsamnings. Í ljós hafi komið, að Lúðvík Karlsson hafi flogið færri tíma á þyrlu en hann hafi skráð í flugbók. Af gögnum málsins, sbr. einkum dskj. 3 og 8, megi ráða, að hann hafi ekki flogið í Florida 30. nóv., 1. des. og 2. des. 1974, svo sem hann hafi þó skráð í flugbók sína. Þessar röngu upplýsingar séu því brot á 6. gr. laga nr. 20/1954 og ákvæðum vátryggingarsamnings. Einnig hafi hann gefið upp, að flugtími sinn á flugvélum með fastan væng væri um 2000 flugtímar, en í ljós hafi komið (sbr. dskj. 3, tl. 1.5.), að flugtímar hans á slíkum flugvélum séu um 1500. Þessar röngu upplýsingar hans við samningsgerðina varði því við 6. gr. laga nr. 20/1954 og ákvæði vátryggingarsamningsins.

Lögmaður stefnda mótmælti því, að leifar þyrlunnar hefðu verið fluttar brott fyrir tilstuðlan stefnda. Loftferðaeftirlitið hefði beðið um, að það yrði fjarlægt, og engin viðurkenning á bótaskyldu væri fólgin í því að greiða reikning fyrir brottflutninginn.

Hafi Lúðvík Karlsson tekið gjald fyrir flutning farþega þann 17. janúar 1975, hafi hann brotið gegn 1. gr. reglugerðar nr. 91/1973 um fyrirtæki, er starfi að loftflutningum, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar, sjá dskj. 17.

Loks hélt lögmaður stefnda því fram, að jafnvel þótt svo ólíklega færi, að ekki yrði talið, að sýkna bæri meðstefnendur dánarbús L. Karlssonar á aðildarskorti, þá gildi flest sömu rök og hér hafa verið rakin gagnvart þeim og beri þá að sýkna stefnda á sama grundvelli.

VI.

Álit dómsins.

Viðurkenning á persónulegri aðild stefnendanna Hrafnhildar Helgadóttur og Guðríðar Friðriksdóttur og aðild Sólveigar Kristjánsdóttur ræðst af því, hvort þær teljist bíða tjón við það, að þyrlan TF-LKH fórst, vegna þess að þær hafi átt þyrluna, veðrétt í henni eða önnur óbein eignarréttindi eða bæru áhættuna af því, að þyrlan færist, sbr. 54. gr. og 57. gr. laga nr. 20/1954.

Óundirrituð dróg að stofnsamningi um hlutafélag stofna engin þess konar réttindi eða skyldur og veita því engan rétt til vátryggingarbóta úr hendi stefnda samkvæmt framangreindum ákvæðum. Þessir stefnendur hafa ekki með öðrum hætti sýnt fram á, að þeir eigi rétt til vátryggingarbóta úr hendi stefnda. Eru þeir því ekki réttir aðiljar máls þessa, og ber að sýkna stefnda af kröfum þeirra, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Rétt þykir, að málskostnaður að því er þessa stefnendur varðar falli niður.

Af gögnum málsins er ljóst, að þeir Lúðvík Karlsson og Kristján S. Helgason áttu náið samstarf um kaup og rekstur þyrlunnar. Þeir tóku m. a. sameiginlega lán til kaupanna fyrir milligöngu Landsbanka Íslands, og

afhenti Kristján S. Helgason eigin víxil til tryggingar skuldinni, sbr. bréf Landsbankans, dags. 22. janúar og 21. febrúar 1975 (dskj. 30 og 19). Í bréfi Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 28. júlí 1975, (dskj. 21) er greint frá því, að þeir hafi hvor um sig innborgað eina milljón króna vegna væntanlegrar stofnunar hlutafélagsins Þyrluflugs, og í drögum að stofnsamningi er gert ráð fyrir, að hlutur hvors sé kr. 940.000, og í bréfi Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, dags. 21. júlí 1975, (dskj. 7) er lýst afskiptum Kristjáns S. Helgasonar af undirbúningi að stofnun hlutafélagsins. Hefur ekkert af þessu verið vefengt.

Í tryggingarskírteini, sem stefndi gaf út 14. janúar 1975 (dskj. 25) vegna flutningstryggingar þyrlunnar, er tryggingartaki greindur Þyrluflug h/f, c/o Kristján S. Helgason og Lúðvík Karlsson, og í bréfi stefnda til Landsbanka Íslands, dags. 6. nóvember 1974 (dskj. 29), er frá því greint, að stefndi hafi tekið að sér flutningstryggingu á þyrlunni fyrir Kristján S. Helgason og Lúðvík Karlsson. Í framburði sínum hér fyrir dómi 25. nóvember 1977 skýrði Gísli Örn Lárusson, deildarstjóri hjá stefnda, frá því, að hann hafi átt samskipti við þá báða, Lúðvík og Kristján, vegna vátryggingar þyrlunnar.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja nægilega í ljós leitt, að þeir Lúðvík Karlsson og Kristján S. Helgason hafi, er slysið varð, verið sameigendur að þyrlunni og átt helming hvor. Enn fremur verður að telja, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi mátt vera kunnugt um sameign þeirra og þeir mátt gera ráð fyrir, að húftrygging þyrlunnar, sem tók gildi 18. nóvember 1974, hafi verið tekin þeim báðum, Lúðvík og Kristjáni, til hagsbóta. Teljast því dánarbú þeirra beggja, Lúðvíks Karlssonar og Kristjáns S. Helgasonar, réttir aðiljar til þess að krefjast vátryggingarfjár þyrlunnar samkvæmt 54. gr. laga nr. 20/1954.

Þegar þyrlan fórst 17. janúar 1975, hafði stefndi ekki gefið út vátryggingarskírteini, en tryggingartaki fengið í hendur bréf stefnda, dags. 14. janúar s. á., svokallaða „cover note" (dskj. 4). Aðiljar hafa deilt um, hvort leggja beri til grundvallar úrlausn máls þessa skilmála þá um flugvélatryggingu, sem prentaðir séu í vátryggingarskírteinisformi stefnda. sbr dskj. 14.

Framburður Gísla Arnar Lárussonar gefur til kynna, að hann og Lúðvík Karlsson hafi rætt um skilmála í væntanlegum vátryggingarsamningi í október 1974 og Gísli síðan um þessa skilmála við endurtryggjendur í London. Vátryggingin tók síðan gildi 18. nóvember 1974, eins og fyrr sagði.

Gísli skýrði svo frá fyrir dómi 28. nóvember 1977, að orðin í bréfi stefnda 14. janúar 1975 (cover note), sbr. dskj. 4, undir „Situation" merktu, að vélin sé tryggð hér á Íslandi eftir þeim skilmálum, sem settir eru upp. Í þessu tilfelli hafi verið miðað við skírteini, sem nefnist LLoyds AV1, en

það noti stefndi, sbr. dskj. 14. Ef breytingar verði gerðar á skírteininu, þurfi að fá samþykki endurtryggjenda.

Af bréfinu frá 14. janúar 1975 (cover nore, dskj. 4) er ljóst, að viðbótarskilmálar hafa verið settir um notkun þyrlunnar, m. a. að tryggingin skyldi taka til hangandi farms (sling cargo). Er því ljóst, að ætlunin hefur verið að víkja að einhverju leyti frá almennum skilmálum í prentuðu vátryggingarskírteinisformi stefnda (dskj. 14), án þess að til fulls hafi verið gengið frá þeim. Hefur því ekki verið leitt í ljós, svo að óyggjandi sé, með hvaða skilmálum vátryggingarsamningurinn um þyrluna hefur verið gerður. Verður að leggja þá skyldu á vátryggingarfélag, að allir skilmálar í vátryggingarsamningi, sem það ætlar að bera fyrir sig, séu glöggt og skilmerkilega orðaðir, þannig að ekkert fari milli mála. Á því hefur orðið misbrestur hér, og gegn mótmælum stefnenda er ekki unnt að leggja til grundvallar við úrlausn á því, sem um er deilt í máli þessu, þá skilmála í hinu prentaða formi, sem kynnu að koma til álita. Dómur í máli þessu verður því alfarið reistur á lögum nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Í máli þessu hefur verið lögð fram yfirlýsing frá Lúðvík Karlssyni, dags. 14. júlí 1972 (dskj. 71), þar sem hann samþykkir að fljúga ekki í 3 mánuði frá 1. júlí 1972. Afhenti hann síðan loftferðaeftirlitinu skírteini sitt. Var tilefnið það, að hann var talinn hafa brotið flugreglur í flugi 1. júlí 1972, sbr. skýrslu flugöryggisþjónustu flugmálastjórnar sama dag (dskj. 71). Í skilmálum þeim, sem greindir eru í bréfi stefnda, dags. 14. janúar 1975 (cover note, dskj. 4), er miðað við, að Lúðvík Karlsson hafi flogið yfir 2000 flugtíma á flugvélum með föstum væng, og segir Gísli Örn Lárusson í skýrslu sinni fyrir dómi, að þessar upplýsingar séu frá Lúðvík Karlssyni. Í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa er Lúðvík hins vegar talinn hafa flogið 1500 flugtíma og að auki 160 tíma á sviffflugu og á þyrlu samtals 89.21 tíma. Flugbók hans hefur ekki verið lögð fram, enda ekki komið í leitirnar að sögn.

Það er að vísu ekki leitt óyggjandi í ljós, að Lúðvík Karlsson hafi leynt fyrir stefnda, að hann hafi lagt inn skírteini sitt, eins og áður er lýst, eða gefið honum rangar upplýsingar um fjölda flugtíma. En jafnvel þótt slíkri ónákvæmni væri fyrir að fara, þykir hún ekki þess eðlis, að ætla megi, að stefndi hefði ekki tekið að sér vátrygginguna, ef hann hefði haft réttar upplýsingar um þessi atriði, sbr. 6. gr. laga 20/1954.

Lúðvík Karlsson lauk atvinnuflugmannsprófi á þyrlu í Bandaríkjunum 29. nóvember 1974 og hafði þá 55.4 þyrlutíma að baki. Eftir það, eða nánar tiltekið 29. og 30. nóvember og 1. og 2. desember, voru færðir inn í flugbók hans samtals 29.3 flugtímar, þar af 19.2 tímar með hangandi farm (sling cargo). Þessi skráning var án staðfestingar Orlando Helicopter Airways

Inc., þar sem Lúðvík fékk þjálfun sína. Þegar hann sótti um atvinnuflugmannsréttindi á þyrlu, óskaði loftferðaeftirlitið staðfestingar framangreinds flugfélags á því, að Lúðvík hefði flogið þessa tíma, og fékk það svar í bréfi, dags. 10. desember 1974 (dskj. 8), að þessir ástaðfestu flugtímar virtust vera rétt skráðir (appear to be correct), en ekki væri unnt að ganga úr skugga um það, þar sem þyrlan væri í burtu. Einnig var tekið fram, að nám Lúðvíks væri viðurkennt af flugmálastjórn Bandaríkjanna (F. A. A.).

Um áramót 1974 - 1975 átti að ganga í gildi nýr viðauki 1 (annex 1) hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, þar sem fleiri flugtímar en áður voru áskildir á þyrlu til atvinnuflugmannsprófs. Var Lúðvík sent í nóvember 1974 plagg það, sem hér fer á eftir.

„Loftferðaeftirlitið gerir eftirfarandi kröfur til handhafa skírteinis atvinnuflugmanns/flugvél, áður en hann fær innfærð réttindi til þess að stjórna þyrlu í atvinnuskyni:

1. Ef viðkomandi hefur lokið námi hjá viðurkenndum skóla (t. d. viðurkenndur af FAA) og getur lagt fram plögg þar að lútandi:

A. m. k. 75 klst. flugtíma á þyrlu, þar af séu:
a) a. m. k. 27 klst. sem flugstjóri
b) a. m. k. 8 klst. í yfirlandsflugi sem flugstjóri.

Ef námi er ekki lokið hjá viðurkenndum skóla, eru tímar þessir hinsvegar: 115, 35 og 10.

Reykjavík, 6. nóvember 1974."

Samkvæmt þessu skorti Lúðvík Karlsson um 20 þyrlutíma til þess að geta fengið atvinnuflugmannsréttindi hér á landi, ef miðað var við staðfesta tíma í flugbók hans. Hefur Skúli J. Sigurðsson deildarstjóri skýrt svo frá hér fyrir dómi, að eftir móttöku bréfsins frá 10. desember (dskj. 14) hafi loftferðaeftirlitið talið sig hafa nægilega öruggar heimildir um nám Lúðvíks og þjálfun og atvinnuréttindi hans sem þyruflugmanns því færð inn á skírteini hans 20. desember 1974.

Eins og áður greinir, var yfirlýsing Orlando Helicopter Airways ekki afdráttarlaus, og eftir slysið var grennslast frekar fyrir um hina ástaðfestu flugtíma, en ekki fékkst staðfest, að hann hefði flogið þá tíma, sem tilgreindir voru í flugbók hans 30. nóvember, 1. og 2. desember 1974, sbr. skýrslu fulltrúa flugmálastjórnar Bandaríkjanna (F. A. A. um för til Orlando Helicopter Airways Inc., dags. 22. apríl 1975 (dskj. 3, „Trip

report"). Þeir, sem fulltrúar þessir ræddu við, staðhæfðu einungis, að ekki væri unnt að sannreyna, að tímar þessir hefðu verið flognir, nema forstjóri (president) félagsins staðhæfði, að Lúðvík hefði ekki flogið 2. desember, enda farið brott daginn áður. Þá er niðurstaða fulltrúanna sú, að þyrlu þeirri (N15187), sem Lúðvík þjálfaði sig á, hefði samkvæmt skrám hennar (Aircraft records) ekki verið flogið nema rúma 40 tíma frá 4. nóvember—9. desember 1974, þannig að allmjög vantaði á 75 tíma. Enn fremur greindu fulltrúarnir frá því, að viðmælendur þeirra hefðu ekki vitað til, að Lúðvík hefði þjálfað sig í flugi með hangandi farm (sling cargo).

Athugun þessi þykir ekki studd svo óyggjandi gögnum, að taki af öll tvímæli um flugtíma og þjálfun Lúðvíks Karlssonar á þeim tíma, þar sem staðfestingu skortir, nema það helst, að hann hafi ekki flogið 2. desember 1974. M. a. er ekki unnt að útiloka, að hann hafi flogið öðrum þyrlum og einnig flogið fyrir 4. nóvember. Í framburði Gísla Arnar Lárussonar hér fyrir dómi kom fram, að Lúðvík hafi einnig ætlað að þjálfa sig á þyrlu af gerðinni Bell-47. Enn fremur skírskota fulltrúarnir til skráa þyrlunnar (aircraft records), sem í sjálfu sér er ekki ástæða til að vefengja, en rétt hefði þó verið að tilgreina nánar, hvaða gögn hafa verið athuguð.

Við reglur þær, er loftferðaeftirlitið setti 6. nóvember 1974 (dskj. 39), er það að athuga, að ekki er í ljós leitt, að staðið hafi verið að setningu þeirra í samræmi við 36. gr. loftferðalaga nr. 34/1964, þar sem segir, að flugmálaráðherra setji slíkar reglur.

Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að slá því föstu, að Lúðvík Karlssyni hafi verið veitt atvinnuréttindi sem þyrluflugmanni á grundvelli rangra upplýsinga og í ósamræmi við gildandi reglur. Verður dómur í máli þessu ekki reistur á því, að hann hafi gefið rangar upplýsingar um flugmannsréttindi sín við gerð húftryggingarsamningsins um þyrluna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1954.

Í umsókn Lúðvíks Karlssonar um lofthæfisskírteini fyrir þyrluna, dags. 27. desember 1974 (dskj. 15), er tilgreindur mesti leyfður þungi loftfarsins 7200 ensk pund (lbs.), sem skiptist þannig: tómaþungi 5669 pund, þungi eldsneytis, er geymar eru fullir, 1026 pund, olía 70 pund, leyfður þungi áhafnar 230 pund og þungi alls farms (farþega og flutnings), er eldsneytis- og oliugeymar séu fullir, 95 pund. Umsókninni fylgdu flughandbók (fligt manual, sbr. dskj. 36 og 58), útflutningsskírteini um lofthæfi (export certificate of airworthiness), dags. 17. desember 1974 (dskj. 35). Í því er vísað til tegundarlýsingar (helicopter specification) nr. 1H4 (dskj. 37), sem á við þá þyrlu, sem hér um ræðir. Í öllum þessum gögnum er hámarksþungi þyrlunnar tilgreindur 7200 pund.

Verður því að leggja til grundvallar, að Lúðvík Karlssyni hafi verið fullkunnugt um, að mesti leyfður þungi þyrlunnar væri 7200 ensk pund.

Eins og áður er greint, var niðurstaðan í áætlun rannsóknarnefndar flugslysa sú, að þyrlan hafi yfir slysstað verið yfirhlaðin um 788 ensk pund og þungamiðja 3.76 þumlunga aftan við leyfð mörk. Er í skýrslu flugslysanefndar gerð rækileg grein fyrir, hvernig þessi niðurstaða sé fengin, en hér fyrir dómi hafa ýmsar forsendur, sem miðað er við, sætt gagnrýni. Verður hér vikið að þeim atriðum, sem dómurinn telur, að skipt gætu máli:

Niðurskipun manna í þyrlunni. Með skírskotun til skýringa Jóhannesar Snorrasonar og Karls Eiríkssonar, sem raktar eru hér að framan, og skýrslu Guðjóns V. Sigurgeirssonar þykir mega leggja til grundvallar, að í sætum í stjórnklefa hafi setið tveir, einn í annarri sætaröð í farþegaklefa og fjórir í öftustu sætaröð. Ekkert hefur verið leitt í ljós í málinu, sem bendir til þess, að farþegar hafi flutt sig til.

Þungi farþega. Flugslysanefnd hefur áætlað þunga farþega, en ekki gert sem skyldi grein fyrir því, á hverju sú áætlun var reist. Ef miðað er við staðalþyngd, að hver sá, sem í þyrlunni var, hafi verið 165 ensk pund, nemur ofhleðsla yfir slysstað eigi að síður 566 enskum pundum, og þungamiðja verður 2.6 þumlunga aftan við leyfð mörk. Þó verður að telja, að við flutning með þyrlum, sem bera ekki fleiri farþega en sú, sem hér um ræðir, eigi ekki að miða við staðalþyngd, heldur beri flugmanni að meta sjálfstætt þyngd farþega og hlaða í samræmi við það.

Eldsneyti innifalið í tómaþunga. Fallast má á það með lögmanni stefnenda, að í tómaþunga þyrlunnar sé gert ráð fyrir eldsneyti, sem flugslysanefnd hafi ekki gert ráð fyrir í áætlun sinni. Samkvæmt tegundarlýsingu (helicopter specification) Nr. 1H4, note 4 (dskj. 37), nemur þetta eldsneyti 4.75 gallónum í fremri geymi og 2.5 gallónum í aftari geymi, og vegur það þá um 44 ensk pund. Ræður þetta því engum úrslitum við mat á yfirhleðslu.

Hraðfylling. Með skírskotun til skýrslu Elíasar Pálssonar hér fyrir dómi um það, hvernig staðið hafi verið að áfyllingu bensíns, og með hliðsjón af skýringum Karls Eiríkssonar verður ekki annað séð en áhrif hraðfyllingar séu eðlilega metin 10% í skýrslu flugslysanefndar, enda í samræmi við handbók þyrlunnar.

Af hvaða geymi eldsneyti var tekið. Flugslysanefnd miðar við, að á leiðinni að slysstað hafi verið notað eldsneyti af fremri geymi. Í flughandbók þyrlunnar, section II (dskj. 58), er skýrt tekið fram, að ekki sé hægt að nota eldsneyti beint af aftari geymi, heldur verði fyrst að flytja það í fremri geymi og sé það gert með sérstakri dælu, sem flugmaður stjórni. Eru engar líkur á, að flugmaður þyrlunnar hafi dælt milli geyma á þeim stutta tíma, sem leið frá flugtaki til slyss, enda hefði það engu haggað um yfirhleðslu og þungamiðja eftir sem áður aftan við leyfð mörk.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir mega fallast á þá skoðun rannsóknarnefndarinnar, að þyrlan TF-LKH hafi hvort tveggja ver-

ið ofhlaðin og ranghlaðin, þegar hún fórst 17. janúar 1975. Verður niðurstaðan hin sama, þótt fullt tillit sé tekið til allrar gagnrýni lögmanns stefnenda á forsendum þeim, sem flugslysanefnd miðar við, sem dómurinn telur, að við einhver rök kynnu að styðjast, en engar líkur eru þó á því, að þær aðstæður hafi allar verið fyrir hendi. Skiptir því ekki máli, þótt leifar þyrlunnar hafi verið fjarlægðar að kvöldi slysdags með þeim hætti sem áður er lýst, þótt rétt hefði verið að halda til haga og varðveita það, sem heillegt kynni að hafa verið.

Niðurstaðan er því sú, að slysið verði að telja sennilega afleiðingu af ofhleðslu og ranghleðslu þyrlunnar og þá ekki síst, þegar haft er í huga óhagstætt veður yfir slysstað.

Með því að hlaða þyrluna umfram 7200 ensk pund og gæta ekki réttrar þungamiðja hefur flugmaðurinn, Lúðvík Karlsson, hafið flug í þyrlu, sem ekki var lofthæf, og þannig orðið á stórfellt gáleysi. Breytir hér engu, þótt í Bandaríkjunum sé heimilaður 7900 punda þungi við sérstaka takmarkaða notkun (restricted category), sem þó nær ekki til farþegaflugs (sbr. dskj. 24). Með þessu hefur hann firrt dánarbú sitt rétti til húftryggingarbóta samkvæmt vátryggingarsamningi sínum við stefnda, sem gildi tók 18. nóvember 1974, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954. Ber því að sýkna stefnda af kröfum Hrafnhildar Helgadóttur f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður að því er varðar þennan stefnanda.

Kristján S. Helgason, meðeigandi Lúðvíks Karlssonar, tók sér far með þyrlunni, er hún fórst. Ekki hefur því verið haldið fram í máli þessu, að hann hafi haft tæknilega þekkingu á þyrlum, stjórn þeirra og meðferð. Ekki verður því talið, að hann hafi sýnt af sér gáleysi né aðhafst neitt annað, sem firrt gæti dánarbú hans rétti til bóta. Ber því að dæma dánarbúi hans helming vátryggingarbóta, eða $ 35.000.00.

Vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og er hún því tekin til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.000.000.

Dóm þennan kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og meðdómendurnir Sigurður Líndal prófessor og Þorgeir Pálsson flugverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, skal vera sýkn af persónulegum kröfum stefnendanna Guðríðar Friðriksdóttur, Hrafnhildar Helgadóttur og Sólveigar Kristjánsdóttur svo og kröfum Hrafnhildar Helgadóttur f. h. dánarbús Lúðvíks Karlssonar. Málskostnaður að því er þessa stefnendur varðar fellur niður.

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnanda Guðríði Friðriksdóttur f. h. dánarbús Kristjáns Helgasonar $ 35.000.00 með 15.75% ársvöxtum frá 17. janúar 1975 til 1. ágúst 1977, en með 16.25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en 19.5 ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 22.5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1.000.000 í málskostnað, allt inn 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. febrúar 1983.

Nr. 178/1982. **Valdstjórnin**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
X
(Gylfi Thorlacius hrl.).

Lögræði. Sjálfræðissvipting felld niður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk skipaðs lögráðamanns varnaraðilja með stefnu 31. ágúst 1982.

Af hálfu valdstjórnarinnar er þess krafist, að staðfestur verði úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júlí 1982, þar sem synjað er beiðni um niðurfellingu sjálfræðissviptingar X, fæddrar 1950, svo og að áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur frá 2. júlí 1982 verði felldur niður og að krafa um niðurfellingu sjálfræðissviptingar varnaraðilja samkvæmt dómi í málinu nr. 306/1980: Valdstjórnin gegn X verði tekin til greina. Einnig er þess krafist, að talsmönnum varnaraðilja verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er rakið vottorð Jóns G. Stefánssonar læknis. Hafði héraðsdómarinn áður reynt að afla vottorðs um andlega heilsu varnaraðilja frá yfirlæknum Kleppsspítalans.

Í flutningi málsins fyrir Hæstarétti var tekið fram af hálfu valdstjórnarinnar og varnaraðilja, að eftir áfrýjun úrskurðar þess, sem upp var kveðinn 2. júlí 1982, hefði verið reynt að fá ný læknisvottorð, en það hefði ekki tekist. Verður vottorð Jóns G. Stefánssonar læknis því lagt til grundvallar í málinu. Verður samkvæmt því að telja ósannað, að varnaraðili hafi verið ófær um að ráða persónulegum högum sínum, er hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp, og því hafi ekki verið fyrir hendi skilyrði þau, sem lágu til grundvallar sjálfræðissviptingu varnaraðilja 12. júní 1980. Verður sjálfræðissvipting varnaraðilja því felld úr gildi.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 á allur kostnaður af málinu að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns varnaraðilja hér fyrir dómi, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur, en ákvæði hins áfryjaða úrskurðar um málskostnað á að vera óbreytt.

Dómsorð:

Felld er niður sjálfræðissvipting varnaraðilja, X, fæddrar 1950.

Málskostnaður greiðist úr ríkisisjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði, Svölu Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur, og fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í 12. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 segir m. a., að tilmæli til héraðsdómara þess efnis, að lögræðissvipting sé úr gildi felld, skuli studd gögnum um breyttar ástæður hins lögræðissvipta aðilja. Þá segir, að tilmælunum skuli að jafnaði ekki sinnt, ef lögræðissvipting hefur verið byggð á 1. tölulið 5. gr. laganna, eins og hér var, nema þeim fylgi meðmæli embættislæknis. Slík meðmæli hafa ekki komið fram í þessu máli. Af gögnum málsins og málflutningi verður ekki

séð, að ástæður varnaraðilja hafi breyst frá 1980, en hún var svipt sjálfræði 12. júní það ár.

Með þessari athugasemd ber að mínu áliti að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Ég er sammála því, sem segir í dómsorði um málflutningslaun.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júlí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 2. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 18. mars sl., barst dóminum bréf A, ... Reykjavík, dags. 12. janúar sl., þar sem hún kveðst falla frá beiðni sinni um sjálfræðissviptingu dóttur sinnar, X, sem hún lagði fram á árinu 1980, þar sem hún sjái enga ástæðu til að svipta hana sjálfræði framar (sic). Einnig fylgdi bréfi ríkissaksóknara rannsóknarlögregluskýrsla, þar sem A staðfestir efni bréfs síns.

X, ..., Reykjavík, fædd 1950, var svipt sjálfræði með dómi, uppkveðnum 12. júní 1980. Í niðurlagi dómsins segir m. a., að X hafi verið vistuð á Kleppsspítala í mars og apríl 1980, en sjúkdómsgreiningu hafi ekki verið lokið, á meðan hún dvaldi þar, en samkvæmt framburði Ólafs Jóhanns Jónssonar, læknis á Kleppsspítala, og Heimis Bjarnasonar aðstoðarborgarlæknis séu líkur á, að hún sé haldin sjúkdómnum schizophrenia paranoides. Þá segir, að andlegri heilsu X sé svo komið, að hún teljist ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum. Var hún svipt sjálfræði með vísan til 1. tl. 5. gr. lögræðislaga nr. 95/1947.

X óskaði að áfrýja dóminum, og var gefin út áfrýjunarstefna hinn 15. september 1980, sem var birt móður hennar á heimili þeirra hinn 27. júlí 1981. Þann 17. mars 1982 féll X frá ósk sinni um áfrýjun, og lét ríkissaksóknari þar við sitja.

Eftir að X var svipt sjálfræði, var B, ... Reykjavík, skipaður lögráðamaður hennar.

Samkvæmt þeim gögnum, sem dómarinn hefur aflað í máli þessu, dvaldi X erlendis lengst af, eftir að hún var svipt sjálfræði og fram í janúar 1982. Í febrúar 1981 var hún lögð inn á geðsjúkrahús í Þýskalandi, en hún reyndist þá einnig þjást af lífshættulegum blóðsjúkdómi. Í ágúst 1981 var hún sett í fangelsi í Róm á Ítalíu, en látin laus fyrir atbeina aðalræðismannsins þar, sem útvegaði henni fé, m. a. til þess að komast til Genf í Sviss.

X sneri sér oftar en einu sinni til fastanefndar Íslands í Genf og leitaði

eftir fjárhagsaðstoð, en vildi hvorki gefa upplýsingar um fyrirætlanir sínar né fara heim til Íslands. Í nóvember 1981 fór X til systur sinnar í Svíþjóð, en hvarf þaðan til Kaupmannahafnar, eftir að systir hennar hafði reynt að fá hana til að þiggja læknishjálp. Hinn 25. nóvember 1981 óskaði lögráðamaður X aðstoðar utanríkisþjónustunnar við að koma X í læknismeðferð í Kaupmannahöfn, og veitti dómsmálaráðuneytið samþykki sitt fyrir því. Áður en til þess kæmi, hafði danska lögreglan sleppt henni úr haldi.

Í ársbyrjun 1982 sneri X sér til íslenska sendiráðsins í París í Frakklandi og kvaðst vera á förum til Íslands, en skorti fé. Var henni veitt nauðsynleg fjárhagsaðstoð og jafnframt útvegaður flugfarseðill, sem gilti eingöngu til Íslands.

Samkvæmt gögnum málsins þurfti X alloft að leita aðstoðar vegna fjárskorts þann tíma, sem hún dvaldi erlendis, og olli ýmsum vandræðum. Móðir hennar og lögráðamaður munu hafa innt af hendi greiðslu fyrir hana.

Í mars sl. fór lögráðamaður X þess á leit við dómsmálaráðuneytið, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að hún færi úr landi.

Að morgni 15. febrúar sl. var lögreglan í Reykjavík kvödd að .... Samkvæmt lögregluskýrslu hafði X tekið peninga af móður sinni, A, og haft í hótunum við hana. Lögreglan hafði upp á X skömmu síðar, og var hún að ósk A vistuð í fangageymslu, en færð á geðdeild Landspítalans næsta dag.

Hinn 10. mars sl. óskaði lögráðamaður X eftir því, að lögreglan hefði upp á henni í því skyni að koma henni til lækninga. Sama dag fór lögreglan að ..., þar sem X hélt þá til, og að sögn íbúa þar hafði hún lokað sig inni á salerni og verið þar í 2 daga. Lögreglumenn fengu hana til að koma út af salerninu, en hún féllst ekki á að fylgja þeim, og varð að færa hana með valdi í lögreglubifreiðina. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar virtist X vera lítillega undir áhrifum áfengis, en í annarlegu ástandi.

Fyrst eftir að dómarinn fékk beiðni A í hendur, hafði X ítrekað símasamband við hann og krafðist þess, að bréf lögráðamanns hennar til dómsmálaráðuneytisins um ráðstafanir til að hindra brottför hennar úr landi yrði ógilt. Dómarinn skoraði á hana að færa fram læknisvottorð um andlegt heilbrigði hennar, sbr. 1. mgr. i. f. 12. gr. laga nr. 95/1947, en hún taldi bréf móður sinnar vera fullnægjandi til þess, að hún öðlaðist sjálfræði á ný.

Gerðar voru ítrekaðar tilraunir í mars og apríl sl. til þess að kveðja A fyrir dóminn, en hún sá sér ekki fært að koma vegna heilsubrests. A lést ....

Í lok apríl sl. kom X til Írlands með skipi frá Englandi. Samkvæmt gögnum málsins mun hún hafa komið til Southamton í Englandi, en verið neitað um landgönguleyfi. Hún mun þá hafa haldið áfram til Írlands, en á leið þangað kveikt í tveimur káetum í skipi því, sem hún var með. X kom til

Íslands frá Írlandi hinn 30. apríl sl. í fylgd tveggja hjúkrunarfræðinga og var vistuð í geðdeild Landspítalans.

Með bréfi, dags. 10. maí sl., var þess farið á leit við yfirlækna Kleppsspítalans, að dóminum yrði látið í té vottorð um andlega heilsu X vegna máls þessa. Í svari Lárusar Helgasonar yfirlæknis, dags. 2. júní sl., segir svo: „Með tilliti til meðferðartengsla óskum við ákveðið eftir því að veita ekki upplýsingar án samráðs við viðkomandi sjúkling."

X kom fyrir dóminn 8. júní sl. og óskaði þá eftir að fá sjálfræði á ný. Kvað hún móður sína hafa ritað beiðni þess efnis að hennar ósk.

X kvaðst hafa verið erlendis í tæplega eitt og hálft ár, uns hún kom til landsins í janúar sl. Hún hafi unnið við kvikmyndagerð á eigin vegum, en einnig önnur störf, sem nægðu henni til framfæris.

Er X kom fyrir dóminn, kvaðst hún hafa dvalið í rúman einn mánuð á geðdeild Landspítalans gegn vilja sínum, en ekki verið í læknismeðferð og engin lyf tekið þar. Kvaðst hún ekki vilja vera íslenskur ríkisborgari, en vera að sækja um ríkisborgararétt í Englandi. Af þeim sökum hafi hún brennt vegabréf sitt, þegar hún var á leið til Írlands í lok apríl sl., en þar hafi hún verið handtekin og lokuð inni á geðsjúkrahúsi í nokkra daga og síðan send með fylgdarmönnum til Íslands og vistuð á geðdeild. Kvaðst X hafa útskrifast þaðan 8. júní sl.

Í þessu þinghaldi skoraði dómarinn enn á X að leggja fram vottorð læknis um andlega heilsu hennar.

Lögráðamaður X, vitnið B ..., Reykjavík, kom fyrir dóminn 11. júní sl. Kvaðst það hafa verið skipað lögráðamaður X um sumarið 1980 með samþykki hennar og jafnvel samkvæmt ósk hennar. Það kvaðst vera óskylt henni, en þau hafi þekkst áður.

Vitnið kvað móður X hafa orðið við þrálátri beiðni hennar um að leggja henni lið við að fá sjálfræði á ný, en það kvaðst hvorki hafa mælt með né á móti beiðni þar um, þegar A bar hana undir það. Það taldi andlega heilsu X vera nánast óbreytta frá því sem var, þegar hún var svipt sjálfræði, en ástand hennar sé þó breytilegt. Einkenna sjúkdóms hennar gæti yfirleitt, en mismikið. Hún svelti sig, sofi ekki og sé full af ótta við eitthvað og haldist jafnvel ekki við af þeim sökum. Þá kvað vitnið sér vera kunnugt um, að X hafi beitt móður sína ofbeldi og tekið frá henni verðmæti ófrjálsri hendi.

Vitnið kvað X hafa verið vistaða á Kleppsspítala, fyrst eftir að hún var svipt sjálfræði. Hún hafi einnig verið á geðsjúkrahúsi í Þýskalandi í 1—2 vikur á síðasta ári og einnig á Írlandi í 2—3 daga sl. vor. Þá hafi hún enn fremur verið vistuð samkvæmt ósk vitnisins á geðdeild Landspítalans í um eina viku sl. vetur, en engan bata fengið, og aftur í maí og fram í júní sl.

Vitnið kvað X hafa dvalist mikið erlendis sl. 10 ár, m. a. frá því um sumarið 1980 og þar til í janúar sl., en á þeim tíma hafi það ekkert hitt hana né eftir að hún var lögð inn á geðdeild síðast. Það kvaðst telja hana hafa gaman af að ferðast, en einnig að hún sé með þessu að flýja eitthvað. Á ferðum sínum hafi hún átt erfitt með að hafa ofan af fyrir sér og hafi móðir hennar oft þurft að senda henni fé.

Vitnið kvaðst hafa talið ástand X vera með versta móti, þegar það ritaði dómsmálaráðuneytinu í mars sl. og óskaði eftir, að ráðstafanir yrðu gerðar til að koma í veg fyrir, að hún færi úr landi. Það kvaðst þó ekki telja hana vera hættulega, en hún fari illa með sig, t. d. með því að borða ekki.

Vitnið taldi ástand X, eins og það var, áður en hún var síðast vistuð á geðdeild, ekki benda til þess, að hún væri fær um að ráða persónulegum högum sínum, né hafa breyst svo, síðan hún var svipt sjálfræði, að niðurfelling sjálfræðissviptingar sé réttlætanleg.

Í vottorði Jóns G. Stefánssonar, læknis á geðdeild Landspítalans, dags. 11. júní sl., sem stílað er á X og hún lagði fram í máli þessu, segir svo: „Að beiðni þinni votta ég, að þú ert veik af geðklofa (schizophrenia). Einkenni veikindanna eru m. a. óraunhæfur ótti og óraunhæfar hugmyndir um sjálfa þig og afstöðu annarra til þín.

Einkenni veikindanna hafa stundum magnast svo, að til verulegra erfiðleika hefur komið í samskiftum þínum við annað fólk, og geta þín til að sinna nauðþurftum, svo sem að neyta nægilegrar fæðu, hefur skerst alvarlega. Stundum hafa þessir erfiðleikar orðið það miklir, að hætta hefur stafað af.

Undanfarnar vikur hafa einkenni veikindanna verið með minnsta móti, og ég tel þig alveg sjálfbjarga eins og nú er. Hvenær frekari erfiðleikar vegna sjúkdómsins koma upp, er erfitt að spá um, en ég vil áfram vera þér til þeirrar aðstoðar, sem ég get."

X hefur enn fremur lagt fram skjal, dags. 24. júní sl., sem hún kallar „greinargerð um heilbrigði mitt," að tilhlutan D. Ekki verður séð, að þessi greinargerð varði mál þetta, enda getur hún tæpast talist fjalla um heilbrigði X.

Niðurstöður.

Samkvæmt 6. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 skal veita lögræðissviptum manni lögræði á ný, ef ástæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi. X var, svo sem fyrr segir, svipt sjálfræði vegna ástæðna, sem greindar eru í 1. tl. 5. gr. lögræðislaga.

Samkvæmt vottorði Jóns G. Stefánssonar læknis, sem að framan er rakið, er X veik af geðklofa (schizophrenia), sem hefur stundum m. a. leitt til verulegra erfiðleika í samskiptum við fólk. Enn fremur hefur hún af

þessum sökum ekki nærst sem skyldi, jafnvel svo, að hætta stafaði af.

Af gögnum málsins er ljóst, að utanríkisþjónustan þurfti alloft að greiða götu X, þegar hún var erlendis 1980 til janúar 1982, bæði með peningasendingum og á annan hátt. Enn fremur komu mál hennar til kasta utanríkisráðuneytisins, eftir að hún var vistuð á geðsjúkrahús á Írlandi í apríl sl., en hún hafði þá komist úr landi þrátt fyrir farbann. Af þessu öllu þykir mega ráða, að X hafi ekki verið fær um að sjá sér farborða eða ráða högum sínum sjálf, og þykir mega rekja það til geðsjúkdóms hennar.

Í vottorði Jóns G. Stefánssonar læknis segir einnig, að einkenni veikinda X hafi verið „með minnsta móti" undanfarnar vikur og að hann telji hana „alveg sjálfbjarga, eins og nú er." Hins vegar er látið að því liggja, að hún muni eiga eftir að eiga í frekari erfiðleikum vegna sjúkdómsins, en erfitt sé að spá um, hvenær það verði.

Svo sem fyrr segir, var X vistuð á geðsjúkrahús á Írlandi sl. vor, en færð til Íslands í fylgd hjúkrunarfærðinga. Hún var síðan vistuð á geðdeild hér samkvæmt ósk lögráðamanns hennar og gegn vilja hennar, þar sem hún dvaldi í um 5 til 6 vikur. Ekkert bendir til þess, að X hafi leitað sér læknisaðstoðar vegna geðsjúkdóms síns af eigin hvötum, og hún kannast ekki við að hafa verið í læknismeðferð þann tíma, sem hún dvaldi nauðug á geðdeild Landspítalans nú í vor.

Þrátt fyrir það að læknirinn telji X vera „alveg sjálfbjarga, eins og nú er," þykir sannað með því, sem að framan er rakið, að hún sé haldin geðsjúkdómi, sem geri henni ókleift að ráða persónulegum högum sínum. Greinargerð X um „heilbrigði" hennar, sem áður er getið, þykir einnig heldur benda til þess, að hún sé ekki andlega heilbrigð.

Í greinargerð talsmanns X, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, er bent á, að bæði hér á landi og erlendis sé fjöldi fólks, sem þjáist af geðklofa, en lifi fullkomlega eðlilegu lífi með góðri læknismeðferð og réttum lifnaðarháttum. Í máli þessu er í ljós leitt, að X hefur ekki viljað þiggja aðstoð lækna og hefur heldur ekki lifað „eðlilegu lífi," sem e. t. v. er hvort tveggja af sömu rót runnið.

Með því, sem nú hefur verið rakið, þykir vera sannað, að ástæður þær, sem greindar eru í 1. tl. 5. gr. lögræðislaga og leiddu til sjálfræðissviptingar X, eru enn fyrir hendi, og ber því samkvæmt 6. gr., sbr. 12. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 að synja beiðni um niðurfellingu sjálfræðissviptingar hennar.

Samkvæmt 15. gr. lögræðislaga ber að greiða kostnað vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns X, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 1.800.00 krónur.

Úrskurðarorð:

Beiðni um niðurfellingu sjálfræðissviptingar X, fæddrar ... 1950, er synjað.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns X, Svölu Thorlacius héraðsdómslögmanns 1.800.00. krónur.

Mánudaginn 21. febrúar 1983.

Nr. 131/1982. **Haukur Leósson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur V. Jósefsson hrl.)
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
(enginn)
Framkvæmdastofnun ríkisins
(enginn)
Landsbanka Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Hirti Torfasyni
(sjálfur)
Útvegsbanka Íslands
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Sparisjóði vélstjóra
(enginn)
Jóni Magnússyni
(Benedikt Sveinsson hrl.)
Þórarni Árnasyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Boga Ingimarssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Guðmundi Jónssyni
(Hákon Árnason hrl.)
Magnúsi Fr. Árnasyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ara Ísberg
(Páll S. Pálsson hrl.)
Hallgrími B. Geirssyni
(Gestur Jónsson hrl.)
Jóni G. Briem,
(enginn)
Þorvaldi Lúðvíkssyni
(sjálfur)
Reinhold Kristjánssyni
(enginn)
Jóni Ingólfssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Kristni Sigurjónssyni
(sjálfur)
Grétari Haraldssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Sigurði H. Guðjónssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Ólafi Axelssyni og
(enginn)
Jónasi Gústavssyni borgarfógeta
(enginn).

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. júní 1982, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu sama dag og krafist þess aðallega, að hinni áfrýjuðu nauðungaruppboðsgerð verði hrundið og synjað verði um framgang hennar að öllu leyti, en til vara, að lagt verði fyrir uppboðshaldarann í Reykjavík að fresta uppboðsþingi „til þriðju og síðustu fyrirtöku."

Áfrýjandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Bogi Ingimarsson, Guðmundur Jónsson, Grétar Haraldsson, Jón Ingólfsson, Jón Magnússon, Kristinn Sigurjónsson, Magnús Fr. Árnason, Þórarinn Árnason, Þorvaldur Lúðvíksson og Útvegsbanki Íslands hafa krafist þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Hallgrímur B. Geirsson, Sigurður H. Guðjónsson, Ari Ísberg og Iðnaðarbanki Íslands h/f hafa krafist sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður hefur sótt þing af hálfu handhafa veðskuldabréfs, tryggðs með 5. veðrétti í fasteigninni Viðjugerði 8 í Reykjavík, og krafist sýknu af kröfum áfrýjanda.

Stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík og Landsbanki Íslands hafa krafist þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Einar Bergmann, Diðrik Sigurðsson, Hilmar Friðriksson og Pétur Valdimarsson hafa látið sækja þing fyrir Hæstarétti og krafist þess, að hin áfýjaða uppboðsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað.

Tómas Zoëga hefur sem framsalshafi réttar uppboðskaupanda fasteignarinnar Viðjugerðis 8 í uppboðsrétti látið sækja þing fyrir Hæstarétti og krafist þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest.

Af hálfu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Sparisjóðs vélstjóra, Jóns G. Briem, Reinholds Kristjánsson, Ólafs Axelssonar og Jónasar Gústavssonar borgarfógeta hefur ekki verið sótt þing.

Síðari hluta árs 1979 og til 4. september 1980 bárust yfirborgarfógetanum í Reykjavík 5 beiðnir um nauðungaruppboð á fasteigninni Viðjugerði 8 hér í borg, sem er eign áfrýjanda. Þann dag var tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur „að selja við nauðungaruppboð Viðjugerði 8, eigandi Haukur Leósson, eftir kröfu Helga V. Jónssonar o. fl." Lágu þá frammi uppboðsbeiðnir frá Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni vegna Sparisjóðs vélstjóra, Útvegsbanka Íslands og Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni vegna Diðriks Sigurðssonar auk beiðna, sem síðar hafa verið afturkallaðar.

Í réttinum voru mættir af hálfu uppboðsbeiðenda Þorvaldur Lúðvíksson og Jóhann Gíslason, en eigandi eignarinnar var ekki viðstaddur.

Sala var ákveðin á eigninni sjálfri 29. október 1980, kl. 1500, að undangenginni auglýsingu í dagblöðunum.

Uppboðsmálið var næst tekið fyrir 2. apríl 1981.

Var þá bókað:

„Áður framl. skjöl eru til staðar í réttinum. Nú leggur uppboðshaldari fram nr. 18 veðbókarvottorð, nr. 19 sölubeiðni Framkvæmdasjóðs, nr. 20 skuldabréf, nr. 21 sölubeiðni Reinholds Kristjánssonar, hdl., nr. 22 fjárnám, nr. 23 - 26 sölubeiðnir og fjárnám Jón Ingólfsson, hdl., nr. 27 sölubeiðni Þorvaldur Lúðvíksson nr. 28 fjárnám, nr. 29 sölubeiðni Skúla J. Pálmasonar, hrl., nr. 30 skuldabréf, nr. 31 sölubeiðni Kristins Sigurjónssonar, hrl. nr. 32—33 fjárnám, nr. 34 sölubeiðni Grétars Haraldssonar, hrl., nr. 35 fjárnám.

Uppboðið var auglýst í 38., 60. og 64 tbl. Lögbirtingablaðs 1980 og í dagbl. Visi.

Mættur er í réttinum Stefán Pétursson, hrl., v/Landsbanka Íslands og leggur fram nr. 36 sölubeiðni Landsbanka Ísl., nr. 37 tryggingarbréf.

Þá er mættur Þorvaldur Lúðvíksson hrl., Grétar Haraldsson, hrl., Magnús Árnason hrl., Jón Ingólfsson, hdl., Reinhold Kristjánsson hdl., Jóhann Gíslason, hdl. v/Útvegsbanka Íslands.

Eigandi eignarinnar er mættur.

Þá er einnig mættur Helgi V. Jónss., hrl.

Mættum eru kunnir uppboðsskilmálar.

Þessi boð komu fram: Kr. 500.000.00 Grétar Haraldsson, hrl.

Fleiri boð komu ekki fram.

Mættur Haukur Leósson biður um, að fram fari annað og síðasta uppboð, og fer það fram hér á sama stað í júní n. k., uppboðsdagur ákveðinn síðar og þá auglýstur á venjulegan hátt."

Enn bárust yfirborgarfógetanum beiðnir um nauðungaruppboð á þessari sömu fasteign til 22. september 1981. Meðal uppboðsbeiðna þessara voru: Beiðni Sigurðar H. Guðjónssonar héraðsdómslög-

manns f. h. Hörpu h/f, beiðni Ólafs Axelssonar héraðsdómslögmanns f. h. Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f, beiðni Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, beiðni Kristins Björnssonar héraðsdómslögmanns f. h. Olíufélagsins Skeljungs h/f, beiðni Sveins Finnssonar héraðsdómslögmanns f. h. dánarbús Baldvins K. Sveinbjörnssonar og beiðni Gísla Baldurs Garðarssonar héraðsdómslögmanns f. h. Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Áfrýjandi fór þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík hinn 22. september 1981, að sér yrði veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrem mánuðum samkvæmt ákvæðum II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Með úrskurði sama dag varð skiptaráðandinn við beiðni áfrýjanda. Að ósk áfrýjanda ákvað skiptaráðandinn með úrskurði 21. desember 1981, að heimild til greiðslustöðvunar skyldi framlengd í allt að tveim mánuðum.

Hinn 23. mars 1982 var haldið annað og síðasta uppboð á eigninni samkvæmt ákvörðun í uppboðsrétti 2. apríl 1981.

Auk beiðna þeirra, sem áður er lýst, komu fram sölubeiðnir frá eftirtöldum aðiljum: Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, Hirti Torfasyni hæstaréttarlögmanni, Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, Boga Ingimarssyni hæstaréttarlögmanni, Guðmundi Jónssyn héraðsdómslögmanni, Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni, Ara Ísberg héraðsdómslögmanni, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni vegna Péturs Valdimarssonar, Jóni Ingólfssyni héraðsdómslögmanni vegna Hilmars Friðrikssonar og Jóni Briem héraðsdómslögmanni vegna Huxleys Ólafssonar.

Í þinghaldi þessu var bókað:

„Við fyrstu fyrirtöku uppboðs þessa í uppboðsrétti þann 4. september 1980 var ákveðin sala, sem fram skyldi fara þann 29. september sama ár.

Samkvæmt beiðni uppboðsþola og með samþykki allra uppboðsbeiðenda var því söluþingi frestað fjórum sinnum utan réttar, síðast til 2. apríl 1981.

Á því uppboðsþingi kom fram eitt boð í eignina, kr. 500.000.00, frá Grétari Haraldssyni hrl.

Eftir beiðni uppboðsþola var ákveðið, að fram færi annað og síðara uppboð á eigninni í júnímánuði 1981, en því söluþingi síðan

frestað utan réttar samkvæmt beiðni uppboðsþola og með samþykki uppboðsbeiðenda til 25. september 1981.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur fékk uppboðsþoli þann 21. september 1981 heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði og síðan heimiluð greiðslustöðvun í aðra tvo mánuði með úrskurði skiptaréttar, dags. 21. desember 1981.

Að lokinni greiðslustöðvun var ákveðið, að sala á eigninni færi fram í dag.

Uppboðið var auglýst í dagblaðinu Vísi og í Morgunblaðinu.

. . .

Uppboðsþoli Haukur Leósson er sjálfur mættur og með honum Árni Grétar Finnsson, hrl., sem óskar eftir því við uppboðsbeiðendur, að þeir veiti frest á uppboði þessu, en uppboðsbeiðendur samþykkja ekki frestun á uppboðinu.

Lesnir uppboðsskilmálar.

Þessi boð komi nú í eignina:

Kr. 1.000.000.00 Kristinn Sigurjónsson hrl.
Kr. 1.300.000.00 Jón G. Briem, hdl.
Kr. 1.500.000.00 Kristinn Sigurjónsson hrl.
Kr. 1.800.000.00 Þorvaldur Lúðvíksson hrl.
Kr. 2.000.000.00 Kristinn Sigurjónsso hrl.
Kr. 2.100.000.00 Þorvaldur Lúðvíksson og Grétar Haraldsson
Kr. 2.400.000.00 Kristinn Sigurjónsson hrl.

Fleiri boð komu ekki fram.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um fram komin boð."

Í uppboðsrétti Reykjavíkur hinn 5. apríl 1982 skyldi taka ákvörðun um framkomin boð í húseignina Viðjugerði 8 á uppboðsþinginu 23. mars. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Kristinn Sigurjónsson hrl., sem var hæstbjóðandi á uppboðinu og bauð hann kr. 2.400.000.00.

Þá er einnig mættur í réttinum Tómas Zoëga læknir.

Mættur Kristinn Sigurjónsson hrl. lýsir því yfir, að hann framselji mættum Tómasi Zoëga boð sitt í eignina, og Tómas lýsir því yfir,

að hann yfirtaki boðið ásamt þeim skuldbindingum, sem uppboðsskilmálar leggja hæstbjóðanda á herðar.

Uppboðshaldari lýsti því yfir, að hann samþykkti ofangreint boð í hina seldu eign ásamt framsali þess til Tómasar Zoëga.

Mættur Tómas Zoëga greiðir í réttinum uppboðskostnað kr. 63.257.00 og kr. 416.743.00 upp í uppboðsverðið."

Uppboðshaldarinn útbjó nú frumvarp að úthlutunargerð uppboðsverðsins, 2.400.000.00 krónur, sem skiptist þannig:

,,1.	Gjaldheimtan í Reykjavík, fasteignagj.	kr.	21.200.00
2.	Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins, 1. veðr.	—	5.118.20
3.	Framkvæmdasjóður Íslands, 2. veðr. ...	—	22.229.20
4.	Handhafi 3 veðsk.bréf á 3. veðr.	—	6.373.33
5.	Landsbanki Íslands, tryggingarbréf, 4. veðr.	—	18.122.55
6.	Hjörtur Torfason hrl. v/handhafa 5. veðr.	—	6.364.00
7.	Landsbanki Íslands, 6. veðr.	—	10.301.40
8.	Útvegsbanki Íslands, 7. veðr.	—	118.780.75
9.	Sparisj. vélstjóra, 8. veðr.	—	41.406.15
10.	Jón Magnússon hdl. v/9. veðr.	—	135.489.00
10.	Þórarinn Árnason hdl. v/9. veðr.	—	46.701.85
10.	Bogi Ingimarsson v/9. veðr.	—	50.122.50
11.	Jón Magnússon hdl. v/10[I] veðr.	—	16.060.50
12.	Landsbanki Íslands v/10[II] veðr.	—	122.250.00
13.	Magnús Fr. Árnason hrl. v/11. veðr. ..	—	99.246.00
13.	Magnús Fr. ÁRnason hrl. v/11. veðr. ..	—	111.229.54
13.	Ari Ísberg hdl. v/11. veðr.	—	26.855.60
14.	Hallgrímur Geirsson hdl. v/12. veðr. ...	—	343.732.77
14.	Jón G. Briem hdl. v/12. veðr.	—	219.625.00
15.	Þorvaldur Lúðvíksson hrl. v/Diðriks Sigurðss., fjárnám	—	106.689.50
16.	Sami v/sama, fjárnám	—	153.501.00
17.	Reinhold Kristjánsson hdl., fjárnám	—	68.801.00
18.	Jón Ingólfsson, fjárnám	—	35.655.50
19.	Sami "	—	44.185.50
20.	Sami "	—	62.636.10

21.	Sami fjárnám	kr.	67.958.00
22.	Þorvaldur Lúðvíksson hrl. v/Einars Bergmann, fjárn.	—	63.356.80
23.	Kristinn Sigurjónsson hrl. v/Péturs Valdimarss. fjárn.	—	49.643.50
24.	Sami v/sama	—	39.894.50
25.	Grétar Haraldsson hrl. fjárnám	—	150.879.44
26.	Iðnaðarbanki Íslands fjárnám	—	53.487.90
27.	Sigurður H. Guðjónsson v/Hörpu h.f., fjárnám.	—	3.216.10
28.	Þorvaldur Lúðvíksson hrl. v/Diðriks Sigurðss. fjárnám	—	1.342.50
29.	Sami v/sama	—	1.342.50
30.	Ólafur Axelsson hdl. v/Ölg. Egils Skallagrímss. fjárn.	—	2.565.40
31.	Kristinn Sigurjónsson hrl. v/Péturs Valdimarss.	—	73.636.42
		Samtals	Kr. 2.400.000.00“

Samkvæmt þessu fæst ekki greiðsla af uppboðsverðinu upp í kröfur fjárnámshafanna Gunnars Sæmundssonar, dánarbús Baldvins K. Sveinbjörnssonar, Hilmars Friðrikssonar og Einars Sigurðssonar.

Í þinghaldi í uppboðsréttinum 3. júní 1982 lagði uppboðshaldarinn frumvarpið fram svo og bréf áfrýjanda, þar sem hann mótmælti fyrirhugaðri úthlutun og lýsti yfir, að hann hygðist áfrýja uppboðinu til Hæstaréttar. Las uppboðshaldarinn bréf áfrýjanda í réttinum, en þar voru mættir: Guðmundur Jónsson héraðsdómslögmaður, Stefán Melsted vegna Framkvæmdasjóðs, fyrir Landsbanka Íslands og Reinhold Kristjánsson mætti Bragi Björnsson héraðsdómslögmaður fyrir Helga V. Jónsson hæstaréttarlögmann og Hjört Torfason hæstaréttarlögmann mætti Brynjólfur Eyvindsson héraðsdómslögmaður og fyrir uppboðskaupanda mætti Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður. Einnig voru mættir Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður, Héðinn Finnbogason héraðsdómslögmaður fyrir Lífeyrissjóð ríkisstarfs-

manna, Ari Ísberg héraðsdómslögmaður, Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður og Bogi Ingimarsson hæstaréttarlögmaður.

Allir viðstaddir lýstu því yfir, að þeir samþykktu úthlutunarfrumvarpið eins og það lá fyrir.

Var síðan bókað: „Vegna mótmæla Hauks Leóssonar verða þeir aðilar, sem gert hafa kröfu, sem sæta mótmælum hans, boðaðir til sérstaks réttarhalds síðar, og verður fyrirtökudagur ákveðinn síðar.

Mættir Þorvaldur Lúðvíksson hrl., Grétar Haraldsson hrl., Héðinn Finnbogason hdl. og Bragi Björnsson hdl. fyrir hönd Reinholds Kristjánssonar lýsa því yfir, að þeir krefjist þess að fá kröfur sínar greiddar samkvæmt úthlutunargerðinni úr hendi uppboðshaldara, þegar hann hefur innheimt uppboðsandvirðið, sömu kröfu gerir Ari Ísberg hdl. vegna 11. veðréttar kröfu sinnar."

Hinn 7. júní 1982 var tekið fyrir í uppboðsréttinum að ganga frá uppgjöri uppboðsverðsins. Var þá bókað:

„Mættur er í réttinum Helgi Ólafsson f. h. Tómasar Zoëga og með honum Skarphéðinn Þórisson hrl.

Mættur Helgi býður fram greiðslu á eftirstöðvum uppboðsverðsins að svo miklu leyti sem það fær ekki að standa áfram veðtryggt í hinni seldu eign, en fyrir liggja yfirlýsingar frá mörgum veðhöfum, þar sem þeir samþykkja, að kröfur þeirra megi hvíla áfram á eigninni.

Uppboðshaldari lætur þess nú getið, að honum hafi verið sýnd áfrýjunarstefna, þar sem uppboðinu er áfrýjað til Hæstaréttar, og sé því ekki hægt að gefa kaupanda afsal fyrir eigninni.

Við þessar aðstæður óskaði mættur Helgi eftir fresti til n. k. þriðjudags til að greiða eftirstöðvar uppboðsverðsins, og féllst uppboðshaldari á þann frest."

Svo sem áður er rakið, var beiðst uppboðs á fasteigninni Viðjugerði 8 af hálfu Huxleys Ólafssonar, Einars Sigurðssonar, Gunnars Sæmundssonar, dánarbús Baldvins Sveinbjörnssonar, Hörpu h/f, Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f og Olíufélagsins Skeljungs h/f. Voru þeir aðiljar að uppboðsmálinu í héraði, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Efnisdómur í Hæstarétti um uppboðið mundi og binda þá. Þeim hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa þessu máli frá Hæstarétti sjálfkrafa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að

greiða stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Jóni Magnússyni, Þórarni Árnasyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi Jónssyni, Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Hallgrími B. Geirssyni, Þorvaldi Lúðvíkssyni, Jóni Ingólfssyni, Kristni Sigurjónssyni, Grétari Haraldssyni og Sigurði H. Guðjónssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur til hvers þeirra, en málskostnaður verður ekki dæmdur þeim, sem mætt hafa í málinu óstefndir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarrétti sjálfkrafa.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Jóni Magnússyni, Þórarni Árnasyni, Boga Ingimarssyni, Guðmundi Jónssyni, Magnúsi Fr. Árnasyni, Ara Ísberg, Hallgrími B. Geirssyni, Þorvaldi Lúðvíkssyni, Jóni Ingólfssyni, Kristni Sigurjónssyni, Grétari Haraldssyni og Sigurði H. Guðjónssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur til hvers að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1983.

Nr. 121/1980. **Rithöfundasamband Íslands**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Sjöfn Mörtu Haraldsdóttur,
Eygló Ólöfu Haraldsdóttur
(Árni Guðjónsson hrl.)
Petru J. Aradóttur
Ragnheiði Aradóttur
Guðrúnu Aradóttur
Stefáni Benkovic Mikaelssyni
(enginn)
landbúnaðarráðherra f. h.
Skógræktar ríkisins og
(Sigurður Ólason hrl.)
skiptaráðandanum í Reykjavík f. h.
dánarbús Önnu Aradóttur
(enginn).

Arfleiðsluskrá. Skipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. júlí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Hann krefst þess, að erfðaskrá Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 verði lögð til grundvallar skiptum á danarbúi hennar. Í málflutningi var sú krafa þó skýrð þannig, að hún tæki einungis til helmings eigna dánarbúsins vegna ákvæða í hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá Stefáns Jónssonar og Önnu Aradóttur 5. janúar 1950 um erfðarétt lögerfingja Stefáns. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefndu Sjafnar Mörtu Haraldsdóttur og Eyglóar Ólafar Haraldsdóttur.

Stefndu Sjöfn Marta Haraldsdótitr og Eygló Ólöf Haraldsdóttir krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þann-

ig, að tekið verði tillit til breytts verðgildis íslensks gjaldmiðils 1. janúar 1981. Þær krefjast einnig málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi landbúnaðarráðherra f. h. Skógræktar ríkisins, sem eigi hefur gagnáfrýjað málinu, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar að því er snertir dánargjöf til hans að fjárhæð 2.000.000 krónur (gkr.), en þó þannig, að af því fé, 20.000.00 krónum (nýkr.), verði honum dæmdir 19% ársvextir frá 24. ágúst 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 31. maí 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 31. október 1982 og 42% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Önnu Aradóttur, Petra J. Aradóttir, Ragnheiður Aradóttir, Guðrún Aradóttir og Stefán Benkovic Mikaelsson hafa ekki sótt þing fyrir Hæstarétti, og er þeim þó löglega stefnt.

Lögerfingjar Önnu Aradóttur eru samkvæmt gögnum málsins þessir: systur hennar, stefndu Petra, Ragnheiður og Guðrún, og systurdætur hennar, stefndu Sjöfn Marta og Eygló Ólöf. Lögerfingjar Stefáns Jónssonar eru Valgeir, sonur Sigurðar, bróður Stefáns, og börn Guðmundar, hálfbróður Stefáns, þau Árni, Ásgeir, Eysteinn, Jón, Kristín, Ólína og Sigríður. Lögerfingjar Stefáns hafa látið ágreining um skiptin afskiptalausan, en ágreiningslaust er, að helmingur eigna dánarbúsins skuli falla í arf til þeirra.

Samkvæmt uppskriftargerð, er fram fór 22. september 1978, voru innanstokksmunir virtir á samtals 1.367.500 krónur, en eigi á 324.000 krónur, eins og segir í hinum afrýjaða úrskurði. Þar af voru innanstokksmunir í skrifstofu Stefáns Jónssonar virtir á 124.500 krónur.

Erfðaskrá sína 14. ágúst 1972 afturkallaði Anna Aradóttir með erfðaskránni 5. mars 1976. Öðlast hún ekki gildi að nýju, þótt hin síðari erfðaskrá verði metin ógild. Byggir og enginn aðilja rétt á þeirri erfðaskrá.

Í 5. gr. erfðaskrárinnar 5. mars 1976 segir, að vilji áfrýjandi ekki taka við íbúðinni í Hamrahlíð 9 eða höfundarétti að ritum Stefáns

Jónssonar, skuli hvort tveggja renna til norrænudeildar Háskóla Íslands. Felst í þessu vísbending um, að við arfleiðslu sína til áfrýjanda hafi Anna Aradóttir ekki ætlast til þess, að verðmæti þau, er hún ánafnaði honum, féllu í hans hlut nema sem ein heild.

Ákvæði hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrár stendur því ekki í vegi, að virt verði fyrirmæli í 4. tl. erfðaskrárinnar frá 5. mars 1976 um ráðstöfun innanstokksmuna svo og bóka, merktum Ara Stefánssyni, til ættingja Önnu Aradóttur. Ber því eftir því að fara við búskiptin.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfýjaða úrskurðar og til þess, er áður segir um kröfugerð aðilja hér fyrir dómi, og að málinu er ekki gagnáfrýjað ber að staðfesta úrskurðinn með þeirri breytingu, er leiðir af því, sem síðast var greint, en ekki verður í Hæstarétti dæmt um vaxtakröfu Skógræktar ríkisins, sem ekki hefur verið borin undir skiptaréttinn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gilt telst ákvæði erfðaskrár Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 um framangreinda innanstokksmuni og bækur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara og Guðrúnar Erlendsdóttur, setts hæstaréttardómara.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, gerði Anna Aradóttir tvær arfleiðsluskrár eftir lát eiginmanns síns, Stefáns Jónssonar, Með þeim báðum ráðstafaði hún öllum eftirlátnum eigum þeirra hjóna, þótt henni væri óheimilt að ráðstafa nema sínum helmingi eignanna vegna ákvæðis þar um í hinni sameiginlegu og gagnkvæmu arfleiðsluskrá þeirra frá 5. janúar 1950. Með síðari arfleiðsluskrá sinni 5. mars 1976 afturkallaði Anna fyrri arfleiðsluskrána frá 14. ágúst 1972.

Ljóst er af báðum arfleiðsluskránum, sem Anna gerði, að hún hefur viljað verja eftirlátnum eigum sínum fyrst og fremst í því skyni að heiðra og halda á loft minningu hins látna eiginmanns síns. Í þessu skyni hefur hún ætlast til, að mestur hluti eignanna rynni til Rithöfundasambands Íslands með tilteknum skilyrðum og nokkur hluti til Skógræktar ríkisins. Það er jafnframt ljóst, að hún hefur ranglega staðið í þeirri trú, að henni væri heimilt að ráðstafa öllum eftirlátnum eigum þeirra hjónanna beggja, en ekki aðeins helmingi þeirra. Engu að síður þykir verða að túlka erfðaskrána þannig, að virtur verði vilji hennar um ráðstöfun eigna hennar, að svo miklu leyti sem það er hægt miðað við þá villu, sem hún hefur staðið í, og þannig, að ekki fari í bága við rétt erfingja Stefáns.

Í úrskurði skiptaréttarins eru staðfest þau ákvæði arfleiðsluskrárinnar frá 5. mars 1976, sem greinir í 1. og 2. tölulið hennar. Hins vegar er þar ekki vikið að því, að Skógrækt ríkisins skyldi fá nokkra viðbótargreiðslu samkvæmt 3. tölulið arfleiðsluskrárinnar, ef afgangs yrði „laust fé", svo sem verið hefur samkvæmt uppskriftargerðinni. Úrskurðinum hefur ekki verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda Skógræktar ríkisins og engum athugasemdum hreyft við úrskurðinum að þessu leyti. Verður niðurstöðu hans um þetta því ekki breytt. Ekki verður séð, að stefndi Skógrækt ríkisins hafi sett fram kröfur fyrir skiptaréttinum um vexti af fjárhæð þeirri, er henni fellur í té samkvæmt framansögðu. Verður ekki dæmt um það atriði í Hæstarétti. Af hálfu áfrýjanda hefur engum athugasemdum verið hreyft við niðurstöðu úrskurðar skiptaréttarins um framangreinda tölulið. Verður hann því staðfestur að því er þá varðar.

Samkvæmt uppskriftargerð 22. september 1978 og matsgerð 30. nóvember 1979, sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, voru eignir dánarbús Önnu þessar:

1. Íbúð á efri hæð hússins nr. 9 við Hamrahlíð	kr.	84.500.00
2. Innstæður í bönkum og peningar	—	63.489.92
3. Spariskírteini, skuldabréf o. fl.	—	1.550.00
4. Innanstokksmunir á skrifstofu Stefáns	—	1.245.00
5. Annað innbú	—	12.430.00
6. Bækur	—	32.000.00
7. Höfundaréttur	—	61.100.00
	Alls kr.	256.314.92

Sá hluti dánarbúsins, sem Anna hefði mátt ráðstafa með arfleiðsluskrá, hefði samkvæmt þessu numið 128.157.46 krónum, en hafa ber í huga, að framangreind virðing til fjár gefur ekki rétta mynd af raunverði eigna dánarbúsins. Þannig er í uppskriftargerðinni miðað við fasteignamat íbúðarinnar og nafnverð spariskirteina, en raunverð þessara eigna hefur verið mun hærra.

Með hliðsjón af framanritaðri uppskriftargerð verður ekki talið, að ákvæði hinnar sameiginlegu og gagnkvæmu arfleiðslurkrár standi því í vegi, að tekin verði til greina fyrirmæli 4. töluliðs arfleiðsluskrárinnar frá 5. mars 1976 um ráðstöfun innanstokksmuna og bóka merktra Ara Stefánssyni. Ber að haga búskiptum samkvæmt því. Hins vegar verður að telja, að önnur þau verðmæti, sem greind eru í þessum tölulið, íbúðin og bækurnar, séu svo mikill hluti heildareigna dánarbúsins, að ekki sé hægt að taka fyrirmæli arfleiðsluskrárinnar um ráðstöfun þeirra til greina, þannig að í nokkru samræmi verði við vilja arfleiðanda, nema raskað sé rétti erfingja Stefáns.

Að því er snertir ákvæði 5. töluliðs arfleiðsluskrárinnar verður ekki talið, að neitt sé því í vegi, að fyrirmæli hans séu tekin til greina. Verður ekki séð, að með því sé skertur á ólögmætan hátt réttur erfingja Stefáns, og þessi ráðstöfun arfleiðanda þykir svo sjálfstæð, að hún fái staðist, hvað sem líður öðrum ráðstöfunum samkvæmt arfleiðsluskránni.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða okkar sú, að taka beri til greina þau ákvæði arfleiðslurskrár Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976, sem að framan eru talin. Að öðru leyti skuli hin sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá þeirra Önnu og Stefáns gilda, þannig að lögerfingjar Önnu fái í sinn hlut þann hluta dánarbúsins, sem eftir verður, þegar búið er að greiða lögerfingjum Stefáns sinn helming af andvirði allra eigna dánarbúsins, en öðrum erfingjum sinn hluta samkvæmt framansögðu.

Við teljum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 7. mars 1980.

Sóknaraðiljar máls þessa, Sjöfn Marta Haraldsdóttir, Hjarðarhaga 36, og Eygló Ólöf Haraldsdóttir, Auðbrekku 25, hafa gert þessar réttarkröfur: *Aðallega,* að til grundvallar skiptum á dánarbúi hjónanna Stefáns Jóns-

sonar og Önnu Aradóttur verði lögð sameiginleg og gagnkvæm erfðaskrá þeirra gerð þann 5. janúar 1950, en erfðaskrár Önnu Aradóttur, gerðar 14. ágúst 1972 og 5. mars 1976, verði metnar ógildar. *Til vara*, að til grundvallar skiptunum verði lögð erfðaskráin frá 5. janúar 1950, *enn fremur*, að 1. og 2. gr. erfðaskrár Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 verði metnar gildar erfðaráðstafanir, en erðaskrá hennar frá 14. ágúst 1972 og önnur ákvæði erfðaskrár hennar frá 5. mars 1976 verði metin ógild. Þess er krafist, að varnaraðili, Ríthöfundasamband Íslands, verði í báðum tilfellum úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Varnaraðili, Ríthöfundasamband Íslands, hefur gert þær réttarkröfur, að til grundvallar skiptunum verði lögð erfðaskrá Önnu Aradóttur frá 5. mars 1976 og að sóknaraðiljum verði in solidum gert að greiða varnaraðilja málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 18. febrúar þ. á.

Þann 5. janúar 1950 undirrituðu hjónin Anna Aradóttir og Stefán Jónsson ríthöfundur, bæði til heimilis Hamrahlíð 9 hér í borg, sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Er skráin á þessa leið:

„Við undirrituð hjón, ég Stefán Jónsson og ég Anna Aradóttir, Hamrahlíð 9 í Reykjavík, sem eigum enga lífserfingja, gerum með okkur svofellda arfleiðsluskrá:

1. Hvort okkar, sem lifir hitt, skal erfa það, sem fyrr lætzt að öllum eigum þess, föstum og lausum, hverju nafni sem nefnist.

2. Verði hjúskap okkar slitið að báðum lifandi eða ef við skiljum að borði og sæng, skal þó fara um erfðir okkar samkvæmt lögum. Sama skal og vera, ef okkur verður lífserfingja auðið saman.

3. Eftir lát þess okkar, sem lengur lifir, skal búinu skipt að jöfnu milli lögerfingja okkar eftir almennum fyrirmælum laga, þannig að miðað sé við erfðaréttindi erfingjans hvors um sig eins og þau eru við andlát þess, sem síðar deyr.

4. Það, sem lengur lifir, má ekki ráðstafa með arfleiðsluskrá eða dánargjafagerningi eignum þeim, er það fær samkvæmt arfleiðslurkrá þessari, þannig, að í bága komi við réttindi efingja þess, er fyrr lætzt.

5. Arfleiðslurkrá þessari getur hvorugt okkar rift, án samþykkis hins. Þó getur hvort um sig breytt henni að því er snertir lögerfingja þess er breytir.

6. Arfleiðsluskrá þessa undirrituðum við í viðurvist notarii publici í Reykjavík, og skal hún innfærð í notarialbókina. Eftirrit úr bókinni skal hafa sama gildi og frumrit arfleiðsluskrárinnar, ef það skyldi glatast."

Stefán Jónsson lést þann 14. maí 1966. Skipti fóru þá ekki fram. Anna

Aradóttir lést 24. ágúst 1978. Lífserfingjar eru ekki í búinu. Dánarbú þeirra hefur verið til meðferðar við skiptarétt Reykjavíkur.

Við uppskrift, sem fram fór þann 22. september 1978, komu fram eignir, sem hér að neðan verður getið í stærstu dráttum, ásamt matsverði:

Íbúð á efri hæð fasteignarinnar nr. 9 við Hamrahlíð, 39% fasteignarinnar, og er fasteignamat íbúðarinnar ..	kr. 8.450.000
Innstæður í bönkum og peningum	— 6.348.992
Spariskírteini, skuldabréf, nafnv.	— 155.000
Innanstokksmunir	— 324.000

Þá liggur fyrir matsgerð þeirra Baldvins Tryggvasonar lögfræðings og dr. Gauks Jörundssonar prófessors, sem voru kvaddir til að meta höfundarétt að verkum Stefáns Jónssonar og bókasafn búsins. Þessi matsgerð er dagsett 30. nóvember 1979 og niðurstaðan sú, að höfundaréttur er metinn á kr. 6.100.000, en bókasafn á kr. 3.200.000.

Við uppskriftina komu fram erfðaskrár undirritaðar af Önnu Aradóttur í viðurvist notarii publici. Fyrri skráin, rskj. 4, gerð þann 14. ágúst 1972, er svolátandi:

„Ég undirrituð Anna Aradóttir, Hamrahlíð 9, Reykjavík, sem er fjárráða og á enga lífserfingja geri hér með svofellda

Arfleiðsluskrá:

Þegar búið er að greiða útfararkostnað minn og ganga vel frá leiði okkar hjónanna, er það vilji minn, að eignum mínum verði ráðstafað þannig:

1. Handrit, dagbækur og annað, sem eiginmaður minn Stefán Jónsson hefir skrifað óskast geymt í Þjóðskjalasafninu. En höfundaréttur að bókum hans og ritum skal falla til Norrænudeildar Háskóla Íslands og verði tekjum af honum varið til að styrkja bókmenntafræðinga og bókmenntanemendur, sem rannsaka rit Stefáns.

2. Bókasafn Stefáns fellur til bókasafns Elliheimilisins í Borgarnesi. Það skal vera sérdeild í bókasafninu, merkt nafni Stefáns.

Bækur merktar Ara Stefánssyni, föður mínum, falla þó til ættingja minna.

3. Stefán Benkovic Mikaelsson, sonur Sigríðar Guðmundsdóttur bróðurdóttur Stefáns eiginmanns míns, til heimilis Ljósvallagötu 22, fær kr. 500.000. — fimm hundruð þúsund 00/100 — í peningum, sem verja skal til að greiða námskostnað hans eða honum til þroska á einhvern hátt.

Innbú fellur til ættingja minna.

4. Allar aðrar eignir mínar fastar og lausar, hverju nafni sem nefnast, falla til Skógræktar ríkisins, enda skal Skógræktinni skylt að nota þær til

að koma upp sérstökum trjálundi að Hallormsstað, sem beri nafn okkar hjónanna. Stefán Jónsson, rithöfundur og kona hans Anna Aradóttir.

Arfleiðsluskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Skal hún færð í notarialbók Reykjavíkur, og er endurrit úr þessari bók jafngilt frumritinu, ef það skyldi glatast."

Síðari skráin, gerð 5. mars 1976, rskj. 5, er á þessa leið:

„Ég undirrituð Anna Aradóttir, Hamrahlíð 9, Reykjavík, sem er fjárráða, og á enga lífserfingja, geri hér með svofellda

ARFLEIÐSLUSKRÁ:

Þegar búið er að greiða útfararkostnað minn og ganga vel frá leiði okkar hjóna, Stefáns Jónssonar, rithöfundar og mínu, er það vilji minn, að eignum mínum verði ráðstafað þannig:

1. Stefán Benkovic Mikaelsson, sonur Sigríðar Guðmundsdóttur, bróðurdóttur Stefáns eiginmanns míns, nú til heimilis að Ljósvallagötu 22, Reykjavík, fær 1.000.000.- — eina milljón 00/100 í peningum.
2. Skógræktin að Hallormsstað fær kr. 2.000.000.- — tvær milljónir 00/100 í peningum.
3. Verði afgangs laust fé, þegar búið er að inna af hendi greiðslur samkvæmt töluliðum 1 og 2, skal það renna til Skógræktarinnar að Hallormsstað til viðbótar. Verði lausafé ekki nægilegt til að inna af hendi greiðslur samkvæmt töluliðum 1 og 2 ber þeim sem fær íbúð mína að inna það af hendi eða það sem á vantar, þegar í stað við skiptin.
4. Rithöfundasamband Íslands fær: íbúð mína að Hamrahlíð 9, í Reykjavík, ásamt bókum, sem í henni eru, öðrum en þeim, sem merktar eru Ara Stefánssyni föður mínum, þær skuli ásamt innanstokksmunum afhendast ættingjum mínum sbr. þó undirlið b. hér að neðan. Ofanagreind ráðstöfun er bundin eftirfarandi skilmálum:
   a. Rithöfundasamband Íslands skal inna af hendi greiðslur samkvæmt töluliðum 1. og 2. skv. 3. tölulið.
   b. Skrifstofa eiginmanns míns Stefáns Jónssonar rithöfundar verði látin standa óhreyfð með bókum og munum, sem í henni eru við fráfall mitt, öðrum bókum, sem í íbúðinni eru og ekki hefur verið ráðstafað á annan hátt, verði einnig komið fyrir í skrifstofunni. Bækur úr safninu má ekki fara með út úr íbúðinni. Umgang um skrifstofuna má aðeins leyfa undir eftirliti þeirra, sem ábyrgð bera á húsnæðinu hverju sinni, og svo til ræstinga. Íbúðin verði að öðru leyti notuð sem bækistöð Rithöfundasambandsins, þar sem það hafi skrifstofu sína, haldi stjórnarfundi og aðra fámennari fundi á vegum þess.
   c. Húsnæði og fylgifé sé jafnan vel vátryggt.

d. Ræsting og viðhald húsnæðisins sé með þeim hætti, að hvort tveggja beri sannri snyrtimennsku vitni.

e. Ávallt sé sýnd skyld tillitsemi við aðra eigendur hússins, svo að hér megi ríkja góður sambýlisandi, og Rithöfundasambandið ræki til fullnustu að sínum hluta viðhald og hirðingu lóðar, svo að meðeigendur telji sig mega vel við una.

f. Nú kann svo til að bera vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að húsnæðið verði óhæft til þeirra nota, sem því voru ætluð, t. d. vegna eldsvoða, eða Rithöfundasambandið telji sér illa henta að hafa þar bækistöð vegna breyttrar byggðaskipunar eða af öðrum sökum og vilji flytja hana í annan stað. Skal þá trygginga- eða sölufé varið til kaupa á öðru eigi lakara húsnæði, sem nýtt verði í samræmi við þann tilgang minn að heiðra minningu eiginmanns míns Stefáns Jónssonar rithöfundar með því að ljá samtökum höfunda lið í baráttu þeirra fyrir bættum hag skapandi rithöfunda og virðingu íslenzkra bókmennta.

5. Rithöfundasamband Íslands skal ennfremur fá óskoraðan höfundar- og útgáfurétt að öllum prentuðum og óprentuðum hugverkum mannsins míns, Stefáns Jónssonar rithöfundar, í fullu trausti þess, að meðan þau njóti verndar að höfundarlögum, gæti Rithöfundasambandið höfundarsæmdar hans í hvívetna eins og ætla mætti, að sómakær höfundur gætti heiðurs síns sjálfur. Öllum arði, sem verða kann af höfundaréttinum og útgáfuréttinum (svo sem af framsölu á rétti til útgáfu þeirra í bókarformi, eða að hluta í kennslubókum, safnritum, blöðum eða tímaritum, utanlands eða innan, rétti til kvikmyndunar, útgáfu á plötum, afnota í almenningsbókasöfnum, flutningsrétti í útvarpi eða í sjónvarpi eða með öðrum hætti) skal varið á eftirfarandi hátt:

Stofna skal sérstakan sjóð, sem Rithöfundasamband Íslands gætir og ávaxtar með þeim löglegum hætti, sem arðsamastur er talinn á hverjum tíma; Rithöfundasambandið setur sjóðnum reglur og stjórn, ef þurfa þykir; fé sjóðsins skal varið til stuðnings mönnum eða stofnunum innlendum eða erlendum, sem vinna að bókmenntalegri könnum á verkum Stefáns Jónssonar, eða rannsókn á ævi- og höfundaferli hans; verja má til þess öllu fé, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma; Rithöfundasambandið getur sjálft átt frumkvæði að slíkum rannsóknarstörfum, t. d. falið einstaklingum eða stofnunum tiltekin verkefni og varið fé sjóðsins til að standa straum af kostnaðinum; einnig er því heimilt að veita af fé þessu styrki til útgáfu á niðurstöðum umræddra rannsókna.

Safnist með tíð og tíma meira fé í sjóð þennan en þörf er talin í framangreindu skyni að beztu manna yfirsýn, er Rithöfundasambandinu heimilt, þá er höfundarréttur að verkum Stefáns hættir að njóta lagaverndar, að

breyta svo reglum sjóðsins, að fjármunum hans verði jafnframt varið til örvunar höfundum íslenzkra barna- og unglingabóka, sem af þykja bera að bókmenntalegu gildi.

Vilji Rithöfundasamband Íslands ekki taka við íbúð minni, eða höfundarétti Stefáns með ofangreindum skilmálum skal íbúðin og höfundarétturinn renna til norrænudeildar Háskóla Íslands gegn sömu skilmálum og áður var talið gagnvart Rithöfundasambandi Íslands.

Erfðaskrá mín dagsett 14. ágúst 1972 er ógild.

Arfleiðsluskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarii publici í Reykjavík. Skal hún færð inn í notarialbók Reykjavíkur, og er endurrit úr þeirri bók jafngilt frumritinu, ef það skyldi glatast."

Á skiptafundi í búinu þann 24. október 1978 var gerð svolátandi bókun: „Ættingjar Stefáns Jónssonar taka fram, að þeir treysti á gildi sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrárinnar á dskj. nr. 2, en láti afskiptalaust, hvernig Anna heitin Aradóttir hafi notað heimild sína til þess að ráðstafa helmingi búsins, og þess vegna láti þeir ágreining um erfðaskrána á dskj. 3 afskiptalausan".

Sóknaraðiljar þessa skiptaréttarmáls, Sjöfn Marta Haraldsdóttir og Eygló Ólöf Haraldsdóttir, eru systradætur Önnu Aradóttur. Réttarkröfum þeirra er lýst hér að framan. Þær halda því fram, að röng hugmynd Önnu hafi ráðið efni erfðaskránna 1972 og 1976. Enda þótt henni hafi aðeins verið fært að ráðstafa helmingi eigna búsins, en til þess hafi hún haft alla heimild, hafi hún í þessum skrám ráðstafað öllum eignunum og ljóslega staðið í þeirri trú, að það væru hennar eigin eignir. Orðahljóðan skránna sýni þetta, t. d. ræði hún jafnan um „sína íbúð" og í stuttu máli komi margsinnis fram, að hún hafi alls ekki gert sé grein fyrir því, hverju hún mætti ráðstafa með erfðaskrá. Hinum sömu ranghugmyndum beri það einnig vitni, að hún svipti lögerfingja sína arfi til þess að heiðra minningu Stefáns Jónssonar á sama tíma og lögerfingjar hans fengju fulla greiðslu á sínu erfðatilkalli úr búinu. Ætti þetta því að verða til þess, að skráin 5. mars 1976 verði metin ógild, og vísa sóknaraðiljar hér að lútandi til 38. gr. laga nr. 8/1962. Í því sambandi beri einnig að athuga, að Anna hafi lagt algera áherslu á það, að eignirnar haldi áfram að vera ein heild, á nánar tiltekinn hátt, í þeim brýna tilgangi að heiðra minningu Stefáns Jónssonar. Nú sé það ljóst, að ekkert liggi fyrir um það, að erfingjar Stefáns fallist á þá ráðstöfun, enda sé þar líka um að ræða brýnt brot á hinni sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá. Einnig af Þessari ástæðu hljóti skráin að metast ógild skv. aðalefni sínu, þar sem henni verði naumast fullnægt, án þess að gersamlega verði brotið í bága við aðaltilgang hennar. En 38. gr. erfðalaga leyfi þó, að einstök ákvæði erfðaskrár verði túlkuð sérstak-

lega. Það mætti þannig e. t. v. fallast á það, að 1. og 2. gr. erfðaskrárinnar 1976 gætu staðist, þar eð peningaeign búsins leyfi, að þessar fjárhæðir verði greiddar úr búinu, án þess að gengið verði á tilkallsrétt erfingja Stefáns Jónssonar að því leyti. Varakrafa sóknaraðiljanna byggist á þessum sjónarmiðum.

Það er viðurkennt af hálfu varnaraðiljans, Rithöfundasambands Íslands, að Anna Aradóttir hafi ekki mátt ráðstafa þeim helmingi eigna búsins, sem lögerfingjum Stefáns Jónssonar ber við skiptin. En hins vegar er því mótmælt, að erfðaskráin 1976 sé ógild fyrir þær sakir. Þar komi fram vilji arfláta og sé unnt að framkvæma þann vilja, verði skráin ekki vefengd á grundvelli 38. gr. erfðalaga. Það séu engar líkur til, að Anna hefði horfið frá því að heiðra minningu Stefáns Jónssonar, þó henni hefði orðið það ljóst, að hún mátti ekki ráðstafa í þeim tilgangi nema hálfum eignum búsins. Afleiðingin að þessu verði aðeins sú, að sá helmingur eignanna, sem henni var heimilt að ráðstafa með erfðaskrá, gangi til þess að fullnægja þeim vilja hennar, sem komi svo ljóslega og eindregið fram í erfðaskránni frá 1976. Það valdi engan veginn ógildi erfðaskrár, þó erfitt kunni að reynast að framkvæma vilja þann, er þar kemur fram. Í þessu tilfelli sé ekkert fram komið um það, að framkvæmd verði ómöguleg.

Við úrskurð á máli þessu er fyrst á það að líta, að hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, sem gerð var 5. janúar 1950, hafði ekki verið afturkölluð eða henni breytt, er Stefán Jónsson féll frá. Var hún bindandi fyrir þær erfðaráðstafanir, er Anna S. Aradóttir kynni að gera, þannig að henni var óheimilt að ráðstafa þeim arfshlutum, er samkvæmt skránni skyldu ganga til lögerfingja Stefáns. En þar eð hún lét ekki eftir sig lífserfingja, var henni frjálst að gera erfðaráðstafanir um hluta þann, er skyldi falla til hennar eigin lögerfingja.

Með erfðaskránni 5. mars 1976 gerir Anna þá ráðstöfun, að langsamlega mestur hluti eigna búsins gangi til þess að heiðra minningu Stefáns Jónssonar á nánar tiltekinn hátt og að þessar eignir skuli haldast sem ein heild í þessum tilgangi.

Þegar litið er á uppskrift þá, er hefur farið fram í búinu, liggur í augum uppi, að með þessu hefur Anna S. Aradóttir farið langt út fyrir þau mörk, sem henni voru heimil varðandi erfðaráðstafanir. Og þegar jafnframt er aðgætt annars vegar sú ríka áhersla, sem hún sýnist leggja á það, að eignirnar gangi sem ein heild til þess að heiðra minningu Stefáns Jónssonar, en hins vegar að fullkomin óvissa er um það, hvernig hún hefði hagað ráðstöfunum sínum í þessu skyni, hefði henni verið ljóst, að hún hafði ekki erfðaráðstöfunarvald nema á helmingi verðmætis eigna búsins, þá þykir ekki annað vera fyrir hendi en að synja erfðaskránni 5. mars 1976 gildis sem skiptagrundvelli í búi þessu, þó þannig, að 1. og 2. gr., sem fjalla um

gjafir til Stefáns Benkovic Mikaelssonar og Skógræktarinnar á Hallormsstað, skulu halda gildi sínu.

Málskostnaður á að falla niður í skiptaréttarmáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Erfðaskrá Önnu S. Aradóttur, gerð 5. mars 1976, verður ekki lögð til grundvallar við skipti á búi þessu að öðru leyti en því, að greiða skal Stefáni Benkovic Mikaelssyni kr. 1.000.000 og Skógrækt ríkisins á Hallormsstað kr. 2.000.000.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1983.

Nr. 11/1981. **Fiskmiðlun Suðurnesja h/f**
(Garðar Garðarsson hdl.)
gegn
Ólafi Gíslasyni
(Jón Finnsson hrl.).

Skipstjórnarmenn. Uppsögn. Sjóveðréttur. Fyrning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1981. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnda reikningslega, og vaxtakröfu er ekki andmælt.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, var stefnda sagt upp skiprúmi 19. febrúar 1979. Hann hóf lögsóknina með stefnu, birtri 12.

febrúar 1980. Það mál var hafið í þinghaldi 5. mars s. á., en um leið var þingfest mál það, sem hér er til úrlausnar. Þrátt fyrir þessa breytingu á málatilbúnaði er fullnægt skilyrðum upphafsákvæðis 232. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 6. tl. 1. mgr. sömu greinar, um lögsókn innan fyrningarfrests.

Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, greiði stefnda, Ólafi Gíslasyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst atburðinum 30. janúar 1979, sem var tilefni uppsagnar stefnda úr starfi. Stefnda var rétt að varna Brandi Skaftasyni inngöngu á stjórnpall skipsins, en ekki er leitt í ljós, að framkoma Brands hafi verið svo ögrandi, að stefndi hafi mátt ætla, að árás væri yfirvofandi, en bátsmaður og 1. stýrimaður skipsins voru einnig á stjórnpalli, er þetta gerðist. Samkvæmt því verður að telja, að stefndi hafi orðið offari, er hann sló Brand og fylgdi þeirri atlögu eftir, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi.

Við teljum, að með þessu hafi brostið svo verulegar forsendur fyrir áframhaldandi starfi stefnda sem skipstjóra eða 1. stýrimanns hjá áfrýjanda, að heimilt hafi verið að vísa honum án fyrirvara úr starfi.

Samkvæmt þessu teljum við, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda, en málskostnaður ætti að falla niður.

Dómsorð okkar er því svohljóðandi:

Áfrýjandi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Gíslasonar. Málskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur 22. desember 1980.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 3. mars 1980. Munnlegur málflutningur fór fram þann 11. þ. m., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi málsins er Ólafur Gíslason stýrimaður, Smárahvammi 1, Hafnarfirði (áður Kelduhvammi 23, Hafnarfirði).

Stefndi er Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 4.869.642 auk 19% ársvaxta frá 19. febrúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvaxta frá þ. d. til birtingardags stefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins. Þá er krafist sjóveðréttar í b/v Framtíðinni, KE 4, til tryggingar greiðslu tildæmdra krafna í málinu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk þess sem krafa er gerð um málskostnað skv. taxta LMFÍ úr hendi stefnanda.

2.0.

2.1. Stefnandi starfaði sem yfirmaður á b/v Framtíðinni, KE 4, sem er eign stefnda. Þann 25. janúar 1979 fór stefndi með skipinu sem skipstjóri í veiðiferð, og stóð sú veiðiferð til 5. febrúar. Í umræddri veiðiferð bar það til tíðinda, að Brandur Skaftason háseti klemmdist á fingri við störf sín á þilfari. Krafði Brandur Skaftason yfirmenn skipsins um verkjalyf, en var honum neitað um það. Brandur Skaftason mun hafa neytt sterkra lyfja um borð í skipinu, og var það almennt á vitorði skipverja. Vegna þessarar neitunar kom til orðasennu milli stefnanda og Brands Skaftasonar, sem leiddi til þess, að stefnandi fór upp í brú og fyrirskipaði, að trollið skyldi hífi inn og haldið með Brand til hafnar. Stuttu síðar kom Brandur Skaftason upp í brú, þar sem enn sló í brýnu milli stefnanda og hans, sem lyktaði með því, að stefnandi sló ítrekað Brand Skaftason, þannig að hann hlaut talsverða áverka. Var hann síðan fluttur til Grindavíkur, þar sem lögreglan tók við honum, en því næst haldið á ný til veiða. Í næstu veiðiferð skipsins, sem hófst þann 6. febrúar og stóð til 18. s. m., var stefnandi í fríi, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Stefnandi átti að halda út með skipinu sem stýrimaður þann 18. febrúar 1979. Hinn 19. febrúar s. á. vísaði stefndi stefnanda úr skiprúmi með bréfi, sem hljóðaði svo:

„Keflavík, 19. febrúar 1979.

Ólafur G. Gíslason, stýrimaður,
Hafnarfirði.

Skipráðstefna var haldin um borð í b/v Framtíðinni, KE 4, við komu skipsins í Njarðvíkurhöfn 18. 2. 1979. Á ráðstefnu þessari voru mættir allir skipverjar að skipstjóra undanskildum, og skv. ósk skipverja mættu útgerðarmenn skipsins. Þar kom fram, að allir skipverjar að undanskildum 2. stýrimanni neituðu að fara út með skipinu með yður sem stýrimanni eða skipstjóra vegna þeirra atburða, sem yður er vel kunnugt um, að átt höfðu sér stað um borð í skipinu, og hér skulu ekki raktir nánar.

Með tilvísun til 33. gr. sjómannalaganna og vegna þess, er að framan greinir, höfum vér neyðst til að vísa yður úr skiprúmi, sem hér staðfestið skriflega.

Virðingarfyllst,
f.h. Fiskmiðlunar Suðurnesja h.f.
Reynir Ólafsson"

Um þetta atvik er bókað í skipsdagbók skipsins, en ljósrit hennar hefur verið lagt fram í málinu.

„Að beiðni útgerðarmanns hef ég bókað eftirfarandi. Þegar við komum í land, hafði skipshöfnin samband við eigendur skipsins og óskuðu eftir að fá að losna úr skiprúmi, ef Ólafur G. Gíslason kæmi aftur um borð. Höfðu þá þegar nokkrir skipverjar sagt upp störfum af framangreindum afleiðingum (sic). Örsök þessarar miklu óánægju er margvísleg, og verður því ekki gert nánari skil hér. Tekið skal fram, að skipið hefði ekki komist á sjó þann 19. 2. af framangreindum ástæðum."

Undir bókuninni er nafnritun Sigurðar Friðrikssonar. Í beinu framhaldi er síðan skráð: „ Hér rita nöfn sín þeir, er viðstaddir voru, er haft var samband við útgerðina." Þar undir eru rituð nöfnin Guðm. Meyvantsson, Kristján Þór Jakobsson, Björn Björnsson, Hallgrímur Pétursson, Guðjón Egilsson, Aðalsteinn Aðalsteinsson, Bjarni Þórðarson, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurbjörn Ólafsson, Pálmi Egilsson og Friðþjófur Strandberg.

Sjópróf voru haldin vegna atviksins, og hafa endurrit þeirra verið lögð fram í máli þessu.

Stefnandi, Ólafur Gíslason, hefur við sjópróf og hér fyrir réttinum skýrt svo frá, að hann hafi verið afleysingaskipstjóri í veiðiferð b/v Framtíðarinnar, KE 4, sem hófst 25. janúar 1979 og lauk þann 5. febrúar. Þriðjudaginn 30. janúar hafi hann verið vakinn af Brandi Skaftasyni háseta, er hafði meiðst á fingri og óskaði meðferðar. Við athugun hafi honum virst meiðslin

smávægileg, en hins vegar hafi áfengislykt lagt frá vitum Brands og augu hans einkennileg eins og eftir eiturlyfjaneyslu. Stefnandi bað Brand að láta 1. stýrimann, sem var á vakt, annast um meiðslin. Til einhverra orðaskipta kom, en Brandur fór við svo búið. Stuttu síðar kom 1. stýrimaður til stefnanda og kvað Brand hafa í hótunum við sig, ef hann fengi ekki deyfilyf vegna meiðslanna. Stefnandi veitti Brandi að eigin mati viðeigandi meðferð, en um hádegisbil sama dag ákvað stefnandi að fara inn í klefa til Brands og taka af honum vín og lyf, ef einhver væru þar að finna. Stefnandi fann þrjár lyfjategundir hjá Brandi og tjáði honum, að hann tæki þau í sína vörslu og yrði honum skammtað daglega í samræmi við áletranir á glösunum. Brást Brandur illa við, og kvaðst stefnandi hafa hætt við að taka lyfin, þar sem hann hafi óttast handalögmál, en ákveðið þess í stað að fara með Brand til lands. Fór stefnandi upp í brú, en Brandur kom þá æðandi á eftir honum og réðst að honum með krepptum hnefa. Kvaðst stefnandi hafa séð, að ef hann brygðist ekki skjótt við, mundi hann sjálfur liggja í valnum, enda Brandur rammur að afli. Hann hafi því slegið Brand nokkur högg. Brandur hfi hrakist niður stigann, sem liggur úr brúnni, og limpast vankaður niður í ganginn.

Stefnandi kvaðst hafa starfað hjá stefnda í u. þ. b. eitt ár fyrir umdeilt atvik, ýmist sem stýrimaður, afleysingaskipstjóri eða bátsmaður. Hann sagði, að framkvæmdastjóri stefnda hefði tjáð honum, að þar sem hluti skipshafnarinnar neitaði að fara með honum á skipið, væri honum sagt upp skiprúmi. Hann kvaðst hafa átt að fara sem stýrimaður í þennan túr.

Stefnandi vísaði á bug þeirri gagnrýni, er fram kom á hann í framburðum skipverja við sjópróf. Stefnandi kvaðst aldrei hafa fengið ámæli, hvorki frá skipstjóra skipsins né útgerðinni, vegna starfa síns á skipinu. Hann sagði, að fyrir áramótin 1979 hefði hann verið búinn að segja upp starfi sínu. Hafi uppsögnin verið munnleg og henni komið á framfæri við Sigurð Kristinsson skipstjóra og Reyni Ólafsson framkvæmdastjóra. Mánuði fyrir þetta atvik hafi hann samþykkt að draga uppsögn sína til baka að beiðni Sigurðar Kristinssonar og Reynir Ólafsson samþykkt þá afturköllun.

Reynir Ólafsson, framkvæmdastjóri stefnda, kom fyrir dóminn. Hann sagði, að þann 18. febrúar hafi hann og annar framkvæmdastjóri stefnda verið boðaðir um borð í b/v Framtíðina við komu skipsins til hafnar. Þar hafi komið fram á fundi með undirmönnum skipsins, að þeir neituðu að fara aftur út með skipinu daginn eftir með stefnanda sem yfirmanni. Sem ástæðu gáfu þeir erfiðleika, er þeir ættu í í samskiptum við stefnanda. Hann kvað stefnanda hafa hafið störf hjá stefnda í aprílmánuði 1978 sem háseta og netamann á b/v Framtíðinni. Í júnímánuði það sama ár var hann ráðinn stýrimaður og fór þá jafnframt að leysa af sem skipstjóri. Hann sagði, að skipshöfn b/v Framtíðarinnar hafi kvartað undan harðfylgi stefn-

anda og einn skipverja hafi sagt upp skiprúmi vegna þessa. Hann kvað samskipti sín og stefnanda hafa gengið vandræðalaust, þótt stefnandi hafi verið nokkuð ákveðinn í, að hlutirnir yrðu eins og hann vildi. Hann kvað stefnanda ekki hafa vanefnt ráðningarsamning sinn gagnvart útgerðinni sem skipstjóra. Hann kvaðst ekki að svo stöddu vefengja kaupútreikninga á dskj. nr. 3. Hins vegar benti hann á, að ekki hafi verið fastmótaðar reglur, hvernig yfirmenn tækju frí, og því óvíst, hvort stefndi hefði haft þessar tekjur, ef hann hefði verið áfram á skipinu þetta tímabil. Hann kvað skipstjóra b/v Framtíðarinnar ekki hafa kvartað yfir störfum stefnanda sem stýrimanns. Hins vegar hafi örðugleikar stefnanda í samskiptum við undirmenn komið til umræðu og hafi hann beðið skipstjórann að fara þess á leit við stefnanda, að hann kæmi betur fram gagnvart öðrum skipverjum. Mætti (sic) sagði, að ekki hafi verið annars kostur en að vísa stefnanda úr skiprúmi, ef halda hefði átt skipinu til veiða, þar sem auðveldara hafi verið að fá einn stýrimann fyrirvaralítið en 11 aðra áhafnarmeðlimi, þ. e. vélstjóra og háseta.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf Hallgríms Péturssonar, dskj. nr. 22, þess efnis, að hann hafi ekki óskað eftir því að losna úr skiprúmi á b/v Framtíðinni, KE 4, enda þótt Ólafur G. Gíslason kæmi aftur um borð. Hann kvaðst heldur ekki hafa verið viðstaddur og honum ekki kunnugt um, að skipshöfnin hafi haft samband við eigendur skipsins varðandi stefnanda hinn 18. febrúar 1979. Stefnandi hafi staðið sig fullkomlega í starfi gagnvart sér og öðrum úr áhöfn á b/v Framtíðinni og á engan hátt brotið gegn samningum, en hins vegar ætlast til mikillar samviskusemi af mönnum sínum og ekki öllum áhafnarmeðlimum líkað það. Þá kvaðst hann varðandi undirskrift í dagbók Framtíðarinnar vilja segja, að hann hafi verið lítilsháttar undir áhrifum áfengis og ekki lesið bókunina nægilega vel.

Hallgrímur Pétursson kom fyrir dóminn sem vitni. Hann kvaðst hafa verið skipverji á b/v Framtíðinni í tæp fimm ár. Hann hafi hins vegar verið í frii umrædda veiðiferð, er stefnandi fór með skipið sem skipstjóri. Hann sagði, að áður en hann fór í frí, hafi hann að beiðni Brands Skaftasonar farið með honum upp í brú til skipstjórans, Sigurðar Kristinssonar, og komið á framfæri umkvörtun fyrir hönd skipverja skipsins þess efnis, að stefnandi ylli spennu og streitu með því að halda sig stíft við túlkun á vinnuskyldu í samningum og að hann gerði miklar kröfur til mannskapsins. Aðspurður sagði vitnið, að stefnandi hafi ekki brotið samninga í þessu tilviki. Undir vitnið voru borin ummæli Sigurðar Friðrikssonar og Pálma Vilhjálmssonar varðandi það, að stefnandi hafi lagt hendur á menn og ráðist að þeim með skömmum. Sagði vitnið þessi ummæli ýkt. Hafi hann einu sinni orðið var við, að stefnandi hristi til skipverja, og hefði það ekki verið að ástæðulausu. Hann kvað stjórnunarmáta stefnanda ekki hafa verið ólíkan því, er

hann hefði áður kynnst á togurum. Hins vegar hafi stefnandi beitt harðar stjórnun en áður tíðkaðist á b/v Framtíðinni.

Pálmi Vilhjálmsson bátsmaður sagði í framburði sínum við sjópróf, að hann hafi verið staddur í brúnni ásamt Sigurði Friðrikssyni, 1. stýrimanni, er stefnandi hafi komið upp og sagt, að ekki þýddi annað en að fara með Brand Skaftason í land. Rétt á eftir hafi Brandur komið upp í stigann, en stefnandi varnað honum inngöngu í brúna. Stefnandi hafi fyrirskipað Sigurði Friðrikssyni að hífa trollið og sagt Brandi eftir nokkurt þjark að koma sér niður, áður en hann missti hnefann í andlitið á honum. Hafi þeir steytt hnefa hvor að öðrum, en skyndilega hafi stefnandi slegið Brand og fylgt honum eftir niður stigann. Hafi hann ekki orðið vitni að því, er síðan gerðist, en Brandur hafi hljóðað mikið, eins og verið væri að misþyrma honum. Hann sagði, að Brandur hafi verið undir áhrifum lyfja í túrnum eins og allajafna. Hann gagnrýndi harðlega stefnanda sem yfirmann og kvað framkomu hans gagnvart mannskapnum nánast hafa verið óþolandi. Hafi stefnandi tíðkað að ráðast að mönnum með skömmum og svívirðingum, þrifið í þá og hrist þá til. Auk þess hafi hann verið afskiptasamur út af starfa manna, vantreyst þeim og kúgað.

Lagt var fram í málinu bréf Pálma Vilhjálmssonar, dskj. nr. 21. Þar segir um fund skipshafnar með útgerðarmönnum skipsins þann 18. febrúar: „Ýmsir létu í ljós óánægju sína með ástand um borð í skipinu og töldu, að Ólafur G. Gíslason beitti of hörðum aga sem yfirmaður. Við vildum, að hann fengi áminningu eða yrði vikið úr starfi, ef áminning nægði ekki. Ég sagði ekki upp skiprúmi af þessum sökum, og mér er ekki kunnugt um uppsagnir af þessum ástæðum. Ég vil taka fram, að undirskriftir skipshafnarinnar um, að þeir hafi verið viðstaddir, er haft var samband við útgerðina, eru fengnar eftir að skipið lagði úr höfn þann 19. 2. 1979. Ég tel, að fleiri hafi þar skrifað undir en þeir, sem viðstaddir voru á fundinum." Pálmi Vilhjálmsson staðfesti efni bréfs þessa hér fyrir dómi. Hann kvaðst engu vilja breyta eða bæta við framangreindan framburð sinn í sjóprófi. Hann skýrði svo frá, að ástandið um borð í b/v Framtíðinni hefði verið viðunandi, þar til Brandur Skaftason kom um borð, en þá hefði það versnað til muna og orðið mjög slæmt í lokin.

Sigurður Friðriksson stýrimaður sagði fyrir rétti í sjóprófi þann 2. mars 1979, að Brandur Skaftason hefði verið meira og minna undir áhrifum eiturlyfja um borð í b/v Framtíðinni, frá því hann byrjaði þar á síðastliðnu hausti, og hafi hann ekki farið leynt með það. Í umræddum túr hafi hann verið óvenju ruglaður. Hann sagði varðandi atvikið í brúnni þann 30. janúar, að stefnandi hafi komið hlaupandi og sagt sér að hífa, þar sem Brandur væri orðinn alveg óður. Rétt á eftir hafi Brandur komið hlaupandi upp í brúna og greinilega verið mikið niðri fyrir. Hann kvaðst ekki geta gert

sér grein fyrir því, hvort Brnadur hafi ætlað að ráðast á stefnanda, en Brandur sé þannig persóna, að rétt sé að vera á undan, eins og stefnandi hafi gert. Hafi stefnandi slegið Brand, þannig að hann féll niður í ganginn, þar sem stefnandi hafi haldið áfram að berja hann og misþyrma eftir hljóðunum að dæma. Hann kvað stefnanda hafa verið erfiðan í umgengni við undirmenn og nánast 25—30 árum á eftir tímanum í því efni. Hafi það verið algengt, að stefnandi hafi þrifið í undirmenn sína, m. a. vitnið sjálft, og hrist þá til. Hins vegar hafi hann jafnan gætt þess að ganga ekki svo langt, að sæi á mönnum.

Pálmi Egilsson, 2. vélstjóri, hafði svipaða sögu að segja um framkomu stefnanda í sama sjóprófi. Hann kvaðst hafa heyrt vein, er hann var staddur í borðsal, og hraðað sér fram. Fyrir neðan stigann, sem liggur upp í brúna, hafi Brandur legið og stefnandi staðið yfir honum. Hafi stefnandi snúið upp á handlegg Brands og slegið hann allmikið högg í andlitið. Stefnandi hafi síðan sagt: „Þetta skaltu ekki reyna aftur."

Brandur Skaftason háseti kvaðst í skýrslu sinni í sjóprófi 14. mars 1979 hafa meiðst á hægri þumalfingri við vinnu sína. Hafi sér verið boðnar magnyltöflur við verkjunum, er hann bað um deyfilyf. Hann kvað stefnanda hafa búið ágætlega um fingurinn, en neitað honum um deyfilyf. Hafi komið til orðasennu út af þessu í klefa sínum. Litlu síðar hafi hann komið upp í brú, eða réttara sagt upp í stigann. Hafi hann haldið áfram að biðja um verkjalyf, en ekki haft í frammi hótanir eða ógnanir. Allt í einu hafi stefnandi slegið hann og haldið því áfram hvað eftir annað, jafnvel eftir að hann var fallinn niður í ganginn fyrir neðan stigann. Brandur sagði, að hann hafi haft með sér taugalyf um borð, sem hann hafi tekið inn reglulega og samkvæmt læknisráði. Fyrir greint atvik hafi hann verið búinn að taka inn sex 5 mgr. valiumtöflur, en hann hafi ekki jafnframt neytt áfengis. Þó hafi hann verið undir áhrifum áfengis við upphaf veiðiferðarinnar, en öll áfengisáhrif hafi verið horfin fyrir löngu, enda hafi hann í mesta lagi haft með sér eina léttvínsflösku.

Samkvæmt vottorði Arnbjörns Ólafssonar læknis, sem skoðaði Brand við komu hans til Grindavíkur kl. 1840 þann 30. janúar 1979, hafði hann smáskurð neðan vinstra auga og mar og bólgur neðan við bæði augu. Í vottorðinu segir: „Maðurinn er sagður hafa tekið taugalyf og drukkið með því, og var framkoma hans þann veg, að allt benti til þess, að svo hefði verið." Við skoðun á slysadeild Borgarspítalans kom í ljós við röntgenmyndatöku, að brotasprunga var í gegnum endilanga fremri kjúku á þumalfingri. Brotið þarfnaðist ekki sérstakrar meðferðar.

3.0.

3.1. Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að brottvikning hans úr

starfi án fyrirvara hafi verið ástæðulaus, og telur hann sig eiga rétt á bótum sem nemur þriggja mánaða uppsagnarfresti auk miskabóta vegna röskunar á stöðu og högum.

Stefnandi telur sig eiga samningsbundinn rétt á 3ja mánaða uppsagnarfresti skv. kjarasamningum Farmanna og fiskimannasambands Íslands við Landssamband útvegsmanna og skv. 13. gr. sjómannalaga. Kröfur sínar sundurliðar hann þannig:

Hlutur af aflaverðmæti frá 19. febrúar 1979 til 19. maí s. á.	kr.	3.546.682
Fastakaup fyrir sama tímabil	—	25.405
Orlofsfé, 8.33%	—	297.555
Miskabætur	—	1.000.000
Samtals	Kr.	4.869.642

Stefnandi telur, að stefndi hafi kallað hluta af skipshöfninni á sinn fund og fyrirskipað 1. stýrimanni að færa í dagbók, að skipshöfnin hefði hótað uppsögn, ef stefnandi kæmi aftur um borð. Hafi það verið liður í að fá átyllu til að reka stefnanda úr starfi. Engin tilraun hafi verið gerð til að kynna sér málavexti frá hendi stefnanda. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að mál milli sömu aðilja vegna þessa atviks hafi verið höfðað með stefnu, birtri 16. febrúar 1980 (sic), en það mál verið hafið vegna breytingar á kröfugerð. Taldi hann sjóveðréttarkröfuna ekki fyrnda vegna þessarar fyrri málshöfðunar.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi brotið stórlega af sér í starfi sem skipstjóri b/v Framíðarinnar með árásinni á Brand Skaftason. Vegna þessa atburðar og annarra árekstra stefnanda við skipshöfnina hafi stefnanda verið vísað úr skiprúmi. Heimilt hafi verið að segja honum upp starfi án uppsagnarfrests skv. 33. gr., 3. tl., sjómannalaga nr. 67/1963. Samkvæmt sömu grein eigi stefnandi ekki rétt til launa lengur en til 5. febrúar 1979, er hann var afskráður. Árásin á Brand Skaftason hafi verið algerlega óþörf og óréttlætanleg. Hafi stefnandi átt að beita agavaldi sínu sem skipstjóri og láta setja Brand Skaftason í gæslu, uns komið var til hafnar, ef hætta hafi stafað af honum. Þá er mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að hætta hafi stafað af Brandi vegna lyfjanotkunar hans, en skv. skýrslu skipverja hafi Brandur ekki verið meira undir áhrifum lyfja í þessari veiðiferð en venjulega þá þrjá mánuði, er hann hafi gegnt hásetastarfi á b/v Framtíðinni.

Þá er miskabótakröfu stefnanda mótmælt sérstaklega sem órökstuddri og án lagastoðar.

Þá telur stefndi, að skv. 6. tl. 1. mgr. 232. gr. laga nr. 66/1963 sé sjóveð-

réttur fyrir meintum kröfum stefnanda í þessu máli fyrndur, þar sem hann hafi verið afskráður af b/v Framtíðinni þann 5. febrúar 1979. Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefnda, að mál varðandi sama ágreiningsefni milli aðilja, sem hafið var þann 5. mars sl., hafi rofið fyrningu sjóveðréttarkröfu stefnanda.

4.0.

4.1. Fyrir liggur í málinu, að uppsögn stefnanda úr skiprúmi var án uppsagnarfrests og launa. Þá er það ágreiningslaust, að uppsagnarfrestur stefnanda sem skipstjóra eða stýrimanns sé 3 mánuðir samkvæmt 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 63/1967. Það er hins vegar viðurkennd regla í vinnurétti með stoð í sjómannalögum, að skipverji geti fyrirgert rétti sínum til uppsagnarfrests eða launa á uppsagnartíma, og byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að svo hafi stefnandi gert. Hefur stefndi lagt áherslu á það atvik, er stefnandi sló Brand Skaftason háseta um borð í b/v Framtíðinni, KE 4, en stefnandi gegndi þá stöðu skipstjóra á skipinu. Dómurinn telur, að í því sambandi komi 5. gr. sjómannalaga til álita, og þá einkum hvort stefnandi hafi vegna „stórkostlegra yfirsjóna" glatað rétti til uppsagnarfrests. Þykir rétt að draga fram nokkur atriði, er að mati dómsins þykja mikilvæg í því sambandi. Brandur Skaftason var undir áhrifum taugalyfja samkvæmt eigin framburði og annarra og framkoma hans annarleg. Eftir meiðsli hans á fingri veitti stefnandi honum aðhlynningu, en neitaði honum um sterk deyfilyf. Er stefnandi lenti í deilum við Brand vegna þeirrar ákvörðunar, ákvað stefnandi að sigla með hann til lands, og hélt upp í brú til stjórnstarfa. Brandur Skaftason hélt á eftir stefnanda upp í brúna, en stefnandi varnaði honum inngögnu. Samkvæmt framburði vitnisins Sigurðar Friðrikssonar stýrimanns, sem í brúnni var, var Brandi mikið niðri fyrir. Stefnandi og Brandur steyttu hnefum hvor að öðrum. Stefnandi skipaði sannanlega Brandi að yfirgefa staðinn. Er því var ekki sinnt, sló stefnandi Brand, og limpaðist hann niður, en stefnandi fylgdi atlögunni eftir.

Dómurinn leggur áherslu á, að stefnandi var sem skipstjóri í stjórnklefa skipsins og hafði ekki aðeins rétt til, heldur bar skylda til að hindra, að Brandur Skaftason réðist þar inn og truflaði störf skipstjórnarmanna. Verður því að telja aðgerðir stefnanda í upphafi eðlilegar til að bægja hættunni frá. Hins vegar benda viss gögn til þess, að stefnandi hafi gerst offari við beitingu agavalds með því að fylgja atlögunni eftir. Þegar hins vegar er litið til framkomu Brands Skaftasonar í heild sinni og hliðsjón höfð af læknisvottorðum, þykir háttsemi stefnanda ekki hafa verið með þeim hætti, að hún heimilaði fyrirvaralausa uppsögn án undangenginnar áminningar.

Aðrar ávirðingar stefnanda um óviðurkvæmilega hegðun við almenna stjórnun eru ósannaðar með öllu, og verður eigi séð, að hann hafi í þeim

efnum á nokkurn hátt brotið í bága gegn hagsmunum stefnda eða vilja forsvarsmanna hans.

Kröfum stefnanda hefur reikningslega ekki verið mótmælt, enda í samræmi við dómvenju. Ber því að taka þær til greina að því undanskildu, að ekki standa lög til að dæma stefnanda miskabætur, og ber að sýkna stefnda af þeirri kröfu.

Vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt, og ber að taka hana til greina.

Stefnandi hóf lögsókn gegn stefnda með stefnu, birtri 12. febrúar sl., í sjó- og verslunardómsmálinu nr. 67/1980. Það mál var hafið í þinghaldi 5. mars sl., um leið og mál það, sem hér er lagður dómur á, var þingfest. Stefndi telur sjóveðréttarkröfu stefnanda fyrnda, þar sem í fyrsta lagi beri að miða fyrningardag við 5. febrúar 1979, er afskráning stefnanda var látin taka gildi, og í öðru lagi miðist upphafstími fyrningarfrests við stefnubirtingu á stefnda í þessu síðara máli, eða 3. mars sl.

Samkvæmt 232. gr., 1. mgr., sbr. 6. tl., fyrnist sjóveðréttarkrafa sem þessi innan eins árs, frá því er krafan féll í gjalddaga, sé henni ekki fylgt eftir með lögsókn. Telja verður, að miða beri upphafstíma fyrningar við þann dag, er stefnanda var sagt upp skiprúmi, eða þann 19. febrúar 1979, þar sem stefnandi hóf lögsókn á stefnda með stefnu, birtri 12. febrúar 1980, verður eigi talið, að sjóveðréttarkrafa hans hafi fyrnst, þegar hann hóf málið þann 5. mars sl., enda höfðaði hann að nýju mál þetta innan þess frests, er greinir í 11. gr. laga nr. 14/1905. Ber því samkv. 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 að viðurkenna sjóveðrétt í b/v Framtíðinni, KE 4, fyrir tildæmdum kröfum stefnanda.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir kr. 600.000.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurði Halli Stefánssyni lögfræðingi og Ingólfi Falssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, greiði stefnanda, Ólafi Gíslasyni, kr. 3.869.642 auk 19% ársvaxta frá 19. febrúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s. á., en 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, 3. mars 1980, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 600.000 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Framtíðinni, KE 4, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1983.

Nr. 240/1982. **Jón Ólafsson**
gegn
Ingólfi Guðnasyni vegna byggingarnefndar fyrir íbúðir aldraða á Hvammstanga.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. nóvember 1982, er barst Hæstarétti 14. desember s. á. Kærir hann þar þá ákvörðun þinglýsingardómarans í Hafnarfirði 26. október 1982 að afmá aflýsingu á tryggingarbréfi, sem út var gefið 26. ágúst 1981, en þinglýst var við embættið 27. ágúst s. á. og aflýst var 12. nóvember s. á. Krefst sóknaraðili þess, að úrlausn þinglýsingardómarans 26. október 1982 verði hrundið og aflýsing sú, er fram fór 12. nóvember 1981, verði staðfest. Þá krefst hann þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans verði staðfest og sóknaraðilja dæmt að greiða sér kærumálskostnað.

Mál þetta er kært samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 39/1978. Eigi var glöggt, hvenær sóknaraðili fékk vitneskju um hina kærðu þinglýsingarathöfn, og verður við það að miða, að kæra hans sé nógu tímanlega fram komin, sbr. 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 75/1973 og 3. gr. laga nr. 39/1978.

Samkvæmt gögnum máls verður að telja, að varnaraðili, byggingarnefnd fyrir íbúðir aldraða á Hvammstanga, sé einnig hinn sami og framkvæmdanefnd Dvalarheimilis aldraða, Hvammstanga, sem greind er í framangreindu tryggingarbréfi 26. ágúst 1981.

Þinglýsingardómarinn Júlíus Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 sent greinargerð sína um hina kærðu dómsathöfn. Er hún svofelld:

„Hinn 26. águst 1981 var móttekið til þinglýsingar tryggingarbréf, útgefið þann dag af kæranda máls þessa, Jóni Ólafssyni, til

framkvæmdanefndar Dvalarheimilis aldraðra, Hvammstanga, c/o Ingólfur Guðnason, að fjárhæð kr. 150.000. Með bréfi þessu veðsetur kærandi fasteign sína, Vesturvang 2, Hafnarfirði, með 13. veðrétti.

Skjali þesu var þinglýst og fært inn í fasteignabók embættisins 27. ágúst s. á. með þeirri athugasemd, að áhvílandi veðskuldir á undan væru að fjárhæð kr. 1.050.500, en þær voru í skjali þessu sagðar kr. 1.050.300.

Í janúarmánuði 1982 ræddi Kristján Ólafsson héraðsdómslögmaður við þinglýsingardómara og spurðist fyrir um það, hvort umrætt tryggingarbréf hvíldi enn á umræddri fasteign. Við athugun kom í ljós, að bréfinu hafði verið aflýst 12. nóvember 1981. Tjáði lögmaðurinn dómara þá, að rétthafi bréfsins, sem þá var skjólstæðingur hans, hefði ekki áritað frumrit bréfsins og heimilað aflýsingu þess.

Dómari kallaði fyrir sig útgefanda bréfsins, kæranda í máli þessu, Jón Ólafsson. Hann játaði það fyrir dómara, að hann hefði komið með frumrit bréfsins og fengið því aflýst. Dómari skoraði á kæranda að sýna dómara frumritið, til þess að hann gæti gengið úr skugga um, að því hefði verið aflýst með löglegum hætti, þ. e., að áritun væri á bréfinu frá rétthafa skv. þinglýsingarbókinni, sem heimilaði aflýsingu bréfsins. Kærandi færðist undan að afhenda bréfið, en lofaði þó að afhenda dómara ljósrit þess. Þá færðist kærandi ennfremur undan að skýra dómara frá því, hvaða áritun var á bréfinu, sem heimilaði aflýsingu þess. Var honum gert ljóst, að eina leiðin, til að bréfi þessu hefði fengist aflýst, væri, að á því væri áritun, sem gæfi til kynna, að hún stafaði frá rétthafa bréfsins og heimilaði skýlaust, að bréfinu mætti aflýsa. Voru brýnd fyrir kæranda ákvæði hegningarlaga og þinglýsingarlaga í þessu sambandi. Kærandi hefur ekki sýnt dómara frumrit það eða ljósrit af því, sem hann kom með til aflýsingar 12. nóvember 1981.

Með bréfi, dags. 23. september s. l., fór Ingólfur Hjartarson, hdl., fram á það fyrir hönd rétthafa umrædds bréfs, að aflýsingin yrði leiðrétt og fyrri þinglýsingarskráning frá 26. ágúst 1981 látin standa óbreytt. Dómari ákvað hinn 26. október 1982 að verða við þessari kröfu. Var bréfið þann dag fært á ný inn á fasteigina í fasteignabókinni, og sama dag tilkynnti dómari þessa ákvörðun með

ábyrgðarbréfum útgefanda bréfsins, kæranda máls þessa, Ingólfi Hjartarsyni, hdl., f. h. kærða, svo og aðilum, er eignast höfðu veðrétt í hinni veðsettu eign á eftir umræddri veðsetningu.

Með bréfi, dags. 10. nóvember 1982, fór Jón Oddson, hrl., þess á leit við dómara, að hann afturkallaði ákvörðun sína um færslu bréfsins á eignina á ný. Ekki var talin ástæða til að verða við þessum tilmælum.

Dómari lítur svo á, með vísan til þess, sem að framan er rakið, svo og gagna málsins, að umræddu tryggingarbréfi hafi hinn 12. nóvember 1981 verið aflýst af fasteigninni Vesturvangi 2, Hafnarfirði, án þess að skilyrði 39. gr. laga nr. 39, 1978, um þinglýsingar, hafi verið uppfyllt. Því hafi, er ábending og krafa kom um það frá rétthafa bréfsins, verið rétt að færa umrætt bréf inn á fasteignina á ný. Ekki verður fallist á það með kæranda, að honum hafi verið heimilt að láta aflýsa bréfinu, þar sem hann hafi verið handhafi þess og aldrei afhent gagnaðila sínum. Þegar er skjalinu hafði verið þinglýst, tóku að gilda um það reglur þinglýsingarlaga, sem geyma í 39. gr. reglur um það, hvenær aflýsa skuli skjölum, sem þinglýst hefur verið".

Svo sem greinargerð þinglýsingardómarans ber með sér, var tryggingarbréfinu 26. ágúst 1981, sem er nafnbréf samkvæmt orðalagi sínu, þinglýst 27. s. m., en því var aflýst hinn 12. nóvember s. á. Eftir að athugasemd hafði verið gerð um þá aflýsingu af hálfu veðhafans samkvæmt bréfinu, varnaraðiljans í kærumáli þessu, kvaddi þinglýsingardómarinn sóknaraðilja á sinn fund og gekk á hann um að sýna frumrit tryggingarbréfsins og sýna fram á heimildir til aflýsingar á því. Eru eigi bornar brigður á, að sóknaraðili hafi fært undan því. Felldi þinglýsingardómari að svo vöxnu hinn 26. október 1982 úr gildi aflýsinguna frá 12. nóvember 1981.

Eins og málið horfir nú við, þykir eiga að staðfesta úrlausn þinglýsingardómara hinn 26. október 1982 að því er varðar niðurfellingu aflýsingar 12. nóvember 1981, og er vísað til 1. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 39/1978. Eigi verður í kærumáli þessu kveðið á um, hvar í röð skipa skuli veðrétti varnaraðilja í veðandlaginu, fasteigninni Vesturvangi 2 í Hafnarfirði.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Hafnarfirði á að vera óröskuð.

Sóknaraðili, Jón Ólafsson, greiði varnaraðilja, Ingólfi Guðnasyni vegna byggingarnefndar fyrir íbúðir aldraðra á Hvammstanga, 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1983.

Nr. 34/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Óla Guðmundi Jónssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Bifreiðar. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Ríkissaksóknari, sem krefst staðfestingar héraðsdóms, hefur fallið frá kröfu um, að brot ákærða verði fært til 24., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí 1982.

Eftir uppsögn héraðsdóms hafa fjórir menn borið vitni að ósk ríkissaksóknara fyrir sakadómi Keflavíkur vegna málsins. Af framburði lögreglumanna þeirra, sem stöðvuðu ákærða við aksturinn, og varðstjóra þess, sem skýrslu tók af honum, kemur ekki fram, að ákærði hafi borið nein sýnileg ölvunarmerki, og Eyjólfur Árni Kristinsson vörubifreiðarstjóri, sem kveðst hafa hitt ákærða í Grindavík þennan morgun og talað þar við hann, segist enga áfeng-

islykt hafa greint né önnur merki þess, að ákærði hefði neytt áfengis.

Ákærði var stöðvaður við akstur bifreiðar um hádegisbil 29. nóvember 1980, og í blóðsýni, sem honum var tekið kl. 1225, mældist alkohól 0.58‰ með þeirri aðferð, sem hér er tíðkuð (gasgreining á súlu.)

Í héraðsdómi er lýst álitsgerðum kunnáttumanna, sem aflað var í hæstaréttarmálinu nr. 178/1978, sem dæmt var í Hæstarétti 20. júní 1980 (Hrd. LI, bls. 1378). Í þeim dómi kemur fram það álit dr. Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, að ef þéttni alkóhóls í blóði sé meiri en 1‰ eða minni, sé venja að telja vikmörk frá miðtölugildi 0.10‰. Davíð Davíðsson prófessor, Matthías Kjeld læknir og Aðalsteinn Emilsson líffræðingur, sem dómkvaddir voru í sama máli til álitsgerðar, telja í henni, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 1000, að blóð með etanólinnihaldi minna en 0.50‰ ákvarðist 0.58‰ eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 100, að það ákvarðist 0.56‰ eða meira. Þá er í héraðsdómi lýst álitsgerð þriggja manna, sem dómkvaddir voru til þess að láta uppi álit sitt á þessu atriði í sambandi við annað mál. Í áliti þeirra kemur fram, að meðal þeirra, sem rannsóknastofan gefi upp með 0.56‰ alkohól, megi gera ráð fyrir, að færri en einn af 1000, og af þeim, sem mælst hafi 0.55‰, megi gera ráð fyrir, að færri en einn af 100 hafi haft minna en 0.55‰ alkóhól í blóði.

Við mat á niðurstöðum alkóhólákvarðana í blóði hefur um langt skeið verið gert ráð fyrir, að möguleiki sé á nokkurri ónákvæmni, þannig að mæling gæti sýnt nokkru meira eða minna alkóhólinnihald en raunverulega er í blóði. Hefur hér verið miðað við vikmörkin ± 0.10‰, og samkvæmt því væri hugsanlegt, að raunverulegt alkóhólinnihald í blóðsýni, sem mælt væri 0.58‰, væri 0.48—0.68‰. Meðan sú aðferð var viðhöfð að greina rokgjörn efni í blóði, var einnig gert ráð fyrir öðrum efnum, sem áhrif gætu haft á niðurstöðuna, svo numið gæti 0.03‰. Gasgreining á súlu er talin mæla etanólinnihald, án þess að önnur efni hafi þar nein áhrif.

Ekki þykir rétt að hverfa frá þeirri venju að ætla vikmörk frá miðtölugild 0.10‰, og er samkvæmt því eigi öruggt, að alkóhól í blóðsýni því, sem ákærða var tekið, hafi náð 0.50‰.

Samkvæmt skýrslu ákærða hafði hann umræddan morgun ekið frá Keflavík til Grindavíkur og sömu leið til baka. Í gögnum málsins kemur ekki glöggt fram, hvenær morguns ákærði hóf akstur. Ekki eru fyrir hendi gögn til þess að miða við, ef reikna ætti út alkóhólinnihald í blóði ákærða við upphaf aksturs, enda hefur málið ekki verið flutt með tilliti til þess.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir eiga að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákveða ber, að kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti skuli greiddur úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnaralaun skipaðs verjanda ákærða, alls 5.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Guðmundur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 5.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 19. ágúst 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 19. ágúst, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem haldið er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2360/1980: Ákæruvaldið gegn Óla Guðmundi Jónssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 22. apríl sl. og dómtekið 6. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 19. mars sl., á hendur „Óla Guðmundi Jónssyni vörubifreiðarstjóra, Smáratúni 34 í Keflavík, fæddum 30. desember 1944 að Skógum í Öxarfirði, fyrir að aka laugardaginn 29. nóvember 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 302 frá Keflavík til Grindavíkur og síðan aftur áleiðis til Keflavíkur, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða á Reykjanesbraut skammt utan við Grindavíkurveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissvipt-

ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Laugardaginn 29. nóvember 1980, kl. 1204, var tilkynnt á lögregluvarðstofuna í Keflavík, að ökumaður vörubifreiðarinnar Ö 302 væri sennilega ölvaður. Var jafnframt sagt, að bifreiðin væri á leið frá Grindavík til Keflavíkur. Lögreglumenn fóru að leita bifreiðarinnar og veittu henni athygli, þar sem henni var ekið af Grindavíkurvegi inn á Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur. Stöðvuðu þeir akstur hennar skammt frá nefndum gatnamótum og höfðu tal af ökumanninum, ákærða í málinu. Er þeir ræddu við hann, lagði áfengisþef frá vitum hans. Blés hann í öndunarsýni, og sýndi það II. stig. Var ákærði færður á lögreglustöðina og síðan til læknis, sem tók honum blóð kl. 1215. Magn alkóhóls í blóðsýni þessu var 0.58‰.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík 9. janúar 1981. Kvaðst hann hafa drukkið örfá glös af áfengistegundinni „Twenty one" kvöldið fyrir umrætt atvik og fundið aðeins til breytingar á sér af neyslunni. Sofnaði hann síðan um kl. 0030—0100 og vaknaði um kl. 1000. Einskis matar neytti hann fram til þess, er blóðsýni var tekið honum. Fann hann rétt aðeins til þess að hafa neytt áfengis kvöldið áður, en hann hafi þó alls ekki verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni snögga ferð til Grindavíkur, en þaðan var hann að koma, þegar lögreglan hafði af honum afskipti. Taldi hann enga hættu á, að alkóhól mældist í blóði sínu.

Framburður ákærða fyrir dómi var í meginatriðum samhljóða því, sem hér hefur verið rakið. Hann giskaði á, að hann hefði drukkið um 1/3 lítra af framangreindri vínteguund. Hafi hann hætt neyslunni um kl. 0030.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómssátt, en hann hafnaði því.

Í hæstaréttarmáli nr. 178/1978, sem dæmt var 20. júní 1980, var gerð tölfræðileg könnun á mælingum þess dags, þegar blóðsýni það, sem nefnt mál snerist um, var efnagreint, og til samanburðar sams konar könnun á þremur öðrum dögum, völdum af handahófi. Niðurstaða könnunarinnar var sú, að gera mátti ráð fyrir, að það gerðist sjaldnar en í eitt skipta af þúsund, að blóð með etanólinnihaldi minna en 0.50‰ ákvarðaðist 0.58‰ eða meira.

Prof. Þorkell Jóhannesson, dr. med., og Jóhannes Skaftason lektor hafa gagnrýnt þá aðferð, sem þremenningar þeir, er stóðu að könnuninni, viðhafa á mati vikmarka frá alkóhólþéttni 1.20‰, og lýkur greinargerð þeirra með svohljóðandi athugasemd.

„Með tilliti til lagalegs mikilvægis markgildanna 0.50‰ og 1.30‰

teljum við, að ekki hafi verið beitt nógu nákvæmri aðferð við staðtölulega útreikninga og ákvörðun vikmarka."

Í máli ákæruvaldsins gegn X, sem upp kom 12. apríl 1980 og dæmt var 15. apríl sl. í sakadómi Reykjavíkur, voru dómkvödd þau Ottó J. Björnsson tölfræðingur, Alda Möller Ph. D., matvælaverkfræðingur, og Þorvaldur Búason eðlisfræðingur til þess að segja álit sitt á þar tilgreindum atriðum. Skyldi hin sérfræðilega rannsókn þeirra m. a. beinast að því að ákveða neðri mörk (viðmiðunarmörk) fyrir þau uppgefnu gildi frá Rannsóknastofu í lyfjafræði, er tryggja, t. d. með 99% eða 99.9% líkum, að raungildi alkóhólinnihalds í blóðsýni sé ekki undir 0.50‰.

Í álitsgerð þeirra segir, að meðal þeirra, sem rannsóknastofan gefur upp með 0.56‰ alkóhól í blóðsýni, megi gera ráð fyrir, að færri en 1 af 1000 hafi í reynd haft minna en 0.50‰ alkóhól í blóðsýni. Þremenningarnir skýra í álitsgerðinni nánar þær hugmyndir, er búa að baki aðferðum þeirra við ákvörðun á viðmiðunarmörkum, jafnframt því sem þeir taka afstöðu til framannefndrar gagnrýni próf. Þorkels og Jóhannesar lektors. Þar segir, að viðmiðunarmörkin, sem þeir setja fram, miði að því að útiloka þá villu að telja raungildi alkóhóls í blóðsýni ekki vera undir ákveðnum mörkum, þegar það er undir þeim. Sé það gert með því að notast við hátt viðmiðunarmark. Er þá höfð hliðsjón af, að vafi komi sakborningi til góða og „með tilliti til lagalegs mikilvægis markgildanna 0.50‰ og 1.20‰." Einnig kemur fram, að „öryggi" við alkóhólákvarðanir á rannsóknastofunni í dag er að þeirra mati meira en árið 1976, en þá gerðist atburður sá, sem hæstaréttarmál nr.178/1978 fjallar um. Stafi þetta af því, að síðan þá hafi verið tekinn í notkun nýr gasgreinir, og einnig er nú sprautað inn í tækið loftfasa sýnanna í stað vökva (blóði) áður, sem hefði haft slæm áhrif á tækið og átt til að storkna í innspýtingarsprautu. Notkun loftfasa geti hafa aukið nákvæmni mælinga verulega.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákæröi verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Kveður hann ríkissaksóknara raunverulega vera að krefjast lækkunar fráviksmarka og verði hann þá að sýna fram á, að slíkt sé mögulegt, svo óyggjandi sé. Nefnir hann, að skoðanir sérfræðinga séu mismunandi í þessum efnum. Liggi því eigi fyrir lögfull sönnun á því, að ákærði hafi brotið gegn ákvæðum áfengis- og umferðarlaga.

Með vísan til þeirra viðmiðunarmarka, sem hinir dómkvöddu menn í áðurnefndum málum hafa sett fram og rakin hafa verið, telst skýlaust sannað, að magn alkóhóls í blóði ákærða í umrætt sinn hafi í raun náð því lágmarki, sem sett er í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt þessu og með játningu ákærða, sem á sér stoð í öðrum gögnum málsins, er hann sannur að sök þeirri, sem á hann er borin í ákæru, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.

gr. áfengislaga nr. 82/1969. Þessi háttsemi ákærða er færð til réttra refsiákvæða í ákæruskjali.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði ekki sætt neinni þeirri refsingu, sem hér kann að skipta máli.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 1.200.00 sekt í ríkissjóð, sem greiðist innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga í stað hennar.

Í 81. gr. umferðarlaga eru skýrar reglur um ökuleyfismissi vegna ölvunar við akstur vélknúins ökutækis, en samkvæmt hæstaréttardómi 4. desember 1973 helgast það af langri dómvenju að beita bæði ákvæðum umferðarlaga og áfengislaga, þegar svo stendur á sem hér er um fjallað. Skemmsta sviptíng ökuleyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga er 1. mánuður, en 3 mánuðir samkvæmt 24. gr. áfengislaga. Samkvæmt þessu er eigi unnt að svipta ákærða ökuleyfi sínu í skemmri tíma en 3 mánuði, og skal hann sæta þeirri sviptingu frá dómsbirtingu.

Loks skal ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. laun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Guðmundur Jónsson, greiði sekt kr. 1.200.00 í ríkissjóð, sem afplánist með 4 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. þóknun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.500.00.

Föstudaginn 25. febrúar 1983.

Nr. 24/1983. **Háskólabíó og Laugarásbíó**
gegn
Þóroddi Stefánssyni
persónulega
og f. h. Videoleigunnar.

Kærumál. Stefnubirting. Frávísunarsómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 7. janúar 1983, en lögmaður þeirra fékk vitneskju um dóminn 6. s. m. Kæran barst Hæstarétti 28. janúar 1983.

Sóknaraðiljar gera þær dómkröfur, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Mál þetta er höfðað á hendur stefnda persónulega og f. h. Videoleigunnar, Langholtsvegi 176, Reykjavík.

Í vottorði stefnuvotta um birtingu stefnu segir, að hún hafi verið birt „. . . fyrir Lilju Kristjánsdóttur í fyrirtæki stefnda og vinnustað hennar Hafnarstræti 20 hér í borg. . .". Ekki kemur fram í vottorðinu, hvaða fyrirtæki stefndi er talinn reka að Hafnarstræti 20, og ekki hefur það verið upplýst með öðrum hætti. Þykir því mega fallast á með héraðsdómaranum, að ekki sé fram komið, að stefnubirting hafi farið fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936.

Verður hinn kærði frávísunardómur því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. desember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóv. 1982, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. maí sl., af Laugarásbíói, Hrafnistu, Reykjavík, nnr. 6052-3886, og Háskólabíói, Hagatorgi, Reykjavík, nnr. 3808-0008, gegn Þóroddi Stefánssyni verslunarmanni, Nönnufelli 1, Reykjavík, nnr. 9174-6993, persónulega og fyrir hönd firmans Videoleigunnar, Langholtsvegi 176, Reykjavík, sem einkaeiganda firmans. Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að staðfest verði lögbann, sem lagt var með úrskurði borgarfógetans í Reykjavík, uppkveðnum 26. apríl 1982, við útleigu, útlánum og sölu stefnda á myndbandssnældum með kvikmyndum, sem eru eign kvikmyndaveranna Paramount Pictures og Universal Pictures eða beint eða óbeint háðar umsjón þeirra, en framleiddar og seldar af C.I.C., London.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum skaðabætur ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu þessarar.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum miskabætur að fjárhæð kr. 15.000.00 ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu þessarar.
4. Að dæmt verði, að myndbönd í fórum stefnda með myndefni frá stefnendum verði án endurgjalds gerð upptæk til handa stefnendum.
5. Að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, er lög leyfa.
6. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað skv. mati réttarins, þar á meðal kostnað við framangreint lögbann.

Stefnendur kveða málavexti vera þá, að þeir hafi hinn 11. des. 1981 gert samning Cinema International Corporation-video (C.I.C.-video) (sic), 138-139 Piccadilly, London, þar sem nefnt fyrirtæki hafi veitt þeim óskoraðan einkarétt á að kaupa fyrirfram áteknar myndbandssnældur með kvikmyndum, sem séu eign eða beint eða óbeint háðar umsjón bandarískra kvikmyndavera Paramount og Universal og hafi verið framleiddar af C.I.C.-video.

Samningur þessi hafi verið tímabundinn og gildi til 31. desember 1982, en á gildistíma hans hafi stefnendur óskoraðan einkarétt á að leigja myndbandssnældurnar almenningi til heimanotkunar hér á landi. Jafnframt hafi hinn erlendi viðsemjandi þeirra lagt fyrir þá að beita öllum nayðsynlegum úrræðum til að hindra óheimila fjölföldun, sölu, leigu eða opinberan flutning, útsendingu eða sýningu á Íslandi á áteknum myndbandssnældum, sem hafi að geyma kvikmyndir frá Paramount og Universal.

Um og upp úr síðustu áramótum kveðast stefnendur hafa komist að því, að stefndi ásamt fjölmörgum öðrum hafi stundað útleigu myndbandssnældna, er hafi haft að geyma kvikmyndir í eign eða undir umsjón Paramount og Universal.

Stefnendur kveða stefnda hafa verið sent bréf hinn 5. mars 1982, þar sem honum hafi verið gerð grein fyrir heimildarleysi hans að því er varði útleigu á myndefni frá C.I.C.-video og jafnframt hafi honum verið boðið að ganga til samninga um bætur til handa stefnendum, en þessu hafi stefndi ekki sinnt og haldið áfram útleigu, sem loks hafi verið stöðvuð með lögbannsúrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. apríl sl.

Stefnendur kveðast byggja kröfur sínar í máli þessu á því, að þeir hafi með samningum við C.I.C. öðlast rétt til að nýta hér á landi í fjárhagslegu augnamiði höfundarétt að kvikmyndaefni í eigu eða undir umsjón Paramount og Universal og jafnframt tekist á herðar að koma í veg fyrir óheimila meðferð annarra aðilja á höfundarétti að kvikmyndum á myndbandssnældum háðum höfundarétti Paramount og Universal. Stefndi hljóti að hafa vitað, þegar hann hóf útleigustarfsemi sína, að efnið væri ekki einskis manns eign og hann því orðið að afla sér heimildar til fjárhagslegra nytja myndefnis hjá eiganda þess.

Stefnendur styðja kröfur sínar eftirfarandi lagarökum: Varðandi heimild sína til að leita réttar hér á landi vegna ætlaðs brots stefnda á höfundarétti vísa þeir til 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals I með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið. Í því sambandi er einnig vísað til 1. mgr. 8. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972.

Vegna lögbannskröfu stefnenda er vísað til 2. og 3. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972, sbr. 2. og 4. tl. 14. gr. fylgiskjals I með auglýsingu nr. 110/1947 í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1974. Skaðabótakrafa og krafa um miskabætur byggist á 56. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972. Vegna kröfu stefnenda um upptöku myndbanda er vísað til 1. mgr. 51. gr. um höfundarétt nr. 73/1972, og vegna kröfu stefnenda um refsingu stefnda er vísað til 1. tl. 2. mgr. 54. sömu laga.

Í sókn er tilgreind fjárhæð skaðabótakröfu þeirrar, sem stefnendur máls þessa gera á hendur stefnda, og þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 705.600.00 með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, enda er honum ekki löglega birt stefnan.

Í vottorði stefnuvotta Reykjavíkur segir m. a.: „Ár 1982, þriðjudaginn 4. 5. kl. 14.12 birtum við undirritaðir stefnuvottar Reykjavíkur þessa stefnu á Þórodd Stefánsson f.h. Videoleigan, Langholtsvegi 176, og persónulega fyrir Lilju Kristjánsdóttur í fyrirtæki stefnda og vinnustað hennar Hafnarstræti 10 hér í borg og afhentum henni endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda, er var fjarverandi. . . ."

Í 95. gr. laga nr. 85/1936 er tæmandi upptalning á þeim stöðum, þar sem birta má stefnu. Stefnubirting í máli þessu hefur eigi farið fram á nein-

um þeim stað, er tilgreind 95. gr. heimilar. Verður því þegar af þeim sökum að vísa máli þessu frá dóm án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Þórhildur Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þess er vísað frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 28. febrúar 1983.

Nr.182/1982. **Ragnhildur Þórólfsdóttir**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Þórönnu Hafdísi Þórólfsdóttur
(Árni Halldórsson hrl.)
og
Boga Nilssyni, skiptaráðanda
í Suðurmúlasýslu
(enginn).

Erfðamál. Skipti. Óskilgetin börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp Inger L. Jónsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1982. Ágrip máls barst Hæstarétti 17. nóvember 1982.

Áfrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að áfrýjandi eigi erfðarétt eftir Þórólf Sölvason. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu, Þórönnu Hafdísar Þórólfsdóttur, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda, Þóranna Hafdís, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu, Boga Nilssyni, eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru eigi hafðar uppi kröfur í málinu.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, andaðist Þórólfur Sölvason 4. desember 1981. Var bú hans tekið til opinberra skipta. Lýsti áfrýjandi, sem fædd er 13. janúar 1956, erfðatilkalli í búið, með því að hún telur sig vera óskilgetna dóttur hins látna.

Samkvæmt 1. gr., sbr. 58. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sem við eiga um arf eftir Þórólf Sölvason, erfir óskilgetið barn föður, „ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn." Í máli þessu nýtur eigi við gagna um, að Þórólfur Sölvason hafi gengist lögformlega við faðerni áfrýjanda, og hvorki hefur gengið dómur um faðernið né er sambúð til að dreifa, er jafngilt gæti faðernisviðurkenningu, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1947.

Með vísan til framanritaðs og ótvíræðs orðalags 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962 ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Suður-Múlasýslu 10. september 1982.

Sóknaraðili er Ragnhildur Þórólfsdóttir, nnr. 7251-4572, til heimilis að Skólavörðustíg 35, Reykjavík.

Varnaraðili er Þóranna Hafdís Þórólfsdóttir, nnr. 9403-5880, til heimilis að Melbæ 5, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar eftir Þórólf Sölvason við skipti á dánarbúi hans. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili krefst þess, að dómkröfum sóknaraðilja verði hrundið, og þess jafnframt, að dánarbú Þórólfs Sölvasonar verði afhent henni til einkaskipta sem einkaerfingja. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór þann 23. ágúst sl.

Þórólfur Sölvason, fyrrum bóndi að Snjóholti í Eiðahreppi, andaðist þann 4. desember 1981. Hann var ókvæntur. Þann 21. maí 1977 gerði hinn látni arfleiðsluskrá þess efnis, að systir hans, Þórunn Sölvadóttir, skyldi erfa einn þriðja hluta allra eigna hans eða svo mikinn hluta sem erfðalög frekast leyfðu, ef þeim yrði breytt eða ef hann ætti engan lögerfingja við fráfall sitt. Þórunn Sölvadóttir andaðist þann 15. júní 1978.

Með bréfi, dags. 7. janúar 1982, til hreppstjóra Eiðahrepps óskaði skiptaráðandi Suður-Múlasýslu uppskriftar á búi hins látna. Var jafnframt óskað upplýsinga um börn hins látna, þar sem Ragnhildur Þórólfsdóttir hafði haft samband símleiðis við skiptaráðanda vegna fyrirhugaðrar erfðakröfu sinnar í búið.

Uppskriftargerð fór fram þann 12. janúar sl. að viðstaddri Þórönnu Hafdísi, dóttur hins látna, fæddri 2. október 1941. Óskaði hún eftir því, að sér yrði framselt búið til einkaskipta, þar sem hún vissi ekki betur og byggði á upplýsingum föður síns þar um en að hún væri einkaerfingi hans.

Innköllun til erfingja og skuldheimtumanna búsins var gefin út 22. febrúar sl., og seinast birt í Lögbirtingablaði 26. mars sl. Í þinghaldi 21. júní sl. var lagt fram bréf Ragnhildar Þórólfsdóttur, dags. 25. febrúar 1982, þar sem hún lýsir erfðakröfu í búið. Kröfu hennar var mótmælt af varnaraðilja.

Verður nú lýst málavöxtum og málsútlistun aðilja samkvæmt skjölum og gögnum málsins:

Sóknaraðili fæddist 13. janúar 1956 og var skírð 25. maí 1958. Móðir hennar, Þorbjörg Eiríksdóttir, lýsti við skírnina látna, Þórólf Sölvason, föður að barninu. Frá fæðingu til átta ára aldurs átti sóknaraðili heima ásamt móður sinni að Ásgeirsstöðum í Eiðahreppi, sem er næsti bær við Snjóholt. Þá fluttust þær að Fossgerði í sömu sveit. Tólf ára að aldri fluttist sóknaraðili með móður sinni til Eskifjarðar.

Í aðiljaskýrslu sóknaraðilja kemur fram, að hún hafi stundað nám við heimavistarskólann að Eiðum frá átta til tólf ára aldurs. Þótt hún hafi ekki haft neitt saman að sælda við föður sinn, hafi ekki farið á milli mála, að allir vissu, að hún var dóttir hans. Hún minnist þess, að skólasystur sínar hafi strítt sér á því að vera lausaleiksbarn og dóttir Þórólfs Sölvasonar. Þá hafi kennarar og skólastjóri ekki verið í vafa um, hvers dóttir hún var. Hún nefnir, að Gunnlaugur bóndi á Tókastöðum í Eiðahreppi, frændi Þórólfs, hafi ætíð nefnt sig frænku sína. Þá hafi kona hans kallað sig frænku Gunnlaugs.

Af hálfu sóknaraðilja hefur verið lagt fram fæðingarvottorð, útgefið af Hagstofu Íslands f. h. Þjóðskrár, svohljóðandi: „Hér með vottast, að Ragnhildur Þórólfsdóttir er fædd 13. janúar 1956, skírð 25. maí 1958. Fæðingarstaður Egilsstaðahreppur, Suður-Múlasýslu. Foreldrar Þórólfur

Sölvason og Þorbjörg Eiríksdóttir. Vottorð þetta er gefið samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók."

Í aðiljaskýrslu sóknaraðilja segir enn fremur, að nafn þetta hafi komið fram við fermingu sína og við öll önnur tækifæri og þannig ætíð skráð í opinberum skjölum.

Í málinu hefur af hendi sóknaraðilja verið lagt fram bréf, svohljóðandi: „Við undirritaðir sveitungar Ragnhildar Þórólfsdóttur lýsum því yfir, að við höfum aldrei séð ástæðu til að draga faðerni hennar í efa. Enda teljum við, að Þórólfur hefði tæpast látið viðgangast, að hún hefði borið hans nafn, ef hann hefði haft eitthvað við það að athuga." Bréf þetta er undirritað af Stefaníu Ósk Jónsdóttur, Eiðum, Helgu Þórhallsdóttur, Ormsstöðum, Önnu Þórhallsdóttur, Ormsstöðum, Guðlaugi Þórhallssyni, Ormsstöðum, Ásmundi Þórhallssyni, Ormsstöðum, Ragnari H. Magnússyni, fyrrverandi oddvita Eiðahrepps, Kristínu Eyjólfsdóttur frá Tókastöðum og Gunnlaugi Sigurbjörnssyni frá Tókastöðum.

Í málinu liggja fyrir vitnaskýrslur, og verður nú rakið það helsta úr þeim:

Þorbjörg Eiríksdóttir, móðir sóknaraðilja, ber, að við fæðingu hennar hafi Þórólfur beðið sig að leyna faðerni tímabundið vegna veikinda móður sinnar. Fæðingu Þórönnu Hafdísar hafi móðir hans tekið mjög nærri sér, og óttaðist hann um heilsu hennar. Við skírn sóknaraðilja hafi hún verið skráð hans barn með vitund hans og andmælalaust. Þá hafi Þórólfur aldrei borið brigður á, að sóknaraðili væri hans barn. Meðlagskröfur kveðst hún aldrei hafa sett fram. Stöðug veikindi heimilisfólksins í Snjóholti hafi valdið því, að hún hafði ekki brjóst í sér til þess. Um tækifærisgjafir hafi ekki verið að ræða. Einu afskipti Þórólfs af sóknaraðilja voru þau, að hann hafi eitt sinn ekið henni til skóla.

Gunnlaugur Sigurbjörnsson, Tókastöðum í Eiðahreppi, telur sig aldrei hafa heyrt í efa dregið, að sóknaraðili væri dóttir Þórólfs, frænda síns. Segist aldrei hafa heyrt nokkuð, sem benti til hins gagnstæða. Faðerni sóknaraðilja hafi aldrei komið beint til tals milli sín og Þórólfs heitins. Reiknað hafi almennt verið með, að hún væri dóttir hans og ekki væri rætt um slíka hluti beint við viðkomendur. Þá telur vitnið, að Þórólfur hefði ekki látið viðgangast, að sóknaraðili kenndi sig við hann, væri hann því ekki samþykkur. Vitnið segir, að um langvarandi veikindi hafi verið að ræða á heimili Þórólfs. Aðspurður getur hann þess, að Tókastaðir, Ásgeirsstaðir og Snjóholt séu nágrannajarðir og lönd þessara jarða liggi saman.

Vitnið Ármann Halldórsson safnvörður, Egilsstöðum, ritstýrði Sveitir og jarðir í Múlaþing. Bent er á af varnaraðilja, að í því riti á bls. 242 (II.b. 1975) séu talin 4 börn Þorbjargar Eiríksdóttur, Ásgeirsstöðum, þ. á m. Jón Guðmundsson og Ragnhildur Þórólfsdóttir. Á bls. 246 í sama riti er Jón tilgreindur sonur Guðmundar Þórarinssonar á Fljótsbakka. Hins vegar sé

Ragnhildur ekki tilgreind dóttir Þórólfs Sölvasonar í Snjóholti á bls. 244 í sama riti. Vitnið upplýsir til skýringar, að ábúendatal hafi verið samið af Eiriki Eiríkssyni frá Dagverðargerði, sem síðan hafi afhent það til sín. Vitnið hafi haft samband við ábúendur og leitað leiðréttinga, ef með þyrfti. Í handriti Eiríks voru dætur Þórólfs í Snjóholti tilgreindar tvær, en Þórólfur lét strika út nafn Ragnhildar. Þórólfur hafi engin skrifleg gögn afhent í þessu sambandi og útstrikunin hafi ekki farið fram í votta viðurvist, en til skýringar hafi hann sagst ekki vera faðir Ragnhildar. Vitninu kveðst hafa verið um það kunnugt (sic), að sóknaraðili var nefnd Þórólfsdóttir.

Ingólfur Njálsson gefur vottorð um að hafa verið náinn kunningi Þórólfs. Hafi hann ekið Þórólfi til flugvallar á Egilsstöðum, er hann fór í sína síðustu ferð. Þá og margoft áður hafi Þórólfur beðið sig að hafa samband við dóttur sína, Þórönnu Hafdísi, þegar hann væri allur, svo hún gæti komið og litið eftir eignum hans og tekið ákveðna muni í sína vörslu. Vitnið telur, að Þórólfur hafi fyrst rætt um þetta haustið 1976. Þá kveðst vitnið eitt sinn hafa fært í tal við Þórólf, hvort ekki stæðu fleiri til arfs eftir hann. Því hafi hann svarað neitandi og sagt, að Þóranna Hafdís stæði ein til arfs eftir sig.

Að áskorun sóknaraðilja hefur varnaraðili lagt fram meðlagsúrskurð, dags. 16. júlí 1954, til sönnunar faðerni sínu.

Sóknaraðili telur, að hún sé löglega feðruð með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Þar komi fram, að viðganga karlmanns, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess geti orðið með þrennum hætti. Tveim af þessum skilyrðum sé fullnægt varðandi sig, þ. e. viðganga fyrir presti og viðganga bréflaga og vottfast. Hvað fyrra atriðið snertir, það að sóknarprestur skírir barn móður, sem er sóknarbarn hans, og hún kennir karlmanni, sem einnig er sóknarbarn sama prests, og hann skráir athugasemdarlaust, eins og hagi til í þessu máli, þá séu löglíkur fyrir því, að prestur hafi haft fyrir sér samþykki föður í einhverri mynd. Lögin setji því engar skorður, í hverju samþykkið sé fólgið. Varðandi síðara atriðið, bréflega og vottfast, sé hér nánast átt við, að viðgangan sé sönnuð með sæmilegu móti, sem fari eftir mati dómstóla hverju sinni. Vísar sóknaraðili í því sambandi til framlagðra gagna og vitnaskýrslna.

Varnaraðili mótmælir staðhæfingum og túlkun sóknaraðilja á gildandi réttarreglum um faðerni óskilgetinna barna.

Um erfðarétt óskilgetinna barna eftir föður og föðurfrændur gilda ákvæði 1. tl. 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Ákvæði þessi áskilja til gildrar faðernisjátningar, að karlmaður, sem kona kennir barn sitt, gangist við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast.

Telja verður, að þar sem ekki liggur fyrir faðernisjátning hins látna, Þórólfs Sölvasonar, þegar sóknaraðili var skírð eða síðar fyrir presti, geti skilyrðum 1. mgr. 3. gr. laga 37/1947 um það atriði ekki verið fullnægt, eins og sóknaraðili heldur fram. Þá liggur ekki fyrir í máli þessu viðurkenning fyrir valdsmanni. Önnur gögn málsins, vitnisburðir og bréf, hafa ekki að geyma sönnun um faðernisjátningu, sem fullnægi lagaboðum þeim, sem vitnað er til, þótt líkur hafi verið leiddar að því, að Þórólfi Sölvasyni hafi verið um það kunnugt, að sóknaraðili var skráð hans barn og almennt af kunnugum talinn hans barn. Engar skriflegar viðurkenningar hafa komið fram í málinu, sem stafa frá Þórólfi um faðerni sóknaraðilja, og um greiðslu meðlags var ekki að ræða.

Verður ekki talið, að faðerni sóknaraðilja hafi verið staðreynt á þann hátt sem áskilið er í 1. tl. 1. gr. laga 8/1962.

Skilyrði eru því ekki til að veita sóknaraðilja erfðarétt eftir látna, Þórólf Sölvason, og verður krafa hennar um það því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Ragnhildar Þórólfsdóttur, um, að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar eftir látna, Þórólf Sölvason, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 1. mars 1983.

Nr. 171/1980. **Hilmar Fr. Guðjónsson**
(Hallgrímur B. Geirsson hdl.)
gegn
Ásu Jóhannsdóttur
Magnúsi Eirikssyni
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
Hönnu Guðmundsdóttur
Dagbjörtu Halldórsdóttur
Laufeyju Arnalds
(Skúli J. Pálmason hrl.)
Ólafi Björnssyni
Byggingarfélaginu Ósi h/f
Jónínu Jónsdóttur
Þóreyju Ólafsdóttur
Kjartani Jónssyni
dánarbúi Björns Gíslasonar
(Tómas Gunnarsson hrl.)
og
Ásu Jóhannsdóttur
Laufeyju Arnalds og
Magnúsi Eirikssyni
sem stjórn Rörsteypunnar h/f
(Páll A. Pálsson hrl.).

Hlutafélög. Forkaupsréttur. Fyrirsvar. Kröfu að hluta vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1980. Stefndi Björn Gíslason lést eftir uppsögu héraðsdóms, og hefur dánarbúi hans verið stefnt til aðildar í málinu með stefnu 11. mars 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur *aðallega,* að stefndu verði dæmd til þess að

þola riftun á kaupsamningi, dags. 28. maí 1979, um sölu á 82.727% hlutafjár í Rörsteypunni h/f í Kópavogi og stjórn félagsins dæmt skylt að bjóða áfrýjanda forkaupsrétt að hlutafjáreign hvers einstaks hluthafa.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmd til þess að þola riftun á ofangreindum kaupsamningi og viðurkenndur verði með dómi réttur áfrýjanda til þess að fá framseld til sín þau hlutabréf, er stefndu Dagbjörg, Hanna og Laufey framseldu samkvæmt samningnum til Byggingarfélagsins Óss h/f, gegn greiðslu á kr. 415.632.90 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningnum greinir.

Önnur varakrafa áfrýjanda er sú, að stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey og stefnda Byggingarfélagið Ós h/f verði dæmd til að þola riftun á kaupsamningum sínum, dagsettum 28. maí 1979, um hlutabréf í Rörsteypunni h/f í Kópavogi og viðurkenndur verði með dómi réttur áfrýjanda til þess að fá hlutabréfin framseld til sín gegn greiðslu á kr. 415.632.90 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningnum greinir.

Þriðja varakrafa er sú, að stefndu Ása, Dagbjört, Hanna, Magnús, Laufey, Byggingarfélagið Ós h/f, Jónína, dánarbú Björns Gíslasonar, Þórey og Kjartan verði dæmd til þess að þola riftun á samningum sín á milli um kaup á hlutabréfum skv. kaupsamningnum, dags. 28. maí 1979, og stjórn Rörsteypunnar h/f verði gert skylt að bjóða áfrýjanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti er krafist úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í aðalkröfu og þriðju varakröfu hefur áfrýjandi uppi kröfugerð þá í málinu á hendur stjórn Rörsteypunnar h/f, er að framan greinir. Einstaklingar þeir, er áfrýjandi hefur stefnt f. h. stjórnarinnar, létu af stjórnarstörfum á fundi í félaginu 8. júní 1979. Voru aðrir menn kjörnir til stjórnarstarfa í þeirra stað á sama fundi. Svo sem í héraðsdómi greinir, mátti áfrýjanda vera þetta ljóst, þegar málið var höfðað með birtingu héraðsdómsstefnu 20. og 22. júní s. á.

Áfrýjandi gætti þess hins vegar eigi að stefna þeim, er að lögum fóru með fyrirsvar fyrir félagið, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942. Ber að vísa kröfu hans á hendur Ásu Jóhannsdóttur, Laufeyju Arnalds og Magnúsi Eiríkssyni sem stjórn Rörsteypunar h/f sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Samkvæmt 7. gr. stofnsamnings og 4. gr. samþykkta Rörsteypunnar h/f átti áfrýjandi forkaupsrétt að fölum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína, eins og nánar greinir í ákvæðum þessum, en þau eru tekin upp í héraðsdóm. Við söluna 28. maí 1979 bundust hinir stefndu seljendur samtökum, og átti áfrýjandi í fyrstu aðild þar að, þótt hann skipti síðar um skoðun. Eigi er fram komið í málinu, að föl hafi verið hlutabréf einstakra hluthafa, og er samkvæmt því ósannað, að í raun hafi verið um marga sjálfstæða kaupsamninga að ræða. Ekki verður fallist á, að áfrýjandi hafi samkvæmt stofnsamningi, samþykktum eða almennum reglum átt kröfu til að ganga inn í kaupin að því er varðaði hlutabréf einstakra hluthafa aðeins. Var forkaupsrétti áfrýjanda fullnægt, er honum var á hluthafafundi 1. maí 1979 gefinn kostur á að ganga inn í kaup þau í heild, er að framan greinir. Eigi liggur fyrir, að staðið hefði á upplýsingum um væntanlega kaupendur, ef eftir hefði verið leitað á þeim tíma, sem máli skipti. Gat vanræksla hinna stefndu seljenda í þeim efnum og aðeins lengt þann frest, sem áfrýjandi hafði til ákvörðunar um, hvort hann vildi neyta forkaupsréttar síns. Að þessu athuguðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms í máli þessu um sýknu stefndu Hönnu, Dagbjartar, Ólafs, Byggingarfélagsins Óss h/f, Jónínu, Þóreyjar, Kjartans og dánarbús Björns Gíslasonar svo og um sýknu stefndu Ásu, Laufeyjar og Magnúsar persónulega. Þá þykir mega staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hæfilegt, að hann greiði 15.000.00 krónur óskipt til stefndu Ólafs, Jónínu, Þóreyjar, Kjartans, dánarbús Björns Gíslasonar og Byggingarfélagsins Óss h/f, en 2.000.00 krónur til hvers hinna stefndu Ásu, Magnúsar, Hönnu, Dagbjartar og Laufeyjar.

Dómsorð:

Kröfum áfrýjanda, Hilmars Fr. Guðjónssonar, á hendur Ásu

Jóhannsdóttir, Laufeyju Arnalds og Magnúsi Eiríkssyni sem stjórn Rörsteypunnar h/f er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu Ása Jóhannsdóttir, Dagbjört Halldórsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Laufey Arnalds, Magnús Eiríksson, Ólafur Björnsson, Byggingarfélagið Ós h/f, dánarbú Björns Gíslasonar, Jónína Jónsdóttir, Kjartan Jónsson og Þórey Ólafsdóttir skulu sýkn vera af kröfum áfrýjanda, Hilmars Fr. Guðjónssonar í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefndu Ólafi Björnssyni, Byggingarfélaginu Ósi h/f, Jónínu Jónsdóttur, Þóreyju Ólafsdóttur, Kjartani Jónssyni og dánarbúi Björns Gíslasonar óskipt 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Þá greiði áfrýjandi stefndu Ásu Jóhannsdóttur, Magnúsi Eiríkssyni, Hönnu Guðmundsdóttur, Dagbjörtu Halldórsdóttur og Laufeyju Arnalds 2.000.00 krónur hverju um sig.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. maí sl., höfðaði Hilmar Fr. Guðjónsson, Kambsvegi 30, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. og 22. júní 1979, gegn Ásu Jóhannsdóttur, Geitlandi 8, Reykjavík, Magnúsi Eiríkssyni, sama stað, Hönnu Guðmundsdóttur, sama stað, Dagbjörtu Halldórsdóttur, Heiðarlundi 17, Garðakaupstað, Laufeyju Arnalds, Miklubraut 52, Reykjavík, Ólafi Björnssyni, Seljugerði 8, Reykjavík, persónulega og sem framkvæmdastjóra Byggingarfélagsins Óss h/f, Reykjavík, f. h. félagsins, Jónínu Jónsdóttur, Seljugerði 8, Reykjavík, Birni Gíslasyni, Rauðarárstíg 26, Reykjavík, Þóreyju Ólafsdóttur, sama stað, og Kjartani Jónssyni, Furugerði 11, Reykjavík. Þeim Ásu, Magnúsi og Laufeyju er stefnt persónulega og sem stjórn Rörsteypunnar h/f, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru:

Aðallega, að stefndu verði dæmd til þess að þola riftun á kaupsamningi um sölu á 82.727% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f í Kópavogi, dagsettum 28. maí 1979, og stjórn félagsins verði dæmt skylt að bjóða stefnanda forkaupsrétt að hlutafjáreign hvers einstaks hluthafa.

Til vara, að stefndu verði dæmd til þess að þola riftun á ofangreindum kaupsamningi og viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til þess að fá framseld til sín þau hlutabréf, er stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey framseldu samkvæmt samningnum til Byggingarfélagsins Óss h/f, gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningnum greinir.

Til þrautavara, að stefndu Dagbjört, Hanna, Laufey og Byggingarfélagið Ós h/f verði dæmd til þess að þola riftun á kaupsamningum sínum, dagsettum 28. maí 1979, um hlutabréf í Rörsteypunni h/f í Kópavogi og viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til þess að fá hlutabréfin framseld til sín gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim greiðsluskilmálum, er í kaupsamningunum greinir.

Til þrautaþrautavara, að stefndu Ása, Dagbjört, Hanna, Magnús og Laufey, Byggingarfélagið Ós h/f, Jónína, Björn, Þórey og Kjartan verði dæmd til þess að þola riftun á samningum sín á milli um kaup á hlutabréfum skv. kaupsamningum, dagsettum 28. maí 1979, og stjórn félagsins gert skylt að bjóða stefnanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Málskostnaðar er krafist, hvernig sem málið fer.

Stefndu Ása og Magnús krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur fullur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefndu Dagbjört, Laufey og Hanna krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Stefndu Ólafur, Jónína, Björn, Þórey, Kjartan og Byggingarfélagið Ós h/f krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður vegna reksturs málsins eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Stefndu fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að verða tildæmdur málskostnaður.

Hinn 8. apríl sl. var kveðinn upp úrskurður á bæjarþinginu um, að málinu væri ekki vísað frá dómi.

II.

Samkvæmt skjölum málsins virðast málavextir vera þessir:

Hinn 5. desember 1962 undirrituðu í Kópavogi þau Sigurjón Guðmundsson, Ása Jóhannsdóttir, Hilmar Fr. Guðjónsson, Dagbjört Halldórsdóttir, Magnús Eiríksson og Hanna Ólöf Guðmundsdóttir stofnsamning Rörsteypunnar h/f.

Í stofnsamningnum segir svo í 5. gr.: „Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Þó eiga hluthafar forgangsrétt að aukningarhlutum í félaginu í hlutfalli við hlutafjáreign sína.“ Í 7. gr. stofnsamningsins er svohljóðandi ákvæði: „Félagið á forkaupsrétt á fölum hlutabréfum fyrir allt að 10 prósent hlutafjárins, en því næst hluthafar í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Vilji fleiri en einn kaupa sama hlut eða hluti, ákveður stjórn félagsins, hver eða hverjir sitji fyrir um kaup og skiptingu hluta milli slíkra hluthafa. Til sölu og veðsetningar hlutabréfa þarf samþykki stjórnarinnar.“

Sama dag voru samþykktir fyrir félagið undirritaðar. Í 4. gr., 4. mgr., samþykktanna segir svo: „Nú óskar hluthafi að selja hlutabréf sitt og á þá félagið forkaupsrétt að því og öðrum fölum hlutabréfum fyrir upp í 10 prósent hlutafjárins, og meira, ef atvinnumálaráðherra samþykkir. Að félaginu frágengnu eiga hluthafarnir forkaupsréttinn í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Vilji þessir aðilar eigi neyta þessa forkaupsréttar, getur eigandi bréfs selt hverjum, sem hann óskar, en þó því aðeins, að stjórn félagsins samþykki söluna. Vilji fleiri en einn kaupa sama hlut eða hluti, ákveður stjórn félagsins, hver eða hverjir sitji fyrir um kaup og skiptingu hluta milli slíkra hluthafa. . .“

Á dskj. 5 er fundargerð aðalfundar Rörsteypunnar h/f 21. apríl 1979. Á fundinum voru stefnandi og stefndu Magnús, Dagbjört, Laufey og umboðsmenn stefndu Ásu og Hönnu. Á fundi þessum var lagt fram tilboð frá Ólafi Björnssyni o. fl. í öll hlutabréf Rörsteypunnar h/f, dskj. 13. Í tilboði þessu segir m. a., að tilboðið miðist við, að tilboðsgjafi fái keypt a. m. k. 75% af öllu hlutafé Rörsteypunnar h/f. Þar kvaðst stefnandi mundu neyta forkaupsréttar síns varðandi hluta hlutabréfanna. Síðar á aðalfundinum var samþykkt að gera Ólafi gagntilboð, þar sem heildarverð yrði hækkað um 25 milljónir, með fresti til 30. apríl.

Á dskj. 6 er fundargerð hluthafafundar í Rörsteypunni h/f 1. maí 1979. Þar lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að stefnandi hefði afturkallað samþykki sitt 22. apríl og sú afstaða hans væri óbreytt. Stefnandi vildi neyta forkaupsréttar að hlutabréfum stefndu Laufeyjar, Hönnu og Dagbjartar. Umræður spunnust um það, hvort stefnandi hefði forkaupsrétt að hluta þeirra bréfa, sem tilboð hefði verið gert í. Lagt var til, að stefnanda yrði gefinn umhugsunartími, hvort hann vildi ganga að kaupum á hlutabréfum annarra hluthafa. Því var enn lýst yfir fyrir hönd stefnanda, að stefnandi vildi athuga málin betur og væri enn reiðubúinn að neyta forkaupsréttar að hlutum stefndu Laufeyjar, Hönnu og Dagbjartar. Því var lýst yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að stjórninni væri ekki kunnugt um, að 34—35% af hlutafé félagsins væri til sölu. Allir hluthafar og umboðsmenn hluthafa að undanskildum stefnanda samþykktu, að sú afstaða væri rétt. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir, að hann liti svo á, að samningur væri kominn á,

þar sem viljayfirlýsing væri komin frá báðum aðiljum um kaupin og væri því hugsanlegur umhugsunartími stefnanda um forkaupsrétt eftir því sem lög heimili. Því var lýst yfir, að kaupandi vildi kaupa hlutabréf annarra hluthafa en stefnanda og stefnandi fengi umhugsunarfrest til að neyta forkaupsréttar. Stefnandi óskaði eftir umhugsunarfresti til 15. maí til þess að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni til að kaupa í einu lagi um það bil 83% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f miðað við gagntilboðskjör frá 21. apríl, og var sá frestur samþykktur. Aðrir hluthafar ítrekuðu þá afstöðu sína, að afturköllun stefnanda á samþykki gagntilboðsins 21. apríl hefði ekki gildi.

Á dskj. 9 er bréf stefnanda, dags. 14. maí 1979, í bréfi þessu segir m. a.:

„1. Hilmar telur sér ekki skylt að kaupa öll þau hlutabréf, sem þarna eru boðin fram. Hann telur, að á grundvelli forkaupsréttar síns, sem tryggður er í stofnsamningi félagsins, geti hann gengið inn í sölu hlutabréfa einstakra hluthafa, sem bjóða fram bréf sín til sölu. Af þessum sökum lýsir Hilmar því yfir, að hann muni neyta forkaupsréttar síns á fölum hlutum í samræmi við yfirlýsingu þá, er bókuð var í fundargerð þann 1. maí 1979. Krafa annarra hluthafa um, að hann kaupi öll bréfin á gagntilboðskjörum, er því ekki tekin til greina, enda er raunverulega með því verið að ganga fram hjá forkaupsréttarákvæðum stofnsamningsins.

2. Þar sem Hilmari er ljóst, að þessi afstaða hans er ekki í samræmi við þá skoðun, er meiri hluti hluthafa hefur sett fram, vill hann gera meðhluthöfum sínum eftirfarandi tilboð í hluti þeirra:

Verð miðað við 100% kr. 127.000.000.-

A.

1.	við samningsgerð greiðist	kr.	5.000.000.00	
2.	hinn 1.7. 1979 greiðist	—	3.000.000.00	
3.	hinn 1.9. 1979 greiðist	—	3.000.000.00	
4.	hinn 1.11. 1979 greiðist	—	4.000.000.00	
5.	hinn 31.12. 1979 greiðist	—	28.000.000.00	43.000.000.00
6.	á 4 árum með gjalddaga 15.1 ár hvert fyrst 15. 1. 1981 og hæstu lögleyfðu fasteignalánavöxtum (nú 26% á ári). Af upphæðinni greiðast 15.1. 1980 vextir, sem nema hálfum ársvöxtum			42.000.000.00

B.

Með veðskuldabréfi til 10 ára með 16% ársvöxtum frá 1.6. 1979 og gjalddaga 1.6. ár hvert, fyrst 1.6. 1980 42.000.000.00

Samtals kr. 127.000.000.00“

Á dskj. 7 er fundargerð hluthafafundar í Rörsteypunni h/f 16. maí 1979. Á fundi þessum var lagt fram bréfið á dskj. 9. Eigendur og umboðsmenn eigenda hlutabréfanna höfnuðu tilboði stefnanda um sölu hlutabréfanna á þeim kjörum, sem boðin voru. Lagt var fram uppkast að samningi stefnda Ólafs Björnssonar og fleiri við 82.727% hluthafa í Rörsteypunni h/f, það er alla aðra hluthafa en stefnanda. Lögmaður stefnanda lagði fram til bókunar: „Þar sem Tómas Gunnarsson, hdl., hefur lagt fram drög að samningi um kaup Ólafs Björnssonar o. fl. á hlutum Ásu, Dagbjartar, Magnúsar, Hönnu og Laufeyjar í Rörsteypunni h/f, lýsir Hilmar Guðjónsson því yfir, að hann muni neyta forkaupsréttar síns á hlutum Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, ef gengið verður að þessum kaupsamningi og þá með þeim greiðslukjörum, er samningsuppkastið inniheldur." Lögmaður stefnda Ólafs Björnssonar o. fl. lagði fram til bókunar: „Fyrir hönd Ólafs Björnssonar og fleiri hugsanlegra kaupenda skora ég á Hilmar Guðjónsson og lögmann hans að gera sem ítarlegasta og skriflega grein fyrir þeim sjónarmiðum og lagarökum, sem þeir telja, að styðji þá afstöðu Hilmars, að gengið hafi verið fram hjá forkaupsrétti honum til handa vegna mögulegra kaupa Ólafs Björnssonar og fleiri, jafnframt er beint þeirri fyrirspurn til umboðsmanna Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, hvort þeirra hlutir séu til sölu einir sér." Umboðsmenn Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar svöruðu því neitandi, að hlutir þeirra væru til sölu einir sér.

Með samningi, dags. 28. maí 1979, dskj. 10, seldu eigendur 82.727% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f, þ. e. stefndi Ása, eigandi 28.182%, stefndi Dagbjört, eigandi 17.272%, stefndi Magnús, eigandi 21.818%, stefndi Hanna, eigandi 6.364%, og stefndi Laufey, eigandi 9.091%, stefnda Byggingarfélaginu Ós h/f 77.727% hlutabréfa, stefnda Ólafi 1.000%, stefnda Jónínu 1.000%, stefnda Birni 1.000%, stefnda Þóreyju 1.000% og stefnda Kjartani 1.000% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f.

Í samningnum kemur fram, að seljendur hafi haft eindregna afstöðu til þess að selja hlutabréf sín öll í einu með sömu kjörum og kaupendur lýsa yfir, að ekki hafi verið áhugi á kaupum á hlutabréfum í Rörsteypunni h/f, nema um væri að ræða kaup á a. m. k. 75% hlutabréfa í félaginu. Í samningi þessum er svohljóðandi ákvæði um verð og greiðslukjör:

„3. Verð allra hinna seldu bréfa er sem hér og áður segir ..... kr. 105.063.290.-
eitthundraðogfimmmilljónirsextíuogþrjúþúsundtvöhundruðogníutíu krónur, sem skal greiða sem hér segir:

A. Við undirskrift samnings þessa ..... — 24.818.100.-

B.	Með afhendingu víxla pr. 20. júní 1979, sem samþykktir eru af Ós h.f., útgefnir af Ólafi Björnssyni kaupanda og ábektir af Jóni Kjartanssyni, Háteigsvegi 44, Rvík., og Gísla Björnssyni, Fífuseli 9, Rvík.	kr.	12.409.050.-
C.	Með afhendingu víxla pr. 20. ágúst 1979, sem samþykktir eru af Ós h.f, útgefnir af Ólafi Björnssyni og ábektir af Birni Gíslasyni, Rauðarárstíg 26, Rvík., og Tómasi Jónssyni, Kambsvegi 15, Rvík.	—	12.409.050.-
D.	Með afhendingu víxla pr. 20. okt. 1979, sem samþykktir eru af Ós hf., útgefnir af Ólafi Björnssyni og ábektir af Kjartani Jónssyni kaupanda og Einari Þór Vilhjálmssyni, Rauðagerði 56, Rvík.	—	12.409.050.-
E.	Með afhendingu víxla pr. 20. des. 1979, sem samþykktir eru af Ós hf., útgefnir af Ólafi Björnssyni og ábektir af Jóninu Jónsdóttur kaupanda og Sigurði Björnssyni, Torfufelli 1, Rvík.	—	8.272.700.-
F.	Með afhendingu skuldabréfa, útgefinna af Ólafi Björnssyni kaupanda, sem tryggð skulu með veði í allri húseign Ólafs að Seljugerði 8, Rvík., brunamatsfjárhæð nú kr. 76.870.000.- næst á eftir lánum, sem nú hvíla á eigninni eða jafnan mega hvíla á eigninni á undan að fjárhæð alls að eftirstöðvum kr.22.000.000.- eða að hluta tryggð með 1. veðrétti í 90 fermetra kjallaraíbúðarhúsnæði að Flúðaseli 63, Rvík., brunabótamatsfjárhæð u. þ. b. kr. 11.900.000.-. Skulu u. þ. b. kr. 8.500.000.- skuldabréfanna tryggð með veði í Flúðaselsíbúðarhúsnæði og heildarveðtryggingu samhliða á sömu veðréttum þessara eigna beggja má vera alls kr. 42.000.000.-. Hin afhentu skuldabréf skulu öll greiðast með jöfnun afborgunum 1. maí árin 1980 til og með 1989. Skuldabréfin skulu bera 16% ársvexti frá 1. maí 1979. Heildarfjárhæð bréfa samkv. samningi þessum er	—	34.745.340.-
	Samtals	kr.	105.063.290.-"

Jafnframt kemur fram í samningnum, að allir víxlar og skuldabréf samkvæmt liðum B til F skuli hlutaðir niður í samræmi við hlutföll seljenda í samningi þessum.

Með ábyrgðarbréfi, dags. 1. júní 1979, dskj. 19, var stefnandi boðaður til hluthafafundar í Rörsteypunni h/f 8. júní 1979. Í bréfi þessu kemur fram, að á fundinn eru fyrri hluthafar svo og allir nýir hluthafar boðaðir og jafnframt tekið fram, að við samning, dags. 28. maí 1979, hafi orðið eigendaskipti að 82.727% hlutafjár í Rörsteypunni h/f. Þessi eigendaskipti að hlutafé valdi því, að núverandi stjórnarmenn félagsins séu ekki lengur hluthafar í því, sem ekki sé í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921 svo og 19. gr. samþykkta félagsins. Samkvæmt bréfi þessu er fundarefni kosning nýrrar stjórnar í Rörsteypunni h/f.

Á dskj. 8 er fundargerð, dags. 8. júní 1979. Á fundinum sagði fráfarandi stjórn, sem skipuð var stefndu Ásu, Magnúsi og Laufeyju, af sér, og í nýja stjórn voru kosin stefndu Ólafur, Jónína og Björn. Í fundargerð þessari segir m. a., að eignaraðild í félaginu sé sem hér segir:

„Byggingafélagið Ós h.f.	kr.	98.713.636
Ólafur Björnsson	—	1.270.000
Jónína Jónsdóttir	—	1.270.000
Björn Gíslason	—	1.270.000
Þórey Ólafsdóttir	—	1.270.000
Kjartan Jónsson	—	1.270.000
Hilmar Guðjónsson	—	21.936.364
	Kr.	127.000.000“

Á dskj. 21 er bréf til stefnanda, dags. 5. júní 1979. Í bréfi þessu kemur fram, að stefndi Ólafur Björnsson og fleiri gera stefnanda með vísun til kaupa á 82.727% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f, sbr. samning 28. maí 1979, boð um að kaupa öll hlutabréf stefnanda í Rörsteypunni h/f með sambærilegum kjörum við þau, sem stefndi Ólafur og félagar hans keyptu af öðrum hluthöfum. Tilboð þetta stóð til 19. júní 1979.

Með bréfi, dags. 13. júní 1979, dskj. 22, hafnaði stefnandi tilboði þessu og itrekaði fyrri yfirlýsingar sínar um ógildi orðinna eða fyrirhugaðra framsala á hlutabréfum Rörsteypunnar h/f, þar sem hann telur, að gengið hafi verið fram hjá forkaupsrétti sínum. Enn fremur er tekið fram, að stefnandi muni höfða mál til riftunar framsalinu innan tíðar

Á dskj. 27 er bréf frá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi, dags. 3. mars 1980. Í bréfi þessu kemur fram, að tilkynning varðandi nýja stjórn og prókúruhafa Rörsteypunnar h/f, Kópavogi, hafi borist embættinu síðari hluta júnímánaðar 1979. Kvittun fyrir skráningu á breytingu þessari sé dagsett

27. júní 1979. Tilkynning um þetta efni hafi birst í 68. tölublaði Lögbirtingablaðs 24. ágúst 1979. Enn fremur er tekið fram, að líklegt sé, að upplýsingar hafi verið á þann veg, að nöfn fyrri stjórnenda hafi verið gefin upp til og með 26. júní 1979, ef spurst hefði verið fyrir um stjórn fyrirtækisins á þeim tíma.

Með bréfi, dags. 5. mars 1980, dskj. 28, gerði stefnandi stefnda Ólafi Björnssyni o. fl. sölutilboð varðandi öll hlutabréf stefnanda í Rörsteypunni h/f. Um muni vera að ræða hlutabréf að nafnverði kr. 21.936.710, og var stefnandi reiðubúinn að selja bréfin fyrir kr. 90.000.000. Um greiðslukjör og tryggingar yrði að semja sérstaklega, en í því sambandi mætti hafa hliðsjón af samningum um hlutabréf í sama fyrirtæki, sem gerðir voru sl., vor.

Með bréfi, dags. 6. mars 1980, dskj. 29, var þessu sölutilboði stefnanda hafnað.

Fram kom hjá stefnanda við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann minntist þess ekki að hafa spurt um það á fundinum 21. apríl 1979, hverjir væru tilboðsgjafar með stefnda Ólafi Björnssyni, en á þeim fundi var lagt fram tilboð frá Ólafi Björnssyni o. fl. Ekki hafi verið rætt um það á fundinum, hverjir þessir fleiri væru. Stefnanda minnti, að uppkastið á dskj. 18 hafi verið lagt fram á fundinum 16. maí 1979. Athygli stefnanda var vakin á því, að í uppkasti þessu séu taldir allir þeir, sem keyptu hlutabréf með samningnum 28. maí 1979. Stefnandi kvaðst þá bara ekki hafa kynnt sér það nógu vel, en hann hafi talið víst, að það mundi koma fram fyrr en seinna, hverjir mundu kaupa.

Stefnandi kvaðst hafa fengið fundarboðið á dskj. 19 á þriðjudegi fremur en miðvikudegi eftir hvítasunnu.

Stefndi Ólafur Björnsson bar hér fyrir dómi, að aldrei hafi staðið til, að hann gerði einn tilboð í hlutabréf Rörsteypunnar h/f. Hann kvaðst vera prókúruhafi og framkvæmdastjóri fyrir Byggingarfélagið Ós og aldrei hafi staðið annað til en að byggingarfélagið og hluthafar þess stæðu að kaupunum. Stefndi Ólafur kvaðst líta svo á, að alltaf hafi verið vitað, að Byggingarfélagið Ós væri aðili að kaupunum.

III.

Aðalkrafa stefnanda er á því byggð, að í 7. gr. stofnsamnings Rörsteypunnar h/f, dskj. 3, séu ákvæði um forkaupsrétt hluthafa að fölum hlutum. Þetta atriði sé síðan skýrt nánar í 4. gr. samþykkta félagsins, dskj. 4. Tilgangur þessara greina sé sá að skapa hluthafa rétt umfram aðilja utan félagsins. Á grundvelli þessara greina telur stefnandi, að hann geti beitt forkaupsrétti sínum gagnvart sölu hvers einstaks hluthafa, enda séu þá öll framboðin hlutabréf þess aðilja keypt. Samningurinn á dskj. 10 sé í eðli

sínu margir kaupsamningar, þar sem 5 sjálfstæðar persónur selja hver sína afmörkuðu eignarheild á ákveðnum kjörum. Það er krafa stefnanda, að honum verði á lögmætan hátt gefinn kostur á því að neyta forkaupsréttar síns með því, að honum verði boðinn forkaupsréttur á hverri einstakri sölu.

Varakrafa stefnanda er byggð á því, að hann hafi þegar á lögmætan hátt lýst yfir vilja sínum til þess að kaupa hlut stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar og sé því samningurinn á dskj. 10 ólögmætur í heild sinni, þar sem hann fari í bága við rétt stefnanda vegna forkaupsréttar hans. Hins vegar hafi með samningnum skapast skilyrði þess, að stefnandi geti krafist framsals á hlutum stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim kjörum, er samningurinn greinir.

Þrautavarakrafa stefnanda er á því byggð, að samningar þeir, sem stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey gerðu við stefnda Ós h/f, séu ólögmætir, þar sem stefnandi hafi neytt forkaupsréttar síns gagnvart þessum samningum, og eigi hann því rétt á að fá til sín framselda hluti viðkomandi seljenda gegn greiðslu á kr. 41.563.290 með þeim greiðslukjörum, er í samningnum greinir.

Jafnvel þótt ekki yrði fallist á neina framangreindra krafna stefnanda, telur hann sig eiga rétt á því að taka að nýju afstöðu til þess, hvort hann vilji neyta forkaupsréttar síns, þegar nýir kaupendur að fölum hlutum koma í ljós. Ljóst megi vera, að einstakan hluthafa í hlutafélagi skipti það verulegu máli, hverjir eru samhluthafar hans, og forkaupsréttarákvæðin hafi meðal annars þann tilgang að vernda hluthafa fyrir því, að inn í félagið komi aðiljar, sem hluthafinn hefur ekki áhuga á að stunda rekstur með. Stefnanda hafi einungis verið gefinn kostur á því að taka afstöðu til þess, hvort hann vildi ganga inn í samning við Ólaf Björnsson, sem stefnt sé í máli þessu. Hins vegar hafi kaupendurnir stefndu Ós h/f, Jónína, Þórey, Björn og Kjartan ekki verið nefnd. Telur stefnandi af framangreindum sökum, að sala til nefndra kaupenda sé því ólögmæt, og krefst þess til þrautaþrautavara, að samningum þessum verði rift og lagt fyrir stjórnina að bjóða stefnanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að umboð núverandi stjórnar Rörsteypunnar h/f byggðist á ógildu framsali á hlutabréfum. Samkvæmt skráningu hafi fyrrverandi stjórn enn verið við lýði, þegar stefna var birt.

Aðalatriði málsins sé inntak forkaupsréttar skv. stofnsamningi og samþykktum félagsins, en hann veiti stefnanda rétt til þess að kaupa alla hluti hvers einstaks hluthafa, sem ætlar að selja, og þennan rétt sé ekki hægt að eyðileggja með því, að hluthafar hópi sig saman við sölu.

Af hálfu stefnanda var því ekki haldið fram, að tilboð stefnanda á dskj. 9 væri jafnhagkvæmt og tilboð kaupenda.

Af hálfu stefndu Ólafs Björnssonar, Jónínu Jónsdóttur, Björns Gíslasonar, Þóreyjar Ólafsdóttur, Kjartans Jónssonar og Byggingarfélagsins Óss h/f eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi sé gangvart fyrrverandi eigendum hlutabréfa í Rörsteypunni h/f og gagnvart stefnda Ólafi skuldbundinn við yfirlýsingu sína á hluthafafundin 21. apríl 1979 um að selja hlutabréf sín með gagntilboðskjörum, sem séu sömu kjör og í dskj. 10 um öll atriði, sem máli skipta. Með vísun til þess sé óréttmætt af honum að krefjast riftunar á samningi, sem sé til efnda á sameiginlegum yfirlýsingum allra hluthafa 21. apríl 1979. Hefði yfirlýsing frá 21. apríl 1979 verið efnd samkvæmt hljóðan sinni, hefði að sjálfsögðu ekki komið til álita um forkaupsrétt eða kröfur tengdar honum. Í málinu sé einkum deilt um innihald forkaupsréttar, er af þessum stefndu sé talið, að stefnanda hafi verið boðinn forkaupsréttur að fölum hlutum í Rörsteypunni h/f á alveg fullgildan hátt. Sé einnig talið af kaupendum hlutabréfa í Rörsteypunni h/f viðurkennt af stefnanda, að ekki sé deilt um fresttíma eða önnur atriði í sambandi við forkaupsréttinn en þau, hvort skylt sé að bjóða stefnanda hluta af boði kaupenda í þessu tilviki, þ. e. hluti stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, eða um 35% hlutabréfa í félaginu, en stefnandi þurfi ekki að taka neitt tillit til annarra hluthafa.

Af hálfu þessara stefndu er ekki talið, að annað felist í forkaupsrétti en að forkaupsréttarhafi megi ætíð við kaup hlutabréfa eða ráðgerð kaup ganga inn í kaupin með þeim kjörum, sem um sé að ræða hverju sinni. Það hafi verið stefnanda alveg mögulegt, a. m. k. til 16. maí 1979, og megi raunar telja líklegt, ef stefnandi hefði lýst vilja sínum að ganga inn í kaupin fyrir 28. maí 1979, að á það hefði verið fallist. Sé rétt að árétta nú, að í skjölum málsins krefjist stefnandi hvergi að ganga inn í kaupin í heild sinni. Meginatriði í kröfum og varakröfum sé riftun samningsins frá 28. maí 1979 í heild eða að hluta og viðurkenning á rétti stefnanda til að fá boð um að kaupa hluti einstakra hluthafa, þ. e. Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar, gegn greiðslu til þeirra. Þessar kröfur stefnanda eigi ekkert skylt við forkaupsrétt, því ekki sé kunnugt um nokkurn aðilja, sem hafi boðist til að kaupa þessa tilgreindu hluti eða aðra einstaka hluti í Rörsteypunni h/f með þeim kjörum, sem stefnandi krefjist að fá þá með. Hér sé um að ræða kaupréttarkröfur, sem eigi enga stoð í landslögum eða reglum Rörsteypunnar h/f. Sé raunar ótvírætt tekið fram í 6. gr. stofnsamnings félagsins, að ekki hvíli lausnarskylda á hlutum í félaginu.

Ef reglur stefnanda yrðu taldar gilda á Íslandi, hefði það í för með sér, að staða meiri hluta í hlutafélögum gæti orðið mjög slæm. Ef einn aðili ætti 49% í félagi og nokkrir aðrir aðiljar 51%, þar af einn hluthafi með rúmlega 1%, væri mögulegt, að meirihlutaaðiljarnir gætu ekki selt sína hluti, þótt góð boð kæmu í meiri hlutann í heild. Aðilinn, sem ætti 49%,

gæti alltaf sagt, að hann vildi kaupa hlut þess aðilja, sem ætti rúmlega 1%, á tilboðsverði, en hann vildi ekkert greiða fyrir hina hlutina. Megi ljóst vera, að slíkar reglur gildi ekki.

Af hálfu þessara stefndu er bent á formgalla á málatilbúnaði stefnanda, sem taldir eru varða frávísun málsins ex officio. Að því er varðar aðalkröfu er bent á:

A. Krafist sé riftunar alls samningsins á dskj. 10 og sé sú krafa byggð á meintum forkaupsrétti stefnanda og sé ekki kunnugt um önnur atriði, sem kynnu að geta valdið ógildi samningsins. Af kaupendum sé talið, að forkaupsréttaraðili, sem telji, að fram hjá rétti sínum hafi verið gengið, eigi aðeins mögulegan rétt að ganga inn í kaupin að því marki sem hann taki á sig eða bjóðist til að taka skuldbindingar kaupanda eða ráðgerðs kaupanda. Í þessu máli sé gerð krafa um ógildi samnings milli tveggja af þriðja aðilja, sem standi utan samningsins, en hvergi sé í kröfugerð stefnanda í málinu nokkrar skuldbindingar um að ganga inn í kaupin að hluta eða í heild og stefnandi hafi ekki heldur fylgt eftir hinum meinta rétti sínum og kröfum með því að greiða eða deponera greiðslum fyrir þeim kröfum, sem t. d. stefndu Dagbjört, Hanna og Laufey eigi á hendur kaupendum hlutabréfa þeirra. Alvarlegt misræmi sé í þeirri afstöðu stefnanda að krefjast bæði í aðalkröfu og varakröfum riftunar alls samnings á dskj. 10, en hafa áður neitað að nota forkaupsrétt sinn að öllum samningnum. Krafa meints forkaupsréttarðilja um riftun samnings umfram þann hluta, sem hann vilji sjálfur nota sér, standist ekki.

B. Stefnt hafi verið í máli þessu 20. júní 1979 eða síðar fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f, sem látið hafi að störfum 8. júní 1979, þrátt fyrir að stefnanda hafi mátt vera fullljóst, m. a. af dskj. 8 og 18, að ný stjórn hefði tekið við 8. júní 1979. Ný stjórn Rörsteypunnar h/f hafi verið tilkynnt til firmaskrár Kópavogs 20. júní 1979. Fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f geti ekki með nokkru móti komið fram fyrir félagið og efnt þær dómkröfur, sem gerðar séu til stjórnar Rörsteypunnar h/f.

C. Krafa stefnanda um, að stjórn Rörsteypunnar h/f bjóði forkaupsrétt að einstökum hlutum í dskj. 10 sé óréttmæt. Stjórn hlutafélags geti ekki komið á framfæri öðrum boðum en þeim, sem fyrir liggja, og ekki megi breyta boðum.

Að því er varakröfur varðar virðist a. m. k. að hluta sömu annmarkar á þeim og vikið er að í A um aðalkröfur. Einnig er á það bent, að í þrautaþrautavarakröfu sé stefndi Ólafur ekki látinn fylgja öðrum kaupendum.

Þeirri röksemd stefnanda, að hann hafi ekki fengið að vita um meðkaupendur stefnda Ólafs að hlutum í Rörsteypunni h/f, er mótmælt sem óréttmætri og of seint fram kominni. Ljóst sé af dskj. 12 (mun eiga að vera dskj. 13), sem afhent hafi verið umboðsmanni hluthafa 11. apríl 1979, að

stefndi Ólafur yrði ekki einn kaupandi hlutabréfa, og komi það einnig fram á dskj. 5, fundargerð aðalfundar Rörsteypunnar h/f 21. apríl 1979, sem stefnandi hafi verið á.

Á hluthafafundi Rörsteypunnar h/f 1. maí 1979 hafi tilboðsmál verið mikið rædd og glögglega hafi komið fram, að Byggingarfélagið Ós h/f, sem stefndi Ólafur sé aðaleigandi að og forsvarsmaður fyrir, yrði, ef til kæmi, aðalkaupandi. Engar fyrirspurnir hafi komið fram um þetta atriði á þessum fundi og ekki heldur fyrir ritun bréfs á dskj. 9. Á hluthafafundi í Rörsteypunni h/f 16. maí 1979 hafi verið lagt fram uppkast að dskj. 10, þ. e. dskj. 18. Á því skjali komi glögglega fram upplýsingar um ráðgerða kaupendur hlutabréfa og á þeim fundi hafi verið sérstaklega skorað á stefnanda og lögmann hans að lýsa sjónarmiðum og lagarökum, sem styddu, að gengið væri fram hjá forkaupsrétti stefnanda, sbr. dskj. 7. Þessari áskorun hafi í engu verið sinnt og aldrei óskað nánari upplýsinga. Af hálfu kaupenda sé talið, að það geti mögulega skipt hluthafa nokkru, hver kaupir hlut í hlutafélagi, þótt ekki sé kunnugt um sérstakar ástæður fyrir neikvæðum atriðum að mati stefnanda um kaupendur hlutabréfa í Rörsteypunni h/f eða hvort um þau sé yfirhöfuð að ræða. Hins vegar er því haldið fram, að það sé í alla staði löglegt forkaupsréttarboð, ef fyrir liggja nákvæmar upplýsingar um verð og greiðsluskilmála, og þess muni dæmi, að eigendur hlutabréfa fái heimildir til þess að selja þau með ákveðnum kjörum eða betri, án þess að mögulegur kaupandi sé til staðar eða vitað sé um hann, þegar fallið er frá forkaupsrétti. Af hálfu kaupenda er litið svo á, að sú afstaða hafi mótað viðhorf manna við fyrstu boð og gagnboð um hlutabréfin.

Stefnandi hafi ekki gert kröfur um nýjan forkaupsréttarfrest sér til handa að því er varðar kaupin öll í dskj. 10, en margoft hafi komið fram, m. a. í dskj. 10 og 17, að ekki væri áhugi á kaupum, nema um 75% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f væri að ræða.

Af hálfu stefndu Dagbjartar Halldórsdóttur, Laufeyjar Arnalds og Hönnu Guðmundsdóttur er því haldið fram, að kröfugerð stefnanda, sem sé fjórþætt, ef litið sé fram hjá málskostnaðarkröfu hans, sé þannig, að hver kröfuliður um sig sé ákaflega óljós og ómarkviss og vandséð, með hvaða hætti dómur verði þar á lagður.

Sé litið til aðalkröfu stefnanda sjáist, að þar sé krafist dóms á hendur aðilja, sem ekki hafi verið stefnt formlega til varna í málinu. Í kröfunni felist það, að stjórn Rörsteypunnar h/f verði dæmd til þess að bjóða stefnanda forkaupsrétt að öllum þeim hlutabréfum, sem seld hafi verið með samningnum 28. maí 1979. Með því að réttri stjórn hafi ekki verið stefnt, sé hún ekki aðili máls þessa og því óbundin af niðurstöðu efnisdóms í málinu.

Fjórði kröfuliður stefnanda (þrautaþrautavarakrafa hans) sé efnislega samhljóða aðalkröfu og sömu aðiljum stefnt að undanskildum Ólafi Björnssyni. Hljóti hún því sömu örlög og aðalkrafan.

Vara- og þrautavarakrafa stefnanda séu svo óljósar, að vart verði dómur á þær lagður.

Ekki verði séð á kröfunum, hverjir skuli fá greiðsluna, sem fram er boðin, né heldur hver framselja eigi hlutabréf þau til stefnanda, sem seld voru með samningnum frá 28. maí 1979. Þessir stefndu hafi þegar afhent og framselt hlutabréf sín og eigi þess því engan kost að uppfylla kröfur stefnanda. Ekki verði heldur séð, hvort greiðsluboð stefnanda feli í sér vexti og því síður vaxtafót eða frá hvaða tíma vextir miðist.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, virðist málatilbúnaður stefnanda með þeim hætti, að vísa beri málinu frá ex officio. Þessir stefndu gera ekki sjálfstæða frávísunarkröfu, en fara þess á leit við dómara málsins, að hann athugi vandlega þessa hlið málsins, svo ekki þurfi til heimvísunar að koma, ef málinu verður síðar skotið til Hæstaréttar.

Eina álitaefnið, sem málið fjalli um og leysa þurfi úr, sé eðli og inntak forkaupsréttar 4. gr. samþykkta Rörsteypunnar h/f.

Samningsbundinn forkaupsréttur sé ekki fremur en annað, sem flokkast undir svonefnd lögvísindi, óhagganlegt og varanlegt fyrirbrigði, sem ávallt lúti sömu lögmálum óháð aðstæðum. Verði því að skýra samningsbundinn forkaupsrétt í réttu og eðlilegu samhengi við þau lögskipti, sem honum sé ætlað að taka til. Það sé megininntak forkaupsréttar, að sá, sem hann beinist gegn, skuli vera jafnsettur fjárhagslega, hvort sem forkaupsréttarhafi beitir rétti sínum eða ekki. Rétturinn veiti einungis heimild til þess að ganga inn í fyrirliggjandi samþykkt kauptilboð án réttar til íhlutunar og áhrifa á verð og/eða greiðslukjör. Í þessu ljósi beri að virða forkaupsréttarákvæði 4. gr. dskj. 4, sbr. 7. gr. dskj. 3. Við skýringu forkaupsréttarákvæðisins verði einnig að líta til tilgangs þess og hverra hagsmuna því var ætlað að þjóna. Ljóst sé, að því hafi verið ætlað að þjóna stofnendum félagsins, og því fráleitt að ætla, að þeir hafi með því verið að binda sér fjárhagslegan bagga eða stuðla að mismunun hluthafa í milli, heldur þvert á móti að auka jafnræði með hluthöfum, ef einhver einn vildi selja. Það hafi sýnilega vakað fyrir stofnendum að tryggja sem minnsta röskun á eignarhlutföllum hluthafa við sölu á hverjum einstökum hlut og enn fremur að veita þeim ákveðin áhrif til íhlutunar um það, hverjir eignuðust hluti í félaginu. Orðalag ákvæðisins í 4. gr. samþykkta félagsins bendi og til sömu áttar. Þar segir: „Nú vill hluthafi selja hlutabréf sitt o. s. frv." Hér sé einungis átt við það, ef einn einstakur hluthafi vilji selja hlutabréf sín í félaginu. Öll ákvæði, sem skerði rétt einstaklinga um meðferð eigna sinna, beri að skýra þröngt. Eigi það ekki síst við um takmarkanir á framsalsrétti hlutabréfa,

sem í eðli sínu séu viðskiptabréf, til þess ætluð að ganga kaupum og sölum manna í milli.

Athygli er á því vakin, að stofnendur félagins séu einungis sex.

Ef umrætt forkaupsréttarákvæði ætti að skýra svo sem stefnandi haldi fram, mundi það fara í bága við 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.

Kröfur stefnanda séu ýmist á þá leið að fá viðurkenndan forkaupsrétt að einhverjum þeim hlutum, sem seldir voru með samningnum 28. maí 1979, en til vara forkaupsrétt að öllum hlutabréfum stefndu Dagbjartar, Laufeyjar og Hönnu, sem svarar til 32.72% hluta í félaginu. Tilboð það, sem lá til grundvallar samningnum 28. maí 1979, og samningurinn sjálfur beri það með sér, að það skilyrði hafi verið sett fram af kaupanda hálfu, a. m. k. 75% hlutabréfanna fengjust keypt. Þetta hafi verið alger ákvörðunarástæða fyrir kaupunum, enda eðlileg krafa, sé litið til 1. mgr. 17. gr. félagslaga.

Ef forkaupsréttur stefnanda verði viðurkenndur, feli það í sér verulega mismunun milli hluthafa. Kaupsamningnum frá 28. maí yrði rift af kaupendum og kaupin gengju til baka. Reyndar hafi stefnandi einnig gert kröfu til riftunar samningsins frá 28. maí. Í þessu felist það, að stefnandi gæti valið um kaup á hverjum hlut fyrir sig, ef aðalkrafa hans yrði tekin til greina, en ella ætti hann rétt á kaupum á hlut þessara stefndu. Þeir, sem eftir sætu sem hluthafar, yrðu í minni hluta, því að stefnandi stefni að því að öðlast meirihlutaaðstöðu í félaginu og mundi verða gersamlega fyrirmunað að selja hluti sína í þeirri aðstöðu. Þetta yrði þeim mun þungbærara þeim, sem í lentu, fyrir það, að samstarfið við stefnanda hafi verið mjög stirt, svo ekki sé of djúpt í árina tekið. Mætti jafna þessu við eignarupptöku fyrir þá, sem þetta henti.

Stefndu telja, að lagaskilyrðum hafi verið fullnægt gagnvart stefnanda með því að bjóða honum að ganga inn í það tilboð og gagntilboð, sem borist höfðu um kaup á hlutabréfum félagsins, sbr. 2. málslið 19. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Lög þessi taki að vísu ekki gildi fyrr en eftir áramótin 1978/1979 og verði því ekki beitt sem slíkum í þessu máli. Hins vegar sé ívitnuð lagaregla ekkert nýmæli, heldur bein lögfesting á þeim reglum, sem gilt hafi á þessu réttarsviði, einkum að því er varðar skýringu á eðli forkaupsréttar. Hæstiréttur hafi beitt reglu svipaðs eðlis í máli, sem finna megi í dómabindi réttarins frá árinu 1952, bls. 114.

Þegar ljóst hafi orðið á hluthafafundi 16. maí 1979, að stefnandi hygðist ekki ganga inn í samþykkt gagntilboð, heldur neyta forkaupsréttar gagnvart stefndu Dagbjörtu, Hönnu og Laufeyju, hafi verið ákveðið að ganga til samninga við tilboðsgjafa á þeirri forsendu, að stefnandi hefði í fyrsta lagi fyrirgert beinum forkaupsrétti með samþykki gagntilboðsins, eins og áður

segir, en jafnvel þótt svo yrði talið, að forkaupsréttur stefnanda væri fyrir hendi, þá fæli sá réttur það einungis í sér að ganga inn í fyrirliggjandi samþykkt kauptilboð óbreytt. Þessir stefndu hafi einnig haft ástæðu til að ætla, að stefnanda væri ekki full alvara með hótun sinni um málssókn, þar sem hann hafi hvorki boðið fram greiðslu né deponerað né heldur lagst gegn útgáfu jöfnunarhlutabréfa, en útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi verið alger forsenda fyrir sölu hlutabréfanna.

Vakin er athygli á því, að seljendur hafi ráðið yfir nægilegu hlutafé til þess að breyta samþykktum félagsins, m. a. forkaupsréttarákvæði þeirra, og miklir hagsmunir í húfi fyrir þá alla, að salan næði fram að ganga.

Af hálfu stefndu Ásu Jóhannsdóttur og Magnúsar Eirikssonar persónulega er tekið undir athugasemdir í greinargerðum meðstefndu um formgalla á málinu, sem valda kunni frávísun ex officio, og þá einkum það, að þessum stefndu er einnig stefnt í máli þessu sem stjórnarmönnum í Rörsteypunni h/f þrátt fyrir vitneskju stefnanda um nýja stjórn í félaginu, sbr. rskj. 8 og 18.

Stefnanda hafi frá upphafi verið ljóst, að fyrir lá tilboð um kaup á öllum eða a. m. k. 75% hlutabréfa Rörsteypunnar h/f, sjá dskj. 12 og 13, enda hafi stefnandi tekið þátt í gerð gagntilboðs um sölu á 100% hlutabréfa, sjá dskj. 5, og hafi honum því mátt vera ljóst, að ekki voru föl einstök bréf eða hlutafjáreign einstakra hluthafa, heldur allt það, sem tilboð og gagntilboð fjallaði um. Það megi e. t. v. deila um, hvort stefnandi hafi með rétti getað afturkallað gagntilboð sitt á dskj. 5, en það séu hins vegar réttmæt viðbrögð seljenda að standa við gagntilboð sitt og telja, að ýtrasti réttur stefnanda gæti verið sá að ganga inn í hið samþykkta gagntilboð að öllu leyti. Þessu hafi stefnandi hafnað, en lagt fram önnur lakari tilboð, sbr. dskj. 6, 7 og 9, og þar með hafi hann ekki neytt mögulegs forkaupsréttar síns.

Ákvæði 7. gr. stofnsamnings á dskj. 3 og 4. gr. samþykkta Rörsteypunnar h/f á dskj. 4 séu sett til þess að gæta hags hvers og eins hluthafa, seljanda sem kaupanda og eins vegna hlutafélagsins sjálfs, sbr. áskilnað um samþykki stjórnar í 4. mgr. samþykktanna. En greinar þessar séu klassiskar við stofnun hlutafélaga hér á landi og beri það með sér, að þær miðist fyrst og fremst við það tilvik, að stakur hluthafi í félagi vilji selja sín bréf. Í þessu máli liggi hins vegar fyrir, að öll hlutabréf í félaginu voru föl í einu lagi, en alls ekki stök bréf eða hlutafjáreign einstakra hluthafa, sbr. dskj. 6 og 7, og hafi því ekki getað reynt á forkaupsrétt stefnanda, nema hann keypti þau 82.7% hlutafjár, sem hann átti ekki.

Kröfur stefnanda, ef þær næðu fram að ganga, mundu mismuna mjög fyrri félögum hans í hlutafélaginu. Stefndu gætu orðið fyrir mikilli eignar- og réttindaskerðingu. Í stað þess að geta selt eign á réttu og fullu verði

gætu þau setið uppi með ill- eða óseljanlega eign sem áhrifalaus minni hluti í hlutafélagi. Slíkt yrði ósanngjörn niðurstaða. Í framhaldi af þessu er bent á, að þótt sú fráleita niðurstaða kæmi fram, að krafa stefnanda um riftun kaupsamnings í máli þessu næði fram að ganga, þá fylgi það alls ekki, að fyrri hluthafar yrðu að þola þá kröfu stefnanda, að hann fengi framseld einhver hlutabréfanna, nánast skv. eigin vali. Vilji hluthafanna hafi verið að selja öll hlutabréf í félaginu eða a. m. k. 75% þeirra og til annars verði þau ekki neydd.

Af hálfu þessara stefndu er tekið undir röksemdir í greinargerðum á dskj. 12 og 25.

Af hálfu stefnda fyrrverandi stjórnar Rörsteypunnar h/f er því haldið fram, að eftir stefnu að dæma sé stjórn Rörsteypunnar h/f stefnt aðallega til þeirrar skyldu að bjóða stefnanda forkaupsrétt að hlutafjáreign hvers einstaks hluthafa. Til þrautaþrautavara sé sams konar krafa hjá stefnanda, nema að því leyti að stjórninni verði gert skylt að bjóða stefnanda forkaupsrétt að sölu til hvers einstaks kaupanda.

Þeim stefndu Ásu Jóhannsdóttur, Magnúsi Eirikssyni og Laufeyju Arnalds sé stefnt sem stjórnarmönnum Rörsteypunnar h/f með stefnu, útgefinni 20. júní 1979, þrátt fyrir að þau hafi vikið úr stjórn 8. júní 1979 á hluthafafundi og ný stjórn hafi þá verið kjörin. Um þetta hafi stefnanda átt að vera kunnugt, sbr. fundargerð dskj. 8, sem stefnandi hafi lagt fram. Hér sé ekki réttum aðilja stefnt og ætti að vísa málinu frá af þeim sökum. Ekki hafi stefnandi krafist ógildingar á gerðum framangreinds fundar og verði að telja hina nýju stjórn löglega kjörna.

Stjórnin hafi ekki heimild að lögum til þess að bjóða stefnanda forkaupsrétt að einstökum hlutum í félaginu, þar sem þeir hafi ekki verið falir einir sér. Komi þetta skýrt fram í gögnum málsins, bæði kaupsamningi um hlutabréfin, dags. 28. maí 1979, og fundargerðum. Á hluthafafundi 1. maí hafi verið fjallað um sölu á hlutabréfunum og hafi stefnandi viljað neyta forkaupsréttar að hlutum þriggja af fimm seljendum. Hafi því verið lýst yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að stjórninni væri ekki kunnugt um, að 34—35% af hlutafé væri til sölu. Jafnframt samþykktu allir hluthafar og umboðsmenn þeirra að stefnanda undanskildum, að sú afstaða væri rétt. Stefnandi hafi fengið umhugsunarfrest til þess að neyta forkaupsréttar til 15. maí og með bréfi lögmanns stefnanda 14. maí hafi í raun verið hafnað forkaupsrétti á því, sem til sölu var.

Forkaupsréttarhafi verði að ganga að þeim skilmálum og þeim kjörum, sem í boði eru við sölu hlutabréfa, þegar hann vilji neyta forkaupsréttar síns. Einn af skilmálunum hafi verið, að hlutabréfin væru seld saman, og því geti stefnandi ekki dregið út úr kaupsamningi nokkur bréf eftir geðþótta sínum og sagst neyta forkaupsréttar.

Athygli er á því vakin, út í hvaða ógöngur stefnandi væri kominn, ef kröfur hans yrðu viðurkenndar af dóminum. Þau stefndu Ása og Magnús yrðu af samningi og biðu stórtjón, sem stefnandi einn bæri ábyrgð á.

Af hálfu þessara stefndu er tekið undir röksemdir annarra stefndu.

IV.

Álit dómsins.

Stefndu Ásu Jóhannsdóttur, Laufeyju Arnalds og Magnúsi Eiríkssyni er stefnt persónulega og sem stjórn Rörsteypunnar h/f. Þegar mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 20. og 22. júní sl., var stefnanda ljóst, að þessir stefndu mundu ekki lengur vera í stjórn Rörsteypunnar h/f, sbr. fundarboðið á dskj. 19, sem stefnandi hefur viðurkennt að hafa fengið 5. eða 6. júní 1979. Alls er óvíst, að stefnandi hafi á þeim tíma vitað, hverjir skipuðu hina nýju stjórn félagsins, sbr. vottorð bæjarfógetaembættisins í Kópavogi, dskj. 27. En þegar litið er til kröfugerðar stefnanda og málatilbúnaðar hans í heild, verður ekki á þá skoðun stefndu fallist, að rangt hafi verið að stefna þessum stefndu sem stjórn Rörsteypunnar h/f, og verður því krafa þessara stefndu um sýknu sökum aðildarskorts ekki tekin til greina, enda byggist kröfugerð stefnanda á því, að samningurinn á dskj. 10 sé ólögmætur, en hann er forsenda stjórnarskiptanna.

Aðalkrafa.

Samningurinn, sem stefnandi krefst riftunar á, er byggður á gagntilboði, sem aðalfundur Rörsteypunnar h/f samþykkti að gera stefnda Ólafi Björnssyni o. fl., sbr. fundargerð aðalfundar 21. apríl 1979, dskj. 5, með vísun í tilboð stefnda Ólafs Björnssonar o. fl. í allt hlutafé Rörsteypunnar h/f, dags. 11. apríl 1979, dskj. 13. Á aðalfundi þessum voru stefnandi og stefndu Dagbjört Halldórsdóttir, Laufey Arnalds og Magnús Eiríksson og umboðsmenn stefndu Ásu Jóhannsdóttur og Hönnu Guðmundsdóttur, þ. e. mætt var af hálfu allra hluthafa í Rörsteypunni h/f.

Eftir að stefnandi féll frá samþykki sínu við gagntilboðinu, var honum gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar síns og kaupa í einu lagi öll þau bréf, sem föl voru, eða um það bil 83% hlutabréfa í Rörsteypunni h/f miðað við gagntilboðskjör. Ágreiningslaust er, að tilboð stefnanda var annars konar en gagntilboðið, sem stefndi Ólafur Björnsson hafði samþykkt. Eftir því, sem fram kemur í skjölum málsins, virðast stefndu hafa sætt sig við afturköllun stefnanda á samþykki gagntilboðsins.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið um aðdraganda að samningnum, sem stefnandi krefst riftunar á, svo og þess, að tilboð stefnda Ólafs Björnssonar o. fl. í hlutabréf í Rörsteypunni h/f var við það miðað, að tilboðsgjafi fengi keypt a . m. k. 75% af öllu hlutafé í Rörsteypunni

h/f, og enn fremur að allir aðrir hluthafar í félaginu en stefnandi, þ. e. stefndu Ása, Dagbjört, Hanna, Laufey og Magnús, vildu selja öll hlutabréf sín í félaginu, þá þykir ekki verða á þá skoðun stefnanda fallist, að samningurinn á dskj. 10 sé í eðli sínu margir kaupsamningar, enda hefur ekkert komið fram um það, að einstakir hluthafar hafi boðið hlutabréf sín til sölu, eða að einstökum hluthöfum hafi verið gerð tilboð í hlutabréf sín.

Forkaupsréttur stefnanda skv. 7. gr. stofnsamnings Rörsteypunnar h/f og 4. gr. samþykkta félagsins var virtur með því, að stefnanda var boðið að ganga inn í það samþykkta gagntilboð, sem borist hafði um kaup á hlutabréfum félagsins. Enda verður að túlka forkaupsrétt þannig, að það sé réttur til þess að ganga inn í kaup á eign, sem háð er forkaupsrétti, með sömu kjörum og boðin eru við kaupin, og jafnframt að forkaupsréttarhafi verði að kaupa alla þá eign, sem boðin er til sölu, en geti ekki gengið inn í kaup á hluta af þeirri eign, sem tilboð er gert í.

Aðalkrafa stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Varakrafa.

Hlutabréf stefndu Dagbjartar, Hönnu og Laufeyjar hafa hvorki verið boðin til sölu ein sér né verið gefið í þau kauptilboð ein sér, og liggur því ekki fyrir, hvað hefði verið verð þessara hlutabréfa einna sér, en alls er óvíst, að bréf þessi hefðu ein sér verið verðlögð hlutfallslega á sama verði og 82.727% af hlutabréfum félagsins.

Að öðru leyti vísast hér til rökstuðnings fyrir niðurstöðu dómsins um aðalkröfu, sérstaklega um það, að hér sé um einn samning að ræða og að forkaupsréttarhafi geti ekki gengið inn í kaup á hluta af þeirri eign, sem tilboð er gert í, og verður varakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Þrautavarakrafa.

Um rökstuðning fyrir niðurstöðu varðandi þessa kröfu stefnanda vísast til rökstuðnings fyrir varakröfu, og verður þrautavarakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Þrautaþrautavarakrafa.

Í fundargerðinni á dskj. 5 segir m. a.: „Lagt var fram tilboð, sem er komið fram í öll hlutabréf Rörsteypunnar h.f. frá Ólafi Björnssyni o. fl." Í tilboðinu, dskj. 13, segir m. a. „Ég undirritaður, Ólafur Björnsson, geri hér með fyrir mína hönd og annarra, sem ég tilnefni síðar. . ." Þegar til þessa er litið svo og til framburðar stefnanda hér fyrir dómi, þykir stefnandi hafa mátt vita þegar á fundinum 21. apríl 1979, að stefndi Ólafur Björnsson var ekki einn að gera tilboð í hlutabréf Rörsteypunnar h/f, og á fundinum 16. maí 1979 var upplýst, hverjir væru væntanlegir kaupendur með stefnda

Ólafi Björnssyni. Niðurstaða dómsins er sú, að stefnandi geti því engan rétt á því byggt, að honum hafi verið ókunnugt um það, hverjir væru væntanlegir kaupendur. Þessi krafa stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefndu skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans og óvæntrar ferðar af landi brott.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Ása Jóhannsdóttir, Dagbjört Halldórsdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Laufey Arnalds, Magnús Eiríksson, Ólafur Björnsson, Byggingarfélagið Ós h/f, Björn Gíslason, Jónína Jónsdóttir, Kjartan Jónsson, Þórey Ólafsdóttir og fyrrverandi stjórn Rörsteypunnar h/f, stefndu Ása Jóhannsdóttir, Laufey Arnalds og Magnús Eiríksson, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Hilmars Fr. Guðjónssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 1. mars 1983.

Nr. 46/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Herluf Benny Gruber Clausen
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Ákæra. Tollagabrot. Sýknað af ákæru fyrir auðgunarbrot. Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1982, en ágrip málsins barst Hæstarétti 25. júní s. á.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru, en að því er varðar brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er til vara krafist sakfellingar fyrir brot gegn 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga. Þess er enn fremur krafist, að ákærða verði dæmd refsing og hann verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og kostnað vegna áfrýjunar málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að sakarkostnaður í héraði og vegna áfrýjunar málsins verði lagður á ríkissjóð, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðra verjenda.

I.

Ákæra fyrir brot á 244. og 245. gr. almennra hegningarlaga og til vara 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

Rannsókn máls er um margt órækileg að því er varðar brot á þessum ákvæðum.

Eigi verður talið sannað samkvæmt sakargögnum, að ákærði hafi slegið eign sinni á sjónvarpstæki þau, sem um getur í ákæru, með þeim hætti, að varði við 244. eða 245. gr. almennra hegningarlaga, en verknaðarlýsing ákæru tekur ekki til brots þess, er greinir í 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga og um getur í varakröfu ríkissaksóknara hér fyrir dómi. Kemur hún eigi til álita, en framhaldsákæra samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 hefur eigi verið gefin út. Ber samkvæmt þessu að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að dæma ákærða sýknan saka af þessum þætti ákærunnar.

II.

Ákæra fyrir brot gegn tilteknum greinum laga nr. 59/1969.

Leggja verður til grundvallar dómi í málinu, að ákærða eða manni, sem hann sendi í vörugeymslu til að sækja framangreind sjónvarpstæki, hafi verið afhent þau. Eigi er þó glöggt, með hverjum aðdraganda þessi afhending fór fram. Ákærða var ljóst, að tækin voru ótollafgreidd og kaupverð og farmgjald ógreitt, en hann gekk allt að einu eftir þeim og veitti þeim viðtöku og nýtti sér þau með þeim hætti, sem nánar greinir í héraðsdómi. Á þetta við um níu sjónvarpstæki, en varhugavert þykir að telja, að hinu sama

gegni um eitt þeirra tækja, er ákæran tekur til. Þykir atferli ákærða varða við 60. gr., 1. mgr., sbr. 61. gr., 1. mgr., laga nr. 59/1969, er tæmir sök, sbr. og 2. mgr. 71. gr. og 2. gr. laga nr. 71/1976.

III.

Um sakarfyrningu.

Í héraðsdómi er rakinn rannsóknarferill málsins. Dómsrannsókn sú, sem háð var 19. júní 1979, beindist gegn ákærða sem grunuðum manni um brot þau, sem ákæruskjal 30. mars 1981 vék síðar að, og var vísað til 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974 í upphafi yfirheyrslunnar. Voru dómþróf þessi réttarrannsókn í merkingu 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga og stöðvuðu fyrningarfrest. Þegar það er virt, þykir sýnt, að brot ákærða séu ófyrnd.

IV.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Brot ákærða voru þrítekin, svo sem greinir í héraðsdómi, og varða allmikil verðmæti. Ákveða ber refsingu ákærða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 50 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans þar, 2.500.00 krónur, og svo allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans 5.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Herluf Benny Gruber Clausen, sæti 30.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 2.500.00 krónur, svo og kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verj-

anda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 16. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602/1981: Ákæruvaldið gegn Herluf Benny Gruber Clausen, sem tekið var til dóms hinn 25. nóvember sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 30. mars sl., gegn ákærða, Herulf Benny Gruber Clausen verslunarmanni, Hraunbæ 144, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. maí 1949, „fyrir að hafa þann 15., 21. og 30. desember 1977, þá er ákærði var að sækja vörur í vöruskemmur Eimskipafélags Íslands h.f. við Sundahöfn í Reykjavík, sem ákærði hafði flutt inn og greitt í banka og tolli, tekið þar í heimildarleysi samtals 10 litasjónvarpstæki, sem ákærði hafði flutt inn, en hvorki greitt í banka né greitt af þeim aðflutningsgjöld eða farmgjöld, en skilið eftir í vöruskemmunni jafnmörg stykki af vöru þeirri, sem hann var að sækja í hvert sinn og hann tók af sjónvarpstækjum. Ákærði seldi síðan sjónvarpstækin og hagnýtti sér andvirði þeirra.

Telst þetta varða við 244. gr., en til vara við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Þegar mál þetta sætti frumrannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, var höfð uppi skaðabótakrafa af hálfu Eimskipafélags Íslands h/f að fjárhæð 2.941.526 gkr. auk 4% dráttarvaxta frá 1. júní 1979 til greiðsludags. Með bréfi Péturs Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, dags. 26. júní sl., var fallið frá framangreindri fjárkröfu, þar sem ákærði, Herluf Benny Gruber Clausen, hafði þá að fullu gert upp við Eimskipafélag Íslands h/f.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Með bréfi Péturs Guðmundssonar, fulltrúa á málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar hæstaréttarlögmanna, f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, dags. 7. júní 1979, til rannsóknarlögreglu ríkisins var ákærði kærður „vegna hvarfs á 10 litsjónvarpstækjum úr vöruskemmu félagsins að Sundaskála 1, Reykjavík." Í bréfi Eimskipafélags Íslands til ofangreindra lögmanna, dags. 6. febrúar 1979, er kæruefninu lýst á eftirfarandi hátt:

„Fyrirtækið: B. Gruber Imp. Exp.,
Vitastíg 3, Reykjavík.

Ofangreint fyrirtæki flutti inn nokkurt magn af litsjónvarpstækjum og ýmiss konar öðrum raftækjum frá Hamborg seinni hluta ársins 1977. Meðal annars eftirtaldar sendingar:

M/S „DETTIFOSS" 17. nóvember 1977
B/L 59 frá Hamborg:
5 cartons T.V. Colour Sets, CT 5030, 205 kg.
Merki: B G Reykjavík 21 - 25.

M/S „MÁNAFOSS" 8. desember 1977.
B/L 55 frá Hamborg:
5 cartons T.V. Sets Colour CT 51 white, 142,5 kg.
Merki: B G Reykjavík 16 - 20.

Við athugun verkstjóra í Sundaskála I, þar sem sendingar þessar voru geymdar, í byrjun október 1978 kom í ljós, að ekki var allt með felldu. Við nánari athugun kom síðan í ljós, að ekkert ofangreindra 10 litsjónvarpstækja reyndist vera til í vörugeymslunni, en í þeirra stað var — og er enn — eftirfarandi vara:

1) 1 carton T.V. Set Colour CT 5030 nr. 4: Var á skrá með m/s MÁNAFOSSI 8/12 1977, B/L 54 frá Hamborg. Talið afgreitt (ásamt 5 öðrum tækjum á sama farmbréfi) 31/1 1978.

2) 2 cartons Rechteckfüsse 704 C White (fætur undir sjónvarpstæki). Merki: B.G. 8371 Reykjavík, nr. 8 og 9. Var á skrá með m/s MÁNAFOSSI 8/12 1977, B/L 57 frá Hamborg. Það farmbréf er þannig: „4 cartons s.t.c. 2 TV-Sets Colour Black/Silver, 2 Rechteckfüsse 704 C White, 67 kg."
Sú sending er afgreidd 21/12 1977, en kvittun er þannig: „4 cart. s.t.c. sjónvörp."

3) 2 cartons Tape-Recorder/Stereo-Kombination SK 700 White. Merki: B.G. 8371 Reykjavík Nr. 11 og 12. Voru á skrá með m/s MÁNAFOSSI 8/12 1977 B/L 56 frá Hamborg. Það farmbréf er þannig: „6 cartons s.t.c. 1 TV Set Colour CT 5162 UTG, 2 TV Sets Colour CT 5030 White, 3 Tape-Recorder/Stereo-Kombination SK 700 White, 180,7 kg. Merki: B.G. 8371 Reykjavík 10 - 15."

Sú sending er afgreidd 30/12 1977, og er kvittuð þannig: „6 krt. TV Sets o.fl."

4) 3 cartons Radio-Recorder TC 402. Merki: B.G. Reykjavík nr. 34, 35 og 36. Voru á framskrá með m/s DETTIFOSSI 17/11 1977, B/L 57 frá Hamborg. Það farmbréf er þannig: „1 carton TV Colour Set CT 51 White, 1 carton TV Colour Set CT 51 Black, 1 carton Advertising Material, 3 cartons Radio Recorder TC 402, alls 115 kg. Merki: B.G. Reykjavík 31 - 36."

Sú sending er afgreidd 15/12 1977, og er kvittun þannig: „6 ctns. T.V. Colour Sets, 115 kg.

Alls eru því til 8 karton, þar af 1 litasjónvarpstæki, upp í þau 10 karton af litasjónvarpstækjum, sem eiga að vera í vörugeymslu."

Ákærði hefur skýrt svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dómi, að hann hafi flutt inn sjónvarpstæki af gerðinni Löve Opta síðan 1977, en fá tæki hafi verið í hverri sendingu. Hann hafi sjálfur séð um að greiða gjöld af vörunum, en auk hans hafi aðrir sótt vörur hans í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands. Hann hefur kannast við að hafa fengið afhent úr vörugeymslu Eimskipafélags Íslands 10 litasjónvarpstæki án þess að hafa greitt verð þeirra til framleiðanda eða tolla af þeim. Kvaðst ákærði hafa talað við starfsmenn vörugeymslunnar og fengið þá til þess að lána sér út mismunandi gerðir sjónvarpstækja til þess að geta látið þau vera til sýnis í verslun sinni Sjónvörp og radio, en kvaðst hafa lofað að skila þeim í vörugeymsluna aftur eftir stuttan tíma, en það hafi hann þó aldrei gert. Kvaðst ákærði hafa framvísað farmskírteinum, sem hann hafði greitt tilskilin gjöld af, og samið um að fá afhent sjónvarpstæki umfram þau, sem í farmskírteinunum greindi, gegn því að skila þeim aftur, en hins vegar ekki tekið aðrar vörur en litasjónvarpstækin, enda þótt hann væri búinn að greiða gjöld af þeim.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft aðgang að sjónvarpstækjunum, þar sem þau voru geymd í vörugeymslunni. Kvað hann starfsmenn þar í öllum tilvikum hafa afhent honum sjónvarpstækin fyrir tilmæli hans, enda þótt þeim væri ljóst, að ekki höfðu verið greidd af þeim tilskilin gjöld.

Er bornir voru undir ákærða afgreiðsluseðlar, dags. 15., 21. og 30. desember 1977 og 31. janúar 1978, ásamt tilheyrandi farmskírteinum, skýrði hann frá á eftirfarandi hátt:

Afgreiðsluseðill, dags. 31. janúar 1978.

Ákærði kvað sér ekki hafa verið ljóst, að ranglega hafi verið afgreitt,

þar sem sjónvarpstækið, sem hann fékk úr annarri sendingu, hafi verið eins og það, sem hann átti að fá afhent.

Afgreiðsluseðill, dags. 21. desember 1977.

Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir þessari afgreiðslu.

Afgreiðsluseðill, dags. 30. desember 1977.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir þesu tilviki, en taldi ekki víst, að afgreitt hafi verið annað en greint er á farmskírteininu, enda þótt á áfgreiðsluseðilinn sé ritað „6 krt. TV sets o. fl."

Afgreiðsluseðill, dags. 15. desember 1977.

Ákærði kvað sig minna, að hann hafi í þessu tilviki fengið lánuð sjónvarpstæki umfram þau, sem í farmskírteininu greindi, en skilið eftir aðrar vörur.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa kvittað á afgreiðsluseðil, dags. 30. desember 1977, fyrir móttöku á „6 krt. TV sets o.fl." og taldi bifreiðarstjóra, sem oft ók fyrir hann, hafa gert það.

Ákærði hefur kannast við að hafa selt tvö eða þrjú umræddra sjónvarpstækja og hafi andvirði þeirra átt að renna til greiðslu á fjárkröfu Eimskipafélags Íslands á hendur honum, en það hafi brugðist. Þá kannaðist hann við að hafa lánað kunningjum sínum 6 sjónvarpstækjanna, og er framburður vitnisins Jóns Þorvalds Waltherssonar, Hvassaleiti 11, Reykjavík, í samræmi við það.

Vitnið Haraldur Gunnarsson bifreiðarstjóri, Flúðaseli 91, Reykjavík, kvaðst oft hafa ekið fyrir ákærða og m. a. sótt fyrir hann vörur í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands. Kvað vitnið ákærða yfirleitt hafa verið búinn af ganga frá öllu í sambandi við afgreiðslu vörunnar, áður en það kom og sótti hana, og hafi ákærði oftast verið viðstaddur. Vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með, þegar varan var tekin til, og aldrei sótt aðrar vörur en ákærði hafði tiltekið og voru tilbúnar til afgreiðslu. Vitnið sagði, að vörur þær, sem ákærði flutti inn, hafi veri geymdar í læstum búrum í vörugeymslunni og hafi starfsmenn þar afhent þær, þegar þær voru sóttar. Vitnið kvaðst ekki hafa haft tækifæri til að ganga úr skugga um, hvort vörur, sem það sótti, voru í samræmi við afgreiðsluseðlana, en þó fylgst með því, að fjöldi kassanna væri réttur. Það kvaðst heldur ekki hafa haft tækifæri til að bera saman farmskírteini og afgreiðsluseðla. Vitnið kvaðst stundum hafa kvittað fyrir móttöku á vörum, einkum ef ákærði hafði skilið eftir farmbréf, en var ekki við, þegar varan var sótt. Vitnið kvaðst ekki vita, hvað var í kössunum, sem það sótti, en hafi talið, að það væru sjónvarpstæki.

Vitnið taldi sig hafa kvittað á afgreiðsluseðil, dags. 30. desemer 1977, fyrir móttöku á „6 krt. TV sets o.fl.", en ekki hafa getað athugað, hvort réttar vörur voru afgreiddar.

Ekki hefur reynst unnt að upplýsa, hvaða starfsmenn vörugeymslu Eimskipafélags Íslands afhentu ákærða eða Haraldi Gunnarssyni fyrir hans hönd umrædd 10 sjónvarpstæki.

Niðurstöður.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem bendir til þess, að ákærði hafi tekið umrædd 10 litasjónvarpstæki úr vörgeymslu Eimskipafélags Íslands h/f gegn vilja eða án vitundar starfsmanna þar. Þvert á móti bendir framburður ákærða og vitnisins Haralds Gunnarssonar til þess, að afgreiðslumenn vörugeymslunnnar hafi sjálfir afhennt ákærða eða umboðsmanni hans tækin. Leggja verður framburð ákærða til grundvallar um þetta atriði, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og þykja því ekki efni til að sakfella ákærða fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða gripdeild samkvæmt 245. gr. sömu laga, og ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir þau brot.

Með játningu ákærð og öðrum gögnum málsins þykir á hinn bóginn vera sannað, að hann hafi veitt viðtöku í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands h/f sjónvarpstækjum, sem hann hafði flutt inn, en ekki greitt í banka né greitt af aðflutningsgjöld eða farmgjöld, sem hér segir:

1. Hinn 31. janúar 1978 veitt viðtöku einu sjónvarpstæki, sem ekki hafði verið greidd af tilskilin gjöld, en skilið eftir í þess stað eitt sjónvarpstæki, sem honum var heimilt að fá afhent.

2. Hinn 21. desember 1977 veitt viðtöku tveimur sjónvarpstækjum, sem ekki höfðu verið greidd tilskilin gjöld af, en skilið eftir í þeirra stað tvo pakka af sjónvarpsfótum (Rachtekfüsse).

3. Hinn 30. desember 1977 veitt viðtöku þremur sjónvarpstækjum, sem ekki höfðu verið greidd tilskilin gjöld af, en skilið eftir í þeirra stað tvö segulbandstæki (Tape-Recorder/Stereo Kombination).

4. Hinn 15. desember 1977 veitt viðtöku fjórum sjónvarpstækjum, sem ekki höfðu verið greidd tilskilin gjöld af, en skilið eftir í þeirra stað þrjá pakka með plötuspilurum (Radio-Recorder).

Í ákæru eru brot ákærða talin framin 15., 21. og 30. desember 1977, en svo sem að framan greinir undir lið nr. 1, fékk ákærði eitt umræddra sjónvarpstækja afhent hinn 31. janúar 1978. Þessi mistök í ákæru þykja ekki koma að sök, enda var afgreiðsluseðill, dags. 31. janúar 1978, borinn undir ákærða, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur með viðtöku framangreindra 10 sjónvarpstækja og með sölu a. m. k. tveggja þeirra gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 70. gr. i. f., sbr. 1. málslið sömu greinar, og 2., sbr. 1. mgr.

61. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1976.

Í ákæruskjali er brot ákærða heimfært undir 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, en heimilt er að heimfæra undir önnur refsiákvæði, enda hefur vörn ekki orðið áfátt af þeim sökum, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Í ákæru er ákærða ekki gefið að sök að hafa lánað sjónvarpstækin, og verður honum þá heldur ekki refsað fyrir það.

Svo sem nú hefur verið rakið, voru brot þau, sem hér er fjallað um, framin 15., 21. og 30. desember 1977 og 31. janúar 1978. Háttsemi ákærða var kærð til rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dags. 7. júní 1979, og var hann fyrst yfirheyrður um sakarefnið hinn 18. júní s. á. Hinn 19. júní 1979 var ákærði yfirheyrður fyrir dómi samkvæmt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, og hinn 11. desember s. á. var málið sent til ríkissaksóknara, sem krafðist frekari rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu með bréfi, dags. 21. mars 1980. Ákærði var af því tilefni yfirheyrður þann 15. október 1980, en málið að því loknu sent ríkissaksóknara á ný með bréfi, dags. 27. október 1980. Ákæra var gefin út hinn 30. mars 1981, en dómarinn fékk málið í hendur hinn 11. maí sl., og var það þingfest 17. september sl.

Yfirheyrsla ákærða fyrir dómi hinn 19. júní 1979 fór fram samkvæmt beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins, svo sem áður segir. Var þess beiðst, að ákærði „verði yfirheyrður í dómi um sakarefnið og þá jafnframt bornar undir hann skýrslur, sem hann hefur gefið hjá RLR." Krafa rannsóknarlögreglu ríkisins var gerð samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 11. gr. laga nr. 107/1976, en samkvæmt þeirri grein getur rannsóknarlögreglustjóri, sem fer með frumrannsókn máls, snúið sér til dómara með beiðni um einstakar aðgerðir, sem að lögum þarf til atbeina dómara eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls, meðan frumrannsókn stendur yfir. Með slíkri beiðni er dómara ekki falið forræði rannsóknarinnar, enda er gert ráð fyrir því í 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976, að dómsrannsóknir fari einungis fram að kröfu ríkissaksóknara og að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðilja (sbr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1976). Framangreind yfrheyrsla yfir ákærða hinn 19.júní 1979 var því samkvæmt framansögðu ekki dómsrannsókn.

Samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga, sem var í gildi allt til 1. október sl., er henni var breytt með lögum nr. 20/1981, fyrntist sök á 2 árum þegar refsing sú, sem unnið var til, fór ekki fram úr sektum eða eins árs varðhaldi, sbr. 1. tl. 81. gr. Það er mat dómsins, að refsing fyrir brot ákærða samkvæmt 70. gr. i. f., sbr. 1. málslið sömu greinar, og 2., sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 71/1976, hefði ekki farið fram úr

eins árs varðhaldi, og er sök því fyrnd, enda var skýrslutaka af honum fyrir dómi hinn 19. júní 1979 ekki réttarrannsókn í merkingu 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sem stöðvaði fyrningarfrestinn. Yngsta brotið af þeim fjórum, sem hér er fjallað um, var framið 31. janúar 1978, og fyrntist sök ákærða vegna þess hinn 31. janúar 1980. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Dæma ber ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1.200.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Herluf Benny Gruber Clausen, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns 1.200.00 krónur.

Þriðjudaginn 1. mars 1983

Nr. 89/1981. **Guðbergur Davíð Davíðsson og Samvinnutryggingar g/t** (Gunnar M. Guðmundsson hrl.) gegn **Guðnýju Indriðadóttur og gagnsök** (Logi Guðbrandsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabætur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1981. Þeir gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og henni gert að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1981.

Dómkröfur hennar eru þær, að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða henni 21.648.27 krónur með 9% ársvöxtum frá 10. mars 1974 til 1. maí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 42% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar in solidum úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Þóris Bergssonar tryggingafræðings 15. febrúar 1983 á örorkutjóni gagnáfrýjanda.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja, að krafa gagnáfrýjanda sé ekki fyrnd, nema vextir áfallnir fyrir 14. október 1976.

Ljóst er, að gagnáfrýjandi hefur bæði orðið fyrir fjártjóni og miska vegna slyssins 10. mars 1974.

Eftir atvikum þykir rétt að ákvarða gagnáfrýjanda bætur í einu lagi fyrir fjártjón og miska. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar 15.000.00 krónur.

Ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda þær in solidum ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir, enda krafðist gagnáfrýjandi ekki hærri vaxtafótar í gagnáfrýjunarstefnu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur óskipt til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 12.500.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Guðbergur Davíð Daviðsson og Samvinnu-

tryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, Guðnýju Indriðadóttur óskipt 15.000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 14. október 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 24% ársvöxtum frá þeim degi til til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 12.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 13. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. október 1980, af Guðnýju Indriðadóttur, Selvogsgrunni 24, Reykjavík, gegn Guðbergi Davíð Davíðssyni, Glaðheimum 24, Reykjavík, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða henni kr. 21.648.27 með 9% ársvöxtum frá 10. mars 1974 til 1. maí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar að mati dómara. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Málavextir.

Sunnudaginn 10. mars 1974 varð mjög harður árekstur á Laugavegi í Reykjavík vestan við eystri gatnamót Höfðatúns. Stefndi Guðbergur Davíð ók bifreið sinni undir áhrifum áfengis á röngum vegarhelmingi beint framan á bifreiðina R 8292, sem stefnandi ók. Áreksturinn hafði í för með sér mikið eignatjón og slys á fólki, sem í bifreiðunum var, og þar á meðal stefnanda, sem hlaut beinbrot á hægri handlegg og högg framan á hálsinn. Bifreið stefnda Guðbergs Davíðs var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t. Enginn ágreiningur er um, að stefndi Guðbergur Davíð hafi einn með akstri sínum borið sök á árekstrinum, og gangast varnaraðiljar við óskoraðri bótaábýrgð, en andmæla kröfu stefnanda sem fyrndri og til vara sem of hárri.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sínar á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, sem mat örorku hennar þannig: frá slysinu í 2 mánuði 100%, síðan í 2 mánuði 50% og loks varanleg 5%. Mat læknisins sé dagsett 11. nóvember 1976 og á grundvelli þess hafi Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út tjón stefnanda. Niðurstaða hans sé kr. 1.157.000 miðað við 5% ársvexti og sé útreikningur hans dagsettur 15. apríl 1980. Hér sé um að ræða venjulegan og hefðbundinn hátt í slíkum málum og sé öllum kröfum, þar með miskabótakröfu, í hóf stillt. Varanlegar afleiðingar af slysinu komi fyrst og fremst fram í rödd stefnanda og heyrist, hvenær sem hún mæli orð frá munni. Örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis hljóði svo:

„ÖRORKUMAT

fyrir Guðnýju Indriðadóttur, f. 10.07.21, Selvogsgrunni 24, Reykjavík.

Guðný slasaðist í bifreiðaárekstri þann 10. 3. 1974, sbr. skýrslu lögreglunnar í Reykjavík um umferðaslys, dags. sama dag.

Guðný var flutt á slysadeild Borgarspítalans, sbr. vottorð Tryggva Þorsteinssonar, læknis, dags. 19/9 1976, en þar segir svo:

„Þann 10/3 1974, kl. 18.50, kom framangreind Guðný hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla, sem hún hafði orðið fyrir í umferðarslysi skömmu áður.

Guðný hafði verið undir stýri á bíl sínum og lent í árekstri á Laugavegi í námunda við mjólkurstöðina. Við áreksturinn hafði hún fengið högg framan á hálsinn, og sömuleiðis fékk hún áverka á hæ. handlegg, en hún áttaði sig ekki á því, hvernig það bar til. Hún taldi sig þó ekki hafa misst meðvitund, og þegar hingað kom, hafði hún engin einkenni um heilahristing. Auk verkja í hæ. úlnlið kvartaði Guðný um hæsi og eymsli í koki og fannst hún eiga erfitt með að hósta.

Skoðun:

Skoðun á hæ. handlegg benti til brots á framhandlegg (fract. Collesi), og röntgenmynd leiddi í ljós þverfracturu í gegnum fremsta hluta geislabeins með dálítilli skekkju, og auk þess var brot í gegnum fremsta hluta á ölnarbeini.

Gert var að brotinu í deyfingu (plexus brachialis deyfingu), og fékkst góð brotstaða um úlnliðinn. Voru settar á gipsumbúðir og auk þess fetill, og átti konan að ganga áfram til eftirlits með handleggsbrotið á Slysadeild Borgarspítalans.

Kallað var á sérfræðing frá Háls- nef og eyrnadeild til að rannsaka betur hugsanlegt meiðsli á raddböndum. Raddböndin hreyfðust nokkuð

eðlilega, en þau voru bólgin og talsverður bjúgur á stæðinu aftan við þau. Gekk konan síðan áfram til eftirlits hjá sérfræðingum á Háls- nef og eyrnadeild.

Þann 26/3 var ennþá nokkur bjúgur á hæ. raddbandi, og talsvert mikil eymsli voru áfram yfir barkakýlinu að framan, mest hæ. megin.

Þann 9/4 kom konan til eftirlits vegna handleggsbrotsins, og sýndi röngten góða brotstöðu, og voru settar nýjar gipsumbúðir á handlegginn.

Þann 19/4 var gips fjarlægt, og átti konan nú að fara að hreyfa sig meira.

Röntgenmynd af hæ. handlegg þ. 3/5 sýndi, að brotið var gróið, og leit handleggurinn vel út.

Þann 17/5 var talsverður stirðleiki áfram í fingrum og viss eymsli um úlnlið, og var konan nú sett í æfingameðferð á Háaleitisbraut 13.

Þann 20/5 kom konan til sérfræðinga á Háls- nef og eyrnadeild, og hafði hún ennþá óþægindi frá hálsi, sem lýstu sér sem þrengslatilfinning, og sömuleiðis fannst henni hún þreytast fljótt, ef hún talaði.

Síðast kom konan á Slysadeildina hinn 31/5, og var hún þá í góðri framför, en átti að halda áfram æfingameðferð.

Guðný mun hafa komið á Háls- nef og eyrnadeildina þann 9/10 1975. Hafði hún þá ennþá óþægindi frá hálsinum, sagðist þreytast mjög, ef hún talaði eitthvað, og kvartaði einnig um óþægindi við barkakýlið.

Guðný hefur ekki komið til eftirlits á Slysadeild eftir þetta, en ég geri mér vonir um, að hún hafi þegar náð sér fyllilega eftir brotið á úlnliðnum, þótt ekki liggi fyrir upplýsingar, hvenær það muni hafa orðið.

Hvað snertir einkennin frá raddböndunum, vísast til sérfræðinga á Háls- nef og eyrnadeild (Ólafur Bjarnason), sem mun gefa nánari upplýsingar, ef óskað er eftir.

Vottorð þetta er skrifað að beiðni hr. hrl. Loga Guðbrandssonar, og er stuðzt við upplýsingar í sjúkraskrá Guðnýjar í Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík."

Vegna áverka á hálsi var Guðnýju vísað til Háls- nef og eyrnadeildar Borgarspítalans, sbr. vottorð, dags. 18/3 1976, en þar segir svo:

„Þessi sjúkl. kom á Slysadeild Bsp. hinn 10.3.74, kl. 18.50, hafði þá lent í bílaárekstri á Laugavegi, þannig að keyrt var á bifreið hennar, sem hún ók sjálf. Við komu á Slysadeildina var ég undirritaður beðinn að líta á sjúkl. vegna kvartana frá hálsi, þ. e. a. s. hæsi og eymsli í hálsi og barka og særindum við kyngingu og hósta. Hún telur sig hafa fengið högg framan á barkakýlið og barkann og kvartar mikið um eymsli í barkakýlinu, þegar hún talar. Við skoðun eru greinileg eymsli yfir barka-

kýlisbrjóskinu, en það eru engin merki um brot á barkakýlisbrjóskinu. Við raddbandaspeglun sást, að bæði raddbönd hreyfðust, það var mikill bjúgur á raddböndunum báðum megin, sérstaklega aftantil, á svokölluðu ary-tenoid svæði.

Þar sem sjúkl. hafði enga öndunarörðugleika, var henni ráðlögð raddhvíld og ráðlagt að anda að sér gufu 4 - 5 sinnum á dag.

Sjúkl. kom síðan aftur í eftirlit 12.03.74, eða tveim dögum síðar, var ástandið þá heldur verra, átti sjúkl. erfiðara með að tala, en hafði ekki neinn öndunarörðugleika. Við raddbandaspeglun kom í ljós, að talsvert mikill bjúgur var innan á öllu barkakýlinu, og sömuleiðis kom mar í ljós innan á allri barkakýlisslímhúðinni, hæ. raddbandið hreyfðist mun minna en það vi., sennilega vegna bjúgs. Ráðlögð áframhaldandi alger raddhvíld. Síðan kom sjúkl. aftur í eftirlit hinn 26.03.74, var þá rödd orðin mun betri, en sjúkl. kvartaði stöðugt um særindi í barkakýli, einkum við tal. Raddbandaspeglun sýnir góða hreyfingu á báðum raddböndum, ennþá þó nokkur bjúgur til staðar og stöðugt mikil eymsli yfir barkakýlisbrjóski. Ráðlögð áframhaldandi sama meðferð og áður. Sjúkl. kom síðan enn í eftirlit á HNE-deildina hinn 20. maí 1974 og kvartaði enn um hæsi og þreytist mjög fljótt í röddinni, ef hún talar eitthvað að ráði. Segist alltaf hafa eins og stirðleika eða þrengslatilfinningu í kringum barkakýlið, aðallega hæ. megin. Raddbandaskoðun sýnir góða hreyfingu á báðum raddböndum, allur bjúgur og mar er nú runnið af slímhúðinni, og nú sést smá deformitet á falska raddbandi hæ. megin, og sömuleiðis virðist ary-tenoidbrjóskið hafa færst eitthvað úr sínum venjulega stað, sennilega orðið liðhlaup þar. Engin sérstök meðferð ráðlögð. Sjúkl. kemur síðan í skoðun hinn 09.10.75, og er það í síðasta skiptið, sem ég hef séð sjúkl. Segir þá sjúkl., að röddin sé orðin mun betri, en aftur á móti þreytist hún alltaf mjög mikið í hálsinum, einkum ef hún talar eitthvað að ráði, og segist stundum fá verk í barkakýlið. Í þriðja lagi kvartar hún um mikið slím, sem sest í hálsinn, sem hún ekki hafði fyrir slysið. Raddbandaspeglun sýnir, að enginn bjúgur er í barkakýli, og bæði raddböndin hreyfast vel, það er eins og áður smá skekkja á hæ. raddbandi og ary-tenoidbrjóski, sem er örlítið ýtt til vi. og hefur sennilega gengið úr skorðum við slysið. Engin sérstök meðferð ráðlögð. Reikna má með, að sjúkl. komi til með að hafa alltaf einhver smá óþægindi frá barkakýli, aðallega ef hún þarf að reyna mikið á röddina, en þá munu meiðslin sennilega segja til sín með verkjum og litlu úthaldi. Ekki eru ráðlagðar neinar aðgerðir, þar sem að rödd sjúkl. er það góð og vafasamt, hvort nokkur frekari bati náist við það."

Guðný kom til undirritaðs þ. 28/4 1976. Hún segist vera fædd holgóma. Vör og tanngarður voru heil en gómurinn klofinn, og var gert við hann

af prófessor Guðmundi Thoroddsen. Enda þótt það heyrist á mæli hennar, að hún hafi verið fædd holgóma, segist hún hafa mjög gaman af að tala. Hún þreytist við að tala og segist slefa mikið og vill slefan leka út úr henni. Hún segist alltaf vita af hálsinum. Rödd hennar hefur breytzt að allra dómi. Guðný handleggsbrotnaði í slysinu, og var hún nokkurn tíma í gipsi, en segist nú vera orðin að mestu jafngóð. Fyrst á eftir slysið átti hún erfitt með að stunda heimilisstörf sín.

Rödd Guðnýjar ber þess merki, að hún er holgóma, en einnig ber eitthvað smávegis á hæsi, sem má vera, að stafi af slysinu, og verður ekki rengt það, sem hún segir varðandi málfar sitt.

Niðurstaða:

Guðný hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Byggist varanlega örorka á raddbreytingu, sem veldur henni stöðugum óþægindum. Örorka Guðnýjar er sem hér segir:

Frá slysinu í 2 mánuði 100%
Síðan í 2 mánuði 50%
Loks varanleg örorka 5%

Jónas Hallgrímsson"

Í framhaldi af örorkumati læknisins hafi lögmaður stefnanda leitað til Þóris Bergssonar, cand. act., sem hafi á grundvelli matsins reiknað út örorkutjón stefnanda sem hér segir:

„Hr. Logi Guðbrandsson, hrl.,
Túngötu 5,
Reykjavík.

Útreikningar.

Örorkutjón Guðnýjar Indriðadóttur, Selvogsgrunni 24, Reykjavík, vegna slyss 10. mars 1974.

Slysið og afleiðingar þess.

Guðný Indriðadóttir slasaðist 10. mars 1974, er bíll, sem hún ók, lenti í árekstri við annan bíl.

Við áreksturinn brotnuðu bæði geisla- og ölnarbein hægri handleggs, en auk þess fékk hún högg framan á hálsinn.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar, læknis, sem dagsett er 11. nóvember 1976, segir, að varanlega örorkan byggist á „raddbreytingu, sem veldur henni stöðugum óþægindum."

Örorkumat.

Læknirinn metur örorku Guðnýjar vegna afleiðinga slyssins þannig:

„Frá slysinu í 2 mánuði 100%

Síðan í 2 mánuði 50%

Loks varanleg 5%"

Aldur.

Guðný er sögð fædd 10. júlí 1921 og hefur því verið 52 ára á slysdegi.

Áætlun tekna og tekjutaps.

Guðný er gift og sér um heimili sitt og manns síns. Á heimilinu mun vera eitt barn, fætt 17. ágúst 1965, auk hjónanna.

Hún mun ekkert hafa unnið utan heimilis undanfarin ár. Ég mun áætla vinnuframlag hennar á heimilinu til tekna samkvæmt venju, þannig:

Til grundvallar eru lagðar dagvinnutekjur samkvæmt lægsta lðjutaxta með fullri starfsaldurshækkun. Þar til barnið nær u. þ. b. 20 ára aldri, er gert ráð fyrir 90% af þessum tekjum, en síðan 75%.

Þannig áætlaðar tekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað tekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 5% af áætluðum tekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um - að frádregnum 5%

	Áætlaðar tekjur	*Áætlað vinnutekjutap* *Tímabundið:*	*Varanlegt:*
1. árið eftir slysið	kr. 397.254	kr. 97.442	kr. 19.863
2. árið eftir slysið	— 532.075		— 26.604
3. árið eftir slysið	— 698.997		— 34.950
4.—11. árið eftir slysið	— 787.244		— 39.362
12. árið eftir slysið	— 721.641		— 36.082
Síðan árlega	— 656.037		— 32.802

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning verðmætis tekjutaps hafa verið notaðar tvær mismunandi forsendur um vexti.

Forsenda I. Notaðir eru 9% ársvextir frá slysdegi til frambúðar.

Forsenda II. Frá slysdegi til 15. júlí 1974 eru notaðir 9% ársvextir og síðan 13% til frambúðar.

Verðmæti tekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	Forsenda I:	*Forsenda II:*
Vegna tímab. örorku	kr. 96.270	kr. 96.270
Vegna varanl. örorku	— 290.623	— 231.840
Samtals	kr. 386.893	kr. 328.110

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið athugað, hver er eðlileg lækkun verðmætis tekjutaps vegna skattfrelsis bóta - ef þá á að gera hana.
2. Guðný átti sem ökumaður samkvæmt örorkumatinu rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins, en mun ekki hafa notað þann rétt.

Reiknigrundvöllur.

Áður er rætt um vexti. Við útreikninginn hafa verið notaðar dánarlíkur kvenna samkvæmt reynslu áranna 1966 - 1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Virðingarfyllst

Þórir Bergsson"

Að fengnum þessum gögnum hafi vátryggjanda bifreiðarinnar R 1673, stefnda Samvinnutryggingum g/t, verið ritað kröfubréf, dags. 19. janúar 1977, þar sem krafa hafi verið gerð um skaðabætur og byggt hafi verið á forsendum tryggingafræðingsins, sem miðaðist við 9% ársvexti frá slysdegi til frambúðar, auk kröfu um kr. 600.000 í miskabætur. Málssókn þessi þó reynst óumflýjanleg, en áður hafi lögmaður stefnanda fengið nýjan útreikning á örorkutjóni stefnanda og hljóði hann þannig:

„Reykjavík, 15. apríl 1980.

Nýir útreikningar.

Örorkutjón Guðnýjar Indriðadóttur, Selvogsgrunni 24, Reykjavík, vegna slyss 10. mars 1974.

Örorkutjón þetta hef ég tvívegis reiknað út áður, síðast með endurútreikningi, dagsettum 18. sept. 1978. Síðan hafa kauptaxtar almennt meira en tvöfaldast. Þér óskið því nýrra útreikninga svo og vegna þess, að óvissa ríkir um, hvaða vaxtagrunn skuli nota við ákvörðun bóta.

Ég mun hér taka upp allt, sem máli skiptir og óbreytt er úr fyrstu útreikningum mínum, dagsettum 4. des. 1976, og vænti þess, að það verði til þæginda fyrir þá, sem um málið fjalla.

Slysið og afleiðingar þess.

Guðný Indriðadóttir slasaðist 10. mars 1974, er bíll, sem hún ók, lenti í árekstri við annan bíl.

Við árekstur inn brotnuðu bæði geisla- og ölnarbein hægri handleggs, en auk þess fékk hún högg framan á hálsinn.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar, læknis, sem dagsett er 11. nóvember 1976, segir, að varanlega örorkan byggist á „raddbreytingu, sem valdi henni stöðugum óþægindum."

Örorkumat.

Læknirinn metur örorku Guðnýjar vegna afleiðinga slysins þannig:
„Frá slysinu í 2 mánuði 100%
Síðan í 2 mánuði 50%
Loks varanleg 5%"

Aldur.

Guðný er sögð fædd 10. júlí 1921 og hefur því verið 52 ára á slysdegi.

Áætlun tekna og tekjutaps.

Guðný er gift og sér um heimili sitt og manns síns. Á heimilinu mun vera eitt barn, fætt 17. ágúst 1965, auk hjónanna.

Hún mun ekkert hafa unnið utan heimilis undanfarin ár. Ég mun áætla vinnuframlag hennar á heimilinu til tekna samkvæmt venju, þannig:

Til grundvallar eru lagðar dagvinnutekjur samkvæmt lægsta lðjutaxta með fullri starfsaldurshækkun. Þar til barnið nær u. þ. b. 20 ára aldri, er gert ráð fyrir 90% af þessum tekjum, en síðan 75%.

Þannig áætlaðar tekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað tekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 5% af áætluðum tekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um, að frádregnum 5%.

	Áætlaðar tekjur:	*Áætlað tekjutap* *Tímabundið:*	*Varanlegt:*
1. árið eftir slysið	397 þús. kr.	97. þús. kr.	20 þús. kr.
2. árið eftir slysið	532 þús. —		27 þús. —
3. árið eftir slysið	700 þús.—		35 þús. —
4. árið eftir slysið	1.038 þús. —		52 þús. —
5. árið eftir slysið	1.609 þús. —		80 þús. —
6. árið eftir slysið	2.284 þús. —		114 þús. —
7. -11. árið eftir slysið	2.843 þús. —		142 þús. —
12. árið eftir slysið	2.606 þús. —		130 þús. —
Síðan árlega	2.369 þús. —		118 þús. —

Verðmæti tekjutaps.

Verðmæti tekjutaps reiknast mér nema á slysdegi í þúsundum króna:

Ársvextir	5%	7%	9%	9 og 13%
V/tímab. örorku	97	97	96	96
V/varanl. örorku til 1.-3.1980	260	242	225	200
V/varanl. örorku síðan	800	642	521	357
Samtals	1.157	981	842	653

Athugasemd.

Að gefnu tilefni legg ég áherslu á, að í útreikningunum er vinnutekjutap áætlað samkvæmt hreinu læknisfræðilegu mati á örorku, en slíkt mat er ótryggur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap, og getur þá verið um að ræða of- eða vanmat.

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið athugað, hver sé eðlileg lækkun verðmætis tekjutaps vegna skattfrelsis bóta — ef þá á að gera hana.

2. Guðný átti sem ökumaður samkvæmt örorkumatinu rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins, en mun ekki hafa notað þann rétt.

Reiknigrundvöllur.

Um vexti er rætt í fylgiskjali. Við útreikningana hafa verið notaðar dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Virðingarfyllst

Þórir Bergsson"

Með útreikningi þessum hafi fylgt svohljóðandi skjal: „ÞÓRIR BERGSSON, can. act.

Um vaxtaforsendur og vexti af bótafé.

Sú regla virðist hafa gilt hérlendis, að við útreikninga skaðabóta — slysdagsverðmætis taps — skyldu notaðir vextir af almennum spariinnlánum. Þetta hefur verið gert einnig eftir að tvímælalaust var, að í þessum vöxtum var fólginn verulegur verðþensluþáttur. Þó hafa ekki verið notaðir hærri útreikningsvextir en 13% á ári. Nú er bankastjórn Seðlabankans farin að kljúfa heildarvexti í grunnvexti og verðbótaþátt, en í lögum nr. 13/1979 segir m. a.: „Vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og utlána."

Grunnvextir af almennum spariinnlánum eru nú sagðir 5%, en þar sem

þeir eru eftirágreiddir, táknar það á verðbólgutímum verulega lægri raunvexti — hvort sem verðbólguþátturinn er jafn verðþenslunni eða lægri en hún. Þar til úrskurður dómstóla fæst um, hvaða vexti ber að nota, mun ég gera útreikninga miðað við minnst fjórar mismunandi vaxtaforsendur, þ. e.: 5%, 7%, 9% og 13% ársvexti. Hafi slys eða líkamsmeiðing orðið fyrir 15. júlí 1974, nota ég þó í síðustu tveimur tilvikunum gildandi innlánsvexti fyrir þann tíma.

Þegar slysdagsupphæð bóta vegna vinnutekjutaps hefur verið ákveðin, er eftir að úrskurða, hvaða vexti beri að greiða af þeirri upphæð frá slysdegi til greiðsludags. Mín skoðun er sú, að upphæðinni beri að skipta í tvo hluta og nota mismunandi vexti á hvorn þeirra. Annar hlutinn yrði verðmæti þess taps, sem áætlað er, að verði eftir að síðasta launahækkun af verðbólguástæðum átti sér stað eða er væntanleg og þekkt. Á þennan hluta getur ekki verið réttmætt að nota aðra vexti en talið er rétt að nota við útreikninga á slysdagsverðmæti þessa taps, þ. e. þá vexti, sem notaðir hafa verið til að reikna þetta hreina framtíðartap niður til slysdags. Á hinn hlutann — sem almennt er verðmæti tímabundna tapsins, sem áætlað er, að hafi orðið frá slysdegi til síðustu launahækkunar — er að mínu viti enn sem komið er eðlilegra að nota heildarvexti (grunnvexti + verðbólguþátt), eins og þeir hafa verið á hverju tímabili frá slysdegi til greiðsludags. Ég segi enn sem komið er, vegna þess að verðbólguþátturinn er ennþá fjarri því að vega á móti ríkjandi verðbólgu. Fari verðbólguþáttur að nálgast fulla verðtryggingu, þarf endurskoðunar við.

Það, sem hér hefur verið sagt, beinist einungis að bótum vegna taps á vinnutekjum. Hvernig ákveða ber vexti af miskabótum, tel ég alveg undir því komið, hvort miskabótaupphæðin miðast við verðgildi íslensku krónunnar á slysdegi eða úrskurðardegi. Hið síðarnefnda mun vera regla og ætti því ekki að nota hærri vexti á þá upphæð frá slysdegi til úrskurðardags en grunnvexti.

Reykjavík, í sept. 1979
Þórir Bergsson "

Lögmaður stefnanda hefur lagt áherslu á það, að þótt dregist hafi að stefna málinu fyrir dómstólinn, sé ekki um fyrningu að ræða. Fyrningarfrestur byrji ekki að líða, fyrr en örorkumat hafi legið fyrir, þ. e. í nóvember 1976, en í 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sé upphaf fyrningarfrests miðað við lok þess almanaksárs, sem kröfuhafi hafi fengið vitneskju um kröfu sína og hafi átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Þannig hefjist fyrningarfrestur í þessu máli 1. janúar 1977 og standi í fjögur ár og

ljúki því í árslok 1980 og hafi málinu því verið stefnt í tæka tíð. Máli sínu til stuðnings hefur stefnandi bent á dóm Hæstaréttar 12. janúar 1976.

Um efni fjárkröfu stefnanda bendir lögmaðurinn einnig á það, að dómvenja sé í skaðabótamálum að leggja til grundvallar slíkum kröfum örorkumöt lækna, sem séu læknisfræðileg, en ekki fjárhagsleg. Fjöldi dóma sé til um örorku, þar sem sannað hafi verið og upplýst, að um meiri tekjur hafi verið að ræða hjá tjónþola eftir slys en fyrir það. Það sé ekki sá mælikvarði, sem lagður sé á hér á landi, heldur læknisfræðilegt mat.

Lögmaður stefndu reisir sýknukröfuna á því, að allar bótakröfur af hálfu stefnanda hafi verið fyrndar, þegar málið var höfðað, sbr. 78. gr. umferðarlaga. Upplýst sé, að meiðslum stefnanda hafi verið þannig háttað, að hún hafi getað haft uppi bótakröfur tiltölulega fljótt eftir slysið, þar sem hún hafi vitað um afleiðingar þess þegar á árinu 1974. Í síðasta lagi hafi hún gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins í október 1975, þegar hún hafi fengið lokavottorð og endanlegum læknisafskiptum hafi lokið af stefnanda. Í árslok 1975 hafi fyrningarfrestur því í síðasta lagi hafist og lokið í árslok 1979 að fjórum árum liðnum. Ljóst sé, að ekki megi við það miða, að hinn slasaði dragi sjálfur að fara til læknismeðferðar, heldur verði að gera ráð fyrir, að hann leiti lækninga með eðlilegum hætti. Það megi ekki vera á valdi tjónþola, hvenær fyrningartími hefjist, heldur verði að miða við almennar reglur í því sambandi.

Varakröfu sína um lækkun á kröfum stefnanda styður lögmaður stefndu þeim rökum, að upplýst sé í málinu, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, heldur hafi hún verið metin með 5% varanlega örorku vegna óþæginda, er hún þreytist við að tala. Einfalt sé að benda á það, að slík óþægindi hverfi, ef stefnandi tali minna. Hitt sé og augljóst, að ekkert fjárhagstjón sé um að ræða og sé hér því um hreint læknisfræðilegt mat, sem byggt sé alfarið á fullyrðingum stefnanda um breytingu á rödd sinni. Mjög óeðlilegt sé, að dómstólar fari eftir læknisgögnum, sem ekkert fjalli um fjárhagslegt tjón, og þess beri að minnast, að örorkumat læknis sé matsgerð og verði að meta eins og aðrar matsgerðir í dómsmálum. Mat á örorku hljóti að verða að byggjast á mati á því, hvað starfsorka hafi skerst eða hvort meiðsl séu fallin til þess að skerða starfsorku. Þess vegna sé víst, að hér sé ekki um neina örorku að ræða í réttum skilningi orðsins, þar sem starfsorka stefnanda hafi í engu skerst, né heldur sé þreytan í hálsi stefnanda til þess fallin að skerða starfsorku hennar. Stefnandi sé húsmóðir á litlu heimili og hæfni hennar til húsmóðurstarfa tengist á engan hátt rödd hennar. Færa megi rök fyrir hinu gagnstæða, að þá gangi slík störf best, þegar húsmóðirin tali fæst. Hér sé því aðeins um miska að ræða, þ. e. ófjárhagslegt tjón að frátöldum þeim tíma, sem stefnandi var að ná sér af handleggsbrotinu.

Niðurstaða.

Samkvæmt vottorði Ólafs Bjarnasonar læknis á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans kom stefnandi í skoðun þangað síðast hinn 9. október 1975. Sagði stefnandi þá, að rödd hennar væri orðin mun betri, en hún þreytist aftur á móti alltaf mjög mikið í hálsinum, einkum ef hún tali eitthvað að ráði, og stundum fái hún verk í barkakýlið auk þess sem hún fái slím, sem festist í hálsinn. Læknirinn sá með speglun eins og áður skekkju á hægra raddbandi og brjóski, sem hafi verið ýtt til vinstri og hafi sennilega gengið úr skorðum við slysið. Engin sérstök meðferð var ráðlögð. Læknirinn taldi í vottorði sínu, að stefnandi kæmi til með að hafa alltaf einhver smáóþægindi frá barkakýli, aðallega ef hún þyrfti að reyna mikið á röddina, en þá muni meiðslin sennilega segja til sín með verkjum og litlu úthaldi. Vottorð sitt ritaði læknirinn 18. mars 1976, og eftir það hinn 28. apríl 1976 leitaði stefnandi til Jónasar Hallgrímssonar læknis, sem mat örorku hennar. Ekki verður talið, að óeðlilegur dráttur hafi orðið á því, að stefnandi leitaði álits þessara sérfræðinga og meðferðar þeirra. Samkvæmt 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefst fyrningarfrestur bótakrafna sem þessarar við lok þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Eins og komið var, verður ekki talið, að stefnandi hafi fyrr átt slíkan kost, og telst fyrningarfrestur því hefjast í árslok 1976, og var krafa stefnanda því ófyrnd við birtingu stefnu hinn 14. október 1980.

Föst dómvenja hefur myndast um það að leggja læknisfræðilegt mat á örorku til grundvallar mati á tekjutapi í skaðabótamálum, og skiptir þá ekki máli, þótt sannað sé, að tjónþoli hafi meiri tekjur eftir slys en fyrir það. Forsenda slíks læknisfræðilegs örorkumats er þó sú, að meiðslin séu fallin til þess að skerða starfsorku aðiljans. Við slíkt mat er margt að athuga, og er t. d. ekki með öllu ljóst, hvað sé til þess fallið að skerða starfsorku. Hins vegar byggist dómvenjan á notkun ákveðinna læknisfræðilegra röksemda um örorku, og verður því að telja, að leiða þurfi læknisfræðileg rök gegn slíku mati, ef því á að hnekkja. Stefndu hafa ekki leitast við það. Ekki verður fallist á það með stefndu, að stefnandi geti sjálf haldið óþægindum af slysinu í skefjum með því að tala minna og að þá gangi húsmóðurstörfin einnig best. Beiting raddarinnar er slíkt grundvallaratriði í húsmóðurstörfum, að fallast ber á mat læknisins, að stefnandi hafi hlotið varanlega örorku vegna þessara óþæginda, en um tímabundna örorku er ekki deilt.

Þegar litið er til slyssins, sem stefnandi varð fyrir, mat læknis á örorku hennar, útreiknings tryggingafræðings á örorkutjóni hennar vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku og krafna hennar í málinu, telur dómarinn rétt eftir atvikum að ákveða bætur til stefnanda fyrir fjártjón með kr. 6.000.00. Er þá tekið mið af útreikningi tryggingafræðings, sem miðar við

9% ársvexti, og tekið tillit til hagræðis eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Þá þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 9.000.00. Niðurstaða verður því sú, að stefndu verður gert að greiða stefnanda kr. 15.000.00 ásamt vöxtum. Lögmaður stefndu hefur sérstaklega mótmælt vaxtakröfu stefnanda og krafist þess, að vaxtafótur verði ákveðinn hinn sami af bótum og í örorkutjónsútreikningi. Ýmis rök fyrir þesari kröfu stefndu koma fram í gögnum tryggingafræðings um vaxtaforsendur og vexti af bótafé, sem fylgja kröfu stefnanda. Rétt þykir miðað við útreikning á örorkutjóni stefnanda hinn 15. apríl 1980 að dæma 9% ársvexti fram að þeim tíma, en frá þeim tíma almenna sparisjóðsvexti samkvæmt dómvenju í skaðabótamálum.

Vegna fyrningarkröfu stefndu dæmist upphafstími vaxta 14. október 1976 skv. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Eftir þessari niðurstöðu verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Guðbergur Davíð Davíðsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði in solidum stefnanda, Guðnýju Indriðadóttur, kr. 15.000.00 með 9% ársvöxtum frá 14. október 1976 til 15. apríl 1980 af gkr. 1.500.000, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. mars 1983.

Nr. 107/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ríkarði Erni Jónssyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Líkamsárás. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Guðjón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að kröfu ákærða með stefnu 23. mars 1982.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí 1982.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms, en sakfelling er byggð á skýlausri játningu ákærða. Hafa ber þá jafnframt í huga frásögn ákærða af tildrögum fyrstu árásar hans á Kristján Laxfoss Hávarðarson og einnig af viðskiptum unnustu ákærða og Kristjáns. Þykir verða að byggja á frásögn ákærða af þeim atvikum. Hins vegar er á það fallist með héraðsdómara, að háttsemi Kristjáns Laxfoss hafi ekki gefið ákærða tilefni til hinna hörðu og ítrekuðu árása.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, 11. gr., og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Skaðabótakrafa Kristjáns Laxfoss Hávarðarsonar var ekki borin undir ákærða, svo sem boðið er í niðurlagsákvæði 145. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Hluti bótakröfunnar er vegna vinnutaps tjónþola. Er þar að nokkru miðað við afla, sem lagður var upp hinn 4. nóvember 1978 eða áður en bótakrefjandi varð fyrir tjóni. Í málinu er ekki gerð grein fyrir því, hversu lengi bótekrefjandi var frá vinnu, og ekki heldur, hvernig aflahlutur er reiknaður út frá heildarafla skips.

Af framangreindum ástæðum þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því er skaðabótakröfuna varðar og vísa henni frá sakadómi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 7.000.00 krónur, og málssóknarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00. krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ríkarður Örn Jónsson, sæti fangelsi 2 mánuði. Hann greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 7.000.00 krónur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur skulu vera ómerk, og er framangreindri skaðabótakröfu vísað frá sakadómi.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 26. júní 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 5. þ. m., er höfðað af ákæruvaldinu með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1980, „á hendur Ríkarði Erni Jónssyni sjómanni, Dagsbrún, Djúpavogi, fæddum 22. nóvember 1955 í Reykjavík, fyrir að hafa sunnudagsnóttina 5. nóvember 1978, þá er ákærði var staddur á dansleik í samkomuhúsinu Staðarborg, slegið þar margsinnis Kristján Borgþór Laxfoss Hávarðarson, Brekkustíg 5 A, Vestmannaeyjum, hnefahögg í andlitið, fyrst inni í samkomuhúsinu og síðan utan þess, allt þar til lögreglan hafði afskipti af Kristjáni Borgþór og flutti hann til Breiðdalsvíkur. Við læknisskoðun kom í ljós, að Kristján Borgþór hafði hlotið brot á neðri kjálka báðum megin, sem lagfæra þurfti með aðgerð, þar sem brotin voru sett saman í réttar skorður og kjálkar að því búnu víraðir saman.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Af hálfu ákærða hefur verið haldið uppi vörnum í máli þessu og aðallega krafist sýknu af kröfum ákæruvaldsins, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa.

II.

Samkvæmt skýrslu Benedikts Helga Benediktssonar, lögreglumanns á Fáskrúðsfirði, var hann sunnudaginn 5. nóvember 1978, kl. 0120, ásamt lögreglumönnunum Þorsteini Kristjánssyni og Jóhanni Jóhannssyni við samkomuhúsið Staðarborg í Breiðdal, en þar fór fram dansleikur.

Sáu þeir, hvar mjög ölvaður maður kom út úr húsinu og virtist vera mjög æstur. Gekk maður þessi að bifeið, sem þarna stóð og reif af henni útvarpsstöng. Gekk maður þessi síðan bak við samkomuhúsið. Lögreglumenn fundu mann þennan skammt frá húsinu, þar sem hann lá og virtist sofa. Reyndist maður þessi heita Kristján Borgþór Laxfoss Hávarðarson og vera á báti frá Breiðdalsvík. Eftir að lögreglan hafði komið manni þessum á fætur, fór hún með hann inn í samkomuhúsið. Óku lögreglumenn síðan Kristjáni þessum á Breiðdalsvík til útgerðarmanns hans. Daginn eftir tjáði Kristján Laxfoss Benedikt H. Benediktssyni, að hann hefði verið sleginn á dansleiknum og væri kjálkabrotinn. Fór Kristján þess á leit við Benedikt, að mál þetta yrði rannsakað.

Hinn 20. nóvember sama ár kærði Kristján Borgþór Laxfoss Hávarðarson skipstjóri, Brekkustíg 5, Vestmannaeyjum, til rannsóknarlögreglunnar líkamsárás, sem hann kvaðst hafa orðið fyrir á dansleik í Staðarborg í Breiðdal 4. sama mánaðar.

Í skýrslu, sem tekin var af Kristjáni Borgþór hjá rannsóknarlögreglunni, skýrir hann svo frá, að hann hefði farið á dansleik skammt frá Breiðdalsvík 4. nóvember. Hann kvaðst ekki hafa verið mikið drukkinn þar, því hann hefði ekki neytt nema fjögurra glasa af vínblöndu, en hins vegar verið þreyttur eftir langar vökur á skipi sínu.

Hann kvaðst muna til þess að hafa verið að sofna þreytusvefni á dansleik þessum, þegar einhver hafi sagt við hann: „stattu upp". Hafi honum þá fundist sem hann væri að standa upp af stól. Hann kvaðst ekki muna frekar, hvað þarna hefði skeð, en hann kvað Benedikt Helga Benediktsson, Fáskrúðsfirði, hafa fundið sig liggjandi að húsabaki og farið með hann heim til útgerðarmanns skips síns. Hann kvaðst hafa vaknað þar næsta morgun og verið þá mjög aumur í kjálkanum og hafi það komið í ljós hjá héraðslækninum á Fáskrúðsfirði, að hann var kjálkabrotinn. Hafi hann af þeim ástæðum farið til Reykjavíkur til lækninga. Kristinn Borgþór kvaðst ekki muna aðdraganda meiðslanna, en honum hafi verið sagt, að stýrimaðurinn á Krossanesi, SU, hefði slegið hann á dansleiknum.

Jón Viðir Arnórsson tannlæknir, háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans

í Reykjavík, lýsir meiðslum Kristjáns Borgþórs Laxfoss þannig í læknisvottorði, dagsettu 28. nóvember 1978:

„Ofangreindur sjúklingur kveðst hafa verið sleginn á dansleik á Fáskrúðsfirði aðfaranótt sunnudagsins 5/11 1978. Sjúkl. kemur til Borgarspítalans í Reykjavík þann 7/11 1978 og lagður þar inn á háls-, nef- og eyrnadeild til aðgerðar.

Við skoðun kom í ljós, að sjúkl. er mikið bólginn á hæ. kinn og aumur neðri kjálkinn viðkomu. Hann er dofinn á neðri vör hæ. megin. Fyrsti forjaxl hæ. megin er laus. Þessi kliniska skoðun er staðfest með röntgenmyndum, sem sýna brot á neðri kjálka á forjaxlasvæði hæ. megin og á processus coronoideus vi. megin.

Aðgerð er gerð þann 8/11 1978 í svæfingu. Brotið sett í réttar skorður og fest þannig saman með vírum og efri og neðri kjálki síðan festir saman í réttu samanbiti, og þannig verður sjúkl. að vera í 4 vikur. Nauðsynlegt reyndist að fjarlægja fyrsta forjaxl (4 ÷), sem sat í brotlínunni og var laus.

Sjúkl. er síðan útskrifaður af háls-, nef- og eyrnadeildinni þann 10/11 1978 og kemur í eftirlit til undirritaðs, þar til vírfestingar hafa verið fjarlægðar.

Engir aðrir áverkar en þeir, sem nefndir hafa verið á neðri kjálka, komu í ljós við skoðun á sjúkrahúsinu."

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Suður-Múlasýslu 11. nóvember 1978 og síðan fyrir dómi 22. mars 1980. Hefur ákærði skýrt svo frá fyrir dómi, að hann myndi ekki í smáatriðum eftir atvikum í sambandi við greindan dansleik í Staðarborg í Breiðdal, en hann kvaðst muna vel eftir útistöðum við skipstjórann á Drífunni. Ákærði kveðst hafa komið á dansleikinn í bifreið frá Djúpavogi ásamt þeim Margréti Sigurðardóttur, Dagsbrún, Djúpavogi, Jóni Friðgeirssyni, Jóni Stefánssyni, Sæbakka, Djúpavogi, og konu Jóns Stefánssonar, Unu, og hafi Una ekið bifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa í eitt skipti á dansleiknum verið staddur við afgreiðsluborð í ölsölu samkomuhússins og verið að versla þar, er nefndur skipstjóri hafi komið að honum með ruðningi og frekju og hafi hann ætlað að ýta ákærða til hliðar með olnboganum. Hafi ákærði þá slegið skipstjórann í höfuðið með krepptum hnefa. Hafi sljákkað í skipstjóranum við þetta og hafi þeir gengið saman út undir einn vegg samkomuhússins og tekið tal saman. Sagði ákærði, að hann hafi þá ekki ætlað sér að gera meira úr þessum útistöðum þeirra. Hafi skipstjórinn skyndilega slegið til ákærða, þar sem þeir töluðu saman, en höggið hafi geigað. Hafi ákærði slegið skipstjórann aftur í höfuðið með krepptum hnefa, líklega 2—3 högg. Ákærði kvaðst ekki muna, með hvorri hendinni hann sló né hvar höggið lenti á höfði skipstjórans. Ákærði kvaðst vera rétthentur, en hafa orðið fyrir meiðslum á hæ. hendi og beiti því vinstri hendinni við viss átök.

Ákærði kvað dyraverði hafa haft afskipti af átökunum, en hann mundi ekki nánar, hvernig þau afskipti voru. Hafi Margrét Sigurðardóttir, kærasta ákærða, talað við skipstjórann, meðan dyraverðir voru á vettvangi. Hafi skipstjórinn þá slegið til Margrétar og hrækt eða frussað einhverju á hana. Ákærði kvaðst þá hafa ráðist aftur á skipstjórann, en hann mundi ekki, hvort hann hafi náð taki á skipstjóranum eða slegið hann, áður en dyraverðir skildu þá að og létu þá síðan út úr húsinu. Hafi verið úrhellisrigning úti og ákærði orðið gegnvotur, strax og út var komið. Hafi ákærði og skipstjórinn staðið andspænis hvor öðrum fyrir utan anddyri samkomuhússins og hafi ákærði þá slegið skipstjórann með krepptum hnefa í höfuðið. Hafi skipstjórinn hrökklast aftur á bak við höggið, snúið sér við og gengið á milli tveggja kyrrstæðra bifreiða. Ákærði kvað skipstjórann hafa rifið loftnetsstöng af annarri bifreiðinni. Hafi ákærði tekið loftnetsstöng þessa af skipstjóranum og rétt hana ökumanni bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst síðan hafa tekið í skyrtubrjóst skipstjórans og lagt hann upp á næstu bifreið. Hafi þá borið að tvo lögreglumenn. Minnti ákærða, að lögreglumenn hafi farið með skipstjórann að lögreglubifreiðinni.

Ákærði hefur borið, að skipstjórinn hafi aldrei komið á sig höggi, enda minnti hann, að skipstjórinn hafi ekki reynt að slá til sín nema einu sinni. Ákærði kvaðst hafa slegið til skipstjórans að fyrra bragði, eftir að út var komið. Hann kvaðst hafa verið hræddur um, að skipstjórinn vildi borga fyrir það, sem á undan var gengið.

Margrét Þóra Sigurðardóttir skýrði svo frá fyrir dómi 25. mars 1980, að á greindum dansleik hafi hún veitt athygli manni nokkrum, sem fylgdi ákærða Ríkharði Erni og hreytti í hann ónotum. Hafi þeir ákærði og ókunni maðurinn eitthvað verið að stimpast, en vitnið kvaðst ekki hafa verið vitni að því. Kvaðst hún hafa gengið til manns þessa og sagt við hann eitthvað á þá leið, að hann ætti ekki að vera með þennan barnaskap. Hafi maðurinn gefið henni kinnhest, ekki þó mjög fastan. Hún kvaðst hafa gefið manninum kinnhest á móti og hafi sprungið fyrir á vör hans. Hafi maðurinn þá frussað blóðinu á sig og hrint sér frá. Hún kvað ákærða Ríkharð Örn hafa séð þetta og hafi maðurinn og ákærði byrjað aftur að stimpast. Hafi þeir reynt að slá hvor til annars, en þó „ekki beint" með krepptum hnefum. Hún kvaðst ekki muna til þess, að maður sá, sem ákærði tókst á við, hafi orðið fyrir höggi í andlitið í þessum slagsmálum. Hafi dyraverðir skilið mennina að og hent þeim báðum út úr húsinu. Margrét Þóra kvaðst hafa farið út úr samkomuhúsinu rétt á eftir þeim ákærða og hafi þeir þá slegist í ausandi rigningu fyrir framan samkomuhúsið. Hún kvaðst ekki muna vel eftir atburðarásinni, eftir að út var komið, en hana minnti, að lögregla hefði skilið mennina að og farið með nefndan mann inn í lögreglubifreið, sem stóð við samkomuhúsið. Hún kvaðst hafa farið í fylgd ákærða

í bifreið þá, sem ók þeim aftur til Djúpavogs, og hafi hún séð í þann mund sem bifreiðin fór af stað, að nefndur maður kom út úr lögreglubifreiðinni og gekk aftur fyrir samkomuhúsið.

Vitnið Benedikt H. Benediktsson kom fyrir dóm 25. mars 1980, og staðfesti hann þá framangreinda skýrslu sína. Sagði vitnið, að úrhellisrigning hafi verið, þegar þessir atburðir gerðust, og hafi Kristinn Laxfoss verið ósjálfbjarga og hafi vitnið staðið í þeirri trú, að það hefði verið sökum ölvunar. Vitnið kveðst ekki muna til þess, að það hafi haft önnur afskipti af Kristjáni Laxfoss á dansleiknum en komu fram í skýrslu vitnisins. Hafði vitnið ekki annað að segja um atburði þessa.

Vitnið Jón Aðalsteinn Stefánsson kom fyrir dóm 24. júlí 1980. Kvaðst vitnið hafa verið mjög drukkið á greindum dansleik í Staðarborg og lítið muna eftir atvikum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð slagsmálin milli Kristjáns Laxfoss og ákærða, en taldi, að fyrrverandi eiginkona vitnisins, Una Georgsdóttir, sem vitnið sagði búa í Svíþjóð, hefði séð þau. Hafi Una ekið vitninu, ákærða og Margréti Sigurðardóttur á dansleikinn og hafi hún verið sú eina í þeim hópi, sem ekki var undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst ekki hafa frétt það fyrr en löngu seinna, að Kristinn Laxfoss hefði kjálkabrotnað á dansleiknum. Vitnið kvaðst ekki muna, hvað þeim hjónum hefði farið á milli varðandi greinda atburði á dansleiknum, eftir að þau fréttu um meiðsli Kristjáns Laxfoss.

Sannað er með framburði ákærða sjálfs, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði réðst margsinnis á Kristján Laxfoss á dansleik í Staðarborg 5. nóvember 1978 og sló hann með krepptum hnefum í höfuðið, síðast fyrir utan samkomuhúsið.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem gerir það sennilegt, að Kristján hafi hlotið meiðsli sín á annan hátt en fyrir tilverknað ákærða, en lögreglan hafði afskipti af Kristjáni, skömmu eftir að ákærði hafði slegið Kristján utan við samkomuhúsið.

Leggja ber til grundvallar í málinu, að Kristján Laxfoss hafi sýnt ákærða nokkra áreitni með því að reyna að ryðja ákærða frá afgreiðsluborði í ölsölu samkomuhússins. Hins vegar verður að líta svo á, að þessi háttsemi Kristjáns geti engan veginn hafa gefið ákærða tilefni til hinna hörðu og ítrekuðu árása, en eftir því, sem fram hefur komið í málinu, hefur Kristján Laxfoss verið orðinn bjargarlaus, að öllum líkindum sökum ölvunarástands síns, þreytu og eða höfuðhögga af hendi ákærða.

Þykir ákærði hafa unnið til refsingar samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en afleiðingar árása ákærða á Kristján Laxfoss eru með þeim hætti samkvæmt framlögðu vottorði læknis sem í þeirri grein segir.

III.

Samkvæmt sakarvottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1974 11/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1975 15/7 í Kópavogi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 6., sbr. 67. gr. lögreglusamþykktar Kópavogs og 21. gr. áfengislaga, 38. og 50. gr. umferðarlaga.

1977 15/7 í Kópavogi: Uppvís að broti á 254. gr. almennra hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 15. apríl 1977.

1977 23/12 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1978 12/4 í Kópavogi: Sátt, 65.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 31. október 1977.

Með vísan til aldurs ákærða og þess, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir líkamsmeiðingar, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður hefur af hálfu Kristjáns Laxfoss gert skaðabótakröfu á hendur ákærða, samtals að upphæð 1.649.803 gamlar krónur. Krafan er þannig sundurliðuð:

„1	*Vinnutekjutap.* Miðað við tekjur, er Kristján varð af vegna slyssins, tekin jafnaðarveiði bátanna Krossaness SU-5 og Drífu SU-4, kr. 8.789.989, en þar af er hásetahlutur kr. 311.996.- en skipstjórahlutur tvöfalt eða	kr.	645.992.00
	Orlof 8.33% þar af	—	53.811.00
2.	*Útlagt vegna slyssins:*		
A.	Flugfar gr. Vængjum og Flugf.	—	21.730.00
B.	Greitt bifreiðakostnað vegna lækna	—	20.280.00
C.	Greitt Kópavogsapóteki lyf	—	650.00
D.	Greitt Jóni Viðari Arnarsyni, tannl.	—	17.740.00
E.	Greitt Skúla O. Kristjánssyni tannl.	—	7.400.00
F.	Tannsmíði á neðri gómi skv. mati Skúla O. Kristj. tannlæknis	—	360.000.00
G.	Áverkavottorð Borgarspítala	—	4.000.00

H.	Greitt Árna Halldórssyni, gagnas.	kr.	18.280.00
3.	Miskabætur, bætur fyrir þjáningar, lýti og óhagræði, röskum á stöðu og högum og allt óbeint tjón	—	500.000.00
		Samtals kr.	1.649.803.00

ásamt með vöxtum, eins og lög frekast leyfa, frá 4. nóvember 1978 til greiðsludags auk lögmannsþóknunar minnar í sambandi við gagnaöflun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands."

Fjárhæð í lið 1 er fengin með því að taka jafnaðarveiði bátanna Krossaness, SU 5, frá 4.—13. nóvember og Drífu, SU 4, frá 4.—15. nóvember 1978 samkvæmt vottorði Fiskifélags Íslands.

Lagðir hafa verið fram reikningar til stuðnings kröfulið 2.

Af hálfu ákærða hefur liðum 1 og 2 ekki verið mótmælt, en miskabótakröfum hefur verið mótmælt sem of háum. Verjandi ákærða hefur krafist lækkunar á skaðabótakröfu vegna eigin sakar bótakrefjanda.

Þykir mega taka 1 og 2 til greina, en eftir atvikum þykir ekki rétt að skipta sök í þessu máli.

Ekki hafa verið lögð fram gögn sérstaklega vegna 3. liðs. Þykir rétt með hliðsjón af framlögðu læknisvottorði að ákærði greiði bótakrefjanda miskabætur vegna þjáninga, kr. 3.000.00. Með vísan til 145. gr. laga nr. 74/1974 þykja ekki efni til að dæma innheimtulaun vegna fjárkröfu, sem höfð er uppi í opinberu máli.

Ber því að dæma ákærða að greiða Kristjáni Borgþór Laxfoss Harðarsyni (sic) alls kr. 14.498.03 með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá 5. nóvember 1978 til greiðsludags.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ríkharður Örn Jónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærði greiði Kristjáni Borgþór Laxfoss Hávarðarsyni 14.498.03 í skaðabætur ásamt hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá 5. nóvember 1978 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 2.500.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. mars 1983.

Nr. 124/1980. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Einari Gunnari Bollasyni og Ingvari Björnssyni héraðsdómslögmanni
(Ingvar Björnsson hdl.)
og
Einar Gunnar Bollason
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Lögmannslaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. júlí 1980. Dómkröfur hans eru þær, að bótafjárhæð til handa gagnáfrýjanda, Einari Gunnari Bollasyni, og fjárhæð málssóknarlauna stefnda, Ingvars Björnssonar, verði lækkaðar til mikilla muna. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. ágúst 1980. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.293.531.60 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 9. febrúar 1983 og eftir það með dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjár-

hæð, en með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ingvar krefst þess aðallega, að kröfum aðaláfrýjanda á hendur honum verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefst stefndi þess, að ákvörðun héraðsdóms um málssóknarlaun verði staðfest. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti, hvor krafan sem verði tekin til greina.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að bætur til gagnáfrýjanda beri að ákvarða á grundvelli XVIII. kafla laga nr. 74/1974, sbr. 150., 152. og 155. gr., en aðaláfrýjandi hefur viðurkennt þá bótaábyrgð. Verður nú fjallað um einstaka liði í kröfum gagnáfrýjanda.

Um 1.—4. og 6. kröfulið.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjanda sé eigi skylt að bæta gagnáfrýjanda það tjón, sem hann krefst bóta fyrir samkvæmt 2. og 6. kröfulið. Hins vegar er nægilega í ljós leitt, að gæsluvarðhaldið hefur valdið gagnáfrýjanda missi í vinnutekjum, bæði meðan á varðhaldsvist stóð og eftir að henni lauk. Bætur til gagnáfrýjanda af þeim sökum þykja með hliðsjón af kröfugerð hans hæfilega ákveðnar í einu lagi 6.500.00 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa með vöxtum frá 10. maí 1976 til greiðsludags, eins og nánar greinir í dómsorði.

Um 5. og 7. kröfulið.

Er gagnáfrýjandi var hnepptur í gæsluvarðhald hinn 26. janúar 1976, hafði hann um það bil lokið smíði einbýlishúss þess, sem hann bjó í ásamt fjölskyldu sinni. Þykir mega ganga út frá því, að gæsluvarðhaldsvist gagnáfrýjanda hafi leitt til sölu hússins og raskað fjárhag hans með öðrum hætti. Var eðlilegt, að gagnáfrýjandi leitaði aðstoðar lögmanns síns af þessu tilefni. Hefur gagnáfrýjandi þannig orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem rétt er, að hann fái bætt úr hendi aðaláfrýjanda. Ósannað er hins vegar, að gagnáfrýjandi hafi orðið að selja hús sitt undir sannvirði. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af kröfugerð gagnáfrýjanda þykir hæfilegt að bæta gagnáfrýjanda það tjón, sem hér um ræðir, með 10.000.00 krónum. Ber að dæma

aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa með vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Um 8. kröfulið.

Undir þessum kröfulið krefur gagnáfrýjandi um miskabætur vegna gæsluvarðhaldsins. Við ákvörðun miskabóta til gagnáfrýjanda ber einkum að líta til þess, að honum var haldið saklausum í gæsluvarðhaldi um 3½ mánaðarskeið vegna gruns um, að hann væri viðriðinn stórfelldar misgerðir, þar á meðal það alvarlegasta afbrot, sem um ræðir. Húsakynni þau, sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar vistunar, og tók sig þar upp sjúkdómur, sem áður hafði orðið vart. Á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og í framhaldi af því, varð gagnáfrýjandi síðan fyrir barðinu á einstæðri umræðu í ýmsum fjölmiðlum, er vógu að mannorði hans og annarra með getsökum og hleypidómum. Í kjölfar gæsluvarðhaldsins fylgdi skerðing á ferðafrelsi og grunsendir, uns hið sanna í málinu var í ljós leitt.

Þegar ákveða skal miskabætur, er ekki eingöngu á hina óvenjulangvinnu gæsluvarðhaldsvist að líta, heldur einnig þá fáheyrðu andlegu og líkamlegu raun, sem henni var samfara, þótt gagnáfrýjandi hafi að lokum verið hreinsaður af öllum grun.

Með vísan til framanritaðs þykja miskabætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 220.000.00 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 10. maí 1976, svo sem segir í dómsorði.

Ekki eru efni til að sinna frávísunarkröfu stefnda, Ingvars Björnssonar.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, samtals 65.000.00 krónur.

Að því er varðar kröfu aðaláfrýjanda á hendur stefnda þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Einari Gunnari Bollasyni,

236.500.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, samtals 65.000.00 krónur.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Við teljum miskabætur til gagnáfrýjanda, Einars Gunnars Bollasonar, hæfilega ákveðnar 270.000.00 krónur. Í þeirri fjárhæð hefur verið tekið tillit til vaxta frá gæsluvarðhaldstíma, og samkvæmt því teljum við, að dæma ætti aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, til að greiða gagnáfrýjanda upphæðina með hæstu innlánsvöxtum frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma.

Að öðru leyti erum við sammála rökstuðningi og niðurstöðum meiri hluta dómenda.

Niðurstaða okkar er því sú, að dæma beri aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 286.500.00 krónur með vöxtum af 16.500.00 krónur, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, til uppsögu dóms Hæstaréttar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum af 286. 500.00 krónum frá þeim degi til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. mars sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. júlí 1977, og framhaldsstefnu, birtri 17. janúar 1980, af Einari Gunnari Bollasyni kennara, Hlíðarvegi 38, Kópavogi, gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði fjárbætur og miskabætur skv. 18. kafla laga nr. 74/1974, að fjárhæð kr. 129.353.161 með 14% ársvöxtum frá 26. janúar 1976 til 7. júlí 1977, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, þó eigi lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og hér væri ekki um gjafsóknarmál að ræða.

Stefndu gera þær dómkröfur, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður verði látinn falla niður. Þeir mótmæla því, að kröfugerð til hækkunar í framhaldsstefnu nái fram að ganga.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi var handtekinn hinn 26. janúar 1976 og úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald sama dag. Gæsluvarðhaldsvist hans var síðan tvívegis framlengd um 30 daga í hvort sinn, fyrst með úrskurði 11. mars 1976, en síðan með úrskurði 11. apríl 1976. Stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldinu í lok hins síðasta tímabils, 9. maí 1976, og hafði þá setið í gæsluvarðhaldi í 105 daga. Þá varð hann að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976.

Hinn 26. janúar 1976 voru auk stefnanda handteknir á sama tíma og af sama tilefni tveir aðrir menn, þeir Valdimar Olsen og Magnús Leópoldsson, og hinn fjórði, Sigurbjörn Eiríksson, var handtekinn hinn 11. febrúar 1976. Þessir fjórir menn voru allir látnir lausir úr gæsluvarðhaldinu hinn 9. maí 1976, en öllum var gert að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976. Handtökurnar hinn 26. janúar fóru allar fram á heimilum mannanna kl. 6 um morguninn, sem var mánudagur. Þessi tími hafði verið valinn, svo nokkuð öruggt væri, að til allra mannanna næðist samtímis. Kvöldið áður höfðu verið kveðnir upp úrskurðir í sakadómum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar um heimildir til handtakanna til þess að tryggja, að þær gengju tafarlaust fyrir sig. Enginn mannanna sýndi minnsta mótþróa, og voru þeir allir fluttir í fangelsið við Síðumúla, og var tilefni handtökunnar þar skýrt fyrir þeim. Sigurbjörn Eiríksson, sem handtekinn var 11. febrúar 1976, var einnig fluttur í fangelsið í Síðumúla.

Á þessum tíma stóð yfir umfangsmikil rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem fór frá heimili sínu í Keflavík kvöldið 19. nóvember 1974.

Rannsókn þessi hafði staðið í rúmt ár og vakið gífurlega athygli almennings, og skýrðu fjölmiðlar sífellt frá henni. Erla Bolladóttir, tvítug stúlka, hafði setið í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að póstsvikamáli, en var látin laus skömmu fyrir jólin 1975. Sambýlismaður hennar, Sævar Marinó Ciesielski, einnig tvítugur að aldri, sat í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að öðru mannshvarfi, hvarfi Guðmundar Einarssonar úr Reykjavík, í janúar 1974. Kristján Viðar Viðarsson, kunningi þeirra og vinur, einnig tvítugur að aldri, sat og í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Þá gerðist það, að hinn 22. janúar 1976 skýrði Erla Bolladóttir þeim, sem að rannsókn málsins unnu, svo frá, að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símhringingum. Hún var því boðuð til yfirheyrslu að kvöldi hins 22. janúar. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, og Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður ræddu við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla, og á sama tíma ræddi Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður við Sævar Marinó í yfirhersluherbergi fangelsisins, og vissi hvorugt um nærveru hins. Sævar Marinó var þá spurður, hvort hann vissi, við hvað Erla væri hrædd, og sagði hann þá, að það mundi vera vegna Geirfinnsmálsins. Var hann inntur nánar eftir því máli, og nefndi hann þá nöfn þeirra Einars Gunnars, Valdimars og Magnúsar og sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leyti sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Tekin var skrifleg skýrsla af Sævari Marinó um þessi atriði. Á sama tíma komu fram mjög svipuð atriði hjá Erlu, en skrifleg skýrsla var ekki tekin af henni fyrr en daginn eftir, hinn 23. janúar. Þann dag var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari, sem viðurkenndi að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur. Hann sagði, að farið hefði verið í Dráttarbrautina í Keflavík, þar sem verið hefðu Sævar Marinó og Erla ásamt Einari Gunnari Bollasyni og fleira fólki. Þau Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar héldu áfram að bendla þessa fjóra menn við hvarf Geirfinns Einarssonar í framburðum sínum í eftirfarandi skýrslum:

Kristján Viðar taldi framangreinda menn viðriðna hvarf Geirfinns sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. og 27. janúar 1976, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl sama ár. Enn fremur á dómþingi sakadóms hinn 31. mars og 6. apríl 1976.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar 1976.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976 og enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976. Enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars og 8. apríl sama ár.

Sævar Marinó bendlaði þá við hvarf Geirfinns við yfirheyrslur sem hér

segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Erla Bolladóttir bendlaði framangreinda menn við málið sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976 svo og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars og 7. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 3. og 10. febrúar og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 3. febrúar og 1. september 1976.

Framburðir ákærðu leiddu til þess, að þeir Valdimar Olsen, Einar Gunnar Bollason og Magnús Leópoldsson voru handteknir að morgni 26. janúar 1976. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neituðu þeir allir alfarið að hafa nokkra hugmynd um hvarf Geirfinns Einarssonar eða vita um nokkuð, sem varpað gæti ljósi á, hvernig það kynni að hafa borið að höndum. Þennan sama dag voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Hinn 11. mars 1976 var gæsluvarðhald þeirra framlengt í allt að 30 dögum og hinn 9. apríl var það enn framlengt í allt að 30 dögum.

Sigurbjörn Eiríksson var handtekinn hinn 11. febrúar 1976, og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neitaði hann með öllu að vita nokkuð um það, hvernig hvarf Geirfinns Einarssonar kynni að hafa borið að höndum. Sigurbjörn var þennan dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Það gæsluvarðhald var síðan framlengt hinn 27. mars í allt að 30 dögum og enn hinn 26. apríl í allt að 45 dögum.

Hinn 9. maí 1976 var svo öllum mönnunum fjórum sleppt úr haldi. Neituðu þeir allan þann tíma, á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi, að eiga nokkurn hlut að hvarfi Geirfinns Einarssonar eða hafa yfirleitt nokkra hugmynd um málið.

Undir hinni umfangsmiklu rannsókn málsins fór grunur að beinast að þeim Sævari Marinó, Erlu og Kristjáni Viðari um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og í yfirheyrslum fóru þau að staðhæfa, að Guðjón Skarphéðinsson hefði átt þátt í dauða Geirfinns. Guðjón þessi var handtekinn hinn 12. nóvember 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald, og skýrði hann

að lokum frá raunverulegum afdrifum Geirfinns. Hinn 16. mars 1977 var gefin út ákæra á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Guðjóni Skarphéðinssyni og Erlu Bolladóttur fyrir manndráp og rangar sakargiftir. Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu var gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Leiddu þessar sakargiftir til þess, að mönnum þessum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur viðurkenndu þau Erla og Sævar Marinó, að þetta væri rétt. Sævar Marinó kvað þetta hafa verið samantekin ráð upphaflega og gerð í því skyni að rugla fyrir rannsóknaraðilja við rannsókn málsins. Erla skýrði frá því, að einhvern tímann stuttu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og dauða Geirfinns Einarssonar hafi ákærðu öll hist heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82. Þau hafi rætt sín á milli, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Ákveðið hafi verið að blanda Klúbbmönnum, þ. e. Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eirikssyni, inn í málið, ef upp kæmist, svo og bróður hennar, Einari Bollasyni, og Valdimar Olsen. Erla skýrði frá því, að þeim Sævari Marinó hafi báðum verið illa við Einar bróður hennar, og lýsti hún því, er hún taldi Einar hafa gert á hluta hennar, og nefndi m. a., að Einar hafi verið mikið á móti því, að hún væri með Sævari Marinó. Erla kvaðst ekki hafa átt neitt sökótt við Valdimar Olsen og hann hafi aldrei gert neitt á hennar hluta. Hún hafi þekkt Huldu, systur Valdimars, og taldi Erla, að Valdimar hafi verið blandað í málið til þess að gera það eitthvað trúlegra. Hins vegar viðurkenndi Kristján Viðar ekki, að þetta væri rétt, og kannaðist ekki við, að það hefðu verið samantekin ráð að blanda ofangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Hann skýrði frá því, að hann teldi, að sagan um tengsl þeirra Einars Bollasonar, Valdimars Olsen og Sigurbjörns Eirikssonar við málið hafi verið frá Erlu komin og að lögreglumennirnir hafi trúað henni.

Guðjón Skarphéðinsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1976, að hann gæti fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir saklausir af dauða Geirfinns Einarssonar. Hann hafi engan þátt átt í því að bendla þá saklausa við þetta mál. Hann sagði, að verið gæti, að eftir að Sævar Marinó kom til landsins frá Danmörku í mars 1975, hafi hann látið eitthvað að því liggja, svo Guðjón heyrði, að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Það hafi

þá verið almannarómur, en alls ekki hafi verið talað um að flækja málið með því að bendla þá við það, ef ákærðu yrðu handtekin. Hann kvað sér hafa verið fullljóst, að þessir menn væru saklausir, þegar þeir voru settir í gæsluvarðhald, og hafi þetta hvílt mjög á samvisku sinni, þótt hann hefði ekki haft kjark til að segja frá málinu þá.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember 1977, voru ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar fundin sek og talin hafa gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Segir í dómnum:

„Ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar hafa öll viðurkennt að hafa gefið áður raktar skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi um þátttöku margnefndra fjögurra manna í ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og í átökum, sem leiddu til dauða Geirfinns Einarssonar, svo og um smygl þeirra á áfengi. Ákærðu Sævar Marínó og Erla fullyrða bæði, að það hafi verið samantekin ráð allra ákærðu að bendla menn þessa við málið, ef þau yrðu handtekin, til að torvelda rannsóknina. Þessu hefur Kristján Viðar neitað, en framburðir hans gefa þetta þó sterklega til kynna. Verður að telja, að hann beri fulla ábyrgð á framangreindum skýrslum sínum og framburður hans um, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi ráðið því, hvert yrði efni þessara skýrslna, ekki tekinn til greina."

Í dómi þessum var talið sannað, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marínó og Guðjón hafi ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni í Keflavík um kvöldið 19. nóvember 1974, tekið hann hálstaki, barið hann með hnefum og spýtu, uns hann beið bana. Var tekið fram, að þótt ákærðu segðust ekki hafa ætlað að svipta Geirfinn lífi, hafi árásin á hann verið með þeim hætti, að þeim hafi átt að vera ljóst, að hún gat leitt til dauða. Voru ákærðu því taldir hafa með atferli sínu orðið brotlegir gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marínó voru og fundnir sekir um að hafa svipt lífi Guðmund Einarsson í Hafnarfirði auk auðgunarbrota og fleiri brota. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 22. febrúar 1980.

Í dómi Hæstaréttar segir um II. kafla ákærunnar, þ. e. um rangar sakargiftir á hendur Erlu Bolladóttur, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marínó Ciesielski, að framburðir hinna ákærðu, þar sem þau bendla fjóra nafngreinda menn við andlát Geirfinns Einarssonar, séu raktir í héraðsdómi svo og játningar ákærðu Erlu og Sævars um, að þetta hafi verið samantekin ráð hjá hinum ákærðu til að torvelda rannsókn málsins. Ákærði Kristján hafi að vísu ekki gengist við því, að um samantekin ráð hafi verið að ræða, en fullljóst sé, að hann hafi borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund og beri refsiábyrgð á því. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til héraðsdómsins beri að staðfesta þau málalok, að hin ákærðu hafi með háttsemi sinni gerst sek um brot á 1. mgr. 148. gr. almennra hegn-

ingarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 101/1976, sem hér eigi við, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Framburðir ákærðu hafi leitt til þess, að þeir fjórir menn, er þau hafi borið sökum, hafi sætt alllangri gæsluvarðhaldsvist, og beri við ákvörðun refsingar að líta til þessara afdrifaríku afleiðinga af broti þeirra.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, Einar Gunnar Bollason, styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi ekkert tilefni gefið til handtöku sinnar og eftirfarandi gæsluvarðhalds og frelsissviptingar. Hér hafi verið um að ræða handtöku, gæsluvarðhald og frelsisskerðingu að ósekju, sem ljóst sé og viðurkennt, að stefnda ríkissjóði beri að bæta honum skv. XVIII. kafla laga nr. 74/1974. Þrátt fyrir áskoranir hafi stefndi ekki fengist til að greiða bætur og hafi málssóknin því verið óhjákvæmileg. Stefndu viðurkenni bótaskyldu sína og fjalli deilan í máli þessu því alfarið um fjárhæð bótanna.

Stefnandi styðji fjárhæð bótakröfu sinnar þeim rökum, að tjón hans hafi verið mikið, og því séu kröfurnar háar. Þegar litið sé til málsatvika, sé ljóst, að handtaka stefnanda hafi verið með öllu óþörf, eins og á stóð. Til grundvallar handtökunni hafi ekki legið annað en framburðir þriggja ungmenna, sem þá var ljóst, að viðriðin væru meiri háttar brot. Stefnandi hafi þegar lýst sig saklausan af hinum alvarlegu sakarefnum og hafi hann ákveðið að tefja ekki rannsókn málsins og kæra ekki gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það, að ekkert kæmi fram við rannsókn málsins, er réttlætti frekara gæsluvarðhald, hafi það verið framlengt um 30 daga með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 11. mars 1976. Þessum úrskurði hafi verið skotið til Hæstaréttar og hafi Hæstiréttur staðfest hann með dómi, uppkveðnum 22. mars. Enn hafi ekkert komið fram við rannsókn málsins á þessum tíma, sem réttlætt hafi frekari gæsluvarðhaldsvist stefnanda, en þó hafi hann verið úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald til viðbótar hinn 10. apríl 1976. Þá hafi af rannsóknardómaranum verið talið, að rannsókn málsins lyki fyrir páska, og hafi stefnandi þá ekki viljað skjóta úrskurðinm til Hæstaréttar. Stefnandi hafi þó ekki verið leystur úr haldi fyrr en 10. maí 1976, en hafi eftir það orðið að sæta takmörkun á ferðafrelsi og orðið að gefa sig reglulega fram hjá sakadómi Reykjavíkur fram til 1. júlí 1976.

Á öllu þessu tímabili hafi sakadómur látið frá sér fara ýmsar upplýsingar til fjölmiðla, sem bæru það með sér, að stefnandi væri grunaður um að hafa átt hlutdeild í dauða Geirfinns Einarssonar, og hafi handtakan vakið gífurlega athygli. Skrif dagblaða á þessum tíma um mál þetta og grun á stefnanda og þeim mönnum, sem þarna hafi með honum saklausir legið undir grun, hafi verið ógnvekjandi. Telja verði, að rannsóknardómarinn,

Örn Höskuldsson, hafi verið undir miklum þrýstingi, þar sem málið hafi verið blásið upp á ýmsan hátt, og hafi hann enn, eftir að stefnandi var laus við takmarkanir á ferðafrelsi, lýst því yfir í fjölmiðlum, að stefnandi væri enn grunaður um hlutdeild í Geirfinnsmálinu. Hafi svo staðið allt til mánaðamóta janúar—febrúar 1977, að haldinn hafi verið blaðamannafundur í sakadómi Reykjavíkur, þar sem tilkynnt hafi verið, að Geirfinnsmálið teldist upplýst, og spurningum fréttamanna, hvort stefnandi væri laus undan grun vegna Geirfinnsmálsins, hafi verið svarað játandi. Eftir á að hyggja liggi ljóst fyrir, að mat sakadóms á sakargögnum hafi verið alrangt og þess vegna hafi meðferðin á stefnanda ætíð verið óþörf. Stefnandi hafi leitast við að gera sér grein fyrir því, hvar hann hafi verið kvöldið 19. nóvember 1974, og um miðjan febrúar 1976 hafi þetta rifjast upp fyrir honum og hann hafi skýrt lögreglumönnum frá því. Sannast hafi, að stefnandi hafi þetta kvöld verið með félögum sínum í Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og við barnagæslu og þeir, sem borið hafi um þetta, hafi ekki verið með flekkaða fortíð eins og ungmennin, sem báru á stefnanda sakir. Þetta hafi allt verið mistök, bæði handtakan og hið langa gæsluvarðhald, en vitað sé, að rannsóknardómarinn hafi verið undir ákveðnum þrýstingi, og því hafi hinn mannlegi þáttur réttarkerfisins brostið. Í marsmánuði 1976 hefði dómarinn átt að staldra við og skoða þessa framburði alla og þá hefði komið í ljós, að ekki hafi verið á nokkurn hátt unnt að halda stefnanda lengur.

Ekki sé ástæða til að rifja upp hin gífurlegu skrif dagblaða um þetta mál og þátt stefnanda og þeirra saklausu manna, sem bornir voru sökum. Slík skrif séu vondur vitnisburður hugarfars þeirra, sem slíkt stundi, og geymist sem slík. Þó bendi stefnandi á skrif Morgunblaðsins, viðlesnasta blaðs þjóðarinnar, í leiðara hinn 11. maí 1976 og 13. maí 1976, sem báðir veki grun um, að stefnandi sé enn viðriðinn málið, en sönnun hafi ekki tekist enn. Mestu mistök rannsóknarmanna gagnvart fjölmiðlum hafi þó verið blaðamannafundurinn, sem haldinn var 27. mars 1976 í sakadómi Reykjavíkur. Af frásögnum blaða af fundinum sé ekki unnt að draga aðra ályktun en að stefnandi hafi í raun verið í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974 og að sakaráberarnir segi allt satt og þeim sé trúað.

Af völdum þessara yfirlýsinga og ummæla, sem rekja verður til sakadóms Reykjavíkur, er annaðist rannsókn málsins, hafi stefnandi orðið bæði fyrir beinu fjárhagslegu tjóni, en auk þess hafi hann orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum og óbærilegum miska. Leyfi stefnandi sér í því sambandi að benda á allar þær æsifréttir, er birtust í fjölmiðlum, sbr. dskj. nr. 15, 22 og 24, brottrekstur úr starfi Námsflokka Hafnarfjarðar, sbr. dskj. nr. 12 og 13, stefnandi hafi heilsu sinnar vegna verið ófær um að gegna starfi forstöðumanns Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976, en því starfi hafði hann gegnt árið 1975 og svo frá árinu 1977 og áfram. Stefnandi

hafi orðið að láta bæði af störfum þjálfara landsliðs Körfuknattleikssambands Íslands sem og að láta af starfi formanns þess sambands. Stefnandi hafi orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni öllu þessu til viðbótar, svo sem nánar sé sundurliðað hér á eftir, bæði með miklum útgjöldum vegna lögfræðilegrar þjónustu, fjárhagslegu tapi vegna þess, að stefnandi hélt eigi einbýlishúsi því, er hann átti svo til fullgert að Heiðvangi 5, Hafnarfirði, tekjutapi vegna þess, að stefnandi missti aukavinnu sem kennari við Flensborgarskóla og missti jafnframt tekjur við sama skóla, þar sem honum hafi eigi verið falin áframhaldandi deildarstjórn við hann.

Stefnandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

1. Töpuð aukavinna og deildarstjórn við Flensborgarskóla 26. janúar—10. maí 1976	kr.	203.150	
2. Töpuð deildarstjórn við Flensborgarskóla skólaárið 1976—1977	—	186.500	
3. Töpuð laun vegna forstöðumennsku Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976	—	285.723	
4. Töpuð laun vegna þjálfunar landsliðs KKÍ 1976	—	250.000	
5. Tap vegna ótímabærrar sölu á Heiðvangi 5, Hafnarfirði	—	3.220.000	
6. Launatap vegna brottreksturs úr starfi forstöðumanns Námsflokka Hafnarfjarðar að frádregnum tildæmdum bótum	—	76.832.744	
7. Lögfræðilegur kostnaður 26. janúar—1. ágúst 1976	—	492.000	Kr. 81.470.117
8. Miski			Kr. 80.000.000
			Kr. 161.470.117
÷ hagræði vegna eingreiðslu ..			— 32.116.956
			Alls kr. 129.353.161

Allir þessir kröfuliðir séu vandlega og ítarlega studdir af skjölum málsins. Síðasti liðurinn, miskabótakrafan, sé hið eina, sem skjalfast gögn liggi ekki fyrir um, enda sé hér um mikið matsatriði að ræða og telji stefnandi rétt að fara um hann nokkrum orðum. Miski sé hið ófjárhagslega tjón, sem stefnandi hafi beðið af þessum aðgerðum öllum og sem hann hafi saklaus

þurft að þola. Ráðist hafi verið á æru hans og stöðu hans í þjóðfélaginu hafi verið stórlega raskað. Hvað sé unnt að verðleggja slíkt? Fyrst með dómi Hæstaréttar hinn 22. febrúar 1980 hafi stefnandi endanlega verið leystur undan grun um að vera viðriðinn manndráp og hafi þar sakaráberarnir fengið sinn dóm. En meðferðin á stefnanda af hálfu ríkisvaldsins hafi verið slík, að nánast hafi verið um pyndingu að ræða. Allt gæsluvarðhaldið hafi verið til að skemma heilsu stefnanda og beri vottorð í málinu um það. Þannig hafi heilsa stefnanda, mannorð og æra verið skemmd, en hjá öllu þessu hefði mátt komast, ef gætt hefði verið réttra reglna um meðferð rannsóknarmála og að gæslufangar væru ekki geymdir í heilsuspillandi húsnæði. Bætur fyrir slíkt eigi ekki að vera þannig, að þeim, sem bæturnar beri, sviði meir við að fá þær, heldur eiga þær að bæta í raun áfall það, sem maður í stöðu stefnanda hefur orðið að þola.

Stefndu viðurkenna bótaskyldu, þar sem hún sé hlutlæg í tilvikum sem þessu. Stefndu styðja kröfu sína um lækkun bótakrafna stefnanda þeim rökum, að þær séu allt of háar og fjarstæðukenndar. Af stefndu hálfu sé viðurkennt, að stefnandi hafi setið saklaus í gæsluvarðhaldi, og um slíkt sé ekki deilt í málinu. Hins vegar sé á engan hátt á það fallist, að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd rannsóknarinnar og að bótaskylda sé fyrir hendi af þeirri ástæðu. Reglur um meðferð opinberra mála geri ráð fyrir, að 1. tl. 67. gr. laganna, að mjög rúm heimild sé til þess að hneppa menn í gæsluvarðhald. Um það gildi ekki regla refsiréttarins „in dubio pro reo" og þar með sé því fjarri, að sök aðilja þurfi að liggja fyrir, til þess að heimilt sé að hneppa hann í gæsluvarðhald. Þarna sé því mikið vald lagt í hendur rannsóknardómarans og raddir hafi heyrst um það að breyta þessu fyrirkomulagi. Tillaga þess efnis hafi komið fram á Alþingi, en hafi ekki náð fram að ganga. Þetta fyrirkomulag hafi því verið ákveðið og menn hafi ekki viljað breyta því, þótt það geti haft slík tilvik, sem mál þetta fjallar um, í för með sér. Andsvar við hinni ríku heimild til gæsluvarðhalds sé síðan að finna í bótareglum XVIII. kafla laganna og sé bótaábyrgð ríkissjóðs þar miklu ríkari en almennt gerist og engin sé þörf á að áfellast viðkomandi dómara. Einungis sé þess krafist, að sá, sem sat í gæsluvarðhaldi, hafi líkur með sér að vera sýkn, þá fær hann dæmdar bætur. Þetta sé það fyrirkomulag, sem lögin geri ráð fyrir, og það beinlínis bjóði upp á, að slys sem þetta geti gerst, og mæli því enginn í móti. Þá sé einungis ósvarað spurningunni: Hvernig tjónið skuli bætt? Um þetta séu skoðanir skiptar. Sumir vilji halda fram táknrænum bótum, en aðrir vilja, að mjög háar fjárhæðir séu dæmdar. Háar fjárhæðir hljóti að byggjast á varnaðarsjónarmiðum skaðabótaréttarins, en í þessum tilvikum sé þeim ekki til að dreifa. Þegar tilgangur skaðabóta sé athugaður, þá sé ljóst, að erfitt sé að rökstyðja, að háar fébætur eigi frekar rétt á sér en táknrænar bætur. Dóm-

stólar eigi úrskurðarvald um fjárhæðina og um slíkar fjárhæðir hafi aldrei verið samið og sé þetta því hin eðlilega leið, sem farin hefur verið.

Stefndu andmæla því, að um nokkur mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna, sem leitt hafi til hinnar löngu gæsluvarðhaldsvistar stefnanda og þeirra þriggja annarra manna, sem hana þurftu að þola saklausir. Þeir hafi verið settir í gæsluvarðhald af óviðráðanlegum ástæðum, sem byggst hafi á því, að fram hafi komið samhljóða framburðir þriggja manna um aðild þeirra. Framburðir þessarra manna hafi fallið í sama farveg og framburður manns nokkurs hjá lögreglu í október 1975, en þá hafi ekki þótt næg ástæða til aðgerða af þessu tagi. Þessir sakaráberar hafi verið í einangrun hver frá öðrum í marga mánuði og hafi því verið ólíklegt, að um samræmdan framburð hjá þeim væri að ræða. Þarna hafi verið stærstu afbrotamál síðari tíma í rannsókn, flókin og erfið viðureignar, og því hafi þurft að sýna fulla varúð. Rannsóknin á aðild fjórmenninganna hafi verið heildstæð og þeim hafi reynst erfitt að bera fram fjarvistarsannanir. Við rannsókn á meðferð ólöglegs áfengis hafi ýmislegt komið í ljós um stefnanda, sem síst af öllu hafi sýnt hann saklausann af áburði um meðferð á smygluðu áfengi og ólöglegu. Hæstiréttur hafi þegar staðfest réttmæti þessara aðgerða, þegar úrskurðir hafi verið kærðir til hans. Þannig sé fráleitt að telja, að um mistök hafi verið að ræða við uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurða. Því megi ekki gleyma, að sakamál þessi hafi reynst erfið og flókin í rannsókn og þau hafi tekið að þrúga allt þjóðlífið og setja svip sinn á stjórnmálaumræður. Í vitund almennings að minnsta kosti hafi þau tengst með réttu eða röngu fjölmörgum afbrotamálum öðrum. Við slíkar aðstæður hefði verið óverjandi með öllu af hálfu rannsóknaraðilja að láta ekki svo samræmdan framburð einangraðra sakarábera leiða til harkalegri viðbragða en ella, þar sem minnstu málspjöll hafi getað skipt sköpum um það, hvort nokkru sinni tækist að ráða hinum torleystu sakamálum til lykta. Ekkert hafi verið til sparað af hálfu stefndu til að leiða sannleikann allan í ljós. Það hafi tekist og í ársbyrjun 1977 hafi tekist að hreinsa stefnanda og aðra þrjá gæsluvarðhaldsfanga af hinum illa grun, sem á þá hafði fallið af óviðráðanlegaum orsökum. Síðan hafi sakaráberarnir verið ákærðir fyrir meinsæri og dæmdir fyrir það í sakadómi og Hæstarétti.

Um einstaka kröfuliði stefnanda segja stefndu, að síðasti kröfuliðurinn, miskabætur, skeri sig algerlega úr og taki þeir hann því fyrst fyrir. Miskabætur í slíkum málum séu í raun sérstakt fyrirbæri hér á landi. Þrátt fyrir það sé fjárhæð stefnanda bæði fjarstæðukennd og bíræfin í meira lagi. Stefndu benda á, að mannorðshnekkir stefnanda hafi einungis verið tímabundinn og hann hafi fengið fulla uppreisn æru með málalokum sakamálsins. Stefndu telji tilhæfulaust, að miski stefnanda hafi aukist vegna þess, hvernig að handtökunni hafi verið staðið. Þvert á móti hafi verið reynt

að vekja sem minnsta athygli með því að hafa handtökuna svo snemma morguns, enda hafi það og verið nauðsynlegt, eins og á stóð. Um dvöl stefnanda í fangelsinu sé því andmælt, að aðbúnaði hafi verið svo stórlega ábótavant sem stefnandi segi. Viðurkennt sé, að hita og loftræstikerfi hafi verið gallað, og hafi það verið lagað eftir þetta og endurnýjað. Stefndu benda á, að aðstaða til að láta stefnanda njóta útivistar hafi ekki verið fyrir hendi, en engar reglur hafi verið til um slíkt. Varðandi samskipti rannsóknaraðilja við fjölmiðla, sem stefnandi leggi svo mikla áherslu á í miskabótakröfu sinni, þá geti stefndu á engan hátt fallist á sjónarmið hans. Blaðamannafundurinn 26. mars í sakadómi hafi verið nauðsynlegur. Þar hafi verið gerð grein fyrir höfuðatriðum rannsóknarinnar, þar sem ekki varð hjá því komist að gefa almenningi einhvern kost á að fylgjast með framvindu mála. Fjölmiðlar hafi leitað mjög fast eftir fréttum af rannsókninni og hafi þeir oft látið í ljósi óánægju með það, hversu handbærar upplýsingar hafi verið af skornum skammti. Á blaðamannafundinum hafi verið kallað eftir upplýsingum og tveir menn hafi gefið sig fram sem ökumenn Erlu Bolladóttur eftir þennan fund og sýni það þegar nauðsyn fundarins. Þegar þetta sé virt og einnig, að af hálfu sakadóms hafi mjög verið reynt að stilla í hóf frásögnum af gangi rannsóknarinnar og að innan sakadóms Reykjavíkur hafi engar upplýsingar verið gefnar út fyrir þröngan hóp rannsóknarmanna, sé ljóst, að um eðlilegar reglur hafi verið að ræða í samskiptum rannsóknarmanna við fjölmiðla og ríkisvaldið geti á engan hátt borið ábyrgð á þeim skrifum, sem einstök blöð, misvönd að virðingu sinni, hafi látið sér sæma að birta á þessum tíma um þátt hinna sakarábornu manna. Telji stefnandi miska felast í slíkum skrifum, sé hann ekki á ábyrgð stefndu. Miskabótakrafa stefnanda sé því rakalaus og stefndu leggi áherslu á það, að miski stefnanda af gæsluvarðhaldinu hafi verið tímabundinn, en ekki til frambúðar. Þegar litið sé til fjárhæða þeirra, sem dæmdar hafi verið í Hæstarétti fyrir gæsluvarðhald að ósekju á undanförnum árum, komi í ljós, að viðmiðun stefnanda við einn dóm, frá árinu 1959, eigi ekki rétt á sér. Aðrir dómar hafi gengið síðan og séu bótafjárhæðir allmiklu lægri. Ljóst sé, að stefna Hæstaréttar sé að dæma táknrænar bætur í slíkum tilvikum og reikningsaðferð stefnanda við rökstuðning þessum kröfulið standist ekki við samanburð á öðrum dómum. Sé t. d. skoðaður dómur Hæstaréttar árið 1975 í máli Flosa Halldórssonar gegn stefndu, en hann sat í gæsluvarðhaldi í 30 daga, komi í ljós, að eftir reikningsaðferð stefnanda hefði hann átt að fá í bætur kr. 2.190.000, en fékk tildæmdar kr. 350.000 í Hæstarétti, sem þó hafi verið hækkun frá dómi héraðsdóms. Þetta mál sé í raun að mörgu sambærilegt við mál stefnanda, þar sem aðili hafi þar verið endanlega hreinsaður af sakaráburði um alvarlegan glæp og

hafi því haft tímabundinn miska, hann hafi haft mikla vanlíðan og skortur hafi verið á læknishjálp á gæsluvarðhaldstímanum.

Um aðra kröfuliði segja stefndu, að í 1.—2. kröfulið krefjist stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir aukavinnu og deildarstjórn við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Ekkert liggi fyrir í málinu, hvers vegna stefnanda hafi ekki verið falin deildarstjórn við skólann skólaárið 1976—1977, og sé liður 2 því vanreifaður. Kröfu um bætur fyrir aukavinnu í lið 1 sé einnig andmælt á þeim forsendum, að réttur til launa fyrir slík aukastörf, sem ekki séu unnin, sé einungis fyrir hendi, þegar veikindi hamli störfum, skv. sérstakri heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954, sem sé undantekning frá meginreglunni um, að aukavinnu skuli aðeins greiða fyrir aukið vinnuálag, sbr. dóm Hæstaréttar 1966/266.

Í 3. kröfulið krefjist stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir forstöðumennsku Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976, en þó hafi ekki verið sýnt fram á, að stefnanda hafi staðið starf þetta til boða sumarið 1976. Sömu andmæli séu við 4. kröfulið, þar sem stefnandi krefjist bóta vegna tapaðra launa fyrir þjálfun landsliðs KKÍ.

Í 5. kröfulið krefjist stefnandi bóta vegna taps vegna ótímabærrar sölu á Heiðvangi 5, Hafnarfirði. Stefndu andmæli þessum kröfulið sem gersamlega tilhæfulausum og órökstuddum, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á það, að hann hafi verið knúinn til að selja eign sína eða beðið tjón við söluna. Ummæli stefnanda um, að það hafi verið sárindi að verða að sjá af húsi, sem þau hjónin hafi lagt svo mikið í, séu ekki nægileg rök.

6. tölulið andmæla stefndu á þeim forsendum, að hér sé um að ræða bótakröfu stefnanda fyrir launatap vegna brottreksturs úr starfi forstöðumanns Námsflokka Hjafnarfjarðar að frádregnum tildæmdum bótum, sem bæjarþing Hafnarfjarðar hafi dæmt stefnanda. Sérstök ástæða sé til að andmæla þessum kröfulið, vegna þess að hér sé um að ræða bótakröfu vegna aðgerða bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, þ. e. 3ja manns. Þess vegna risi sú spurning, hvort hér sé um sennilega afleiðingu af tjónsatburðinum að ræða, sem stefndu eigi að bera ábyrgð á. Stefndu andmæli því, að þetta sé sennileg afleiðing, og benda á, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar beri einn ábyrgð á sínum aðgerðum gagnvart stefnanda. Menntamálaráðneytið hafi fyrir sitt leyti tekið aðra ákvörðun gagnvart stefnanda og hafi ekki vikið honum úr starfi. Stefnandi hafi síðan höfðað mál fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar til þess að fá þessar bætur og hafi bæjarsjóður Hafnarfjarðar verið dæmdur til að greiða honum kr. 201.986 með vöxtum og málskostnaði. Hliðsettur dómstóll, bæjarþing Reykjavíkur, geti ekki fjallað um sömu kröfu og þar hafi verið dæmd, heldur verði dómi bæjarþings Hafnarfjarðar

einungis áfrýjað til Hæstaréttar. Það hafi stefnandi ekki gert og komi þessi kröfuliður ekki til álita í þessu máli.

7. kröfulið andmæla stefndu á þeim forsendum, að sakadómur Reykjavíkur hafi úrskurðað lögmanni stefnanda þóknun fyrir réttargæslustörf fyrir stefnanda, kr. 190.000. Kröfuharka lögmannsins gagnvart umbjóðanda sínum um frekari þóknun eigi því engan rétt á sér og því síður verði slík kröfugerð höfð uppi gagnvart stefndu í þessu máli.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið, urðu þau málalok bæði í sakadómi Reykjavíkur og Hæstarétti, að þeir Sævar Marínó Ciesielski, Kristján viðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi ráðið Geirfinni Einarssyni bana í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974 og að Erla Bolladóttir hafi um þetta vitað og tekið þátt í að flytja líkið á afvikinn stað, þar sem það hefur ekki fundist enn. Eftir þetta hafi verið samantekin ráð þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns að bendla fjóra nafngreinda menn við atburðinn til þess að torvelda rannsókn málsins. Þau hafi valið fjóra menn, stefnanda og þrjá aðra, og þessa menn báru þau sökum, sitt í hverju lagi, hjá þeim, sem um rannsókn þessa umfangsmikla máls fjölluðu. Tilgangi sínum náðu þau, mennirnir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og rannsókn málsins torveldaðist og beindist á rangar brautir, þar til upp komst um þetta viðbótarafbrot.

Þegar yfir rannsókn þessa sakamáls er litið, verður ekki séð, að um aðra kosti hafi verið að ræða en hneppa þessa menn í gæsluvarðhald og rannsaka, hvaða hugsanlega hlutdeild þeir hafi getað átt í verknaðinum. Það tókst að upplýsa um sakleysi þeirra að lokum, en það tók sinn tíma, og verður ekki séð, að þar hafi átt sinn þátt nokkur mistök eða gáleysi rannsóknarmanna, sem skapi ríkissjóði aukna bótaábyrgð gagnvart þessum mönnum. Menn eru varnarlausir fyrir slíkum sakaráburði, og er meinsæri því meiri háttar afbrot í almennum hegningarlögum, og liggur við því allt að 16 ára fangelsisrefsing, hafi brotið haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi, eins og hér var raunin á. Þau Erla, Sævar og Kristján stóðu því beinlínis að því, að mennirnir voru teknir höndum og settir saklausir í gæsluvarðhald, sem þeir eiga rétt að fá bætt skv. reglum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Ríkissjóður ber ábyrgð á slíkum bótum, enda þótt sýnt sé, að athafnir þær, sem bótaskyldar eru, hafi verið óviðráðanlegar, eins og á stóð, og rannsóknardómara og lögreglumönnum verði á engan hátt kennt um. Ber því að dæma stefnda ríkissjóð til að greiða stefnanda bætur fyrir fjártjón það og miska, sem hann verður talinn hafa orðið fyrir.

Um 1. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir

aukavinnu og deildarstjórn við Flensborgarskólann á þeim tíma, sem hann sat í gæsluvarðhaldi. Samkvæmt upplýsingum stefnanda er þetta föst aukavinna, er starfa hans fylgdi, sem hann hefur ekki fengið greitt fyrir, en föst laun hefur hann fengið greidd fyrir þetta tímabil.

Stefndu andmæla þessum kröfulið einungis á þeirri forsendu, að stefnandi eigi ekki rétt til launa fyrir slík aukastörf, sem ekki hafi verið unnin, þar sem það hafi ekki verið veikindi, sem hömluðu störfum hans, en andmæla því ekki, að stefnandi hefði fengið þessar greiðslur, ef hann hefði ekki verið hnepptur í gæsluvarðhaldið. Þar sem allt bendir til þess, að stefnandi hefði fengið greiðslur þessar fyrir aukavinnu, er starfa hans fylgdi, ef ekki hefði komið til gæsluvarðhalds, verður að telja, að þarna sé um fjártjón stefnanda að ræða, sem stefndu beri að bæta. Verður kröfuliður þessi því tekinn til greina.

Um 2. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir deildarstjórn við Flensborgarskóla skólaárið 1976—1977. Gegn andmælum stefndu verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á, að það hafi verið vegna aðgerða stefndu, að hann hafi misst af þessu aukastarfi, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 3. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir forstöðumennsku Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976. Upplýst er, að stefnandi hafi gegnt þessu starfi árin 1975, 1977, 1978 og 1979. Allt bendi því til þess, að hann hefði einnig gengt því árið 1976, ef ekki hefði til gæsluvarðhaldsins komið. Hér er því um fjártjón að ræða, sem er bein afleiðing gerða stefndu, og ber að taka þennan kröfulið til greina. Fallast ber þó á þau rök stefndu, að bílastyrkur, kr. 46.100, sé greiðsla reksturskostnaðar bifreiðar eftir áætlun og að sparnaður stefnanda við rekstur bifreiðar sinnar hafi verið samsvarandi þessum kostnaði, og verður kröfuliðurinn því tekinn til greina með kr. 239.623.

Um 4. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa vegna þjálfunar landsliðs KKÍ 1976. Upplýst er, að stefnandi hafi verið ráðinn þjálfari landsliðsins veturinn 1975—1976, og að hann hafði fengið greitt helming af þjálfaralaununum, er gæsluvarðhaldið hindraði frekari störf. Telja verður því, að hér sé um að ræða beint fjártjón stefnanda vegna aðgerða stefndu, og ber að taka þennan kröfulið til greina.

Um 5. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta fyrir tap vegna ótímabærrar sölu á húsi fjölskyldu sinnar að Heiðvangi 5, Hafnarfirði. Hann bendir á, að þau hjónin hafi lagt mikla vinnu og fyrirhöfn í hús þetta, sem þau reistu, en skuldir hafi verið miklar. Vegna tekjutapsins á gæsluvarðhaldstímanum hafi ekki verið annars kostur en selja húsið til þess að forða því frá nauðungaruppboði. Húsið hafi verið sett í sölu hjá þremur fasteignasölum auk lögmanns stefnanda. Fasteignasalarnir hafi verið sammála um,

að fyrir húsið ættu að fást a. m. k. 25 milljónir, en þau hafi orðið að taka tilboði, sem hafi hljóðað upp á 22 milljónir, vegna flýtisins.

Gegn andmælum stefndu verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á, að hann hafi beðið fjárhagstjón við söluna á húsinu, sem stefndu beri ábyrgð á. Virt eru sjónarmið stefnanda varðandi sárindi þeirra hjóna við að þurfa að selja húsið, og verður það talinn miski, sem stefndu beri að bæta og tekið verður tillit til undir kröfulið 8.

Um 6. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa vegna brottreksturs úr starfi forstöðumanns Námsflokka Hafnarfjarðar að frádregnum tildæmdum bótum með dómi bæjarþings Hafnarfjarðar 27. júní 1978.

Stefnandi höfðaði mál á hendur bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h., bæjarsjóðs Hafnarfjarðar til greiðslu skaðabóta vegna meintrar ólögmætrar uppsagnar úr starfinu, kr. 34.200.036. Með dómi bæjarþings Hafnarfjarðar var stefnandi talinn hafa verið lausráðinn starfsmaður með 3 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Talið var, að gæsluvarðhald stefnanda hafi ekki veitt bæjarsjóði Hafnarfjarðar heimild til að slíta ráðningu stefnanda fyrirvaralaust, og var hann því talinn eiga rétt á skaðabótum vegna fyrirvaralausrar uppsagnar, sem hæfilegar voru taldar kr. 132.734. Hann var talinn eiga ógreidd laun fyrir gæsluvarðhaldstímabilið, sem jafnað var við veikindaforföll, kr. 69.252, og voru stefnanda því tildæmdar samtals kr. 201.986 ásamt vöxtum, en sýknað var af kröfu hans um miskabætur.

Í þessum kröfulið gerir stefnandi enn kröfu um að fá dæmd laun til frambúðar, eða þá kröfu, sem hafnað var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, þótt hún hafi nú verið útreiknuð á nýjan hátt af tryggingastærðfræðingi. Telja verður, að dómur bæjarþings Hafnarfjarðar sé ekki bindandi milli aðilja í þessu máli, og verður því að fjalla efnislega um þennan kröfulið.

Efnislega hafa stefndu andmælt þessum kröfulið á þeim forsendum, að hér sé ekki um sennilega afleiðingu af tjónsatburðinum, sem stefndu beri ábyrgð á. Hér hafi verið um að ræða sjálfstæða ákvörðum bæjarsjóðs Hafnarfjarðar gagnvart stefnanda, en ekki sennilega afleiðingu af aðgerðum stefndu. Á þetta ber að fallast með stefndu. Ekki verða talin bein orsakatengsl milli aðgerða stefndu gagnvart stefnanda og sjálfstæðri ákvörðun bæjarsjóðs Hafnarfjarðar um að víkja stefnanda úr starfi þessu. Stefndu bera því ekki ábyrgð á ákvörðun bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og verða því taldir bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þessa kröfuliðs.

Um 7. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna lögfræðilegs kostnaðar á tímabilinu frá 26. janúar til 1. ágúst 1976 að frádreginni þóknun, sem lögmanni stefnanda hafi verið úrskurðuð fyrir störf hans sem réttargæslumanni, með úrskurði, uppkveðnum 12. apríl 1977. Stefnandi leggur fram

sundurliðaðan reikning lögmanns síns, dags. 25. maí 1977, samtals að fjárhæð kr. 682.000. Stefnandi hefur gert sennilegt, að lögmaður hans hafi þurft að annast ýmis fjármálaleg og lögfræðileg störf fyrir hans hönd á gæsluvarðhaldstímanum fyrir utan hin beinu störf hans sem réttargæslumanns frá 26. janúar 1976 til 9. maí 1976. Rétt þykir því að taka þennan lið til greina með kr. 392.000.

Um 8. kröfulið. Hér krefst stefnandi miskabóta að fjárhæð 80 milljónir króna. Dómurinn telur einsýnt, að stefnandi hafi liðið miklar þjáningar í gæsluvarðahaldinu og eftir það. Skýrsla stefnanda um líðan sína, sem gefin var fyrir dómi, var á allan hátt trúverðug. Þar kemur ljóslega fram sú andlega þjáning að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum og verður 105 dagar að lengd. Óvissan, kvíðinn og vanlíðanin, sem leiða til þess, að saklaus maður fer að efast um sitt eigið sakleysi og fer að halda, að hann hafi í raun verið flæktur í alvarlegan verknað án þess að muna slíkt. Áfallið, sem hann fékk, þegar hann var loksins laus og sá, hvað um hann hafði verið skrifað í blöðum, og þegar hann sá, hvað fjölskylda hans hafði þurft að líða. Þótt ekki sé fallist á það með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, verður að telja, að miski sé nógur samt. Telja verður og í ljós leitt, að stefnandi hafi beðið tjón á heilsu sinni í gæsluvarðhaldinu og þar hafi galli á hitunarkerfi fangahússins átt sinn þátt. Þegar á þetta er litið, þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 18.000.000. Er þá sérstaklega haft í huga, að stefnandi hafði ekkert gert, sem varpað gat grun á hann fyrir hinn alvarlega verknað, sem hann var borinn sökum. Hér var einungis um að ræða samantekin ráð afbrotamanna um að varpa sök á stefnanda og þrjá menn aðra, ef athygli færi að beinast að þeim fyrir verknað, sem þau höfðu sjálf unnið. Þetta mál er svo sérstakt og vakti svo mikið umtal meðal alls almennings í landinu, að seint verður um gróið.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu beri að greiða stefnanda samtals kr. 19.084.773 (þ. e. kr. 203.150 + 239.623 + 250.000 + 392.000 + 18.000.000) með vöxtum, sem ákveðast þannig: með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979 og með dómvöxtum skv. 1. gr. laga nr. 56/1979, þ. e. hæstu innlánsvöxtum, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.550.000, en af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður

stefnanda, Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður, kr. 2.400.000 í málssóknarlaun.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregist vegna umfangs málsins.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Einari Gunnari Bollasyni, kr. 19.084.773 með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979 og 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, kr. 2.550.000, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.400.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. mars 1983.

Nr. 125/1980. **Fjármálaráðherra og**
ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Valdimar Olsen og
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
Jóni Gunnari Zoëga héraðsdómslögmanni
(sjálfur)
og
Valdimar Olsen
gegn
fjármálaráðherra og
ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Lögmannsþóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. júlí 1980. Dómkröfur hans eru þær, að bótafjárhæð til handa gagnáfrýjanda, Valdimar Olsen, og fjárhæð málssóknarlauna stefnda, Jóns Gunnars Zoëga, verði lækkaðar til mikilla muna. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. ágúst 1980. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 497.688.75 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli

þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir reynast á hverjum tíma. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjárhæð, en með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostanaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Jón Gunnar Zoëga, krefst staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms um málssóknarlaun.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að bætur til gagnáfrýjanda, Valdimars Olsen, beri að ákvarða á grundvelli XVIII. kafla laga nr. 74/1974, sbr. 150., 152. og 155. gr., en aðaláfrýjandi hefur viðurkennt þá bótaábyrgð.

Við ákvörðun miskabóta til gagnáfrýjanda ber einkum að líta til þess, að honum var haldið saklausum í gæsluvarðhaldi um 3½ mánaðarskeið vega gruns um, að hann væri viðriðinn stórfelldar misgerðir, þar á meðal það alvarlegasta afbrot, sem um ræðir. Húsakynni þau, sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar vistunar. Á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og í framhaldi af því, varð gagnáfrýjandi síðan fyrir barðinu á einstæðri umræðu í ýmsum fjölmiðlum, er vógu að mannorði hans og annarra með getsökum og hleypidómum. Í kjölfar gæsluvarðhaldsins fylgdi skerðing á ferðafrelsi og grunsemdir, uns hið sanna í málinu var leitt í ljós.

Þegar ákveða skal miskabætur, er ekki eingöngu á hina óvenjulangvinnu gæsluvarðhaldsvist að líta, heldur einnig þá fáheyrðu andlegu og líkamlegu raun, sem henni var samfara, þótt gagnáfrýjandi hafi að lokum verið hreinsaður af öllum grun.

Með vísan til framanritaðs þykja miskabætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 220.000.00 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 10. maí 1976, svo sem segir í dómsorði.

Krafa gagnáfrýjanda Valdimars um bætur fyrir fjárhagstjón er eigi studd nægilegum rökum og verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda allan málskostnað. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda allan málskostað fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmans, 37. 500.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Valdimar Olsen, 220.000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera órsakað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, 37.500.00 krónur.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Við teljum miskabætur til gagnáfrýjanda, Valdimars Olsen, hæfilega ákveðnar 270.000 krónur. Í þeirri fjárhæð hefur verið tekið tillit til vaxta frá gæsluvarðhaldstíma, og samkvæmt því teljum við, að dæma ætti aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, til að greiða gagnáfrýjanda upphæðina með hæstu

innlánsvöxtum frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma.

Að öðru leyti erum við sammála rökstuðningi og niðurstöðum meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. mars sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. júlí 1977, af Valdimar Olsen, Framnesvegi 61, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði bætur skv. XVIII. kafla laga nr. 74/1974 að upphæð kr. 49.768.875 ásamt 14% ársvöxtum frá 26. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979 og dömvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. framlögðum reikningi, samtals að fjárhæð kr. 3.930.062, eins og hér væri ekki um gjafsóknarmál að ræða.

Stefndu gera þær dómkröfur, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi var handtekinn hinn 26. jánúar 1976 og úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald sama dag. Gæsluvarðhaldsvist hans var síðan tvívegis framlengd um 30 daga í hvort sinn, fyrst með úrskurði 11. mars 1976, en síðan með úrskurði 11. apríl 1976. Stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í lok hins síðasta tímabils, 9. maí 1976, og hafði þá setið í gæsluvarðhaldi í 105 daga. Þá varð hann að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976.

Hinn 26. janúar 1976 voru auk stefnanda handteknir á sama tíma og af sama tilefni tveir aðrir menn, þeir Einar Gunnar Bollason og Magnús Leópoldsson, og hinn fjórði, Sigurbjörn Eiríksson, var handtekinn hinn 11. febrúar 1976. Þessir fjórir menn voru allir látnir lausir úr gæsluvarðhaldinu hinn 9. maí 1976, en öllum var gert að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976. Handtökurnar hinn 26. janúar fóru allar fram á heimilum mannanna kl. 6 um morguninn, sem var mánudagur. Þessi tími hafði verið valinn, svo nokkuð öruggt væri, að til allra mannanna næðist samtímis. Kvöldið áður höfðu verið kveðnir upp úrskurðir í sakadómum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar um heimildir til handtakanna til þess að tryggja, að þær gengju tafarlaust fyrir sig. Enginn mannanna sýndi minnsta

mótþróa, og voru þeir allir fluttir í fangelsið við Síðumúla, og var tilefni handtökunnar þar skýrt fyrir þeim. Sigurbjörn Eiríksson, sem handtekinn var 11. febrúar 1976, var einnig fluttur í fangelsið í Síðumúla.

Á þessum tíma stóð yfir umfangsmikil rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem fór frá heimili sínu í Keflavík kvöldið 19. nóvember 1974. Rannsókn þessi hafði staðið í rúmt ár og vakið gífurlega athygli almennings, og skýrðu fjölmiðlar sífellt frá henni. Erla Bolladóttir, tvítug stúlka, hafði setið í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að póstsvikamáli, en var látin laus skömmu fyrir jólin 1975. Sambýlismaður hennar, Sævar Marínó Ciesielski, einnig tvítugur að aldri, sat í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að öðru mannshvarfi, hvarfi Guðmundar Einarssonar úr Reykjavík í janúar 1974. Kristján Viðar Viðarsson, kunningi þeirra og vinur, einnig tvítugur að aldri, sat og í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að hvarfi Guðmundar Einarsson. Þá gerðist það, að hinn 22. janúar 1976 skýrði Erla Bolladóttir þeim, sem að rannsókn málsins unnu, að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símhringingum. Hún var því boðuð til yfirheyrslu að kvöldi hins 22. janúar. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, og Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður ræddu við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla, og á sama tíma ræddi Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður við Sævar Marínó í yfirheyrsluherbergi fangelsisins, og vissi hvorugt um nærveru hins. Sævar Marínó var þá spurður, hvort hann vissi, við hvað Erla var hrædd, og sagði hann þá, að það mundi vera vegna Gerfinnsmálsins. Var hann inntur nánar eftir því máli, og nefndi hann þá nöfn þeirra Einars Gunnars, Valdimars og Magnúsar og sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leyti sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Tekin var skrifleg skýrsla af Sævari Marínó um þessi atriði. Á sama tíma komu fram mjög svipuð atriði hjá Erlu, en skrifleg skýrsla var ekki tekin af henni fyrr en daginn eftir, hinn 23. janúar. Þann dag var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari, sem viðurkenndi að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur. Hann sagði, að farið hefði verið í Dráttarbrautina í Keflavík, þar sem verið hefðu Sævar Marínó og Erla ásamt Einari Gunnari Bollasyni og fleira fólki. Þau Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar héldu áfram að bendla þessa fjóra menn við hvarf Geirfinns Einarssonar í framburðum sínum í eftirfarandi skýrlum:

Kristján Viðar taldi framangreinda menn viðriðna hvarf Geirfinns sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. og 27. janúar 1976, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl sama ár. Enn fremur á dómþingi sakadóms hinn 31. mars og 6. apríl 1976.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar 1976.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976 og enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976. Enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars og 8. apríl sama ár.

Sævar Marínó bendlaði þá við hvarf Geirfinns við yfirheyrslur sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Erla Bolladóttir bendlaði framangreinda menn við málið sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976 svo og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars og 7. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 3. og 10. febrúar og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 3. febrúar og 1. september 1976.

Framburðir ákærðu leiddu til þess, að þeir Valdimar Olsen, Einar Gunnar Bollason og Magnús Leópoldsson voru handteknir að morgni 26. janúar 1976. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neituðu þeir allir alfarið að hafa nokkra hugmynd um hvarf Geirfinns Einarssonar eða vita um nokkuð, sem varpað gæti ljósi á, hvernig það kynni að hafa borið að höndum. Þennan sama dag voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Hinn 11. mars 1976 var gæsluvarðhald þeirra framlengt í allt að 30 dögum og hinn 9. apríl var það enn framlengt í allt að 30 dögum.

Sigurbjörn Eiríksson var handtekinn hinn 11. febrúar 1976, og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neitaði hann með öllu að vita nokkuð um það, hvernig hvarf Geirfinns Einarssonar kynni að hafa borið að höndum. Sigurbjörn var þennan dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Það gæsluvarðhald var síðan framlengt hinn 27. mars í allt að 30 dögum og enn hinn 26. apríl í allt að 45 dögum.

Hinn 9. maí 1976 var svo öllum mönnunum fjórum sleppt úr haldi. Neituðu þeir allan þann tíma, á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi, að eiga nokkurn hlut að hvarfi Geirfinns Einarssonar eða hafa yfirleitt nokkra hugmynd um málið.

Undir hinni umfangsmiklu rannsókn málsins fór grunur að beinast að

þeim Sævari Marínó, Erlu og Kristjáni Viðari um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og í yfirheyrslum fóru þau að staðhæfa, að Guðjón Skarphéðinsson hefði átt þátt í dauða Geirfinns. Guðjón þessi var handtekinn hinn 12. nóvember 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Skýrði hann að lokum frá raunverulegum afdrifum Geirfinns. Hinn 16. mars 1977 var gefin út ákæra á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marínó Ciesielski, Guðjóni Skarphéðinssyni og Erlu Bolladóttur fyrir manndráp og rangar sakargiftir. Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu var gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Leiddu þessar sakargiftir til þess, að mönnum þessum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur viðurkenndu þau Erla og Sævar Marínó, að þetta væri rétt. Sævar Marínó kvað þetta hafa verið samantekin ráð upphaflega og gerð í því skyni að rugla fyrir rannsóknaraðilja við rannsókn málsins. Erla skýrði frá því, að einhvern tímann stuttu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og dauða Geirfinns Einarssonar hafi ákærðu öll hist heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82. Þau hafi rætt sín á milli, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Ákveðið hafi verið að blanda Klúbbmönnum, þ. e. Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni, inn í málið, ef upp kæmist, svo og bróður hennar, Einari Bollasyni, og Valdimar Olsen. Erla skýrði frá því, að þeim Sævari Marínó hafi báðum verið illa við Einar bróður hennar, og lýsti hún því, er hún taldi Einar hafa gert á hluta hennar, og nefndi m. a., að Einar hafi verið mikið á móti því, að hún væri með Sævari Marínó. Erla kvaðst ekki hafa átt neitt sökótt við Valdimar Olsen og hann hafi aldrei gert neitt á hennar hluta. Hún hafi þekkt Huldu, systur Valdimars, og taldi Erla, að Valdimar hafi verið blandað í málið til þess að gera það eitthvað trúlegra. Hins vegar viðurkenndi Kristján Viðar ekki, að þetta væri rétt, og kannaðist ekki við, að það hefðu verið samantekin ráð að blanda ofangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Hann skýrði frá því, að hann teldi, að sagan um tengsl þeirra Einars Bollasonar, Valdimars Olsen og Sigurbjörns Eiríkssonar við málið hafi verið frá Erlu komin og að lögreglumennirnir hafi trúað henni.

Guðjón Skarphéðinsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1976, að hann gæti fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir saklausir af dauða

Geirfinns Einarssonar. Hann hafi engan þátt átt í því að bendla þá saklausa við þetta mál. Hann sagði, að verið gæti, að eftir að Sævar Marinó kom til landsins frá Danmörku í mars 1975, hafi hann látið eitthvað að því liggja, svo Guðjón heyrði, að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Það hafi þá verið almannarómur, en alls ekki hafi veri talað um að flækja málið með því að bendla þá við það, ef ákærðu yrðu handtekin. Hann kvað sér hafa verið fullljóst, að þessir menn væru saklausir, þegar þeir voru settir í gæsluvarðhald, og hafi þetta hvílt mjög á samvisku sinni, þótt hann hefði ekki haft kjark til að segja frá málinu þá.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember 1977, voru ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kritsján Viðar fundin sek og talin hafa gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Segir í dóminum:

„Ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar hafa öll viðurkennt að hafa gefið áður raktar skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi um þátttöku margnefndra fjögurra manna í ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og í átökum, sem leiddu til dauða Geirfinns Einarssonar, svo og um smygl þeirra á áfengi. Ákærðu Sævar Marinó og Erla fullyrða bæði, að það hafi verið samantekin ráð allra ákærðu að bendla menn þessa við málið, ef þau yrðu handtekin, til að torvelda rannsóknina. Þessu hefur Kristján Viðar neitað, en framburðir hans gefa þetta þó sterklega til kynna. Verður að telja, að hann beri fulla ábyrgð á framangreindum skýrslum sínum og framburður hans um, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi ráðið því, hvert yrði efni þessarra skýrslna, ekki tekin til greina."

Í dómi þessum var talið sannað, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Guðjón hafi ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni í Keflavík um kvöldið 19. nóvember 1974, tekið hann hálstaki, barið hann með hnefum og spýtu, uns hann beið bana. Var tekið fram, að þótt ákærðu segðust ekki hafa ætlað að svipta Geirfinn lífi, hafi árásin á hann verið með þeim hætti, að þeim hafi átt að vera ljóst, að hún gat leitt til dauða. Voru ákærðu því taldir hafa með atferli sínu orðið brotlegir gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó voru fundnir sekir um að hafa svipt lífi Guðmund Einarsson í Hafnarfirði auk auðgunarbrota og fleiri brota. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 22. febrúar 1980.

Í dómi Hæstaréttar segir um II. kafla ákærunnar, þ. e. um rangar sakargiftir á hendur Erlu Bolladóttur, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski, að framburðir hinna ákærðu, þar sem þau bendli fjóra nafngreinda menn við andlát Geirfinns Einarssonar, séu raktir í héraðsdómi svo og játningar ákærðu Erlu og Sævars um, að þetta hafi verið samantekin ráð hjá hinum ákærðu til að torvelda rannsókn málsins. Ákærði Kristján hafi að vísu ekki gengist við því, að um samantekin ráð hafi verið að ræða,

en fullljóst sé, að hann hafi borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund og beri refsiábyrgð á því. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til héraðsdómsins beri að staðfesta þau málalok, að hin ákærðu hafi með háttsemi sinni gerst sek um brot á 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 101/1976, sem hér eigi við, sbr. 2. gr. almennra hegningarlga. Framburðir ákærðu hafi leitt til þess, að þeir fjórir menn, er þau hafi borið sökum, hafi sætt alllangri gæsluvarðhaldsvist, og beri við ákvörðun refsingar að líta til þessarra afdrifaríku afleiðinga af broti þeirra.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, Valdimar Olsen, styður kröfur sínar þeim rökum, að bótaábyrgð ríkissjóðs sé viðurkennd í 18. kafla um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Í þessu tilfelli megi þó telja bótaskyldu ríkissjóðs mun ríkari en ella. Hið stórfellda gáleysi rannsóknardómara og starfsmanna hans við rannsókn málsins sé slíkt, að reglur húsbóndaábyrgðar og almennar reglur skaðabótaréttarins komi hér til ályktunar. Erfitt sé að meta, hvað séu eðlilegar bætur fyrir hinn mikla miska og tjón, sem hann hafi orðið fyrir, en allavega sé ljóst, að aldrei verði slíkt áfall hans bætt að fullu. Ekki fari á milli mála, að rannsóknin á hvarfi Geirfinns Einarssonar sé ein umfangsmesta sakadómsrannsókn á Íslandi. Hún hafi staðið yfir látlaust frá 19. nóvember 1974 til 16. mars 1977. Hið dularfulla hvarf Geirfinns Einarssonar og síðustu þekktu ummæli hans hafi gefið hugmyndum manna byr undir báða vængi með þeim afleiðingum, að fjölmargar skýringar hafi orðið til um örlög Geirfinns. Dagblöðin hafi verið aðalvettvangur og gróðrarstía kjaftasagna og um tíma hafi blandast m. a. þáverandi dómsmálaráðherra inn í málið og hafi það verið rætt á Alþingi Íslendinga. Í októbermánuði árið 1975 hafi verið til athugunar hjá rannsóknarlögreglu ein slík saga, sem síðar hafi orðið viðtekin skýring á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Fjölskylda manns að nafni Guðmundur Agnarsson hafi gefi skýrslu um þátt Guðmundar í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hafi Guðmundur þessi sagt fjölskyldu sinni sögu og einnig fjölmörgum öðrum aðilum. Sagan var í stuttu máli sú, að Guðmundur Agnarsson ásamt Magnúsi Leópoldssyni, Sigurbirni Eirikssyni og Geirfinni Einarssyni hafi ætlað að sækja smyglað áfengi út á sjó, en slys hafi orðið í þessari ferð, sem leitt hafi Geirfinn til dauða. Við yfirheyrslu hafi Guðmundur þessi viðurkennt, að sögur sínar hefðu verið uppspuni frá rótum, en hann hefði búið þær til eftir þeim sögusögnum sem þá hefðu gengið manna á milli. Ugglaust hafi þremenningarnir Erla, Sævar og Kristján heyrt slíka sögu.

Vitað sé, að nauðsynlegt geti verið að hneppa menn í gæsluvarðhald af ýmsum ástæðum og að saklausir menn geti átt slíkt yfir höfði, enda sé

þeim mönnum tryggður bótaréttur. Þó verði að gera þær kröfur til valdsmanna, að þeir beiti valdi sínu til að úrskurða menn í gæsluvarðhald af ýtrustu varfærni og í sem stystan tíma. Í máli þessu hafi þessa eigi verið gætt og hafi allir aðiljar, sem nálægt rannsókn yfir stefnanda komu, brugðist skyldu sinni og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Slík handvömm þeirra geri bótaskyldu ríkissjóðs enn ríkari. Stefnandi leggur áherslu á, að þrátt fyrir það, að þremenningarnir Erla, Sævar og Kristján hefðu sífellt verið að breyta framburðum sínum, að frásögn þeirra hafi verið afsönnuð, að almannarómur hafi tengt örökstutt Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson hvarfi Geirfinns, að Einar Bollason hafi verið sérstakur óvildarmaður Sævars Marinós, að Valdimar Olsen hafi verið sérstaklega illa þokkaður af þremenningunum, þá hafi dómarinn samt sem áður talið sér fært að úrskurða stefnanda í gæsluvarðhald og halda honum þar í 105 daga vegna framburðar þremenninganna. Rannsóknarmenn hafi neitað að rannsaka fjarvistarsönnun stefnanda. Þeir hafi reynt að villa um fyrir honum í yfirheyrslum með því að gefa honum rangar upplýsingar. Hann hafi ekki fengið að tala við réttargæslumann sinn og hann hafi ekki fengið að fara út undir bert loft allan þann tíma, sem hann sat í gæsluvarðhaldi. Hann hafi verið áreittur af fangavörðum og yfirheyrður af þeim og hann hafi verið geymdur í húsnæði, sem heilbrigðisráð Reykjavíkur hafi talið ónothæft. Hann hafi orðið fyrir hverju áfallinu á fætur öðru. Vanlíðan í fangelsinu hafi verið mikil og aðbúnaður hræðilegur. Miski hans hafi því orðið meiri en efni stóðu til af ýmsum ástæðum, sem stefndu beri beina ábyrgð á. Fjölskylda hans hafi orðið fyrir miklu hnjaski og áfalli, á meðan hann sat í gæsluvarðhaldi, og allur almenningur hafi þegar verið búinn að sakfella hann fyrir hlutdeild í hvarfi Geirfinns. Rannsóknarmenn hafi aðstoðað almenning við slíka sakfellingu, m. a. með því að halda blaðamannafund, þar sem þeir hafi undirstrikað sektarmöguleika Valdimars.

Stefnandi styðji fjárhæð bótakröfu sinnar þeim rökum, að árið 1959 hafi Hæstiréttur dæmt í málinu nr. 79/1958 manni að nafni Róbert P. Walsh kr. 15.000.00 í bætur vegna gæslu í einn sólarhring. Sé miðað við meðallaun verkamanna samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar, sem hafi í október 1955 verið kr. 17.85 á klukkustund og í maímánuði 1976 kr. 382.02 á klukkustund, hafi hækkun þeirra verið 21.4017 sinnum. Eftir atvikum megi telja eðlilegt að miða við þetta fordæmi, þó að atvikin í umræddum dómi hafi ekki að öllu leyti verið eins. Fyrir 105 daga gæsluvarðhald og 50 daga frelsisskerðingu, eða samtals 155 daga, reiknist kr. 49.768.875 með því að margfalda dagafjölda með 21.4017 og geri það hina umstefndu fjárhæð. Þetta verði að telja hógværar bótakröfur fyrir það að sitja í gæsluvarðhaldi í 105 daga og sæta frelsisskerðingu í 50 daga vegna handvammar starfsmanna ríkisins. Fyrir það að vera bendlaður við umfangsmesta glæpa-

mál á Íslandi og fyrir það að vera sakfelldur og níddur af almenningi sem morðingi, smyglari og svikari. Telja verði, að ríkissjóður verði að bæta stefnanda það tjón og þann miska sem íslenska þjóðin hafi þannig valdið honum. Verulegar bætur honum til handa gætu undirstrikað sakleysi hans í máli þessu um leið og ríkisvaldið viðurkenni mistök sín.

Stefndu viðurkenna bótakyldu sína, þar sem hún sé hlutlæg í tilvikum sem þessum og einnig vegna þess, að játningar liggi fyrir um sakaráburð og meinsæri. Stefndu andmæla því hins vegar eindregið, að saknæmt atferli hafi verið af hálfu ríkisvaldsins á þáttum þeirra og aðgerðum gagnvart stefnanda, og styðja kröfu sína um lækkun bótakrafna stefnanda með þeim rökum, sð ekkert sé í ljós leitt um, að mistök hafi átt sér stað við framkvæmt rannsóknarinnar. Staðhæfingar lögmanns stefnanda um framkvæmd rannsóknarinnar séu í beinni mótsögn við ummæli hans, á meðan rannsóknin stóð yfir, þ. e. 17. maí 1976, og virðist lögmaður stefnanda hafa skipt um skoðun á þessum mikilvæga þætti málsins. Hafa verði í huga, að upplýst sé, að um hafi verið að ræða samantekin ráð a. m. k. þriggja aðilja um að bendla stefnanda og þrjá menn aðra við hvarf Geirfinns Einarssonar. Þegar ekki hafi þótt lengur umflúið að grípa til umræddra aðgerða lögreglu og sakadóms í janúar 1976, hafi legið fyrir nær samhljóða framburðir um aðild stefnanda og annarra að þessu mannshvarfi. Þeir, sem þetta hafi borið, hafi á þessum tíma ekki getað haft samráð sín í milli. Framburður manns nokkurs hjá lögreglu nokkrum mánuðum áður hafi einmitt mjög verið í sama farvegi og því hefði miðað við þær aðstæður, sem þarna höfðu skapast, verið óverjandi af hálfu rannsóknarlögreglu og dómara að hafast ekki að gagnvart stefnanda og þeim öðrum, er bornir hafi verið sams konar sökum. Þegar gæsluvarðhaldsúrskurður yfir stefnanda hafi verið kærður til Hæstaréttar, hafi Hæstiréttur staðfest þegar réttmæti þessara aðgerða. Síðan hafi orðið að framlengja gæsluvarðhaldsvist stefnanda, þar sem rannsóknin hafi í hvorugt skiptið verið svo vel á veg komin, að unnt hafi verið að staðhæfa, að sakargiftirnar hefðu ekki við rök að styðjast. Hafa beri í huga, að erfiðlega hafi gengið að færa sönnur á ferðir stefnanda hið örlagaríka kvöld 19. nóvember 1974 og hið sama hafi gilt að þessu leyti um þá þrjá menn aðra, er ásamt stefnanda hafi verið sakaðir um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Vitneskja um ólöglega meðferð stefnanda á áfengi áður, sem fram kom undir rannsókn málsins, hafi síst verið til þess fallin að draga úr líkum á aðild hans að téðu mannshvarfi svo mjög mikið sem áfengis- og tollagabrot hafi sett mark sitt á rannsóknina. Einnig beri að benda á, að stefnandi hafi fengið send tvö skotvopn frá Bandaríkjunum í byrjun apríl 1976, meðan hann sat í gæsluvarðhaldinu, og hafi slíkt ekki verið til að gera sakleysi hans sennilegra.

Til rannsóknar hafi verið einhver flóknustu og alvarlegustu sakamál síðari tíma, er illa hafi gengið að henda reiður á og tekið hafi verið að þrúga þjóðlífið allt og setja svip sinn á stjórnmálaumræður. Í vitund almennings a. m. k. hafi mál þessi tengst með réttu eða röngu fjölmörgum brotamálum öðrum og hafi því verið óverjandi með öllu af hálfu rannsóknaraðilja að láta ekki svo samræmdan framburð einangraðra sakarábera leiða til harkalegri viðbragða en ella, þar sem minnstu málspjöll hafi nú getað skipt sköpum um það, hvort nokkru sinni tækist að ráða hinum torleystu sakamálum til lykta.

Stefndu telja fjárkröfur stefnanda bæði óraunhæfar og ósanngjarnar og andmæla þeim einnig sem ósundurgreindum með öllu. Ekkert bendi til þess, að stefnandi hafi í raun beðið fjártjón, og sé vinnutjónskrafa stefnanda vanreifuð og órrökstudd. Hér virðist aðeins vera um miskabótakröfu að ræða, en miska sé erfitt að meta. Stefndu andmæla því sjómarmiði stefnanda, að verulegar bætur honum til handa undirstriki sakleysi hans í málinu. Látið sé í það skína af hálfu stefnanda, að dómar sakadóms Reykjavíkur yfir sakaráberum 19. desember 1977, þar sem þeir hafi verið dæmdir í þyngstu refsingar fyrir meinsæri og mannorð stefnanda hreinsað af öllum grun, og dómur Hæstaréttar 22. febrúar 1980, sem staðfest hafi dóm sakadóms, hafi litlu sem engu breytt um trú almennings á sekt eða sakleysi stefnanda. Stefndu bendi á, að mannorðshnekkir stefnanda vegna gæsluvarðhaldsins hafi veri tímabundinn og hann hafi fengið uppreisn æru með yfirlýsingum rannsóknaraðilja þegar í ársbyrjun 1977. Stefndu andmæla því eindregið, að miski stefnanda hafi aukist vegna meintra ávirðinga rannsóknaraðilja og fangavarða í hans garð. Slíkum ásökunum sé algerlega vísað á bug sem röngum og ósönnuðum. Frásögn stefnanda af samskiptum rannsóknaraðilja við fjölmiðla andmæli stendu sem rangri. Ekki hafi verið hjá því komist að gefa almeningi kost á að fylgjast með rannsókn málsins og framvindu mála, en mjög hafi verið reynt að stilla í hóf frásögnum af gangi rannsóknarinnar. Engar upplýsingar hafi verið gefnar út fyrir utan mjög þröngan hóp rannsóknarmanna, þótt fjölmiðlar hafi leitað mjög fast eftir fréttum af rannsókninni, og vitað var, að fjölmiðlar hafi engan veginn verið ánægðir með, hversu upplýsingar hafi verið af skornum skammti. Þarna hafi verið staðið eðilega að málum af hálfu rannsóknaraðilja, en auðvitað geti ríkisvaldið ekki borið ábyrgð á þeim skrifum er einstök blöð, sem misvönd séu að virðingu sinni, láti sér sæma að birta. Þannig bendi stefndu á, að bótakröfur stefnanda séu fjarstæðukenndar og að þær eigi að lækka verulaega. Bætur í slíkum tilvikum eigi frekar að vera táknrænar, þar sem svo háar bætur eigi nánast að hafa einhver varnaðaráhrif, en slík áhrif séu ekki nauðsynleg í þessum tilfellum, þar sem um sérstaka heimild til gæsluvarðhalds sé að ræða og henni verði að beita í slíkum tilvikum.

Varnaðaráhrif skipti hér því ekki máli. Stefnandi geti ekki borið fjárhæð bótanna við aðeins eitt fordæmi Hæstaréttar, þar þurfi að skoða fleiri dóma til þess að athuga, hvort venja hafi skapast í slíkum tilvikum. Þegar dómar séu athugaðir yfir nokkurt árabil, komi í ljós, að vísbending sé í Hæstaréttardómum um það, að ekki hafi skapast dómvenja í þá átt, sem stefndi haldi fram.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið, urðu þau málalok bæði í sakadómi Reykjavíkur og Hæstarétti, að þeir Sævar Marínó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi ráðið Geirfinni Einarssyni bana í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974 og að Erla Bolladóttir hafi um þetta vitað og tekið þátt í að flytja líkið á afvikinn stað, þar sem það hefur ekki fundist enn. Eftir þetta hafi verið samantekin ráð þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns að bendla fjóra nafngreinda menn við atburðinn til þess að torvelda rannsókn málsins. Þau hafi valið fjóra menn, stefnanda og þrjá aðra, og þessa menn báru þau sökum sitt í hverju lagi hjá þeim, sem um rannsókn þessa umfangsmikla máls fjölluðu. Tilgangi sínum náðu þau, mennirnir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og rannsókn málsins torveldaðist og beindist á rangar brautir, þar til upp komst.

Þegar yfir rannsókn þessa sakamáls er litið, verður ekki séð, að um aðra kosti hafi verið að ræða en hneppa þessa menn í gæsluvarðhald og rannsaka, hvaða hugsanlega hlutdeild þeir hafi getað átt í verknaðinum. Það tókst að upplýsa um sakleysi þeirra að lokum, en það tók sinn tíma, og verður ekki séð, að þar hafi átt sinn þátt nokkur mistök eða gáleysi rannsóknarmanna, sem skapi ríkissjóði aukna bótaábyrgð gagnvart mönnunum. Menn eru varnarlausir fyrir slíkum sakaráburði, og er meinsæri því meiri háttar afbrot í almennum hegningarlögum, og liggur við því allt að 16 ára fangelsisrefsing, hafi brotið haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi, eins og hér var raunin á. Þau Erla, Sævar og Kristján stóðu því beinlínis að því, að mennirnir voru teknir höndum og settir saklausir í gæsluvarðhald, sem þeir eiga rétt á að fá bætt skv. reglum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Ríkissjóður ber ábyrgð á slíkum bótum, enda þótt sýnt sé, að athafnir þær, sem bótaskyldar eru, hafi verið óviðráðanlegar, eins og á stóð, og rannsóknardómara og lögreglumönnum verði á engan hátt kennt um. Ber því að dæma stefnda ríkissjóð til að greiða stefnanda bætur fyrir fjártjón það og miska, sem hann verður talinn hafa orðið fyrir.

Í kröfugerð sinni hefur stefnandi ekki aðgreint kröfu fyrir sérstakt fjárhagstjón, er hann hafi orðið fyrir vegna aðgerða stefndu, en telja verður, að líkur séu fyrir tjóni. Dómurinn telur einsýnt, að stefnandi hafi liðið

þjáningar í gæsluvarðhaldinu og eftir það og að mikið andlegt álag sé að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum með úrskurðum og verður að lokum 105 dagar að lengd. Þótt ekki sé fallist á það með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, verður að telja, að miski sé nógur samt. Verður að telja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 18.000.000. Er þá sérstaklega haft í huga, að stefnandi hafði ekkert gert, sem varpað gat grun á hann fyrir hinn alvarlega verknað, sem hann var borinn sökum. Hér var einungis um að ræða samantekin ráð afbrotamanna um að varpa sök á stefnanda og þrjá menn aðra, ef athygli færi að beinast að þeim fyrir verknað, sem þau höfðu sjálf unnið. Þetta mál er svo sérstætt og vakti svo mikið umtal meðal alls almennings í landinu, að seint verður um gróið. Verður stefndu gert að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum, eins og krafist er, en þeir dæmast frá 10. maí 1976. Dómvextir ákveðast hæstu innlánsvextir skv. 1. gr. laga nr. 56/1979.

Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.450.000, en af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður stefnanda, Jón Gunnar Zoëga héraðsdómslögmaður, kr. 2.300.000 í málssóknarlaun.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregist vegna umfangs málsins.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Valdimar Olsen, kr. 18.000.000 með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979 og 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóm þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, kr. 2.450.000, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Jóns Gunnars Zoëga héraðsdómslögmanns, kr. 2.300.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. mars 1983.

Nr. 126/1980. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni og Jóni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni og gagnsök.
(Jón Ólafsson hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Lögmannslaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1980. Dómkröfur hans eru þær, að bótafjárhæð til handa gagnáfrýjanda Sigurbirni Eiríkssyni og fjárhæð málssóknarlauna gagnáfrýjanda Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns verði lækkaðar til mikilla muna. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 25. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sama mánaðar. Gagnáfrýjandi Sigurbjörn Eiríksson krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 445.000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 11. febrúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjandi Jón Ólafsson krefst þess, að staðfest verði ákvörð-

un héraðsdóms um málssóknarlaun og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þau með 43.5.% ársvöxtum af 23.000.00 krónum frá 29. apríl 1980 til 1. júní s. á., og 46% ársvöxtum frá þeim degi til 10. desember s. á., en með 46% ársvöxtum af 11.500.00 krónum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að bætur til gagnáfrýjanda Sigurbjörns Eiríkssonar beri að ákvarða á grundvelli XVIII. kafla laga nr. 74/1974, sbr. 150., 152. og 155. gr., en aðaláfrýjandi hefur viðurkennt þá bótaábyrgð. Við ákvörðun miskabóta til gagnáfrýjanda ber einkum að líta til þess, að honum var haldið saklausum í gæsluvarðahaldi um þriggja mánaða skeið vegna gruns um, að hann væri viðriðinn stórfelldar misgerðir, þar á meðal það alvarlegasta afbrot, sem um ræðir. Húsakynni þau, sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar vistunar. Á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og í framhaldi af því, varð gagnáfrýjandi síðan fyrir barðinu á einstæðri umræðu í ýmsum fjölmiðlum, er vógu að mannorði hans og annarra með getsökum og hleypidómum. Í kjölfar gæsluvarðhaldsins fylgdi skerðing á ferðafrelsi og grunsemdir, uns hið sanna í málinu var í ljós leitt. Þegar ákveða skal miskabætur, er ekki eingöngu á hina óvenju langvinnu gæsluvarðhaldsvist að líta, heldur einnig þá fáheyrðu andlegu og líkamlegu raun, sem henni var samfara, þótt gagnáfrýjandi hafi að lokum verið hreinsaður af öllum grun.

Með vísan til framanritaðs þykja miskabætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 190.000.00 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 10. maí 1976, svo sem segir í dómsorði.

Að því leyti sem gagnáfrýjandi Sigurbjörn krefur um bætur fyrir fjárhagstjón er krafa hans eigi studd nægum rökum og verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma aðalá-

frýjanda til að greiða allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 55.000.00 krónur.

Eigi eru lagarök til að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns um greiðslu vaxta af talsmannslaunum. Að því er varðar kröfur aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda Jóni Ólafssyni og gagnkröfur hans þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda Sigurbirni Eiríkssyni 190. 000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 55.000.00 krónur.

Aðaláfrýjandi er sýkn af kröfu Jóns Ólafssonar um greiðslu vaxta af talsmannslaunum. Málskostnaður þeirra á milli fellur niður.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Við teljum miskabætur til gagnáfrýjanda Sigurbjörns Eirikssonar hæfilega ákveðnar 230.000.00 krónur. Í þeirri fjárhæð hefur verið tekið tillit til vaxta frá gæsluvarðhaldstíma, og samkvæmt því, teljum við, að dæma ætti aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, til að greiða gagnáfrýjanda upphæðina með hæstu innlánsvöxtum frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma.

Að öðru leyti erum við sammála rökstuðningi og niðurstöðum meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. mars sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. júlí 1977, af Sigurbirni Eiríkssyni, Skálmholti, Árnessýslu, gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi ríkissjóður greiði bætur skv. XVIII. kafla laga nr. 74/1974 að upphæð kr. 44.500.000 ásamt 14% ársvöxtum frá 9. maí 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá 21. febrúar 1978 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 14. júní 1979 og með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. framlögðum reikningi og taxta LMFÍ. Til vara krefst stefnandi þess, að honum verði dæmdar bætur að mati dómarans og að vextir verði dæmdir af bótafjárhæð frá 9. maí 1976 til greiðsludags og verði þeir sömu og að ofan greinir, svo og málskostnaðar. Stefnandi gerir ekki kröfur á hendur stefnda ríkissaksóknara.

Stefndu gera þær dómkröfur, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi var handtekinn hinn 11. febrúar 1976 og úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald sama dag. Gæsluvarðhaldsvist hans var síðan tvívegis framlengd um 30 daga með úrskurði 27. mars 1976, en um 45 daga með úrskurði 26. apríl 1976. Stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldinu hinn 9. maí

1976 og hafði þá setið í gæsluvarðhaldi í 90 daga. Þá varð hann að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976.

Hinn 26. janúar 1976 höfðu verið handteknir á sama tíma og af sama tilefni þrír menn aðrir, þeir Einar Gunnar Bollason, Valdimar Olsen og Magnús Leópoldsson. Þessir fjórir menn voru allir látnir lausir úr gæsluvarðhaldinu hinn 9. maí 1976, en öllum var gert að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976. Handtökurnar hinn 26. janúar fóru allar fram á heimilum mannanna kl. 6 um morguninn, sem var mánudagur. Þessi tími hafði verið valinn, svo nokkuð öruggt væri, að til allra mannanna næðist samtímis. Kvöldið áður höfðu verið kveðnir upp úrskurðir í sakadómum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar um heimildir til handtakanna til þess að tryggja, að þær gengju tafarlaust fyrir sig. Enginn mannanna sýndi minnsta mótþróa, og voru þeir allir fluttir í fangelsið við Síðumúla, og var tilefni handtökunnar þar skýrt fyrir þeim. Sigurbjörn Eiríksson, sem handtekinn var 11. febrúar 1976, var einnig fluttur í fangelsið í Síðumúla.

Á þessum tíma stóð yfir umfangsmikil rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem fór frá heimili sínu í Keflavík kvöldið 19. nóvember 1974. Rannsókn þessi hafði staðið í rúmt ár og vakið gífurlega athygli almennings, og skýrðu fjölmiðlar sífellt frá henni. Þegar eftir að Geirfinnur hvarf, fóru að spinnast sögusagnir um, að hann hefði verið viðriðinn smyglmál og að smyglmál þetta væri tengt veitingahusinu Klúbbnum, en þar er stefnandi forsvarsmaður. Sögusagnirnar mögnuðust svo, að stefnandi sá ástæðu til að rita dómsmálaráðuneytinu bréf þann 3. febrúar 1975 með ósk um, að fram yrði látin fara rannsókn á uppruna og orsökum þeirra.

Erla Bolladóttir, tvítug stúlka, hafði setið í gæsluvarðahaldi vegna gruns um aðild að póstsvikamáli, en var látin laus skömmu fyrir jólin 1975. Sambýlismaður hennar, Sævar Marínó Ciesielski, einnig tvítugur að aldri, sat í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að öðru mannshvarfi, hvarfi Guðmundar Einarssonar úr Reykjavík í janúar 1974. Kristján Viðar Viðarsson, kunningi þeirra og vinur, einnig tvítugur að aldri, sat og í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Þá gerðist það, að hinn 22. janúar 1976 skýrði Erla Bolladóttir þeim, sem að rannsókn málsins unnu, að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símhringingum. Hún var því boðuð til yfirheyrslu að kvöldi hins 22. janúar. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, og Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður ræddu við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla, og á sama tíma ræddi Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður við Sævar Marínó í yfirheyrsluherbergi fangelsisins, og vissi hvorugt um nærveru hins. Sævar Marínó var þá spurður, hvort hann vissi, við hvað Erla væri hrædd, og sagði hann þá, að það mundi vera vegna Geirfinnsmálsins. Var hann inntur nánar eftir því máli, og nefndi hann þá nöfn

þeirra Einars Gunnars, Valdimars og Magnúsar og sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leyti sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Tekin var skrifleg skýrsla af Sævari Marinó um þessi atriði. Á sama tíma komu fram mjög svipuð atriði hjá Erlu, en skrifleg skýrsla var ekki tekin af henni fyrr en daginn eftir, hinn 23. janúar. Þann dag var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari, sem viðurkenndi að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur. Hann sagði, að farið hefði verið í Dráttarbrautina í Keflavík, þar sem verið hefðu Sævar Marinó og Erla ásamt Einar Gunnari Bollasyni og fleira fólki. Þau Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar héldu áfram að bendla þessa fjóra menn við hvarf Geirfinns Einarssonar í framburðum sínum í eftirfarandi skýrslum:

Kristján Viðar taldi framangreinda menn viðriðna hvarf Geirfinns sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. og 27. janúar 1976, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl sama ár. Enn fremur á dómþingi sakadóms hinn 31. mars og 6. apríl 1976.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar 1976.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976 og enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976. Enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars og 8 apríl sama ár.

Sævar Marinó bendlaði þá við hvarf Geirfinns við yfirheyrslur sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Erla Bolladóttir bendlaði framangreinda menn við málið sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976 svo og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars og 7. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 3. og 10. febrúar og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 3. febrúar og 1. september 1976.

Framburðir þessir leiddu til þess, að þeir Valdimar Olsen, Einar Gunnar

Bollason og Magnús Leópoldsson voru handteknir að morgni 26. janúar 1976. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neituðu þeir allir alfarið að hafa nokkra hugmynd um hvarf Geirfinns Einarssonar eða vita um nokkuð, sem varpað gæti ljósi á, hvernig það kynni að hafa borið að höndum. Þennan sama dag voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Hinn 11. mars 1976 var gæsluvarðhald þeirra framlengt í allt að 30 dögum, og hinn 9. apríl var það enn framlengt í allt að 30 dögum.

Sigurbjörn Eiríksson var handtekinn hinn 11. febrúar 1976, og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neitaði hann með öllu að vita nokkuð um það, hvernig hvarf Geirfinns Einarssonar kynni að hafa borið að höndum. Sigurbjörn var þennan dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Það gæsluvarðhald var síðan framlengt hinn 27. mars í allt að 30 dögum og enn hinn 26. apríl í allt að 45 dögum.

Hinn 9. maí 1976 var svo öllum mönnunum fjórum sleppt úr haldi. Neituðu þeir allan þann tíma, á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi, að eiga nokkurn hlut að hvarfi Geirfinns Einarssonar eða hafa yfirleitt nokkra hugmynd um málið.

Undir hinni umfangsmiklu rannsókn málsins fór grunur að beinast að þeim Sævari Marínó, Erlu og Kristjáni Viðari um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og í yfirheyrslum fóru þau að staðhæfa, að Guðjón Skarphéðinsson hefði átt þátt í dauða Geirfinns. Guðjón þessi var handtekinn hinn 12. nóvember 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Skýrði hann að lokum frá raunverulegum afdrifum Geirfinns. Hinn 16. mars 1977 var gefin út ákæra á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marínó Ciesielski, Guðjóni Skarphéðinssyni og Erlu Bolladóttur fyrir manndráp og rangar sakargiftir. Ákærðu Kristján Viðari, Sævari Marínó og Erlu var gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Leiddu þessar sakargiftir til þess, að mönnum þessum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur viðurkenndu þau Erla og Sævar Marínó, að þetta væri rétt. Sævar Marínó kvað þetta hafa verið samantekin ráð upphaflega og gerð í því skyni að rugla fyrir rannsóknaraðilja við rannsókn málsins. Erla skýrði frá því, að einhvern tímann stuttu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og dauða Geirfinns Einarssonar hafi ákærðu öll hist heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82. Þau hafi rætt sín á milli, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns

Einarssonar. Ákveðið hafi verið að blanda „Klúbbmönnum", þ. e. Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni, inn í málið, ef upp kæmist, svo og bróður hennar, Einari Bollasyni, og Valdimar Olsen. Erla skýrði frá því, að þeim Sævari Marínó hafi báðum verið illa við Einar bróður hennar, og lýsti hún því, er hún taldi Einar hafa gert á hluta hennar, og nefndi m. a., að Einar hafi verið mikið á móti því, að hún væri með Sævari Marínó. Erla kvaðst ekki hafa átt neitt sökótt við Valdimar Olsen og hann hafi aldrei gert neitt á hennar hluta. Hún hafi þekkt Huldu, systur Valdimars, og taldi Erla, að Valdimar hafi verið blandað í málið til þess að gera það eitthvað trúlegra. Hins vegar viðurkenndi Kristján Viðar ekki, að þetta væri rétt, og kannaðist hann ekki við, að það hefðu verið samantekin ráð að blanda ofangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Hann skýrði frá því, að hann teldi, að sagan um tengsl þeirra Einars Bollasonar, Valdimars Olsen og Sigurbjörns Eiríkssonar við málið hafi verið frá Erlu komin og að lögreglumennirnir hafi trúað henni.

Guðjón Skarphéðinsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1976, að hann gæti fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir saklausir af dauða Geirfinns Einarssonar. Hann hafi engan þátt átt í því að bendla þá saklausa við þetta mál. Hann sagði, að verið gæti, að eftir að Sævar Marínó kom til landsins frá Danmörku í mars 1975, hafi hann látið eitthvað að því liggja, svo Guðjón heyrði, að „Klúbbmenn" væru við málið riðnir. Það hafi þá verið almannarómur, en alls ekki hafi verið talað um að flækja málið með því að bendla þá við það, ef ákærðu yrðu handtekin. Hann kvað sér hafa verið fullljóst, að þessir menn væru saklausir, þegar þeir voru settir í gæsluvarðhald, og hafi þetta hvílt mjög á samvisku sinni, þótt hann hefði ekki haft kjark til að segja frá málinu þá.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember 1977, voru ákærðu Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar fundin sek og talin hafa gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Segir í dómnum:

„Ákærðu Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar hafa öll viðurkennt að hafa gefið áður raktar skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi um þátttöku margnefndra fjögurra manna í ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og í átökum, sem leiddu til dauða Geirfinns Einarssonar, svo og um smygl þeirra á áfengi. Ákærðu Sævar Marínó og Erla fullyrða bæði, að það hafi verið samantekin ráð allra ákærðu að bendla menn þessa við málið, ef þau yrðu handtekinn, til að torvelda rannsóknina. Þessu hefur Kristján Viðar neitað, en framburðir hans gefa þetta þó sterklega til kynna. Verður að telja, að hann beri fulla ábyrgð á framangreindum skýrslum sínum og framburður hans um, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi ráðið því, hvert yrði efni þessara skýrslna, ekki tekinn til greina."

Í dómi þessum var talið sannað, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marínó og Guðjón hafi ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni í Keflavík um kvöldið 19. nóvember 1974, tekið hann hálstaki, barið hann með hnefum og spýtu, uns hann beið bana. Var tekið fram, að þótt ákærðu segðust ekki hafa ætlað að svipta Geirfinn lífi, hafi árásin á hann verið með þeim hætti, að þeim hafi átt að vera ljóst, að hún gat leitt til dauða. Voru ákærðu því taldir hafa með atferli sínu orðið brotlegir gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marínó voru og fundnir sekir um að hafa svipt lífi Guðmund Einarsson í Hafnarfirði auk auðgunarbrota og fleiri brota. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 22. febrúar 1980.

Í dómi Hæstaréttar segir um II. kafla ákærunnar, þ. e. um rangar sakargiftir á hendur Erlu Bolladóttur, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marínó Ciesielski, að framburðir hinna ákærðu, þar sem þau bendla fjóra nafngreinda menn við andlát Geirfinns Einarssonar, séu raktir í héraðsdómi svo og játningar ákærðu Erlu og Sævars um, að þetta hafi verið samantekin ráð hjá hinum ákærðu til að torvelda rannsókn málsins. Ákærði Kristján hafi að vísu ekki gengist við því, að um samantekin ráð hafi verið að ræða, en fullljóst sé, að hann hafi borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund og beri refsiábyrgð á því. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til héraðsdómsins beri að staðfesta þau málalok, að hin ákærðu hafi með háttsemi sinni gerst sek um brot á 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 101/1976, sem hér eigi við, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Framburðir ákærðu hafi leitt til þess, að þeir fjórir menn, er þau hafi borið sökum, hafi sætt alllangri gæsluvarðhaldsvist og beri við ákvörðun refsingar að líta til þessara afdrifaríku afleiðinga af broti þeirra.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, Sigurbjörn Eiríksson, styður kröfur sínar þeim rökum, að bótaábyrgð ríkissjóðs sé viðurkennd í 18. kafla um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Í þessu tilfelli megi þó telja bótaskyldu ríkissjóðs mun ríkari en ella. Hið stórfellda gáleysi rannsóknardómara og starfsmanna hans við rannsókn málsins sé slíkt, að reglur húsbóndaábyrgðar og almennar reglur skaðabótaréttarins komi hér til ályktunar. Erfitt sé að meta, hvað séu eðlilegar bætur fyrir hinn mikla miska og tjón, sem hann hafi orðið fyrir, en alla vega sé ljóst, að aldrei verði slíkt áfall hans bætt að fullu. Ekki fari á milli mála, að rannsóknin á hvarfi Geirfinns Einarssonar sé ein umfangsmesta sakadómsrannsókn á Íslandi. Hún hafi staðið yfir látlaust frá 19. nóvember 1974 til 16. mars 1977. Hið dularfulla hvarf Geirfinns Einarssonar og síðustu þekktu ummæli hans hafi gefið hugmyndum

manna byr undir báða vængi með þeim afleiðingum, að fjölmargar skýringar hafi orðið til um örlög Geirfinns. Dagblöðin hafi verið aðalvettvangur og gróðrarstía sögusagna og um tíma hafi blandast m. a. þáverandi dómsmálaráðherra inn í málið og hafi það verið rætt á Alþingi Íslendinga. Í októbermánuði árið 1975 hafi verið til athugunar hjá rannsóknarlögreglu ein slík saga, sem síðar hafi orðið viðtekin skýring á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Fjölskylda manns að nafni Guðmundur Agnarsson hafi gefið skýrslu um þátt Guðmundar í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Hafi Guðmundur þessi sagt fjölskyldu sinni sögu og einnig fjölmörgum öðrum aðiljum. Sagan var í stuttu máli sú, að Guðmundur Agnarsson ásamt Magnúsi Leópoldssyni, Sigurbirni Eiríkssyni og Geirfinni Einarssyni hefðu ætlað að sækja smyglað áfengi út á sjón, en slys hafi orðið í þessari ferð, sem leitt hafi Geirfinn til dauða. Við yfirheyrslu hafi Guðmundur þessi viðurkennt, að sögur sínar hefðu verið uppspuni frá rótum, en hann hefði búið þær til eftir þeim sögusögnum, sem þá hefðu gengið manna á milli. Ugglaust hafi þremenningarnir Erla, Sævar og Kristján heyrt slíka sögu.

Vitað sé, að nauðsynlegt geti verið að hneppa menn í gæsluvarðhald af ýmsum ástæðum og að saklausir menn geti átt slíkt yfir höfði, enda sé þeim mönnum tryggður bótaréttur. Þó verði að gera þær kröfur til valdsmanna, að þeir beiti valdi sínu til að úrskurða menn í gæsluvarðhald af ýtrustu varfærni og í sem stystan tíma. Í máli þessu hafi þessa eigi verið gætt og hafi allir aðiljar, sem nálægt rannsókn yfir stefnanda komu, brugðist skyldu sinni og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Slík handvömm þeirra geri bótaskyldu ríkissjóðs enn ríkari. Miski hans hafi því orðið meiri en efni stóðu til af ýmsum ástæðum, sem stefndu beri beina ábyrgð á. Börn hans hafi orðið fyrir miklu hnjaski og áfalli, á meðan hann sat í gæsluvarðhaldi, og allur almenningur hafi þegar verið búinn að sakfella hann fyrir hlutdeild í hvarfi Geirfinns. Rannsóknarmenn hafi aðstoðað almenning við slíka sakfellingu, m. a. með því að halda blaðamannafund, þar sem þeir hafi undirstrikað sektarmöguleika hans.

Stefnandi styðji fjárhæð bótakröfu sinnar þeim rökum, að árið 1959 hafi Hæstiréttur dæmt í málinu nr. 79/1958 manni að nafni Róbert P. Walsh kr. 15.000.00 í bætur vegna gæslu í einn sólarhring. Sé miðað við meðallaun verkamanna samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar, sem hafi í október 1955 verið kr. 17.85 á klukkustund og í maímánuði 1976 kr. 382.02 á klukkustund, hafi hækkun þeirra verið 21 sinni. Eftir atvikum megi telja eðlilegt að miða við þetta fordæmi, þótt að atvikin í umræddum dómi hafi ekki að öllu leyti verið eins. Fyrir 90 daga gæsluvarðhald og 50 daga frelsisskerðingu, eða samtals 140 daga, reiknist kr. 44.500.000 með því að margfalda dagafjölda með 21.4017 og geri það hina umstefndu fjárhæð. Þetta verði að telja hógværar bótakröfur fyrir það að sitja í gæsluvarðhaldi í

90 daga og sæta frelsisskerðingu í 50 daga að auki vegna handvammar starfsmanna ríkisins. Verulegar bætur honum til handa gætu undirstrikað sakleysi hans í máli þessu um leið og ríkisvaldið viðurkenni mistök sín.

Stefndu viðurkenna bótaskyldu sína, þar sem hún sé hlutlæg í tilvikum sem þessum og einnig vegna þess, að játningar liggi fyrir um sakarábyrgð og meinsæri. Stefndu andmæla því hins vega eindregið, að saknæmt atferli hafi verið af hálfu ríkisvaldsins í þáttum þeirra og aðgerðum gagnvart stefnanda, og styðja kröfu sína um lækkun bótakrafna stefnanda með þeim rökum, að ekkert sé í ljós leitt um, að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd rannsóknarinnar. Staðhæfingar lögmanns stefnanda um framkvæmd rannsóknarinnar séu í beinni mótsögn við ummæli, á meðan rannsóknin stóð yfir, þ. e. 17. maí 1976. Hafa verði í huga, að upplýst sé, að um hafi verið að ræða samantekin ráð a. m. k. þriggja aðilja um að bendla stefnanda og þrjá menn aðra við hvarf Geirfinns Einarssonar. Þegar ekki hafi þótt lengur umflúið að grípa til umræddra aðgerða lögreglu og sakadóms í janúar 1976, hafi legið fyrir nær samhljóða framburðir um aðild stefnanda og annarra að þessu mannshvarfi. Þeir, sem þetta hafi borið, hafi á þessum tíma ekki getað haft samráð sín á milli. Framburður manns nokkurs hjá lögreglu nokkrum mánuðum áður hafi einmitt mjög verið í sama farvegi og því hefði miðað við þær aðstæður, sem þarna höfðu skapast, verið óverjandi af hálfu rannsóknarlögreglu og dómara að hafast ekki að gagnvart stefnanda og þeim öðrum, er bornir hafi verið sams konar sökum. Þegar gæsluvarðhaldsúrskurður yfir stefnanda hafi verið kærður til Hæstaréttar, hafi Hæstiréttur staðfest þegar réttmæti þessarra aðgerða. Síðan hafi orðið að framlengja gæsluvarðhaldsvist stefnanda, þar sem rannsóknin hafi í hvorugt skiptið verið svo vel á veg komin, að unnt hafi verið að staðhæfa, að sakargiftirnar hefðu ekki við rök að styðjast. Hafa beri í huga, að erfiðlega hafi gengið að færa sönnur á ferðir stefnanda hið örlagaríka kvöld 19. nóvember 1974 og hið sama hafi gilt að þessu leyti um þá þrjá menn aðra, er ásamt stefnanda hafi verið sakaðir um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Vitneskja um ólöglega meðferð stefnanda á áfengi áður hafi síst verið til þess fallin að draga úr líkum á aðild hans að téðu mannshvarfi svo mjög mikið sem áfengis- og tolllagabrot hafi sett mark sitt á rannsóknina.

Til rannsóknar hafi verið einhver flóknustu og alvarlegustu sakamál síðari tíma, er illa hafi gengið að henda reiður á og tekið hafi verið að brúga þjóðlífið allt og setja svip sinn á stjórnmálaumræður. Í vitund almennings a. m. k. hafi mál þessi tengst með réttu eða röngu fjölmörgum brotamálum öðrum og hafi því verið óverjandi með öllu af hálfu rannsóknaraðilja að láta ekki svo samræmdan framburð einangraðra sakarábera leiða til harkalegri viðbragða en ella, þar sem minnstu málspjöll hafi nú getað skipt sköp-

um um það, hvort nokkru sinni tækist að ráða hinum torleystu sakamálum til lykta.

Stefndu telja fjárkröfur stefnanda bæði óraunhæfar og ósanngjarnar og andmæla þeim einnig sem ósundurgreindum með öllu. Ekkert bendi til þess, að stefnandi hafi í raun beðið fjártjón, og fullyrðingar hans um, að lánstraust hafi rýrnað, séu léttvægar. Stefnandi hafi staðið í ýmsu fjármálavafstri, eins og alkunna hafi verið, og þegar það sé haft í huga svo og áfellisdómur fyrir ýmisleg fjármunabrot, verði tæplega talið, að lánstraust hans hafi verið eins tryggt eins og hann vilji vera láta, þótt ekki hefði til þessara rannsóknaraðgerða komið. Stefndu vilji halda því fram, að stefnandi hafi á þessum tíma yfirleitt haft lítið lánstraust og sums staðar ekkert. Þótt ýmsir kröfuhafar hafi gengið harðar að stefnanda, verði ekkert fullyrt um hvatir þeirra. Hér virðist því aðeins vera um miskabótakröfu að ræða, en miska sé erfitt að meta. Stefndu andmæla því sjónarmiði stefnanda, að verulegar bætur honum til handa undirstriki sakleysi hans í málinu. Látið sé í það skína af hálfu stefnanda, að dómar sakadóms Reykjavíkur yfir sakaráberum 19. desember 1977, þar sem þeir hafi verið dæmdir í þyngstu refsingar fyrir meinsæri og mannorð stefnanda hreinsað af öllum grun, og dómur Hæstaréttar 22. febrúar 1980, sem staðfest hafi dóm sakadóms, hafi litlu sem engu breytt um trú almennings á sekt eða sakleysi stefnanda. Stefndu bendi á, að mannorðshnekkir stefnanda vegna gæsluvarðhaldsins hafi verið tímabundinn og hann hafi fengið uppreisn æru með yfirlýsingum rannsóknaraðilja þegar í ársbyrjun 1977. Stefndu andmæla því eindregið, að miski stefnanda hafi aukist vegna meintra ávirðinga rannsóknaraðilja og fangavarða í hans garð. Slíkum ásökunum sé algerlega vísað á bug sem röngum og ósönnuðum. Frásögn stefnanda af samskiptum rannsóknaraðilja við fjölmiðla andmæli stefndu sem rangri. Ekki hafi verið hjá því komist að gefa almenningi kost á að fylgjast með rannsókn málsins og framvindu mála, en mjög hafi verið reynt að stilla í hóf frásögnum af gangi rannsóknarinnar. Engar upplýsingar hafi verið gefnar út fyrir utan mjög þröngan hóp rannsóknarmanna, þótt fjölmiðlar hafi leitað mjög fast eftir fréttum af rannsókninni, og vitað var, að fjölmiðlar hafi engan veginn verið ánægðir með, hversu upplýsingar hafi verið af skornum skammti. Þarna hafi verið staðið eðlilega að málum af hálfu rannsóknaraðilja, en auðvitað geti ríkisvaldið ekki borið ábyrgð á þeim skrifum, er einstök blöð, sem misvönd séu að virðingu sinni, láti sér sæma að birta, hvort sem um eigið efni eða aðsent hafi verið að ræða. Þannig bendi stefndu á, að bótakröfur stefnanda séu fjarstæðukenndar og þær eigi að lækka verulega. Bætur í slíkum tilvikum eigi frekar að vera táknrænar, þar sem svo háar bætur eigi nánast að hafa einhver varnaðaráhrif, en slík áhrif séu ekki nauðsynleg í þessum tilfellum, þar sem um sérstaka heimild til gæsluvarðhalds sé að

ræða og henni verði að beita í slíkum tilvikum, annað væri óverjandi. Varnaðaráhrif skipti hér því ekki máli. Stefnandi geti ekki borið fjárhæð bótanna við aðeins eitt fordæmi Hæstaréttar, það þurfi að skoða fleiri dóma til þess að athuga, hvort venja hafi skapast í slíkum tilvikum. Þegar dómar séu athugaðir yfir nokkurt árabil, komi í ljós, að vísbending sé í Hæstaréttardómum um það, að ekki hafi skapast dómvenja í þá átt, sem stefnandi haldi fram.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið, urðu þau málalok bæði í sakadómi Reykjavíkur og Hæstarétti, að þeir Sævar Marínó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi ráðið Geirfinni Einarssyni bana í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974 og að Erla Bolladóttir hafi um þetta vitað og tekið þátt í að flytja líkið á afvikinn stað, þar sem það hefur ekki fundist enn. Eftir þetta hafi verið samantekin ráð þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns að bendla fjóra nafngreinda menn við atburðinn til þess að torvelda rannsókn málsins. Þau hafi valið fjóra menn, stefnanda og þrjá aðra, og þessa menn báru þau sökum sitt í hverju lagi hjá þeim, sem um rannsókn þessa umfangsmikla máls fjölluðu. Tilgangi sínum náðu þau, mennirnir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og rannsókn málsins torveldaðist og beindist á rangar brautir, þar til upp komst.

Þegar yfir rannsókn þessa sakamáls er litið, verður ekki séð, að um aðra kosti hafi verið að ræða en hneppa þessa menn í gæsluvarðhald og rannsaka, hvaða hugsanlega hlutdeild þeir hafi getað átt í verknaðinum. Það tókst að upplýsa um sakleysi þeirra að lokum, en það tók sinn tíma, og verður ekki séð, að þar hafi átt sinn þátt nokkur mistök eða gáleysi rannsóknarmanna, sem skapi ríkissjóði aukna bótaábrygð gagnvart mönnunum. Menn eru varnarlausir fyrir slíkum sakaráburði, og er meinsæri því meiri háttar afbrot í almennum hegningarlögum, og liggur við því allt að 16 ára fangelsisrefsing, hafi brotið haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi, eins og hér var raunin á. Þau Erla, Sævar og Kristján stóðu því beinlínis að því, að mennirnir voru teknir höndum og settir saklausir í gæsluvarðhald, sem þeir eiga rétt á að fá bætt skv. reglum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Ríkissjóður ber ábyrgð á slíkum bótum, enda þótt sýnt sé, að athafnir þær, sem bótaskyldar eru, hafi verið óviðráðanlegar, eins og á stóð, og rannsóknardómara og lögreglumönnum verði á engan hátt kennt um. Ber því að dæma stefnda ríkissjóð til að greiða stefnanda bætur fyrir fjártjón það og miska, sem hann verður talinn hafa orðið fyrir.

Í kröfugerð sinni hefur stefnandi ekki aðgreint kröfu fyrir sérstakt fjárhagstjón, er hann hafi orðið fyrir vegna aðgerða stefndu, en telja verður,

að líkur séu fyrir slíku tjóni. Dómurinn telur einsýnt, að stefnandi hafi liðið þjáningar í gæsluvarðhaldinu og eftir það og að mikið andlegt álag sé að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum með úrskurðum og verður að lokum 90 dagar á lengd. Þótt ekki sé fallist á það með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, verður að telja, að miski sé nógur samt. Verður að telja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 15.500.000. Er þá sérstaklega haft í huga, að stefnandi hafði ekkert gert, sem varpað gat grun á hann fyrir hinn alvarlega verknað, sem hann var borinn sökum. Hér var einungis um að ræða samantekin ráð afbrotamanna um að varpa sök á stefnanda og þrjá menn aðra, ef athygli færi að beinast að þeim fyrir verknað, sem þau höfðu sjálf unnið. Þetta mál er svo sérstakt og vakti svo mikið umtal meðal alls almennings í landinu, að seint verður um gróið. Verður stefndu gert að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum, eins og krafist er. Dómvextir ákveðast hæstu innlánsvextir skv. 1. gr. laga nr. 56/1979.

Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.300.000, en af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður stefnanda, Jón Ólafsson hæstaréttarlögmaður, kr. 2.200.000 í málssóknarlaun.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregist vegna umfangs málsins.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Sigurbirni Eiríkssyni, kr. 15.500.000 með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979 og 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, kr. 2.300.000, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.200.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. mars 1983.

Nr. 127/1980. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Magnúsi Leópoldssyni og Hafsteini Baldvinssyni hæstaréttarlögmanni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
og
Magnús Leópoldsson
gegn
fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Lögmannslaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 23. júlí 1980. Dómkröfur hans eru þær, að bótafjárhæð til handa gagnáfrýjanda, Magnúsi Leópoldssyni, og fjárhæð málssóknarlauna stefnda, Hafsteins Baldvinssonar, verði lækkaðar til mikilla muna. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. ágúst 1980. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 497.700.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli

þessu og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir reynast á hverjum tíma.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjárhæð, en með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Hafsteinn Baldvinsson, krefst staðfestingar á ákvörðun héraðsdóms um málssóknarlaun.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að bætur til gagnáfrýjanda, Magnúsar Leópoldssonar, beri að ákvarða á grundvelli XVIII. kafla laga nr. 74/1974, sbr. 150., 152. og 155. gr., en aðaláfrýjandi hefur viðurkennt þá bótaábyrgð. Við ákvörðun miskabóta til gagnáfrýjanda ber einkum að líta til þess, að honum var haldið saklausum í gæsluvarðhaldi um 3½ mánaðar skeið vegna gruns um, að hann væri viðriðinn stórfelldar misgerðir, þar á meðal það alvarlegasta afbrot, sem um ræðir. Húsakynni þau, sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar vistunar. Á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og í framhaldi af því, varð gagnáfrýjandi síðan fyrir barðinu á einstæðri umræðu í ýmsum fjölmiðlum, er vógu að mannorði hans og annarra með getsökum og hleypidómum. Í kjölfar gæsluvarðhaldsins fylgdi skerðing á ferðafrelsi og grundsemdir, uns hið sanna í málinu var í ljós leitt.

Þegar ákveða skal miskabætur, er ekki eingöngu á hina óvenjulangvinnu gæsluvarðhaldsvist að líta, heldur einnig þá fáheyrðu andlegu og líkamlegu raun, sem henni var samfara, þótt gagnáfrýjandi hafi að lokum verið hreinsaður af öllum grun.

Með vísan til framanritaðs þykja miskabætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 220.000.00 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 10. maí 1976, svo sem segir í dómsorði.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir fjárhagstjón er eigi studd nægilegum rökum og verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 62.000.00 krónur.

Að því er varðar kröfu aðaláfrýjanda á hendur stefnda, Hafsteini Baldvinssyni, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi Leópoldssyni, 220.000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 62.000.00 krónur.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Við teljum miskabætur til gagnáfrýjanda, Magnúsar Leópoldssonar, hæfilega ákveðnar 270.000 krónur. Í þeirri fjárhæð hefur verið tekið tillit til vaxta frá gæsluvarðhaldstíma, og samkvæmt því teljum við, að dæma ætti aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, til að greiða gagnáfrýjanda upphæðina með hæstu innlánsvöxtum frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma.

Að öðru leyti erum við sammála rökstuðningi og niðurstöðum meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi hinn 24. mars sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 21. júlí 1977, af Magnúsi Leópoldssyni framkvæmdastjóra, þá til heimilis að Hagamel 22, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði bætur samkvæmt 18. kafla laga nr. 74/1974 að fjárhæð kr. 49.770.000 auk 13% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 26. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim tíma til 20. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 31. maí 1979 og dómvexti frá 1. júní 1979 til greiðsludags. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að stefndu greiði honum aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með vöxtum, eins og greinir í aðalkröfu. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu skv. framlögðum reikningi, samtals að fjárhæð kr. 4.827.934.

Stefndu gera þær dómkröfur, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir

Stefndi var handtekinn hinn 26. janúar 1976 og úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald sama dag. Gæsluvarðhaldsvist hans var síðan tvívegis framlengd um 30 daga í hvort sinn, fyrst með úrskurði 11. mars 1976, en síðan með úrskurði 11. apríl 1976. Stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í lok hins síðasta tímabils, 9. maí 1976, og hafði þá setið í gæsluvarðhaldi í 105 daga. Þá varð hann að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976.

Hinn 26. janúar 1976 voru auk stefnanda handteknir á sama tíma og af sama tilefni tveir aðrir menn, þeir Einar Gunnar Bollason og Valdimar Olsen, og hinn fjórði, Sigurbjörn Eiríksson, var handtekinn hinn 11. febrúar 1976. Þessir fjórir menn voru allir látnir lausir úr gæsluvarðhaldinu hinn 9. maí 1976, en öllum var gert að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976. Handtökurnar hinn 26. janúar fóru allar fram á heimilum mannanna kl. 6 um morguninn, sem var mánudagur. Þessi tími hafði verið valinn, svo nokkuð öruggt væri, að til allra mannanna næðist samtímis. Kvöldið áður höfðu verið kveðnir upp úrskurðir í sakadómum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar um heimildir til handtakanna til þess að tryggja, að þær gengju tafarlaust fyrir sig. Enginn mannanna sýndi minnsta mótþróa, og voru þeir allir fluttir í fangelsið við Síðumúla, og var tilefni handtökunnar þar skýrt fyrir þeim. Sigurbjörn Eiríksson, sem handtekinn var 11. febrúar 1976, var einnig fluttur í fangelsið í Síðumúla.

Á þessum tíma stóð yfir umfangsmikil rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem fór frá heimili sínu í Keflavík kvöldið 19. nóvember 1974. Rannsókn þessi hafði staðið í rúmt ár og vakið gífurlega athygli almennings, og skýrðu fjölmiðlar sífellt frá henni og höfðu uppi getsakir um afdrif mannsins. Lögreglan fékk þegar í upphafi augastað á manni, sem komið hafði í Hafnarbúðina í Keflavík, gengið þar stutta stund um gólf, en svo fengið að hringja, og var talið, að þessi maður hefði hringt í Geirfinn Einarsson. Lögreglan auglýsti eftir þessum manni í fjölmiðlum, en án árangurs. Þá var mótuð af manninum leirstytta að fyrirsögn sjónarvotta, að því er rannsóknarlögreglan skýrði frá, og var myndin birt í fjölmiðlum þriðjudaginn 26. nóvember 1974 jafnframt því sem gefin var út lýsing á manninum. Strax og myndin hafði verið birt í fjölmiðlum, fóru að spinnast sögusagnir, sem tengdu stefnanda við hvarf Geirfinns, og mun rannsóknarlögreglunni hafa borist upplýsingar um, að myndin væri af stefnanda. Sögusagnir þessar urðu svo magnaðar, að stefnandi sá ástæðu til þess að rita dómsmálaráðuneytinu bréf þann 3. febrúar 1975 með ósk um, að fram yrði látin fara rannsókn á uppruna þessara sögusagna og orsökum, þar sem sögurnar mögnuðust frekar en hitt við frásagnir löggæslumanna þeirra, sem komu fram í fjölmiðlum og tengdir voru rannsókninni á hvarfi Geirfinns.

Á þeim tíma, sem stefnandi var handtekinn, hafði tvítug stúlka, Erla Bolladóttir, nýlega verið látin laus úr gæsluvarðhaldi, sem hún hafði setið í vegna gruns um aðild að póstsvikamáli. Sambýlismaður hennar og barnsfaðir, Sævar Marínó Ciesielski, einnig tvítugur að aldri, sat þá í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að öðru mannshvarfi, hvarfi Guðmundar Einarssonar úr Reykjavík í janúar 1974. Kristján Viðar Viðarsson, kunningi þeirra og vinur, einnig tvítugur að aldri, sat og í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Þá gerðist það, að hinn 22. janúar 1976 skýrði Erla Bolladóttir þeim, sem að rannsókn málsins unnu, að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símhringingum. Hún var því boðuð til yfirheyrslu að kvöldi hins 22. janúar. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, og Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður ræddu við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla, og á sama tíma ræddi Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður við Sævar Marínó í yfirheyrsluherbergi fangelsins, og vissi hvorugt um nærveru hins. Sævar Marínó var þá spurður, hvort hann vissi, við hvað Erla væri hrædd, og sagði hann þá, að það mundi vera vegna Geirfinnsmálsins. Var hann inntur nánar eftir því máli, og nefndi hann þá nöfn þeirra Einars Gunnars, Valdimars og Magnúsar og sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leyti sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Tekin var skrifleg skýrsla af Sævari Marínó um þessi atriði. Á sama tíma komu fram mjög svipuð atriði hjá Erlu, en skrifleg skýrsla var ekki tekin af henni

fyrr en daginn eftir, hinn 23. janúar. Þann dag var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari, sem viðurkenndi að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur. Hann sagði, að farið hefði verið í Dráttarbrautina í Keflavik, þar sem verið hefðu Sævar Marinó og Erla ásamt Einari Gunnari Bollasyni og fleira fólki. Þau Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar héldu áfram að bendla þessa fjóra menn við hvarf Geirfinns Einarssonar í framburðum sínum í eftirfarandi skýrslum:

Kristján Viðar taldi framangreinda menn viðriðna hvarf Geirfinns sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. og 27. janúar 1976, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl sama ár. Enn fremur á dómþingi sakadóms hinn 31. mars og 6. apríl 1976.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar 1976.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976 og enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976. Enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars og 8. apríl sama ár.

Sævar Marinó bendlaði þá við hvarf Geirfinns við yfirheyrslur sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Erla Bolladóttir bendlaði framangreinda menn við málið sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976 svo og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars og 7. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 3. og 10. febrúar og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 3. febrúar og 1. september 1976.

Framburðir ákærðu leiddu til þess, að þeir Valdimar Olsen, Einar Gunnar Bollason og Magnús Leópoldsson voru handteknir að morgni 26. janúar 1976. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neituðu þeir allir alfarið að hafa nokkra hugmynd um hvarf Geirfinns Einarssonar eða vita um nokkuð, sem varpað gæti ljósi á, hvernig það kynni að hafa borið

að höndum. Þennan sama dag voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Hinn 11. mars 1976 var gæsluvaðhald þeirra framlengt í allt að 30 dögum, og hinn 9. apríl var það enn framlengt í allt að 30 dögum.

Sigurbjörn Eiríksson var handtekinn hinn 11. febrúar 1976, og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neitaði hann með öllu að vita nokkuð um það, hvernig hvarf Geirfinns Einarssonar kynni að hafa borið að höndum. Sigurbjörn var þennan dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Það gæsluvarðhald var síðan framlengt hinn 27. mars í allt að 30 dögum og enn hinn 26. apríl í allt að 45 dögum.

Hinn 9. maí 1976 var svo öllum mönnunum fjórum sleppt úr haldi. Neituðu þeir allan þann tíma, á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi, að eiga nokkurn hlut að hvarfi Geirfinns Einarssonar eða hafa yfirleitt nokkra hugmynd um málið.

Undir hinni umfangsmiklu rannsókn málsins fór grunur að beinast að þeim Sævari Marínó, Erlu og Kristjáni Viðari um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og í yfirheyrslum fóru þau að staðhæfa, að Guðjón Skarphéðinsson hefði átt þátt í dauða Geirfinns. Guðjón þessi var handtekinn hinn 12. nóvember 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Skýrði hann að lokum frá raunverulegum afdrifum Geirfinns. Hinn 16. mars 1977 var gefin út ákæra á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marínó Ciesielski, Guðjóni Skarphéðinssyni og Erlu Bolladóttur fyrir manndráp og rangar sakargiftir. Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marino og Erlu var gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Leiddu þessar sakargiftir til þess, að mönnum þessum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur viðurkenndu þau Erla og Sævar Marínó, að þetta væri rétt. Sævar Marínó kvað þetta hafa verið samatekin ráð upphaflega og gerð í því skyni að rugla fyrir rannsóknaraðilja við rannsókn málsins. Erla skýrði frá því, að einhvern tímann stuttu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og dauða Geirfinns Einarssonar hafi ákærðu öll hist heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82. Þau hafi rætt sín á milli, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Ákveðið hafi verið að blanda „Klúbbmönnum", þ. e. Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni, inn í málið, ef upp kæmist, svo og bróður hennar, Einari Bollasyni, og Valdimar Olsen. Erla skýrði frá því, að þeim Sævari Marínó hafi báðum verið illa við Einar, bróður hennar,

og lýsti hún því, er hún taldi Einar hafa gert á hluta hennar, og nefndi m. a., að Einar hafi verið mikið á móti því, að hún væri með Sævari Marínó. Erla kvaðst ekki hafa átt neitt sökótt við Valdimar Olsen og hann hafi aldrei gert neitt á hennar hluta. Hún hafi þekkt Huldu, systur Valdimars, og taldi Erla, að Valdimar hafi verið blandað í málið til þess að gera það eitthvað trúlegra. Hins vegar viðurkenndi Kristján Viðar ekki, að þetta væri rétt, og kannaðist ekki við, að það hefðu verið samantekin ráð að blanda ofangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Hann skýrði frá því, að hann teldi, að sagan um tengsl þeirra Einars Bollasonar, Valdimars Olsen og Sigurbjörns Eiríkssonar við málið hafi verið frá Erlu komin og að lögreglumennirnir hafi trúað henni.

Guðjón Skarphéðinsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1976, að hann gæti fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir saklausir af dauða Geirfinns Einarssonar. Hann hafi engan þátt átt í því að bendla þá saklausa við þetta mál. Hann sagði, að verið gæti, að eftir að Sævar Marínó kom til landsins frá Danmörku í mars 1975, hafi hann látið eitthvað að því liggja, svo Guðjón heyrði, að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Það hafi þá verið almannarómur, en alls ekki hafi verið talað um að flækja málið með því að bendla þá við það, ef ákærðu yrðu handtekin. Hann kvað sér hafa verið fullljóst, að þessir menn væru saklausir, þegar þeir voru settir í gæsluvarðhald, og hafi þetta hvílt mjög á samvisku sinni, þótt hann hefði ekki haft kjark til að segja frá málinu þá.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember 1977, voru ákærðu Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar fundin sek og talin hafa gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Segir í dóminum:

„Ákærðu Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar hafa öll viðurkennt að hafa gefið áður raktar skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi um þátttöku margnefndra fjögurra manna í ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og í átökum, sem leiddu til dauða Geirfinns Einarssonar, svo og um smygl þeirra á áfengi. Ákærðu Sævar Marínó og Erla fullyrða bæði, að það hafi verið samantekin ráð allra ákærðu að bendla menn þessa við málið, ef þau yrðu handtekin, til að torvelda rannsóknina. Þessu hefur Kristján Viðar neitað, en framburðir hans gefa þetta þó sterklega til kynna. Verður að telja, að hann beri fulla ábyrgð á framangreindum skýrslum sínum og framburður hans um, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi ráðið því, hvert yrði efni þessarra skýrslna, ekki tekinn til greina."

Í dómi þessum var talið sannað, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marínó og Guðjón hafi ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni í Keflavík um kvöldið 19. nóvember 1974, tekið hann hálstaki, barið hann með hnefum og spýtu, uns hann beið bana. Var tekið fram, að þótt ákærðu

segist ekki hafa ætlað að svipta Geirfinn lífi, hafi árásin á hann verið með þeim hætti, að þeim hafi átt að vera ljóst, að hún gat leitt til dauða. Voru ákærðu því taldir hafa með atferli sínu orðið brotlegir gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marínó voru og fundnir sekir um að hafa svipt lífi Guðmund Einarsson í Hafnarfirði auk auðgunarbrota og fleiri brota. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 22. febrúar 1980.

Í dómi Hæstaréttar segir um II. kafla ákærunnar, þ. e. um rangar sakargiftir á hendur Erlu Bolladóttur, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marínó Ciesielski, að framburðir hinna ákærðu, þar sem þau bendla fjóra nafngreinda menn við andlát Geirfinns Einarssonar, séu raktir í héraðsdómi svo og játningar ákærðu Erlu og Sævars um, að þetta hafi verið samantekin ráð hjá hinum ákærðu til að torvelda rannsókn málsins. Ákærði Kristján hafi að vísu ekki gengist við því, að um samantekin ráð hafi verið að ræða, en fullljóst sé, að hann hafi borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund og beri refsiábyrgð á því. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til héraðsdómsins beri að staðfesta þau málalok, að hin ákærðu hafi með háttsemi sinni gerst sek um brot á 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 101/1976, sem hér eigi við, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Framburðir ákærðu hafi leitt til þess, að þeir fjórir menn, sem þau hafi borið sökum, hafi sætt alllangri gæsluvarðhaldsvist, og beri við ákvörðun refsingar að líta til þessara afdrifaríku afleiðinga af broti þeirra.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að ljóst sé, að hann hafi vegna gæsluvarðhaldsvistarinnar og frelsisskerðingar orðið að þola óbætanlegt tjón, bæði fjárhagslegt og ófjárhagslegt, sem ríkissjóði sé skylt að bæta samkvæmt ákvæðum í 18. kafla laga nr. 74/1974. Bótaskylda ríkissjóðs sé þó sýnu ríkari fyrir þá sök, að telja verði, að stefnanda hafi verið bakaður enn meiri miski en tilefni hafi staðið til. Meðal annars, í fyrsta lagi vegna aðferða þeirra, sem beitt hafi verið við handtökuna að nauðsynjalausu, þar sem hann hafi verið tekinn að næturlagi á heimili sínu að eiginkonu sinni og börnum viðstöddum og með þeim aðferðum, er hafi orðið dóttur hans tilefni til þess að spyrja móður sína, á meðan á handtökunni stóð, hvort faðir hennar væri bófi. Í öðru lagi vegna sífellds upplýsingastreymis frá rannsóknaraðiljum um gang rannsóknarinnar, sem hafi gefið tilefni til rangra ályktana um sök stefnanda. Í þriðja lagi með ótímabærum blaðamannafundum rannsóknardómarans, er hann hafi haldið í tilefni rannsóknar málsins og hálfkveðnum frásögnum, sem hafi gengið svo langt, að lögmaður stefnanda hafi séð ástæðu til þess að koma á framfæri við

fjölmiðla andmælum vegna villandi frásagna rannsóknardómarans á slíkum fundum. Öll framkoma rannsóknaraðilja hafi verið með þeim fádæmum, að leitt hafi til umfjöllunar í fjölmiðlum með þeim hætti og í þeim mæli, að þess munu engin dæmi í allri sögu réttvísinnar hér á landi. Þar hafi gengið fram fyrir skjöldu einstakir furðufulgar, ótilkvaddir og tilkvaddir, sem hafi áður fjallað um rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, en hafi séð sig tilneydda að koma á framfæri samhengi þessarar rannsóknar rannsóknum á stórfelldu smygli á spíra, svonefndu „Klúbbmáli", og stórfelldri Mafiustarfsemi, sem stefnandi væri þátttakandi í og jafnvel væri vernduð af sjálfum dómsmálaráðherranum, Ólafi Jóhannessyni, og hafi gengið svo langt, að málið hafi komið til umræðu á Alþingi. Málið hafi fyrir þessa sök hlotið miklu meiri athygli alþjóðar og hafi stefnandi af þessum sökum mátt þola umfangsmikla ófrægingarherferð fjölmiðla og einstakra manna, sem hafi bakað honum ómældan miska, sem aldrei verði að fullu bættur. Þannig sé ábyrgð stefndu margfallt ríkari en reglur 18. kafla laga um meðferð opinberra mála geri ráð fyrir og gefi til kynna, vegna þess að hér hafi verið um hrein afbrot eða jafnvel beinan ásetning þjóna réttvísinnar að ræða. Komi þar helst til gerð leirmyndarinnar. Um gerð þessarar leirmyndar hafi farið fram sérstök rannsókn, sem lögð hafi verið fram í máli þessu, og styðji hún þann grun, að alltaf hafi átt að bendla stefnanda við þetta mál til þess að ná „Klúbbmönnum". Þarna hafi verið á ferð ákveðnir aðiljar og hafi þessi grunur styrkst við, að Haukur Guðmundsson, þáverandi lögreglumaður, hafi verið kærður fyrir ólöglega handtöku á Guðbjarti heitnum Pálssyni. Stefnandi haldi því fram, að rannsóknin á gerð leirmyndarinnar leiði í ljós, að leirmyndin hafi ekki verið gerð eftir lýsingu sjónarvotta, eins og gefið hafi verið í skyn, heldur séu sterkar líkur fyrir því, að leirmyndin sé mótuð eftir mynd af stefnanda sjálfum, og það hafi einn sjónarvotturinn sagt. Þessi gerð leirmyndar sé því kveikjan að því samsæri um rangan framburð, sem síðar hafi komið í ljós, enda hafi sögur borist til stefnanda fljótlega eftir hvarf Geirfinns Einarssonar um þátt hans og Sigurbjörns Eirikssonar í hvarfi hans. Síðan hafi komið til hið sífellda upplýsingastreymi rannsóknaraðilja, sem aukið hafi miska stefnanda til muna. Beri þar hæst svokallaðan blaðamannafund rannsóknaraðilja 26. mars 1976, sem fjölmiðlar hafi skýrt frá daginn eftir, en þar hafi verið talið, að sönnun um sekt stefnanda væri fram komin.

Rök stefnanda fyrir fjárhæð kröfu sinnar eru þau helst, að hann hafi orðið fyrir svo miklu tjóni, bæði ófjárhagslegu og fjárhagslegu, að stefndu verði að greiða honum verulega fjárhæð fyrir. Sé spurt, hvert það fjártjón og hver sá miski sé, sem telja verði, að skylt sé að bæta í þessu tilviki, þá sé eðlilegt að fjalla fyrst um þann miska, það ófjárhagslega tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna varðhaldsvistarinnar og þess gruns, sem

hún varpi á persónu hans og æru. Þá beri að líta til þeirra andlegu og líkamlegu þjáninga, sem hann hafi liðið í gæsluvarðhaldsvistinni, og þeirrar hneisu og mannorðsskemmdar, sem hann hafi saklaus orðið að þola í fjölmiðlum næstum dag hvern, á meðan á varðhaldsvistinni hafi staðið og lengi á eftir, og til þeirra óþæginda, sem allt umtal um mál þetta hafi bakað honum og eigi enn eftir að baka honum í framtíðinni, og loks til þeirrar röskunar, sem orðið hafi á stöðu hans og högum í þjóðfélaginu við atburði þessa alla. Sé litið til þessara atriða, þá beri fyrst að líta á sjálfa gæsluvarðhaldsvistina í fangelsinu. Það hljóti að liggja í augum uppi, hversu mikla þjáningu það baki saklausum manni að vera vakinn upp að áliðinni nóttu á heimili sínu af þjónum réttvísinnar og að vera færður undir eftirliti þriggja lögreglumanna til fangelsis, án þess að upp séu gefnar einhverjar ástæður fyrir handtökunni. Menn geti einnig hugsað sér þá sálarkvöl og örvæntingu að sitja einn í klefa á þriðju klukkustund og reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða orsakir geti legið til slíks harðræðis. Öllum sé hollt að hugsa sér og gera sér í hugarlund, hvílíkar andlegar sálarkvalir maður í slíkri aðstöðu hljóti að hafa liðið, er hann sé leiddur fyrir rannsóknarlögregluna og honum tilkynnt, að grunur leiki á um aðild hans að hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem stefnandi, saklaus með öllu, hafi fylgst með rannsókn á í dagblöðum á sínum tíma. Menn hljóti að geta gert sér grein fyrir þeirri angist, sem hljóti að heltaka hvert mannsbarn, sem tilkynnt sé, að það skuli svift öllu frelsi í a. m. k. 45 daga vegna gruns um, að það hafi tekið þátt í glæp, sem sé svo fjarri allri skaphöfn þess og lífsviðhorfi og stríði gegn öllu því, sem það hafi lagt trú á í uppvexti sínum. Fljótlega eftir komu sína í fangelsið hafi taugar stefnanda tekið að bila vegna hins andlega álags, sem hann hafi orðið að þola. Guðsteinn Þengilsson fangelsislæknir hafi komið nokkrum dögum síðar og gefið fyrirmæli um lyfjagjöf til stefnanda, en lyfjagjöfin hafi verið það sterk, að er lögmaður hans hafi komið í heimsókn til hans, hafi hann verið undir svo sterkum áhrifum lyfja, að það hafi gefið honum tilefni til þess að ræða við lækninn, sem þegar hafi gefið fyrirmæli um minnkun lyfjagjafar um helming. Þrátt fyrir lyfjagjöfina hafi andleg vanlíðan stefnanda magnast svo, að lögmaður hans hafi rætt þann möguleika við rannsóknardómarann, að hann yrði vistaður til gæslu á sjúkrahúsi. Þá hafi verið höfð góð orð um, að slíkt yrði tekið til athugunar, en allt án árangurs. Stefnandi hafi smám saman misst heilsuna í gæsluvarðhaldinu vegna mikilla líkamlegra þjáninga af völdum magabólgu, sem hafi ágerst eftir því sem tíminn leið. Kuldi og dragsúgur hafi verið í klefanum og síðar hafi upplýst, að það hafi verið vegna bilaðrar lofthitunar. Klefinn hafi aðeins verið þrifinn einu sinni allan tímann, sem stefnandi var í honum, og vegna heilsutjóns síns hafi stefnandi misst fljótlega alla matarlyst og muni hafa létst um 13 kg í gæsluvarðhaldinu. Hann

hafi aldrei fengið að lesa dagblöð eða að hlusta á útvarp og engar heimsóknir hafi hann fengið í varðhaldið í 105 daga.

Þegar litið sé til skrifa fjölmiðla um mál þetta á sínum tíma, sé ljóst, að sú hneisa og ærusvifting, sem hann hafi orðið að þola, muni aldrei fyrnast. Rógurinn og söguburðurinn hafi gengið um landið allt og rist djúpt í hugskoti og vitund almennings í landinu. Stefnandi telji sig ekki gjaldgengan lengur á almennum vinnumarkaði vegna hins illa umtals, er persóna hans hafi orðið að þola.

Stefnandi telji þó, að ef til vill hafi þyngsta raunin verið að reyna að vinna á nýjan leik það traust og þann trúnað, sem hafi ríkt með honum og börnum hans. En vegna þessara atburða hafi hann orðið að selja íbúð sína og leysa upp heimili sitt og koma dætrum sínum fyrir hjá föður sínum í Borgarfirði vegna aðkasts, sem þær hafi orðið fyrir í skólanum af hendi barna, og hafi dætur hans ekki orðið aðnjótandi neinnar skólagöngu þann vetur. Stefnandi taki fram, að erfitt sé að meta beint fjárhagstjón hans vegna gæsluvarðhaldsins. Hann hafi haldið launum hjá Klúbbnum, fyrirtæki því, sem hann hafi starfað við, allan þann tíma, sem hann hafi setið í gæsluvarðhaldsvistinni. Eiginkona hans, Björk Valsdóttir, hafi tekið við rekstri fyrirtækisins, á meðan á varðhaldsvistinni stóð. En hann telji afleiðingu varðhaldsins, umtalsins og þess gruns, sem orðið hafi að vissu í fjölmiðlum og hugskoti almennings, vera, að hann og fyrirtæki hans hafi verið svipt öllu lánstrausti og hafi á sumum sviðum jafnvel verið gengið harðar fram í innheimtu skulda en áður. Hann hafi orðið að selja íbúð sína til þess að halda rekstrinum gangandi og hafi það verið þrautaráð. Íbúðin hafi selst á 9 milljónir króna, en fasteignasalar hafi talið íbúðina 9.6 til 9.8 milljón króna virði. Stefnandi rökstyðji fjárhæð kröfu sinnar einnig með því að benda á, að það sé ávallt matsatriði, hvernig bæta skuli tjón sem þetta, og hafi sú leið verið farin við ákvörðun kröfufjárhæðar að miða við dóm Hæstaréttar í málinu nr. 79/1958, sem kveðinn var upp árið 1959. Þar hafi Róbert P. Walsh, sem haldið hafi verið í gæslu í einn sólarhring þann 22. október 1955, verið dæmdar bætur að fjárhæð kr. 15.000.00. Meðallaun verkamanna hafi verið þá kr. 17.85 á klukkustund, en séu í maímánuði 1976 kr. 382.02, eða hafi liðlega 21 faldast. Ef sambærilegar bætur ættu að koma í hlut stefnanda, mundu þær nema hinni umstefndu fjárhæð, kr. 49.768.875, fyrir frelsisskerðingu í 155 daga, frá 26. janúar til 1. júlí 1976. Stefnandi leggi ríka áherslu á, að til þess að veita honum alsaklausum uppreisn æru gagnvart almenningsálitinu sé aðeins ein leið til og hún sé sú að dæma honum bætur að þeirri fjárhæð, sem fái almenning til að trúa því, að hann hafi setið saklaus í gæsluvarðhaldinu. Sú fjárhæð, sem gerð sé krafa um, gæti veitt æru stefnanda einhverja uppreisn gagnvart almenningsálitinu, þótt fjárhæðin eða önnur fjárhæð hærri megni aldrei að bæta

allt það tjón, sem gæsluvarðhaldið hafi bakað honum. Rótgróið í menningu okkar þjóðar sé, að tjón á æru manna og heiðri skuli bætt með fé, og rík sjónarmið hafi ætíð verið um, að slíkt megi ekki bæta lágt. Þá sé verra bætt en ekkert, þá sviði undan.

Stefndu viðurkenna bótaskyldu, þar sem hún sé hlutlæg í tilvikum sem þessu. Stefndu styðja kröfu sína um lækkun bótakrafna stefnanda þeim rökum, að þær séu allt of háar og fjarstæðukenndar. Af stefndu hálfu sé viðurkennt, að stefnandi hafi setið saklaus í gæsluvarðhaldi, og um slíkt sé ekki deilt í málinu. Hins vegar sé á engan hátt á það fallist, að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd rannsóknarinnar og að bótaskylda sé fyrir hendi af þeirri ástæðu. Reglur um meðferð opinberra mála geri ráð fyrir í 1. tl. 67. gr. laganna, að mjög rúm heimild sé til þess að hneppa menn í gæsluvarðhald. Um það gildi ekki regla refsiréttarins „in dubio pro reo" og þar með sé því fjarri, að sök aðilja þurfi að liggja fyrir, til þess að heimilt sé að hneppa hann í gæsluvarðhald. Þarna sé því mikið vald lagt í hendur rannsóknardómarans og raddir hafi heyrst um það, að breyta þessu fyrirkomulagi. Tillaga þess efnis hafi komið fram á Alþingi, en hafi ekki náð fram að ganga. Þetta fyrirkomulag hafi því verið ákveðið og menn hafi ekki viljað breyta því, þótt það geti haft slík tilvik, sem mál þetta fjallar um, í för með sér. Andsvar við hinni ríku heimild til gæsluvarðhalds sé síðan að finna í bótareglum XVIII. kafla laganna og sé bótaábyrgð ríkissjóðs þar miklu ríkari en almennt gerist og engin sé þörf á að áfellast viðkomandi dómara. Einungis sé þess krafist, að sá, sem sat í gæsluvarðhaldi, hafi líkur með sér að vera sýkn, þá fái hann dæmdar bætur. Þetta sé það fyrirkomulag, sem lögin geri ráð fyrir, og það beinlínis bjóði upp á, að slys sem þetta geti gerst og mæli því enginn í mót. Þá sé einungis ósvarað spurningunni: Hvernig tjónið skuli bætt? Um þetta séu skoðanir skiptar. Sumir vilja halda fram táknrænum bótum, en aðrir vilja, að mjög háar fjárhæðir séu dæmdar. Háar fjárhæðir hljóti að byggjast á varnaðarsjónarmiðum skaðabótaréttarins, en í þessum tilvikum sé þeim ekki til að dreifa. Þegar tilgangur skaðabóta sé athugaður, þá sé ljóst, að erfitt sé að rökstyðja, að háar fébætur eigi frekar rétt á sér en táknrænar bætur. Dómstólar eigi úrskurðarvald um fjárhæðina og um slíkar fjárhæðir hafi aldrei verið samið og sé þetta því hin eðlilega leið, sem farin hafi verið.

Stefndu andmæla því, að um nokkur mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna, sem leitt hafi til hinnar löngu gæsluvarðhaldsvistar stefnanda og þeirra þriggja annnarra manna, sem hana þurftu að þola saklausir. Þeir hafi verið settir í gæsluvarðhaldið af óviðráðanlegum ástæðum, sem byggst hafi á því, að fram hafi komið samhljóða framburðir þriggja manna um aðild þeirra. Framburðir þessara manna hafi fallið í sama farveg og framburður manns nokkurs hjá lögreglu í október 1975, en þá hafi ekki

þótt næg ástæða til aðgerða af þessu tagi. Þessir sakaráberar hafi verið í einangrun hver frá öðrum í marga mánuði og hafi því verið ólíklegt, að um samræmdan framburð hjá þeim væri að ræða. Þarna hafi verið stærstu afbrotamál síðari tíma í rannsókn, flókin og erfið viðureignar, og því hafi þurft að sýna fulla varúð. Rannsóknin á aðild fjórmenninganna hafi verið heildstæð og þeim hafi reynst erfitt að bera fram fjarvistarsannanir. Við rannsókn á meðferð ólöglegs áfengis hafi ýmislegt komið í ljós um stefnanda, sem síst af öllu hafi sýnt hann saklausann af áburði um meðferð á smygluðu áfengi og ólöglegu. Hæstiréttur hafi þegar staðfest réttmæti þessara aðgerða, þegar úrskurðir hafi verið kærðir til hans. Þannig sé fráleitt að telja, að um mistök hafi verið að ræða við uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurða. Því megi ekki gleyma, að sakamál þessi hafi reynst erfið og flókin í rannsókn og þau hafi tekið að þrúga allt þjóðlífið og setja svip sinn á stjórnmálaumræður. Í vitund almennings að minnsta kosti hafi þau tengst, með réttu eða röngu, fjölmörgum afbrotamálum öðrum. Við slíkar aðstæður hefði verið óverjandi með öllu af hálfu rannsóknaraðilja að láta ekki svo samræmdan framburð einangraðra sakarábera leiða til harkalegri viðbragða en ella, þar sem minnstu málsspjöll hafi getað skipt sköpum um það, hvort nokkru sinni tækist að ráða hinum torleystu sakamálum til lykta. Ekkert hafi verið til sparað af hálfu stefndu til að leiða sannleikann allan í ljós. Það hafi tekist og í ársbyrjun 1977 hafi tekist að hreinsa stefnanda og aðra þrjá gæsluvarðhaldsfanga af hinum illa grun, sem á þá hafði fallið af óviðráðanlegum orsökum. Síðan hafi sakaráberarnir verið ákærðir fyrir meinsæri og dæmdir fyrir það í sakadómi og Hæstarétti.

Stefndu telji tilhæfulaust, að miski stefnanda hafi aukist vegna þess, hvernig að handtökunni hafi verið staðið. Þvert á móti hafi verið reynt að vekja sem minnsta athygli með því að hafa handtökuna svo snemma morguns, enda hafi það og verið nauðsynlegt, eins og á stóð. Um dvöl stefnanda í fangelsinu sé því andmælt, að aðbúnaði hafi verið svo stórlega ábótavant sem stefnandi segi. Viðurkennt sé, að hita- og loftræstikerfi hafi verið gallað, og hafi það verið lagað eftir þetta og endurnýjað. Stefndu benda á, að aðstaða til að láta stefnanda njóta útivistar hafi ekki verið fyrir hendi, en engar reglur hafi verið til um slíkt. Varðandi samskipti rannsóknaraðilja við fjölmiðla, sem stefnandi leggi svo mikla áherslu á í miskabótakröfu sinni, þá geti stefndu á engan hátt fallist á sjónarmið hans. Blaðamannafundurinn 26. mars í sakadómi hafi verið nauðsynlegur. Þar hafi verið gerð grein fyrir höfuðatriðum rannsóknarinnar, þar sem ekki varð hjá því komist að gefa almenningi einhvern kost á að fylgjast með framvindu mála. Fjölmiðlar hafi leitað mjög fast eftir fréttum af rannsókninni og hafi þeir oft látið í ljósi óánægju með það, hversu handbærar upplýsingar hafi verið af skornum skammti. Á blaðamannafundinum hafi verið

kallað eftir upplýsingum og tveir menn hafi gefið sig fram sem ökumenn Erlu Bolladóttur eftir þennan fund og sýni það þegar nauðsyn fundarins. Þegar þetta sé virt og einnig, að af hálfu sakadóms hafi mjög verið reynt að stilla í hóf frásögnum af gangi rannsóknarinnar og að innan sakadóms Reykjavíkur hafi engar upplýsingar verið gefnar út fyrir þröngan hóp rannsóknarmanna, sé ljóst, að um eðlilegar reglur hafi verið að ræða í samskiptum rannsóknarmanna við fjölmiðla og ríkisvaldið geti á engan hátt borið ábyrgð á þeim skrifum, sem einstök blöð, misvönd að virðingu sinni, hafi látið sér sæma að birta á þessum tíma um þátt hinna sakaðbornu manna. Telji stefnandi miska felast í slíkum skrifum, sé hann ekki á ábyrgð stefndu. Miskabótakrafa stefnanda sé því rakalaus og stefndu leggi áherslu á það, að miski stefnanda af gæsluvarðhaldinu hafi verið tímabundinn, en ekki til frambúðar. Þegar litið sé til fjárhæða þeirra, sem dæmdar hafi verið í Hæstarétti fyrir gæsluvarðhald að ósekju á undanförnum árum, komi í ljós, að viðmiðun stefnanda við einn dóm frá 1959 eigi ekki rétt á sér. Aðrir dómar hafi gengið síðan og séu bótafjárhæðir allmiklu lægri. Ljóst sé, að stefna Hæstaréttar sé að dæma táknrænar bætur í slíkum tilvikum og reikningsaðferð stefnanda til rökstuðnings þessum kröfulið standist ekki við samanburð á öðrum dómum. Sé t. d. skoðaður dómur Hæstaréttar árið 1975 í máli Flosa Halldórssonar gegn stefndu, en hann sat í gæsluvarðhaldi í 30 daga, komi í ljós, að eftir reikningsaðferð stefnanda hefði hann átt að fá í bætur kr. 2.190.000, en fékk tildæmdar kr. 350.000 í Hæstarétti, sem þó hafi verið hækkun frá dómi héraðsdóms. Þetta mál sé í raun að mörgu sambærilegt við mál stefnanda, þar sem aðili hafi þar verið endanlega hreinsaður af sakaráburði um alvarlegan glæp og hafi því haft tímabundinn miska, hann hafi haft mikla vanlíðan og skortur hafi verið á læknishjálp á gæsluvarðhaldstímanum.

Stefndu andmæla því sjónarmiði stefnanda, að aðeins sé ein leið fyrir hendi til að veita stefnanda alsaklausum uppreisn æru gagnvart almenningsálitinu, þ. e. að dæma honum bætur að þeirri fjárhæð, sem fái almenning til að trúa því, að hann hafi setið saklaus í gæsluvarðhaldinu. Stefnandi virðist halda því fram, að dómar sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1977 og Hæstaréttar 22. febrúar 1980 yfir sakaráberum, þar sem þeir hafa verið dæmdir í þyngstu refsingar fyrir meinsæri og mannorð stefnanda um leið hreinsað af öllum grun, hafi engu breytt um trú almennings um sekt eða sakleysi stefnanda. Einungis dómur þessi, að nógu margar beinharðar krónur skulu renna í vasa stefnanda, geti sannfært almenning um sakleysi hans. Stefndu telja þessa röksemdarfærslu með slíkum endemum, að hún dæmi sig sjálf og fái með engu móti staðist. Varðandi fullyrðingar stefnanda um, að hann sé ekki lengur gjaldgengur á almennum vinnumarkaði vegna hins illa umtals, sem persóna hans og æra hafi orðið fyrir vegna þessara at-

burða, taka stefndu fram og benda á, að einn þeirra fjögurra, er hafi að ósekju setið í gæsluvarðhaldi vegna meinsærisins, Einar Gunnar Bollason, hafi sótt um ábyrgðamikla stöðu í opinberri þjónustu eftir þessa atburði og fengið hana. Bendi þetta ekki til þess, að ofangreindar fullyrðingar stefnanda hafi við rök að styðjast. Stefndu andmæla alfarið þeirri fullyrðingu stefnanda, að læknisráð hafi að engu verið höfð, er yfirsakadómari hafi ekki séð ástæðu til að verða við þeim tilmælum, er til hans hafi verið beint í bréfi um sjúkrahúsvistun stefnanda. Sannleikurinn sé sá, að tilmæli þess efnis hafi aldrei komið til yfirsakadómara frá fangelsislækninum, Guðsteini Þengilssyni, hvorki skrifleg né munnleg, enda mundi hafa verið farið eftir þeim, eins og ævinlega sé gert í tilvikum sem þessum.

Stefndu andmæla einnig alfarið fullyrðingum stefnanda um, að mistök eða jafnvel ásetningsbrot hafi verið um að ræða við gerð myndastyttunnar í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Farið hafi fram rannsókn á gerð leirmyndarinnar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem rannsóknin beindist að því, hvort við gerð leirmyndarinnar hafi verið beitt aðferðum, sem talist gætu brot gegn 14. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefndu treysti sér ekki til að draga þær ályktanir, sem stefnandi og lögmaður hans dragi af þessari rannsókn. Hún hafi ekki leitt í ljós það, sem stefnandi og lögmaður hans hafi haldið fram. Stefndu benda einnig á, að um fjárhagstjón hjá stefnanda virðist ekki vera að ræða. Hann hafi haldið launum hjá fyrirtækinu, sem hann hafi starfað við, þ. e. Klúbbnum, allan þann tíma, er hann hafi setið í gæsluvarðhaldi. Fullyrðingar stefnanda um, að afleiðing varðhaldsins hafi verið, að hann og Klúbburinn hafi verið svipt öllu lánstrausti, standist heldur ekki, þegar hafður sé í huga orðstír fyrirtækisins svo og ákæra og áfellisdómur fyrir margvísleg fjármunabrot. Af því sé ljóst, að lánstraust stefnanda og Klúbbsins hefði í sjálfu sér verið vafasamt, þótt ekki hafi til þessarar rannsóknaraðgerðar komið. Bankaviðskipti stefnanda og þessa fyrirtækis hafi á þessum tíma verið með þeim hætti, að reikningum þeirra þar hafi, a. m. k. einhverjum, verið lokað áður vegna löglausrar meðferðar ávísana. Loks sé andmælt fullyrðingu stefnanda, að hann hafi beðið fjárhagstjón við sölu íbúðar sinnar. Stefndu draga þá niðurstöðu, að bótakröfur stefnanda séu fjarstæðukenndar og að stefnanda beri ekki nema óverulegur hluti þessarar gífurlegu fjárhæðar, sem hann hafi krafist.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið, urðu þau málalok bæði í sakadómi Reykjavíkur og Hæstarétti, að þeir Sævar Marínó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi ráðið Geirfinni Einarssyni bana í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974 og að Erla Bolladóttir hafi

um þetta vitað og tekið þátt í að flytja líkið á afvikinn stað, þar sem það hefur ekki fundist enn. Eftir þetta hafi verið samantekin ráð þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns að bendla fjóra nafngreinda menn við atburðinn til þess að torvelda rannsókn málsins. Þau hafi valið fjóra menn, stefnanda og þrjá aðra, og þessa menn báru þau sökum, sitt í hverju lagi hjá þeim, sem um rannsókn þessa umfangsmikla máls fjölluðu. Tilgangi sínum náðu þau, mennirnir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og rannsókn málsins torveldaðist og beindist á rangar brautir, þar til upp komst um þetta viðbótarafbrot.

Þegar yfir rannsókn þessa sakamáls er litið, verður ekki séð, að um aðra kosti hafi verið að ræða en hneppa þessa menn í gæsluvarðhald og rannsaka, hvaða hugsanlega hlutdeild þeir hafi getað átt í verknaðinum. Það tókst að upplýsa um sakleysi þeirra að lokum, en það tók sinn tíma, og verður ekki séð, að þar hafi átt sinn þátt nokkur mistök eða gáleysi rannsóknarmanna, sem skapi ríkissjóði aukna bótaábyrgð gagnvart þessum mönnum. Menn eru varnarlausir fyrir slíkum sakaráburði, og er meinsæri því meiri háttar afbrot í almennum hegningarlögum, og liggur við því allt að 16 ára fangelsisrefsing, hafi brotið haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi, eins og hér var raunin á. Þau Erla, Sævar og Kristján stóðu því beinlínis að því, að mennirnir voru teknir höndum og settir saklausir í gæsluvarðhald, sem þeir eiga rétt á að fá bætt skv. reglum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Ríkissjóður ber ábyrgð á slíkum bótum, enda þótt sýnt sé, að athafnir þær, sem bótaskyldar eru, hafi verið óviðráðanlegar, eins og á stóð, og rannsóknardómara og lögreglumönnum verði á engan hátt kennt um. Er þá ekki fallist á með stefnanda, að í ljós sé leitt, að leirmyndin, sem gerð var að undirlagi Hauks Guðmundssonar lögreglumanns í upphafi rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar, hafi verið gerð sérstaklega eftir mynd af stefnanda og átt að líkjast honum. Ber því að dæma stefnda ríkissjóð til að greiða stefnanda bætur fyrir fjártjón það og miska, sem hann verður talinn hafa orðið fyrir.

Í kröfugerð sinni hefur stefnandi ekki aðgreint sérstaklega kröfu fyrir bein fjártjón, er hann hafi orðið fyrir vegna aðgerða rannsóknarmanna, en telja verður, að líkur séu fyrir sliku tjóni. Dómurinn telur upplýst, að stefnandi hafi liðið miklar þjáningar í gæsluvarðahaldinu og eftir það. Skýrsla stefnanda um líðan sína og heilsu, sem gefin var fyrir dómi, er á allan hátt trúverðug. Þar kemur ljóslega fram sú andlega þjáning, sem því fylgir að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum og verður 105 dagar að lengd. Ljóst er, að stefnandi hafi einnig orðið fyrir miklu áfalli, þegar hann loksins var laus úr varðhaldinu, og sá, hvað nánustu vandamenn hans höfðu þurft að líða og hvað um hann hafði verið skrifað í blöð. Þótt ekki sé fallist á með stefnanda, að um mis-

tök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, sem aukið hafi miska stefnanda og ábyrgð stefndu á tjóni hans, verður að telja, að miski sé nógur samt. Telja verður og í ljós leitt, að stefnandi hafi beðið tjón á heilsu sinni í gæsluvarðhaldinu og að þar hafi galli á hitunarkerfi fangahússins átt sinn þátt. Þegar á allt er litið, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 18.000.000. Er þá sérstaklega haft í huga, að stefnandi hafði sjálfur ekkert gert, sem varpað gat grun á hann fyrir hinn alvarlega verknað, sem hann var borinn sökum. Hér var einungis um að ræða samantekin ráð afbrotamanna um að varpa sök á stefnanda og þrjá menn aðra, ef athygli færi að beinast að þeim sjálfum fyrir verknað, er þau höfðu sjálf unnið. Þetta mál er svo sérstakt og vakti svo mikið umtal meðal alls almennings í landinu, að seint verður um gróið.

Verður stefndu gert að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum, eins og krafist er, en þó frá 10. maí 1976. Dómvextir ákveðast hæstu innlánsvextir skv. 1. gr. laga nr. 56/1979.

Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.900.000, en af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður stefnanda, Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 2.300.000 í málssóknarlaun.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregist vegna umfangs málsins.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Magnúsi Leópoldssyni, kr. 18.000.000 með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, kr. 2.900.000, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.300.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. mars 1983.

Nr. 44/1983. **Borgarstjórinn í Reykjavík**
f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur
vegna Strætisvagna Reykjavíkur
gegn
verðlagsstofnun.

Kærumál. Lögbannstrygging. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Með úrskurði fógetaéttar Reykjavíkur 19. janúar sl. var tekin til greina krafa varnaraðilja um, að lögbann skyldi lagt við hækkun á fargjöldum Strætisvagna Reykjavíkur, sem borgarstjórn Reykjavíkur hafði ákveðið og tekið hafði gildi 7. janúar.

Í úrskurðinum segir, að lögbannið skuli ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 10.000.000.00 króna tryggingu.

Í þinghaldi í fógetaréttinum hinn 20. janúar lagði umboðsmaður varnaraðilja fram yfirlýsingu fjármálaráðherra um, að ríkissjóður ábyrgðist að fullu greiðslu þeirrar tryggingar, sem sett hefði verið sem skilyrði fyrir framgangi lögbannsins.

Fógeti tók yfirlýsingu þessa gilda sem tryggingu og bókaði ákvörðun sína um lögbann.

Sóknaraðili kærði ákvörðun þessa hinn 25. janúar til Hæstaréttar, og hefur hann krafist þess, að hrundið verði ákvörðun fógeta um að taka fyrrgreinda yfirlýsingu gilda sem tryggingu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Athugasemdir hafa ekki borist frá varnaraðilja né fógetaréttinum.

Ákvörðun fógeta um að taka yfirlýsingu fjármálaráðherra gilda sem tryggingu var hluti af lögbannsgerðinni. Lögbannsgerð verður ekki kærð til Hæstaréttar, sbr. 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Eigi verða kröfur sóknaraðilja heldur teknar til meðferðar samkvæmt lokaákvæði 21. gr., sem sóknaraðili vísar til sem kæruheimildar, en ákvæði þetta lýtur að rétti þess, sem telur dómara hafa gert á

hluta sinn í dómarastarfi, til þess að kæra hann fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu brast sóknaraðilja heimild til kæru þessarar, sem lýst hefur verið, og ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 19. janúar 1983.

I.

Gerðarbeiðandi, verðlagsstofnun, hefur krafist þess, að lagt verði lögbann við hækkun fargjalda Strætisvagna Reykjavíkur, sem borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að láta taka gildi kl. 0900 7. þ. m.

Hækkunin er:

Fullorðnir:
Einstök fargjöld úr kr. 8.00 í kr. 12.00.
Stór farmiðaspjöld kr. 200.00 úr 32 miðum fækkað í 22 miða.
Lítil farmiðaspjöld kr. 50.00 úr 7 miðum fækkað í 5 miða.

Aldraðir og öryrkjar:
Farmiðaspjald kr. 100.00 úr 32 miðum fækkað í 22 miða.

Börn:
Einstök fargjöld úr kr. 2.00 í kr. 3.00.
Farmiðaspjöld kr. 50.00 úr 44 miðum fækkað í 30 miða.

Gerðarþoli, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, gerir þá kröfu aðallega, að synjað verði um hina umbeðnu lögbannsgerð. Til vara gerir hann þá kröfu, að ef fallist verði á lögbannsbeiðnina, að gerðarbeiðanda verði gert að leggja fram tryggingu eigi lægri en kr. 30.000. 000.00. Krafist er hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Hann gerir svo kröfu um, að forsendur verði hafðar í úrskurði fógetaréttar, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936, 3. tölulið.

II.

Hinn 7. þessa mánaðar tók gildi ný gjaldskrá fyrir Strætisvagna Reykjavíkur. Gjaldskráin var samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur einhliða og án þess að verðlagsráð hefði heimilað hækkun.

Verðlagsstofnun taldi hækkun þessa ólögmæta, og með lögbannsbeiðni, dags. 10. janúar, var farið þess á leit, að fógetaréttur Reykjavíkur legði lögbann við hækkuninni. Beiðnin var tekin fyrir næsta dag og síðan frestað til 17. janúar. Þá var málinu frestað til næsta dags, og fór þá fram munnlegur flutningur. Að honum loknum var málið tekið til úrskurðar.

III.

Gerðarbeiðandi telur Strætisvagna Reykjavíkur háða lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978, sbr. 2. gr. laganna. Á grundvelli þess hafi Strætisvagnar Reykjavíkur verið bundnir hámarksverði á fargjöldum og hafi síðast verið samþykkt hækkun til þeirra um 22% hinn 15. nóvember sl.

Nú hafi það síðan gerst 7. janúar sl., að borgarstjórn Reykjavíkur hafi hækkað einhliða gjaldskrá SVR án þess að leggja málið fyrir verðlagsráð. Borgarstjórn sem stjórnvald eigi ekki fullnaðarúrlausn í slíku máli vegna ákvæða 2. gr. laga 56/1978.

Gerðarbeiðandi telur sig eiga aðild að þessu máli á grundvelli 2. gr. laga nr. 12/1981. Þar sé einnig lögbannsheimildin, sem hann byggi á, og vísar hann á bug öllum fullyrðingum um, að ákvæðið sé fallið úr gildi vegna tímabundins gildistíma laganna. Sumt í þessum lögum sé að vísu látið gilda til ákveðins tíma (5. gr. til 30. apríl 1983), en slíku sé alls ekki til að dreifa með 2. gr. laganna. Ákvæði hennar eigi að gilda um alla framtíð óháð öðrum ákvæðum laganna og sé ætlað að beita gegn ástandsbrotum, eins og brot á verðlagsfyrirmælum verði að kallast.

Gerðarbeiðandi telur hækkun gjaldskrár SVR þann 7. jan. sl. ólögmæta og vill fá lagt lögbann við henni gegn tryggingu. Hann mótmælir aftur á móti þeirri fjárhæð, sem gerðarþoli hefur krafist, þar sem hún miðist við, að engin hækkun verði samþykkt til SVR á árinu. Sú hafi aldrei verið raunin og engin líkindi á því nú á þessu ári.

IV.

Gerðarþoli telur gerðarbeiðanda ekki geta átt aðild að dómkröfu um, að Reykjavíkurborg brjóti gegn lögum með ákvörðun fargjalda SVR. Gerðarbeiðandi sé opinber stofnun, sem starfi eftir lögum og að þeim verkefnum, sem henni eru fengin í lögum og engum öðrum.

Um stofnunina fari eftir lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Gildi III. kafli laganna um verðákvarðanir, sbr. 59. og 60. gr. laga nr. 13/1979 og 4. gr. laga nr. 52/1982. Hvergi sé vikið að neinum sérstökum aðildum þessara stofnana að réttarvörsluaðgerðum vegna meintra brota á samþykktum um hámarksverð. Í IX. kafla laganna sé fjallað um réttarvörslur og m. a. kveðið á um, að

fara skuli með mál vegna brota á lögunum að hætti opinberra mála. Með þessu fyrirkomulagi laganna er ríkissaksóknara fengin aðild að réttarvörsluaðgerðum.

Þessi skilningur gerðarþola hefur að hans mati hlotið sérstaka staðfestingu löggjafans í lögum nr. 12/1981, 2. gr., þar sem gerðarbeiðanda er veitt alveg sérstök heimild til að krefjast lögbanns. Ljóst sé, að engin þörf hefði verið á ákvæði 2. gr., ef löggjafinn hefði talið, að verðlagsstofnunin ætti almennt þessa réttarvörsluaðild vegna meintra brota gegn samþykktum verðlagsráðs.

Gerðarþoli telur aftur á móti ekki fá staðist, að krafan sé reist á þessari lagaheimild, þ. e. 2. gr. laga nr. 12/1981, þar sem enginn vafi leiki á, að hún sé fallin úr gildi. Heimildin sé í sérlögum um bann við verðhækkunum tiltekið tímabil, sem hafi runnið út 31. des. 1981. Alveg sé af og frá, að þessari sérstöku og sérkennilegu lögbannsheimild hafi verið ætlað að gilda nema vegna verðlagsákvæða 1. gr.

Gerðarþoli álítur, að verði 2. gr. laga nr. 12/1981 talin enn í gildi, þá séu ekki til staðar skilyrði lögbanns skv. lagaákvæðinu, þar sem engin fyrirmæli réttra verðlagsyfirvalda hafi verið undanfari lögbannskröfunnar.

Gerðarþoli telur það einnig standa í vegi fyrir kröfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli sé stjórnvald, sem með ákvörðun um fjárhæð fargjalda með vögnum SVR hafi ekki gert annað en að taka ákvörðun um málefni, sem alveg ótvírætt heyri undir stjórnvaldið.

Gerðarþoli telur alveg ótvírætt, að heimild verðlagsráðs til ákvarðana um hámarksverð skv. 8. gr. laga nr. 56/1978, sbr. 4. gr. laga nr. 52/1982, sé takmörkuð við ákvarðanir um hærra verð en það lágmarksverð, sem þarf til, að vel rekin starfsemi standi undir sér.

Kröfu sína um tryggingu, ef lögbann nær fram að ganga, styður gerðarþoli þeim augljósu rökum, að lögbann við hækkun á fargjöldum SVR, sem þegar er komin til framkvæmda, mundi hafa í för með sér gífurlegt fjárhagstjón fyrir Reykjavíkurborg og lægsta hugsanlega tryggingarfjárhæð hlýtur því að miðast við tekjumissi vegna lögmannsins árið 1983, en samkvæmt útreikningum borgarhagfræðings gæti hann numið kr. 28.976.000.00.

V.

Í máli þessu er lögbanns beiðst á grundvelli 2. gr. laga nr. 12/1981, en þar er gerðarbeiðanda óvefengjanlega veitt aðild að þessu fógetamáli.

Ýmislegt virðist benda til þess, að lögunum hafi verið ætlaður tímabundinn aldur. Frumvarp laganna var lagt fram með hliðsjón af þeim aðgerðum, sem ríkisstjórnin ákvað í áætlunum sínum um efnahagsmál um áramótin 1980 til 1981. Þriðju og fjórðu grein laganna er sjáanlega ekki ætlað sjálf-

stætt lagagildi eftir 31. desember 1981, og var svo einnig um 5. grein laganna í frumvarpsforminu. Í meðförum Alþingis var þeirri grein breytt á þá lund, að heimild Seðlabanka Íslands til ákvörðunar hærri bindiskyldu en í lögum nr. 13/1979 var framlengd frá 31. des. í frumvarpinu til 30. apríl 1983 í lögunum. 5. grein laganna er því tvímælalaust í gildi.

Af greinargerð laganna kemur fram, að fyrstu tvær greinar þeirra lúti að verðlagsmálum og felist í fyrri greininni tvær reglur um verðlagsaðhald. Annars vegar, að á tímabilinu 30. apríl 1981 til 31. desember 1981 skuli ekki leyfa neinar verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn, hins vegar skuli að öðru leyti miða verðákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið, sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Ríkisstjórnin setji þannig fram ákveðna stefnuviðmiðun fyrir almennar verðlagsbreytingar, en einstakar verðákvarðanir geti vikið þar frá, ef nauðsyn krefji. Þessar tvær reglur virðast eiga við um sama tímabilið, þ. e. til 31. des. 1981.

Af framansögðu sést, að allar greinar laganna utna 2. grein segja sjálfar til um gildistíma sinn. Lögunum sjálfum er aftur á móti ekki ákvarðaður nein takmarkaður gildistími, og þau hafa ekki verið felld úr gildi með sérstakri löggjöf.

Af orðalagi 2. greinar laganna verður ekki séð, að þeirri grein sé einungis ætlað að tryggja, að ákvæði 1. greinar séu virt og gildistími þeirra því samofinn. Greinargerð laganna virðist ekki styðja þá niðurstöðu, þar sem af henni má ráða, að tilgangur 2. greinar sé að styrkja verðlagseftirlitið almennt og auðvelda framkvæmd þess.

Niðurstaða réttarins verður skv. þessu sú, að lögbannsákvæði 2. gr. laga nr. 12/1981 sé í gildi.

Samkvæmt III. kafla laga 18/1949 eru mjög þröngar heimildir til að beita lögbanni gegn athöfnum þeirra, sem fara með framkvæmdarvald ríkis og sveitarfélaga. 2. gr. laga nr. 12/1981 felur aftur á móti ekki í sér sömu takmarkanir. Styðst slík túlkun á hugtakinu aðili við verðlagslög nr. 56/1978, 1. mgr. 2. gr., þar sem fram kemur, að þau lög nái jafnt til opinberra aðilja. Verður því ekki álitaefni í máli þessu, hvort athöfn, sem beiðst er lögbanns á, sé þess eðlis, að leggja megi lögbann við henni skv. 2. málsl. 26. gr. laga 18/1949, enda segir í 2. mgr. 2. gr. laga 12/1981, að III. kafla laga 18/1949 skuli beitt um lögbann skv. þeim lögum eftir því sem við á.

Samkvæmt því, sem að framan segir, er talinn lagagrundvöllur fyrir lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda, og þar sem ekki er útilokað, að hann eigi þau réttindi, sem hann hyggst verja með lögbanni, verður beiðni hans tekin til greina gegn tryggingu, sem telst hæfilega ákveðin kr. 10.000.000.00.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola í máli þessu er ekki tekin til greina.

Ólafur Sigurgeirsson, aðalfulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögbann skal ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 10.000.000.00 kr. tryggingu.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 7. mars 1983.

Nr. 51/1983. **Douglas Kintzinger**
gegn
Knattspyrnufélaginu Fram.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í g lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1983, sem barst Hæstarétti 24. s. m. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1983 um skyldu sóknaraðilja til þess að setja 25.000.00 króna tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli, er sóknaraðili hefur höfðað fyrir bæjarþinginu á hendur varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðilja á hendur sóknaraðilja um skyldu til þess að setja málskostnaðartryggingu þessa. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst sóknaraðili lækkunar á fjárhæð tryggingar og nýs frests til þess að leggja trygginguna fram.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Þórhildur Líndal, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Úrskurðinum fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40 gr. laga nr. 28/1981.

Úrskurðarorðið er þannig:

„Stefnandi, Douglas Kintzinger, setji 25.000.00 króna tryggingu

fyrir greiðslu málskostnaðar stefnda, Knattspyrnufélagsins Fram, í formi bankaábyrgðar eða sparisjóðsbókar í síðasta lagi hinn 15. mars 1983, er mál þetta verður tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi Reykjavíkur.

Málskostnaður í þessum þætti málsins bíður endanlegs dóms í málinu".

Atvik máls þessa eru þau, að sóknaraðili, sem er erlendur ríkisborgari með lögheimili, að því er ætla verður, í Grimmel, Indiana, Bandaríkjum Norður-Ameríku, réðst til þjálfarastarfa í körfuknattleik hjá varnaraðilja í ágústmánuði 1982. Samkvæmt samningi aðilja skyldi starfstími sóknaraðilja vera frá 20. ágúst 1982 til 27. mars 1983, eða eitt keppnistímabil. Sóknaraðili hóf störf hjá varnaraðilja, svo sem samningurinn gerði ráð fyrir. Um miðjan október 1982 sagði varnaraðili sóknaraðilja upp störfum, og réðst sóknaraðili í framhaldi af því til þjálfarastarfa í Grindavík og er þar nú búsettur að Hafnargötu 12.

Sóknaraðili taldi framangreinda uppsögn úr starfi ólögmæta og höfðaði mál á hendur varnaraðilja til heimtu skaðabóta af því tilefni. Er málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 8. febrúar 1983, krafðist varnaraðili málskostnaðartryggingar úr hendi sóknaraðilja með vísan til 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936. Sóknaraðili andmælti þeirri kröfu og krafðist úrskurðar bæjarþingsins um ágreiningsefnið.

Sóknaraðili styður kröfur sínar fyrir Hæstarétti þeim rökum, að samkvæmt 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 sé það skilyrði sett fyrir heimild til þess að krefjast málskostnaðartryggingar, að stefnandi máls sé erlendis búsettur maður. Skilyrði þessu sé ekki fullnægt að því er sig varði, þar sem hann hafi hvergi annars staðar fasta búsetu en á Íslandi. Það hafi ekki verið vefengt af hálfu varnaraðilja, að sóknaraðili búi nú að Hafnargötu 12 í Grindavík og hafi þar í bæ fast starf á sínu atvinnusviði. Sóknaraðili kveður ekki ljóst vera, hversu lengi hann verði búsettur hérlendis, enda hafi engin ákvörðun verið tekin í þeim efnum. Geti jafnvel verið, að hann dveljist hér ævilangt. Þá telur sóknaraðili það engu breyta í þessum efnum, þó að hann sé erlendur ríkisborgari.

Af hálfu varnaraðilja er á því byggt, að sóknaraðili sé erlendis búsettur maður í skilningi 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936. Hann

eigi lögheimili í Bandaríkjum Norður-Ameríku og sé ríkisborgari þar. Dvöl hans hér á landi sé fyrirfram markaður tími, þar sem ekki verði betur séð en ætlun hans hafi verið sú að dveljast hér aðeins eitt keppnistímabil, þ. e. frá 20. ágúst 1982 til 27. mars 1983. Þá hafi sóknaraðili ekki flutt lögheimili sitt frá Bandaríkjunum og Bandaríkin séu ekki aðiljar að Haagsamningnum um alþjóðleg einkamálaréttarfarsákvæði frá 1905. Þá bendir varnaraðili á, að ákvæði 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936 yrði næsta lítils virði, ef það nægði erlendis búsettum manni til þess að losna undan því að setja málskostnaðartryggingu að dveljast hérlendis skamman tíma, t. d. við þingfestingu máls, en hverfa síðan af landi brott. Gæti þá reynst ómögulegt að innheimta hjá honum málskostnað nema með ærnum tilkostnaði.

Svo sem fyrr greinir, á sóknaraðili lögheimili í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og er hann ríkisborgari þess lands. Hann hefur dvalist hér á landi frá því í ágúst 1982, er hann hóf hér störf, og er hann nú starfandi sem þjálfari í Grindavík, þar sem hann hefur búsetu. Starfstími hans í Grindavík líkur 18. mars nk. samkvæmt þeim ráðningarsamningi, er um störf hans þar gildir, en þó gerir samningurinn ráð fyrir, að til framlengingar geti komið. Varnaraðili hefur eigi sýnt fram á það með órækum hætti, að yfirvofandi sé brottför sóknaraðilja af landinu. Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu sóknaraðilja, að engin ákvörðun hafi af hans hálfu verið tekin um för hans af landi brott, verður sóknaraðili eigi talinn erlendis búsettur maður í skilningi 1. mgr. 183. gr. laga laga nr. 85/1936. Verður honum því eigi, eins og á stendur, talið skylt að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í bæjarþingsmáli nr. 5581/1983 í Reykjavík. Ber því að fella úr gildi hinn kærða úrskurð. Eftir atvikum þykir mega fella niður kærumálskostnað, en ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins í héraði bíður efnisdóms í málinu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 8. mars 1983.

Nr. 5/1981. **Guðni Þórðarson**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Kjartani Reyni Ólafssyni hrl.
f. h. Perlus Cruises Company Ltd.
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Hlutafélag. Skuldabréf. Umboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1981. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómi hefur ekki verið áfrýjað að því er tekur til Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f. Kemur héraðsdómurinn því ekki til endurskoðunar að því er hana varðar.

Fyrir Hæstarétti hafa aðiljar lýst yfir því, að rétt heiti stefnda sé Perlus Cruises Company Ltd., en ekki Perlus Cruises, svo sem hann var nefndur í stefnu og greinargerð í héraði og í dómsorði hins áfrýjaða dóms.

Í samningi þeim, sem greindur er í hinum áfrýjaða dómi, segir, að hann sé gerður milli stefnda og „SUNNA TRAVEL BUREAU hereinafter called „THE GENERAL AGENT" represented by Mr. Gudni Thordarson, Director". Samkvæmt þessu mátti stefndi, sem sjálfur hafði ritað samninginn og lagt hann fyrir áfrýjanda til undirskriftar, ætla, að viðsemjandi hans væri Sunna Travel Bureau, en ekki áfrýjandi í eigin nafni, þótt áfrýjandi hagaði nafnritun sinni undir samninginn með þeim hætti sem hann gerði. Sést og af öðrum gögnum málsins, að stefndi taldi, eftir að viðskiptasamningurinn frá 23. águst 1977 kom til framkvæmda, að umboðsaðili hans væri sá, er greindur var í upphafi samningsins.

Fyrirsvarsmenn stefnda hafa ekki gefið aðiljaskýrslur í málinu, og engin gögn eru komin fram um það sérstaklega, að þeir hafi litið svo á, að áfrýjandi ræki á eigin ábyrgð það fyrirtæki, sem samningurinn sagði hann semja fyrir, eða hann bæri annars persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess.

Samkvæmt því, sem greint hefur verið, ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðni Þórðarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Perlus Cruises Company Ltd.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Við teljum með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms, að staðfesta beri niðurstöðu hans að því er varðar áfrýjanda Guðna Þórðarson, en málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað né heldur hefur því verið áfrýjað gagnvart Ferðaskrifstofunni Sunnu h/f. Þá teljum við, að staðfesta ætti málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 70.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 27. nóvember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 27. okt. sl., höfðaði Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Háaleitisbraut 68, Reykjavik, fyrir hönd Perlus Cruises, 11 Sachtouri Str., Piraeus, Grikklandi, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. jan. 1980, aðallega gegn Guðna Þórðarsyni, Garðastræti 39, og Ferðaskrifstofunni Sunnu h/f, báðum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á bandarískum dölum að upphæð 62.739.00 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og byrjaðan mánuð frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1979, með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dóms-

ins, en til vara eru þær dómkröfum gerðar, að Guðni Þórðarson verði einn dæmdur til greiðslu ofangreindra krafna, og til þrautavara, að Ferðaskrifstofan Sunna h/f verði eitt dæmt til greiðslu á ofangreindum kröfum.

Af hálfu stefnda Guðna Þórðarsonar eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f er ekki sótt þing.

Leitað hefur verið árangurslaust um sáttir í máli þessu að því er varðar stefnanda og stefnda Guðna Þórðarson.

II.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að hinn 23 ágúst 1977 hafi stefndi Guðni Þórðarson gerst aðalumboðsmaður stefnanda á Íslandi. Í framhaldi af því hafi hann hafið farmiðasölu í siglingaferðir með skipi stefnanda og hafi hann staðið að þeirri sölu í skrifstofu Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f, þar sem stefndi Guðni sé stjórnarformaður. Í þóknun hafi aðalumboðsmaður átt að fá 25% umboðslaun. Hafi hann því átt að skila stefanda andvirði seldra farmiða að frádregnum 25% umboðslaunum, en að auki hafi hann átt að inneimta hafnargjöld og skila stefnanda.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

heildarupphæð seldra farmiða	$ 77.052.00
mínus 25% umboðslaun	$ 19.263.00
	$ 57.789,00
plús hafnargjöld	$ 4.950.00
Samtals	$ 62.739.00

Stefndi hafi ekki fengist til að greiða skuld þessa þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir stefnanda og marggefin loforð stefnda þar um.

Á dskj. 3 er samningur, dags. 23. ágúst 1977.

Í upphafi samnings þessa segir svo:

„Agreement between 1) Perlus Cruises Company Ltd. hereinafter called „The owners", represented by Mr. George Louris, Director and/or capt. Nicolas Peridis, Director and 2) Sunna Travel Bureau hereinafter called „the general agent" represented by Mr. Gudni Thordarson, Director."

Undir samning þennan er ritað fyrir „the owners" George Louris, nafn hans og starfsheiti er stimplað við undirritunina, svo og er þar stimpill stefnanda. Fyrir „the general agent" undirritar Guðni Þórðarson. Ekkert kemur fram í undirritun, að hann undirriti fyrir einhvern, og enginn stimpill er notaður. 1. og 2. bls. samningsins er áritуð á spássíðu af Guðna Þórðarsyni og stimpluð með stimpli stefnanda og skammstöfuð nafnritun, sem

gæti verið nafnritun George Louris, þess sem undirritaði samninginn fyrir stefnanda.

Á dskj. 4 er yfirlit yfir selda farmiða. Niðurstaða yfirlitsins er í samræmi við stefnukröfur. Yfirliti þessu fylgja farseðlarnir, sem þar eru skráðir. Farseðlarnir eru flestallir stimplaðir annað hvort með stimpli „Sunna Tourist Bureau" eða „Sunna Travel".

Á dskj. 5 og 6 eru telex, dags. 23. og 28. des. 1978, frá stefnanda til Sunnu „Att. Mr. Thordarson", þar sem spurt er um uppgjör fyrir selda farmiða á árinu 1978. Á dskj. 8 er telex frá Sunnu til stefnanda, dags. 9. jan. 1979, undirritað Thordarson. Í telexi þessu kemur fram, að þrátt fyrir að stefnandi hafi gert sitt besta, sé það ómögulegt að koma uppgjöri í gegnum gjaldeyriskerfið fyrr en eftir um það bil 3 vikur. Á dskj. 7 er telex frá stefnanda til Sunnu, stílað eins og fyrri telex, þar er verið að spyrja um uppgjör. Á dskj. 10 er telex frá Sunnu, undirritað Thordarson, dags. 19. febrúar 1979, þar kemur fram, að tafir á uppgjöri séu vegna ákvörðunar gjaldeyrisyfirvalda um frestun á öllum gjaldeyrisyfirfærslum frá Íslandi. Á dskj. 11 er telex frá stefnanda, dags. 6. mars 1979, þar sem m. a. er óskað eftir vottorði frá gjaldeyrisyfirvöldum um, að bannað sé að yfirfæra gjaldeyri frá Íslandi. Á dskj. 12 er telex frá stefnanda, dags. 10. mars 1979, þar sem óskað er svars við telexinu á dskj. 11. Á dskj. 13 er telex, dags. 14. mars 1979, frá stefnanda, þar sem óskað er eftir uppgjöri eða vottorði frá gjaldeyrisyfirvöldum. Á dskj. 14 er telex, dags. 28. mars 1979, og er það sama efnis og dskj. 13. Á dskj. 15 er enn telex frá stefnanda, dags. 28. apríl 1979. Þar er m. a. beðið um upplýsingar um það, hvenær ætlunin sé að greiða skuldina. Á dskj. 16 er telex, dags. 30. apríl, frá Sunna Travel, undirritað Thordarson, þar kemur fram, að útveguð hafi verið iðinber gögn varðandi tafir á gjaldeyrisyfirfærslu fyrir selda farseðla. Á dskj. 17 er telex, dags. 8. maí 1979, til Sunnu, þar sem m. a. er spurt um uppgjör. Á dskj. 18 er telex, dags. 18. júlí 1979, frá stefnanda til Sunna travel bureau, þar er minnt á skuldina við stefnanda. Á dskj. 19 er telex frá Sunna travel til stefnanda, dags. 18. ágúst, þar kemur fram, að líklegt sé, að gjaldeyrisyfirfærsla fari fram innan 10 daga og að gert verði það, sem hægt sé, til þess að koma þessu í gegn. Þetta telex er undirritað Thordarson.

Með bréfi, dags. 17. sept. 1979, fór stjórn stefnda Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að hann heimilaði félaginu greiðslustöðvun, sbr. II. kafla laga nr. 61/1978.

Í beiðninni kom m. a. fram, að félagið hafi um nokkurn tíma átt í miklum fjárhagsörðugleikum. Fyrirhugað væri að endurskipuleggja alla starfsemina og hafi m. a. verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri í því skyni.

Með úrskurði, uppkveðnum 26. sept. 1979, var stefnda Ferðaskrifstofunni Sunnu h/f veitt umbeðin greiðslustöðvun samkvæmt 7. gr. laga nr.

6/1978 með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. sömu laga greinir, í þrjá mánuði frá uppkvaðningu úrskurðarins.

Á dskj. 28 er kæra til rannsóknarlögreglu ríkisins frá lögmanni stefnanda, dags. 20. febrúar sl., þar sem kærð eru meint skilasvik stefnda Guðna Þórðarsonar persónulega og/eða sem stjórnarformanns Ferðaskrifstofunnar Sunnu.

Á dskj. 27 er framburður stefnda Guðna fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 20. mars 1980. Stefndi Guðni mótmælti því, að hér væri um skilasvik að ræða, og hafi þessum viðskiptum ekki verið hagað á annan veg en almennt gerist hjá skipafélögum og ferðaskrifstofum þeirra í milli og sama gildi um viðskipti við flugfélög. Aldrei hafi verið um það rætt að halda aðskildu söluandvirði farmiða frá öðru rekstrarfé Ferðaskrifstofunnar Sunnu og ekki hafi verið farið fram á neinar tryggingar í sambandi við þessi viðskipti. Stefndi Guðni mótmælti allri persónulegri aðild að þessu máli, þar sem samningur skipafélagsins sé við Ferðaskrifstofuna Sunnu h/f, en ekki hann. Skipafélaginu hafi verið í lófa lagið að krefjast tryggingar eða persónulegrar ábyrgðar vegna þessara viðskipta, ef þeir hefðu viljað tryggja sig frekar en að eiga aðgang að eignum Sunnu h/f. Stefndi Guðni kvaðst hafa gert samninginn við skipafélagið í miklum flýti erlendis í skrifstofu skipafélagsins, en undirbúningur að þessum samningum hafi verið unninn af umboðsaðiljum Sunnu í Aþenu og hafi honum verið kunnugt um það, að skipafélagsmenn hafi leitað upplýsinga hjá íslenska ræðismanninum í Aþenu. Stefndi Guðni taldi því, að þessir aðiljar hafi vitað um það, að Sunna væri hlutafélga. Samningurinn hafi verið vélritaður, áður en hann kom, og afhentur honum til undirskriftar. Það hafi verið sín yfirsjón að hafa ekki komið auga á það, að Sunna væri ekki skrifað sem hlutafélag í þessum samningi. Stefndi Guðni kveðst hafa undirritað þennan samning sem prókúruhafi Sunnu h/f, enda þess getið í upphafi samnings, að hann sé milli skipafélagsins og Ferðaskrifstofunnar Sunnu. Aðiljum skipafélagsins hafi átt að vera fullkunnugt um, að Sunna væri hlutafélag, þar sem skipafélagið hafi fengið upplýsingar um Sunnu frá Hellenic Travel, aðalumboðsmanni Sunnu h/f í Grikklandi, sem að sjálfsögðu hafi verið kunnugt, að Sunna var hlutafélag.

Sunna h/f hafi orðið að hætta rekstri vegna fjárhagsörðugleika og slæmrar stöðu um miðjan september 1979, stefnanda hafi eins og öðrum verið boðnir nauðasamningar utan réttar.

Stefndi Guðni sagði það rétt, að hann hafi skýrt frá því í telexskeytum til skipafélagsins, að dráttur á skilum vegna farmiðasölu stafaði af tregðu gjaldeyrisyfirvalda á Íslandi. Frjáls yfirfærsla hafi verið, en ekki vegna uppihalds, eins og er innifalið í farmiða með skipum. Stefndi Guðni vildi ekki viðurkenna, að hann hafi verið að reyna að blekkja skipafélagið, því

það væri staðreynd, að gjaldeyrisyfirfærslur hafi ekki fengist fyrir skipafarseðlum nema með umtalsverðum eftirgangsmunum. En það sé staðreynd, að þegar telexskeytið, dags. 18. ágúst 1979, var sent, hafi Sunna h/f átt við verulega fjárhagsörðugleika að stríða, en þá hafi verið talsverð von um, að úr rættist næstu daga.

Hinn 10. okt. sl. var stefndi Guðni yfirheyrður hér fyrir dómi vegna máls þessa. Hann kvaðst enn vera stjórnarformaður Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f, en ekki væri haldið uppi vörnum fyrir hlutafélagið í þessu máli. Fram kom hjá stefnda Guðna, að Ferðaskrifstofan Sunna h/f starfaði ekki, en félagið væri ekki undir gjaldþrotaskiptum. Lögmaður stefnda Guðna upplýsti, að ekki hafi formlega verið beðið um gjaldþrot.

Stefndi Guðni kannaðist við undirritun sína á dskj. 3 og sagði það undirritun sína sem prókúruhafa Sunnu. Hann hafi lesið, að samningurinn var á milli stefnanda og Sunna Travel og hafi hann undirritað f/h Sunnu. Fram kom hjá stefnda Guðna, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um, að Sunna væri hlutafélag. Stefndi Guðni var spurður um það, hvernig nafnritun hans hafi verið háttað í viðskiptum hans við umboðsmenn hans í Grikklandi. Stefndi Guðni kvaðst ekki muna það, það hafi sjálfsagt ekki verið gerðir skriflegir samningar um öll þau viðskipti. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann hafi þá notað stimpil með h/f eða skrifað á sama hátt undir og hér.

Á dskj. 30 er bréf frá rannsóknarlögreglu ríkisins til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, dags. 22. febrúar 1980. Í bréfi þessu er óskað upplýsinga um það, hvort fyrir hendi séu umsóknir frá Sunnu h/f og/eða Guðna Þórðarsyni um gjaldeyrisyfirfærslur til handa Perlus Cruises vegna farmiðasölu á tímabilinu ágúst 1978 til ágúst 1979. Óskað er eftir ljósriti af umsóknum þessum, ef til eru. Óskað er eftir upplýsingum um það, hvort almenn gjaldeyrisviðskipti hafi verið stöðvuð einhvern tíma á ofangreindu tímabili. Einnig er spurt um, hvort Sunna h/f og/eða Guðni Þórðarson hafi óskað eftir vottorði frá gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands um stöðvun gjaldeyrisviðskipta á ofangreindu tímabili.

Á dskj. 24 er svar Seðlabankans við bréfi þessu. Þar kemur fram, að eftir athugun hafi ekki fundist yfirfærslubeinir frá Ferðaskrifstofunni Sunnu h/f til viðkomandi skipafélags á tilgreindu tímabili. Á tímabilinu 25. ágúst til 6. september 1978 hafi gengi á erlendum gjaldeyri ekki verið skráð og á sama tíma því ekki verið um gjaldeyrissölu að ræða. Sennilegt sé, að dagana fyrir 25. ágúst 1978 hafi einhver tregða verið með yfirfærslur, en eftir 6. september 1978 hafi ekki verið neinar hömlur á yfirfærslum umfram það, sem venjulega sé. Í gjaldeyriseftirliti Seðlabankans og gjaldeyrisdeild bankanna hafi á greindum tíma ekki verið gefnar skriflegar yfirlýsingar til ferðaskrifstofunnar um lokun á yfirfærslur til viðkomandi skipafélags. Að öðru leyti er tekið fram, að ef þessar greiðslur hefðu rúmast innan reglna,

sem um ferðagjaldeyri giltu á þessum tíma, þá sé ekki ástæða til að ætla að tafir hefðu átt að eiga sér stað gjaldeyrisyfirvalda vegna.

III.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að ekki væri tölulegur ágreiningur í málinu.

Á dskj. 3 séu greindir samningsaðiljar, þ. e. stefnandi og Sunna Travel Bureau. Í samningnum komi fram, að hann sé ekki við félag með takmarkaðri ábyrgð. Stefndi Guðni riti á samninginn á tveim stöðum fyrir utan undirskrift, alltaf sé nafnritunin eins, bara persónuleg undirritun. Aldrei sé tekið fram, að undirritað sé fyrir hönd fyrirtækis með takmarkaðri ábyrgð. Sunna Travel Bureau sé ekki í firmaskrá. Ef Guðni hefði verið að undirrita sem prókúruhafi, þá hafi honum borið að undirrita pr. pr.

Persónuleg ábyrgð stefnda Guðna byggist á því, að hann hafi sjálfur gert samninginn og beri því ábyrgð gagnvart stefnanda. Farseðlarnir hafi verið seldir á skrifstofu Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f og ef til vill hafi andvirði farseðlanna runnið til félagsins.

Á dskj. 4 séu farseðlarnir og séu þeir stimplaðir, en aldrei með stimpli, sem gefi til kynna, að um hlutafélag sé að ræða.

Á framlögðum telexum komi í ljós, að stefni Guðni hafi blekkt stefnanda. Þá er stefndi Guðni hafi sent telex á dskj. 19 18. ágúst 1979, muni honum hafa verið fulljós staða fyrirtækisins Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f. Um miðjan september 1979 hafi framkvæmdastjóri stefnanda komið hingað til lands og ætlað að hitta stefnda Guðna og þá komið að lokuðum dyrum Ferðaskrifstofunnar Sunnu. Hinn 17. septemer 1979 hafi verið beðið um greiðslustöðvun fyrirtækisins og hafi úrskurður um greiðslustöðvun verið kveðinn upp 26. september 1979. Sá úrskurður hafi runnið út í desember 1979.

Af hálfu stefnda Guðna Þórðarsonar eru kröfur rökstuddar með því, að honum sé ranglega stefnt í máli þessu, þar sem hann eigi enga aðild.

Því sé ranglega haldið fram í stefnu og greinargerð stefnanda, að stefndi Guðni hafi gerst aðalumboðsmaður stefnanda á Íslandi. Í því sambandi er bent á umboðssamninginn, sem stefnandi hafi sjálfur lagt fram sem dskj. 3, en í upphafi þess samnings komi fram, að það sé Sunna h/f, sem sé aðalumboðsmaður, „the general agent", stefnanda, og hafi stefndi Guðni skrifað undir samninginn fyrir hönd aðalumboðsmanns. Þá er einnig bent á dskj. 23, en á bls. 13 í auglýsingabæklingnum sé upptalning á aðalumboðsmönnum stefnanda og þar komi fram, að aðalumboðsmaður stefnanda á Íslandi sé Ferðaskrifstofan Sunna h/f, en ekki stefndi Guðni.

Við munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda Guðna, að það valdi ekki ábyrgð stefnda Guðna, að hann hafi undirritað samning-

inn á dskj. 3 án þess að skrifa pr. pr. eða f. h. Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f. Samningurinn hafi verið tilbúinn til undirritunar hjá stefnanda, þegar stefndi Guðni kom þangað til undirritunar.

IV.

Álit dómsins.

Samningurinn á dskj. 3, sem er grundvöllur viðskipta málsaðilja, var gerður í Grikklandi. Samkvæmt texta samningsins er hann á milli Perlus Cruises Company Ltd. og „Sunna Travel Bureau". Nafnið „Sunna Travel Bureau" ber ekki með sér, að þar sé um fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð að ræða, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903. Undirritun stefnda Guðna undir samninginn ber hvorki með sér, að hann undirriti samninginn fyrir hönd einhvers né sem prókúruhafi einhvers aðilja, sbr. 28. gr. laga nr. 42/1903, og þá ekki heldur, að hann undirriti fyrir hönd félags með takmarkaðri ábyrgð.

Með því að undirrita samninginn, eins og stefndi Guðni gerði, gaf hann til kynna, að hann semdi fyrir einkafyrirtæki sitt og væri að taka á sig persónulega ábyrgð á efndum samningsins

Ekki hafa verið færðar sönnur að því, að stefanda hafi mátt vera kunnugt um, að viðsemjandinn „Sunna Travel Bureau" væri hlutafélag. Auglýsingin á bls. 13 í auglýsingabæklingi stefnanda, dskj. 23, gefur ekki til kynna, að stefnandi hafi talið „Sunna Travel Bureau" hlutafélag. Ekkert framlagðra dómskjala gefur til kynna, að viðsemjandi stefnanda sé hlutafélag. Flestallir farseðlarnir, sem fylgja dskj. 4, eru stimplaðir „Sunna Travel" eða „Sunna Tourist Bureau", en hvergi kemur fram í stimplun, að um hlutafélag sé að ræða.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, telst stefndi Guðni persónulega ábyrgur gagnvart stefnanda, hvort sem það hafa verið mistök eða ekki, að ekki var tekið fram í samningnum, að hann væri við hlutafélag, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1936 per analogiam.

Stefnda Ferðaskrifstofunni Sunnu h/f er löglega stefnt, og ber því skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum að því er þennan stefnda varðar.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að „Sunna Travel Bureau" sé ekki skráð í firmaskrá, og eftir nafninu að dæma getur það ekki verið skráð í hlutafélagaskrá. Í skjölum þeim, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, er ekki minnst á stefnda Ferðaskrifstofuna Sunnu h/f. Þykir því bera að sýkna þennan stefnda af kröfum stefnanda sökum aðildarskorts.

Niðurstaða málsins verður því sú, að varakrafa stefnanda verður tekin til greina og stefndi Guðni Þórðarson dæmdur til þess að greiða stefnanda

hina umkröfðu fjárhæð, sem ekki hefur verið tölulega vefengd og er í samræmi við framlögð skjöl.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, en þegar til þess er litið, að í málinu er dæmt um kröfu erlends aðilja á hendur íslenskum aðilja, og kröfuna ber að greiða í bandaríkjadölum eða íslenskum krónum eftir gengi bandaríkjadala á greiðsludegi, þykir ekki unnt að taka vaxtakröfu stefnanda til greina að öllu leyti. Rétt þykir að ákveða vexti með hiðsjón af þeim vöxtum, sem greiddir eru af innlendum gjaldeyrisreikningum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, en vextir af reikningum í bandaríkjadölum hafa á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verið 7% ársvextir, og verður stefndi Guðni dæmdur til að greiða þá vexti frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1980, en 13% ársvexti frá þeim tíma til greiðsludags, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1980 um vexti við innlánsstofnanir o. fl., III. kafla, c lið in fine.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.000.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og Stefán Hirst, fyrrverandi framkvæmdastjóri. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins.

Dómsorð:

Stefndi Ferðaskrifstofan Sunna h/f skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Perlus Cruises, í máli þessu.

Stefndi Guðni Þórðarson greiði stefnanda, Kjartani Reyni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Perlus Cruises, $ 62.739.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1980, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 3.000.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóhanns J. Ólafssonar.

Ljóst er af samningi þeim milli málsaðilja, sem fram er lagður í máli þessu sem dskj. 3, að samningurinn er gerður við fyrirtækið „Sunna Travel Bureau".

Fram kemur í málinu, að samningurinn er undirbúinn af stefnanda. Stefnandi er vanur viðskiptum og hefur haft venjulegan aðgang að upplýsingum um lánstraust viðsemjanda síns, svo sem viðskiptabanka og verslunarráð. Það er staðreynd, að fyrirtækið Ferðaskrifstofan Sunna er hlutafélag, og er sú staðreynd skráð af opinberum aðilja hérlendis á þeim tíma, sem hér skiptir máli, firmaskrárritara.

Stefnandi ber því sönnunarbyrði á því, að stefndi Guðni Þórðarson hafi

beitt blekkingum, sem leyndu hann þessari staðreynd, eða lofað honum persónulegri ábyrgð umfram aðra lánardrottna Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f. Það hefur stefnandi ekki sannað, og skal stefndi Guðni Þórðarson því vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Í samræmi við þetta er það niðurstaða mín, að taka beri þrautavarakröfu stefnanda til greina og dæma stefnda Ferðaskrifstofuna Sunnu h/f til greiðslu hinnar umkröfðu skuldar, enda styðst hún við framlögð gögn.

Ég er sammála meiri hluta dómsins að því er varðar ákvörðun vaxta af hinni tildæmdu fjárhæð svo og ákvörðun um málskostnað.

Dómsorð mitt verður því svohljóðandi:

Stefndi Guðni Þórðarson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Perlus Cruises, í máli þessu.

Stefndi Ferðaskrifstofan Sunna h/f greiði stefnanda, Kjartani Reyni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Perlus Cruises, $ 62.739.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1980, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 3.000.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. mars 1983.

Nr. 55/1983. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Sigurðssyni.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m., er barst Hæstarétti hinn 3. þ. m. Gerir hann þá kröfu, að varnaraðilja verði dæmt skylt að bera vitni í siglingadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Eiríki Þór Sævari Guðlaugssyni.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja.

Samkvæmt yfirlýsingu, er vararíkissaksóknari gaf í þinghaldi 23. f. m., þegar varnaraðili skoraðist undan að bera vitni, er varnaraðili grunaður um, að hann hafi gerst sekur um rangan framburð fyrir dómi, er hann gaf skýrslu í sjó- og verslunardómi 28. júlí 1981. Í greinargerð ríkissaksóknara fyrir kæru til Hæstaréttar kemur fram, að endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um saksókn á hendur varnaraðilja „. . . komi það í ljós, að Guðmundur Sigurðsson eða aðrir eigi saknæman þátt í þeim ákæruefnum, sem í ákæru eru tilgreind, en ákærði er einn sóttur til saka fyrir."

Samkvæmt þessu er varnaraðili sakaður um refsivert atferli. Honum er því óskylt að svara spurningum um það sakarefni samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974, og hann verður ekki kvaddur fyrir dóm sem vitni í máli ákæruvaldsins gegn Eiríki Þór Sævari Guðlaugssyni, sem lýtur að sama sakarefni.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður siglingadóms 1. mars 1983.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. f. m., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dagsettri 23. desember 1982, gegn Eiríki Þóri *Sævari* Guðlaugssyni skipstjóra, Byggðarenda 4 í Reykjavík, „fyrir siglingalagabrot með því að hafa sem skipstjóri á flutningaskipinu Berglind, sem var 3074 brúttórúmlestir að stærð og 95.9 metrar á lengd, með stórfelldum yfirsjónum og vanrækslu, sem í 1.—3. tölulið greinir, við stjórntök á siglingu skipsins norður með strönd Nova-Scotia sunnudaginn 19. júlí 1981 orðið valdur að árekstri þess og danska flutningaskipsins Charm, sem var ámóta að stærð, 94.4 lengdarmetrar, og sigldi nær gagnstæða stefnu:

1. *Með því að halda fullri ferð.* Að draga aldrei úr ferð, svo neinu nam, eftir kl. 13:20, er yfir skall niðdimm þoka, sem tók að mestu fyrir skyggni, allt þar til að árekstur varð milli skipanna um kl. 19:40.
2. *Með ónógri stefnubreytingu til stjórnborða og ekki dregið úr ferð.* Eftir kl. 19:00, þegar ákærði varð á ratsjá var endurvarps frá vs. Charm beint framundan í um 6 sjómílna fjarlægð, að framkvæma þá allt of litla stefnubreytingu til stjórnborða og láta þá enn hjá líða að draga úr ferð.

3. *Með stefnubreytingum til bakborða án þess að draga úr ferð eða stöðva skipið.* Eftir um 5 mínútna siglingu frá þeirri stefnubreytingu, sem í 2. lið getur, þegar ákærða virtist endurvarp frá vs. Charm aftur beint framundan, og fjarlægð var innan við 4 sjómílur, að breyta þá stefnu til bakborða, fyrst lítils háttar, eða á sömu stefnu og áður hafði verið sigld, en síðar meira, eða 15°, og er ákærði sá, að enn dró saman milli skipanna og að vs. Charm hafði vikið til stjórnborða, breytt þá enn stefnu til bakborða um 20°, en jafnframt látið hjá líða að draga verulega úr ferð eða stöðva skipið,

—allt með þeim afleiðingum, að árekstur varð með skipunum um kl. 19:40 með þeim hætti, að vs. Berglind sigldi þvert fyrir stefni vs. Charm, sem gekk inn í stjórnborðssíðu vs. Berglindar, nærri miðskips. Ellefu manna áhöfn og einum farþega vs. Berglindar var á næstu klukkustundum bjargað um borð í strandgæslubáta, sem komu á vettvang, og um borð í vs. Charm, en að vs. Berglind kom svo mikill leki, að skipið, með öllum farmi, sökk um kl. 11:40 næsta morgun, er verið var að draga það áleiðis til hafnar í Sidney.

Brot ákærða teljast varða við 1. og 2. mgr. 239. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, 8. reglu, einkum b og e lið, 14. reglu a lið og 19. reglu d lið, sbr. lög nr. 7 26. febrúar 1975 um heimild til staðfestingar þeirrar samþykktar, auglýsingu nr. 6 22. apríl 1975 og auglýsingu nr. 4 9. febrúar 1977 um fullgildingu og gildistöku sömu samþykktar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda til skipstjórnarstarfa, bæði skipstjóra- og stýrimannsréttinda, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Sjópróf út af framangreindu sjóslysi hófust í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur þann 28. júlí 1981. Ákærði lagði þá fram skriflega skýrslu, sem er dagsett 27. júlí 1981. Í skýrslunni kemur ekki fram, hvar Guðmundur Sigurðsson stýrimaður var, þegar árekstur skipanna varð. Í sjódóminum var ákærði spurður: „Hver var á vakt, frá því að skipið Charm sást í radarnum og þar til árekstruinn varð?" Ákærði svaraði „Ég var á vakt, og 1. stýrimaður var með mér. Ég var staddur við radar skipsins. Síðan voru á brúarvæng nefndur Guðmundur og einn háseti á bakborðsbrúarvæng."

Guðmundur Sigurðsson, 1. stýrimaður, gaf einnig skýrslu fyrir sjódóminum 28. júlí 1981. Verða nú raktar nokkrar spurningar og svör stýrimannsins.

„Hvar var vitnið, frá því að skipstjóri tilkynnti, að hann sæi eitthvað í radarnum? „Ég var út á brúarvæng.“ Og hvaða starfi gegndi vitnið þar? „Útkíkki.“ Var mikil þoka? „Já.“ Hvernig vill vitnið lýsa þokunni? „Ja, við sáum nú bara rétt svona, varla stefnið á skipinu, ekkert meira.“ Hvenær var byrjað að flauta? „Það var strax upp úr hádegi. Þá voru gefnar þokubendingar.“ Getur vitnið sagt til um, á hvaða hraða skipið var? Greindi skipstjórinn vitninu frá því, að það sæist eitthvað í radarnum? „Já, ég vissi af því. Hann lét mig vita fyrst, þegar hann sá „ekkó“ þarna í sex mílunum.“ Á hvaða hraða var skipið þá? „Það hefur verið svona á 11½ mílu, eitthvað svoleiðis.“ Hver var svo hraðinn, þar til árekstur varð? „Hann hefði átt að vera svipaður.“ Fylgdist vitnið með „manueringu,“ rétt áður en árekstur varð? „Nei, ekki hvað snertir „telegraphið“.“ Hafði skipstjórinn orð á því við þig, að hann væri að breyta um stefnu? „Nei. Ég var úti. Hann var þarna við radarinn og talaði ekkert um það.“ Hafði hann engin orð um það við þig, í hvaða stefnu frá skipinu væri að vænta hljóðmerkja eða sjá skip? „Jú, hann bað mig að líta vel út, því það gæti komið skip. Hafa gott útkíkk og hlusta.“ Það hefur komið fram, að skömmu fyrir áreksturinn hafi skipstjórinn lagt stýrinu hart í bakborða. Varst þú var við það? „Já.“ Hvar varstu þá? „Þá var ég úti á væng.“ Hvernig varðst þú var við það, að hann lagði stýrinu hart á bakborða? „Ég sá, þegar hann „kúpplaði“ út.“

Vitnið Sigurhans Þorbjörnsson, 1. vélstjóri á v/s Berglind, hefur í siglingadómi 16. febrúar 1983 m. a. skýrt svo frá:

„Ég var staddur í borðsal skipsins, þegar árekstur varð. Í borðsalnum voru auk mín Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, Ómar Wieth, háseti, og eiginkona mín, Bára Einarsdóttir. Þetta man ég mjög vel. Ég og kona mín komum saman í borðsalinn upp úr kl. 1800, en ég get nú ekki munað það nákvæmlega. Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, kom í borðsalinn á eftir okkur hjónum, en ég man nú ekki nákvæmlega, hvenær hann kom, en hann kom eftir kl. 1830, en kl. 1900 var hann búinn að borða. Eftir að við vorum búin að borða, ræddum við saman fjögur. Mig minnir, að við sætum yfir kaffibollum. Við heyrðum flaut frá öðru skipi. Mig minnir, að við Guðmundur Sigurðsson færum hvor að sínum glugganum til að leita að skipi í grenndinni. Borðsalurinn er stjórnborðsmegin og gluggarnir því á stjórnborðshlið skipsins, en borðsalurinn er einni hæð ofan aðalþilfars. Mjög fljótlega sáum við hitt skipið koma út úr þokunni og stefna á Berglind. Við Guðmundur hörfuðum þá frá gluggaveggnum. Ég gerði mér ljóst, að árekstur yrði. Ég hljóp því til konu minnar, og við héldum okkur til þess að verjast falli, þegar skipin skyllu saman. Ég fór strax með konuna upp á næstu hæð fyrir ofan, og það gerðum við með því að ganga út á þilfar bakborðsmegin og þar upp stiga, en herbergi mitt var á næstu hæð

fyrir ofan borðsalinn. Ég var vel á mig kominn og ekki undir áhrifum áfengis. Ég fylgdist ekki með, hvað varð um Guðmund og Ómar, en mig minnir, að þeir hafi orðið mér samferða út á þilfarið bakborðsmegin. Konan varð eftir á þilfarinu, þar sem herbergið mitt var, en ég hélt áfram upp á stjórnpall, sem var á næstu hæð þar fyrir ofan. Ég gekk bakborðsmegin inn í brúna, og var Sævar skipstjóri þá einn inni í brúnni. Hann sagði mér, að stjórntæki vélarinnar (telegrafið) hefði ekki virkað. Hann bað mig að stöðva vélina og tilkynnti mér, að áhöfnin ætti að yfirgefa skipið."

Vitnið Hjalti Heiðar Hjaltason, sem var þriðji vélstjóri á v/s Berglind, gaf í siglingadómi 16. febrúar 1983 m. a. svofellda vitnaskýrslu:

„Ég var í klefa mínum, þegar áreksturinn varð. Klefi minn var á sömu hæð og borðsalur, en bakborðsmegin í skipinu. Ég fór af vakt kr. 1830 og fór þá beint í matsal. Ég dvaldi í matsalnum frá kl. um 1830 og allt fram undir að árekstur varð. Ég var því nýkominn til klefa míns, þegar áreksturinn varð. Þegar ég yfirgaf matsalinn rétt fyrir áreksturinn, voru þeir Sigurhans vélstjóri og Guðmundur Sigurðsson þar. Við Guðmundur höfðum báðir verið á vakt frá kl. 1230 til 1830. Við hittumst svo í matsalnum eftir vaktaskiptin og borðuðum saman kvöldverð þarna og sátum hvor á móti öðrum. Ég minnist þess ekki, að Guðmundur stýrimaður yfirgæfi matsalinn, eftir að hann kom í borðsalinn að loknum vaktaskiptum.

Ég er sannfærður um það, að Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, hafi ekki verið á stjórnpalli, þegar áreksturinn varð milli v/s Berglindar og v/s Charm.

Fyrsti stýrimaður fór af skipinu í Bandaríkjunum. Skipstjóri og Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, gengu því vaktir til skiptis, 6 klukkustundir í senn."

Vitnið Bára Sólveig Einarsdóttir gaf vitnaskýrslu fyrir siglingadómi 23. febrúar 1983. Vitnið skýrði m. a. svo frá:

„Ég var farþegi á v/s Berglind, þegar hún lenti í árekstri 19. júlí 1981. Ég var í borðsal skipsins, þegar áreksturinn varð. Með mér í borðsalnum voru eiginmaður minn, Sigurhans Þorbjörnsson, Ómar Wieth og Guðmundur, stýrimaður, en ég veit ekki, hvers son hann er. Ég var búin að vera í borðsalnum frá því um kl. 1800. Guðmundur stýrimaður kom á eftir mér inn í borðsalinn. Ég man ekki nákvæmlega, hve lengi hann var búinn að vera inni í borðsalnum. Hann var búinn að matast, þegar árekstur varð. Yfirleitt voru menn búnir að borða um kl. 1900. Ég tel, að stýrimaður hafi verið búinn að borða um kl. 1900. Ég tel, að hann hafi verið búinn að vera í borðsalnum í um klukkustund. Eftir kvöldmatinn sátum við öll fjögur og spjölluðum saman við langborð, sem var í borðsalnum. Ég man ekki til þess, að Guðmundur hafi vikið úr borðsalnum, eftir að hann kom til kvöldverðar og þar til áreksturinn varð."

II.

Þann 23. febrúar 1983 var vitnið Guðmundur Sigurðsson stýrimaður kvaddur fyrir siglingadóm til að gefa vitnaskýrslu. Var þá fært til bókar:

„Vitnið kvaðst vera í sambúð með dóttur ákærða, Sólrúnu Sævarsdóttur. Þau hafi búið saman frá því á árinu 1978, en eigi ekki saman börn.

Vitnið kvaðst skorast undan að gefa vitnaskýrslu fyrir dóminum.

Vararíkissaksóknari kvaðst gera kröfu til, að vitnið gefi vitnaskýrslu fyrir dóminum sem vitni sem eini stýrimaðurinn á v/s Berglind í máli ákærða. Vitnið njóti ekki undanþágu frá vitnaskyldu samkvæmt 5. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Að sjálfsögðu beri, strax og spurningar teljist fela í sér grun á hendur vitninu fyrir refisvert brot, að gæta 2. mgr. 77. gr. sömu laga.

Dómarinn spurði vararíkissaksóknara, hvort hann hefði vitnið grunað um refsiverðan verknað. Hann svaraði: „Á grundvelli framkominna skýrslna Sigurhans Þorbjörnssonar, vélstjóra, Báru Sólveigar Einarsdóttur og Hjalta Heiðars Hjaltasonar er vitnið grunað um rangan framburð í þinghaldi sjó- og verslunardóms 28. júlí 1981 um veigamikil atriði, sem snerta sakarefnið í máli þessu."

Verjandi ákærða fékk bókað: „Ég tel vitninu heimilt að skorast undan vitnisburði í máli þessu með heimild í 5. tölulið 89. gr. laga nr. 74/1974, þar sem hann telst tengdabarn ákærða samkvæmt rýmkandi lögskýringu. Þá tel ég, að Guðmundi sé óskylt að svara spurningum samkvæmt 91. gr. sömu laga. Ég óska eftir úrskurði, ef ákæruvaldið fellur ekki frá kröfu sinni."

Vararíkissaksóknari kvaðst halda fast við kröfu sína.

Var atriðið því næst tekið til úrskurðar."

III.

Í lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála segir svo í 89. gr.:

„Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorast geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði:

1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.
2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust.
3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja.
4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir.
5. Tengdaforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum."

Ákvæði 91. gr. laganna hljóðar svo:

„Aðila er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla

má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venslamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla."

Vitnið Guðmundur Sigurðsson stýrimaður býr í óvígðri sambúð með dóttur ákærða í máli þessu. Vitnið er því ekki tengdabarn ákærða samkvæmt lagabókstafnum.

Þegar það er hins vegar virt, annars vegar, að vitnið er nú grunað um refsiverðan verknað vegna framburðar sins í sjódómi 28. júlí 1981, og hins vegar metin tengsl vitnisins við ákærða, verður að telja með vísan til 91. gr. og með hliðsjón af 5. tl. 89. gr. laganna, að vitninu sé óskylt að gefa vitnaskýrslu fyrir siglingadómi í máli þessu. Þar við bætist, að eigi verður séð, eins og málið horfir nú við, að vætti vitnisins geti haft úrslitaáhrif á efnisniðurstöðu í málinu.

Bjarni Kristinn Bjarnason, formaður siglingadóms, kveður upp úrskurð þennan ásamt samdómendunum Einari Thoroddsen, Jóni Björnssyni, Guðmundi Hjaltasyni og Guðmundi Péturssyni.

Úrskurðarorð:

Vitninu Guðmundi Sigurðssyni er óskylt að gefa vitnaskýrsiu í máli þessu.

Föstudaginn 11. mars 1983.

Nr. 157/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Þór Geirssyni
(Ólafur Þorláksson hrl.).

Bifhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson.

Pétur Björnsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 2. júlí 1982. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd, svo og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð. Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Þá greindi hann frá, að með of hröðum akstri um Austurveg á Selfossi hefði ákærði gerst brotlegur við ákvæði 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977.

Verjandi krefst sýknu og að málsvarnarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti verði greidd úr ríkissjóði.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 6. desember 1982.

Það fer ekki milli mála, að í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifhjóli sínu á allt að 100 km. hraða eftir Austurvegi á Selfossi, en hámarkshraði er þar talinn vera 50 km. á klst. Fallið hefur niður í ákæruskjali að færa atferli þetta til refsiákvæða. Þetta þykir þó ekki standa því í vegi, að dómur verði lagður á það ákæruatriði, sbr. ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur vörn komið fram um það í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt lögregluskýrslu um atburð þennan skýrði ákærði frá því, er hann var handtekinn við Fossnesti, að hann hefði neytt áfengis síðast kl. 0100 til 0130 nóttina áður. Endurtók ákærði þetta, er hann hafði verið færður í lögreglustöðina, í skýrslu þeirri, sem hann gaf fyrir Ólafi Íshólm Jónssyni lögregluvarðstjóra.

Er ákærði kom fyrir lögregluna 3. september 1981, kvað hann efni lögregluskýrslunnar rétt, en gerði fyrirvara um ökuhraða. Taldi hann nú áfengisneyslu sinni nóttina áður hafa lokið um kl. 0200. Það var svo hinn 11. september 1981 sem ákærði breytti frásögn sinni og kvaðst hafa neytt áfengis í Fossnesti, eftir að hann hafði ekið bifhjólinu og áður en lögregluþjónarnir handtóku hann. Eru framburðir ákærða og vitna raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Ekki þykir unnt að leggja hina breyttu frásögn ákærða til grundvallar í málinu. Þykir sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn ekið bifhjóli sínu undir áhrifum áfengis frá Stokkseyri til Selfoss og eftir

Austurvegi. Varðar þetta atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., svo sem í ákæru greinir.

Þá þykir sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn ekið bifhjóli sínu á ólöglegum hraða eftir Austurvegi, en það brot varðar við 50. gr., 1. mgr., laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 16/1977, 1. gr., svo og 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

Ákærði sætti 200.000 gkr. sekt vegna ölvunaraksturs með dómssátt í sakadómi Árnessýslu 23. júní 1980 og var jafnframt sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá sama tíma að telja. Brot þetta framdi ákærði 17. maí 1980, og var hann þá 18 ára. Refsing ákærða þykir með vísan til 71. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ævilangt frá 3. september 1981 að telja og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Þór Geirsson, sæti varðhaldi 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 25. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 9. nóvember 1981, á hendur Gunnari Þór Geirssyni verkamanni, Jaðri, Stokkseyri, fæddum 20. júlí 1961 í Keflavík, „fyrir að aka sunnudaginn 19. júlí 1981 undir áhrifum áfengis bifhjólinu R 31039 á allt að 100 km hraða miðað við klst. um Austurveg á Selfossi, þar sem hámarkshraði er 50 km, eftir að hafa ekið frá Stokkseyri til Selfoss.

Akstri lauk síðan við Fossnesti vegna afskipta lögreglu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. lög nr. 52/1978, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Sunnudaginn 19. júlí 1981, kl. 1500, var hringt á lögreglustöðin á Selfossi og tilkynnt um vítaverðan og of hraðan akstur á bifhjóli um Austurveg á Selfossi.

Í skýrslu lögreglunnar um mál þetta segir, að tveir lögregluþjónar hafi farið að athuga mál þetta og hafi þeir ekki orðið varir við akstur á bifhjóli þessu, en við Fossnesti á Selfossi hafi þeir séð bifhjólið R 31039 og skömmu seinna hafi ákærði í máli þessu komið að hjólinu, og tóku lögregluþjónarnir hann tali, en hann viðurkenndi þá að hafa verið á ferð um Austurveg og ekið nokkur greitt, líklega eitthvað um 100 km. hraða miðað við klst. Þó kvaðst ákærði ekki geta fullyrt neitt um þetta, þar sem hraðamælir á bifhjólinu væri bilaður.

Þegar lögregluþjónarnir voru að ræða við ákærða, fundu þeir sterka áfengislykt leggja frá vitum hans, og viðurkenndi ákærði að hafa neytt áfengis nóttina áður, og sagði hann, að klukkan hefði verið eitthvað um 0100 - 0130, þegar hann neytti síðast áfengis.

Lögregluþjónarnir tóku nú öndunarsýni frá ákærða, og sýndi það 3. stig, og var hann því færður á lögreglustöðina á Selfossi og þar fyrir Ólaf Íshólm Jónsson varðstjóra, sem tók af honum varðstjóraskýrslu, sem tímasett er kl. 1535.

Í varðstjóraskýrslunni kemur fram, að ákærði viðukenndi að hafa verið að aka bifhjólinu R 31039, og kvaðst hann hafa verið á rúntinum hér í bæ, og kvaðst hann hafa komið frá Stokkseyri og ekki muna, hvenær hann fór af stað. Ákærði neitaði að hafa verið að drekka áfengi frá því kl. 0100—0130 nóttina áður.

Í varðstjóraskýrslunni er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo: áfengisþefur af andardrætti talsverður, andlit þrútið, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Þá kemur fram í varðstjóraskýrslunni, að ákærði neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Brynleifur Steingrímsson læknir kom á lögreglustöðina og tók blóðsýni úr ákærða, og var það auðkennt ÁRN-1059, og samkvæmt dskj. nr. X

er blóðsýni tekið frá ákærða kl. 1535, og samkvæmt vottorði frá Rannsóknastofu í lyfjafræði var alkóhólmagn í blóðsýni þessu 1.22‰.

Ákærði gaf skýrslu um mál þetta fyrir lögreglunni í Árnessýslu þann 3. september sl., og lýsti ákærði þá því yfir, að hann teldi frumskýrslu lögreglunnar um mál þetta rétta, það hann best vissi, en ákærði áréttaði varðandi akstursbraðann, að þar væri um ágiskun að ræða, enda hafi hraðamælir bifhjólsins verið bilaður, en ákærði viðurkenndi, að hraði bifhjólsins hafi verið óhæfilega mikill.

Aðspurður um áfengisneyslu sína sagði ákærði, að kvöldið, áður en hann var handtekinn vegna máls þessa við Fossnesti, hafi hann verið að neyta áfengis, en ákærði kvaðst ekki muna, hvaða áfengi hann hafi verið að drekka, en það hafi verið sterkt vín og hann hafi verið við drykkjuna á dansleik á Stokkseyri. Ákærði kvaðst hafa verið allmikið drukkinn, en kvaðst telja, að hann hafi hætt vínneyslu um kl. 0200 um nóttina, og kvaðst ákærði ekki muna, hvenær hann gekk til náða. Þá sagði ákærði, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við akstur bifhjólsins á Selfossi.

Ákærði gaf aðra skýrslu um mál þetta að eigin ósk fyrir lögreglunni í Árnessýslu þann 11. september sl.

Ákærði lýsti því yfir við skýrslutöku þessa, að hann hafi ekki þorað að segja frá því, þegar hann var yfirheyrður fyrir lögreglunni þann 3. september sl., að hann hafi drukkið áfengi í Fossnesti á Selfossi, skömmu áður en lögreglan handtók hann þann 19. júlí sl.

Nánar lýsti ákærði áfengisneyslu sinni á þann veg, að þegar hann kom inn í Fossnesti, hafi hann hitt strák, sem hann kannaðist við og er kallaður Frikki og á heima á Selfossi, en þessi piltur hafi verið með stóra kókflösku með blönduðu brennivíni, sem hann hafi gefið ákærða af. Ákærði sagði, að flaskan hafi ekki verið alveg full, en hann kvaðst hafa drukkið mestan hlutann af því, sem í henni var.

Ákærði kveðst síðan hafa farið í síma í Fossnesti og hafi hann hringt heim til sín og beðið föður sinn um að sækja hjólið á Selfoss, en faðir hans hafi ekki mátt vera að því þá stundina.

Ákærði lýsti því yfir, að hann hafi talið, að þessi áfengisneysla hans í Fossnesti hafi ekki skipt máli, en þegar hann hafi farið að hugsa um það, hve mikið alkóhól mældist í blóði hans, þá hafi hann séð, að hann yrði að láta þessarar neyslu getið, en hún skýrði, af hverju svo mikið magn alkóhóls mældist í blóði ákærða.

Ákærði staðfesti þennan framburð sinn efnislega, þegar hann var enn einu sinni yfirheyrður um mál þetta fyrir lögreglunni í Árnessýslu þann 12. október sl.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir sakadómi vegna máls þessa þann 18. janúar sl., og neitaði þá ákærði því enn að hafa ekið bifhjólinu R 31039

ölvaður um Austurveg á Selfossi þann 19. júlí sl., en ákærði viðurkenndi að hafa drukkið ca hálfa flösku af millistærð af kók af brennivíni blönduðu í kóki, og sagði ákærði, að þar hafi verið um sterka blöndu að ræða, en áfengi þetta kvaðst ákærði hafa fengið hjá vitninu Friðrik Friðrikssyni í Fossnesti á Selfossi þann 19. júlí sl., eftir að ákærði hafði hætt akstri á bifhjólinu R 31039. Ákærði kvaðst hafa drukkið þetta áfengi á ca 5 mínútum, og sagði ákærði, að honum hafi hitnað við áfengisneyslu þessa og þess vegna hafi hann brugðið á það ráð að hringja í föður sinn, og kvaðst hann hafa beðið hann um að sækja bifhjólið á Selfoss.

Ákærði kvaðst ekki hafa þorað að segja við yfirheyrslu hjá lögreglunni, að hann hafi neytt áfengis í Fossnesti, en ákærði kvaðst hafa haldið, að ekki mundi mælast alkóhól í blóði hans, en ákærði sagði, að hann hafi ekki beinlínis verið spurður af því af lögreglu, hvort hann hafi drukkið áfengi frá því, að akstri hans lauk, og því hafi hann forðast að skýra frá því af þeim ástæðum, sem hann hafi greint frá.

Nánar aðspurður um áfengisneyslu sína í Fossnesti á Selfossi þann 19. júlí sl. sagði ákærði, að flaska sú, sem Friðrik Friðriksson bauð ákærða vínblöndu úr, hafi verið ríflega hálf, þegar fundum þeirra Friðriks bar saman í Fossnesti, og kvaðst ákærði hafa drukkið ca helminginn af því, sem var í kókflöskunni, en þar hafi verið um að ræða millistærð af kókflösku.

Vitnið Hörður Sigurðsson, Eyjaseli 10, Stokkseyri, var farþegi ákærða á bifhjólinu R 31039, þegar hinn umdeildi árekstur (sic) ákærða átti sér stað.

Vitnið Hörður Sigurðsosn var yfirheyrt fyrir lögreglu þann 22. október sl. og hér fyrir dómi 18. jan. sl., og sagði vitnið, að það teldi, að ákærði hafi ekið hjólinu á ca 80 - 100 km hraða á leiðinni á Selfoss, en vitnið kvaðst ekki vita, hve hratt ákærði hafi ekið um götur Selfoss, og sagði vitnið, að það hafi verið á undan ákærða inn í Fossnesti, og kvaðst það hafa fengið sér sæti í borðsal Fossnestis, og sagði vitnið, að ákærði hafi ekki komið til vitnisins fyrr en eftir ca 5 - 10 mínútur og hefðu þeir setið þar saman í ca 5 - 10 mínútur, þá hefðu þeir farið út úr húsinu og þá hafi lögreglan verið þar fyrir utan og hafi hún tekið ákærða til yfirheyrslu á lögreglustöðinni.

Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, áður en ákærði hóf akstur bifhjólsins R 31039 í greint sinn á Stokkseyri, og vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við breytingar á ákærða, meðan þeir stóðu við í Fossnesti.

Vitnið Friðrik Rúnar Friðriksson, Hjarðarholti 1, Selfossi, gaf skýrslu um mál þetta fyrir lögreglunni þann 11. september sl.

Vitnið skýrði svo frá, að það hafi hitt ákærða í Fossnesti þann 19. júlí

sl., og kvaðst vitnið þá hafa verið með næsta hálfa litla kókflösku, sem í var bland af kók og brennivíni. Vitnið sagði, að ákærði hafi beðið sig um snafs, og kvaðst vitnið hafa fengið ákærða flöskuna. Vitnið sagði, að ákærði hafi fengið sér þrjá eða fjóra sopa af vínblöndu þessari, en vitnið kvaðst sjálft hafa drukkið meiri hlutann, sem í flöskunni var, eftir að þeir ákærði skildu.

Vitnið Friðrik Rúnar Friðriksson kom hér fyrir dóminn þann 18. janúar sl., og lýsti vitnið þá fundum þeirra ákærða á þann veg, að það hafi verið statt í Fossnesti í júlí síðastliðið sumar, og kvaðst vitnið þá hafa verið með brennivín blandað í kók í flösku af millistærð af kók, og segir vitnið, að blandan hafi verið ca helmingur kók og helmingur brennivín. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða þarna inni og hafi ákærði beðið vitnið um vín, og rétti vitni honum kókflöskuna með vínblöndunni, og drakk þá ákærði megnið úr flöskunni, en skildi þó eftir nokkra sopa handa vitninu. Vitnið kvaðst telja, að ákærði hafi drukkið ca hálfa flöskuna af vínblöndunni.

Í réttarhaldi þessu lýsti vitnið Friðrik Rúnar Friðriksson því yfir, að það væri rangt, sem eftir sér væri haft í skýrslu lögreglunnar þann 11. september sl., en lögreglan hafi hótað vitninu að stinga vitninu í fangageymslu, ef það færi með lygar varðandi þessi atriði, og segir vitnið, að lögregluþjónarnir Ólafur Íshólm og Hergeir hefðu spurt sig að því, hvort það hafi verið með „tröllakók", en vitnið hafi sagt, að það hafi verið með minni gerð af kókflösku í greint sinn, og sé það líklega skýringin á því, að í lögregluskýrslunni sé talað um litla kókflösku. Vitnið sagði, að lögregluþjónarnir hefðu komið sér í þá spennu við yfirheyrsluna þann 11. september sl., að skýrsla þess hafi orðið ónákvæm, hvað varðar neyslu ákærða af vínblöndu vitnisins.

Vitnið Ólafur Íshólm Jónsson lögregluvarðstjóri í lögreglunni í Árnessýslu, Stekkholti 6, Selfossi, kom hér fyrir dóminn 18. janúar sl. og staðfesti þar varðstjóraskýrslu sína í dskj. V. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að ákærði hafi að neinu leyti gefið til kynna, að hann hafi drukkið áfengi skömmu eftir handtöku ákærða við Fossnesti þann 19. júlí sl., þegar vitnið tók varðstjóraskýrslu af ákærða í framhaldi af handtöku hans.

Vitnið kom aftur hér fyrir dóm þann 21. janúar sl., og lýsti vitnið því þá yfir, að það teldi öruggt, að tímasetningar í lögregluskýrslu í dskj. IV og varðstjóraskýrslu í dskj. V væru réttar, en vitnið tók fram, að það hafi talað við ákærða í ca 10 mínútur, áður en vitnið setti tímasetningu á varðstjóraskýrsluna, meðan beðið var eftir lækni til þess að taka blóð frá ákærða.

Vitnið kvaðst minnast þess, að það hafi verið viðstatt yfirheyrslu yfir vitninu Friðrik Rúnari Friðrikssyni vegna máls þessa, og sagði vitnið, að

það hafi ekki beitt Friðrik Rúnar neins konar harðræði við yfirheyrslu þann 11. septemer sl., og kvaðst vitnið ekki heldur hafa orðið þess vart, að Hergeir Kristgeirsson rannsóknarlögreglumaður hafi beitt vitnið harðræði.

Vitnið Hergeir Kristgeirsson, rannsóknarlögreglumaður í lögreglunni í Árnessýslu, Birkivöllum 24, Selfossi, kom hér fyrir dóm þann 21. janúar sl., og kvaðst vitnið ekki minnast þess, að yfirheyrsla þess á vitninu Friðrik Rúnari Friðrikssyni þann 11. september sl. hafi verið neitt óvenjuleg, og kvaðst vitnið ekki muna, hver hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa hótað vitninu að loka það inni í fangelsi.

Vitnið kvaðst mótmæla þeim fullyrðingum í framburði vitnisins Friðriks Rúnars Friðrikssonar hér fyrir dómi 18. janúar sl., að vitnið hafi beitt Friðrik Rúnar harðræði við yfirheyrsluna þann 11. september sl.

Vitnið Erlendur Daníelsson, lögregluþjónn í lögreglunni í Árnessýslu, Birkivöllum 30, Selfossi, kom hér fyrir dóminn 21. janúar sl.

Vitnið staðfesti lögregluskýrslu Guðmundar Hartmannssonar aðstoðarvarðstjóra um mál þetta, og aðspurt kvaðst vitnið telja, að ca 10 mínútur hefðu liðið frá því kvörtun barst á lögreglustöðina á Selfossi um akstur bifhjólsins um Austurveg, þar til ákærði var handtekinn. Þá kvaðst vitnið ekki vera í vafa um, að það hafi verið ákærði, sem ók bifhjóli eftir Austurvegi, skömmu áður en vitnið handtók ákærða við Fossnesti, enda hafi ákærði viðurkennt að hafa ekið á 100 km hraða eftir Austurvegi, skömmu áður en hann var handtekinn.

Vitnið Guðmundur Hartmannsson, aðstoðarvarðstjóri í lögreglunni í Árnessýslu, Réttarholti 10, Selfossi, kom hér fyrir dóminn 18. janúar sl. og staðfesti skýrslu sína í dskj. nr. IV.

Vitnið kvaðst hafa handtekið ákærða ásamt Erlendi Daníelssyni lögregluþjóni við Fossnesti þann 19. júlí sl., og kvaðst vitnið ekki muna, hvort það hafi spurt ákærða að því, hvort hann hafi verið við drykkju í Fossnesti, en vitnið sagði, að ákærði hafi ekki haft áfengi meðferðis þarna við Fossnesti, og kvaðst vitnið minnast þess, að ákærði hafi verið rauðeygður, þegar vitnið tók hann tali við Fossnesti í greint sinn. Þá kvaðst vitnið ekki hafa ástæðu til þess að ætla annað en að ákærði hafi ætlað að aka bifhjóli sínu frá Fossnesti, þegar þeir lögregluþjónarnir höfðu tal af honum við Fossnesti, en þá höfðu þeir lögregluþjónarnir verið búnir að bíða eftir ákærða við hjól hans við Fossnesti í ca 10 mínútur.

Foreldrar ákærða, þau Auður Gunnarsdóttir og Geir Valgeirsson, komu hér fyrir dómi þann 18. janúar sl. og 3. febrúar sl., og lýstu þau því yfir, að ákærði hafi hringt frá Selfossi þann 19. júlí sl. og beðið föður sinn um að sækja bifhjól sitt á Selfoss, en ákærði kvaðst hafa smakkað vín í söluskála á Selfossi.

Faðir ákærða kvaðst hafa lofað ákærða að sækja hjólið, en kvaðst ekki

hafa getað farið strax að sækja hjólið og ákærði hafi verið kominn heim, áður en hann gat farið á Selfoss, og sagði ákærði þá, að hjólið væri í höndum lögreglunnar, og varð því ekki úr, að hann sækti hjólið fyrir ákærða.

Með framburði ákærða fyrir lögreglunni 19. júlí sl. og 3. september sl. og framburðum lögregluþjónanna Erlends Daníelssonar, Guðmundar Hartmannssonar og Ólafs Íshólms Jónssonar og öðrum gögnum máls þessa þykir sannað, þrátt fyrir að ákærði hafi breytt framburði sínum fyrir lögreglu 11. september sl. og verið síðan reikull í framburði sínum hér fyrir dómi og þrátt fyrir ruglingslegan framburð vitnisins Friðriks Rúnars Friðrikssonar, vitnisins Harðar Sigurðssonar og foreldra ákærða, að ákærði hafi sunnudaginn 19. júlí 1981 ekið bifhjólinu R 31039 undir áhrifum áfengis á allt að 100 km hraða m/klst. um Austurveg á Selfossi, þar sem hámarkshraði er 50 km, svo sem í ákæru greinir.

Brot ákærða þykja varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr., 49. gr. og 50 . gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Samkvæmt sakavottorði ákærða í dskj. nr. XIX hefur hann sætt refsingum, sem hér segir:

1980 23/6 í Árnessýslu: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 23/6 1980.

1981 3/12 í Árnessýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 246. gr. hegningarlaga.

Með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs kr. 5.000.00, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir verða að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 3. september 1981.

Loks þykir verða að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, en þar eru meðtalin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bergs Guðnasonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Þór Geirsson, greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3. september 1981.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Bergs Guðnasonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. mars 1983.

Nr. 196/1982. **Guðjón Ómar Hauksson**
gegn
Jóni Gunnari Zoëga.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thorooddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1982. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Keflavíkur 10. september 1982. Málið var þingfest 1. nóvember 1982 og þá frestað í fjóra mánuði til 2. mars 1983. Krafðist áfrýjandi þá frekari frests til framlagningar ágrips í málinu.

Stefndi mótmælti frekari fresti og krafðist þess, að málið yrði fellt niður, svo og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt að veita áfrýjanda frest til 11. apríl 1983. Málskostnaðarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 11. apríl 1983.

Málskostnaðarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 14. mars 1983.

Nr. 54/1981. **Sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Jóni S. Ögmundssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Opinberir starfsmenn. Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1981 og krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að málskostnaður fyrir báðum dómstigum verið felldur niður.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu er ekki deilt um það, hvort heimilt hafi verið að setja ákvæði um eins mánaðar uppsagnarfrest í ráðningarsamning stefnda, heldur eingöngu um það, hvort stefndi eigi rétt á að fá laun sín greidd fyrirfram mánaðarlega í samræmi við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndi telst ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þau lög geyma reglur opinbers réttar eðlis, og verður að telja, að óheimilt hafi verið að semja á annan veg um launagreiðslur til stefnda en 1. mgr. 20. gr. þeirra laga mælir fyrir um.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóni S. Ögmundssyni, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. nóvember sl., hefur Jón S. Ögmundsson matvælaverkfræðingur, Hjarðarhaga 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. febrúar 1979, gegn sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til viðurkenningar á rétti sínum til þess að fá laun sín greidd fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar skv. upphafsákvæði 20. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara gera stefndu þær kröfur, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Undirritaður dómari tók við meðferð máls þessa hinn 8. september 1980 af Emil Ágústssyni borgardómara, sem áður fór með málið. Með yfirlýsingu, dags. 22. febrúar 1979, samþykktu aðiljar máls þessa fyrirfram að ganga fram hjá sáttanefnd með mál þetta, sbr. lög nr. 85/1936, 5. gr., 3. mgr., 11. tl. Dómarinn reyndi sættir með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni neinn árangur. Við munnlegan flutning máls þessa lýsti lögmaður stefndu því yfir, að deildarstjóri launadeildar fjármálaráðuneytisins, Guðmundur Karl Jónsson, hefði með tilvísun til 2. mgr. i. f. 1. gr. laga nr. 38/1954 fyrir hönd fjármálaráðherra synjað stefnanda ósk hans um, að hann hlyti laun sín greidd fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar í stað eftir á.

Málavextir.

Um málavexti er eigi deilt af hálfu aðilja máls þessa, og er málavöxtum þannig lýst í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að stefnandi var fastráðinn til starfa við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þann 9. september 1974 frá og með 1. október það ár. Hafði hann oft unnið þar áður um takmarkaðan tíma hverju sinni.

Í fyrstu fékk stefnandi föst mánaðarlaun sín greidd fyrirfram í byrjun hvers mánaðar, svo sem ráð er fyrir gert í 20. gr. laga 38/1954. Greiddi hann þá í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um mitt ár 1978 óskaði stefnandi eftir að greiða framvegis í Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands, svo sem hann átti rétt til. Var honum þá tjáð af fyrirsvarsmönnum í launadeild fjármálaráðuneytisins, að við þessu væri því aðeins unnt að verða, að gerður yrði nýr ráðningarsamningur. Var slíkur samningur gerður og undirritaður 19/6 1978 og 31/7 1978.

Samningur þessi er gerður á prentað (eða fjölritað) samningsform stefndu. Í því segir m. a.: „Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samkvæmt samningi þessum skal vera þrír mánuðir, nema tekið sé fram, að ráðningu ljúki sjálfkrafa. Þó skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður á fyrstu þrem mánuðum í starfi svo og ef samningur þessi gerir ráð fyrir, að launþeginn sé sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði en lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna. Ákvæði samnings þessa um uppsagnarfrest gilda þó ekki um þá starfsmenn ríkissins, sem hófu störf fyrir 1. jan. 1975, án þess að samið hafi verið um sérstakan uppsagnarfrest, og starfað hafa hjá ríkinu samfellt síðan. Laun skulu greidd fyrirfram, ef ráðningu er ætlað að standa til ekki skemmri tíma en eins árs eða ótímabundið með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf talið aðalstarf og hlutaðaeigandi taki ekki minna en hálf þau laun er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnudag. Í öðrum tilvikum skulu laun greidd eftir á."

Samningur þessi hefur verið túlkaður þannig af hálfu stefndu, að uppsagnarfrestur skuli vera einn mánuður (á það hefur í sjálfu sér ekki reynt) og þar af leiðandi eigi stefnandi ekki rétt á fyrirfram greiddum launum.

Ég hefi sem lögmaður stefnanda átt viðræður um málið við Guðmund Karl Jónsson, deildarstjóra launadeildar fjármálaráðuneytisins, en ekki leiddu þær viðræður til viðurkenningar stefndu á rétti stefnanda til fyrirfram greiddra launa. Er því málssókn þessi óhjákvæmileg."

Stefnandi málsins, Jón S. Ögmundsson, kom fyrir dóminn. Hann kvað starfsmenn launadeildar fjármálaráðuneytisins hafa sagt sér, að það væri skilyrði fyrir því, að starfsmaður ríkisins fengi flutning í annan lífeyrissjóð, að viðkomandi starfsmaður semdi um skemmri uppsagnarfrest en þrjá mánuði og jafnframt um að hann fengi laun sín greidd eftir á í stað fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar, eins og tíðkast hefði. Kvaðst stefnandi ekki hafa hreyft neinum andmælum gegn þessum skilyrðum, enda hefði hann talið, að sér bæri að gangast undir þau lögum samkvæmt. Þar af leiðandi hefði hann ekki séð neina ástæðu til þess að setja fyrirvara varðandi ákvæði ráðningarsamningsins um fyrirkomulag launagreiðslna. Þegar sér hefði hins vegar orðið ljóst, að skilyrði þetta væri ólögmætt, hefði hann komið að máli við kjarafélag sitt, Kjarafélag opinberra starfs-

manna í Verkfræðingafélaginu, og hefði félagið tekið málið upp við forsvarsmenn launadeildar fjármálaráðuneytisins og átt við þá viðræður fyrir sína hönd. Þær viðræður hefðu engan árangur borið og fjármálaráðuneytið jafnan neitað að breyta fyrirkomulagi launagreiðslnanna.

Deildarstjóri launadeildar fjármálaráðuneytisins, Guðmundur Karl Jónsson, kom einnig fyrir dóm í máli þessu. Hann kvað það hafa verið ríkjandi venju um alllangt skeið að gera nýja ráðningarsamninga við þá starfsmenn ríkisins, sem óskuðu eftir flutningi úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í aðra lífeyrissjóði. Væri þá jafnan samið um skemmri uppsagnarfrest en þrjá mánuði og jafnframt um það, að laun skyldu greidd eftir á í stað fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Tilgangur þess að semja um skemmri uppsagnarfrest væri sá að haga málum þannig, að viðkomandi starfsmaður félli ekki lengur undir skilgreiningu 3. gr. laga nr. 29/1963. Með þessu móti segi viðkomandi starfsmaður í raun upp fastráðingu sinni og gerist lausráðinn starfsmaður.

Deildarstjórinn kvað mjög tíð mannaskipti vera í launadeild fjármálaráðuneytisins. Því kynni að vera, að vegna mistaka hefði einstaka starfsmönnum, sem fengið hefðu flutning í annan lífeyrissjóð, ekki verið greiddd laun eftir á, heldur fyrirfram samkv. 20. gr. laga nr. 38/1954. Slíkt væri þó alger undantekning og framangreindri venju ávallt fylgt. Deildarstjórinn kvaðst kannast við það, að lögmaður stefnanda, Jón Steinar Gunnlaugsson, hefði átt viðræður við sig um ágreiningsefni máls þessa. Kvaðst deildarstjórinn í umboði fjármálaráðuneytisins hafa synjað óskum stefnanda um það, að hann fengi laun sín greidd fyrirfram, en ekki eftir á.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína við upphafsákvæði 20. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem segi, að föst laun greiðist fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Lög nr. 38/1954, og þar með talin 20. gr. þeirra, taki til hvers manns í þjónustu ríkisins, sem sé skipaður, settur eða ráðinn. Það, sem skeri því úr um rétt þeirra, er vinni í þágu ríkisins, til þess að fá laun sín greidd fyrirfram sé 1. gr. starfsmannalaganna. Falli maður undir skilgreiningu 1. gr. þeirra laga, eigi viðkomandi starfsmaður rétt til fyrirframgreiðslu launa samkv. upphafsákvæði 20. gr.

Stefnandi telur það athugunarefni um hvern og einn starfsmann, hvort hann falli undir skilgreiningu 1. gr. starfsmannalega. Telur stefnandi, að ótvírætt sé, að hann falli undir þá skilgreiningu, er þar komi fram. Hann kveðst hafa verið fastráðinn til starfa við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 9. september 1974 frá og með 1. október það ár. Megi jafna þeirri fastráðningu til skipunar, enda hafi hann notið æviráðningar. Hafi hann þá fengið

föst laun sín greidd fyrirfram í byrjun hvers mánaðar í samræmi við ákvæði 20. gr. starfsmannalaga. Þegar ráðningarsamningurinn frá 19. júní og 31. júlí 1978 hafi verið gerður með ákvæði um 1 mánaðar uppsagnarfrest, hafi hann, þ. e. stefnandi, ekki lengur verið skipaður ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr., heldur ráðinn starfsmaður í skilningi sömu greinar. Hann hafi þá ekki lengur notið æviráðningar, heldur ráðningar sem starfsmaður með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Hann falli eftir sem áður undir skilgreiningu 1. gr. starfsmannalaga.

Stefnandi telur, að hugtökin fastráðinn og lausráðinn ríkisstarfsmaður skipti ekki máli varðandi sakarefni það, sem til úrlausnar sé í máli þessu, enda séu hugtök þessi hvergi skýrð í lögum. Það, sem líta beri til, sé eðli vinnuréttarsambandsins. Þegar 20. gr. laga nr. 38/1954 tali um föst laun, þá sé átt við laun, sem starfsmaður fái greidd, þegar hann sé í þannig vinnuréttarsambandi við vinnuveitanda sinn, að honum verði ekki sagt upp störfum nema með uppsagnarfresti. Þannig hátti til um stefnanda. Honum verði ekki sagt upp störfum nema með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Þarna komi fram gleggsti munur á starfsmanni, sem þiggi föst laun, og svo starfsmanni, sem vinni í þágu ríkisins á tímakaupi. Slíkum starfsmönnum, þ. e. tímavinnukaupsstarfsmönnum, verði sagt upp störfum án uppsagnarfrests, þar sem þeir séu ekki í föstu vinnuréttarsambandi við ríkið. Þá bendir stefnandi á, að engin breyting hafi orðið á starfssviði og starfsskyldum sínum, eftir að hann gerðist ráðinn starfsmaður, frá því, sem verið hafi, meðan hann hafi notið æviráðningar. Séu því vandfundin eðlisrök til þess að svipta sig réttinum til fyrirframgreiðslu launa.

Stefnandi getur þess, að hann telji ekkert athugunarvert við það, þó svo að ríkið semji um tiltekinn uppsagnarfrest við starfsmann sinn, sem áður hafi notið æviráðningar. Til þess sé full heimild, enda sé enginn ágreiningur gerður við stefndu varðandi uppsagnarfrestinn. Ágreiningur varði það, hvort það sé uppsagnarfresturinn, sem eigi að marka rétt ríkisstarfsmanna til þess að fá laun sín greidd fyrirfram, eða hvort það sé eitthvað annað atriði. Telur stefnandi, að rétturinn til fyrirframgreiðslu launa ráðist af því, hvort starfsmaður falli undir 1. gr. starfsmannalaga, engu öðru. Falli starfsmaður undir skilgreiningu 1. gr., eigi hann lögvarinn rétt samkv. 20. gr. sömu laga til fyrirframgreiðslu launa. Sá starfsmaður, sem falli undir skilgreiningu 1. gr. starfsmannalaga, sé ekki bundin af samningi um afsal slíks réttar, hvort heldur sem slíkur samningur sé gerður af viðkomandi starfsmanni eða í kjarasamningi stærri heilda ríkisstarfsmanna. Það breyti því engu um rétt stefnanda í þessum efnum, að hann hafi undirritað ráðningarsamning með ákvæði um afsal slíks réttar, þar sem ákvæðið sé andstætt lögum og því óskuldbindandi. Lög nr. 38/1954 mæli fyrir um margs konar réttindi til handa starfsmönnum ríkisins, sem þeir verði ekki sviptir,

nema til komi sérstakar heimildir. Slíkar heimildir séu ekki fyrir hendi og því beri ríkinu að haga samningsgerð við starfsmenn sína þannig, að ekki fari í bága við starfsmannalögin, þar með talin 20. gr. laganna. Að öllu þessu athuguðu sé einsýnt, að fallast beri á kröfur sínar í máli þessu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að þegar stefnandi hafi á árinu 1978 óskað eftir því að binda endi á aðild sína að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og greiða framvegis í Lífeyrissjóð Verkfræðingafélgs Íslands, hafi það verið mat launadeildar fjármálaráðuneytisins, að nauðsyn bæri til að gera nýjan ráðningarsamning við stefnanda vegna skýlausra ákvæða um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í lögum nr. 29/1963. Í 3. gr. þeirra laga segi, að sjóðfélagar séu allir þeir, sem skipaðir séu, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríksisins með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgi fyrir fullan vinnutíma. Hinn nýi ráðningarsamningur við stefnanda á dskj. nr. 5 hafi því verið gerður í því skyni að semja um skemmri uppsagnarfrest honum til handa en þriggja mánaða, til þess að honum bæri ekki að lögum að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Með hinum nýja samningi hafi stefnandi í raun sagt lausri þeirri fastráðningu, er hann hafi notið frá 1. október 1974, sbr. dskj. nr. 4, og gerst lausráðinn starfsmaður ríkisins með þeim samningskjörum, að uppsagnarfrestur sé einn mánuður og laun skuli greidd eftir á, sbr. dskj. nr. 5.

Stefndu telja, að hugtökin lausráðinn og fastráðinn ríkisstarfsmaður séu hvergi skilgreind í lögum. Þessi hugtök hafi þó almennt verið viðurkennd í íslensku réttarfari og af samningsaðiljum um kaup og kjör ríkisstarfsmanna. Starf fastráðinna ríkisstarfsmanna sé að jafnaði varanlegra en önnur vinnusambönd á þessum vettvangi og starfstími þeirra yfirleitt ekki markaður aldur fyrirfram. Skipun í stöðu á vegum ríkisins megi að þessu leyti jafna til fastráðningar, þar sem um lausa skipun geti ekki verið að ræða samkvæmt íslenskum stjórnarfarsrétti. Um setningu gildi að sjálfsögðu allt önnur sjónarmið.

Stefndu telja, að hugtökin fastráðinn og lausráðinn starfsmaður séu mjög á reikni. Munur þessara tveggja hugtaka komi ekki fram í starfsmannalögunum nr. 38/1954, heldur í síðari tíma löggjöf, aldarfjórðungsframkvæmd og dómum. Sem dæmi um síðari tíma löggjöf, sem geri greinarmun á fastráðnum og lausráðnum ríkisstarfsmönnum, nefna stefndu 4. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, a lið 3. gr. laga nr. 46/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Öll þessi lagaákvæði renni stoðum undir þá skýrgreiningu,

að munur sé á réttarstöðu fastráðinna og lausráðinna ríkisstarfsmanna. Af lagaákvæðum þessum megi ráða, að mörkin milli fastráðins og lausráðins ríkisstarfsmanns liggi við þriggja mánaða uppsagnarfrestinn.

Stefndu telja, að með hliðsjón af framansögðu sé augljóst, að stefnandi máls þessa sé lausráðinn ríkisstarfsmaður. Réttarstaða hans sem og annarra lausráðinna ríkisstarfsmanna sé lakari heldur en fastráðinna. Komi það m. a. fram í því, að þeir njóti ekki þeirra réttinda og fríðinda, er lög nr. 38/1954 veiti ríkisstarfsmönnum, þar sem hinir lausráðnu starfsmenn falli af framangreindum ástæðum ekki undir ákvæði laganna. Rök munar á réttarstöðu þessarra tveggja hópa ríkisstarfsmanna séu þau að gera betur við þá starfsmenn, sem séu í föstum vinnuréttartengslum við ríkið. Sé slíkur munur alls ekki óeðlilegur út frá sjónarmiði ríkisins sem atvinnuveitanda. Ríkið vilji eðlilega gera betur við þá, sem eru fastráðnir starfsmenn þess, heldur en þá, sem eru lausráðnir, eins og t. d. stundakennarar, sumarvinnumenn og afleysingamenn ýmiss konar. Slíkir lausráðnir starfsmenn, og stefnandi máls þessa þar með talinn, njóti ekki þess réttar, sem fastráðnum starfsmönnum sé tryggður í lögum nr. 38/1954. Sé ríkinu því í sjálfsvald sett að ákveða, hvort slíkum mönnum séu greidd laun fyrirfram eða eftir á.

Framangreindum skoðunum sínum til styrktar benda stefndu á, að í 20. gr. laga nr. 38/1954 sé talað um föst laun, en ekki laun. Föst laun séu laun til fastráðinna starfsmanna, starfsmanna í föstu vinnuréttarsambandi við ríkið. Þessi tvö hugtök, föst laun og fastráðinn starfsmaður, falli því alveg saman að þessu leyti. Þá beri og að geta þess, að það sé hin almenna regla vinnumarkaðsréttarins, að laun fyrir unnin störf séu greidd eftir á að verki loknu. Fyrirframgreiðsla launa sé undantekning frá þeirri almennu reglu. Samkvæmt hefðbundnum lögskýringarsjónamiðum beri að túlka slík undantekningarákvæði þröngt.

Loks benda stefndu á, að um aldarfjóðungsskeið, eða frá setningu laga nr. 38/1954, hafi sú venja ávallt verið tíðkuð að greiða þeim ríkisstarfsmönnum, sem aðild eiga að öðrum lífeyrissjóði heldur en lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, laun eftir á í stað fyrirfram fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Hafi aðferð þessi ávallt verið látin átölulaus af hálfu opinberra starfsmanna og samtaka þeirra. Þessu til styrktar benda stefndu á kjarasamning fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands fyrir gildistímann 1. nóvember 1977 til 31. október 1979, 2. mgr., 1. gr., þar sem segi svo um efni samningsins, að hann fjalli um kaup og kjör lausráðinna sjúkrahúslækna. Samkv. 2. mgr. 3. gr. kjarasamningsins skuli ráðningarsamningar vera uppsegjanlegir af beggja hálfu með tveggja mánaða fyrirvara. Á grundvelli þessa kjarasamnings hafi laun svo ávallt verið greidd eftir á og hafi enginn ágreiningur verið gerður um þá tilhögun. Að öllu þessu athug-

uðu telja stefndu, að auðsýnt sé, að fallast beri á sýknukröfu þeirra í máli þessu.

Álit réttarins.

Með ráðningarsamningi, dags. 9. september 1974, var stefnandi máls þessa fastráðinn sem sérfræðingur til starfa við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Með ráðningarsamningi, dags. 19. júní og 31. júlí 1978, var ráðningarkjörum stefnanda breytt á þann veg, að hann var ráðinn sem matvælaverkfræðingur að sömu stofnun ótímabundið, en með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Ágreiningur málsaðilja varðar það, hvort stefndu í máli þessu hafi í hinum síðari ráðningarsamningi verið heimilt að áskilja, að stefnandi hlyti laun sín greidd eftir á í stað fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Starfsmenn stofnunarinnar eru því ríkisstarfsmenn með þeim réttindum og skyldum, er um þá kunna að gilda hverju sinni. Lög nr. 38/1954 mæla fyrir um réttarstöðu starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga taka þau til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfinu, enda verði starf hans talið aðalstarf. Að mati réttarins er stefnandi máls þessa ráðinn ríkisstarfsmaður í skilningi 1. gr. laga nr. 38/1954, enda fullnægir hann öðrum skilyrðum, sem sett eru í þeirri grein. Lög nr. 38/1954 eiga því við, er ákvarða skal réttarstöðu stefnanda, enda er það meginregla 1. gr. laganna, að ráðnir ríkisstarfsmenn falli undir ákvæði þeirra laga.

Lög nr. 38/1954, 20. gr., mælir á þann veg, að föst laun greiðist fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Hvorki verður af 20. gr. sjálfri né af athugasemdum í greinargerð með 20. gr. frumvarps til laga nr. 38/1954 ráðið, að tilætlun löggjafans hafi verið sú að gera mun á réttarstöðu ráðinna og skipaðra ríkisstarfsmanna að því er varðar rétt samkv. 20. gr. laganna. Verður að ætla, ef sá hefði verið tilgangur löggjafans, að sérstök efnisregla hefði verið lögfest þar að lútandi. Svo var eigi gert. Verður því að skýra nefnda 20. gr. þannig, að hún eigi við um stefnanda máls þessa og hann njóti réttar samkvæmt henni, enda verður eigi talið, að sú venjuframkvæmd, sem stefndu hafa haldið fram undir rekstri máls þessa, að myndast hafi um fyrirkomulag launagreiðslna, geti vikið til hliðar þeim lögvörðu réttindum, sem í 20. gr. laga nr. 38/1954 felast. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum verða stefndu in solidum dæmdir til þess að

greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Jóns S. Ögmundssonar, til þess að fá föst laun sín greidd fyrirfram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar samkv. 20. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sjávarútvegsráðherra vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, greiði in solidum stefnanda, Jóni S. Ögmundssyni, kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. mars 1983.

Nr. 9/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Björgu Benjamínsdóttur
(Örn Clausen hrl.).

Manndráp. Brenna. Erfðarétti fyrirgert.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu skv. 175. gr., 1. mgr., 1. tl., laga nr. 74/1974 með stefnu 29. desember 1981. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms. Verjandi krefst lækkunar refsingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 20. desember 1982.

Eftir uppsögu héraðsdóms var álitsgerð Karls Strand læknis, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, um geðheilsu og sakhæfi ákærðu borin undir Læknaráð, sem féllst á niðurstöðu álitsgerðarinnar 13. desember 1982.

Fram er komið, að skiptum í dánarbúi Sigfúsar Steingrímssonar er ekki lokið. Því hefur verið lýst yfir af hálfu ákærðu, að hún geri enga arfskröfu í búið.

Ákærða hefur sætt gæsluvarðhaldi samfleytt síðan 29. janúar 1981.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara svo og heimfærslur til refsiákvæða.

Með skýrslum ákærðu, er fá stoð í öðrum gögnum máls, er leitt í ljós, að eiginmaður hennar var drykkjumaður, og þykir sýnt, að hann hafi verið mjög erfiður á heimili, er hann var þar drukkinn. Hann hafði verið við drykkju og drukkinn á heimilinu frá fimmtudagskvöldi 22. janúar 1981 til þess tíma, um kl. 1800 sunnudag 25. janúar 1981, er ákærða réð honum bana. Ákærða kveðst hafa verið örvingluð þennan dag vegna hátternis eiginmannsins á heimilinu og sídrykkju hans, en á heimilinu voru börn þeirra hjóna, 5 og 6 ára. Samkvæmt gögnum máls var eiginmaðurinn ofurölvi, er ákærða framdi brot sitt.

Við refsiákvörðun ber að hafa í huga baksvið brotsins og með hverjum vandræðum heimilislífið var orðið og örvinglan ákærðu yfir því. Rétt er að hafa hliðsjón af 8. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að ákærða sneri, fljótlega eftir að hún framdi brot sitt, til íbúðar þeirra hjóna og reyndi þá að draga úr tjóni af völdum brotsins og gerði húsverði viðvart um brunann. Á hinn veginn verður að líta til þess, að ákærða kveður, að lengi hafi búið með sér ráðagerð um að svipta mann sinn lífi, og enn ber að taka tillit til þess, að brot sitt vann ákærða með sérstaklega háskalegum hætti og varð sek um brot á 164. gr., 2. mgr., auk 211. gr. almennra hegningarlaga með athæfi sínu.

Eigi þykir unnt að beita ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga um háttsemi ákærðu.

Með vísan til framanritaðs þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 14 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hennar frá 29. janúar 1981 komi refsingu hennar til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu erfðaréttar skv. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. og 2. gr., 5. tölulið, laga nr. 74/1974. Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.500.00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Björg Benjamínsdóttir, sæti 14 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hennar frá 29. janúar 1981 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu erfðaréttar og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.500.00 krónur, og réttargæslu- og málsvaranarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. september 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 23. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 391/1981: Ákæruvaldið gegn Björgu Benjamínsdóttur, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. f. m., á hendur Björgu Benjamínsdóttur, Kötlufelli 11 í Reykjavík, fæddri 15. júní 1954 í Stykkishólmi, „fyrir manndráp og brennu með því að hafa um kl. 1800 sunnudaginn 25. janúar 1981 í því skyni að bana eiginmanni sínum, Sigfúsi Steingrímssyni, fæddum 3. apríl 1943, sem svaf ölvunarsvefni í hjónarúmi í svefnherbergi íbúðar þeirra hjóna á 3ju hæð til vinstri í fjölbýlishúsinu Kötlufelli 11, hellt yfir Sigfús bensíni og eftir það kastað að honum logandi eldspýtum, svo eldur blossaði þegar upp, en um leið yfirgefið íbúðina og farið úr húsinu. Ákærða kom til baka um stundarfjórðungi síðar, en komst þá ekki inn í íbúðina fyrir eldi og reyk, og leitaði ákærða þá hjálpar. Að Sigfúsi var komið litlu síðar liggjandi á eldhúsgólfi íbúðarinnar, en hann reyndist látinn af afleiðingum bruna. Af ákveikju ákærðu hlaust eldsvoði, sem auk dauða Sigfúsar hafði í för með sér slíka almannahættu, að öðrum íbúum fjölbýlishússins, sem er fjögurra hæða með 10 íbúðum í sameiginlegum stigagangi, og voru flestir heima á þeim

tíma auk nokkurra gestkomandi manna, er þar voru, var búinn bersýnilegur lífsháski, og augljós hætta varð á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum manna.

Verknaður ákærðu telst varða við 211. gr. og 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ennfremur, að ákærða teljist samkvæmt 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafa með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir hinn látna eiginmann sinn."

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 25. janúar sl., klukkan 1818, barst slökkviliðinu í Reykjavík tilkynning símleiðis, að eldur væri laus að Kötlufelli 11 í Reykjavík. Jafnframt kom fram, að grunur léki á, að maður væri inni í íbúð þeirri, þar sem eldurinn væri.

Um leið og tilkynningin barst, héldu af stað frá slökkvistöðinni við Reykjanesbraut og frá Árbæjarstöð slökkviliðsins þrjár slökkvibifreiðar og tvær sjúkrabifreiðar, og nokkrum mínútum síðar hélt á staðinn fjórða slökkvibifreiðin. Kom fyrsta bifreiðin á vettvang 8 mínútum eftir að tilkynningin barst og hinar rétt á eftir. Fjórtán slökkviliðsmenn fóru á staðinn.

Tveir slökkviliðsmenn klæddir reykköfunarbúningum héldu þegar inn í húsið með eina vatnsslöngu og inn í íbúð þá, þar sem eldurinn var, en hún var á 3. hæð til vinstri.

Slökkviliðsmennirnir hófu leit að manni þeim, sem talið var, að væri inni í íbúðinni, en fundu hann ekki strax. Þegar þeir komu inn í svefnherbergi íbúðarinnar, logaði mikill eldur í hjónarúmi. Annar slökkviliðsmannanna sprautaði vatni á eldinn, sem slokknaði nær strax. Hinn slökkviliðsmaðurinn hélt áfram leit að manninum og kom rétt á eftir inn í eldhús íbúðarinnar og fann þar mann, sem lá á gólfinu, og sneru fætur hans til dyra. Ekki sást lífsmark með manninum. Slökkviliðsmaðurinn kallaði í félaga sinn, sem kom þegar, og hjálpuðust þeir að við að bera manninn út og fengu við það aðstoð fleiri slökkviliðsmanna.

Maðurinn var þegar fluttur á slysadeild Borgarspítalans og var úrskurðaður látinn, er þangað var komið. Var hér um að ræða eiganda íbúðarinnar, Sigfús Steingrímsson, sem þar bjó með konu sinni, ákærðu Björgu Benjamínsdóttur, og tveim ungum börnum þeirra, 5 ára dreng og 6 ára stúlku. Sigfús var fæddur 3. apríl 1943.

Tveir rannsóknarlögreglumenn komu á staðinn, á meðan slökkviliðið var þar enn, og hófu þeir rannsókn málsins.

Samkvæmt skýrslu annars rannsóknarlögreglumannanna, Gylfa Guðjónssonar, virtust eldsupptök hafa verið í hjónarúmi í herbergi norðan til

í íbúðinni. Hafði verið mikill reykur þar og eldur náð eitthvað fram í „hol". Þá hafði kviknað í gardínum fyrir stofuglugga við svaladyr, sem sneru til suðurs. Slökkviliðsmenn töldu, að allir gluggar íbúðarinnar hefðu verið lokaðir nema e. t. v. hleri yfir svalahurð.

Hjónarúm var mikið brunnið, en að öðru leyti var nokkuð erfitt að greina skemmdir í íbúðinni, þar sem rafmagn hafði farið af hluta hennar.

Á gólfteppi framan við hjónaherbergisdyr mátti sjá tvo heila vindlinga. Á skáp í eldhúsi vinstra megin, þegar gegnið var inn, var opinn vindlingapakki og eldspýtur. Á borði vinstra megin við eldhúsvask var átekin brennivínsflaska og glas við hlið hennar með vínblöndu í.

Mitchell David Snyder, húsvörður hússins, sem bjó á 4. hæð til hægri í húsinu, skýrði rannsóknarlögreglumönnunum svo frá, að ákærða hefði komið í íbúð sína ásamt börnum sínum og skýrt frá því, að mikill reykur væri í íbúð hennar og teldi hún eiginmann sinn inni í henni. Þegar ákærða kom til húsvarðarins, var í heimsókn hjá honum Árni Árnason slökkviliðsmaður, sem hringdi þegar í slökkviliðið, en tók síðan handslökkvitæki og freistaði þess að komast inn í íbúðina, en varð frá að hverfa vegna reyks.

Rannsóknarlögreglumennirnir fóru á slysadeild Borgarspítalans og athuguðu lík hins látna, sem þar lá á sjúkrabekk. Í skýrslu Gylfa rannsóknarlögreglumanns segir svo um athugun þeirra lögreglumannanna á líkinu:

„Líkið var mest brunnið að sjá um háls, hár var sviðið, en brunnið frá hálsi aftanverðum upp á hvirfil. Svarblár litarháttur á vörum. Líkið var klæðlaust ofan mittis, en leyfar af skyrtuermi um vinstri úlnlið, ljós skyrta, einnig armbandsúr og gifingarhringur úr gulli á vinstri baugfingri. Fingur voru mjög brunnir og þessir munir látnir óhreyfðir á líkinu. Handleggir og allur efri hluti líkamans var nokkuð jafnbrunninn niður á lendar, þó minna en hálsinn.

Að neðan var líkið íklætt terelynbuxum, dökkum, síðum grábláum bómullarnærbuxum, stuttum ljósum nærbuxum og sokkum. Terelynbuxurnar voru að nokkru niðurdregnar niður á læri, strengur þeirra að mestu heill, nokkuð brunnar að framan, um vasa og framan á lærum. Hörund framan á lærum aðeins brunnið. Strengir nærbuxnanna, sem munu hafa náð upp á mjaðmirnar, voru brunnir burt, og vantaði því efri hluta buxnanna. Gulbrúnir sokkar, brunagat fremst ofan á hægri leista, brunagöt neðan á vinstri leista, neðan á tábergi og hæl."

Síðar þetta sama kvöld fór Gylfi lögreglumaður á heimili bróður hins látna, en þar var ákærða ásamt börnum sínum. Hafði Gylfi þar tal af henni. Kom þá fram, að hinn látni hefði átt við áfengisvandamál að stríða og átt mjög erfitt með að hætta drykkju, ef hann byrjaði á annað borð. Hann hafði þá ávallt verið einsamall við drykkjuna og á heimili sínu. Sagði ákærða, að hann hefði alltaf verið rólegur og afskiptalítill. Hefði hann

bæði reykt vindlinga og vindla og oft lagt sig inn í rúm og þá gjarnan skamma stund í einu. Að jafnaði hefði hann ekki reykt inni í rúmi, en þó hefði það komið fyrir, þegar hann hefði verið ölvaður.

Ákærða kvað hinn látna hafa byrjað áfengisdrykkju næstliðið fimmtudagskvöld og hefði hann drukkið stöðugt, nema þegar hann svaf. Þennan morgun hefði hann setið frammi í stofu með vindling og vínglas.

Ákærða sagði, að hún hefði verið heima allan daginn ásamt börnum sínum og eiginmanni, en um klukkan 1730 hefði hún gengið með börnin út til vinkonu sinnar að Kötlufelli 3. Þegar hún gekk út, sat ákærði á rúmstokk hjónarúmsins talsvert ölvaður og með logandi vindil í hendi. Kvaðst ákærða hafa læst íbúðinni á eftir sér, og er hún kom aftur, opnaði hún íbúðina með lykli. Kom þá á móti henni mikill reykur. Hljóp hún þá með börn sín upp til húsvarðarins og skýrði frá því, hvernig komið væri.

Ákærða kvað sig ekki reka minni til þess, að heilir vindlingar hefðu legið á gólfinu framan við hjónaherbergið, en hins vegar kvaðst hún muna eftir brennivínsflösku á eldhúsborðinu og vínglasi við hlið hennar. Þá hefði verið opinn vindlapakki á skáp vinstra megin, þegar gengið var inn í eldhúsið, eldspýtur, átekinn pakki með Winston vindlingum og annar óátekinn. Ekki kvaðst ákærða muna, hvort gluggar íbúðarinnar hefðu verið opnir eða lokaðir, en taldi frekar, að þeir hefðu verið lokaðir, enda hefði Sigfús alltaf viljað hafa glugga lokaða.

Jón Gamalíelsson, starfsmaður Rafmagnseftirlits ríkisins, fór daginn eftir brunann að Kötlufelli 11 til að kanna orsök brunans með tilliti til eldsupptaka frá rafmagni. Í skýrslu Jóns, dagsettri 29. janúar sl., segir, að við umrædda könnun hafi ekkert komið fram, sem benti til bruna frá rafmagni eða þeim rafbúnaði, sem var á brunastaðnum, þegar athugunin fór fram.

Þrír rannsóknarlögreglumenn fóru að Kötlufelli 11 til vettvangsathugunar sama dag. Einn þeirra, Sigurður Benjamínsson, gerði skýrslu um vettvangsathugunina og hefur staðfest hana við meðferð málsins. Í skýrslu vitnisins segir svo:

„Kötlufell 11, Rvík., er 4 hæða fjölbýlishús með 10 íbúðum, 1 íbúð er á 1. hæð, en 3 á hverri hæð þar fyrir ofan.

Nokkur reykjarlykt er á stigaganginum, en ekki miklar skemmdir af sóti nema helst á 3. hæðinni og þar fyrir ofan.

Umrædd íbúð að 3. hæð t.v. er tvö svefnherbergi, eldhús, og snúa gluggar til austurs, baðherbergi gluggalaust milli eldhúss og stofu, og stofan er með gluggaröð og svalahurð, sem snýr til vesturs.

Þegar gengið er inn íbúðina, er baðherbergi gegnt inngangi til vinstri, við það er eldhús, við hlið eldhúss er hjónaherbergi, þar sem eldsupptök hafa orðið, og lengst til vinstri er barnaherbergi.

Gengið er inn á gang, þaðan sem innangengt er inn í nefnd herbergi,

en til hægri handar er stofa, og er opið inn í hana af ganginum og engin hurð eða skilrúm. Til vinstri við inngang er tvöfaldur fataskápur, og er gengið fyrir hann og til vinstri til að komast inn í barnaherbergið.

Eins og áður er getið, eru eldsupptök sýnilega í hjónaherbergi, og eru þar töluverðar skemmdir af eldi, en búið er að taka út úr herberginu það, sem eftir var af rúmdýnum, sem var ekki annað en járngrind, rúmföt, sem voru mikið brunnin og lítið eftir af þeim, fjalir, sem höfðu verið þversum undir dýnunum mikið brunnar, gardínur, sem voru að mestu brunnar, og trékoll, og hafði þetta allt verið sett út á svalir hússins.

Það, sem eftir var í hjónaherberginu, var hjónarúmið, sem var mikið brunnið á höfða- og fótagöflum, og er fótagafl nær dyrum herbergis, en höfðagafl snýr að barnaherberginu. Langsum undir rúminu er timburbiti, sem fjalir hafa legið þvert á, og er hann töluvert brunninn. Hliðarborð, hægra megin þegar legið er rétt í rúminu, er mikið brunnið svo og náttborð, sem er áfast rúminu sömu megin.

Á umræddu náttborði er leslampi tengdur í vegg, og er rafmagnssnúran mikið brunnin og rofi, sem verið hefur skammt frá lampafæti, alveg brunninn. Á náttborðinu vinstra megin á rúminu er sams konar lampi óbrunninn svo og rofi og snúra og ekki skemmdir þeim megin á rúminu nema að hluta, en þó hefur hliðarborð, þar sem dýnan hefur legið að, skemmst af eldi, en efri hluti gafls ekki skemmdur af eldi.

Mestur eldur hefur því verið hægra megin í rúminu og aðeins inn fyrir miðju þess.

Undir miðju rúmsins hægra megin var gólfdúkur, sem er á gólfi brunninn í gegn á bletti.

Veggur var mikið bruninn fyrir ofan höfðagafl rúmsins og einnig loftið þar ofan við. Bókaskápur er í herberginu til vinstri við dyrnar, og er hann nokkuð brunninn og skemmdir á bókum, sem í honum eru, svo og brunnin blöð, sem liggja ofan á skápnum.

Innra gler í rúðu í herbergisglugga er brotið, og hefur glugginn sýnilega verið lokaður.

Aðrar skemmdir á herberginu eru á öllum veggjum af sóti og hita og á lofti af eldi og sóti.

Hurð herbergisins hefur sennilega verið hálfopin af skemmdum á henni að merkja, en hurðin er töluvert skemmd að innan af sóti og hita svo og tréspjald, sem er ofan við hurðina og nær að lofti. Einnig er hurðin skemmd að utan af hita og sóti niður fyrir miðju svo og skemmdir á dyrakörmum af hita og sóti. Hurðarhúnar, sem eru úr plastiefni, hafa bráðnað saman.

Í stofu eru tvöfaldar gardínur, innri þ. e. (nær glugga) og ytri (fjær glugga). Innri gardínur eru í einu lagi og ná þvert yfir stofuna, og ytri gard-

ínur eru í fjórum lengjum, og eru þær ekki tengdar saman að ofan.

Lengja, sem er lengst til hægri, þegar snúið er til vesturs að stofugluggunum, og er fyrir svalahurðinni, hefur brunnið og fallið niður á gólfteppið fyrir framan svalahurðina, og er gólfteppið brunnið í gat þar, en þarna er um að ræða nylonteppi. Búið var að henda brunaleifum af gardínulengjunni út á svalir.

Innri gardína, sem dregin er til vinstri, þegar hún er dregin frá svalahurðinni, er með brunagati, rúmlega lófastóru um miðja vegu milli lofts og gólfs og því sem næst fyrir miðri hurðinni, þegar hún er dregin fyrir. Lítil brunagöt eru til hægri við áðurnefnt brunagat.

Á tvíbreiðum sófa með tréörmum, sem stendur við gluggann, snýr baki að glugganum, er púði, og er hann sviðinn að hluta, og á armi sófans, sem nær er hurðinni, eru brunaleifar, sem ekki er hægt að átta sig á, hvað er. Einnig eru slíkar leifar á gólfteppinu við hlið sófans, nokkrir blettir, og er eins og eitthvað hafi fallið logandi þar á.

Slíkar brunaleifar, eins og hér að framan hefur verið getið um, eru á nokkrum stöðum frá hjónaherbegi inn í stofu að svalahurðinni og inn í eldhúsi, og skuli þessir staðir taldir hér: Á horni á sjónvarpi ofanverðu, og er gengið fram hjá því, þegar gengið er að svölunum, á símatóli, sem gengið er fram hjá inn í stofuna, á gólfi fyrir framan og við hlið nefnds símastóls, á dyrakörmum eldhúsdyra, á eldhúshurð, á borðplötu vinstra megin við eldhúsdyr og síðast á ísskápshurð innarlega í eldhúsi, þar sem hinn látni fannst liggjandi á gólfinu.

Þess skal getið, að á dyrakörmum eldhúsdyra er málning sviðin á tveimur stöðum, eins og eitthvað logandi hafi komið þar við.

Eins og áður er getið, fannst hinn látni liggandi á eldhúsgólfi upp við ísskáp, og var lakk á ísskápnum sviðið neðantil á hlið skápsins, og brunaleifar voru þar framan við, sennilega af fatnaði hins látna, og var gólfdúkur þar undir sviðinn. Einning voru leifar af fatnaði víðar á eldhúsgólfi

Gluggar eru þrír stórir veltigluggar í hverju herbergi, sem snýr til austurs, 1 gluggi, þ. e. barnaherbergi, hjónaherbergi og eldhús, og er að sjá, að þeir hafi allir verið lokaðir af körmum þeirra að dæma.

Fyrir ofan svalahurð er lítill opnanlegur gluggi með tréspjaldi og ASSA stormjárni, og er að sjá, að hann hafi verið lítillega opinn, og er þéttikantur á spjaldinu lítillega bráðnaður að ofanverðu, og er þar um að ræða plastþéttikant.

Í eldhúsi á borði þar var vindlapakki Londan Docoks með 8 vindlum í, óátekinn Winston pakki og eldspýtustokkur. Einnig var á öðru borði í eldhúsi 3 pela flaska af brennivíni, um hálf flaska, og glas við hlið hennar rúmlega hálft með áfengisblöndu.

Á náttborði vinstra megin á hjónarúminu var átekinn pakki af Winston,

og framan við svefnherbergishurðina, þ. e. hjónaherbergi, voru tvær Winston sígarettur heilar.

Skemmdir á íbúðinni aðrar en hér hefur verið lýst eru mestar af sóti og reyk, og eru sótskemmir mjög miklar.

Sótskemmdir hafa einnig orðið á stigagangi og þá mestar á 3. og 4. hæð, en minna þar fyrir neðan, en reykskemmdir hafa orðið víðar, þar sem mjög mikill reykur varð á stigagangi, er íbúðin var opnuð, eftir að elds varð vart."

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn málsins, og ræddu lögreglumenn við íbúa hússins að kvöldi 27. janúar sl. Kom þá fram verulegt misræmi í framburði ákærðu annars vegar og íbúanna hins vegar um það, hvenær ákærða hefði yfirgefið íbúð sína fyrir eldsvoðann.

Þetta sama kvöld ræddu lögreglumenn við Kristínu Linnet, Unufelli 46 í Reykjavík, en hún upplýsti, að hún, ákærða og þrjár konur aðrar hefðu farið saman á dansleik í Glæsibæ kvöldið áður en eldsvoðinn varð, og kom einnig fram, að dóttir Kristínar, Linda Hilmarsdóttir, 14 ára, hefði gætt barna ákærðu og Sigfúsar á laugardagskvöldinu, um nóttina og fram á sunnudaginn.

Kristín sagði eftir dóttur sinni, að þegar henni hefði verið sagt lát Sigfúsar á sunnudagskvöldinu, hefði hún sagt, að ákærða hefði sagt við Sigfús um morguninn, að hún ætlaði að drepa hann. Þá hefðu þau rifist heiftarlega, áður en Linda yfirgaf heimili þeirra nokkru eftir hádegið. Loks upplýsti Kristín, að Linda hefði sagt sér á mánudagskvöldinu á milli klukkan 19 og 20 heima hjá sér, að hún vissi, hvernig hefði kviknað í, ákærða hefði keypt bensín á sunnudagsmorgninum og látið það út á svalir.

Eftir krufningu á líki Sigfúsar lágu fyrir þær upplýsingar, að svo til ekkert kolmónoxýð hefði verið til staðar í blóði hans, þannig að líkur væru til þess, að hann hefði beðið bana með skjótum hætti af völdum bruna.

Nokkru eftir miðnætti aðfaranótt 28. janúar sl. var ákærða sótt og færð til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni og henni skýrt frá því, að rökstuddur grunur lægi fyrir, að hún kynni að hafa átt aðild að eldsvoðanum og dauða manns síns. Yfirheyrslu þessari lauk klukkan 0514 um nóttina. Verður nú gerð grein fyrir því, sem fram kom við yfirheyrsluna:

Ákærða kvaðst hafa vaknað á sunnudeginum á milli klukkan 10 og 11 um morguninn. Voru þá auk fjölskyldunnar á heimilinu Linda Hilmarsdóttir og stúlka að nafni Margrét, sem gætt höfðu barna þeirra hjóna, en þær fóru á milli klukkan 14 og 15. Ákærða gerði grein fyrir ferðum sínum og gerðum umræddan dag, en hún kvaðst hafa farið að heiman rétt fyrir klukkan 18 til Kristínar í Kötlufelli 3, en ekki kvaðst ákærða hafa stansað þar lengi, en mundi ekki, hversu lengi, hefði það verið smátími. Ákærða sagði, að þegar hún hefði farið að heiman, hefði Sigfús setið á rúmstokkn-

um og spurt, hvert hún væri að fara og hvort hún yrði lengi, en ákærða kvaðst verða fljót. Ákærða fór síðan beint heim, og var þá að mati ákærðu liðinn innan við hálftími eða hálftími frá því að hún fór, en ákærða kvaðst hafa farið til þess að fá sér fríska loft.

Ákærðu var kynnt, að tímasetning hennar í þessari yfirheyrslu um fjarveru hennar af heimilinu væri ekki í samræmi við fyrstu svör hennar kvöldið, sem atburðurinn gerðist. Ákærða kvaðst ekki átta sig á þessu, en hana minnti, að hún hefði farið út, þegar þátturinn Húsið á sléttunni var búinn og næsti þáttur rétt byrjaður.

Ákærða upplýstu síðar í þessari yfirheyrslu, að hún hefði eiginlega farið yfir í Kötlufell 3 til þess að leyfa börnum sínum að horfa á sjónvarpið í lit, en þau hefðu ekki séð nema smápart, þar sem hún hefði snúið aftur vegna þess, að hún vissi af Sigfúsi einum heima og leið ekkert of vel að vita af honum einum.

Ákærða gerði grein fyrir áfengisdrykkju Sigfúsar, sem hafði hafist á fimmtudeginum, og hátterni hans við drykkjuna og ástandi af hennar völdum fram að því, að ákærða yfirgaf íbúðina fyrir eldsvoðann. Upplýsti ákærða, að Sigfús hefði verið að reykja vindil eða vindling, þegar hún yfirgaf hann, þar sem hann sat á rúmstokknum. Kvað ákærða Sigfús hafa reykt vindla að staðaldri og auk þess einnig vindlinga, þegar hann hefði verið ölvaður.

Ákærða var spurð að því, hvort hún hefði keypt nokkur eldfim efni nýlega, og svaraði hún því neitandi. Þá kannaðist hún ekki við að eiga brúsa undir bensín, ef af því hefði orðið, að hún færi og keypti bensín á bifreið þeirra hjóna, sem hafði orðið bensínlaus á föstudeginum.

Ákærða kvað samkomulag þeirra hjóna hafa verið alveg ágætt, en hún var spurð, hvort til rifrildis hefði komið þeirra á milli umræddan sunnudag. Ákærða kvað ekki hafa komið til rifrildis á milli þeirra og hefði hið eina, sem hún hefði sagt við hann, verið það, að ef hann hætti ekki „þessu helvítis fylleríi", væri hún farin. Ákærða upplýsti, að komið hefði til rifrildis á milli þeirra hjóna á laugardagskvöldinu, en hún neitaði að rifja það upp í smáatriðum.

Að yfirheyrslunni lokinni var ákærða færð í varðhald.

Áðurgreind Linda var yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni næsta dag, og kom fram í framburði hennar, að Sigfús hefði verið mjög mikið drukkinn á laugardagskvöldinu. Hefði hann farið oft í ísskápinn til þess að fá sér að borða, en þar var ekkert, þar sem ákærða var búin að henda matnum, en hún sagði, að ákærða hefði verið búinn að bíta einn bita af öllu, sem til var.

Linda sagði, að ákærða og Sigfús hefðu verið að rífast út af því, að hann vildi fá hana til þess að sækja bifreið þeirra til lögreglunnar, en hún

hafði orðið bendsínlaus, eins og áður greinir, og var að sögn ákærðu komin í vörslur lögreglunnar. Vildi ákærða ekki sækja hana, en ákærða kvaðst hafa sótt bensín í brúsa á bensínstöð til þess að setja á bifreiðina. Kvað hún bifreiðina hafa verið horfna, þegar hún hefði komið aftur frá því að sækja bensínið á hana og hefði hún því komið heim með brúsann og sett hann út á svalir. Hafði kunningi þeirra hjóna, Bárður Árni Steingrímsson, upplýst ákærðu um það, að bifreiðin væri hjá lögreglunni.

Linda kvaðst hafa séð brúsann með bensíninu á svölunum á laugardagskvöldinu, þegar hún átti erindi þangað. Var hann hvítur með rauðum tappa, og hristi Linda hann og fann, að mikið var í honum.

Í hádeginu á sunnudeginum var Sigfús orðinn mikið drukkinn, og sá Linda, að hann kastaði af sér þvagi í eldhúsvaskinn, en ákærða sagði, að hann hefði einnig gert það í baðvaskinn. Kvaðst Linda hafa heyrt þau hjónin rífast út af þessu og eins vegna bifreiðarinnar. Kvaðst hún hafa heyrt ákærðu kalla Sigfús öllum illum nöfnum, m. a. að hann væri svín og ataði allt út eins og hálfviti. Kvaðst hún ætla að biðja Bárð að koma honum á Silungapoll, ef þar væri pláss, en annars ætlaði hún bara að drepa hann. Þegar ákærða mælti þetta, voru þau í eldhúsinu, en fóru síðan inn á salerni, og heyrðu Linda ekki framhald viðræðna þeirra hjóna.

Linda kvaðst oft hafa séð sams konar brúsa í bifreið Sigfúsar og hún sá á svölunum.

Linda kvaðst aldrei hafa séð Sigfús reykja, hvorki vindlinga, vindla né annað tóbak, og vissi hún ekki til þess, að hann reykti, hvorki drukkinn né ódrukkinn. Hún kvað ákærðu hins vegar reykja mikið, og reykti hún Winston vindlinga.

Síðdegis 28. janúar sl. lagði vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins fram í dóminum kröfu um, að ákærða yrði úrskurðuð í gæsluvarðhald til 11. febrúar sl., kl. 17, vegna rökstudds gruns um, að hún kynni að eiga aðild að eldsupptökunum og láti Sigfúsar. Í þinghaldinu mótmælti ákærða kröfunni og kvaðst vera saklaus.

Næsta dag var ákærða síðan úrskurðuð í gæsluvarðhald í samræmi við kröfu rannsóknarlögreglunnar.

Föstudaginn 30. janúar sl., klukkan 1415, var hringt til Gylfa Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns í Síðumúla og honum skýrt frá því, að ákærða vildi ræða við hann. Fór Gylfi síðan í fangelsið, og skýrði ákærða honum frá því, að hún hefði banað eiginmanni sínum. Spurði Gylfi hana þá, hvers vagna hún hefði gert það, og svaraði hún þá, að það væri annar maður, hún væri hrifin af öðrum manni.

Ákærða var síðan færð til yfirheyrslu í húsakynnum rannsóknarlögreglunnar.

Skýrsla ákærðu í yfirheyrslu þessari er á þessa leið:

„Ég var búin að hugsa um það í marga mánuði að ganga af Sigfúsi dauðum. Hjónaband okkar var ekki eins og best var á kosið. Okkar hjónaband var gott, þangað til ég var búin að eiga bæði börnin. Efir það fór hann að drekka mikið, en hann hafði verið alkóhólisti, er ég kynntist honum. Það fór mjög í mig, hve mikið hann drakk og marga daga í einu. Hann var mjög leiðinlegur með víni.

Það hefur líklega verið um sumarið 1977, að ég kynntist öðrum manni. Mér þótti vænt um hann og þykir enn. Ég var með þessum manni öllum stundum, þegar hann var í landi, en hann var sjómaður. Þetta samband hefur staðið í um það bil eitt og hálft ár. Síðan treysti ég mér ekki til að standa í þessu lengur, gift manneskjan. Það hefur verið fyrir einu eða réttara sagt tveimur árum síðan, sem samband okkar slitnaði. Ég hef þó hitt hann einstaka sinnum á böllum og þá fyrir tilviljun. Þessi maður heitir . . . Þar hefur hann búið með konu nú um nokkurt skeið.

Aðalástæðan fyrir þessu var sú, að ég átti að vera góða barnið heima, meðan Sigfús væri að ralla og djamma fram eftir öllum nóttum, ég átti að passa börnin, meðan hann væri að drekka og skemmta sér. Mér fannst ekki sanngjarnt, að ég yrði alltaf að sitja heima, en hann hefði alltaf tækifæri til að skemmta sér. Hann sagði mér að vera heima og ef ég gerði það ekki, sagðist hann skyldi eiga mig á fæti (sic).

Ég fór svo bara að fara sjálf út, hvað sem hann sagði, og ákvað að taka afleiðingunum, þegar heim kæmi aftur. Hann heimtaði þá að vita, hvar ég hefði verið, og skammaði mig, ekki barði hann mig, en henti mér oft til. Hann komst að sambandi mínu við . . . eftir stuttan tíma, en ég þrætti og þrætti. Ef ég fór út, þá sagði hann alltaf, að ég væri að fara til . . .

Í einu fylliríisæðinu sagðist hann hafa hringt í . . . og spurt hann að þessu og hann hefði viðurkennt þetta. Ég spurði . . . að þessu, en hann sagði, að Sigfús hefði aldrei haft samband við sig. Seint og síðar meir, eftir að við . . . höfðum slitið sambandinu, þá viðurkenndi ég þetta fyrir Sigfúsi.

Sigfús varð alveg æfur, er hann heyrði þetta. Ég sagði honum, að hann skyldi ekki hafa áhyggjur af því, við . . . hefðum slitið þessu sambandi, og lofaði ég Sigfúsi að hitta hann ekki aftur með þeim hætti að mæla mér mót við hann, en ég mundi tala við hann, ef ég hitti hann einhvers staðar.

Ég man, að ég sveik það, ég fór tvisvar þarna heim til . . ., þau buðu mér til sín . . . og sambýliskona hans. Hann hafði þá sagt henni frá þessu sambandi okkar.

Sigfús var síðan ætíð, ef hann var fullur, að kalla mig öllum illum nöfnum, mellu og annað því um líkt, vegna þessa máls. Hann var alla tíð að djöflast í mér út af þessu, hvort sem hann var fullur eða ófullur. Hann vildi aldrei fara neitt með mér og vildi bara fara einn.

Ég var margbúin að biðja Sigfús um skilnað, en hann vildi það ekki, hótaði mér með ýmsu, hann skyldi láta taka af mér krakkana, koma mér niður í skítinn og annað eftir því, ég skyldi lenda einhvers staðar í fjandanum, og hann var líka búinn að hóta mér að drepa mig. Eitt skipti, er ég var að koma heim af balli, beið hann eftir mér fullur heima. Hann sat í eldhúsinu og stóð upp, þegar ég kom inn. Hann sagði „hvar varst þú?", ég sagði honum það, að ég hefði verið á balli. Hann fór í eldhússkúffu og náði í hnífinn, hann sagði við mig eitthvað í þá átt, að hann skyldi drepa mig og stinga mig, svo mér blæddi út. Hann elti mig um alla íbúð með hnífinn, ég gat svo talað hann til, hann setti hnífinn á borðið og fór svo að sofa.

Ástæðan fyrir því, að ég hafði ekki sjálf frumkvæði að því að skilja við Sigfús, var sú, að ég var hrædd við hann, hrædd við, að hann gerði eitthvað af því, sem hann hafði hótað mér, og ég mundi ekki fá frið fyrir honum.

Ég var búin að hafa í huga í marga mánuði að stúta honum, ég hafði enga ákveðna aðferð í huga, en ég var þó að hugsa um að nota töflur eða eitthvað þess háttar og láta hann hverfa. Ég hefði aldrei losnað við hann, þó ég hefði skilið við hann. Mér fannst þetta eina ráðið til að losna við hann.

Ég var talsvert á böllum núna síðustu mánuði, aldrei þorði ég þó að fara, nema þegar hann var fullur, en þá notaði ég líka tækifærið. Ég hef ekki verið með neinum sérstökum manni, en ég vildi þá ná mér í eitthvað annað betra en Sigfús.

Svo varð það um síðustu helgi, að Sigfús var búinn að rífast óvenju mikið. Við fórum saman á ball á fimmtudeginum, fórum í Hollywood. Hann fór að drekka á fimmtudeginum, vegna þess að hann var kallaður fyrir í sakadómi Reykjavíkur, það var vegna kæru um, að hann hefði keyrt fullur.

Við fórum saman heim af ballinu, en ekki reifst hann, þegar við komum heim. Kona að nafni Guðlaug Kristjansen, sem býr að Kötlufelli 9, hafði verið á ballinu og kom aðeins með okkur inn, en hún fór rétt strax. Við vorum svo að tala saman og spiluðum nokkrar plötur, en fórum síðan að sofa. Linda passaði á fimmtudagskvöldinu og systir hennar með henni.

Linda og þær gistu þarna um nóttina, og föstudagurinn byrjaði með því, að ég þurfti að vekja þær og senda þær í skólann. Svo rétt fyrir kl. 0900 þá bað Fúsi mig að fara fyrir sig í ríkið og kaupa fyrir sig eina flösku af Vodka Smirnoff. Reyndar hafði hann farið til vinnu um morguninn mígandi fullur, kom svo heim aftur um kl. 0830 og sagði mér, að verkstjórinn sinn hefði ekið sér heim. Hann hefur ef til vill verið að sötra eitthvað

um nóttina, hann gerir það alltaf, ef hann vaknar, ég svaf og vissi ekki um það, en eitthvað vín var til, er við komum heim.

Ég fór af stað á bílnum rétt fyrir kl. 0900, og billinn stoppaði þarna, sem hann var. Ég kom honum ekki í gang, þannig að ég hélt, að hann væri bensínlaus. Ég reyndi að ýta honum eitthvað þarna út fyrir, en gat það ekki, þannig að ég fór upp í sjoppu og hringdi á leigubíl. Ég fékk lánaðan síma hjá konu eigandans og hringdi á Bæjarleiðir. Billinn kom, þetta var grár bíll að mig minnir og bílstjórinn fullorðinn maður, ca 55—60 ára, hann var með hatt eða húfu. Þennan mann bað ég að aka mér í rikið við Laugarásveg. Þar keypti ég Smirnoff flöskuna. Síðan keyrði hann mér beint heim til mín.

Klukkan hefur verið milli 0930 og 0945. Ég fór inn með flöskuna, lét Fúsa fá hana, fór síðan að klæða krakkana og gefa þeim eitthvað að borða.

Ég fór síðan út í búð að versla, heim aftur og síðan heim til mömmu Lindu, það hefur verið rétt fyrir kl. 13.30. Ég gleymdi að segja frá því, að Linda og þær komu aftur til mín, þegar þær voru búnar í skólanum, og ég fór síðan með þeim. Linda fór í bæinn að kaupa afmælisgjöf, fór hún með strákinn minn og strákinn hans Bárðar, sem ég var að passa. Síðan rétt rúmlega 1600 kom dóttir mín úr skólanum og kom heim til Stínu. Ég fór heim rétt fyrir fimm, því ég átti von á mömmu litla stráksins að sækja hann.

Ég man það, að fyrr um daginn hringdu þau bæði með stuttu millibili til mín, þau Bárður og kona hans, vegna bílsins, en þau héldu, að Sigfús hefði verið fullur á bílnum. Eftir kl. fimm komu Judy, móðir litla drengsins. Ég spurði hana, hvort hún hefði séð bílinn, en hún sagði nei. Þá hringdi hún fyrir mig til lögreglunnar, sem sagði þá, að billinn hefði verið tekinn af kranabíl og ég mætti sækja hann, en ég þyrfti að greiða af honum kostnaðinn. Fyrst að ég vissi, hvar billinn var, þá var ég ekkert að spá í þetta, hann gat séð um það sjálfur. Fúsi var blindfullur þarna heima.

Síðan kom kvöldmatur, og ég fór að gefa börnunum að borða. Síðan minnir mig, að ég hafi farið út í sjoppu til mömmu Lindu og bað hana að koma með á ball. Þá ákváðum við að fara þrjár saman eftir vinnu hjá Kristínu Linnet. Sú þriðja heitir Hrafnhildur. Síðan fór ég heim, fór í bað og þess háttar, fór svo að horfa á sjónvarpið með börnunum. Svo upp úr kl. 2300, þegar börnin voru sofnuð, þá labbaði ég heim til Kristínar Linnet. Þá var Sigfús sofandi inni í rúmi. Ég sótti föt fyrir Kristínu, fór með þau heim til Hrafnhildar og biðum þar eftir Kristínu. Hrafnhildur á heima í Jórufelli 6.

Síðan kom Kristín og skipti um föt, síðan fórum við í Glæsibæ. Við skemmtum okkur í Glæsibæ, ég neytti þar áfengis, en þegar ballið var búið,

hafði ég týnt þeim vinkonum mínum. Ég fór út og náði mér í bíl og fór heim.

Fúsi var vaknaður, þegar ég kom, og hann sá, að ég var að kom af balli. Við rifumst allhressilega, hann var með stæla, spurði, með hverjum ég hefði verið og þess háttar. Ég lagðist síðan upp í sófa í stofunni og sofnaði, en hann fór inn í herbergi.

Ég vaknaði á laugardagsmorgun milli kl. 10 og 11. Þá var Fúsi heima og eitthvað í honum, en hann var búinn með allt vín. Segir svo við mig, stuttu eftir að ég var komin á lappir, að hann ætlaði að skreppa út, og labbaði upp í fiskbúð til Bárðar með litla strákinn með sér. Ég veit ekki, hvað fór þeim á milli þar, en líklega um hádegið kom hann til baka og dó niðri í geymslunni. Benni var með brennivínsflösku í umbúðabréfi, ég man ekki, hvort hún var í plastpoka. Mér skildist, að Sigfús hefði hringt á Borgarbíl og fengið flöskuna þaðan. Linda var með Benna og hafði þá tekið flöskuna af barninu. Ég gat ekki vakið Sigfús, svo ég sendi einhvern af krökkunum til Ragnars á 2. hæð til vinstri í mínum stigagangi, við tókum Sigfús á milli okkar og bárum hann upp í rúm, þar svaf hann smástund. Hann er sífellt að sofna og vakna aftur. Við höfðum lagt hann upp í í jakkanum, skónum og öllu.

Síðan þegar ég var búinn að gefa krökkunum að borða, þá minnir mig, að Linda hafi farið með þau í sund. Hún kom svo heim með þau, ekki man ég hvenær. Þá gaf ég þeim að drekka, kakó og brauð, og leyfði þeim síðan að fara í bíó. Hún fór með hálf fjögur strætó, ætlaði að sjá Exanadu í Laugarásbíó.

Ég fór þá, eftir að börnin fóru, að spekulera í, hvort ég ætti að láta verða af því að drepa Sigfús. Hann lá inni í rúmi, að mig minnir sofandi, þegar börnin fóru. Rétt eftir að þau fóru, ákvað ég að fara niður í geymslu og sækja bensínbrúsa, sem þar var. Ég vissi af þessu bensíni, það var komið þarna af Sigfúsar völdum, ekki man ég eða veit, hvenær hann kom með bensínið þarna inn. Hann var rétt fyrir innan dyrnar, vinstra megin. Þetta var hvítur brúsi með rauðum tappa, mig minnir, að hann hafi verið hálferkantaður, með haldi inngreyptu í sjálfan brúsann, ég man ekki svo örugglega, hvernig hann leit út, ég man þetta ekki vel, ég var hálfbrjáluð, þegar ég gerði þetta.

Síðan fór ég upp með brúsann, ég ákvað og var ákveðin á leiðinni upp stigann að hella bensíninu yfir Sigfús og kveikja í honum, en það voru tveir eldspýtustokkar heima. Þegar ég kom upp, þá kom ég mér ekki að þessu verki og lét brúsann út á svalir, lét hann vinstra megin við vegginn, við hliðina á stórum hvítum dunk með súrmat.

Ég fór svo inn og hætti að hugsa um þetta, ákvað að gera þetta seinna. Sigfús svaf áfram, síðan komu krakkarnir úr bíóinu. Það hefur ekki verið

fyrr en um kl. 2000, ég sá þau koma úr strætó, ég var þá úti í sjoppu. Ég fór síðan heim, og Linda kom með ásamt börnunum mínum og Margréti.

Ég færði síðan í tal við Lindu, hvort hún mundi vilja passa um nóttina, en ég ætlaði á ball um kvöldið með mömmu hennar, Hrafnhildi og tveimur öðrum konum. Linda vildi passa og Margrét að vera hjá henni. Sigfús hafði verið á rápi fram og aftur, eins og hans var vani. Ekki man ég eftir sérstökum orðaskiptum við Sigfús þetta kvöld, mig minnir þó, að hann hafi spurt mig eitthvað, hvert ég væri að fara, en ég sagði, að honum kæmi ekki við, eða eitthvað í þá átt.

Það hefur verið líklega fyrir kl. 2200, annars er ég alls ekki viss um tímann, ég bara fór, þegar ég vissi, að allt í lagi var með börnin. Ég fór út í Torfufell 27 til konu, sem Guðbjörg heitir Harðardóttir, stoppaði þar smástund, við vorum að kjafta og hún að hafa sig til. Við löbbuðum síðan út í Rjúpufell til konu að nafni Guðbjörg, að ég held Sigurðardóttir, á nr. 29, hún átti von á okkur. Þegar þangað kom, var hún ekki heima, svo við löbbuðum út í Jórufell til Hrafnhildar, þar vorum við til kl. 2400 um kvöldið og vorum að bíða eftir Stínu, hún var að vinna.

Síðan kom Stína, einhver okkar hringdi heim til Guðbjargar í Rjúpufell 29. Hún var þá komin heim, og við tókum leigubíla þangað og sóttum hana, fórum þaðan beint í Glæsibæ.

Ég drekk talsvert, ef ég drekk á annað borð, og var svo þarna um kvöldið í Glæsibæ. Þar var ég svona að rápa, kjafta við fólk, sem maður þekkti ekki neitt, dansa við hina og þessa, og þetta var eins og gengur og gerist. Síðan var ballið búið. Þá var eftir að koma sér heim, og við fundum ekki tvær okkar. Það voru báðar Guðbjargirnar. Við fórum af stað heim með einhverjum manni, sem Hrafnhildur þekkti, hann var á sínum eigin bíl, en þessi maður hafði verið á ballinu. Ekki vissi ég nafn hans né hvar hann átti heima, í bílnum var einn maður, sem ég veit ekki, hvað heitir, en ég kannaðist við hann í sjón. Þessi maður bað um far, hann átti ekki pening fyrir bíl, en hann á heima annað hvort á Jórufelli 2 eða 4.

Bíllinn fór fyrst upp í Jórufell, þar hófst rifrildi milli mín og Stínu. Stína fór að skipta sér af því, að ég ætlaði með þessum manni inn í Jórufell. Ég rauk út úr bílnum og labbaði það, sem eftir var heim. Krakkarnir voru allir sofandi, þegar ég kom heim, en bóndinn vakandi. Við fórum að rífast og hálfslógumst. Ég man ekki orðaskipti, enda mun ég hafa verið svolítið hátt uppi. Hann spurði eitthvað í þá átt, hvern djöfulinn þetta ætti að þýða að vera að þessu djammi fram eftir öllu. Það endaði með því, að ég fór inn í stofu og hætti að ansa honum, lagðist svo upp í sófa og fór að sofa. Ekki veit ég, hvað hann gerði, því ég steinsofnaði.

Á sunnudagsmorguninn mun ég hafa vaknað eitthvað milli kl. 1000 og

1100, klæddi mig, en þá voru Linda og þær búnar að gefa börnunum að borða og fá sér sjálfar. Ekki man ég, hvar Sigfús var. Ég fór síðan út í sjoppu að kaupa kók og eitthvað sælgæti. Ung stúlka að nafni Lilja, 14 ára, afgreiddi mig. Svo fór ég heim með þetta. Þá fór að líða að hádegi, og ég var ekki í neinu stuði þá til að elda, svo ég sendi Lindu út í búð fyrir mig. Hún keypti fjórar kók, fjórar pulsur og eina svona litla „pizza". Þetta kom hún heim með, og þetta átu börnin í hádeginu ásamt barnapíunum, þ. e. a. s. ég borðaði „pizza" (pitsuna).

Það hefur líklega verið um hádegið eða skömmu eftir, að ég kom úr sjoppunni, sem hann hringdi á Borgarbíl eftir vínflösku. Hann hafði einmitt spurt mig, hvort ég myndi eftir símanúmerinu þar. Ég man ekki, hvaða dag það var, eða hvort það var þarna um hádegi á sunnudag. Ég man eftir, að ég sagði við hann, hvort hann ætlaði ekki að fara að hætta þessu fylliríi, annars væri ég bara farin frá honum. Ekki man ég eftir öðrum sérstökum orðaskiptum á sunnudagsmorguninn. Ég segi alveg satt, ég man ekki, hvaða dag það var, sem hann vildi kaupa flösku á svörtum, ég man, að hann skrifaði ávísun upp á fimm hundruð krónur, ég man ekki, hvort ég þurfti að fylla hana út fyrir, en hann skrifaði undir. Hann bað mig að fara með ávísunina út í sjoppu og biðja eigandan Pál að skipta henni og geyma hana fram á miðvikudag fyrir sig. Þetta gerði ég og lét hann síðan hafa eitthvað af því fyrir flösku, síðan ætlaði ég að nota hitt til að djamma fyrir.

Leigubíllinn frá Borgarbílastöðinni kom í hlaðið hjá okkur fljótlega upp úr hádeginu. Ég sá, þegar hann kom, og ég held ég hafi sagt honum, að bíllinn væri kominn. Mig minnir, að ég hafi spurt Fúsa, hvort hann færi niður eða bílstjórinn kæmi upp, en alla vega fór hann niður. Ég sá bílstjórann út um eldhúsgluggann, en þar sat ég, þegar hann kom. Þetta var ungur strákur með dökkt hár, ég taldi, að ég kannaðist við hann og hann gæti heitið Stefán. Bílstjórinn hljóp inn undir skýlið við aðaldyrnar, ekki veit ég, hvort hann fór inn, rétt strax fór hann aftur út í bílinn og keyrði burt.

Sigfús kom síðan upp og inn í eldhús með flöskuna, sem var brennivínsflaska, opnaði hana og blandaði sér í glas, setti vatn út í vínið. Hann drakk þetta glas og blandaði svo í annað, drakk það í hálft, og skildi það svo eftir á borðinu.

Þær Linda og Margarét fóru svo um kl. milli þrjú og fjögur, en Linda ætlaði í afmæli. Ég bað Lindu að hafa samband við mig, þegar hún kæmi aftur. Ég var þá eftir heima með krakkana, en hann var einnig heima. Hann var orðinn blindfullur, röflaði bara og ráfaði um.

Þennan dag var ég alveg að verða brjáluð á honum. Það var matur um alla íbúð eftir hann, hann var farinn að míga hreinlega í vaskana, en það gerði hann stundum, þegar hann var kominn á þetta stig og búinn að drekka marga daga. Stundum meig hann, þar sem hann var staddur í íbúð-

inni, en ekki þó þennan dag. Hann var t. d. búinn þennan dag að míga tvisvar eða þrisvar í vaskinn á baðinu. Ég man þó núna, þegar ég rifja þetta upp, að hann meig þennan dag á svefnherbergisgólfið fyrir innan dyrnar.

Ég var orðin ákveðin í því þennan sunnudag að drepa Sigfús og ætlaði þá að nota bensínið til þess að kveikja í honum. Ég hafði þó ekki ákveðið stundina. Svo fór ég að hugsa, á ég að gera það eða á ég ekki að gera það? Svo byrjaði sjónvarpið, og meðan ég horfði á Húsið á sléttunni, var ég að pæla í því, hvort ég ætti að gera þetta. Hann lá þá inni í svefnherbergi.

Svo hringdi síminn, og ég fór í símann, ég get ekki munað, hvenær það var, ég var ekki í sambandi þennan dag. Það var Bárður, sem hringdi, hann spurði, hvort Sigfús væri fullur, og ég sagði honun það. Hann sagði þá, að ég skyldi hringja í neyðarvakt SÁÁ, ég skyldi biðja einhvern að koma þarna heim til að tala við Fúsa og ég gæti ráðfært mig við til að fá hann til að stoppa og hætta þessu. Ekki man ég, hverju ég svaraði Bárði. Ég spurði, hvort konan hans væri heima, en hann sagði nei. Hann sagði, að hún hefði farið út með krakkana, svo friður væri heima, því hann var með einhvern fund. Síðan slitum við talinu.

Ég hélt áfram að horfa á sjónvarpið og börnin einnig. Ég hélt áfram að hugsa og var búin að ákveða það, að ég skyldi klæða börnin upp og senda þau út, áður en ég færi út í þetta. Síðan kom Sólveig á 4. hæð til vinstri til mín, en hún var reyndar búin að koma áður þennan dag, ég get ekki munað, hvenær það var, við vorum þá bara að kjafta og fengum okkur kók, en ég neytti ekki áfengis þennan dag. Í fyrra skiptið, sem hún kom, var Sigfús á röltinu, hann var alltaf að koma til okkar inn í eldhús og spyrja, hvort það væri ekki allt í lagi. Við vorum svona að tala um daginn og veginn, hvernig ég hefði skemmt mér á ballinu kvöldið áður. Ég man, að ég sagði Sólveigu, að ég væri búinn að taka sígarettur tvisvar eða þrisvar þennan dag, sem hann hefði ætlað að fara með logandi inn í rúm. Þetta var lygi, en Sigfús reykir aldrei sígarettur, vindla að staðaldri, en mjög lítið og jafnvel ekkert, þegar hann er fullur. Ég var þarna að undirbúa drápið á Sigfúsi og láta líta þannig út, að hann hefði kveikt í sjálfur. Þess vegna vildi ég koma þessu að hjá Sólveigu með sígaretturnar, þannig að svo gæti litið út og ég hefði vitni að því, hvernig hann hefði hagað sér með sígaretturnar þennan dag.

Í seinna skiptið, sem Sólveig kom, stoppaði hún örstutt og var að fá lánaðar kartöflur hjá mér, mig minnir, að klukkan hafi alveg verið að verða sex, en ekki man ég það upp á mínútu. Ég er spurð að því hér, hvort færð hefði verið klukkan í elshúsinu. Ég var búin að því löngu áður, ég hafði fært klukkuna af veggnum fyrir ofan eldhúsbekkinn, sem er við vegginn

milli eldhúss og svefnherbergis. Ég færði klukkuna til á veggnum, yfir eldhúsborðið nær glugganum.

Eftir að Sólveig fór, var ég ákveðin að gera þetta við Sigfús, hringdi ég yfir í næsta stigagang til konu að nafni Guðlaug, ég spurði hana, hvort hún ætti til kaffi á könnunni eða eitthvað svoleiðis. Ég vildi fá tilefni til að koma börnunum út. Hún kvaðst vera með gesti, svo ég sagðist tala við hana seinna. Þegar ég var búin að leggja tólið á hana, sagði ég við krakkana, „komið þið, ég ætla að klæða ykkur í, við skulum koma til Stínu." Mig minnir, að ég hafi sagt við þau, að þau gætu horft á barnatímann í lit. Þegar ég var búin að klæða þau í, sagði ég þeim að fara í stigvélin, sem geymd voru niðri í hjólakompu. Þegar þetta var, svaf Sigfús inni í herbergi og hafði sofið smástund. Börnin hlýddu og fóru niður, ég lokaði hurðinni, en hún var læst. Síðan fór ég að hugsa aftur, á ég að gera þetta eða á ég ekki að gera þetta? Ég var þá ekki komin í kápu né skó, Eftir smástund kom dóttir mín upp og spurði „mamma, ertu ekki að koma?" Ég svaraði jú, ég væri alveg að koma. Hún fór þá bara niður aftur, ég lokaði þá hurðinni aftur, fór síðan í skóna og svo í kápuna.

Síðan labbaði ég út á svalir, vængirnir voru dregnir fyrir, en storisinn var dreginn fyrir gluggann, en ekki fyrir hurðina. Ég sótti bensínbrúsann og var ákveðin. Ekki man ég, hvort ég lokaði svalahurðinni, en mig minnir þó, að ég hafi skellt hurðinni, en ekki sett handfangið niður, ekki man ég það glöggt.

Síðan labbaði ég inn í eldhús, tók lyklana af borðinu og stakk þeim í kápuvasann, síðan tók ég brúsann aftur, ég hefi kannske stillt honum upp á borðið, meðan ég tók lyklana. Eldspýtustokk tók ég af borðinu, ég fór með brúsann inn í herbergi til Sigfúsar, ég tók tappann af annað hvort inni í herberginu eða frammi á gangi. Sigfús lá á hliðinni og sneri baki að hurðinni. Grænblátt vattteppi hékk út af rúminu hurðarmegin.

Ég hellti svo bensininu yfir hann, yfir hliðina á honun, frá hálsi og líklega niður að mitti. Hann svaf og bærði ekki á sér. Ég henti brúsanum frá mér á gólfið í átt að rúminu, ekki tók ég sérstaklega eftir, hvað hann fór, ég bara sleppti brúsanum eða skutlaði honum eitthvað undir. Ég stóð framan við bókahilluna, tók eldspýtustokkinn, stakk henni logandi ofan í stokkinn, þegar ég var búinn að kveikja í henni, henti svo logandi stokknum yfir Sigfús, stokkurinn lenti einhvers staðar við mittisstað á honum, bringumegin, og eldur blossaði upp. Góður slurkur var eftir af bensíni í brúsanum, sem ég hafði hent á gólfið.

Eftir að ég hafði kveikt í, hljóp ég út. Herbergishurðin var opin, ekki man ég þó, hvort ég hafi hallað henni aftur, en ég lokaði henni ekki alveg. Síðan fór ég út og skellti á eftir mér ganghurðinni. Ég labbaði síðan niður

stigann til barnanna, sem biðu niðri. Niðri á fyrsta stigapalli mætti ég hjónunum Hafdísi og Steinari, sem voru að koma inn.

Ég mætti fyrir utan Rannveigu og hennar manni, þau voru með lítinn krakka með sér, þau eiga heima á nr. 9. Eftir þetta fór ég með börn mín út á Kötlufell 3 og inn til Stínu. Er ég kom þangað, leið mér mjög illa. Ég sagði henni eitthvað um það, að krakkarnir væru búnir að suða í mér að horfa á barnatímann.

Ég settist síðan inn í eldhús hjá henni, en börnin fóru inn í stofu að sjá sjónvarpið. Stína bauð mér kaffi, spurði, hvort ég vildi bolla eða glas, ég þáði bara glas. Hún gaf mér kaffi í glasið og fór svo að spyrja mig eitthvað um þetta raðhús, sem við ætluðum að fara að byggja. Síðan var það nú lítið meira, því ég rauk út, ég hafði stoppað þarna smástund.

Mér leið illa, innst inni vissi ég, að hann mundi ekki sleppa, en ef, þá vildi ég láta bjarga honum, ef það væri hægt. Ég klæddi börnin í flýti, þau voru úlpuklædd, hún með rauða húfu og hann með bláa. Ég gleymdi að láta húfuna á drenginn, þegar við vorum að fara niður stigann, kallaði hann: „Húfan mín, húfan mín," en ég sagði þeim af flýta sér, hann gæti náð í hana á morgun. Ég hljóp síðan á undan börnunum heim, en beið þó eftir þeim, að þau kæmust inn í stigainnganginn.

Ég hljóp síðan á undan þeim upp stigann, stakk lyklinum í skráargatið, þá gaus reykurinn á móti mér, ég fór þarna inn á ganginn og kallaði í hann, hann svaraði ekki. Ég gat varla andað fyrir reyk, það var allt kolsvart. Ég hugsaði með mér, að ég gæti látið þetta líta enn betur út sem íkveikju af völdum Sigfúsar, ég tók upp átekinn Winston sígarettupakka úr kápuvasa mínum, og henti honum í átt að svefnherbergisdyrunum. Ég sá, að það flugu úr honum einhverjar sígarettur, en hve margar, sá ég ekki. Ég hafði áður kallað í Fúsa, en hann svaraði ekki.

Eftir þetta hljóp ég út, en ekki man ég, hvort ég lokaði eða ekki. Börnin var ég búin að reka upp stigann, þegar ég hafði opnað hurðina að íbúð minni, þannig að þau höfðu séð reykinn líka. Ég hljóp upp á 4. hæð til hægri, en áður hafði ég hringt á bjölluna á 3. hæð til hægri, enginn svaraði. Þá hljop ég inn í íbúðina hjá Mitchell og þar inn á gang. Ég sagði fólkinu þar, að það væri kviknað í niðri hjá mér, og það var hringt á slökkviliðið, ég sagði, að Fúsi væri sennilega inni."

Ákærða var spurð, hvort henni hafi verið ljós sú hætta, sem öðrum íbúum hússins var búin vegna íkveikjunnar, og svaraði hún: „Ég hugsaði ekki um þetta, það eina, sem ég hugsaði um, var að kála honum og ekki annað."

Ákærða var nú spurð, hvort hún vildi einhverju við þessa skýrslu bæta, og svaraði hún:

„Ég vil segja eins og er, að mér líður mikið betur, eftir að ég hef skýrt hér satt og rétt frá þessu máli, eins og það gekk fyrir sig".

Þegar skýrsla þessi hafði verið lesin fyrir ákærðu í heild, óskað hún að taka fram eftirfarandi: „Þegar ég hugsa um þetta eftir á, sé ég ákaflega mikið eftir því, sem ég gerði, en ég gerði mér enga grein fyrir, hvað ég var að gera þennan dag, því ég var vitl mínu fjær."

Ákærða var yfirheyrð fyrir sakadómi daginn eftir að hún gaf framangreinda skýrslu og staðfesti þá, að rétt væri haft eftir henni í skýrslunni.

Í þessari yfirheyrslu skýrði ákærða svo frá, að hún hefði verið orðin ákveðin í því á laugardeginum, þegar hún sótti bensínbrúsann niður í geymslu, að nota bensínið til þess að kveikja í, þannig að Sigfús hlyti bana af, en kvaðst á því stigi ekki hafa verið búin að ákveða að kveikja í með því að hella bensíninu yfir hann.

Í sambandi við fyrri áform um að svipta Sigfús lífi kvaðst ákærða einungis hafa hugsað um það, en það hefði ekki leitt til neinna undirbúningsaðgerða af hennar hálfu, svo sem útvegunar efnis eða tækja. Hafði ákærðu ekki dottið í hug að nota bensín í þessu skyni fyrr enn á laugardeginum, en Sigfús hafði keypt bensínið nokkrum dögum áður og sett brúsann sjálfur í geymsluna.

Ákærða var spurð að því, hvort hún hefði gert sér grein fyrir því, að íkveikja í íbúð hennar gæti haft í för með sér hættu fyrir aðra íbúa hússins. Ákærða kvaðst hafa hugsað út í þetta á laugardeginum, en ekkert hugleitt það, þegar hún framkvæmdi verknaðinn. Kvaðst hún einungis hafa hugsað um að bjarga Sigfúsi, eftir að hún var búin að kveikja í, en ekki hugleitt almannahættu af völdum eldsins.

Ákærða kvað ástæðu verknaðarins hafa verið þá, að hjónaband þeirra hefði ekki verið eins og best var á kosið, eilífur drykkjuskapur og rifrildi. Taldi ákærða, að skilnaður mundi ekki losa hana við Sigfús, en þau hefðu verið í Hvítasunnusöfnuðinum og fengist skilnaður ekki auðveldlega þar, þar sem slíkt þýddi útskúfun úr söfnuðinum. Kvaðst ákærða ekkert hafa gert til þess að fá skilnað, þar sem Sigfús hefði neitað að veita henni hann, hótað að taka af henni börnin og koma henni í skítinn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra íbúa hússins, sem yfirheyrðir voru af rannsóknarlögreglunni og síðar við meðferð málsins:

Vitnið Sólveig Þórðardóttir kvaðst hafa komið inn í íbúðina hjá ákærðu og Sigfúsi tvívegis umræddan dag síðdegis. Í fyrra skiptið kom vitnið í íbúðina um kl. 14 og dvaldi þar nokkra stund og ræddi við ákærðu, m. a. um áfengisdrykkju Sigfúsar, sem var að slaga um íbúðina mikið drukkinn, á meðan vitnið dvaldi þar.

Vitnið sagði, að það hefði ekkert heyrt ákærðu minnast á, að henni dytti í hug að bana Sigfúsi, en einhvern tímann áður hafði hún haft orð á því, að hún gæti hugsað sér að byrla honum eitur vegna drykkjuskapar hans, en hann var ákærða mjög óánægð með.

Vitnið sagði, að ákærða hefði verið í þetta skipti mjög góð við Sigfús, og sáust ekki á henni nein merki þess, að henni mislíkaði við hann. Vitnið sagði, að ákærða hefði haft orð á því, að Sigfús reykti svo mikið og þennan dag hefði hún tekið af honum tvo vindlinga, þegar hann hefði verið kominn með þá inn í rúm.

Vitnið kom öðru sinni inn í íbúðina hjá ákærðu og Sigfúsi þennan dag um stundarfjórðungi fyrir kl. 18 til að fá lánaðar kartöflur. Stóð vitnið við í þetta skipti örfáar mínútur, og á meðan kom Sigfús inn í eldhúsið álíka mikið drukkin og áður.

Í þetta skipti talaði vitnið ekkert við ákærðu um áfengisvandamál Sigfúsar né talaði hún sjálf um það. Vitnið sá engin merki á ákærðu, þegar það talaði við hana í þetta skipti, að hún væri í uppnámi eða geðshræringu, og virtist hún róleg.

Vitnið sagði, að ákærða hefði farið mikið út að skemmta sér, þegar Sigfús var ölvaður, og virtist hún beinlínis nota tækifærið til þess að fara út að skemmta sér, þegar svo stóð á. Vissi vitnið til þess, að ákærða keypti oft fyrir Sigfús áfengi, þegar hann var drukkinn.

Vitnið Baldur Brjánsson skrifstofumaður kvaðst hafa verið að koma heim til sín örfáum mínútum fyrir kl. 18 umræddan dag, og voru með því tvær dætur þess. Þegar þau gengu inn úr útidyrunum, stóðu þar fyrir innan í forstofunni börn ákærðu, og spurði annað barna vitnisins, hvert þau væru að fara. Annað barna ákærðu svaraði, að þau væru að bíða eftir móður sinni og ætluðu með henni til að horfa á barnatímann í lit.

Vitnið hélt upp í íbúð sína ásamt dætrum sínum, og þegar það var búið að vera þar um stundarfjórðung, heyrði það umgang. Opnaði vitnið þá hurðina fram í stigahúsið, og var þá reykjarmökkur þar.

Vitnið Hafdís Finnbogadóttir kennari kvaðst hafa verið að koma að Kötlufelli 11 umræddan dag rétt eftir kl. 18 ásamt eiginmanni sínum, og fóru þau inn í húsið bakdyramegin frá Iðufelli. Eiginmaður vitnisins fór, að vitnið best man, beint upp í íbúð þeirra. Vitnið sjalft fór inn í þvottahúsið, og eftir örstutta viðdvöl þar kom það fram í aðalanddyri hússins á leið sinni upp í íbúðina. Þegar vitnið kom inn í anddyrið, sá það ákærðu, þar sem hún hélt opnum aðaldyrum og var að fara út um þær ásamt öðru barni sínu. Ekki tók vitnið eftir hinu barninu. Vitnið sá framan í ákærðu, en man ekki, hvort þær heilsuðust. Ekki tók vitnið eftir neinu sérstöku í fari ákærðu í þetta skipti.

Verður nú gerð grein fyrir framburði annarra vitna:

Vitnið Rannveig Margrét Stefánsdóttir húsmóðir, Kötlufelli 9 í Reykjavík, kvaðst hafa verið að koma að Kötlufelli 9 í bifreið alveg um kl. 18 umræddan dag ásamt eiginmanni og þrem börnum.

Þegar vitnið var komið út úr bifreiðinni og stóð við hana, sá það ákærðu

kom gangandi ásamt börnum sínum tveim frá Kötlufelli 11 meðfram húsinu, og gengu þau í austurátt. Er bifreiðastæðið sameiginlegt fyrir hús nr. 9 og 11.

Vitnið heyrði, að ákærða sagði við börnin, að þau væru að fara að horfa á sjónvarpið hjá Stínu. Vitnið þekkir ákærðu, og var hún vön að heilsa því, en það gerði hún ekki í þetta skiptið og virtist ekki sjá vitnið. Annað óvenjulegt sá vitnið ekki í fari ákærðu.

Vitnið Kristín Ingólfsdóttir húsmóðir, Kötlufelli 3 í Reykjavík, sagði, að ákærða hefði komið heim til þess með börn sín umræddan dag örfáum mínútum eftir kl. 18, og kvaðst hún vera komin með börnin til að leyfa þeim að horfa á barnatímann í lit, ef hún mætti. Settust börnin inn í stofu fyrir framan sjónvarpið, en ákærða þáði kaffi í eldhúsinu.

Vitnið tók ekki eftir neinu sérstöku hjá ákærðu, þegar hún kom, en þegar þær fóru að ræða saman, fannst vitninu ákærða frekar dauf, en hún var vön að vera gáskagull. Eftir örstutta stund lýsti ákærða því yfir, að hún væri með höfuðverk og reykingarhósta, og kvaðst ákærða ætla að fara. Í framhaldi af því dreif hún börnin í fötin í miklum flýti, og gleymdi hún að setja á drenginn húfu, sem hann hafði komið með.

Vitnið sagði, að ákærða hefði komið, rétt eftir að Stundin okkar var byrjuð í sjónvarpinu, og hefði hún farið, þegar verið var að sýna, hvernig veðurkort væru gerð, og hefði veðurfræðingur þá verið að líma sólarmerki inn á veðurkort.

Er upplýst samkvæmt vottorði frá útvarpinu, sjónvarpinu, dagsettu 29. janúar sl., að barnatíminn hafi byrjað klukkan 17.59.45 og að byrjað hafi verið að líma sólarmerkin inn á kortið klukkan 18.17.10. Eru tímasetningar samkvæmt tímaklukku sjónvarpsins.

Sonur vitnisins, 12 ára, sagði við vitnið, þegar ákærða var farin, að honum hefði virst hún þurfa að kasta upp.

Vitnið sagði, að ákærða hafi verið vön að stansa lengi, þegar hún kom, og því var þessi asi óvanalegur.

Vitnið sagði, að ákærða hefði einhverju sinni haft orð á því, að réttast væri að byrla Sigfúsi heitnum eitur. Vitnið kvaðst þá ekki hafa tekið þetta alvarlega.

Vitnið kvaðst hafa kynnst ákærðu u. þ. b. 4 árum áður en eldsvoðinn varð, en þá fór hún að gæta barna fyrir hana. Þegar hún hætti því, fór ákærða að venja komur sínar til hennar. Talaði hún oft um það, að Sigfús neytti áfengis í óhófi, og barmaði sér yfir því. Þá talaði hún um að skilja við Sigfús og sagði margt ljótt um hann.

Vitnið Mitchell David Snyder, nú til heimilis að Efstasundi 65 í Reykjavík, kvaðst hafa verið umrætt sinn húsvörður að Kötlufelli 11 og búið á 4. hæð hússins. Umræddan dag, nokkru eftir kl. 18, birtist ákærða allt

í einu inni í íbúðinni, en íbúðin var ólæst. Var ákærða ein, en rétt á eftir henni komu börn hennar.

Ákærða sagði, að íbúðin væri að brenna og að Fúsi væri inni í henni. Virtist ákærða svolítið æst, þegar hún var að skýra frá þessu.

Í þetta skipti var staddur hjá vitninu slökkviliðsmaður í heimsókn, og fór hann þegar að íbúðinni, en vitnið sjálft fór áleiðs niður, en ekki alla leið. Vitnið hélt síðan upp aftur, en erfitt var að vera í stigahúsinu vegna reyks. Rétt á eftir kom slökkviliðsmaðurinn upp aftur.

Vitnið sagði, að ákærða hefði dvalið í íbúð þess, frá því að hún tilkynnti um eldinn og þar til slökkvistarfi var lokið.

Vitnið sagði, að ákærða hefði komið því þannig fyrir sjónir, á meðan hún dvaldi í íbúðinni, að hún væri óttaslegin, en samt grét hún ekki.

Vitnið Árni Árnason brunavörður, Hamraborg 8 í Kópavogi, kvaðst hafa verið umræddan dag gestkomandi hjá Mitchell Snyder.

Nokkru eftir kl. 18 birtist í íbúðinni kona, sem virtist í uppnámi, og sagði hún, að kviknað væri í hjá henni og maðurinn væri innni. Kom fram, að kona þessi bjó á næstu hæð fyrir neðan.

Eiginkona Mitchell Snyder hringdi á slökkviliðið, en átti erfitt með að tjá sig, svo að vitnið tók við og skýrði slökkvistöðinni frá því, sem væri að gerast.

Þegar vitnið hafði lokið símtalinu, hljóp það niður á næstu hæð og inn í íbúðina, sem vitnið minnti, að hefði verið opin. Var mikill reykur þar inni, sem lagði fram í stigahúsið. Reyndi vitnið tvívegis að fara inn í íbúðina, en varð að hörfa út án þess að komast lengra en inn í forstofuna.

Vitnið ræddi við ákærðu á heimili Snyder, og sagði hún vitninu, að hún hefði þrisvar þennan dag komið að Sigfúsi sofandi inni í rúmi með vindlinga. Kvaðst ákærða hafa verið í burtu í 45—60 mínútur, áður en eldurinn varð laus.

Vitnið Óli Karló Olsen, aðalvarðstjóri í slökkviliði Reykjavíkur, var aðalvarðstjóri á slökkvistöðinni, þegar brunaútkallið kom frá Kötlufelli 11, og hélt þegar á staðinn ásamt venjulegum liðsafla. Þegar þeir komu að Kötlufelli 11, voru komnir á undan menn úr Árbæjarstöðinni með dælubíl og sjúkrabíl. Voru þeir að búa sig undir að fara inn í íbúðina, þegar vitnið bar að með sína menn.

Vitnið Kristján Ólafsson brunavörður, Selbrekku 11 í Kópavogi, kvaðst hafa haldið að Kötlufelli 11 umrætt sinn. Á leiðinni á staðinn klæddist vitnið reykköfunarbúningi ásamt öðrum brunaverði, en fram kom á leiðinni, að talið væri, að maður væri inni í íbúðinni.

Þegar vitnið og félagar þess komu að Kötlufelli 11, voru komnir þangað aðrir brunaverðir úr Árbæjarstöðinni og voru að búast til að fara inn í

húsið, en þeir höfðu ekki haft aðstöðu til að klæðast reykköfunarbúningi á leiðinni.

Vitnið og félagi þess, Björn Pálmi, héldu beint inn í húsið í reykköfunarbúningi sínum og tóku um leið með sér slöngu, sem brunaverðirnir úr Árbæjarstöðinni voru með tiltæka. Þeir félagar héldu inn í íbúðina og fundu engan í fyrsta herberginu. Í næsta herbergi logaði eldur í rúmi, sem félagi vitnisins sprautaði á, en vitnið sjálft hélt áfram að leita í íbúðinni, og þegar það kom inn í eldhúsið, fann það mann liggjandi á bakinu á gólfinu með fæturna í átt að dyrunum. Vitnið kallaði þegar í félaga sinn, sem kom strax og aðstoðaði vitnið við að taka manninn upp og koma honum út úr íbúðinni. Um svipað leyti var þriðji brunavörðurinn kominn inn í íbúðina í reykköfunarbúningi.

Vitnið Björn Pálmi Hermannsson brunavörður, Holtagerði 30 í Kópavogi, kvaðst hafa komið að Kötlufelli 11 af aðalslökkvistöðinni ásamt fleiri brunavörðum. Það og annar brunavörður héldu fyrstir inn í íbúðina klæddir reykköfunarbúningum og með vatnsslöngu.

Þegar þeir félagar komu inn í svefnherbergi íbúðarinnar, en hurð þess var lokuð, sáu þeir mikinn eld loga í rúmi í herberginu. Á meðan vitnið sprautaði á eldinn, hélt félagi þess áfram að leita í íbúðinni að manni, sem talið var, að væri inni. Örstuttu eftir að félagi vitnisins fór út út svefnherberginu, kallaði hann í vitnið, og hafði hann fundið mann í eldhúsinu. Vitninu gekk greiðlega að slökkva eldinn, og var búið að því, þegar félagi þess kallaði í það.

Vitnið sagði, að maðurinn hefði legið á eldhúsgólfinu með fæturna að dyrunum, og sá vitnið ekki lífsmark með honum, en erfitt var að átta sig á því vegna reyksins. Minnti vitnið, að maðurinn hefði legið á grúfu.

Vitnið Haukur Ólafsson lögreglumaður, Krummahólum 10 hér í borg, gerði skýrslu lögreglunnnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið kom á vettvang ásamt Erlendi Sveinssyni varðstjóra á undan slökkviliðinu, en þeir voru staddir í Blesugróf, þegar tilkynnt var um lausan eld að Kötlufelli 11. Vitnið reyndi að fara inn í stigaganginn, en útilokað var að komast lengra en upp á 1. eða 2. hæð vegna reyks, sem var meiri eftir því sem ofar dró í ganginum. Stuttu síðar kom slökkviliðið.

Vitnið Erlendur Sveinsson varðstjóri, Arakoti í Bessastaðahreppi, kom að Kötlufelli 11 umrætt sinn. Vitnið sagði, að ákærða hefði tvívegis spurt sig, hvort maður hennar væri látinn. Kvaðst vitnið hafa svarað henni því óbeint, þar sem hún var stödd hjá því í lögreglubifreið fyrir utan húsið. Viðbrögð ákærðu voru þau, að hún andvarpaði og sagði ekkert, en ekki grét hún.

Vitnið aðstoðaði Árna Árnason slökkviliðsmann við að komast úr stiga-

húsinu út í hreint loft, en hann virtist aðframkominn af reyknum, sem var talsverður og fór illa í öndunarfæri.

Vitnið Kristín Sigurðardóttir húsmóðir, Unufelli 46 í Reykjavík, kvaðst hafa kynnst ákærðu fyrir rúmum fimm árum. Kynntust þær í kvöldsölu, sem vitnið vann í, en ákærða verslaði. Jukust kynni þeirra, er á leið og fyrst verulega, eftir að vitnið missti mann sinn fyrir þrem árum. Fór ákærða þá að venja komur sínar á heimili vitnisins.

Vitnið sagði, að ákærða hefði oft haft orð á þeim erfiðleikum, sem hún ætti við að etja í hjúskap sínum vegna drykkjuskapar Sigfúsar, en hann drakk oft marga daga í einu með hléum á milli. Kom stundum, en þó ekki oft, fyrir í tali ákærðu, að hún gæti drepið Sigfús, en vegna drykkjuskaparins að vitnið áleit. Vitnið tók þetta tal ekki alvarlega, og í því sambandi benti vitnið á, að ákærða hefði haft orð á því, að ef Sigfús dæi, yrði henni kennt um það. Virtist ákærða ekki koma sér að því að skilja við Sigfús, þar sem hún áleit, að þá yrðu börnin dæmd af henni.

Vitnið mundi sérstaklega eftir því, að einu sinni hafði ákærða orð á því, að hægt væri að drepa Sigfús með því að sprauta eitri í konfektmola og gefa hjónum. Einnig minntist ákærða á að blanda eitri í kaffi og gefa honum.

Vitnið sagði, að ákærða hefði á sl. sumri sagt sér, að hún hefði gefið Sigfúsi inn Aceton með því að setja það út í vínglas, sem hann hefði drukkið úr. Hún síðan ekið Sigfúsi á slysadeild af þessum sökum.

Vitnið sagði, að ákærða hefði tveim árum fyrir eldsvoðann orðið mjög fíkin í að fara út að skemmta sér og hefði hún stundum sagt, að ef Sigfús færi ekki að drekka, mundi hún kaupa flösku fyrir hann sjálf, svo að hann færi að drekka og hún kæmist út til að skemmta sér. Þá sagði vitnið, að ákærða hefði gert mikið af því, þegar hún var að skemmta sér, að stofna til kynna við karlmenn.

Vitnið kvaðst hafa farið á dansleik ásamt ákærðu og þrem konum öðrum kvöldið áður en Sigfús andaðist, og fóru þær í Glæsibæ. Gætti þá Linda, dóttir vitnisins, barna ákærðu og Sigfúsar, en hann var heima.

Vitnið sagði, að ákærða hefði verið ör þetta kvöld á dansleiknum, en ekkert minntist hún á hjúskap sinn. Þá mundi vitnið ekki eftir því, að hún minntist eitthvað á eiginmann sinn.

Vitnið fékk símhringingu frá ákærðu um hádegi á sunnudeginum, og var ekkert óvenjulegt í fari ákærðu í því samtali, en hún sagði vitninu frá því, að Sigfús væri drukkinn heima. Minntist hún á, að hann væri að kasta af sér þvagi í vaskana og væri búinn að bíta í matinn og kasta honum á gólfið. Ekki minntist ákærða á það, að hún hefði hug á að losna við Sigfús.

Vitnið fór að vinna kl. 2, og kom ákærða á vinnustað vitnisins fljótlega

upp úr kl. 2. Dvaldist hún töluvert lengi þar og beið færis að ræða við vitnið, en gat það ekki nema lítið, þar sem mikið var að gera. Í þessum stuttu samræðum þeirra kom ekkert sérstakt fram, og þegar ákærða fór, kvaðst hún ætla að horfa á tiltekinn þátt í sjónvarpinu. Hafði ákærða á orði, að hún mundi koma, þegar honum væri lokið, en ekki gerði hún það, og sá vitnið ekki ákærðu fyrr en næsta þriðjudag, en þann dag kom vitnið heim til sín um kl. 3, og var ákærða þá komin þangað.

Vitnið sagði, að það hefði strax á sunnudagskvöldinu fengið það á tilfinninguna, að ákærða væri völd að eldsvoðanum, en ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, hvað réð þessari skoðun þess.

Vitnið kom heim úr vinnunni nokkru eftir kl. 19 umræddan sunnudag. Var það búið að frétta af eldsvoðanum, en vissi ekki um afleiðingar hans. Þær sagði Bárður Árni Steingrímsson vitninu í síma nokkru síðar.

Þegar Linda, dóttir vitnisins, kom um kl. 2030 og frétti um lát Sigfúsar heitins, sagðist hún vita, hvernig lát hans hefði borið að höndum, og væri ákærða að því völd og hefði hún notað til þess bensín, sem ákærða hefði átt. Vitnið vildi draga úr þessari fullyrðingu stúlkunnar og bað hana um að hafa ekki hátt um þetta.

Þegar ákærða kom heim til vitnisins á þriðjudeginum, barst í tal á milli þeirra, hvernig eldurinn hefði kviknað, og kom ákærða með ýmsar skýringar á því, sem vitnið kvaðst ekki trúa. Fann vitnið, að ákærða var í vörn, en ekki var hún í geðshræringu. Samt sá vitnið, að hún var ekki eins og hún átti að sér, og hún fór fljótlega, eftir að farið var að ræða þessa hluti.

Vitnið Linda Hilmarsdóttir, dóttir vitnisins Kristínar Linnet, kvaðst hafa verið heima hjá ákærðu og Sigfúsi meira og minna frá því á fimmtudagskvöldinu fyrir atburðinn við að passa börn þeirra, en það kvöld fóru þau út að skemmta sér. Svaf vitnið heima hjá þeim aðfaranótt föstudagsins.

Vitnið sagði, að á laugardagsmorgninum, um klukkan 11, þegar það var að fara út í verslun fyrir móður sína, hefði sonur ákærðu og Sigfúsar kallað í sig grátandi og beðið sig að hjálpa sér með brennivínsflösku, tvær bækur og lúffur, en drengurinn sagði, að faðir hans hefði farið á undan honum heim. Vitnið hjálpaði drengnum heim með áðurgreinda hluti, en drengurinn sagði, að faðir hans hefði gefið honum bækurnar. Þegar vitnið kom inn í stigaganginn í Kötlufelli 11, sá það Sigfús sitja sofandi í skógeymsluherbergi á 1. hæð hússins. Fór vitnið til ákærðu og sagði henni frá þessu, en hún fékk aðstoð við að bera Sigfús upp til sín.

Vitnið fór með börn ákærðu og Sigfúsar í sund og kvikmyndahús síðdegis á laugardeginum, og um kvöldið tók það að sér að gæta þeirra, þar sem ákærða og móðir vitnisins ætluðu út að skemmta sér um kvöldið.

Vitnið sagði, að Sigfús hefði verið heima á laugardeginum mikið drukkinn. Sat hann ýmist í stól inni í stofu eða að hann ráfaði inn í eldhús og

inn í svefnherbergi. Fór hann oft í ísskápinn til þess að fá sér að borða, en það var ekkert í skápnum, þar sem ákærða var búinn að henda því. Sagði hún vitninu, að hún hefði hent matnum, þar sem Sigfús hefði verið búinn að bíta einn bita af öllu, sem til væri. Þetta sagði ákærða vitninu á tímabilinu, frá því að það kom með börnin úr kvikmyndahúsinu og fram til þess, að hún fór út.

Vitnið fór að sofa á milli klukkan 0130 og 0200 um nóttina, og voru þá börnin og Sigfús sofandi svo og vinkona vitnisins, sem var hjá því. Vitnið vaknaði síðar um nóttina við það, að ákærða kom inn. Hún fór stuttu síðar aftur á brott. Þegar vitnið vaknaði á sunnudeginum um klukkan 10, sá það ákærðu sofandi í sófa í stofunni.

Vitnið gaf börnunum og vinkonu sinni að borða, og á meðan þau voru að því, kom Sigfús fram í eldhúsið til þeirra og spurði eftir ákærðu, sem hafði farið stuttu áður út að versla. Beið Sigfús komu hennar í eldhúsinu og ræddi við börnin, aðallega drenginn. Þegar ákærða kom aftur, hafði hún meðferðis gosdrykki. Að beiðni Sigfúsar fór hún öðru sinni út í verslun og keypti fyrir hann fjórar flöskur af Thuleöli.

Þegar ákærða kom með ölið, fóru hún og Sigfús að tala saman í eldhúsinu og lokuðu þá hurðinni. Heyrði vitnið Sigfús spyrja ákærðu, hvort hann mætti kaupa áfengisflösku, og svaraði ákærða því, að hann mætti það sín vegna, henni væri alveg sama.

Nokkru síðar sá vitnið bifreið koma að húsinu. Sá vitnið mann hlaupa inn, og Sigfús hljóp niður. Eftir að hann kom aftur, hóf hann áfengisdrykkju á ný.

Vitnið kvaðst hafa heyrt ákærðu segja Sigfúsi, að bifreið þeirra væri á lögreglustöðinni. Vildi Sigfús láta ákærðu sækja bifreiðina og fá aðstoð lögreglunnar til að láta bensín á hana, en það vildi ákærða ekki. Heyrði vitnið þau rífast um þetta.

Vitnið sagði, að ákærða hefði sagt því, að bifreiðin hefði orðið bensínlaus og hefði hún keypt bensín á brúsa, en þegar hún hefði ætlað að setja það á bifreiðina, hefði bifreiðin verið horfin. Hefði hún því komið með brúsann heim og sett hann út á svalir.

Vitnið átti erindi út á svalirnar á laugardagskvöldinu og sá þá hvítan brúsa með rauðum tappa standa á svalagólfinu og að í honum var talsvert, en vitnið hrissti brúsann til. Þá fann vitnið bensín- eða olíulykt.

Vitnið sagði, að Sigfús hefði verið orðinn mikið drukkinn í hádeginu á sunnudeginum, og sagði ákærða, að hann væri farinn að kasta af sér vatni í vaskana. Sá vitnið, að hann kastaði af sér vatni í eldhúsvaskinn, en ákærða sagði, að hann hefði einnig kastað af sér vatni í baðvaskinn. Fór ákærða að rífast við Sigfús út af þessu, og sagði Sigfús þá: „Hvað er að?" Sagði vitnið, að ákærða hefði kallað Sigfús öllum illum nöfnum, m . a.,

að hann væri svín, að hann ataði allt út eins og hálfviti og að hún ætlaði að biðja Bárð að flytja hann á Silungapoll, ef þar væri pláss, en annars ætlaði hún bara að drepa hann. Þegar ákærða sagði þetta, voru hún og Sigfús inni í eldhúsi, en síðan fóru þau inn á salerni og lokuðu að sér, svo að vitnið heyrði ekki, hvað þeim fór á milli.

Stuttu síðar fór vitnið út að versla fyrir ákærðu, og þegar hún var að fara, sá hún Sigfús fara inn í svefnherbergi og ákærðu loka á eftir honum hurðinni. Áður en vitnið fór aftur, borðaði það með ákærðu og börnunum. Þá bað ákærða vitnið að koma aftur um kvöldið, því að hún væri að hugsa um að fara á ball.

Vitnið fór síðan á milli klukkan 1330 og 1345 og með því vinkona þess, sem með því hafði verið heima hjá ákærðu. Fór vitnið síðan suður í Hafnarfjörð í afmælisveislu og kom aftur heim til sín á milli klukkan 2030 og 21 og frétti þá, hvað hefði komið fyrir. Sagði vitnið þá móður sinni, að ákærða hefði verið að rífast við Sigfús og hefði hún hótað að drepa hann. Kvast vitnið þá hafa verið visst um, að hún hefði gert það, þar sem hún hefði sagt það svo mörgum sinnum.

Vitnið upplýsti, að það hefði aldrei séð Sigfús reykja, hvorki vindlinga, vindla né annað tóbak. Kvaðst vitnið ekki vita til þess, að hann reykti, og hefði það ekki séð hann gera það, hvorki drukkinn né ódrukkinn.

Vitnið Bárður Árni Steingrímsson fisksali, Álftahólum 4 í Reykjavík, skýrði svo frá, að það hefði kynnst ákærðu og Sigfúsi sumarið 1972, og tókst vinátta með vitninu og Sigfúsi, en leiðir skildu eftir nokkra mánuði. Kynni þeirra endurnýjuðust síðan aftur um þrem árum fyrir margnefndan atburð, en þá flutti vitnið í Breiðholt III. Samgangur og samskipti þeirra hófust þó ekki að marki fyrr en haustið 1979, þegar Sigfús fór að vinna fyrir vitnið, og það útvegaði honum vinnu. Þá gætti ákærða barns vitnisins og konu þess, og hirti hún óaðfinnanlega um það. Treystu þau hjónin henni fullkomlega fyrir barninu.

Vitnið sagði, að Sigfús hefði verið mikill drykkjumaður, þegar hann neytti áfengis. Sá það hann nokkrum sinnum mjög ölvaðan.

Vitnið vissi, að Sigfús hóf áfengisdrykkju á fimmtudeginum, og kom hann í fiskbúðina til vitnisins árdegis á laugardeginum „skelþunnur," titrandi og skjálfandi. Fékk Sigfús að hringja til að útvega sér áfengi. Kom bifreið bakdyramegin að fiskbúðinni, og sá vitnið eftir það, að Sigfús var kominn með brennivínsflösku, sem hann drakk hálfa á ca 20 mínútum. Þá tók vitnið flöskuna, fyllti hana af vatni, pakkaði henni inn í pappír og setti í plastpoka. Á meðan vitnið var að þessu, fór Sigfús út í bókabúð og keypti myndabók eða litabók handa syni sínum, sem var með honum, en hann hafði beðið Sigfús að koma með sér út í búðina. Eftir þetta fór

Sigfús með syni sínum, og sagði vitnið, að mátt hefði segja, að þá hefði Sigfús fremur verið á fjórum fótum en tveim.

Næst eftir þetta frétti vitnið af Sigfúsi á sunnudeginum um klukkan 1730, en þá hringdi vitnið heim til hans, en ekki gat vitnið upplýst, hvers vegna það hefði hringt, þar sem það hefði aldrei áður hringt, nema það ætti erindi vegna vinnu, sem það ætlaði að biðja Sigfús að framkvæma. Vitnið talaði við ákærðu og spurði um Sigfús, sem ákærða sagði, að gengi um gólf. Upplýsti ákærða, að Sigfús hefði keypt áfengisflösku á laugardagskvöldinu um klukkan 22. Sagði vitnið ákærðu þá, að hún ætti að hringja á neyðarvakt SÁÁ, en vitnið taldi, að ákærða væri orðin þreytt á drykkju Sigfúsar. Vitnið sagði, að ákærða hefði verið róleg í símanum, enginn asi á henni, og hún virtist ekki vera pirruð. Minntist vitnið þess ekki, að þeim hefði farið fleira á milli í þessu símtali. Næst frétti vitnið af Sigfúsi um klukkan 1830, þegar börn fluttu honum þau tíðindi, að Sigfús hefði verið fluttur á brott í sjúkrabifreið.

Vitnið kvaðst hafa séð, að bifreið þeirra hjóna stóð um klukkan 1130 á föstudagsmorgninum á horni Iðufells og Austurbergs. Þá frétti vitnið, að lögreglan hefði fjarlægt bifreiðina síðari hluta dagsins. Vitnið hringdi til ákærðu, nokkru eftir að hafa séð bifreiðina á umræddum stað, og sagði ákærða þá vitninu, að bifreiðin hefði orðið bensínlaus og hún ekki nennt að fara út á bensínstöð til að ná í bensín í brúsa.

Þegar vitnið kynntist ákærðu og Sigfúsi, voru þau öll í Hvítasunnusöfnuðinum. Vitnið sagði, að Sigfús hefði hætt áfengisdrykkju og reykingum, eftir að hann kom í Hvítasunnusöfnuðinn, en einstaka sinnum sá vitnið hann reykja smávindla. Þá minntist vitnið þess ekki að hafa séð Sigfús reykja, þegar hann var undir áhrifum áfengis, og ekki kvaðst vitnið hafa séð Sigfús reykja vindlinga, eftir að hann hætti að reykja í Hvítasunnusöfnuðinum á sínum tíma.

Rannsóknarlögregla ríkisins hafði tal af nokkru vinnufélögum Sigfúsar, og kom fram í viðtölum við þá, að hann hefði einstaka sinnum reykt vindla, en enginn þeirra hefði séð hann reykja vindlinga.

Þá kannaði rannsóknarlögreglan, hvort bensín væri á bifreið þeirri, sem ákærða hafði skilið eftir á horni Iðufells og Austurbergs, en bifreiðin var í vörslu lögreglunnar. Reyndist ekki vera bensín á tanki hennar.

Við rannsókn málsins komu fram grunsemdir um, að ákærða hefði ekki verið ein í ráðum um að bana eiginmanni sínum, og í yfirheyrslu 9. febrúar sl. skýrði ákærða frá því, að hún hefði verið og væri mjög ástfangin af áðurgreindum manni, sem hún hefði kynnst árið 1977 og áður er um getið. Hefðu þau rætt um það saman um hálfu ári eftir að þau kynntust, að nauðsynlegt væri að ryðja Sigfúsi úr vegi, svo að þau gætu verið saman. Hefðu þau ráðgast um það saman, hvernig þau gætu drepið Sigfús, og sagði

ákærða, að maðurinn hefði sagt, að „nota mætti töflur eða byrla Sigfúsi einhverju eitri eða nota byssu". Nokkru síðar hefði komið upp sú hugmynd hjá þeim að koma ólyfjan fyrir í vínglasi Sigfúsar í því skyni að koma honum fyrir kattarnef. Kom ákærða því svo fyrir, en Sigfús ældi því upp og varð ekki frekar meint af. Eftir þetta kvaðst hún hafa verið ákveðin að bana Sigfúsi og jafnframt hefði þá umræddur maður áður verið ákveðinn í að slíta sambandi við stúlku þá, er hann hafði þá tekið upp samband við, og hefja sambúð með ákærðu.

Í lok skýrslu ákærðu 9. febrúar um framangreindan þátt mannsins var bókað eftir henni, að hún hefði sagt sannleikann, hún elskaði manninn og gerði það enn. Hún hefði aldrei gert það, sem hún hefði gert, nema vegna hans. Ákærða var spurð, hvort hún hefði treyst sér til að bana eiginmanni sínum eftir áður misheppnaða tilraun án hvatningar frá öðrum, og svaraði hún því neitandi.

Er hér var komið, beindist rannsókn málsins einnig að ætlaðri hlutdeild umræddS manns að brotum ákærðu, þ. e. tilraun hennar til að bana Sigfúsi með ólyfjan og síðar drápi hennar á Sigfúsi með íkveikju, og tengslum þeirra og kynnum í því sambandi. Var maðurinn yfirheyrður af þessum sökum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 10. febrúar. Frásögn hans um kynni og tengsl þeirra ákærðu var mjög á annan veg en hjá henni í fyrstu skýrslu, sem tekin var af honum, en við skýrslutöku af manninum 11. febrúar fékkst nokkuð samræmi í frásögn þeirra um ýmis atriði.

Gerð var krafa um það fyrir sakadómi Reykjavíkur 11. febrúar sl., að maðurinn yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á framangreindri fullyrðingu ákærðu. Þessari kröfu var synjað með úrskurði dómsins næsta dag.

Rannsókn á hugsanlegum þætti mannsins í verknaði ákærðu, sem hann neitaði, leiddi ekki til neinna aðgerða, en í því efni fór fram mjög ítarleg rannsókn, sem ekki þykir ástæða til að rekja í máli þessu.

Þá fór fram rannsókn í því skyni að upplýsa, hverjir hefðu fært Sigfúsi heitnum áfengi á laugardeginum og sunnudeginum, en þeir, sem grunaðir voru um það, könnuðust ekki við að hafa gert slíkt. Varð ekki upplýst um þetta.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði til brunamálastjóra ríkisins með bréfi, dagsettu 9. febrúar sl., og óskaði eftir áliti um það, hvort íkveikjan hefði valdi eldsvoða, sem haft hefði í för með sér almannahættu, bersýnilegan lífsháska annarra manna eða augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.

Brunamálastjóri fól Ástvaldi Eiríkssyni, forstöðumanni eldvarnaeftirlitsins á Keflavíkurflugvelli, til heimilis að Löngubrekku 45 í Kópavogi, og Theódór Árnasyni verkfræðingi, Álfhólsvegi 101 í Kópavogi, að meta al-

mannahættu vegna íkveikjunnar, og skiluðu þeir ítarlegri skýrslu, dagsettri 3. mars sl., um það efni, sem þeir hafa staðfest við meðferð málsins. Í skýrslu þeirra segir svo, eftir að þeir hafa lýst aðstæðum og brunaferlum.:

„Skoðun matsmanna á gangi eldsvoðans:

Eldsupptök voru sem fyrr segir í hjónarúmi í hjónaherbergi, sem er 2.5 m × 3.0 m að stærð. Eldsmatur hefur verið rúmdýnur (gormadýnur), sem hafa verið klæddar af 1'' þykku lagi af svampi og stoppi, og væntanlega sængurföt, þótt ekki væru eftir þau aðrar leifar en fiður. Einnig grind hjónarúmsins úr timbri með rúmfjölum í botni. Auk þessa hefur verið um að ræða óákveðið magn af bensíni, sem hefur brunnið til agna. Af brunaleifum að dæma hafa sængurföt og mestur hluti áklæðis rúmdýna brunnið og allt bensínið. Sjálft hjónarúmið er talsvert brunnið, en hvergi í gegn. Sama er að segja um flestar botnfjalirnar. Lítils háttar bruni var í koll, er staðið hefur við rúmið, og lítils háttar í bókum á efri bókahillu. Í hjónarúminu hafði verið sofandi maður, sem hefur vaknað við brunann, því hann finnst látinn á öðrum stað í íbúðinni. Við teljum, að hurðin á svefnherberginu hafi verið hálf opin við upphaf eldsins. Hinn sofandi maður hefur væntanlega vaknað nokkuð fljótlega við eldinn og hlaupið út úr svefnherberginu og hurðin þá lokast á eftir honum eða hann lokað henni á eftir sér, annað hvort af einhverjum ósjálfráðum hvötum eða til þess að forðast hinn mikla eld og reyk, sem hefur strax myndast af eldsmatnum í rúminu.

Bruni í stóres og í gardínu við svalahurð gæti varla hafa stafað af öðru en af völdum mannsins, því sem fyrr segir var hitastreymi ekki svo mikið frá eldinum í svefnherbergi, að það gæti hafa kveikt í gardínunum eða í öðrum hlutum í stofunni. Síðan hefur maðurinn leitað inn í eldhúsið, þar sem hann fannst að lokum.

Ekki sjást nein merki á útidyrum íbúðar, að hann hafi opnað þær. Þegar slökkviliðsmenn koma inn í íbúðina, fara þeir fyrst inn í barnaherbergið, en merkin þar benda til þess, að hurðin þar hafi verið opin tiltölulega stutt, væntanlega á meðan reykkafarinn leitar af sér allan grun þar. Síðan opna þeir hjónaherbergið og þá blossar upp hálfkæfður eldur á ný í hjónarúminu, sem slökktur er nær samstundis. Að lokum finnur slökkviliðsmaðurinn manninn inni í eldhúsinu.

Hurðarhúnar eru alls staðar úr plasti, og hafa þeir aflagast á hurð hjónaherbergis, en hvergi annars staðar, hvorki á barnaherbergi né eldhúsi eða útidyrum.

Væntanlegar afleiðingar eldsvoðans.

Nú liggja að sjálfsögðu fyrir, hverjar endanlegar afleiðingar eldsvoðans voru í raun. En matsmenn líta þannig á það verkefni, sem þeim hefur verið falið, að þeim beri að meta, hverjar afleiðingarnar gætu hafa orðið, og

þá sérstaklega út frá því sjónarmiði, hvort íbúar stigahússins eða aðrir gætu hafa verið í einhverri hættu, ef verr hefði farið. Eldurinn í hjónaherbergi hefu dvínað sökum súrefnisskorts, þar sem hurðin fyrir því hefur lengstum verið lokuð, á meðan eldurinn geisaði. Hún hefur þó ekki lokast þétt, og töluvert reykstreymi er inn í stofuna. En engin endurnýjun lofts hefur verið, og því hefur súrefni þrotið í svefnherberginu. Eldurinn blossar upp við það, að slöOkkviliðsmaður opnar hurðina, en er slökktur á tiltölulega stuttum tíma. Eldsmatur er tiltölulega lítill í svefnherbergi, en strax í námunda við það, t. d. er í fataskáp og fatahengi talsverður eldsmatur og síðan aftur inni í stofunni. Hér verður að gera ráð fyrir, að eldur hafi verið í fötum húsráðanda, sem greinilega hefur farið úr hjónaherberginu yfir að svalahurð og því þvert yfir íbúðina. Merki benda til þess, að hann hafi komið við húsgögn, en það kviknar ekki í neinu á þeirri leið hans nema í hluta af gardínum fyrir svalahurð og glugga. Þar eru glæður, sem slökkviliðsmaður slekkur í. Húsráðandi fer síðan inn í eldhúsið, og hefur flyksa úr fötum hans fest í hurðarjárni í karmi, því þar eru merki um meiri sviðnum en annars staðar á karminum.

Þótt eldur í hjónaherberginu gæti hafa dáið út án þess að koma af stað eldsvoða í íbúðinni, gæti eldur í gardínu hafa breiðst fram í stofuna, en þar var eldsmatur mikill fyrir hendi.

Þrátt fyrir það má segja, að eldurinn sem slíkur hafi ekki verið meginhættan, heldur einkum sú reykmyndun, sem verður við brunann. Hinn mikli reykur, sem greinilega hefur fyllt stigahúsið, virðist að mestu leyti hafa komið fram vegna þess, að útidyr íbúðarinnar voru nokkuð lengi opnar, eða frá því að húsfreyjan opnar hurðina og skilur hana eftir opna og hleypur upp til húsvarðar. Einnig hafa dyrnar verið talsvert opnar við slökkvi- og björgunarstörfin.

Útihurðir þeirra íbúða sem matsmenn skoðuðu, bæði í fyrrgreindri íbúð og öðrum í sama stigagangi, reyndust ekki fullnægja öllum skilyrðum fyrir svonefndar eldvarnarhurðir. Reykþéttingu þeirra er mjög ábótavant. Í karma hafa t. d. verið fræstir plastlistar til þess að þétta fyrir dragsúg. Þá var listi fræstur inn í dyrablaðið við gólf, en ekki inn í þröskuldinn. Í hurð fyrrgreindrar íbúðar hafði listinn ofan við hurðina brotnað í burtu, og því var reykþétting þar lítil. Hurð þessi féll að þéttilistum í lóðréttum körmum, en þó vantaði þar á efst, og hefur þar myndast bil á milli hurðar og karms, og hefur þar verið streymi reyks, eins og mátti sjá af sóti út í stigaganginn. Bil á milli hurðar og karms var víðast mjög mikið, 4—6 mm. Þessi hurð hefur því engan veginn verið reykþétt, og sama gildir um aðrar hurðir í stigaganginum að því er virðist. Þá virðist ekki hafa verið troðið með steinull á milli dyrakarma og múropa, eins og gert er ráð fyrir í brunamálasamþykkt. Ekki dugði að sögn vitna að líma fyrir rifur á milli

hurðar og karms, þar eð reykurinn leitaði þá á milli karms og múrs með gerektum.

Kvörtuðu sumir eigendur íbúða yfir miklum reyk í íbúðum sínum og það miklum, að þeir héldust ekki við inni og leituðu út á svalir.

Ekki er neinn búnaður til reykræstingar sjáanlegur í stigahúsi, og aðeins var lítið loftræstiop yfir efstu hæð, um 5 cm í þvermál, tengt viftu, sem dregur út loft. m. a. úr baðherbergjum í íbúðum. Brögð voru að því, að reykur leitaði niður í íbúðir á hæðinni neðan við hina brennandi íbúð. Orsökin er að sjálfsögðu, að alveg vantar reykræstingu fyrir stigahúsið.

Aflokuð rými eru til beggja handa við stóran glugga efst í stigahúsinu, en það er klætt af með 18 mm viðarplötum og einangrað með 5 cm plasti. Á umræddri klæðningu er hurð inn á loft undir þaki. Þessi hurð var ólæst og féll lauslega að stöfum. Það er greinilegt, að þetta stigahús fylgir á engan hátt núverandi kröfum brunamálareglugerðar um brunavarnir. Húsið var byggt á árunum 1973—1974.

Reykskynjarar munu vera í flestum íbúðum. Öllum nema þremur að sögn húsvarðar. Reykskynjari var ekki í stigagangi. Þá kvörtuðu íbúðareigendur yfir því, að reykskynjarar hefðu ekki virkað, þrátt fyrir það að reykur var kominn inn í íbúðina. En slíkt er ekki óalgengt, þegar reykur hefur farið tiltölulega langan veg. Engar húsreglur eru fyrir hendi um það, hvernig fólk skuli haga sér við bruna. Því má ætla, að íbúar hússins hefðu reynt að komast út úr húsinu niður um reykfyllt stigahúsið, ef hefði ekki komið til snarráð ábending slökkviliðsmannsins Árna Árnasonar um að loka og þétta með hurðum og fara út á svalir og bíða þar átekta. Slíkt ferðalag með börn hefði hæglega getað valdið slysum auk hættu á reykeitrun. Það hlýtur einnig að teljast hrein tilviljun, að hurð að svefnherbergi skyldi hafa lokast. Hefði það ekki skeð, hefði eldur getað læst sig fyrst í fatahengi og fatnað þar, en síðan inn í eldhús og stofu. Með tilliti til þess, að frágangur hurðar að stigagangi er slíkur sem lýst er hér að framan, þá hefði hurðin varla haldið slíkum eldi inni í íbúðinni lengur en 15—20 mín., þótt lokuð væri, vegna nálægðar við fatnað í skáp og fatahengi. Þá hefði mikill eldur, hiti og reykur leitað fram á stigaganginn og upp. Við þær aðstæður hefði enginn manneskja komist niður stigann. Eldur gæti hafa leitað inn á loftið undir þaki inn um hálfopna hurðina og kveikt þar í þakinu. Að lokum má ályktа, að mikill reykur og hiti hefði hæglega komist inn í næstu íbúðir á sömu hæð og næstu hæð fyrir ofan, 15—20 mínútum eftir að eldur braust út úr íbúðinni, með hliðsjón af frágangi og gerð hurða milli íbúða og stigahúss, ef atburðarásin hefði orðið önnur, t. d. ef hurðin að hjónaherberginu hefði staðið opin. Að lokum hefði eldurinn breiðst út þessar sömu leiðir.

Sé íhuguð sú hætta, sem fylgir bensíni, þá ber að hafa í huga þann geysilega sprengikraft, sem því fylgir. Blandist bensíngufur lofti í nál. 1.4% til

7.6% hlutfalli eru þær í mjög brennanlegu formi. Hraði bruna í slíkri loftblöndu er nær sprengingu en bruna, og samfarandi þrýstingur getur orðið 40—80 tonn á fermetra í lokuðu rúmi.

Í þessu tilfelli hefur ekki orðið svo mikil uppgufun, að loftið hafi náð að mettast nægilega til að valda sprengingu. Skýringin getur verið sú, að bensínið var kalt og að stór hluti þess hefur farið ofan í sængurföt og fatnað. Herbergið er um 20 m^3, og ekki þarf nema um 1.5 l af bensíni til að metta slíkt loftrými í fyrrgreindum hlutföllum, nái það að gufa upp að öllu leyti. En í þessu tilfelli var bensíninu líklegast hellt niður og kveikt í því á sömu mínútunni.

Niðurstöður:

Það skiptir algerlega sköpum um framvindu eldsvoðans, hvort hurð svefnherbergisins var opin eða lokuð.

1) Eldurinn verður ekki meiri en raun ber vitni fyrir það, að hurðin lokast sem fyrr er lýst. Hættan, sem öðrum íbúum stigahússins stafar frá eldi, er því í lágmarki. Reykhættan er þó talsverð fyrir hendi, en álykta verður, að snarræði slökkviliðsmannsins Árna Árnasonar komi þar til og bjargi málum.

2) Ef svefnherbergishurðin hefði ekki lokast nógu snemma, verður að telja, að íbúar stigahússins á sömu hæð og hæðinni fyrir ofan hefðu komist í töluverða hættu frá reyk og eldi.

3) Húsfreyjan gerir vart við eldinn 15—20 mínútum eftir að kviknar í. Það hefur þá líklega ekki skipt miklu máli, þar sem svefnherbergishurðin hafði þá lokast, sem fyrr er lýst, og eldur því í algeru lágmarki. Aftur á móti hefði þessi aðgerð húsfreyju að gera viðvart um eldinn getað skipt sköpum, ef svefnherbergishurðin hefði ekki lokast.

Það er mat undirritaðara skoðunarmanna, að þá við slíkar aðstæður, 15—20 mínútum eftir eldsupptök hefði eldur verið við það að brjótast fram í stigahúsið. Í því tilfelli hefðu mínútur skipt sköpum fyrir íbúa stigahússins til að geta forðað sér út undir bert loft.

Útbreiðsla reyks, hita og elds um stigahúsið hefði orðið tiltölulega hröð, þar sem brunavarnir þess eru í algeru lágmarki, t. d. hvað varðar hurðir fram í stigagang og reyklosunarbúnað. Þetta ástand hefði síðan haft í för með sér töluverða hættu fyrir íbúa umrædds stigahúss, sem heima voru.

4) Gert er ráð fyrir, að tvö stigahús saman myndi eina brunasamstæðu. Einu tengslin á milli stigahúsanna eru í gegnum sameiginlegt þvottahús á 1. hæð, en eldvarnarveggur er upp í risinu. Þannig má gera ráð fyrir, að reykur, hiti og eldur hefðu ekki borist á milli stigahúsanna þá leiðina. Ekki er því ástæða til að ætla, að íbúar í hinu stigahúsinu (nr.9), sem var í sömu brunasamstæðu með sameiginlegu þvottahúsi, hafi verið í yfirvofandi hættu við að bjarga sér út á öruggan stað úr eldsvoðanum."

Lík Sigfúsar heitins var krufið, og segir svo m. a. í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors:

„Líkið kemur í Rannsóknastofuna nakið ofan mittis, en leifar af skyrtuermi eru um vinstri úlnlið líksins. Útbreiddar 2. og 3. stigs brunabreytingar eru um allan hálsinn, því nær allan búkinn niður undir lendar. Svipaðar brunabreytingar eru um því nær alla handleggi og hendur. Höfuðhár er mikið sviðið og verulega brunnið á aftanverðu höfði og upp á hvirfilinn. Húð í andliti er litið sem ekkert brunnin nema á litlu svæði neðanvert vinstra megin á kinninni. Undir höku er húð hins vegar mikið brunnin sem og á hálsinum, eins og áður segir. Að neðan er líkið klætt dökkum terelynbuxum, síðum grábláum nærbuxum, stuttum ljósum nærbuxum og með sokka, en ekki skó á fótum. Ytri buxurnar eru nokkuð brunnar að framan, um vasa og framan á lærum. Nærbuxnastrengurinn var alveg brunninn burtu. Sokkar voru með brunagötum fremst ofan á hægri leista, neðan á vinstri leista á tábergi og hæl.

Þegar líkið hafði verið klætt úr buxunum, sást 2. stigs brunabreytingar á nokkru svæði framan á lærum beggja vegna.

Ekkert sérstakt á augunum að sjá. Nokkurt sóti blandað slím er í nösum. Heillegar eigin tennur eru í munni, en að öðru leyti ekkert sérstaks á munni að sjá. Áverkamerki önnur en þau, sem rekja má til bruna, sáust ekki við ytri skoðun á líkinu."

Í lok skýrslunnar segir svo:

„Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósriti, var magn alkóhóls í blóði 3.66‰ og í þvagi 5.27‰. Í lifur fundust a. m. k. 6 fleyg efni og í blóði a. m. k. 3 fleyg efni, er fyrir koma í bensíni. Koloxíðmettun blóðrauða var 1‰.

Ályktun: Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem fannst við krufninguna, er ljóst, að maðurinn hefur látist af afleiðingum bruna. Niðurstöður réttarefnafræðilegra rannsókna samrýmast því, að eldurinn hafi verið kveiktur með bensíni.

Maðurinn hefur verið mjög ölvaður, er hann lést."

Persónulegir hagir ákærðu.

Ákærða er sem fyrr segir fædd í Stykkisholmi 15. júní 1954. Kynforeldrar hennar voru þá hringtrúlofuð, og bjuggu þau saman í Stykkishólmi á annað ár. Dvöl ákærðu hjá foreldrum sínum lauk skyndilega, því að trúlofun foreldranna rofnaði, og móðir ákærðu hvarf aftur til fyrri maka síns í Vestmannaeyjum og tók upp sambúð við hann á ný, en skildi ákærðu eftir hjá föður sínum fárra mánaða gamla.

Vinir kynföður ákærðu komu því í kring, að ákærða var ættleidd af hjónum í Stykkishólmi, og leit hún á þau sem foreldra sína og kallaði þau

pabba og mömmu. Bjuggu þau í Stykkishólmi til 1960, fluttu þá til Reykjavíkur, en síðan árið 1961 til Hafnarfjarðar.

Kjörforeldrar ákærðu voru barnlaus og því aðeins þrennt í heimili. Þau voru í Hvítasunnusöfnuðinum, og setti trúarlíf hjónanna mjög mikinn svip á heimilið, en þau umgengust langmest fólk úr söfnuðinum. Þá fór fjölskyldan á trúfélagssamkomur 2—4 sinnum í viku, og varð ákærða ætíð að fara með.

Ákærða sætti ströngu uppeldi, og var skilyrðislausrar hlýðni krafist og líkamlegum refsingum beitt til 12—13 ára aldurs, ef refsingar þótti þörf. Á þeim aldri gerði ákærða sér grein fyrir því, að hún var ekki trúarlega sannfærð á sama hátt og kjörforeldrarnir, og efasemdir hennar tóku að færast í uppreisnarform, þótt hún léti ekki á slíku bera. Með nokkrum undantekningum virðist ákærða hafa hlýtt reglum og aga heimilisins, nema hún stalst stöku sinnum á böll á unglingsárum sínum, og var þá að eigin sögn skömmuð, þegar heim kom.

Ákærða gekk í Barnaskóla Hafnarfjarðar og síðar Öldutúnsskóla frá haustinu 1961 til vorsins 1968, en það vor lauk hún prófi úr gagnfræðaskólabekk. Síðan fór ákærða í Flensborgarskólann í 2. bekk unglingadeildar og lauk unglingaprófi þaðan. Næstu tvö skólaár sat ákærða í 3. og 4. bekk gagnfræðadeildar, og vorið 1971 lauk skólagöngu hennar, án þess að hún lyki gangfræðaprófi. Að eigin sögn var ákærða orðin leið á skólanum og vanrækti því námið.

Ákærða byrjaði að vinna í fiski í Hafnarfirði um 15 ára aldur, og æskustörf hennar voru að mestu fiskvinna. Þó var hún 16 ára gömul eitt sumar starfandi á barnaheimili, sem Hvítasunnusöfnuðurinn rak að Görðum í Önundarfirði, og áður hafði hún verið eitt sumar í sveit á bæ í Geiradal í Austur-Barðastrandarsýslu.

Ákærða var heimilisföst hjá kjörforeldrum sínum, þar til hún giftist. Kjörforeldrar hennar tóku að sér rekstur barnaheimilis að Kotmúla í Fljótshlíð á vegum Hvítasunnusafnaðarins árið 1972, og vann ákærða hjá þeim það sumar. Þá kynntist hún eiginmanni sínum, og næsta ár fluttu kjörforeldrar hennar til Ólafsfjarðar, og skildi ákærða þar við þá.

Ákærða kynntist Sigfúsi heitnum, eins og áður greinir, árið 1972, og eftir að hafa þekkt hann í þrjá mánuði giftu þau sig. Var það 18. nóvember 1972. Taldi ákærða sig hafa verið hrifna af Sigfúsi heitnum, þegar þau giftust, en viðurkenndi eigi að síður, að undir niðri hefði hún gifst til þess að losna að heiman.

Þau hjónin bjuggu í misjöfnum leiguíbúðum, þar til þau festu kaup á íbúðinni í Kötlufelli 11 fyrir rúmum sex árum. Var Sigfús heitinn fráskilinn, þegar hann kvæntist ákærðu, og átti tvær ungar dætur. Hann hafði neytt áfengis í óhófi, en tekist að hætta drykkju, þegar hann kynntist ákærðu,

og taldi hún, að hann væri hættur að fullu og öllu, en nokkrum mánuðum eftir giftinguna byrjaði hann að drekka áfengi á ný, og færðist drykkja hans í aukana með hléum, einkum eftir að yngra barn þeirra hjóna fæddist, en 29. júlí 1974 eignuðust þau dóttur og 27. nóvember 1975 eignuðust þau son. Sambúðarörðugleikar þeirra hjóna jukust, eftir að drengurinn fæddist, og drykkjutúrum Sigfúsar heitins fjölgaði, og þeir lengdust. Í júní eða júlí 1977 kynntist ákærða síðan öðrum manni, sem áður er um getið, og tókst með þeim ástarsamband, sem leiddi til þess, að ákærðu varð ljóst, að líkamlegt samneyti þeirra hjóna hefði verið misheppnað alla tíð. Þegar samband ákærðu og manns þessa rofnaði um áramótin 1978 og 1979, virðist mikil breyting hafa orðið á hátterni ákærðu, og fór þá ferðum hennar á skemmtistaði að fjölga, og jafnframt jókst áfengisneysla hennar. Þoldi hún þá ekki Sigfús heitinn nærri sér og notaði hvert tækifæri til þess að komast út frá honum til að skemmta sér, og stofnaði hún til kynna við ýmsa karlmenn. Notaði ákærða sér stundum ölvun Sigfúsar heitins til að komast út að skemmta sér og jafnvel stöku sinnum stuðlaði að drykkju hans í þeim tilgangi að geta farið út, er hann var ofurölvi.

Karl Strand, yfirlæknir geðdeildar Borgarspítalans, rannsakaði geðhagi ákærðu að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins og gerði rækilega skýrslu um rannsóknina.

Í skýrslu læknisins segir svo um geðhorf ákærðu:

„Allan þann tíma, sem geðrannsókn þessi fór fram á tímabilinu frá 06.02.81 til viðtals, er fór fram fimmtudaginn 26.03.81, var B.B. í fullkomnu jafnvægi, raunhæf, samvinnugóð, og fullt samræmi var milli geðhrifa hennar og vitsmunalegrar tjáningar. Öll leit að einkennum geðveiki hafði reynst árangurslaus. Geðlæknir fann engin merki um haldvillur (delusiones), dómvillur (illusiones) eða ofskynjanir (hallucinationes) af neinu tæi. Hún hafði engar hugsanatruflanir, sem vart yrði, engar aðsóknarkenndir (paranoia) né afskiptahugmyndir (ideas of reference). Hún var döpur, en ekki svo mjög, að geðlægð (depression mentis) væri til staðar, geðhæð (mania) var aldrei merkjanleg. Hún hafði ekki sýnt nein hugsýkiseinkenni hvorki kvíðni (anxiety) né sefasýkishátterni. Þegar geðlæknir skildi við hana ofannefndan fimmtudag, taldi hann ekki ástæðu til fleiri viðtala.

Gerð hafa verið þrjú sálpróf á B.B., Minnesota Multiple Personality Inventory (M.M.P.I.), Wechslers greindarpróf fyrir fullorðna og Rorschachs próf. Fram kom í prófunum, að B.B. er fremur lítið gefin, greindarvísitala 79, allir þættir M.M.P.I. prófsins voru innan eðlilegra marka að undateknum geðvilluþætti, sem var í hærra lagi, en alls ekki nægilega til þess að sanna tilvist geðvillu (þessi þáttur hafði færst í eðlilega átt, er prófið var endurtekið 21.04.81). Engin merki um geðveiki eða hugsýki var að finna í prófum þessum.

Álit geðlæknis er því það, að á þessu tímabili hafi B.B. verið geðheilbrigð og sakhæf. Ekkert fannst við athugun á skýrslum þeim, er teknar voru af RLR, þegar eftir atburðinn, sem benti til annars en B.B. hefði verið með réttu ráði, er hún framdi afbrotið, og í viðræðunum við geðlækni kom ekkert fram, sem benti til geðtruflunar þennan dag."

Ákærða hefur aldrei verið saksótt fyrir neins konar lögbrot.

Álit dómsins.

Sannað er með játningu ákærðu, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu og rakið var, að ákærða hafi orðið eiginmanni sínum, Sigfúsi Steingrímssyni, að bana með því að hella yfir hann bensíni og kasta síðan að honum logandi eldspýtum, svo að eldur blossaði þegar upp, og hlaut Sigfús bana af. Þá þykir sannað, að með ákærðu hafi búið hugrenningar um að ráða manni sínum bana, þótt ekki hafi þær leitt til aðgerða fyrr en umræddan sunnudag. Þykir sannað, að ákærða hafi tekið ákvörðun um að vinna á manni sínum, er hún sótti bensínbrúsann og setti hann út á svalirnar, þótt ekki léti hún verða af því að vinna verkið fyrr en um klukkan 18 á sunnudeginum, þegar hún tók brúsann af svölunum og hellti úr honum yfir Sigfús, þar sem hann svaf í rúmi þeirra. Varðar þetta brot ákærðu við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er komið fram, að ákærða hafði leitt að því hugann, að sú háttsemi að kveikja eld í fjölbýlishúsi á þennan hátt gæti haft í för með sér hættu fyrir aðra íbúa hússins, enda þótt hún hugleiddi það ekki, þegar hún framkvæmdi verknaðinn.

Af álitsgerð hinna sérfróðu manna telur dómurinn sannað, að eldsvoðinn hafi auk dauða Sigfúsar haft í för með sér slíka almannahættu, að öðrum íbúum hússins og gestkomandi fólki hafi verið búinn bersýnilegur lífsháski og að augljós hætta hafi verið á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum manna. Varðar háttsemi ákærðu því einnig við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu er komið fram, að ákærða og Sigfús heitinn hafi átt við sambúðarörðugleika að etja, sem að verulegu leyti mátti rekja til ofneyslu hans á áfengi, enda þótt fleira hafi komið þar til, og hafi ákærða hugleitt að skilja við Sigfús, enda þótt hún hafi ekki leitað eftir slíku af þeim ástæðum, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Hins vegar þykja engin þeirra atriða geta átt við til refsilækkunar, sem um getur í 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt ákærða hafi, þegar það var orðið of seint, snúið til baka og leitað aðstoðar.

Með hliðsjón af framansögðu verður refsing ákærðu ákveðin fangelsi 16 ár.

Ákærða hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 29. janúar sl. til þessa, og þykir

rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hennar, 238 dagar.

Þá þykir ákærða samkvæmt 1. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafa með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir hinn látna eiginmann sinn, Sigfús Steingrímsson.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, en Jónatan Sveinsson saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærða, Björg Benjamínsdóttir, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hennar, 238 daga.

Ákærða hefur með verknaði sínum fyrirgert sjálfri sér til handa rétti til arfs eftir eiginmann sinn, Sigfús Steingrímsson.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Þriðjudaginn 15. mars 1983.

Nr. 250/1980. **Svava Þórðardóttir**
Sigurður Vilhjálmsson
Hilmir Vilhjálmsson og
Steinar Vilhjálmsson
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og dómsmálaráðherra til réttarfæslu
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Stjórnsýsla. Yfirfjárráð. Skaðabótakröfu hafnað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. desember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 þann 30. desember 1980. Áfrýjendur gera þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 141.000.00 krónur (nýkr.) með 31% ársvöxtum frá 23. maí 1979 til 14. júní s. á., en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þeir krejfast og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, hafa fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 30. desember 1980.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Dómsmálaráðherra hefur verið stefnt fyrir Hæstarétt til réttargæslu, og hefur hann tekið undir síðastgreinda kröfugerð.

Áfrýjandinn Sigurður Vilhjálmsson varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur sjálfur tekið við forræði á máli sínu fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt og vitnamál verið háð á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem áfrýjandinn Svava og vitni hafa gefið skýrslur.

Misritun virðist það vera í hinum áfrýjaða dómi, að fjárhæð dómkröfu áfrýjenda hafi verið 14.100.000 krónur (gkr.). Var skráð í þingbók við munnlegan flutning málsins, að áfrýjendur krefjist 1.304.000 króna, sem mun þó hafa átt að vera 13.040.000 krónur (gkr.), eftir því sem fram kom í málflutningi fyrir Hæstarétti.

Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að hækka dómkröfuna fyrir Hæstarétti er ekki fullnægt.

Með dómi Hæstaréttar 18. janúar 1979 var dæmt, að bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. maí 1973 og 3. ágúst 1973 bæri einungis að skilja sem tilkynningu um, að frestað væri endanlegri afgreiðslu umsóknar áfrýjandans Svövu, uns ráðuneytinu bærust fyllri upplýsingar henni til skýringar. Það felst og í dóminum, að frestun á afgreiðslu erindisins hafi verið réttmæt, eins og atvikum var háttað, og hin endanlega ákvörðun ráðuneytisins 26. apríl 1974 hafi verið lögmæt stjórnarathöfn. Þau gögn, sem fram eru komin í þessu máli, leiða ekki til þess, að um nefnd atriði verði dæmt með

öðrum hætti en þá var gert. Verður því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

Rétt hefði verið að stefna dómsmálaráðherra til fyrirsvars í máli þessu, svo sem sakarefni er háttað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, Svövu Þórðardóttur, Sigurðar Vilhjálmssonar, Hilmis Vilhjálmssonar og Steinars Vilhjálmssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttalögmanns, 12.000.00 krónur.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar í þessu máli um það, að með dómi Hæstaréttar frá 18. janúar 1979 hafi verið um það dæmt, að ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 26. apríl 1974 hafi verið endanleg og lögmæt stjórnarathöfn. Ég hlýt einnig að fallast á það með meiri hluta dómenda, að með sama dómi Hæstaréttar hafi því verið slegið föstu, að afgreiðslur ráðuneytisins frá 23. maí 1973 og 3. ágúst sama ár hafi ekki verið endanlegar afgreiðslur málsins. Hins vegar get ég ekki fallist á það með meiri hluta dómenda, að leggja verði þann skilning í dóminn, að yfir 20 mánaða frestun á afgreiðslu hafi verið réttmæt vegna upplýsingaskorts af hálfu lögráðamanns. Í samningsdrögum og síðar kaupsamningi lágu fyrir allar upplýsingar um söluverð og greiðslukjör. Upplýsingar um fasteignamat liggja fyrir í opinberum skjölum, sem skrifstofa yfirfjárráðanda hefur í fórum sínum. Hafi skoðun hús-

næðisins verið nauðsynleg, bar ráðuneytinu að hlutast til um, að yfirfjárráðandi framkvæmdi hana eða léti framkvæma. Einu upplýsingarnar, sem ég get séð, að kynni að hafa vantað til þess, að æðsti stjórnandi fjárráða ómyndugra gæti tekið afstöðu til þessa máls, eru um það, hvað gera hafi átt við söluandvirðið. Um það atriði gat kaupandi eða lögmaður hans trauðla veitt upplýsingar. Með þessi atriði í huga svo og tilgang ákvæða 32. gr.—30. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 get ég ekki lagt þann skilning í framangreindan dóm, að með honum hafi verið viðurkennt réttmæti hinnar lögmætu stjórnarathafnar frá 26. apríl 1974 eða að afgreiðslurnar frá 23. maí 1973 og 3. ágúst s. á. hafi verið réttmætar frestanir á afgreiðslu, uns ráðuneytinu bærust fyllri upplýsingar til skýringar.

Samkvæmt þessu tel ég marggreindan dóm Hæstaréttar frá 18. janúar 1979 ekki skjóta loku fyrir það, að í þessu máli verði dæmt um það, hvort hin lögmæta en umdeilda stjórnarathöfn, samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 26. apríl 1974, hafi verið réttmæt og til þess fallin að vernda þá hagsmuni, sem framangreindum ákvæðum lögræðislaga er ætlað að vernda, eða hvort þeir gallar séu á meðferð ráðuneytisins á málinu, að hagsmunir hinna ófjárráðu skjólstæðinga þess hafi verið bornir fyrir borð með þeim hætti, að bótaskylt sé.

Í 33. gr. lögræðislaga koma fram meginsjónarmið, sem hafa á í huga við fjárráð ómyndugra, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns, sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi."

Til enn frekari tryggingar hagsmunum skjólstæðinga þessara manna eru ákvæði 36. gr. sömu laga um nauðsyn á samþykki yfirlögráðanda til vissra ráðstafana og að síðustu ákvæði 27. gr. um nauðsyn á samþykki dómsmálaráðuneytis til hinna þýðingarmestu hluta, svo sem kaupa, sölu og veðsetningar fasteigna og fleiri verðmæta. Öll ákvæði framangreindra lagagreina eru til þess sett, að gætt sé af opinberri hálfu með sem öruggustum hætti hagsmuna þessara einstaklinga, en efsta þrep þessarar öryggisgæslu er dóms- og kirkjumálaráðuneytið, svo sem að framan greinir.

Samþykkis yfirfjárráðanda var leitað 28. júlí 1972. Beiðni fylgdu

drög að kaupsamningi. Kaupsamningur var síðan gerður 26. september 1972 og hann undirritaður með fyrirvara um samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Var því gerður kaupsamningurinn kunnur, en samþykki þess hafði þá enn ekki fengist. Hinn 23. maí 1973 synjar ráðuneytið beiðni um samþykki til sölunnar, „eins og málið liggur nú fyrir". Hinn 3. ágúst 1973 neitar ráðuneytið enn að samþykkja söluna „að svo búnu", en hinn 26. apríl 1974 samþykkir ráðuneytið söluna, eftir að lögmaður kaupenda hafði gengið í málið.

Afgreiðsla yfirfjárráðamáls þessa dróst í yfir 20 mánuði í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Af þess hálfu var dráttur réttlættur með því, að upplýsingar hefði skort frá fjárráðamanni. Að því hef ég vikið hér að framan. Eftir synjun ráðuneytisins í maí 1973 riftaði fjárráðamaður kaupsamningi vegna synjunarinnar. Miklar sviptingar voru í fjármálum og sérstaklega í verðlagningu fasteigna og greiðslukjörum á því tímabili, sem hér um ræðir, þ. e. júlí 1972 til apríl 1974.

Áfrýjendur gátu ekki fest kaup á öðru húsnæði vegna úlfakreppu þeirrar, sem þeir komust í vegna óvissu um afdrif kaupsamningsins frá 26. september 1972. Af þessu hlaust fjártjón.

Ég tel, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi með drætti þeim, sem varð á afgreiðslu yfirfjárráðamáls þess, sem hér er fjallað um, og miðað við aðstæður í apríl 1974, óréttmætri breytingu á fyrri afgreiðslum, brugðist svo hinum ófjárráða skjólstæðingum sínum, Sigurði Hilmi og Steinari Vilhjálmssonum, að bótaskylt sé. Svo sem hér horfir við, var sameiganda þeirra, Svövu Þórðardóttur, einnig valdið tjóni. Tel ég því, að dæma beri stefnda til þess að greiða áfrýjendum bætur fyrir tjón það, sem þau urðu fyrir vegna greindra afgreiðsluhátta dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar í þessu máli hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri stefnda í málinu, þykir mér ekki nauðsynlegt, að ég tjái mig um efni bótaréttar áfrýjenda.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ. m., hafa Svava Þórðardóttir,

Knarrarnesi, Gullbringusýslu, persónulega og fyrir hönd ófjárráða sonar, Sigurðar Vilhjálmssonar, sama stað, Hilmir Vilhjálmsson, Fálkagötu 10, og Steinar Vilhjálmsson, Kleppsvegi 18, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 23. maí, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stefnendur hafa stefnt dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða þeim kr. 14.100.000 með 31% ársvöxtum frá 23. maí 1979 til 14. júní s. á., en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið sé ekki gjafsóknarmál. Hinn 21. maí 1979 veitti dómsmálaráðherra stefnendum gjafsóknarleyfi í málinu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra, en til vara, að fjárhæð stefnukröfunnar verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur, og ekki gerir hann kröfur í málinu.

Málavextir eru þeir, að eftir andlát eiginmanns stefnandans Svövu urðu hún og synir þeirra, stefnendurnir Sigurður, Hilmir og Steinar, eigendur að íbúð þeirri, sem þau hjónin höfðu átt hér í borginni. Var eignarhluti hvers drengjanna í íbúðinni 1/12, en íbúðin varð að 3/4 hlutum í eigu Svövu. Svava og synir hennar munu hafa haft hug á að skipta um íbúð. Hinn 28. júlí 1972 ritaði lögmaður einn hér í borg yfirfjárráðandanum hér í borg og óskaði eftir samþykki fyrir sölu á eignarhlutum drengjanna í íbúðinni, en Svava hefði sjálf ákveðið að selja eignarhluta sinn í íbúðinni. Erindi þessu fylgdi afrit af væntanlegum samningi, þar sem greiðslukjör komu fram. Yfirfjárráðandinn sendi dómsmálaráðuneytinu erindi þetta 31. s. m.

Hinn 26. september 1972 var undirritaður samningur, þar sem Svava seldi eignarhluta sinn og fyrir hönd sona sinna eignarhluta þeirra í íbúðinni þeim Hólmfríði Steinþórsdóttur og Ove Salmonsen, var kaupverðið ákveðið kr. 2.200.000 og skyldi greiðast þannig:

„2. Kaupverðið er kr. 2.200.000.00 — tvær milljónir tvö hundruð þúsund oo/100 krónur —, sem kaupendur skuldbinda sig til að greiða svo sem hér segir:

a) Kaupendur greiða við undirskrift	Kr.	200.000.00
b) Kaupendur greiða 1. október n.k.	—	100.000.00
c) Kaupendur greiða 1. nóvember n.k.	—	50.000.00
d) kaupendur greiða 1. desember n.k.	—	50.000.00
e) Kaupendur taka að sér að greiða áhvílandi skuld við eftirl.sj. Landsb. Ísl. kr. 77.500.- og veðsk. við Bún. Ísl. kr. 270.000-	—	347.500.00

f) Kaupendur gefa út skuldabréf tryggt með veði í hinni seldu eign fyrir eftirst. ..... Kr. 1.453.500.00

Kr. 2.200.000.00

3. Skuldabréfin skv. f-lið 2. gr. samnings þessa skulu vera tvö samkv. nánari ákvörðun seljanda, og skulu þau greiðast með mánaðarlegum greiðslum kr. 50.000.00 þann 1. hvers mánaðar frá 1. janúar 1973, og skulu vextir vera hæstu löglegu vextir — 10% — og greiðast vextir mánaðarlega, og skulu þeir dregnir frá greiðslunni kr. 50.000.00, en afgangurinn verður þá afborgun. Afborganir þessar skulu þó niður falla í maí og nóvember ár hvert, eða þegar kaupendur greiða afborganir af skuldabréfi í Búnaðarbanka. Þegar afborganir falla niður, skulu vextir greiðast fyrir tvo mánuði við næstu greiðslu þar á eftir. Nú dregst að gefa út skuldabréf þetta, og er kaupendum engu að síður skylt að greiða fyrrgreindar mánaðargreiðslur kr. 50.000.00."

Í 6. og 8. gr. samningsins eru svohljóðandi ákvæði:

„6. Kaupendur haldi kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til vanheimildar. Kaupendum er kunnugt um það, að ófjárráða synir seljanda þrír að tölu eru eigendur að hinni seldu íbúð að 1/12 hver eða alls að 1/4 íbúðarinnar, og þarf seljandi því að fá leyfi yfirfjárráðanda til sölu íbúðarinnar að því leyti. Fyrirvari er því gerður af hálfu seljanda, þar til fyrrgreint leyfi liggur fyrir, og getur afsal því frestast af þeim sökum.

8. Afsal fyrir hinni seldu eign verður útgefið samkvæmt nánara samkomulagi, en þó ekki síðar en um næstu áramót, sbr. þó 6. gr. samnings þessa. Skuldabréfin skv. f-lið 2. gr. og 3. gr. samnings þessa skulu þó gefin út, áður en afsal er gefið, ef seljandi óskar þess."

Greiðslukjörum í samningnum hafði verið breytt frá því, sem var í upphaflegri gerð samningsins frá 28. júlí 1972 þannig, að auk útborgunar kr. 200.000 skyldi nú greiða kr. 200.000 á næstu þremur mánuðum, en fjárhæð veðskuldabréfs, sem gefa átti út, lækkaði um sömu fjárhæð.

Hinn 23. maí 1973 ritaði dómsmálaráðuneytið yfirfjárráðandanum bréf, þar sem vísað var til erindis, sem ráðuneytinu hafði borist varðandi sölu íbúðarinnar, en síðar segir þar svo:

„Ráðuneytið taldi þörf frekari upplýsinga um ráðstöfun þessa, m. a. sökum óvenju lágrar útborgunar, en engum fullnægjandi upplýsingum hefur verið komið á framfæri þrátt fyrir óskir ráðuneytisins þar að lútandi. Sér ráðuneytið ekki ástæðu til að draga afgreiðslu máls þess frekar á langinn og endursendir hér með gögn þau, er fylgdu með bréfi borgarfógetaembættisins, ásamt ljósriti af kaupsamningnum frá 26. september s.l. Getur ráðuneytið ekki fallist á, að veitt verði leyfi til umræddrar ráðstöfunar, eins og málið liggur nú fyrir."

Hinn 29. maí 1973 ritaði þáverandi lögmaður stefnenda kaupendum íbúðarinnar bréf, þar sem hann lýsti yfir, að stefnendur riftu kaupunum með vísan til fyrirvarans í kaupsamningnum og synjunar dómsmálaráðuneytisins.

Bréfi þessu svaraði lögmaður kaupenda 19. júní s. á. og mótmælti riftuninni, enda væri ekki um að ræða endanlega afgreiðslu dómsmálaráðuneytisins. Aðeins hefði verið neitað um samþykki að svo stöddu, þar sem umbeðnar upplýsingar hefðu ekki fengist og gæti vanræksla á því af hálfu seljenda ekki verið grundvöllur riftunar af þeirra hálfu.

Fram til þessa höfðu kaupendur innt af hendi greiðslur til að fullnægja ákvæðum kaupsamningsins, og þar sem veðskuldabréfin höfðu ekki verið gefin út, inntu þau einnig af hendi greiðslur samkvæmt 3. lið samningsins. Tók stefnandinn Svava við þeim greiðslum. Kaupendur greiddu nú fjárhæð þá, sem greiða átti í júnímánuði 1973 inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands, og lét lögmaður þeirra fylgja bréfi sínu kvittun bankans fyrir þeirri greiðslu.

Hinn 21. júní s. á. ritaði lögmaður kaupenda dómsmálaráðuneytinu bréf og skýrði frá því, að mánuði eftir að umrædd íbúð var seld, hafi hann annast sölu á jafnstórri íbúð í sama húsi. Hefði söluverð hennar verið kr. 2.150.000 og útborgun kr. 1.200.000, sem dreifðist á eitt ár, en fast lán frá seljanda kr. 716.000 til 10 ára. Taldi lögmaðurinn, að kjörin við sölu íbúðar stefnenda hefðu verið mikið hagstæðari en kjörin við sölu þessarar íbúðar mánuði seinna. Þá hefðu viðsemjendur stefnenda verið látnir undirrita skuldabréf, enda þótt ekki væri hægt að gefa þeim afsal fyrir eigninni. Fór lögmaðurinn fram á, að ráðuneytið samþykkti sölu íbúðarinnar.

Erindi þessu svaraði dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 3. ágúst 1973, svohljóðandi:

„Með vísan til bréfs yðar, dags. 21. júní 1973, varðandi athugasemd við úrskurð ráðuneytisins frá 23. maí 1973 um synjun á samþykki til sölu á fasteign ófjárráða unglinga tekur ráðuneytið fram, að ekki þykir að svo búnu máli unnt að breyta fyrri úrskurði ráðuneytisins um það efni."

Lögmaður viðsemjenda stefnenda ritaði dómsmálaráðuneytinu að nýju 23. apríl 1974 og kvað kaupendur íbúðarinnar reiðubúna til að greiða við afsal það, sem vantaði á, að hlutur hinna ólögráða aðilja væri að fullu greiddur.

Í bréfi dómsmálaráðuneytisins til yfirfjárráðanda 26. apríl 1974 er gerð grein fyrir erindi stefnenda frá 31. júlí 1972, en síðan segir svo:

„Ráðuneytið taldi þörf frekari upplýsinga um þessa ráðstöfun, m. a. sökum óvenju lágrar útborgunar, en þar eð fullnægjandi upplýsingum var eigi komið á framfæri þrátt fyrir óskir ráðuneytisins þar að lútandi, var erindi endursent borgarfógetaembættinu með bréfi, dags. 23. maí 1973, og

jafnframt tekið fram, að ráðuneytið gæti ekki fallist á, að veitt yrði leyfi til umræddrar ráðstöfunar, eins og málið lægi fyrir.

Frekari skýringum og gögnum hefur nú verið komið á framfæri við ráðuneytið vegna máls þessa, og með bréfi, dags. 23. apríl s.l., hefur Ólafur Þorgrímsson, hrl., f.h. kaupenda lýst því yfir, að þeir séu reiðubúnir til að greiða við afsal að fullu hlut hinna ólögráðu í ofangreindri íbúð. Að svo vöxnu máli getur ráðuneytið fallist á, að heimild verði veitt til sölu íbúðarinnar nr. E á 7. hæð hússins nr. 4 við Hátún í Reykjavík með þeim skilmálum og fyrir það verð, er greinir í kaupsamningi aðilja frá 26. september 1972, þó þannig að eignarhluti hinna ólögráðu verði að fullu greiddur við útgáfu afsals og þeir fjármunir verði síðan ávaxtaðir með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti."

Kaupendur inntu nú af hendi til lögmanns síns greiðslur þær, sem þeim var ætlað að greiða samkvæmt kaupsamningnum, að öðru leyti en því, að afboganir af veðskuldum, sem hvíldu á íbúðinni, greiddu þau í viðkomandi lánastofnun.

Með stefnu, dags. 17. desember 1976, höfðuðu kaupendur íbúðarinnar, Hólmfríður Steinþórsdóttir og Ove Salmonsen, mál á hendur seljendunum, stefnendum máls þess, sem hér er til úrlausnar, til að efna samning þeirra. Seljendurnir höfðuðu hins vegar gagnsök til riftunar á samningnum. Dómur gekk á bæjarþingi Reykjavíkur á þann veg, að riftunarkrafan var tekin til greina. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur hans 18. janúar 1979. Þar varð niðurstaða málsins sú, að riftunarkröfunni var hafnað og seljendunum, þ. e. Svövu Þórðardóttur og sonum hennar, var gert að efna samninginn um sölu íbúðarinnar. Einn dómarinn skilaði sératkvæði. Er dómur þessi í dómasafni Hæstaréttar, bindi L, bls. 32.

Svava Þórðardóttir og synir hennar hafa nú höfðað mál það, sem her er til úrlausnar, til heimtu skaðabóta úr hendi ríkisvaldsins fyrir tjón það, sem þau telja sig hafa beðið vegna afskipta starfsmanna þess af sölu íbúðarinnar.

Er því haldið fram af hálfu stefnenda, að það hafi verið mistök starfsmanna dómsmálaráðuneytisins að veita samþykki sitt til sölu íbúðarinnar 26. apríl 1974, en einnig hafa orðið mistök við meðferð málsins í dómsmálaráðuneytinu. Hafi það verið mistök starfsmanna ráðuneytisins að óska ekki þegar í stað eftir frekari upplýsingum, ef þess var þörf. Raunverulega hafi þó verið búið að veita starfsmönnum ráðuneytisins allar upplýsingar, sem unnt var. Hafi Svava og synir hennar mátt ætla, að málið hefði verið afgreitt endanlega með þréfi ráðuneytisins frá 23. maí 1973. Er dómsmálaráðuneytið svo veitti samþykki til sölu íbúðarinnar, hafi það verið algerlega andstætt hagsmunum hinna ófjárráða drengja. Hafi þá ekki verið gengið út skugga um, að hagsmunir þeirra væru tryggðir við afgreiðslu málsins.

Hafi þá greiðsla sú, sem átti að koma fyrir eignarhluta drengjanna, rýrnað að verðgildi. Hafi þeim því verið gert að afsala íbúðinni og fá í staðinn óverulega fjárhæð, en þá hafi mæðginin verið búin að missa af íbúð þeirri, sem þau ætluðu að kaupa. Á árinu 1973 og eftir það hafi orðið verulegar hækkanir á verði íbúða vega aukinnar eftirspurnar, sem varð við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum í byrjun þess árs. Er því haldið fram, að það hafi verið embættisafglöp starfsmanna dómsmálaráðuneytisins að veita skyndilega leyfi til sölu íbúðarinnar í aprílmánuði 1974 án þess að gera stefnandanum Svövu viðvart, en hún hafi algerlega verið mótfallin því, að salan væri leyfð. Hafi upplýsingar lögmanns kaupenda, sem sú ákvörðun var byggð á, verið órökstuddar og hafi samningur sá, sem hann hafi vitnað til, aldrei legið fyrir dómsmálaráðuneytinu. Beri ríkisvaldið fébótaábyrgð á þessum mistökum starfsmanna dómsmálaráðuneytisins. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að þótt elsti sonurinn hafi verið orðinn fjárráða, er samningurinn var gerður um íbúðina 1972, þá séu hagsmunir hans og stefnandans Svövu svo nátengdir hagsmunum hinna drengjanna, að þeir verði ekki aðskildir. Eigi því allir aðiljar málsins skaðabótakröfu á hendur stefnda. Af hálfu stefnenda er því sérstaklega haldið fram, að í máli því, sem áður var rekið út af kaupunum, hafi eingöngu verið fjallað um efndir kaupsamningsins eða riftun, en þar hafi á engan hátt verið fjallað um grundvöll stefnandans Svövu og sona hennar til heimtu skaðabóta úr hendi ríkisvaldsins. Því sé dómari í máli því, sem hér er til úrlausnar óbundinn af dómi Hæstaréttar í fyrra málinu.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að meðferð sú, sem mál stefnenda fékk í dómsmálaráðuneytinu á árunum 1972—1974, baki ríkissjóði ekki bótaskyldu, enda hafi fyllstu varúðar verið gætt við gæslu hagsmuna ófjárráða sona Svövu Þórðardóttur á því árabili. Upplýsingaskylda gagnvart ráðuneytinu hafi hins vegar verið stórlega vanrækt af hálfu stefnenda og hafi fyrirsvarsmönnum stefnenda mátt vera ljóst, hverja málsmeðferð erindi stefnenda hlaut allan þennan tíma. Hafi ráðuneytið veitt samþykki sitt til sölunnar, er kaupendur íbúðarinnar hafi boðið fram fulla greiðslu á hluta hinna ófjárráða barna við útgáfu afsals, en áður en málið hlaut afgreiðslu í ráðuneytinu, hafi starfsmaður sá, sem það annaðist, rætt við stefnandann Svövu og hún fengið að tjá sig um málið. Með dómi Hæstaréttar í hinu fyrra máli hafi því verið hafnað, að starfsmenn dómsmálaráðuneytisins hafi með saknæmum hætti valdi Svövu og sonum hennar fjárhagstjóni með afskiptum sínum af sölu íbúðar þeirra. Sé sú niðurstaða endanleg og bindandi um þátt dómsmálaráðuneytisins. Geti því ekki verið um að ræða neina fébótaábyrgð ráðuneytisins í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Af hálfu stefnda er fjárhæð dómkröfu stefnenda mótmælt sem allt of

hárri, enda geti matsgerð sú, sem kröfugerðin er byggð á, ekki verið réttur grundvöllur bóta, sem stefnendur kunni að hafa beðið.

Að beiðni stefnenda voru dómkvaddir matsmenn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. maí 1979 til að meta:

„1. Söluverðmæti íbúðar á 7. hæð að Hátúni 4, sem Svava Þórðardóttir o. fl. áttu, en er nú eign Hólmfríðar Steinþórsdóttur o. fl.

2. Verðmæti í dag á útborgunum, sem reiddar voru af hendi af hálfu Hólmfríðar til frú Svövu Þórðardóttur, sem hér segir: 1.10. 1972 kr. 100.000.- og kr. 50.000.- greiddar á eftirtöldum dögum: 13. okt. og 16. des. 1972, 4. jan., 2. feb., 1. mars og 5. apríl 1973 eða alls kr. 300.000.-. Ennfremur skuldayfirtaka að fjárhæð kr. 77.500.- við Eftirlaunasjóð Landsbankans og skuldir við Búnaðarbankann að eftirstövum kr. 270.000.- eða alls kr. 347.500.- pr. 1. okt. 1972. Skulu þessar fjárhæðir metnar til verðs sem þær væru í dag, svo og kr. 1.411.107.- sem voru greiddar í maí 1979."

Í matsgerð matsmanna, Einars Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns og Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 3. desember 1979, segir svo um grundvöll matsins og niðurstöðu:

„Íbúð þessi er um 20 ára gömul 3 herbergi, eldhús, forstofa og baðherbergi og ytri forstofa ásamt stigahúsi og lyftu. Reiknast matsmönnum hún 90 m² að grunnfleti auk sameignar í kjallara. Nýting mjög góð. Ástand séreignar gott miðað við það, að endurnýjun virðist ekki vera um að ræða á innréttingum öðrum en baðherbergi, sem er allt nýuppgert með steypibaði. Ástand sameignar einnig ágætt. Undantekning frá þessu eru þó gluggar, sem hafa látið nokkuð á sjá, án þess að matsmenn gætu þó séð merki um fúa í þeim. Gler er „mixað" tvöfalt, nokkuð farið að óhreinkast milli glerja, en ísett innanfrá. Gólfteppi er slitið. Lóð er í góðu ástandi með slitlagi á bílastæðum.

Matsmenn telja verðmæti íbúðarinnar kr. 23.000.000.- miðað við staðgreiðslu á matsdegi, og er þá átt við, að allt verðið sé greitt í einni greiðslu þann dag.

Greiðslur þær, sem taldar eru að framan, þ. e. útborgun samtals kr. 400.000 á tímabilinu okt. 1972—apríl 1973, skuldayfirtaka kr. 347.500, og peningagreiðsla kr. 1.411.107 í maí 1979, telja matsmenn, að jafngildi kr. 8.900.000 á matsdegi."

Í framhaldsmatsgerð matsmannanna, dags. 1. apríl 1980, segir svo:

„Í framhaldi af matsgjörð okkar, dags. 3. desember 1979, vegna sölu á íbúð að Hátúni 4, Reykjavík, hefur okkur borist bréf matsbeiðanda, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, hrl., dags. 26. mars 1980, þar sem við erum beðnir um að meta að nýju geiðslur þær, sem fyrir íbúðina koma, vegna mistaka

í fyrri matsbeiðni svo og að meta íbúðina sjálfa, allt miðað við verðlag 1. apríl 1980.

Niðurstaða okkar er þessi:

Verðmæti íbúðarinnar teljum við kr. 25.000.000 miðað við staðgreiðslu 1. apríl 1980.

Greiðslur, sem fyrir íbúðina komu, þ. e. kr. 600.000 á tímabilinu september 1972—apríl 1973, skuldayfirtaka kr. 270.000 og peningagreiðsla í maí 1979 kr. 1.407.111, teljum við jafngilda kr. 11.960.000 þann 1. apríl 1980."

Hér fyrir dómi hefur stefnandinn Svava skýrt svo frá, að hún hafi í samráði við fyrrverandi lögmann sinn farið í dómsmálaráðuneytið oftar en einu sinni, vegna þess að óskað hafi verið frekari skýringa. Hafi hún þá meðal annars rætt við ráðuneytisstjórann og Friðrik Ólafsson. Hún hafi gefið þá skýringu á sölu íbuðarinnar, að hún ætlaði að kaupa aðra stærri íbuð, sem verið hafi í húsi við Háleitisbraut. Hafi það verið strax eftir að samningurinn við Hólmfríði og Ove var undirritaður sem hún sneri sér til ráðuneytisins, því það hafi verið um sama leyti sem hún hafi átt kost á að kaupa þessa íbúð. Hafi kjörin verið svo góð, að hún hafi alveg ráðið við kaupin með því að selja íbúðina með þeim kjörum, sem samið hafði verið um við Hólmfríði og Ove. Hafi legið á að fá svar ráðuneytisins, til þess að hún gæti keypt þá íbúð. Hún hafi átt kost á að kaupa þessa íbúð í stuttan tíma á árinu 1972, en á árinu 1973 hafi það tækifæri verið gengið henni úr greipum. Hún kveður lögmann sinn hafa talið, að með þessum viðræðum við starfsmenn dómsmálaráðuneytisins hafi verið fullnægt óskum ráðuneytisins um frekari upplýsingar. Synjun ráðuneytisins hafi komið svo fljótt, að hún hafi orðið að hætta við kaupin. Síðan hafi það gerst, að íbúðir hafi hækkað mjög í verði eftir Vestmannaeyjagosið og einnig hafi gildi peninga rýrnað. Sökum þessa og af ástæðum þeim, sem fram hafi komið í málinu, hafi hún og synir hennar ekki haft nein tök á að kaupa aðra íbúð. Er svo var komið, hafi hún í viðræðum sínum við starfsmenn ráðuneytisins óskað eftir því, að þau mæðginin fengju íbúðina aftur, og hafi hún talið, að svo yrði. Svava kveður starfsmenn dómsmálaráðuneytisins ekki hafa haft neitt samband við sig, er lögmaður þeirra Hólmfríðar og Ove skrifaði ráðuneytinu og fór fram á, að leyfi yrði veitt til sölunnar. Kveður hún afstöðu ráðuneytisins hafa komið sér alveg á óvart eftir allar þær viðræður, sem hún hafi átt við starfsmenn ráðuneytisins. Svava kveður það aldrei hafa verið hugmynd sína að selja eignarhluta sinn í íbúðinni frá eignarhluta hinna ófjárráða sona, því að þau hafi sameiginlega ætlað að kaupa aðra íbúð. Hún kveður syni sína hafa lent í miklum húsnæðisvandræðum og orðið fyrir miklu tjóni af þeim sökum.

Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, hefur skýrt svo frá, að Friðrik Ólafsson, sem þá var fulltrúi í ráðuneytinu, hafi nánast haft

öll samskipti við aðiljana út af máli þessu, en stefnandinn Svava muni hafa rætt við sig einnig. Þeir Friðrik muni hafa rætt saman um málið. Kveðst Baldur hafa vitað, hvaða vandi var við úrlausn málsins. Eftir að málaferli hófust, muni Svava hafa talað við hann á ný. Kveðst Baldur telja, að óvenjulangur tími hafi liðið frá því erindi stefnenda barst ráðuneytinu og þar til samþykki þess var veitt.

Þorsteinn Thorarensen, yfirlögráðandi í Reykjavík, kveðst hafa haft tíð afskipti af máli stefnenda. Hann hafi í upphafi skrifað dómsmálaráðuneytinu og lagt fyrir erindi þeirra, er óskað var eftir samþykki til sölu íbúðarinnar. Hafi liðið mjög langur tími, þar til svar barst og erindinu var hafnað. Það hafi svo verið löngu seinna sem ráðuneytið hafi veitt samþykki sitt. Þorsteinn kveður dómsmálaráðuneytið samþykkja langflestar sölur á fasteignum ólögráða. Það komi fyrir, að ráðuneytið telji sig þurfa frekari skýringar á því, sem um er beðið. Yfirlögráðandinn afli þeirra upplýsinga og síðan sé málið sent ráðuneytinu aftur. Sé þá afar sjaldgæft, að slíkum erindum sé synjað. Sé algerlega einstakt, að svo langur tími líði, þar til svar við erindi berst, og síðan líði svo langur tími, uns endanleg afgreiðsla liggur fyrir eins og hér. Kveðst hann ekki minnast dæmi þess, að ráðuneytið hafi synjað um samþykki til sölu fasteignar ófjárráða aðilja og síðan hafi kaupum verið rift.

Jón Hauksson, fyrrverandi fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, hefur skýrt svo frá, að stefnandinn Svava og Einar Ólafsson hafi komið og rætt við sig. Hafi erindi þeirra verið að ræða málið. Hann kveðst þá ekki hafa unnið áður við málið. Hann hafi sótt skjöl málsins og hafi þau skoðað þau. Meðal skjala málsins hafi verið tvö bréf, sem starfsmenn ráðuneytisins hafi áður skrifað. Jón kveður erindi þeirra Svövu og Einars hafa verið að ræða við sig um það, hvort hann teldi afgreiðslu ráðuneytisins endanlega. Hann hafi sagt þeim, að hann gæti ekki sagt þeim það alveg þá, en sinn skilningur væri frekar sá, að þetta væri ekki endanleg afgreiðsla. Jón kveðst telja sig mega fullyrða, að hann hafi aldrei gefið til kynna, að sú ákvörðun yrði tekin, að Svava og synir hennar fengju íbúðina aftur. Muni ummæli sín hafa verið þau, að hann gæti ekki fullyrt um endanlega niðurstöðu málsins. Til þyrftu að koma frekari upplýsingar og það færi eftir þeim, hver endanleg niðurstaða yrði. Jón kveður sig minna, að hann hafi skoðað samning þann, sem Ólafur Þorgrímsson hafi vitnað til í bréfi sínu, en hann geti ekki sagt um það, hvort hann hafi tekið mark á fullyrðingum Ólafs. Ekki kveðst Jón geta sagt um það nú, hver þau nýju gögn voru, sem vitnað er til í bréfi ráðuneytisins frá 26. apríl 1974 til yfirlögráðandans í Reykjavík. Jón kveðst telja, að töluverðar hækkanir hafi orðið á verði íbúða í Reykjavík, frá því kaupsamningurinn var gerður og fram til ársins 1974. Hann kveður sig minna, að hann hafi reiknað hlut hinna ófjárráða drengja í

kaupverðinu. Kveðst hann halda, að stefnandanum Svövu hafi ekki verið tilkynnt, að ráðuneytið mundi veita samþykki sitt til sölu íbúðarinnar.

Samkvæmt eðli málsins fólst í samningsgerð stefnenda við þau Hólmfríði og Ove, að gert væri ráð fyrir, að samningurinn yrði efndur af báðum aðiljum. Samningurinn var undirritaður í endanlegri mynd sinni 26. september 1972, en í frumgerð lá samningurinn fyrir 28. júlí sama ár. Verður að leggja til grundvallar, að stefnandinn Svava hafi talið endanleg samningskjör viðunandi fyrir sig og syni sína, en hún kveður þau mæðginin hafa ætlað að kaupa stærri íbúð, sem þau hafi átt kost á að kaupa í stuttan tíma á árinu 1972.

Í máli því, sem þau Hólmfríður og Ove höfðuðu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnendum máls þessa, var yfirfjárráðandanum í Reykjavík og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis stefnt til réttargæslu, og er dóm bæjarþingins var áfrýjað, var áfrýjunarstefna einnig birt á hendur þessum aðiljum. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir dómi Hæstaréttar í því máli. Þykir verða að leggja til grundvallar, að í máli því, sem hér er til úrlausnar, sé bindandi fyrir stefnendur það atriði í greindum dómi Hæstaréttar, að samningsaðiljar hafi gert ráð fyrir, að öflun leyfis dómsmálaráðuneytisins gæti tekið nokkurn tíma og að fresta þyrfti útgáfu afsals af þeim sökum. Einnig verður að telja bindandi fyrir stefnendur það atriði í dómi Hæstaréttar, að bréf dómsmálaráðuneytisins frá 23. maí 1973 og 3. ágúst 1973 hafi ekki haft að geyma endanlega synjum við beiðni um samþykki til sölu eignarhluta ófjárráða sona stefnandans Svövu í íbúðinni. Hafi verið um að ræða, að endanlegri afgreiðslu málsins væri frestað og það yrði tekið til nýrrar ákvörðunar, ef frekari skýringar eða upplýsingar bærust. Þá verður einnig að telja bindandi þau atriði í greindum dómi Hæstaréttar, að Hólmfríði og Ove hafi verið rétt að leita til dómsmálaráðuneytisins og freista þess að skýra mál sitt í því skyni, að samþykki fengist. Er ekki annað fram komið en að þau Hólmfríður og Ove hafi efnt samninginn.

Þegar framangreind atriði eru virt, þykir ekki sannað, að meðferð máls hinna ófjárráða sona stefnandans Svövu í dómsmálaráðuneytinu hafi valdið því, að þau urðu af kaupum á annarri íbúð á árinu 1972. Þá þykir heldur ekki leitt í ljós, að tjón, sem stefnendur kunna að hafa orðið fyrir vegna breytinga á verðlagi fasteigna eftir það, verði rakið til bótaskyldra afskipta starfsmanna dómsmálaráðuneytisins af málinu.

Verður stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs því sýknaður af kröfum stefnenda í málinu.

Málskostnaður fellur niður. Kostnaður stefnenda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra,

Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.000, og útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum, kr. 346.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Svövu Þórðardóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráða sona, Sigurðar Vilhjálmssonar, Hilmis Vilhjálmssonar og Steinars Vilhjálmssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnenda við rekstur máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.000, og útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum, kr. 346.000.

Fimmtudaginn 17. mars 1983.

Nr. 208/1981. **Kristinn Sveinsson**
(Barði Friðriksson hrl.)
gegn
Guðjóni Jóhannssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Vinnusamningur. Veikindadagar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 12. febrúar 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. febrúar s. á. Útivist varð af hans hálfu á dómþingi 2. október s. á., og féll málssóknin þá niður. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 6. október s. m., sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þannig að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3.491.45 með 23.5% ársvöxtum frá 18. nóvember 1978 til 15. janúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í málinu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi leitaði til heimilislæknis síns í júlímánuði 1978, sem pantaði þá vist fyrir hann á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði. Þegar stefndi síðar um sumarið bað áfrýjanda leyfis frá störfum til dvalar í heilsuhælinu, lét hann þess eigi getið, að ástæða beiðninnar væri sú, að hann teldi sig óvinnufæran. Eigi fór hann þá fram á að fá greidd laun, meðan á hælisvistinni stæði. Í vottorði heimililæknis stefnda frá 13. október 1978, sem tilfært er í hinum áfrýjaða dómi, er ekki tekin ótvíræð afstaða til óvinnufærni stefnda, og í vætti sama læknis kemur fram, að hann man ekki sérstaklega eftir afskiptum sínum af stefnda í þeim tilvikum, er hér skipta máli. Sjálfur hefur stefndi lýst yfir því fyrir dómi, að hann hafi hvorki talið sig óvinnufæran, þegar hann vitjaði læknis síns, er áður getur, né þegar hann hóf dvölina í heilsuhælinu.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir stefndi ekki hafa fært fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikinda á því tímabili, er um ræðir, sbr. 5. gr. laga nr. 16/1958 og gr. 7.3. í kjarasamningi byggingamanna frá 22. júní 1977.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknu, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kristinn Sveinsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Guðjóns Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. júní sl., hefur stefnandi, Guðjón Jóhannsson trésmiður, Laugarnesvegi 112, Reykjavík, höfðað gegn Kristni Sveinssyni byggingameistara, Hólastekk 5, Reykjavík, með stefnu, birtri 15. janúar 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 349.145 með 23.5% ársvöxtum frá 18. nóvember 1978 til 15. janúar 1980, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56 30. maí 1979 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honun tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar með aðiljum, en án árangurs.

Báðir aðiljar hafa gefið skýrslur fyrir dóminum svo og vitnin Davíð Ólafsson verkstjóri og Bergþór Smári læknir.

Málavextir.

Stefnandi er trésmiður að mennt og lauk prófi í iðngrein sinni árið 1960. Hann er fæddur árið 1910. Stefnandi kvaðst hafa byrjað störf hjá stefnda líklega árið 1968 og starfað hjá honum óslitið síðan. Ekki hefði hann starfað hjá öðrum aðiljum á þessum tíma. Stefnandi kvað starf sitt hafa verið almenna byggingavinnu, bæði bygging nýrra húsa og viðgerðir og lagfæringar á eldri húsum. Stefnandi kvaðst einnig hafa unnið byggingavinnu, áður en hann hóf störf hjá stefnda, bæði fyrir og eftir þann tíma, að hann var við iðnnám. Stefnandi kvaðst nokkuð lengi hafa haft vöðvabólgu og fyrst fundið verulega fyrir henni á árunum milli 1965 og 1970. Þá hefði hann brugðið á það ráð að skipta um trésmiðasvuntu, notað mittissvuntu í stað svuntu með bandi yfir háls. Við það hefðu verkirnir horfið. Stefnandi kvaðst annað hvort á árinu 1974 eða 1975 hafa orðið fyrir því áfalli að detta ofan í steypta gryfju í Sundaskála Eimskipafélags Íslands h/f á hægri öxlina. Hann hefði ekki brotnað né brákast, en frá þessum tíma hefði hann alltaf verið slæmur í öxlinni og herðunum. Upp úr þessu hefði vöðvabólgan versnað að mun, hann hefði átt erfiðara með vinnu, einkum þegar hann hefði þurft að vinna upp fyrir sig, og hefði vöðvabólga valdið sér bæði þrautum og kvölum. Stundum hefði hönd sín dottið niður alveg máttlaus. Þegar hann hefði þurft að aka bifreið aftur á bak, hefði hann ekki getað litið aftur fyrir sig með því að snúa höfðinu, heldur hefði hann þurft að hreyfa allan líkamann. Vöðvabólgan hefði sífellt farið versnandi. Hann hefði talið annað ófært en leita sér lækninga. Það hefði hann gert í sumarleyfi sínu árið 1978 og þá leitað til heimilislæknis síns, Bergþórs Smára. Læknirinn hefði ráðlagt sér dvöl á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði og hefði

hann skýrt stefnda frá þessu og spurt hann að því, hvort hann mundi ekki samþykkja það, hvað hann hefði gert. Einnig hefði hann skýrt verkstjóra sínum, Davíð Ólafssyni, frá þessu. Stefnandi kvað kaupgreiðslur í þessu leyfi ekki hafa borið á góma, en stefndi hefði áður sagt starfsmönnum sínum, að þeir ættu að hafa læknisvottorð, að öðrum kosti fengju þeir ekki greitt kaup í veikindaforföllum. Stefnandi kvaðst hafa skýrt stefnda frá fyrirhugaðri dvöl sinni í Hveragerði hálfum mánuði eða mánuði áður en hann fór þangað. Stefnandi kvaðst hafa ætlað að sýna stefnda vottorð það, sem hann fékk hjá Bergþóri Smára lækni, áður en hann fór til Hveragerðis, en af því hefði ekki orðið, vegna þess að stefndi hefði ekki sjálfur komið til þess að greiða kaupið, áður en hann fór, og hefði það dregist, þar til hann kom aftur þaðan.

Umrætt vottorð, dagsett 13. október 1978, er svohljóðandi: „Guðjón Jóhannsson, Laugarnesvegi 112, Reykjavík, er með mikla vöðvabólgu í hálsi, herðum og handleggjum. Ég hef ráðlagt honum dvöl í nokkrar vikur í heilsuhæli N.L.F.Í. í Hveragerði.

B. Smári."

Stefnandi kvað sér hafa batnað ákaflega vel. Þó fyndi hann fyrir þrautum, sérstaklega í öðrum handleggnum.

Stefnandi kvaðst ekki hafa talið sig óvinnufæran, áður en hann fór til Hveragerðis, hann hefði alltaf þvælst svona, þótt hann fyndi til. Hann hefði talið sig geta farið í vinnu.

Stefndi kvaðst ekki hafa vitað til þess, að stefnandi hefði þjáðst af vöðvabólgu, fyrr en hann hefði séð vottorð Begþórs Smára læknis. Stefnandi hefði sagt sér, að hann ætlaði af fara sér til hvíldar og hressingar austur í Hveragerði, og hefði það verið einhvern tíma sumarið 1978. Stefndi kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi hefði þá rætt um, að hann væri með vöðabólgu. Verkstjórinn hefði heldur ekki minnst á það, að stefnandi væri með vöðvabólgu, áður en vottorð Bergþórs Smára hefði komið til sögunnar. Aldrei hefðu þeir rætt um kaupgreiðslur í þessu leyfi stefnanda. Sér hefði fundist stefnandi hressast vel við dvölina í Hveragerði, og kvaðst stefndi hafa verið ánægður, hvað hann hefði haft gott af hvíldinni þar austur frá. Stefndi kvað sig ráma í, að stefnandi hefði orðið fyrir óhappi inni í Sundaskála. Stefndi kvað stefnanda ekki hafa haft nein veikindaforföll, sem orð væri á gerandi, á þeim tíma, sem hann hefði starfað hjá sér.

Bergþór Smári læknir skýrði svo frá, að hann myndi ekki eftir því, þegar stefnandi kom til hans vegna vöðvabólgunnar og fékk framangreint vottorð. Hann kvaðst hafa verið heimilislæknir stefnanda í áratugi, en afar sjaldan þurft að hafa afskipti af honum. Hann kvað vöðvabólgu vera þess eðlis, að menn veiktust ekki af henni allt í einu, heldur aukist hún hægt

og hægt á vikum, mánuðum eða árum og að því komi, að sjúklingurinn fái svo mikla verki, stirðleika og því um líkt, að hann leiti loks læknis. Þetta sé ekki „akut" sjúkdómur og ekki skipti meginmáli, hvort lækning hefjist mánuði fyrr eða síðar. Ástæður þessa sjúkdóms geti verið margar, rangar stellingar líkamans til lengri tíma, kuldi, jafnvel streita og oft væri ekki hægt að finna neina sérstaka ástæðu. Þennan sjúkdóm væri ekki hægt að lækna í eitt skipti fyrir öll, en beitt væri nuddi, rafmagni stuttbylgjum og hljóðbylgjum, leirböðum í Hveragerði og ekki síst hvíld og afslökun. Menn á öllum aldri geti fengið þennan sjúkdóm, en með aldrinum verði menn yfirleitt kvillasamari. Vitnið kvaðst halda, að óhapp, eins og stefndi varð fyrir í Sundaskála, hefði að jafnaði ekki þau áhrif, að vöðvabólga ykist við það. Vitnið kvað stefnanda ekki endilega hafa verið óvinnufæran, áður en hann fór á heilsuhælið, þótt hann myndi ekki sérstaklega eftir tilfelli hans. Sjúkdómurinn sé oft þannig, að viðkomandi geti pínt sig við vinnu, þar til hann leggist inn í meðferð, en á meðan á henni standi vinni enginn. Sjúkdómurinn geti orðið það slæmur, að menn geti ekki hreyft sig við vinnu, en vitnið kvaðst álíta, að það væri ekki algengt. Vitnið kvað ekki óyggjandi, að hægt væri að rekja vöðvabólgu stefnanda til þeirra starfa, sem hann stundaði. Hann kvað ekki hægt að vista menn á annarri stofnun en heilsuhælinu, en hins vegar gætu menn farið til gigtarlæknis, en af því að hvíldin sé svo mikils virði, hafi hann stungið upp á hælisdvöl.

Vitnið Davíð Ólafsson skýrði frá því, að hann væri og hefði verið verkstjóri hjá stefnda frá árinu 1972. Stefnandi hefði frá þeim tíma starfað undir sinni verkstjórn. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi hefði nokkru sinni minnst á, að hann væri með vöðvabólgu, en hann sé mjög harður af sér og stundi vinnu sína vel. hann hefði mjög fáa daga verið fjarverandi vegna veikinda. Vitnið kvaðst þó hafa merkt u. þ. b. hálfu ári áður en stefnandi hefði farið til Hveragerðis, að hann væri ekki alveg líkamlega heill, en hann hefði skilað starfi sínu fyrir það. Vitnið kvaðst muna eftir því óhappi, sem stefnandi hefði orðið fyrir í Sundaskála. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi hefði orðað við sig, að til stæði, að hann færi til Hveragerðis, fyrr en eftir að hann kom úr sumarfríi sínu. Hann hefði þá ekkert talað um kaupgreiðslur, á meðan á dvölinni stæði, en vitnið kvaðst ekkert hafa haft með kaupgreiðslur að gera. Vitnið kvaðst heldur ekki minnast þess, að stefnandi hefði orðað það, að hann hefði fengið vottorð hjá lækni.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig, að fyrir dagvinnu á tímabilinu frá 18. október til 18. nóvember 1978 krefst hann kr. 258.888, fyrir eftirvinnu kr. 63.432 og 8.33% orlofs af þessum fjárhæðum, kr. 26.825, eða samtals kr. 349.145.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að hann eigi rétt á kaupgreiðslum úr hendi stefnda fyrir þann tíma, er hann dvaldi á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, samkvæmt lögum nr. 16/1958 og gr. 7.3. í kjarasamningi byggingamanna frá 22. júní 1977, en stefnandi hafi verið haldinn sjúkdómi, sem falli undir skilgreiningu á sjúkdómi í framannefndum lögum og kjarasamningi.

Samkvæmt framburði verkstjóra stefnanda og stefnanda sjálfs sé ljóst, að hann hafi átt æ erfiðara með vinnu síðustu mánuðina, áður en hann fór á heilsuhælið. Stefnt hafi í þá átt, að stefnandi gæti ekki hreyft sig við vinnu, og hefði hann þá orðið algerlega óvinnufær. Reglu framangreindra laga um óvinnufærni sé ekki hægt að skýra þannig, að sá einn eigi rétt til launagreiðslna í veikindum, sem sé algerlega óvinnufær, heldur verði að miða við þann tíma, sem launþega sé nauðynlegt að hætta vinnu til þess að fá bata, enda sé ekki hægt að ætlast til þess, að menn vinni, þar til þeir geti ekki meira. Óvinnufærni verði að leggja að jöfnu við ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma og til þess að ná bata af sjúkdómum. Þessar skýringar séu í samræmi við skilgreiningar erlendra fræðimanna á hugtakinu óvinnufærni.

Eins og ástatt var með stefnanda, hafi honum verið brýn nauðsyn á að leita sér lækninga og því hafi hælisdvölin verið honum nauðsynleg. Hann hafi fengið góðan bata af vöðvabólgunni og hafi lítið kennt hennar síðan. Engu máli skipti, hvenær stefnandi hafi fengið læknisvottorðið. Hann hafi verið búinn að skýra stefnda frá því, að til stæði, að hann færi á heilsuhælið, og stefndi gefið samþykki sitt. Stefnandi hafi gert tilraun til þess að koma læknisvottorðinu til stefnda, áður en dvölin hófst, sem ekki hafi tekist. Hann hafi síðan skilað vottorðinu strax að dvölinni lokinni. Þótt vottorðið hafi ekki komist fyrr í hendur stefnda, eigi það ekki að varða stefnanda nokkrum réttindamissi.

Stefndi.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefnandi hafi ekki skýrt stefnda frá því, áður en hann fór á heilsuhælið, að um sjúkdómsforföll væri að ræða. Hann hefði ekki framvísað læknisvottorði fyrr en 5 vikum eftir að dvölin hófst. Samkvæmt gr. 7.3.3. í kjarasamningi byggingamanna frá 22. júní 1977 eigi launþegi að tilkynna veikindi á fyrsta veikindadegi. Ekkert sérstakt hafi verið því til fyrirstöðu, að stefnandi skilaði læknisvottorði, þegar dvölin hófst, en drátt á tilkynningu veikinda megi leggja að jöfnu við, að veikindi séu ekki tilkynnt. Sýkna eigi stefnda af kröfum stefnanda þegar af þessari ástæðu.

Stefnandi hafi ekki sannað, að vöðvabólga geti talist sjúkdómur í skiln-

ingi laga nr. 16/1958, en samkvæmt lögunum og kjarasamningnum eigi launþegi aðeins rétt á launagreiðslum í þeim sjúkdómstilfellum, sem valdi óvinnufærni. Vöðvabólga geti ekki talist atvinnusjúkdmur, en fjölmargir séu haldnir henni.

Stefnandi hafi verið kominn á eftirlaunaaldur, þegar þetta gerðist, og farinn að slitna að kröftum og eðlilegt, að hann tæki sér hvíld. Stefnandi haldi því sjálfur fram, að hann hafi ekki verið orðinn óvinnufær, þegar beðið var um vist fyrir hann á heilsuhælinu, né heldur þegar hann fór þangað. Óvinnufærni sé skilyrði fyrir launagreiðslum í veikindatilfellum og verði vottorð læknis að sýna, að um óvinnufærni sé að ræða, en það sýni læknisvottorð stefnanda ekki.

Þá beri þess að gæta, að flestir vöðvabólgusjúklingar fari í lækningu í Reykjavík, en ekki Hveragerði, og hafi vinnuveitendur aldrei greitt launþegum laun, á meðan dvöl í Hveragerði hafi staðið, en ef sú yrði niðurstaðan, að þeim bæri skylda til þess, yrði það stórhættulegt fordæmi.

Forsendur og niðurstaða.

Fram er komið í máli þessu, að stefnda var kunn sú fyrirætlan stefnanda að dvelja á heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði, og ekki er öðru haldið fram en hann hafi gefið stefnanda leyfi frá vinnu í því skyni. Upplýst er, að launagreiðslur, á meðan á dvölinni stóð, bárust ekki í tal á milli aðilja, að stefnandi framvísaði ekki vottorði læknis fyrr en eftir að dvölinni lauk.

Stefnandi dvaldi á heilsuhælinu frá 18. október til 18. nóvember árið 1978, en þá voru í gildi lög nr. 16 9. apríl 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nú lög nr. 19 1. maí 1979. Þá var og í gildi kjarasamningur byggingamanna frá 22. júní 1977, sem stefnandi og stefndi voru báðir aðiljar að.

Óumdeilt er í málinu, að ráðning og vinna stefnanda hjá stefnda var með þeim hætti, að stefnandi naut fyllstu réttinda, er 4. gr. laga nr. 16/1958 og 7. gr. kjarasamningsins kveða á um.

Í 5. gr. laga nr. 16/1958 er einungis tekið fram, að vilji launþegi neyta réttar sína skv. 4. gr., þ. á m. að fá laun greidd í veikindaforföllum, skuli hann afhenda atvinnurekanda vottorð læknis um veikindin, óski atvinnurekandinn þess. Skylda launþega í þessu efni virðist því aðeins bundin ósk atvinnurekandans. Ákvæði 4. gr. laganna er tekið óbreytt upp í 8. gr. laga nr. 19/1979.

Í kjarasamningnum er um þetta atriði einungis ákvæði í gr. 7.3.3., þar sem segir, að vinnuveitandi greiði læknisvottorð að því tilskyldu, að veikindi verði þegar tilkynnt á fyrsta veikindadegi, en þetta ákvæði verður að

skilja svo, að aðeins sé átt við kostnað við öflun læknisvottorðs, en ekki launagreiðslur.

Ekki er komið fram, að dvöl stefnanda á heilsuhælinu á þessum tíma hafi valdið stefnda neinum vandkvæðum varðandi atvinnurekstur hans, enda vissi hann um hana með fyrirvara, eins og áður segir, eða það hafi í raun skipt hann máli, hvenær hann fékk læknisvottorðið í hendur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki talið, að stefnandi hafi misst í neinu af rétti sínum til launagreiðslna, enda þótt hann hafi ekki framvísað læknisvottorði við stefnda, fyrr en raun varð á.

Hvergi er að finna skilgreiningu á því, hvað telst sjúkdómur í skilningi laga nr. 16/1958 eða kjarasamningnum. Lögin og kjarasamninginn sömuleiðis verður að skilja svo, að þeim sé ætlað að veita launþegum ákveðið fjárhagsöryggi í veikinda- og slysatilvikum og þá einnig að koma í veg fyrir, að menn píni sig til skaða við vinnu, þegar þannig er ástatt, í því skyni að missa ekki af launum. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að undir sjúkdóm í skilningi laganna falli það ástand líkama og/eða sálar, sem geri það að verkum, að launþega sé ókleift eða mjög óhægt að inna störf sín af höndum, en í 5. gr. laga nr. 16/1958 er kveðið á um, að vottorð læknis um veikindi eða slys eigi að sýna, að launþegi hafi verið óvinnufær af þeim sökum. Þetta ákvæði 5. gr. þykir þó ekki mega skýra svo þröngt, að launþegi samkvæmt því þurfi að vera í þannig ástandi, að hann geti með engu móti innt starf sitt af höndum, heldur verður einnig að líta til þess, hvort sjúkdómurinn var þess eðlis og á því stigi, að honum hafi verið nauðsyn á að hætta vinnu til að leita sér lækninga í því skyni að fá bata eða koma í veg fyrir mögnun sjúkdómsins, svo að honum megi verða sem minnstur bagi af honum við vinnu sína. Þykir ekki öllu máli skipta í þess sambandi, hvaða nafn læknisfræðin gefur sjúkdómi af þessu tagi í hverju tilviki.

Telja verður upplýst, að stefnandi hafi um alllangt skeið, áður en hann dvaldi á heilsuhælinu, þjáðst af vöðvabólgu. Verkstjóri stefnanda kvað hann hafa verið harðan af sér við vinnu og mjög sjaldan frá vegna veikinda. Sama sagði stefndi um veikindin. Heimilislæknir stefnanda ber, að hann hafi afar sjaldan þurft að leita til sín á þeim langa tíma, sem hann hafi verið læknir stefnanda. Stefnandi skýrði sjálfur svo frá, að hann hefði ekki verið óvinnufær, þegar hann fór til dvalarinnar, en liðið þjáningar og átt eritt með ákveðnar hreyfingar. Hann heldur því fram, að sér hafi verið dvölin nauðsynleg, til þess að hann yrði ekki algerlega óvinnufær, enda hafi hann fengið góðan bata, á meðan á dvölinni stóð. Verkstjórinn kveðst hafa orðið var við veikindi stefnanda.

Í vottorði læknis kemur fram, að stefnandi sé með mikla vöðvabáolgu í hálsi, herðum og handleggjum.

Ekkert er komið fram, sem hnekkt hefur lýsingu læknisins og stefnanda

á sjúkdómnum og lýsingu stefnanda á áhrifum sjúkdómsins á vinnugetu hans.

Með vísan til þess, sem að framan er sagt, þykir verða að telja líkamlegt ástand stefnanda sjúkdóm í skilningi laga nr. 16/1959 og 7. gr. kjarasamnings byggingamanna frá 22. júní 1977 og sömuleiðis að sjúkdómurinn hafi verið á því stigi, að eðlilegt hafi verið, að stefnandi leitaði sér lækninga að ráði læknis og þá án þess að missa rétt til launa, á meðan á lækningu stóð.

Í málinu er ekki deilt um fjárhæð kröfu stefnanda, og vaxtakröfu hans hefur ekki verið mótmælt. Niðurstaða dómsins er því sú, að kröfur stefnanda beri að taka til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 180.000.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Sveinsson, greiði stefnanda, Guðjóni Jóhannssyni, kr. 349.145 með 23.5% ársvöxtum frá 18. nóvember 1978 til 15. janúar 1980 og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56 30. maí 1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. mars 1983.

Nr. 53/1981. **Björn Pétursson & Co. h/f**
(Skúli Pálmason hrl.)
gegn
Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Marc Aurel
(sjálfur).

Lausafjárkaup. Vextir af kröfu í erlendri mynt. Verslunartíska. Fjárnámsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 6. nóvember 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s. á. Útivist varð af hans hálfu á dómþingi 2. febrúar 1981, og féll málssóknin þá niður. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 20. febrúar 1981, sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjandi gerir þessar dómkröfur:

„*Aðallega:* Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, jafnframt því sem stefndu félagi verði gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Að fellt verði úr gildi fjárnám, sem gert var í húseign áfrýjanda nr. 22 við Austurstræti í Reykjavík hinn 19. júní 1980 skv. fógetagerð nr. A-1181/1980.

Til vara er þess krafizt, að áfrýjanda verði einungis gert að greiða stefndu DM 6.579.30 með 2% ársvöxtum frá 8. sept. 1978 til 1. júní 1980, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s. á., en 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Verði niðurstaða virðulegs Hæstaréttar á þá leið, að staðfesta beri héraðsdóm að því er stefnufjárhæð varðar, er þess krafizt, að vaxtafótur verði færður í það horf sem í varakröfu greinir.

Þá er þess krafizt, að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti, ef á vara- og/eða þrautavarakröfur reynir."

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest að öðru leyti en því, að tildæmdir vextir frá 1. júní 1980 til 21. apríl 1982 ákveðist 6% hærri ársvextir og frá 21. apríl 1982 til greiðsludags 5% hærri ársvextir en vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í vestur-þýskum mörkum, svo sem þeir hafa verið á hverjum tíma. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð í ljósriti umsögn stjórnar Verslunarráðs Íslands um viðskiptavenju, en umsögn þessi var gefin að beiðni áfrýjanda, þar segir:

„Af fjárhagslegum ástæðum hefur sú venja skapazt í samningum erlendra framleiðenda og innlendra seljenda um markaðssetningu á vörum erlendra framleiðenda hérlendis, að innlendi seljandinn situr almennt einn að viðskiptum við erlenda aðilann, ef innlenda aðilanum er ætlað að vinna vörunni markað hérlendis. Gegnir það

einu, þótt erlendi aðilinn taki þátt í þessum kostnaði að hluta. Hér er almennt átt við, þegar innflytjandi þarf að vinna vöru markað hjá endurseljendum og/eða endanlegum kaupendum og lagt er í kostnað vegna kynningar- og sölustarfsemi, sem beinist að því, að ákveðin vörutegund (merki) sé höfð á boðstólum og keypt frekar en önnur vara svipaðrar tegundar.

Slíkri starfsemi fylgir verulegur kostnaður, sem fæst endurgreiddur á lengri tíma („goddwill" skapast). Innlendi seljandinnn vill því sitja einn að markaðnum, a. m. k. í tiltekinn tíma, þar sem fjárfesting hans í að vinna vörunni markað skilar sér ekki strax, og seldu aðrir söluaðilar vöruna, gætu viðskiptin allt eins runnið til þeirra. Í samningum milli aðila eru því iðulega ákvæði um bætur umbjóðanda til umboðsmanns, falli umboð niður *(Commercial Agency,* - Guide for the Drawing up of Contracts between Parties Residing in Different Countries, Commision on International Commercial Practice, bls. 21-23).

Einkaumboð eru algengust í heildverzlun, eðli viðskiptanna samkvæmt. Tíðkast þá hvort tveggja, að umboðsmaðurinn flytur vörur inn fyrir eigin reikning eða viðskiptin eru gerð í nafni annarra fyrir milligöngu umboðsmanns. Í smásöluverzlun tíðkast einkaumboð einnig, þegar stærð markaðarins eða eðli eftirspurnar leyfir einungis einn smásöluaðila. Má hér t. d. nefna tískuvörur frá tilteknum framleiðanda, sem ein smásöluverzlun sérhæfir sig í sölu á og vinnur markað fyrir. Ef fleiri smásöluaðilar geta annazt dreifingu vörunnar og innflutningsaðili annazt kynningar- og söluörvunarstarfsemi fyrir vöruna, er hins vegar venjan, að hann hafi einkarétt til innflutnings á vörunni eða hljóti sérstaka umbun frá erlenda aðilanum fyrir sín störf.

Í nágrannalöndum okkar hafa viðskiptaleg lögmál tilhneigingu til að skapa svipaða venju um einkasölu á tilteknu svæði, þegar fyrirtæki tekur að sér að vinna markað fyrir tiltekna vöru. Í þeim löndum, sem um er spurt, Danmörku og Þýzkalandi, hefur 85. og 86. gr. Rómarsáttmálans þó áhrif til takmörkunar á notkun einkaumboða. Hefur verið dæmt í málum á þessu sviði, og má þar t. d. nefna dóm frá 13. júlí 1966, mál nr. 56-64 og 58-64, milli S. a. Consten, GmbH Grundig Verkaus, ríkisstjórnar Ítalíu, ríkisstjórnar V-Þýzkalands og EBE nefndarinnar, S. A. Leissner og

s.a.r.l. UNEF. Þar sem samkeppnislöggjöf hérlendis er mjög ófullkomin og nánast ekki til, gilda hér aðrar reglur en í EBE löndunum, enda hefur Ísland einungis fríverlzunarsamning við EBE, en er ekki þátttakandi í sameiginlega markaðnum."

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið haldið fram af hálfu áfrýjanda, að vegna afhendingardráttar hafi honum verið heimilt að rifta kaupum að því er varðar nánar tiltekinn hluta þeirrar vöru, sem í málinu greinir. Málsástæða þessi var eigi höfð uppi í héraði og kemur því ekki til álita fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Fallast ber á það með héraðsdómi, að eigi sé nægilega sannað, að áfrýjanda hafi verið veittur einkasöluréttur hérlendis á umræddri vöru stefnda. Þá er heldur ekki sönnuð vipskiptavenja, er áfrýjandi geti reist slíkan rétt á. Samkvæmt þessu og að öðru leyti af þeim ástæðum, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, var stefnda rétt að halda kaupunum upp á áfrýjanda og krefja hann um greiðslu kaupverðs, sbr. 28. gr. laga nr. 39/1922, en eigi er ágreiningur um, að það hafi numið 9.262.50 vestur-þýskum mörkum. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda fjárhæð þessa með vöxtum, sem ákveðast 19% ársvextir frá 8. september 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 7% ársvextir frá þeim degi til 21. apríl 1982, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi lét undir höfuð leggjast að taka án ástæðulausrar tafar skýra afstöðu til mótmæla áfrýjanda í skeyti hans frá 19. maí 1978, en efni þess er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Með hliðsjón af því og málavöxtum að öðru leyti er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð eru engir annmarkar, og ber að staðfesta hana til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Björn Pétursson & Co. h/f, greiði stefnda, Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Marc Aurel 9.262.50 vestur-þýsk mörk með 19% ársvöxtum frá 8. septem-

ber 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara
og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara

Við erum sammála meirihlutaatkvæði dómara að öðru leyti en því, að við teljum, að vextir frá 8. september 1978 til 1. júní 1980 eigi að vera 5% ársvextir.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara

Ég er sammála meirihlutaatkvæði dómara um annað er vexti frá 1. júní 1980. Ég tel, að frá þeim degi eigi að dæma 11% ársvexti til 1. júní 1981, 13% ársvexti frá þeim degi til 21. apríl 1982, 11% ársvexti frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 10% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 29. janúar 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar sl., hefur þýska fyrirtækið Marc Aurel, 4830 Gutersloh 1 í Þýskalandi, höfðað gegn fyrirtækinu Birni Péturssyni & Co. h/f, Laugavegi 66, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. janúar 1979.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum DM 9.262.50 með 19% ársvöxtum frá 8. september 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og með 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Auk þess verði honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru í aðalatriðum þeir, að á síðari hluta árs 1976 eða í byrjun árs 1977 hófust viðskipti á milli aðilja þessa máls. Hið stefnda fyrirtæki mun annast kaup í heildsölu á fatnaði, einkum tískufatnaði, sem síðan er seldur í verslunum, sem fyrirtækið á eða á eignaraðild að. Þýska fyrirtækið, sem er stefnandi þessa máls, selur tískufatnað. Danskur maður, Gert Brovall að nafni, en hann er umboðsmaður stefnanda á Norðurlöndum, hafði milligöngu um þessi viðskipti og tók við þeim pöntunum, sem gerðar voru. Gert Brovall var einnig umboðsmaður fyrir annað þýskt fyrirtæki, E. Gehring Gmb. & Co., og seldi stefnda jafnframt vörur þess. Stefndi hafði pantað og fengið afhentar vörur frá báðum þessum fyrirtækjum, áður en hann pantaði þær vörur, sem um er deilt í þessu máli.

Ágreiningslaust er í málinu, að stefndi pantaði þær vörur, sem hann er krafinn um greiðslu á í málinu, og enn fremur að stefndi (sic) sendi vörurnar hingað til lands. Framkvæmtastjóri stefnda, Guðlaugur Bergmann, og Gert Brovall eru sammála um, að hinar umdeildu vörur hafi allar verið pantaðar í sama skipti, en pöntunin mun hafa verið gerð á fyrri hluta árs 1978. Lagðir hafa verið fram tveir pöntunarseðlar með yfirskriftinni Marc Aurel, dags. 18. apríl 1978. Á þeim er reyndar ekki að finna, eftir því sem best verður séð, alla þá vöru, sem um getur á reikningum þeim, sem stefnandi leggur til grundvallar kröfugerð sinni, og er því á pöntunarseðlunum að auki vara, sem ekki getur um á reikningunum. Ekki er ágreiningur um verð vörunnar, og því eru pöntun, verðmæti og afhending vörunnar út af fyrir sig ekki deiluatriði í málinu.

Reikningar þeir, sem stefnandi krefur stefnda um greiðslu á, eru sjö talsins og allir vegna kaupa á fatnaði.

Reikningarnir eru þessir:

Reikn., dag. 16. mars 1978 að fjárhæð	DM	1.524.00
Reikn., dag. 5. maí 1978 að fjárhæð	DM	2.694.60
Reikn., dag. 9. maí 1978 að fjárhæð	DM	844.50
Reikn., dag. 19. maí 1978 að fjárhæð	DM	138.00
Reikn., dag. 12. maí 1978 að fjárhæð	DM	1.516.20
Reikn., dag. 31. júlí 1978 að fjárhæð	DM	1.963.20
Reikn., dag. 4. ágúst 1978 að fjárhæð	DM	582.00
Samtals	DM	9.262.50

Framkvæmdastjóri hins stefnda fyrirtækis heldur því fram, að Gert Brovall hafi , þegar viðskiptin hófust, lofað sér því, að stefndi skyldi hafa einkasöluleyfi á vörum frá stefnanda og fyrirtækinu E. Gehring Gmb. & Co. hér á landi, enda kaupi stefndi aldrei vörur erlendis frá án þess að tryggja sér fyrst einkasöluleyfi á þeim. Gert Brovall kveðst aldrei hafa lofað framkvæmdastjóranum því, að hann skyldi fá einkasöluleyfi á vörum stefnanda, en hins vegar hafi hann lofað einkasöluleyfi á vörum frá E. Gehring Gmb. & Co. Framkvæmdastjóri stefnda kveðst síðar hafa orðið var við, að vörur frá stefnanda hafi verið til sölu í öðrum verslunum og sömuleiðis hafi Brovall efnt til tískusýningar á þessum vörum með öðrum aðiljum. Þá hafi hann þegar í stað sent stefnanda skeyti, kvartað undan því, að loforðið um einkasöluleyfi hefði verið brotið, og rift kaupunum.

Hinn 19. maí 1978 sendi framkvæmdastjóri stefnda skeyti til stefnandans. Þar kvartar hann undan því, að Gert Brovall hafi ekki staðið við loforð sitt um einkasöluleyfi, en hann hafi selt öðrum fyrirtækjum sams konar vöru og stefndi hafi pantað hjá stefnanda. Þess vegna geti stefndi á þessu stigi málsins ekki tekið við neinum vörum frá stefnanda.

Hinn 10. ágúst 1978 sendi framkvæmdastjórinn enn skeyti til stefndanda. Þar er vitnað í skeytið frá 19. maí og tekið fram, að því hafi ekki verið svarað, en áfram sé haldið að senda vörur. Þá er og tekið fram, að stefndi muni ekki taka við vörum, hvorki gömlum né nýjum, þar sem Gert Brovall hafi ekki staðið við loforð sitt um einkasöluleyfið.

Hinn 28. ágúst 1978 ritar framkvæmdastjórinn stefnanda bréf, getur þar skeyta þeirra, er hann sendi, og tekur fram, að enn komi vörur til landsins. Þetta séu sumarvörur, en hið skamma íslenska sumar sé liðið.

Hinn 31. ágúst 1978 ritar stefnandi stefnda innheimtubréf og krefur hann um greiðslu þeirra reikninga, sem að framan er getið. Í bréfinu er tekið fram, að þessir reikningar hafi ekki verið greiddir þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, en ekki er minnst á skeyti eða bréf stefnda.

Í skeyti frá stefnanda, dags. 1. september 1978, er stefndi krafinn um greiðslu sömu reikninga.

Hinn 21. september 1978 ritar Gert Brovall framkvæmdastjóra stefnda bréf, og kemur þar m. a. fram, að Gert Borvall telur sig ekki hafa lofað stefnda einkasöluleyfi á vörum frá stefnanda vegna þess, að í fyrsta lagi hafi pöntun hans verið of lítil til þess að réttlæta einkarétt á sölu, og í öðru lagi hafi hann verið búinn að selja öðrum fyrirtækjum vöru frá stefnanda. Hann hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná sambandi við framkvæmdastjórann í tveimur síðustu ferðum sínum til Íslands.

Nánari aðdragandi þessara viðskipta mun hafa verið sá, að Gert Brovall kom í eina af verslunum stefnda, sem ber heitið Garbo. Þar mun hann hafa hitt tvær starfsstúlkur stefnda, verslunarstjórann, Svölu Haukdal

Jónsdóttur, og Erlu Ólafsdóttur, sem er innkaupastjóri hjá stefnda. Framkvæmdastjóri stefnda kveður stúlkurnar hafa tjáð Gert Brovall, að skilyrði fyrir viðskiptum við stefnda væri, að hann fengi að vera einn með vöruna til sölu eða hafa umboð fyrir hana hér á landi. Að þessu hafi hann gengið.

Í framhaldi af þessu sýndi Gert Brovall framkvæmdastjóra stefnda og þeim Erlu og Svölu vörurnar á hóteli, þar sem hann dvaldi. Fötin héngu á einni slá, og voru þau bæði frá stefnanda og fyrirtækinu E. Gehring Gmb. & Co og fleiri fyrirtækjum. Þær Erla og Svala komu á staðinn í því skyni að velja það, sem pantað yrði, tegund og magn, en tóku ekki þátt í samningaviðræðunum, sem fóru fram á milli þeirra Gert Brovall og Guðlaugs Bergmann. Framkvæmdastjóri stefnda kveðst hafa gert Gert Brovall grein fyrir því, að markaður fyrir hátískuvörur á Íslandi væri mjög þröngur og þyldi ekki, að allar verslanir væru með sömu vöru, og samkeppni væri hörð. Gert Brovall hafi síðan veitt sér einkaleyfi á sölu vöru frá báðum fyrirtækjunum án nokkurra skilyrða. Viðurkenni hann að hafa gefið einkasöluleyfi á vörum frá öðru fyrirtækinu, hafi hann gefið það fyrir bæði, enda hafi við pöntun á vörunni ekki verið gerður greinarmunur á því, hvaða fatnaður var frá hvoru fyrirtækjanna.

Gert Brovall kvaðst ekki hafa getað lofað framkvæmdastjóra stefnda einkasölurétti á vörum frá stefnanda, þar sem hann hefði árið áður selt öðrum fyrirtækjum hérlendis vörur frá fyrirtækinu. Tilgreindi hann þrjár verslanir. Þetta hafi ekki komið beinlínis til tals við framkvæmdastjórann, heldur hafi aðeins verið talað um einkasölurétt á vörum frá E. Gehring Gmb. & Co., en hann hefði stefndi fengið. Stefndi hefði keypt svo lítið af vörum frá stefnanda í fyrsta skipti, að um einkasölurétt hefði ekki þurft að ræða, en það hefði hugsanlega getað orðið seinna. Framkvæmdastjórinn hefði síðar haft orð á því að fá einkasölurétt, en þar sem vörur frá stefnda hefðu verið seldar öðrum fyrirtækjum hérlendis, hefði það ekki komið til greina. Gert Brovall kvað sér hafa verið kunnugt um, að stefndi keypti vörur erlendis frá einungis á einkasölugrundvelli, þó taldi hann, að einn starfsmaður stefnda hefði sagt sér, að hitt hefði komið fyrir. Stefndi hafi mátt vita, þar sem hann keypti svo lítið af vörum, mundi einkasöluréttur ekki koma til greina. Til þess að veita einkasölurétt þyrfti hann að fá skriflegt leyfi frá viðkomandi fyrirtæki. Hann hefði ekki heimild til að veita það á eigin spýtur. Þetta hefði hann útskýrt. Gert Brovall kvaðst telja ástæðuna fyrir því, að kvörtunum stefnda hefði ekki verið svarað, þá, að stefnandi hefði álitið, að um svo hlægilega lítið magn væri að ræða, að einkasöluleyfi hefði aldrei komið til greina.

Þær Svala Haukdal Jónsdóttir og Erla Ólafsdóttir kváðu Gert Brovall hafa lofað framkvæmdastjóra stefnda því, að hann fengi einkasölurétt á vörum bæði frá stefnda og eins E. Gehring Gmb. & Co., enda væru ekki

vörur keyptar með öðrum hætti erlendis frá af stefnda. Frá þessu hefðu þeir gengið, áður en þær tóku til við að skoða vöruna og gera pantanir. Svala taldi, að fremur lítið magn hefði verið pantað, og Erla kvað meira magn hafa verið pantað frá E. Gehring Gmb. & Co. en stefnda (sic).

Framkvæmdastjóri stefnda, Guðlaugur Bergmann, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu 12. okt. sl., Gert Brovall 7. nóvember sl. og þær Svala Haukdal Jónsdóttir og Erla Ólafsdóttir 12. desember sl.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Gert Brovall hafi aldrei veitt stefnda einkasölurétt hérlendis á vörum stefnanda, enda hafi hann enga heimild haft til þess og framkvæmdastjóra stefnda hafi verið það ljóst eða mátt vera. Viðskiptafrelsi stefnanda hér á landi hefði takmarkast mikið, hefði hann veitt einkasölurétt. Því verði að gera strangar kröfur til sönnunar þeirrar fullyrðingar framkvæmdastjóra stefnda, að Gert Brovall hafi veitt einkasölurétt.

Af hálfu stefnda hafi engar sönnur verið færðar á, að hann hafi fengið einkasölurétt. Gert Brovall hafi neitað staðfastlega að hafa lofað honum. Þær starfsstúlkur stefnda, sem hann hafi leitt sem vitni, hafi ekki tekið þátt í samningsgerðinni og af framburði þeirra megi ráða, að þær hafi ekki gert sér ljóst, hvað fram hafi farið á milli Gert Brovall og framkvæmdastjóra stefnda. Framkvæmdastjóranum hafi verið í lófa lagið að áskilja sér einkasölurétt með því að taka það fram í pöntun eða að fá skriflegt leyfi. Framkvæmdastjórinn hafi ekki mátt treysta því, þótt hann fengi einkasölurétt á vörum frá E. Gehring Gmb. & Co., að hann fengi einkasölurétt líka frá stefnda.

Því sé mótmælt, að stefndi hafi nokkra heimild haft til þess að rifta kaupunum. Þegar hann hafi í upphafi sent skeyti til stefnanda, hafi alls ekki legið ljóst fyrir, við hvaða vörur hann hafi átt. Vörurnar hafi verið komnar til landsins og því verið búið að afhenda stefnda þær. Stefnda beri skylda til þess að greiða þær vörur, sem hann hafi fengið afhentar.

Stefndi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi þá ófrávíkjanlegu reglu að kaupa vörur erlendis frá eingöngu á einkasölugrundvelli. Um það hafi Gert Brovall verið kunnugt. Framkvæmdastjóri stefnda hafi litið svo á, að hann væri að semja við Gert Brovall, en ekki stefnanda, og Gert Brovall hafi lofað framkvæmdastjóranum því, að stefndi skyldi fá einkasölurétt á vörum stefnanda hérlendis. Frá einkasöluleyfinu hafi verið gengið, áður en stefndi pantaði nokkra vöru frá stefnanda, enda hafi það verið

forsenda fyrir því, að nokkur viðskipti ættu sér stað. Starfsstúlkur stefnda, sem komið hafi fyrir dóminn, hafi borið, að Gert Brovall hafi lofað framkvæmadstjóra stefnda því, að stefndi skyldi fá einkasölurétt á vörum frá stefnanda hérlendis. Á því verði að byggja, að stefndi hafi fengið þennan einkasölurétt.

Þegar í ljós hafi komið, að stefnandi hafi ekki staðið við það loforð, sem framkvæmdastjóra stefnda hafi verið gefið, hafi stefndi rift kaupunum þegar í stað, enda hafi forsendur fyrir þeim verið brostnar. Stefnandi hafi aldrei svarað riftunarkröfu stefnda og því firrt sig rétti til þess að halda kaupunum upp á stefnda, en stefnda hafi verið brýn þörf á því að fá vitneskju um afstöðu stefnanda til riftunarkröfunnnar, þar sem um hafi verið að ræða tískuvöru, sem hafi þurft að selja á ákveðnum árstíma. Af framangreindum ástæðum eigi að sýkna stefnda.

Forsendur og niðurstaða.

Áður er getið, að ágreiningslaust er á milli aðilja málsins, að stefndi pantaði þá vöru, sem stefnandi krefst, að hann greiði, ekki er deilt um verð hennar né afhendingu út af fyrir sig.

Skilmálar þeir, sem stefndi heldur fram, að hann hafi sett fyrir kaupunum og fengið samþykkta, þ. e. a. s. einkasölurétt honum til handa á vörum stefnanda hérlendis, hlutu óhjákvæmilega að hafa í för með sér verulega takmörkun á viðskiptafrelsi stefnanda hér á landi, svo sem bent hefur verið á af hálfu stefnanda. Af þeim sökum svo og samkvæmt almennum reglum um sönnunarbyrði verður að líta svo á, að stefnda beri að leiða í ljós, að af hálfu stefnanda hafi honum verið veittur réttur til einkasölu.

Gegn eindregnum mótmælum umboðsmanns stefnanda, Gert Brovall, verður ekki talið, að stefndi hafi fært nægar sönnur á, að hann hafi fengið einkasölurétt, þrátt fyrir vitnisburði tveggja starfsstúlkna, en fyrir utan tengsl þeirra við stefnda verður að gæta þess, að þær tóku ekki þátt í samningaviðræðunum, heldur voru þær viðstaddar til þess að velja þær vörur, sem panta skyldi. Þá ber og að gæta þess, að ekki verður annað séð en stefndi hefði í upphafi getað tryggt sér örugga staðfestingu á einkasölurétt-inum, hafi hann verið veittur.

Samkvæmt framansögðu verður þessi málsástæða stefnda ekki tekin til greina, og getur hann því ekki byggt á, að sér hafi verið heimil riftun kaupanna vegna þess, að forsendur þeirra hafi brostið.

Þótt stefnandi hafi eigi svarað riftunarkröfu stefnda þegar í stað og haldið áfram að senda vörur þær til landsins, sem pantaðar höfðu verið, verður ekki fallist á það með stefnda, að það eitt, eins og kaupin annars fóru fram, leiði til þess, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til að halda kaupunum upp á stefnda.

Niðurstaða dómsins er því sú, að taka beri kröfur stefnanda til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 480.000.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Pétur Sigurðsson kaupmaður og Ægir Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Pétursson h/f, greiði stefnanda, þýska fyrirtækinu Marc Aurel, DM 9.262.50 með 19% ársvöxtum frá 8. september 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og með 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 480.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 19. júní 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 19. júní, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Fosshálsi 27 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-1181/1980: Hákon Árnason hrl. f. h. Marc Aurel gegn Birni Péturssyni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni nr. 2 dóm sjó- og verslunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 5/1979 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðmundur Jónsson lögfræðingur og krefst fjárnáms fyrir DM. 9.262.50 með 19% ársvöxtum frá 8. sept. 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1. sept. s. á. og með 24% ársvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, kr. 7.300 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 480.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 16.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, en fyrir hann mætir Guðlaugur Bergmann, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í eign/arhlut gerðarþola í Austurstræti 22.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 18. mars 1983.

Nr. 90/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurgeiri Gunnarssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Skilasvik. Gjaldþrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 16. mars 1972. Hann krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd. Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði lækkuð.

Ágrip máls barst Hæstarétti 2. september 1982.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var ákærði úrskurðaður gjaldþrota hinn 9. ágúst 1978. Hinn 29. ágúst s. á. kom ákærði fyrir skiptarétt Reykjavíkur sem „þrotamaður", svo sem bókað er í þingbók. Skýrði hann þar frá eignum sínum og skuldum, en í þingbók er hvorki bókað, að hann hafi verið áminntur um sannsögli né að honum hafi verið leiðbeint. Allt um það gat honum ekki dulist, að á honum hvíldi lagaskylda um að skýra tæmandi frá eignum sínum og skuldum. Sannað er, að hann dró undan eignatali bifreið þá, sem greinir í ákæruskjali, en þá bifreið seldi hann í mars 1979 og hagnýtti sér söluandvirðið. Með þessu atferli þykir ákærði hafa gerst sekur um brot á 250. gr., 4. tölulið, 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem tæmir sök.

Ákærði sætti skilorðsbundinni refsingu með dómi sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1977, og var skilorðstími 3 ár frá uppsögu dómsins að telja. Hinn 25. janúar 1980 var skiptaréttur Reykjavíkur háður og fyrir tekið: „Framhald uppskriftar í þb. nr. 54/1978 Sigurgeir Gunnarsson, sem úrskurðaður var gjaldþrota 9. ágúst 1978". Dómþing þetta var háð í tilefni af bréfi nafngreinds lögmanns, er var umboðsmaður eins kröfuhafans, sem lýst hafði kröfu í bú ákærða, en lögmaðurinn vakti athygli skiptaréttarins á bifreið

þeirri, sem málið fjallar um og þrotamaður hafði ekki greint frá við uppskrift í búinu. Skýrði ákærði frá því, hvernig háttað væri um bifreið þessa og hvers vegna hann hefði ekki talið sér skylt að geta hennar. Ákærði var áminntur um sannsögli eftir því sem bókað er í þingbók, en eigi var vísað til 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Framangreint bréf lögmannsins var ekki kærubréf, enda því eigi beint til rannsóknarlögreglu. Í þinghaldinu í skiptaréttinum var ákærði ekki hafður fyrir sökum vegna refsiverðs brots, og dómprófin beindust ekki gegn honum sem grunuðum um tiltekið refsimæli. Ákvæði 60. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, 6. og 7. gr., um, að réttarrannsókn út af broti stöðvi skilorstíma, þykir eiga að lögskýra svo, að réttarrannsóknin verði að beinast gegn dómfelldum manni sem sökunaut, sbr. nú lög 20/1981, 1. gr., er breytir 1. mgr. 59. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955, 6. gr. Samkvæmt þessu fól þinghaldið í skiptarétti 25. janúar 1980 eigi í sér réttarrannsókn, er rofið gæti skilorðstíma samkvæmt dóminum frá 3. nóvember 1977. Réttarrannsókn út af broti því, sem hér er til úrlausnar, hófst í sakadómi Reykjavíkur hinn 14. janúar 1982. Þá var refsing sú, sem ákærða var dæmd skilorðsbundið hinn 3. nóvember 1977, fallin niður. Sakarefni, sem um var dæmt í þeim dómi, kom því eigi til álita við refsiákvörðun í máli þessu.

Refsing ákærða samkvæmt 250., gr. 4. tl., 1. mgr., almennra hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 5.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Gunnarsson, sæti 2 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóðs, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóm Reykjavíkur 25. febrúar 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 25. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 56/1982: Ákæruvaldið gegn Sigurgeiri Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí 1981, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Sigurgeiri Gunnarssyni húsasmíðameistara, Bakkaseli 27, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. júní 1944, fyrir að hafa við uppskrift á eignum og skuldum í þrotabúi ákærða þann 29. águst 1978 vanrækt að segja til um bifreiðina R 60096, Jeep Cherokee árgerð 1975, sem ákærði eignaðist 19. júní 1978 með afsali frá Mótor h/f, Laugavegi 118, Reykjavík, en umsamið kaupverð var kr. 2.800.000. Ennfremur fyrir að hafa selt sömu bifreið þann 30. mars 1979 Benedikt Arasyni, Kleppsvegi 134, Reykjavík, þá einnig án vitneskju skiptaráðanda, en bú hans var þá enn umdir skiptum vegna gjaldþrots.

Telst þetta varða við 250. gr., 2.—4. tl., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1963 20/4 Reykjavík: Sátt, 7.600 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og tolllögum.
1963 18/5 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarslys.
1966 16/9 Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaga.
1974 2/12 Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.
1977 19/1 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaga.
1977 3/11 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga.
1978 16/10 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
1980 23/10 Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 209. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hinn 9. ágúst 1978 var bú ákærða, Sigurgeirs Gunnarssonar, tekið til gjaldþrotsskipta að beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Hinn 29. sama mánaðar fór fram í skiptaréttinum upp-

skrift á eignum og skuldum búsins. Segir svo í framburði ákærða við uppskriftina:

„Mættur kveðst ekki skulda aðrar skuldir en skuld við skiptabeiðanda. Mættur kveðst stunda sjálfstæðan atvinnurekstur sem byggingameistari. Mættur er kvæntur og telur á framfæri sínu tvö börn.

Aðspurður um eignir kveðst þrotamaður eiga bifreiðina R-33479, Fiat 127 árg., 1973, bifreiðina R-57852, Sunbean Arro, árg. 1970, auk venjulegs innbús.

Upp var skrifað plötuspilari og útvarp, Fidelity, kr. 60.000.-. Ekki var fleira skrifað né virt, enda innan frátökuréttar að mati heitfestra matsmanna.

Mættum var nú bent á, að óheimilt væri að ráðstafa uppskrifuðum munum án samráðs við skiptaréttinn.

Bifreiðin R-33479 var virt á kr. 300.000, en bifreiðin R-57852 á kr. 150.000."

Hinn 14. janúar 1980 ritaði Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, þar sem segir, að samkvæmt upplýsingum Brunabótafélags Íslands hafi ákærði haft bifreiðina R 60096 í tryggingum hjá félaginu frá því fyrir gjaldþrot og til 30. ágúst 1979, er hann seldi hana til Akureyrar. Hafi bifreiðin ekki komið fram við uppskrift á þrotabúi ákærða.

Ákærði Sigurgeir mætti í skiptaréttinum hinn 25. sama mánaðar og var inntur eftir framangreindri bifreið. Hann skýrði frá því, að hann hefði á sínum tíma átt bifreið með skrásetningarnúmerinu R 60096. Bifreið þessi hefði verið af gerðinni Cherokee af árgerð 1975. Kvaðst hann hafa selt bifreiðina manni hér í Reykjavík fyrir kr. 2.300.000, að því er hann minnir, en maður þessi síðan selt bifreiðina til Akureyrar.

Ákærði var spurður, hvort hann hefði átt bifreiðina, er uppskrift fór fram á heimili hans hinn 29. ágúst 1978. Kvaðst hann þá ekki hafa átt þessa bifreið, en hann minni, að hann hefði eignast hana í september eða október þetta ár. Hann hefði keypt bifreiðina af Mótor h/f, sem er dótturfyrirtæki Egils Vilhjálmssonar h/f, og kaupverðið verið kr. 2.500.000. Greiddi hann ekkert út, er kaupin fóru fram, en samþykkti víxla fyrir öllu kaupverðinu.

Ákærði var spurður, hvort hann kynni skýringu á því, sem haldið er fram í bréfi Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, að hann hafi verið með bifreiðina R 60096 í tryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands frá því fyrir gjaldþrot þar til 30. ágúst 1979. Ákærði tók fram, að hann hefði selt bifreiðina í maímánuði 1979 og ekki vitað betur en kaupandinn hefði látið skrá hana á sitt nafn. Kaupandinn heiti Benedikt Arason, Kleppsvegi 134, Reykjavík, og hefði hann ætlað að tryggja bifreiðina strax á sínu nafni.

Geti vel verið, að hann hafi greitt tryggingu af bifreiðinni án þess að breyta nafnskráningunni hjá tryggingarfélaginu. Ákærði sagðist ekki muna nákvæmlega, hvenær hann keypti þessa bifreið.

Ákærði var spurður, hvort hann hefði ekki gert sér ljóst, er uppskrift fór fram á eignum hans hinn 29. ágúst 1978, að honum bæri skylda til að segja til um allar eignir sínar. Ákærði sagði, að ef hann hefði þá verið búinn að eignast umrædda bifreið, hefði hann skuldað allt andvirði hennar, þannig að það hefði átt að koma út á eitt.

Borgarfógetaembættið sendi ríkissaksóknara mál þetta með bréfi, dags. 11. apríl 1980, og ríkissaksóknari sendi rannsóknarlögreglu það til rannsóknarmeðferðar með bréfi, dags. 27. ágúst sama ár. Hóf rannsóknarlögreglan rannsókn málsins hinn 9. september 1980. Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar segir, að aflað hafi verið tölvuútskriftar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins vegna bifreiðarinnar R 60096, sem er af gerðinni Jeep Cherokee S. Á útskriftinni komi fram, að þann 30. mars 1979 hefði Sigurgeir Gunnarsson, Vesturbergi 148, selt bifreiðina R 60096 Benedikt Arasyni, Kleppsvegi 134. Sigurgeir hafði keypt þessa bifreið samkvæmt bifreiðaskrá þann 19. mars 1979 af Mótor h/f, en eigandi þar á undan verið Guðlaugur Óskarsson, Túngötu 16, Keflavík, og var skráningarnúmer bifreiðarinnar þá Ö 3682.

Þá var leitað til Bifreiðaeftirlits ríkisins í Keflavík til að fá upp dagsetningu sölutilkynningar þeirrar, sem gerð var, er Mótor h/f seldi Sigurgeiri Gunnarssyni bifreiðina Ö 3682, en afsal vegna þeirra viðskipta er dagsett 19. júní 1978. Kaupdagur Sigurgeirs Gunnarssonar var samkvæmt tölvuútskrift Bifreiðaeftirlitsins 19. mars 1979.

Framannefnd sölutilkynning um Ö 3682 er dagsett 19. júní 1978. Eins og áður greinir, er kaupdagur sagður annar í skrám Bifreiðaeftirlitsins, en á því var sögð sú skýring, að á þessum tíma hefði kaupdagur verið sagður, þegar bifreiðin var umskráð, en ekki byggt á dagsetningu sölutilkynningar, eins og nú væri gert.

Á skrifstofu Egils Vilhjálmssonar og Mótors h/f að Laugavegi 116 hér í borg voru veittar þær upplýsingar, að Mótor h/f hefði þann 19. júní 1978 selt Sigurgeiri Gunnarssyni bifreiðina Ö 3682. Kaupverðið var kr. 2.800.000, og greiddi Sigurgeir það með þrem víxlum sem hér segir:

1. Víxli að fjárhæð kr. 1.000.000 með gjalddaga 25. ágúst 1978, samþykktum af Magnúsi Erni Tryggvasyni, Skólagerði 13, Kópavogi.

2. Víxli að fjárhæð kr. 1.000.000, með gjalddaga 25. október 1978, samþykktum af sama manni.

3. Víxli að fjárhæð kr. 800.000, með gjalddaga 5. desember 1978, samþyktum af Ragnari J. Jónsyni, Engjaseli 63, Reykjavík.

Ákærði var sjálfur útgefandi víxlanna.

Samkvæmt ljósriti af afsali, dags. 19. júní 1978, sem lagt hefur verið

fram í málinu, selur Mótor h/f Sigurgeiri Gunnarssyni bifreiðina Ö 3682 fyrir kr. 2.800.000, og er kaupverð sagt að fullu greitt við undirritun afsals.

Ákærði gaf út tryggingarbréf sama dag og afsalið er dagsett, þar sem hann setti bifreiðina R 60096 að veði til tryggingar framangreindum víxlum.

Ákærði hefur skýrt svo frá því fyrir dómi, að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 9. ágúst 1978 að beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Ákærði kom fyrir skiptaréttinn 29. sama mánaðar og gaf upplýsingar um eignir sínar og skuldir. Ákærði staðfesti framburð sinn fyrir skiptarétti. Hann tók þó fram, að hann myndi ekki eftir því að hafa sagt fyrir skiptarétti, að hann skuldaði ekki aðrar skuldir en skuld við skiptabeiðanda. Ákærði kveðst hafa skýrt frá um eignir sínar eins og fram kemur í framburði hans.

Hinn 25. janúar 1980 var ákærði kvaddur fyrir skiptarétt Reykjavíkur vegna bifreiðarinnar R 60096, sem hann hafði keypt á árinu 1978, áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta.

Ákærða voru kynnt skjöl, er varða kaup hans á framangreindri bifreið og lögð hafa verið fram í málinu. Hann kvaðst hafa keypt bifreiðina af Mótor h/f, Laugavegi 118, hinn 19. júní 1978, sbr. afsal, dagsett þann dag. Kaupverðið var kr. 2.800.000, og greiddi ákærði það að öllu leyti með víxlum. Tveir af víxlunum, hvor að fjárhæð kr. 1.000.000, með gjalddögum 25. ágúst og 25. október 1978, voru samþykktir af Magnúsi Erni Tryggvasyni, Æsufelli 4, en sá þriðji, að fjárhæð kr. 800.000, með gjalddaga 5. desember 1978, var samþykktur af Ragnari J. Jónssyni, Engjaseli 63. Ákærði var útgefandi á öllum víxlunum. Ákærði setti bifreiðina R 60096 að veði til tryggingar víxlunum, sbr. tryggingarbréf, dags. 19. júní 1978. Ákærði kveðst hafa fengið víxlana frá þeim Magnúsi Erni og Ragnari sem greiðslu á vinnulaunum. Víxillinn með gjalddaga 25. ágúst 1978 hafði ekki verið greiddur, þegar ákærði mætti í skiptaréttinum 29. ágúst, og hafði samþykkjandi sagt, að hann ætlaði ekki að greiða hann strax. Víxill þessi var greiddur um það bil mánuði eftir gjalddaga, en þó þannig, að hann var framlengdur að hluta.

Ákærði kveðst ekki hafa gefið bifreiðina R 60096 upp sem eign í skiptaréttinum 29. ágúst 1978, þar sem hann leit svo á, að hún væri öll í skuld og því í rauninni ekki um eign að ræða. Víxlarnir voru tryggðir með veði í bifreiðinni, og gat Mótor h/f gengið að henni hvenær sem var, ef þeir voru ekki greiddir. Ákærði kveður víxla með gjalddögum 25. október og 5. desember 1978 hafa verið greidda á gjalddögum. Ákærði kveðst hafa selt manni að nafni Benedikt Arason bifreiðina 30. mars 1979 gegn staðgreiðslu.

Niðurstöður.

Svo sem að framan er rakið, var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 9. ágúst 1978. Hinn 29. sama mánaðar kom ákærði fyrir skiptaréttinn og var spurður um eignir og skuldir. Ákærði gaf ekki upp, að hann væri eigandi bifreiðarinnar R 60096. Bifreið þessa hafði hann þó eignast skv. afsali 19. júní sama ár, eins og að framan greinir, og greitt hana með víxlum, sem þeir Magnús Örn Tryggvason og Ragnar J. Jónsson voru samþykkjendur að. Ákærði átti bifreiðina til 30. mars 1979, en seldi hana þá Benedikt Arasyni gegn staðgreiðslu án vitundar skiptaréttarins. Þykir ákærði með framangreindri háttsemi hafa orðið brotlegur gegn 3. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hlaut með dómi sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1977 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Réttarrannsókn hófst fyrir skiptaréttinum hinn 25. janúar 1980 vegna framangreinds brots, eða áður en skilorðstíma skv. dóminum lauk.

Er því rétt skv. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr, 2. gr. laga nr. 20/1981 og 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma brot þau, er ákærði hlaut dóm fyrir 3. nóvember 1977 með broti því, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu. Þykir refsing ákærða skv. því hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 7 mánaða fangelsi. Samkvæmt 57. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu 5 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nar. 22/1955, haldið.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Gunnarsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fullnustu 5 mánaða af refsingunni þykir mega fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóm þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. mars 1983.

Nr. 55/1981. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Orkustofnunar**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Málmtækni s/f,
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Lögmenn. Innheimtulaun. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1981. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi krefst til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar og verði málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þá látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Það er viðurkennt af hálfu áfrýjanda, að síðari hluta árs 1977 hafi Orkustofnun verið komin í vanskil við stefnda. Framkvæmdastjóri stefnda ritaði stofnuninni kröfubréf 9. desember 1977, 1. febrúar 1978 og 1. mars s. á., en greiðsla barst ekki. Er ekki fram komið, að leitað hafi verið eftir samningum við stefnda um greiðslufrest.

Stefnda var rétt að leita aðstoðar lögmanns við innheimtu á skuld áfrýjanda og krefja áfrýjanda um innheimtukostnað. Er ekki tölulegur ágreiningur um innheimtulaunin.

Ber að staðfest niðurstöðu héraðsdóms um skyldu áfrýjanda til greiðslu innheimtulauna og einnig um fjárhæð þeirra, og ber áfrýjanda að greiða vexti, eins og segir í dómsorði.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefnda 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Orku-

stofnunar, greiði stefnda, Málmtækni s/f, 6.639.32 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara og Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Við erum sammála atkvæði meiri hlutans að öðru leyti en ákvörðun hans um vexti.

Í héraði andmælti áfrýjandi ekki vaxtakröfu stefnda af innheimtulaunum sérstaklega. Það gerði hann fyrst fyrir Hæstarétti. Þeim mótmælum andmælti stefndi sem of seint fram komnum. Teljum við því, að taka megi vaxtakröfu stefnda til greina óbreytta, enda brýtur hún ekki í bága við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um dráttarvexti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. janúar 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. desember sl., hefur Málmtækni s/f, Vagnhöfða 29, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. nóvember 1978, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Orkustofnunar, Laugavegi 116, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 663.932 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1978 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir eru þessir:

Á undanförnum árum vann stefnandi töluvert fyrir Orkustofnun, einkum við framkvæmdir við Kröflu og Bjarnarflag. Á síðari hluta ársins 1977 lenti Orkustofnun í verulegum greiðsluerfiðleikum, fyrst og fremst vegna framkvæmda sinna við Kröflu. Lenti stofnunin í vanskilum við marga verktaka, sem unnu þar á vegum hennar, þ. á m. var stefnandi, Málmtækni h/f.

Stefnandi kveðst hafa ítrekað ritað Orkustofnun bréf og farið fram á greiðslu skuldarinnar eða a. m. k. hluta hennar, en skuldin hafi á fyrri hluta ársins 1978 numið u. þ. b. 20 milljónum króna. Einnig kveðst stefnandi hafa rætt margsinnis við starfsmenn Orkustofnunar, iðnaðarráðherra og fulltrúa fjármálaráðuneytisins til þess að freista þess að fá einhverja úrlausn, þar sem ástandið hjá stefnanda hafi verið orðið mjög alvarlegt, en fyrirtækið sé ekki það fjársterkt, að það þoli að safna upp verulegum fjármunum í útistandandi skuldum. Hafi kröfur verið komnar um sölu á eignum stefnanda á opinberu uppboði vegna vanskila. Eftir tæplega 4ra mánaða ítrekaðar árangurslausar innheimtutilraunir hafi stefnandi leitað til lögmanns síns og fengið honum kröfuna til innheimtu.

Hafi lögmaður stefnanda ritað innheimtubréf til Orkustofnunar og samrit til fjármálaráðuneytisins þann 6. apríl 1978 og hafi bréfin verið móttekin s. d. Í bréfum þessum sé Orkustofnun krafin greiðslu höfuðstóls skuldarinnar, sem þá hafi verið talinn kr. 22.617.063, auk vaxta og innheimtukostnaðar, en fjárhæð höfuðstólsins hafi aldrei verið mótmælt. Í bréfinu hafi verið skorað á Orkustofnun að greiða skuldina ásamt vöxtum og innheimtukostnaði fyrir 10. apríl, ella yrði krafan innheimt með málssókn. Að beiðni orkumálastjóra hafi ekki verið hafist handa með málssókn þann 10. apríl, enda þótt ekki lægi fyrir greiðsluloforð. Hafi lögmaður stefnanda jafnframt rætt við ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um mál þetta.

Þann 12. apríl hafi verið orðið ljóst, að Orkustofnun fengi fjármagn til að greiða lausaskuldir sínar, og hafi þá verið gengið frá greiðslu höfuðstóls, er reyndist, eftir að aðiljar höfðu yfirfarið alla reikninga og innborganir liðins árs, nema kr. 19.855.634. Hafi greiðsla þessi verið greidd beint til stefnanda. Næsta dag hafi lögmaður stefnanda lagt fram vaxtaútreikning á grundvelli leiðrétts höfuðstóls auk sérreiknings yfir innheimtukostnað að beiðni Orkustofnunar.

Þann 24. apríl hafi Orkustofnun síðan greitt kr. 1.686.000 til stefnanda upp í dráttarvaxtakröfuna og viðurkennt jafnframt vaxtaútreikning stefnanda nema varðandi vexti fyrir aprílmánuð, þar sem Orkustofnun reiknaði aðeins 1.1%.

Þann 11. maí hafi lögmaður stefnanda ritað Orkustofnun annað bréf,

þar sem ítrekað var, að stefnandi teldi enn ógreiddar kr. 976.975 af skuld Orkustofnunar.

Síðar í maímánuði hafi Orkustofnun greitt til stefnanda eftirstöðvar dráttarvaxtakröfunnar, kr. 313.043, en forráðamenn Orkustofnunar hafi neitað að greiða innheimtukostnað skv. fyrirmælum lögmanns fjármálaráðuneytisins.

Stefndi kveður Orkustofnun hafa greitt öllum verktökum, sem unnið höfðu fyrir stofnunina, höfuðstól krafna sinna þann 12. apríl 1978. Þann sama dag hafi öllum kröfuhöfum verið tjáð, að Orkustofnun mundi efnislega fallast á vaxtakröfur þeirra, en þar sem útreikningar vaxtakrafnanna væru jafnmargs eðlis og aðiljarnir væru margir, mundi stofnunin setja sér ákveðna vinnureglu til að reikna vexti eftir og yrðu vaxtakröfur meðhöndlaðar á sama hátt fyrir alla aðilja. Enginn kröfuhafanna hafi mótmælt þessu. Orkustofnun hafi síðan markað þá afstöðu að fallast á þá útreikningsaðferð, sem stefnandi, Málmtækni h/f, gerði kröfu um í bréfi sínu 1. mars 1978, dskj. nr. 5. Samkvæmt því hafi verið reiknaðir 2.5% dráttarvextir fram til áramóta 1977-1978 og 3% dráttarvextir eftir það, en það frávik þó gert, að fyrir aprílmánuð 1978 hafi einungis verið greiddir dagvextir. Þannig hafi verið greiddir vextir fyrir 12 daga, en ekki fyrir allan mánuðinn. Með þessu móti hafi öllum kröfuhöfum verið greitt og hafi stefnanda verið greiddir þessir vextir þann 24. apríl. Þann 18. maí hafi þessari vinnureglu þó verið breytt af hálfu Orkustofnunar og fallist á að greiða fulla dráttarvexti fyrir allan þennan byrjaða mánuð, þ. e. aprílmánuð. Þann sama dag hafi stefnandi fengið greiddar rúmlega kr. 300 þúsund af þessari ástæðu.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að telja verði, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að leita aðstoðar lögmanns við innheimtu skuldarinnar. Sjálfur hafi stefnandi í nær 4 mánuði reynt að innheimta skuldina án árangurs, en mikið hafi verið í húfi fyrir framtíð fyrirtækisins, að úr rættist með greiðslugetu þess.

Skuldareigandi sé ábyrgur gagnvart lögmanni sínum til greiðslu innheimtulauna, en innheimtukostnaður sé reiknaður út frá þeim höfuðstól og dráttarvaxtafjárhæð, sem Orkustofnun hafi viðurkennt sem réttan og sé skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ kr. 663.932, og sé ekki ágreiningur um útreikninginn. Því sé mótmælt, að ríkissjóður eigi að njóta sérstöðu og vera undanþeginn greiðslu innheimtukostnaðar. Það sé e. t. v. rétt, að greiðsla muni alltaf fást einhvern tímann, þegar ríkissjóður eigi í hlut, en þannig sé það einnig um obbann af þeim kröfum, sem til lögmanna koma. Innheimtuaðgerðir lögmanna séu þvingunaraðgerð, þ. e. hótun um hækkun

kröfunnar, sem almenningur eigi ekki að þurfa að missa gagnvart ríkissjóði. Það sé óeðlilegt, að ríkissjóður sé undanþeginn kostnaði við innheimtuaðgerðir, en ríkisstofnanir beiti almenning hins vegar harkalegum innheimtuaðgerðum.

Krafa um dráttarvexti sé miðuð við 1. júní 1978, en Orkustofnun hafði þá að fullu greitt höfuðstól og dráttarvexti til þess tíma.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu þeim rökum, að það hafi ekki á minnsta hátt verið fyrir tilverknað lögmanns stefnanda, að greiðsla hafi verið innt af hendi þann 12. apríl 1978. Greiðslur til kröfuhafa hafi farið fram þann dag, þegar fjárveiting hafði fengist skv. samþykkt á ríkissjórnarfundi þann 11. apríl. Hafi þá öllum verktökum, sem unnið höfðu fyrir stofnunina, verið greiddur höfuðstóll krafna sinna, hvort sem þeir höfðu lögmenn sér til aðstoðar eða ekki. Atbeini lögmanns skipti því engu máli, enda hafi málið verið á lokastigi, þegar lögmaður stefnanda kom til. Hér beri að hafa í huga sérstöðu ríkisins að þessu leyti. Fari ríkisstofnun fram úr fjárlögum með greiðslur sínar, gerist það eftir ákveðnum leiðum, að umframfjárveitingar séu veittar eða fjármagns aflað með öðrum hætti og slíkt taki einatt nokkurn tíma. Greiðsla sé að sjálfsögðu trygg og fráleitt sé að jafna slíkum skuldum saman við áhættuskuldir, þar sem atbeini lögmanns hafi úrslitaþýðingu um, hvort eða hvenær þær fáist greiddar. Innheimtuaðgerðir lögmanna breyti því varla nokkurn tíma neinu um það, hvenær greiðsla berist kröfuhafa ríkisstofnunar, sem lent hafi í tímabundnum greiðsluerfiðleikum.

Með málssókn þessari sé krafist innheimtulauna. Áður en lögmaður stefnanda skrifaði sitt bréf sex dögum áður en greiðslur voru inntar af hendi, hafði Málmtækni s/f sjálft unnið að innheimtutilraunum án aðstoðar og aldrei krafist þóknunar fyrir. Hið sama gildi um aðra kröfuhafa Orkustofnunar, sem margir hverjir höfðu sjálfir lagt síst minni fyrirhöfn við eftirrekstur um greiðslur frá Orkustofnun. Því sé ljóst, að einungis sé verið að krefja um greiðslu fyrir vinnu lögmannsins fyrir þá tæpu viku, sem nafn hans var tengt innheimtutilraunum.

Vinnuframlag lögmanns stefnanda hafi verið það í fyrsta lagi, að hann skrifaði örstutt bréf til Orkustofnunar, dags. 6. apríl 1978, og afrit af því var sent fjármálaráðuneytinu. Í öðru lagi hafi hann sett upp vaxtaútreikning, sem sé þó algerlega samhljóða útreikningum, sem Málmtækni hafði áður sent Orkustofnun. Útreikningurinn sé því ekki vinna lögmannsins. Útreikningur innheimtulauna á dskj. nr. 10, sem komi fram í fimm línum, sé hins vegar augljóslega verk lögmannsins. Hins vegar sé úr lausu lofti gripið, að reikningur þessi sé saminn að beiðni Orkustofnunar, eins og haldið sé fram í greinargerð. Í þriðja lagi hafi lögmaðurinn skrifað bréf þann 11. maí fyrst og fremst vegna eigin innheimtulauna. Í fjórða lagi hafi

lögmaðurinn átt nokkur samtöl við þann starfsmann Orkustofnunar, sem hafði með þessi uppgjörsmál að gera, og hugsanlega kynni hann einnig að hafa átt símtöl við orkumálstjóra og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytis. Fyrir þetta framlag sitt ætli lögmaðurinn sér hvorki meira né minna en hátt á sjöunda hundrað þúsund króna í þóknun.

Stefnandi haldi því fram, að vanskil stefnda við hann hafi valdið því, að stefnandi hafi staðið frammi fyrir því, að eignir hans yrðu seldar á uppboði vegna vanskila hans við Gjaldheimtuna. Augljóst sé þó skv. dskj. nr. 12 og 13, að vanskil stefnanda við Gjaldheimtuna séu til komin löngu fyrir þann tíma, er vanskil Orkustofnunar við Málmtækni hófust í árslok 1977.

Því sé mótmælt, að stefnandi hafi haft réttmæta ástæðu til þess að leita lögmannsaðstoðar. Höfuðstóll skuldarinnar sé ekki umdeildur, ekki sé um að ræða áhættuskuld, aðeins spurning um tíma, hvenær skuldin verði greidd, ekki hvort hún verði greidd. Afskipti lögmanns hafi þar engin áhrif.

Varakröfu sína, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar, verði sýknukrafa ekki tekin til greina, byggir stefndi á því, að í því tilviki beri að meta innheimtuþóknun með hliðsjón af raunverulegu vinnuframlagi lögmannsins, svo sem að framan er rakið.

IV.

Óumdeilt er, að stefndi var kominn í veruleg vanskil við stefnanda og að stefnandi hafði í u. þ. b. 4 mánuði reynt að innheimta kröfuna hjá stefnda án þess að fá nokkurt ákveðið greiðsluloforð, þegar hann fól lögmanni sínum innheimtuna.

Ekki verður á það fallist með stefnda, að ríkisstofnanir eigi að vera undanþegnar greiðslu á innheimtukostnaði vegna vanskilaskulda þeirra og að aldrei sé réttlætanlegt að ráða sér lögmann til innheimtu slíkra skulda.

Í þessu tilviki öðlast lögmaður stefnanda kröfu á umbj. sinn vegna innheimtuaðgerða í hans þágu, hvort sem aðgerðir hans urðu til að knýja fram greiðslu eða ekki. Kostnaður þessi telst vera afleiðing vanskila stefnda, og ber honum því að greiða stefnanda þennan kostnað. Með því að innheimtustarf þetta fellur undir ákvæði 7. gr. gjaldskrár LMFÍ, sem í gildi var á þessum tíma, verður krafan tekin til greina að öllu leyti, enda hefur útreikningi kröfunnar ekki verið mótmælt tölulega.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður hún því tekin til greina.

Dómkröfur í máli þessu eru gerðar í gömlum krónum, áður en lög nr. 35 frá 29. maí 1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils tóku gildi.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þeirra laga ákvarðast dæmdar fjárhæðir í nýkrónum, og verður tildæmdur höfuðstóll kröfunnar skv. því kr. 6.639.32, sbr. 8. gr. sömu laga.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2.550.00.
Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.
Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. nóvember sl.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Orkustofnunar, Laugavegi 116, Reykjavík, greiði stefnanda, Málmtækni s/f, Vagnhöfða 29, Reykjavík, kr. 6.639.32 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1978 til greiðsludags og kr. 2.550.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. mars 1983.

Nr. 141/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Eiríki Erni Stefánssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 28. maí 1982. Ágrip barst Hæstarétti 6. desember 1982.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu og sakarkostnað, en þess er jafnframt krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu, en til vara, að ákærða verði dæmd vægasta refsing, sem lög heimila. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda.

Samkvæmt gögnum málsins voru brot þau, er greinir í I. lið ákæru, framin í lok júnímánaðar eða í byrjun júlímánaðar 1980.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um sakfellingu og færslu brota til refsiákvæða. Þá þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, þó svo, að vararefsing fésektar verði 10 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsing fésektar verði 10 daga varðhald.

Ákærði, Eiríkur Örn Stefánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. febrúar 1982.

Ár 1982, mánudaginn 15. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 902/1982: Ákæruvaldið gegn Eiríki Erni Stefánssyni.

Málið var höfðað með ákæru, dags. 18. nóvember 1981, á hendur Eiríki Erni Stefánssyni, Goðheimum 23, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 24. mars 1956, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Sumarið 1980 keypt af Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni allt að 100 grömmum af hassi á kr. 10.000 hvert gramm og endurselt Ágúst Skarphéðinssyni allt efnið á kr. 12.000 hvert gramm. Afhendingar fóru fram í Reykjavík.

II.

Í september 1980 keypt 340 grömm af marihuana í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og kostaði efnið allt 250 bandaríska dollara. Síðan flutt efnið

til landsins. Selt nefndum Ágúst Skarphéðinssyni allt að 330 grömmum af efninu á um það bil kr. 4.000 hvert gramm. Var efnið afhent heima hjá nefndum Ágúst á Laugarásvegi 67, Reykjavík."

Framangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, svo sem áður er fram komið, er fæddur 24. mars 1956 í Reykjavík. Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1977 25/7 í Reykjavík: Sátt, 35.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 25/7 1977.

1977 3/10 í Reykjavík: Sátt, 165.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1978 24/3 í Reykjavík: Sátt, 13.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1978 21/6 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. og 50. gr. umferðarlaga.

1979 6/11 í Reykjavík: Sátt, 280.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. 71. gr. hegningarlaga.

1980 13/6 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarlaga.

Málsatvik

Ákæruliður I.

Sumarið 1980 keypt af Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni allt að 100 grömmum af hassi á kr. 10.000 hvert gramm og endurselt Ágústi Skarphéðinssyni allt efnið á kr. 12.000 hvert gramm. Afhendingar fóru fram í Reykjavík.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 22. október 1980 vegna háttsemi, er í þessum ákærulið greinir. Kvað ákærði sig hafa keypt um 35-40 grömm af hassi af Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni fyrri hluta sumars 1980. Kvaðst ákærði hafa selt Ágústi Skarphéðinssyni 15 eða 20 grömm af efninu á gkr. 12.000 grammið.

Nefndur Ágúst bar við lögregluyfirheyrslu 18. október 1980 að hafa móttekið alls 70 grömm af hassi frá ákærða og greitt gkr. 12.000 fyrir grammið. Þá kvaðst Ágúst hafa fengið 30 grömm frá Lars Emil Árnasyni.

Ágúst Skarphéðinsson var yfirheyrður fyrir dómi 22. október 1980. Kvað Ágúst sig hafa um mánaðamótin júní-júlí 1980 hafa fyrst af ákærða keypt 50 grömm af hassi. Einum eða tveimur dögum síðar kvað Ágúst sig hafa haldið á ný til ákærða og í það skiptið hafi kunningi sinn, Lars Emil að nafni, keypt af ákærða 30 grömm. Kvað Ágúst sig hafa beðið utan dyra, meðan kaupin áttu sér stað. Nokkrum dögum síðar kvaðst nefndur Ágúst hafa haldið enn á ný til ákærða og þá keypt af honum 20 grömm af hassi.

Áðurnefndur Lars Emil Árnason bar við lögregluyfirheyrslu 20. október 1980 að hafa keypt 30 grömm af marihuana af ákærða. Tók nefndur Lars þann framburð til baka við lögregluyfirheyrslu 23. október 1980 og kvaðst aldrei hafa keypt hass af ákærða í máli þessu.

Ágúst Skarphéðinsson var yfirheyrður fyrir dómi 23. október 1980, og kvað hann sig þá hafa keypt af ákærða 70 grömm af hassi og áðurnefndur Lars Emil hafi útvegað 30 grömm. Kvað Ágúst sig þannig hafa fengið samtals 100 grömm af hassi frá ákærða.

Vegna ósamræmis í framburði ákærða og Ágústs Skarphéðinssonar varðandi magn hassefna, er Ágúst kvaðst hafa keypt af ákærða, voru nefndir aðiljar samprófaðir fyrir dómi 23. október 1980. Hélt Ágúst þá fast við að hafa sjálfur keypt 70 grömm af hassi af ákærða og að áðurnefndur Lars Emil hafi útvegað sér 30 grömm af hassi frá ákærða.

Ákærði kvaðst hins vegar kannast við að hafa keypt samtals 100 grömm af hassi af Bóasi D. Bergsteinssyni og kvaðst muna eftir að hafa selt Ágústi 50 grömm og síðar 30 grömm af hassi, en kannaðist ekki við að hafa afhent Lars Emil af efni þessu. Kvaðst ákærði ekki vefengja framburð Ágústs varðandi efnismagn og kvað vel geta verið, að hann hafi selt Ágústi áðurnefnd 100 grömm af hassi frá Bóasi D. Bergsteinssyni.

Bóas D. Bergsteinsson var yfirheyrður hjá lögreglu 25. október 1980. Kannaðist hann þá við að hafa selt ákærða 70 grömm af hassi í mars 1980.

Ákæruliður II.

Í september 1980 keypt 340 grömm af marihuana í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og kostaði efnið allt 250 bandaríska dollara. Síðan flutt efnið til landsins. Selt nefndum Ágústi Skarphéðinssyni allt að 300 grömmum af efninu á um það bil kr. 4.000 hvert gramm. Var efnið afhent heima hjá nefndum Ágústi á Laugarásvegi 67, Reykjavík.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 22. október 1980. Lýsti ákærði þá kaupum sínum á 340 grömmum af marihuana í New York í ágúst 1980. Kaupverð var 250 US$. Kvaðst ákærði hafa flutt efnið hingað til lands og

selt Ágústi Skarphéðinssyni að undanskildum 10 til 15 grömmum, er ákærði tók sjálfur. Kvað ákærði Ágúst nú hafa greitt gkr. 4.000 fyrir hvert gramm. Kvað ákærði Ágúst hafa greitt sér gkr. 1.000.000 fyrir efnið.

Ágúst Skarphéðinsson bar fyrir dómi 22. október 1980 að hafa móttekið 330 grömm af marihuana af ákærða. Kvaðst Ágúst hafa selt grammið á gkr. 6.000- 7.000. Hafi síðar svo um samist milli sín og ákærða, að Ágúst skyldi skila gkr. 1.500.000 fyrir efnið, og hafi nú verið skilað gkr. 1.230. 000, og samkvæmt því kvaðst Ágúst nú skulda ákærða gkr. 270 þús.

Niðurstöður.

Ákæruliður I.

Ákærði og Ágúst Skarphéðinsson voru samprófaðir fyrir dómi 23. október 1980. Kvað ákærði sig þá hafa samtals af Bóasi D. Bergsteinssyni keypt 100 grömm af hassi. Þá kvaðst ákærði muna eftir að hafa selt Ágústi í tveimur afhendingum samtals 80 grömm af hassi.

Áðurnefndur Ágúst Skarphéðinsson hefur hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa í tveimur afhendingum keypt alls 70 grömm af hassi af ákærða. Þá kvað Ágúst sig hafa fengið 30 grömm af hassi þannig, að Lars Emil Árnason hafi keypt þau af ákærða. Ágúst var ekki vitni að þeim viðskiptum, heldur kvað sig hafa beðið utan dyra, meðan meint viðskipti hafi átt sér stað.

Ákærði kvaðst við samprófun fyrir dómi 23. október 1980 ekki muna eftir að hafa afhent nefndum Lars Emil hassefni.

Þá hefur Lars Emil neitað við lögregluyfirheyrslu 23. október 1980 að hafa keypt hass af ákærða.

Bóas D. Bergsteinsson kveður sig einungis hafa selt ákærða 70 grömm af hassi.

Með vísan til alls ofanritaðs telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að efnismagn það, er ákærði keypti af áðurnefndum Bóasi D. Bergsteinssyni og seldi Ágústi Skarphéðinssyni, miðist við 70 grömm af hassi.

Ákæruliður II.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í september 1980 keypt 340 grömm af marihuana í Bandaríkjum N-Ameríku og greitt alls 250 bandaríska dollara fyrir efnið. Flutt efnið hingað til lands og selt Ágústi Skarphéðinssyni allt að 330 grömmum af efninu.

Hefur ákærði móttekið gkr. 1.000.000 sem söluandvirði efnanna. Efnisafhendingar áttu sér stað á heimili Ágústs Skarphéðinssonar að Laugarásvegi 67 í Reykjavík.

Ofangreind brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Í ákæruskjali eru brot ákærða auk framangreindra ákvæða talin varða við 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir þeirri lagatilvitnun ofaukið.

Ákærði hefur gengist undir fjórar dómssáttir hér við dóm vegna brota á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Eru nefndar dómssáttir frá 3. október 1977, 10. apríl 1978, 6. nóvember 1979 og 13. júní 1980. Verður við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón bæði af 5. og 8. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá verður við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem varðhald í 3 mánuði. Þá er ákærða gert með vísan til 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að greiða kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Komi varðhald í 30 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, sbr. 141. gr. laga 74/1974, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Örn Stefánsson, fæddur 24. mars 1956, til heimilis að Goðheimum 23, Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 6.000.00. Komi varðhald í 30 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns.

Mánudaginn 21. mars 1983.

Nr. 46/1981. **Jóhannes Arason**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Ferðamiðstöðinni h/f
(Garðar Garðarsson hdl.).

Fargjald. Flutningur á mönnum. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjáð máli þessu með stefnu 13. febrúar 1981. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfur þær, sem stefndi sækir áfrýjanda um í máli þessu, eru vegna flutnings á mönnum, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, og fyrnast á 4 árum. Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf, sbr. 1. málslið 1. mgr. 5. gr. sömu laga, en ekki er upplýst annað en að kröfurnar hafi orðið gjaldkræfar við útgáfu farseðlanna. Kröfur vegna farseðla, útgefinna 3. og 11. júlí 1975, að fjárhæð 1.888.12 krónur voru því fyrndar, er héraðsdómsstefna var birt 22. nóvember 1979. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna áfrýjanda af þessum kröfuliðum. Áfrýjandi viðurkennir, að honum hafi borið að greiða farseðla þá, sem út voru gefnir 5. desember 1975, en heldur því fram, að hann sé búinn að greiða andvirði þeirra, 1.424.95 krónur. Hann hefur ekki gegn mótmælum af hálfu stefnda sannað, að svo sé. Ber því að dæma hann til að greiða stefnda þá fjárhæð. Gegn neitun áfrýjanda telst ósannað, að áfrýjandi hafi verið krafinn um greiðslu á skuld þessari fyrr en með bréfi lögmanns stefnda 17. október 1979. Verða vextir af skuldinni því ekki dæmdir nema frá þeim tíma.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1.424.95 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jóhannes Arason, greiði stefnda, Ferðamiðstöðinni h/f, 1.424.95 krónur með 27% ársvöxtum frá 17. október 1979 til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 6.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 16. janúar 1981.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 14. janúar sl., hefur Ferðamiðstöðin h/f, Aðalstræti 9, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. nóvember 1979, á hendur Jóhannesi Arasyni niðursuðufræðingi, Njarðargötu 5, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 694.227 auk 4.5% vaxta á mánuði og fyrir brot úr mánuði frá 1. október 1979 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlaus.

Málavöxtum er lýst svo í stefnu, að á árinu 1975 hafi stefndi keypt farseðla til útlanda hjá stefnanda og hafi þeir verið skuldfærðir á viðskiptareikning stefnda, samtals kr. 331.307. „Stefnandi vaxtareiknaði skuldina um hver áramót, og nam hún kr. 452.357 pr. 1.1.1978. Á árinu 1978 tók stefndi út einn farseðil að fjárhæð kr. 115.600 og greiddi um leið innborgun kr. 57.800. Þegar reiknaðir höfðu verið vextir til 1.1.1979, nam skuldin kr. 670.920. 16.1.1979 greiddi stefndi innborgun kr. 38.000, en engu að síður nam skuld hans með vöxtum til 1.10.1979 kr. 694.227, sem er stefnufjárhæðin."

Í greinargerð stefnanda segir, að stefndi hafi tilkynnt eftir stefnubirtingu, að skuld vegna farseðla frá 31. ágúst 1978 væri sér óviðkomandi. „Farseðlar þessir, nr. 278/4400130356— og 7, voru gefnir út á stefnda og konu hans, og greiddi kona hans sinn hluta strax, en hluti stefnda var reikningsfærður á viðskiptareikning hans. Stefndi greiddi síðan innborgun á reikning sinn, kr. 38.000, hinn 16.1.1979 og síðan eftir stefnubirtingu kr. 19.800 með pósti."

Við munnlegan flutning gerði lögmaður stefnanda þá leiðréttingu á

framangreindum ummælum, að nefndir seðlar, í raun farseðill vegna einnar ferðar - framhaldsfarseðill, hefðu verið gefnir út á stefnda einan.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram yfirlit, dags. 4. október 1979, er sýnir svofellda sundurliðun stefnukröfunnar:

„03 07 75 Farseðill 278001041574	48.116	
11 07 75 Farseðill 278404341251		
11 07 75 Farseðill 278404341252		
11 07 75 Farseðill 278404340451-2	140.696	
05 12 75 Farseðill mco. 278001042183		
05 12 75 Farseðill mco. 278001042184	142.495	331.307
31 12 75 Vextir 1975 16% í ½ ár	15.100	346.407
31 12 76 Vextir 1976 16%	40.223	386.630
31 12 77 Vextir 1977 17%	65.727	452.357
31 08 78 Vextir 01 01 1978 - 31 08 78		
23.5%	70.813	
31 08 78 Farseðill 2784400130356/7	115.600	
31 08 78 Innborgað	(57.800)	
31 12 78 Vextir 31 08 78 - 31 12 78		
23.5% af 510.157	39.950	620.920
16 01 79 Innborgun	(38.000)	
30 09 79 Vextir 01 01 1979 - 30 09 78		
25.5%	111.307	
Skuld pr. 30. 09 1979 kr.		694.227“

Af hálfu stefnda eru í greinargerð gerðar þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda. Málavaxtalýsing stefnanda er mótmælt þannig:

1) Fjóra farseðla, dags. 3. - 11. júlí 1975, hafi norska firmað Georg J. Krogtoft keypt hjá stefnanda, en starfsmenn þess hafi komið hingað til lands til viðskiptaviðræðna við Örn Erlendsson, stjórnarmann í Ferðamiðstöðinni h/f, og fleiri. Stefndi hafi starfað á þessum tíma hjá Georg J. Krogtoft. Örn Erlendsson hafi útvegað hinu erlenda firma þessa miða hjá stefnanda. Stefndi hafi kvittað fyrir móttöku nefndra seðla fyrir hönd firmans.

2) Farseðla, dags. 5. desember 1975, hafi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnanda, Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður, afhent

stefnda sem greiðslu fyrir vinnu, sem stefndi framkvæmdi fyrir hann, þ. e. að teikna caviar-verksmiðju á Raufarhöfn.

3) Eiginkona stefnda, Kristrún Guðmundsdóttir, hafi keypt farseðil hjá stefnanda hinn 31. ágúst 1978 og greitt við móttöku helminginn út. Seðill þessi muni vera að fullu greiddur.

Að öðru leyti eru dómkröfur stefnda rökstuddar þannig, að krafa vegna farseðla, dags. 3.—11. júlí 1975, sé fyrnd, enda tilbúningur stefnanda, að stefndi hafi verið í föstum, hvað þá óslitnum, viðskiptum við stefnanda. Kannast stefndi ekki við að hafa nokkurn tíma fengið senda viðskiptareikninga frá stefnanda eða greitt innborganir á slíkan reikning. Að auki séu farseðlarnir honum persónulega óviðkomandi. Farseðlar 5. desember 1975 séu að fullu greiddir, hvað stefnda varðar, en að öðru leyti beri Guðjóni Styrkárssyni að svara til greiðslu þeirra. Þá sé farseðill 31. ágúst 1978 stefnda óviðkomandi.

Vaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt.

II.

Í málinu hafa af hálfu stefnanda verið lagðir fram reikningar vegna þeirra farseðla, sem um ræðir. Einnig hafa verið lögð fram myndrit farseðlanna. Verður nú greint frá efni þessara skjala í nokkrum meginatriðum:

1) Reikningur, dskj. nr. 4, dags. 3. júlí 1975, að fjárhæð kr. 48.116. Farþegi tilgreindur Thor Nielsen og tilvísun í farseðil nr. 278001041574. Um þessi atriði ber reikningnum saman við myndrit seðils, Miscellaneous Charges Order, dskj. nr. 10. Á reikningnum er nafnritun stefnda, en hann er stílaður á stefnda c/o Örn Erlendsson.

2) Reikningur, dskj. nr. 5, dags. 11. júlí 1975, að fjárhæð kr. 140.696 vegna farseðla nr. 278404341251, 278404341252 og 278404340451-2. Um þessi atriði ber reikningnum saman við myndrit farseðla, dskj. nr. 11 og 12. Á fyrsttöldum farseðli er farþegi J. Arason, á öðrum Th. Nielsen og á hinum þriðja, sem er framhaldsfarseðill (tvö númer), er farþegi tilgreindur U. Ingvarsdóttir. Reikningurinn er stílaður á stefnda og móttökukvittaður með nafnritun hans.

3) Reikningur, dskj. nr. 6, dags. 5. desember 1975, að fjárhæð kr. 142.495, stílaður á Jóhannes Arason, Lofoten, vegna Miscellaneous Charges Order nr. 278001042183 og 278001042184. Myndrit samsvarandi seðla, dskj. nr. 13, sýnir, að þeir eru gefnir út í tengslum hvor við annan. Farþegar á fyrrnefndum seðli eru tilgreindir K. Arason, A. Arason, A. Arason og I. Arason. Farþegi samkvæmt síðarnefndum seðli er Jóhannes Arason.

4) Reikningur, dskj. nr. 7, stílaður á Kristrúnu Guðmundsdóttur, Njarðargötu 5, Keflavík, c/o Örn Erlendsson, dags. 31. ágúst 1978, að fjár-

hæð kr. 115.600, en eftirstöðvar kr. 57.800 eftir greiðslu sömu fjárhæðar. Myndrit, dskj. nr. 14, farseðla tilgreindra á reikningnum, nr. 2784 400130356/7 sýna, að þeir eru vegna eins og sama ferðalags, og er farþegi á þeim tilgreindur J. Arason.

Af hálfu stefnanda gaf aðiljaskýrslu stjórnarformaður hans, Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður.

Hann kvað dskj. nr. 10 og 13 sýna skuldfærsluviðurkenningar Miscellaneous Charges Order, sem væru þannig, að stefnandi hafi samkvæmt pöntun (þá gjarnan í síma) verið skuldfærður fyrir útgáfu farseðils, sem síðan hafi verið gefinn út erlendis af Loftleiðum h/f. Hann kvað dskj. nr. 12 og 14 hvort um sig sýna farseðil vegna einnar og sömu ferðar, en af tæknilegum ástæðum verið gefnir út tveir seðlar, þar sem á einum og sama seðlinum rúmist aðeins fjórar ferðaeiningar. Hann kvað ástæðu þess, að reikningur, dskj. nr. 7, sé stílaður á eiginkonu stefnda, Kristrúnu Guðmundsdóttur, þótt farseðill, dskj. nr. 14, hafi verið vegna stefnda, hafa verið þá, að hún hafi komið á skrifstofu stefnanda að sækja seðlana (farseðilinn). Hafi Kristrún farið ásamt stefnda, og þá á vegum stefanda, hafi ekki orðið til skuld vegna farseðils hennar. Því sé nú allavega að mestu búið að greiða skuldina vegna nefnds farseðils að undanskildum vöxtum, þ. e. með kr. 57.800, þ. e. með kr. 57.800 og kr. 38.000, en þar við bætist, að stefndi hafi sent stefnanda kr. 19.800 í pósti eftir höfðun máls þessa upp í viðskipti aðiljanna án nánari tilgreiningar. Varðandi farseðla eða skuldfærsluviðurkenningar, útg. í desember, sagði Guðjón Styrkársson, að viðskipti sín og stefnda væru óviðkomandi viðskiptum stefnanda og stefnda. Stefndi hefði að vísu teiknað fyrir sig caviar-verksmiðja á Raufarhöfn og hefði verið um samið, að ekkert yrði greitt fyrir þá frumteikningu, nema hún yrði notuð, sem hefði enn ekki orðið. Hins vegar hefði hann greitt stefnda nokkurn kostnað, þ. á m. ferðakostnað, vegna undirbúnings verksins, en þau viðskipti komi engan veginn við útgáfu nefndra farseðla. Varðandi farseðla, útgefna í júlí 1975, skýrði Guðjón svo frá, að stefnandi hefði ekki átt nein viðskipti við firmað Georg J. Krogtoft að undanskildum ef til vill staðgreiðsluviðskiptum með farseðla. Hann kvaðst vita, að stefndi hefði starfað hjá firmanu, svo og að stefndi og Örn Erlendsson væru nú samstarfsmenn. Það eina, sem hér skipti hins vegar máli, sé það, að stefndi hafi kvittað fyrir móttöku farseðlanna, sbr. dskj. nr. 4 - 5.

Aðiljaskýrsla stefnda fjallaði um þrjú meginatriði:

1) *Viðskipti, sem firmað Georg J. Krogtoft átti við stefnanda.*

Hann kvað Örn Erlendsson hafa beint viðskiptum þessa aðilja til stefnanda, en þó að hann hafi sjálfur verið starfsmaður nefnds firma, væri honum óviðkomandi skuld vegna ógreiddra farseðla, sbr. dskj. nr. 10 og

11. Hann kannaðist við nafnritanir sínar á dskj. nr. 4 og 5. Kvaðst hann ekki hafa séð ástæðu til að hika við að kvitta fyrir móttöku farseðlanna og síst af öllu vegna sambands Arnar Erlendssonar við nefnt firma, en Örn hafi jafnframt verið stjórnarmaður stefnanda.

2) *Viðskipti stefnda og Guðjóns Styrkárssonar.*

Hann kvað hafa verið um talað, að fyrir að teikna fyrir Guðjón cavíarverksmiðja á Raufarhöfn fengi hann farseðla frá Noregi. Hann hafi síðan fengið senda farseðla, sbr. dskj. nr. 6 og 13, handa fjölskyldu sinni frá Lofoten til Hamborgar og aftur til baka.

3) *Varðandi dskj. nr. 7 og 14.*

Stefndi kvað farseðil þann (farseðil + framhaldsseðil), sem greinir á dskj. nr. 14, sbr. dskj. nr. 7, hafa verið greiddan af Lagmetisiðjunni, Garði, og hafi Örn Erlendsson móttekið seðlana fyrir hann hjá stefnanda. Hann kvað eiginkonu sína, Kristrúnu Guðmundsdóttur, hafa farið með sér í ferð þessa og hafi seðlar (seðill) hennar verið með næstu tveimur númerum fyrir ofan, þ. e. 2784460130358/-9. Kristrún hafi sjálf sótt seðla sína og greitt fyrir þá að fullu. Lagði hann fram, dskj. nr. 18, póstkvittun að fjárhæð kr. 19.800, dags. 23. nóvember 1979, sendandi Kristrún Guðmundsdóttir, móttakandi stefnandi, og væri þar um að ræða fullnaðargreiðslu á skuld hennar.

Vitnið Örn Erlendsson, Espigerði 2, Reykjavík, kvaðst vera stjórnarmaður í Ferðamiðstöðinni h/f (stefnanda) og hafa verið frá stofnun og jafnframt væri hann framkvæmdastjóri í Lagmetisiðjunni Garði, þar sem þeir stefndi væru samstarfsmenn og sameigendur. Hann var spurður um viðskipti varðandi dksj. nr. 4, þar sem nafn hans er ritað. Kvað hann þarna um það að ræða, að hann hefði beint viðskiptum þessum til stefnanda og beitt áhrifum sínum til, að miðaverðið fengist lánað, en kvaðst ekki vita, hver hefði fengið það lánað. Hann kvaðst hafa kynnst firmanu Georg J. Krogtoft og samnefndum eiganda þess fyrir milligöngu stefnda, þáverandi starfsmanns firmans, og átt nokkurt samstarf við það, meðal annars með því að selja framleiðsluvörur þess. Þessi samskipti hefðu verið áður en reikningur, dskj. nr. 4, er dagsettur. Hann kvað Thor Nielsen hafa verið starfsmann nefnds firma, en hann hefði ekki komið til Íslands á sínum vegum. Hann skýrði svo frá varðandi það, að nafn hans er ritað á dskj. nr. 7, að Kristrún, eiginkona stefnda, hafi verið starfsstúlka í Lagmetisiðjunni og hafi hann vísað henni á stefnanda. Um leið hafi stefndi farið utan á vegum stefnanda, en sá farmiði hafi verið greiddur af Lagmetisiðjunni.

Vitnið Thor Nielsen vélamaður, Gerðavegi 20, Garði, kvaðst hafa verið starfsmaður firmans G. J. Krogtoft ásamt stefnda, er þeir sumarið 1975 hefðu verið sendir til Íslands í u. þ. b. vikuferð. Hann kvaðst ekki hafa haft samband við Örn Erlendsson í ferðinni, enda ekki verið á hans vegum.

Stefndi gaf skýrslu öðru sinni fyrir dóminum. Hann skýrði þá frá því, að „Ingvarsdóttir", sbr. dskj. nr. 5 og 12, væri tengdamóðir hans, Unnur Ingvarsdóttir, sem ekki hafi verið starfsmanneskja G. J. Krogtoft. Viðurkenndi hann, að það væri hans mál að greiða farseðil þann, sem þar um ræðir, án þess að hann að svo stöddu félli frá málsástæðu, sem byggist á fyrningu.

III.

Stefndi kvittaði fyrir móttöku farseðla, útgefinna í júlí 1975, samtals að fjárhæð kr. 188.812, til flugferða hans sjálfs, tengdamóður og samstarfsmanns hjá hinu norska fyrirtæki, Georg J. Krogtoft. Ósannað er, að það fyrirtæki hafi keypt farseðlana eða að stefndi hafi við kaupin komið fram sem umboðsmaður fyrirtækisins.

Farseðlar, útgefnir í desember 1975, samtals að fjárhæð kr. 142.495, voru vegna flugferða stefnda og fjölskyldu hans. Stefndi hefur ekki leitt sönnur að því, að farseðlarnir hafi verið endurgjald af hálfu Guðjóns Styrkárssonar fyrir teikningu cavíar-verksmiðju.

Krafa stefnanda vegna framangreindra farðseðla telst til verslunarskulda. Augljóst er, að ekki var gert ráð fyrir staðgreiðslu, og þar sem ekki hefur verið leitt í ljós, að samið hafi verið um annan gjalddaga, hófst fyrningarfrestur hennar 1. janúar 1976, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Fyrningarfresturinn samkvæmt 1. tl. 3. gr. sömu laga var því ekki liðinn, er stefna í máli þessu var birt hinn 22. nóvember 1979, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 11. gr. sömu laga.

Rökstuðningur stefnanda fyrir kröfu vegna farseðils, útgefins 31. ágúst 1978, eftirstöðvar að fjárhæð kr. 57.800, er óskýr, en skilja verður framburð stjórnarformanns stefnanda þannig, að höfuðstóll kröfunnar sé nú greiddur. Niðurstaða dómsins varðandi kröfulið þennan er sú, að samhljóða skýrsla stefnda og vitnisins Arnar Erlendssonar um, að skuld vegna farseðilsins hafi ekki stofnast, verður lögð til grundvallar og stefndi sýknaður af öllum kröfum vegna greinds farseðils.

Niðurstaða málsins miðast við verðgildi nýkróna, sbr. gjaldmiðilsskipti, sem urðu um sl. áramót.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 3.313.07 ásamt ársvöxtum, sem ákveðast 13% frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 2.500.00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhannes Arason, greiði stefnanda, Ferðamiðstöðinni h/f, kr. 3.313.07 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 25% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. mars 1983.

Nr. 206/1982. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Lárusi Guðmundi Valdimarssyni

(Unnsteinn Beck hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekunaráhrif. Áfrýjun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Málinu er áfrýjað af hálfu ríkissaksóknara samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 með stefnu 17. september 1981. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ökuleyfissviptingartími verði styttur, en héraðsdómur staðfestur að öðru leyti og kostnaður við áfrýjun málsins greiddur úr ríkissjóði að undanskildum málsvarnarlaunum.

Verjandi tók undir kröfugerð ákæruvaldsins að öðru leyti en því, að hann krafðist þess, að málsvarnarlaun sér til handa yrðu lögð á ríkissjóð.

Ágrip barst Hæstarétti 22. desember 1982.

Ríkissaksóknari hefur lýst yfir því, að af hálfu ákæruvalds séu felldar niður úr ákæruskjali tilvitnanir til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu var málinu einvörðungu áfrýjað „til styttingar á tíma ökuleyfissviptingar" ákærða. Verður því ekki um annað dæmt að efni til.

Eins og greinir í héraðsdómi, ók ákærði 7. og 27. desember 1980 bifreið undir áhrifum áfengis. Voru brot þessi dæmd í einu lagi og refsing ákveðin með tilvísun til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brotið frá 7. desember hefur ekki ítrekunaráhrif á síðara brotið, sbr. 1. mgr. 77. gr. sömu laga. Önnur atriði liggja ekki fyrir í málinu, er réttlæti að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt eftir 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1969. Þykir eftir málavöxtum hæfilegt samkvæmt greindri heimild að svipta hann ökuleyfi í 15 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja.

Kostnaður við áfrýjun sakarinnar greiðist allur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Guðmundur Valdimarsson, er sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja.

Allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Unnsteins Beck hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Bolungarvíkur 25. júní 1982.

Ár 1982, föstudaginn 25. júní, var í sakadómi Bolungarvíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Halldóri Kristinssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 40/1982: Ákæruvaldið gegn Lárusi Guðmundi Valdimarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. júní 1982, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 15. október 1981, á hendur Lárusi Guðmundi Valdimarssyni nema, Völusteinsstræti 22, Bolungarvík, fæddum þar í bæ 28. september 1959, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 7. desember 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í 2960 um götur í Reykjavík,

þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Lækjargötu og Bókhlöðustígs, eftir að ákærði hafði ekið gegn einstefnu niður Bókhlöðustíg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka að morgni laugardagsins 27. desember 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í 2678 úr Hnífsdal til Ísafjarðar, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Seljalandsvegi skammt frá Bifreiðaverkstæði Ísafjarðar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

I.

Sunnudaginn 7. desember 1980, um kl. 0450, stöðvaði lögreglan í Reykjavík bifreiðina Í 2960 á mótum Lækjargötu og Bókhlöðustígs. Bifreiðinni hafði þá verið ekið vestur Bókhlöðustíg, en einstefnuakstur er til austurs eftir þeirri götu. Lögreglumenn þeir, sem sinntu þessu, töldu sig finna greinilegan áfengisþef leggja frá vitum ökumannsins, sem var ákærði í máli þessu, og færðu hann á lögreglustöðina. Öndunarsýni var tekið, og sýndi það III. og IV. stig.

Í skýrslu sinni fyrir dómi segist ákærði hafa komið til landsins frá Sviþjóð í jólaleyfi laugardaginn 6. desember 1980. Um kvöldið fór hann í samkvæmi í heimahús við Laufásveg í Reykjavík og neytti þar áfengis. Segist hann hafa drukkið úr einu eða tveimur glösum af viskýblöndu. Áður um kvöldið hafði hann einnig drukkið tvo erlenda bjóra. Ákærði segist hafa verið þreyttur eftir ferðalagið fyrr um daginn og ekki gera sér ljósa grein fyrir því, hvort hann fann til áfengisáhrifa, en segir, að hann hafi þó ekki verið grunlaus um, að svo hafi verið.

Ákærði segist hafa farið úr samkvæminu og þá sest undir stýri bifreiðarinnar Í 2960 sem kunningi hans á, og ekið henni eftir Laufásveginum að Bókhlöðustíg. Þegar þangað kom, sást honum yfir, að óheimilt var að aka niður Bókhlöðustíg, og ók hann bifreiðinni því eftir götunni niður á Lækjargötu, þar sem hann var stöðvaður af lögreglunni.

Að lokinni skýrslutöku hjá lögreglunni var ákærði fluttur á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni, en að því loknu var hann frjáls ferða sinna.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar var sú, að áfengismagn í blóði ákærða væri 0.67‰ við þetta tækifæri.

II.

Að sögn ákærða fór hann á dansleik í félagsheimilinu í Hnífsdal að kvöldi annars í jólum 1980. Kom hann þangað á bifreið bróður síns, Í 2678. Á dansleiknum neytti hann áfengis og varð ölvaður. Að honum loknum fór ákærði sem farþegi í bifreið í heimahús í Hnífsdal og hélt þar áfram áfengisneyslu. Þegar hann hugðist hverfa á brott úr húsinu undir morgun, reyndi hann árangurslaust að fá leigubifreið. Þegar ákærði komst ekki leiðar sinnar, segist hann hafa freistast til að aka bifreiðinni, sem hann kom á , þ. e. Í 2678. Ók hann henni sem leið liggur úr Hnífsdal til Ísafjarðar.

Í „Króknum" mætti ákærði lögreglubifreið, sem ók fram hjá án þess að stöðva akstur ákærða. Ákærði ók því gegnum bæinn eftir Túngötu, upp brekkuna og um Seljalandsveg og ætlaði inn í „Fjörð". Á Seljalandsvegi í grend við Bifreiðaverkstæði Ísafjarðar var ákærði stöðvaður af lögreglumönnum, sem voru í lögreglubifreiðinni, sem ákærði hafði mætt, áður en henni hafði verið snúið til baka á eftir ákærða. Lögreglumennirnir færðu ákærða á lögreglustöðina, þar sem tekið var úr honum blóðsýni til alkóhólrannsóknar.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar var áfengismagn í blóði ákærða í þetta sinn 1.83‰.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingum, svo kunnugt sé.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það athæfi, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og er þar réttilega heimfært til refsiákvæða. Refsing hans þykir með tilvísun til 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs að fjárhæð kr. 3.500.00, og skal hún greiðast innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 30 daga.

Enn fremur ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 10. júlí 1981 að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Guðmundur Valdimarsson, greiði sekt kr. 3.500.00 til ríkissjóðs innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. júlí 1981 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. mars 1983.

Nr. 153/1981. **Svanhvít Smith**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Adolf Smith og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Kröfu um uppboð á fasteign til sameignarslita synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Einar Ingimundarson sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð ásamt meðdómsmönnunum Kristni Guðjónssyni trésmíðameistara og Sigurði K. Oddssyni byggingatæknifræðingi.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. júlí 1981. Krefst hann þess, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. júlí 1981. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði staðfestur að undanskildu málskostnaðarákvæði hans og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem í úrskurði uppboðsréttar greinir, eru báðir hlutar sumarbústaðarins eins. Var hann í öndverðu byggður sem tvær sjálfstæðar íbúðir sín í hvorum enda. Við þær báðar hafa verið reistar viðbyggingar með útidyrum. Ekkert er sameiginlegt íbúðunum nema anddyri og snyrtiherbergi, sem eru í miðju þvert í gegnum húsið. Aðaláfrýjandi hefur boðist til að kosta breytingu á hinu sameiginlega anddyri og snyrtingu, sem nægi til þess að hvor íbúð fái sérstaka snyrtingu og salerni, en sameiginlegt anddyri verði lagt niður. Yrðu þá íbúðir hússins svo til jafnstórar og með öllu aðskildar, en gagnáfrýjanda boðið að velja hvort snyrtiherbergið hann vildi sameina sinni íbúð. Í matsbeiðni er þess óskað, að matsmenn kveði á um, „hvort bústaðurinn í núverandi byggingarástandi er skiptanlegur sem tvær aðskildar íbúðir, byggðar fjölskyldum hvor annarri óháðum og hvort hið sama gildi einnig um tvískipt afnot

lands.“ Í matsgerð segir, að bent hafi verið á nokkrar leiðir til að skipta bústaðnum, en allar hafi þær nokkurn kostnað í för með sér. Þá segir: „Engin þessara leiða til skiptingar útilokar alveg samskipti þeirra fjölskyldna, sem bústaðinn nota, og verður ekki séð, að skipta megi bústaðnum þannig, að tvær fjölskyldur, hvor annarri óháðar, geti notað bústaðinn án þess að verða töluvert vör (sic) við návist hvor annarrar.“

Með hliðsjón af þeim meginreglum, sem felast í lögum nr. 59/1976, verður matsgerð þessi eftir framangreindum forsendum sínum ekki talin veita sönnun fyrir því, að ekki megi koma við skiptum milli málsaðilja með viðunandi hætti. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem annars er rakið hér að framan, verður synjað um framkvæmd hins umbeðna uppboðs, enda þykja ákvæði reglugerðar nr. 269/1978 og reglugerðar nr. 292/1979 ekki eiga að standa þeirri niðurstöðu í vegi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 18.000.00 krónur.

Dómsorð:

Framangreindri uppboðskröfu gagnáfrýjanda, Adolfs Smith, er synjað.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda, Svanhvíti Smith, 18.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Kjósarsýslu 6. júlí 1981.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 29. júní 1981, að loknum munnlegum málflutningi og að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, hefur uppboðsbeiðandi, Adolf Smith, Bergstaðastræti 52, Reykjavíðk, gert þær dómkröfur, að uppboðsauglýsing verði gefin út þess efnis, að sumarbústaðurinn Bræðratunga í landi Reykjahvols í Mosfellshreppi, hús og land, eign Adolfs Smith og dánarbús Axels Smith, verði seldur á opinberu uppboði til slita á sameigninni og að uppboðsþola, Svanhvíti Smith vegna dánarbús Axels Smith, verði gert að greiða uppboðsbeiðanda hæfilegan málskostnað. Nái uppboð fram að ganga, krefst uppboðsbeiðandi þess einnig að fá að ganga inn í hæsta boð, og er þetta síðasttalda viðbótarkrafa lögmanns uppboðsbeiðanda, framkomin við munnlegan flutning málsins.

Uppboðsþoli, Svanhvít Smith, Eiríksgötu 11, Reykjavík, sem situr í óskiptu búi eftir látinn eiginmann sinn, Axel Smith, hefur gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda. Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður uppboðsþola þá viðbótakröfu, að ef sú krafa lögmanns uppboðsbeiðanda, að hann fengi að ganga inn í hæsta boð, ef uppboðið næði fram að ganga, yrði tekin til greina, en þessari viðbótarkröfu uppboðsbeiðanda mótmælti hann fyrst og fremst, þá gerði hann f. h. uppboðsþola sömu kröfu, þ.e. að ganga inn í hæsta boð.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 27. ágúst 1945, afsalaði Helgi Finnbogason bóndi, Reykjahvoli í Mosfellshreppi, þeim uppboðsbeiðanda, Adolf Smith, og mági hans, Haraldi Ólafssyni stýrimanni, Eiríksgötu 11, Reykjavík, spildu úr landi jarðarinnar Reykjahvols í áðurnefndum hreppi, um 07 ha að stærð, óreglulega að lögun. Byggðu þeir uppboðsbeiðandi og Haraldur síðan sumarbústað á spildunni, og stendur hann nálægt miðhluta landsins. Þann 11. jan. 1947 seldi áðurnefndur Haraldur Ólafsson öðrum mági sínum, Axel Smith, eignarhluta sinn, þ. e. helming í sumarbústað þeim, sem hér ræðir um, en Axel Smith var eiginmaður uppboðsþola, Svanhvítar Smith, eins og áður er frá greint. Nefndur Haraldur hefur vottað 23. febr. 1977, að þegar hann seldi Axel mági sínum sinn hluta eignarinnar, hafi það verið skilyrði fyrir kaupunum, að uppboðsbeiðandi, Adolf Smith, héldi þeim gagnkvæma forkaupsrétti að eigninni (húsi og landspildu), sem þeir höfðu samið um sín á milli, þegar hann (Haraldur) gekk inn í kaupin á landspildunni og þeir hófu byggingu á húsi því, sem þar stendur, þ. e. sumarbústaður sá, sem hér ræðir um. Eigendurnir notuðu bústaðinn þannig, að þeir tóku sinn hvorn enda hans til einkaafnota, en sameinuðust um inngang í miðhluta hússins og snyrtiherbergi. Hlutar hússins, sem eigendurnir hafa til afnota, virðast vera nákvæmlega eins, eða a. m. k. hafi þeir verið byggðir þannig, en fyrir nokkrum árum reistu eigendurnir viðbótarbyggingu, hvor í sínum enda hússins og áfastar við það, og voru dyr og inngangar gerðir í viðbótarbyggingar þessar, þannig að ganga má inn í hvorn endann fyrir sig, án þess að nota þurfi þann inngang í húsið, sem sameiginlegur er fyrir báðar íbúðirnar í miðhluta hússins. Lóðin umhverfis húsið er óskipt og hefur verið það frá upphafi. Er þar orðinn mikill gróður, bæði trjágróður og annað, aðallega á austurhluta lóðarinnar, en austurhluta hússins hefur uppboðsbeiðandi haft til afnota, og heldur hann því fram, að gróðursetningu trjáa og annars gróðurs á lóðinni hafi hann að mestu leyti annast og borið kostnað af . Eigi hann því fremur tilkall til hinnar sameiginlegu lóðar en uppboðsþoli. Þessu hefir uppboðsþoli mótmælt og bent á, að jafnvel þótt uppboðsbeiðandi hafi gróðursett fleiri tré og aðrar plöntur á lóðinni, komi þar á móti, að látinn eiginmaður gerðar-

þola, sem var iðnaðarmaður að atvinnu, hafi vafalaust unnið við húsið og lagt fram fé til, sem orðið hafi báðum málsaðiljum til hagræðis og nota.

Sambúð eigenda umræddrar eignar, þ. e. bræðranna Adolfs og Axels og fjölskyldna þeirra, virðist hafi verið eðlileg og áfallalaus, meðan eiginmaður uppboðsþola (Axel Smith) var á lífi, en hann lést fyrir 6-7 árum, og tóku erfingjar hans (gerðarþoli og börn hennar) þá við afnotum hluta hans í eigninni. Tók síðan í vaxandi mæli, að því er virðist, að bera á persónulegum árekstrum og ósamkomulagi milli sameigendanna um afnot eignarinnar, eins og allmörg skjöl þessa máls bera með sér, en bréfaskriftir virðast hafa verið allmiklar milli málsaðilja og barna þeirra hin síðari ár. Með bréfi, dags. 29. okt. 1979, fór uppboðsbeiðandi þess á leit við uppboðsþola, að hún seldi honum hennar hluta af eigninni eða þann hluta, sem hún hafði afnot af. Svar við bréfi þessu er dags. 20. nóv. s. á., og er bréfið, sem svarið felst í, undirritað af 4 börnum uppboðsþola. Er þar tekið fram afdráttarlaust, að móðir þeirra (uppboðsþoli) fallist ekki á að selja sinn hluta eignarinnar, þar eð um vel skiptanlega eign sé að ræða, bæði hús og lóð. Eru síðan í bréfi þessu og í öðru bréfi, dags. 19. des. s. á., gerðar tillögur um skiptingu húss og lóðar milli sameigenda, og eru þær í stuttu máli á þá lund, að nýju snyrtiherbergi verði komið fyrir, þar sem hinn sameiginleg inngangur í húsið er nú, þannig að snyrtiherbergin yrðu tvö. Hvað snertir skiptingu á lóðinni, er stungið upp á og gerð tillaga um, að í hlut uppboðsbeiðanda falli við skipti allur austurhluti lóðarinnar, þar sem gróður er mestur, og yrði sá hluti afgirtur frá húsi og upp að vegi.

Þá er þess getið í bréfi barna uppboðsþola til uppboðsbeiðanda, dags. 19. des. 1979, að þau (þ. e. uppboðsþoli og börn hennar) séu reiðubúin til að greiða kostnað af vegarlagningu frá aðalvegi í gegn um þeirra hluta lóðarinnar niður að húsinu, þannig að innkeyrsla að húsinu yrði ekki sameiginleg lengur, eins og nú er. Komið hefur einnig fram í málinu, að uppboðsþoli og börn hennar séu reiðubúin til að greiða kostnað við gerð nýs snyrtiherbergis, sem áður er á minnst, og er ekki annað vitað en að bæði þau tilboð um greiðslu kostnaðar, sem af skiptingu húss og lóðar kynni að leiða og hér að framan er getið, standi enn.

Uppástungum þessum eða tillögum hefur uppboðsþoli og lögmaður hans frá upphafi alfarið hafnað með þeim rökum, að eignin, bæði hús og lóð, sé óskiptanleg, svo sem nánar verður rakið í rökstuðningi uppboðsbeiðanda og lögmanns hans fyrir dómkröfum þeirra hér á eftir.

Með bréfi til sýslumannsins í Kjósarsýslu dags. 15. júlí 1980, beiddist síðan Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður þess f. h. uppboðsbeiðanda, að boðin yrði upp til sameignarslita eign sú, sem hér ræðir um, og með bréfi til sýslumannsins í Kjósarsýslu, dags. 24. sept. 1980, beiddist áðurnefndur lögmaður þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess

að „skoða gaumgæfilega sumarbústaðinn Bræðratungu í Mosfellshreppi svo og meðfylgjandi lóð úr Reykjahvolslandi og síðan að kveða á um það, hvort bústaðurinn í núverandi byggingarástandi sé skiptanlegur sem tvær aðskildar íbúðir, byggðar fjölskyldum hvor annarri óháðum og hvort sama gildi einnig um tvískipt afnot lands."

Sem matsmenn voru dómkvaddir þeir Jón Kr. Jóhannesson trésmíðameistari, Reykjavíkurvegi 38, Hafnarfirði, og Helgi Hafliðason arkitekt, Stuðlaseli 44, Reykjavík.

Samkvæmt lokaorðum matsgerðar hinna dómkvöddu manna varð niðurstaða þeirra, „að land og bústaður séu ekki skiptanleg miðað við núverandi notkun." Matsgerðin er dagsett 31. okt. 1980.

Kröfu sína um uppboð til sameignarslita á umræddri eign rökstyður uppboðsbeiðandi með því, að vegna ósamkomulags sameigendanna um afnot eignarinnar og eftir ítrekaðar og árangurslausar sáttaumleitanir sé ekki um annað að ræða en að láta selja eignina, hús og land, sem eina heild og skipta síðan andvirðinu að jöfnu milli eigenda. Húsið sjálft sé óskiptanlegt nema með breytingum, sem hann vilji engann veginn fallast á og verði ekki skyldaður til að þola. Lóðin umhverfis húsið sé ekki heldur skiptanleg, vegna þess að uppboðsbeiðandi eigi ræktun á henni allri að meira eða minna leyti. Hefur lögmaður uppboðsbeiðanda lagt fram í málinu vottorð nokkurra aðilja og mat á trjám og öðrum gróðri á lóðinni máli sínu til stuðnings. Ákvæðum landskiptalaga verði ekki komið hér við frekar en á húslóðum yfirleitt. Enn fremur sé sumarbústaðurinn reistur á þeirri forsendu, að afnotahlutur bróður uppboðsbeiðanda sé ekki seldur „einhverjum og einhverjum", sbr. yfirlýsingu fyrrverandi sameiganda, Haralds Ólafssonar, sem getið er hér að framan.

Framgangi uppboðsins hefur uppboðsþoli mótmælt á þeim grundvelli, að hér sé um tvo sambyggða sumarbústaði að ræða, jafnstóra og nákvæmlega eins. Hér sé þannig um auðskiptanlega eign að ræða og gildi það einnig um landið umhverfis húsið. Eigi skipti því að fara fram samkv. grundvallarreglu 20. kap. kaupabálks Jónsbókar. Ef ekki náist samkomulag um skiptingu lóðarinnar, sé auðvelt að láta landskiptanefnd skipta henni samkv. reglum landskiptalaga. Húsinu hafi raunverulega verið skipt til afnota í fjölda ára. Viðhald á hvorum hluta hússins hafi hvor aðili um sig séð um og hvor aðili um sig hafi byggt við húsið nákvælega eins viðbyggingu. Það eina, sem hafi verið sameiginlegt, sé snyrtiherbergi og sameiginleg forstofa, sem ekki hafi verið notuð um alllangt skeið, því aðalinngangurinn hafi verið í hvorum enda um sig. Arkitekt hafi gert teikningar, sem sýni, hvernig skipta megi húsinu, og bjóðist uppboðsþoli til að láta gera það uppboðsbeiðanda að kostnaðarlausu. Muni uppboðsbeiðanda því ekki verða skaði af. Lóðin sé að sjálfsögðu skiptanleg og ætti að falla í hlut

hvors aðilja um sig sá hluti hennar, sem nær liggur íbúð hvors aðilja. Þá mótmælir uppboðsþoli alfarið þeirri skoðun uppboðsbeiðanda, að plöntur þær, sem á landinu vaxa, séu að einhverju leyti séreign sameigendanna, því að landið sé sameiginlegt og jafnframt allur gróður, sem á því vex. Staðhæfir uppboðsþoli, að hún og hennar fólk hafi unnið jafnmörg dagsverk við eignina og lagt fram jafnmikið fé til hennar og uppboðsbeiðandi, svo sem að er vikið í málavaxtalýsingunni hér að framan.

Mætt hafa til að gefa skýrslu í málinu matsmennirnir Jón Kristján Jóhannesson og Helgi Hafliðason. Hinn fyrrnefndi telur húsið, sem hér ræðir um, ekki skiptanlegt miðað við það, að tveir óskyldir aðiljar búi í því, en hann kveðst telja möguleika á að skipta landspildunni eftir verðgildismati, ef húsið (bústaðurinn) stæði ekki á henni.

Matsmaðurinn Helgi Hafliðason segir matsgerðina miðaða við venjulega notkun á sumarbústöðum án tillits til sambúðarvandamála. Hann telur, að ekki sé unnt að skipta húsinu, sem hér ræðir um, í tvær sjálfstæðar og óháðar íbúðareiningar, því að hér sé um eitt hús að ræða og öll notkun annars hlutans hafi talsverð áhrif á þá, sem í hinum hlutanum búa eða nota hann. Ekki treystir þessi matsmaður sér til að tjá sig um, hvort unnt muni vera að skipta landspildunni umhverfis bústaðinn eftir verðgildismati.

Lögð hafa verið fram í máli þessu gögn, sem bera það með sér, að eign sú, sem hér ræðir um, þ. e. sumarbústaðurinn Bræðratunga í landi Reykjahvols í Mosfellshreppi, hús og land, sé óskipt sameign uppboðsbeiðanda og uppboðsþola með tilliti til álagningar gjalda og þess háttar á eignina, enda virðist nú enginn ágreiningur vera um það milli málsaðilja, að svo sé. Virðist því við úrlausn máls þessa ákvæði í 20. kap. kaupabálks Jónsbókar eiga við, en þau ákvæði hafa verið skilin þannig, að hver sameigandi geti krafist slita á sameign með þeim hætti, að hver fái sinn hluta af eigninni í samræmi við eignarhlutfall sitt, ef skiptum verður við komið, án þess að tjón hljótist af, en af því leiðir, að verði ekki skiptum á eign komið, án þess að verulegt tjón hljótist af fyrir aðilja, megi án samþykkis meðeigenda slíta sameign með uppboðsaðgerð, ef samningar standa ekki til annars.

Uppboðsþoli hefur, svo sem áður er lýst í málavaxtalýsingunni hér að framan, boðist til þess að láta gera snyrtiherbergi á sinn kostnað í þeim hluta bústaðarins, sem hann hefur til afnota, og þar með láta uppboðsbeiðanda eftir það snyrtiherbergi, sem fyrir er í húsinu. Hann (þ. e. uppboðsþoli) hefur einnig boðist til þess, og þá væntanlega á sinn kostnað, að láta leggja veg að inngangi í þann hluta hússins, sem hann hefur til afnota, og með því koma í veg fyrir afnot þess vegar, sem legið hefur að húsinu frá upphafi að inngangi í hluta uppboðsbeiðanda, fyrir þá, sem eiga erindi í húshluta uppboðsþola. Hefur uppboðsþoli með þessum tilboðum sýnt ó-

tvíræðan vilja til að leysa ágreininginn um skiptingu eignarinnar friðsamlega, og ber að virða þá viðleitni. En fleira kemur hér til. Ganga má út frá því, að yrði því húsi og landi, sem hér ræðir um, skipt, mundi hvor hluti eignarinnar, eins og hann yrði við skipti, skráður á nöfn eigenda og gerningi þar um þinglýst, en áður en til slíkra skipta og eftirfarandi þinglýsingar kæmi, væri skylt samkv. V. kafla byggingarreglugerðar nr. 292/1979, 5.6, 5.6.1. og 5.6.2., sbr. 5.9.5 í sama kafla sömu reglugerðar, en öll þessi ákvæði verður að telja, að einnig eigi við um sumarbústaði, sbr. aðallega ákvæði VI. kafla 6.10.4.4. nefndrar reglugerðar, að fá til þess samþykki viðkomandi byggingarnefndar og byggingarfulltrúa, og skylt virðist þessum aðiljum samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál nr. 269/1978, 3. gr., 3.1.1, 3.1.2 og 3.1.3. að setja það skilyrði fyrir samþykki til skiptanna og eftirfarandi þinglýsingar, að eldvarnarveggi yrði komið fyrir á milli húshlutanna, sem samkv. áðurnefndri grein nefndrar reglugerðar 3.1.2. og 3.1.3. virðist eiga að vera nokkurt mannvirki, og mundi gerð slíks veggjar óhjákvæmilega valda allmikilli röskun á eigninni í heild. Slíkri röskun samanlagðri við gerð eldvarnarveggs, gerð snyrtiherbergis innanhúss og gerð vegar utanhúss getur naumast talist eðlilegt, að sameigandi þurfi að hlíta á eign sinni gegn vilja sínum og verði því ekki í tilviki því, sem hér ræðir um, skiptum við komið á umræddri eign án uppboðsaðgerða úr því sem komið er og eftir kröfu uppboðsbeiðanda og á hans ábyrgð.

Samkvæmt framansögðu og með tilliti til matsgerðar dómkvaddra manna, sem hér að framan er getið, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu uppboðsgerðar, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ekki þykja efni til, að rétturinn taki á þessu stigi málsins afstöðu til þeirra krafna málsaðilja, að þeir fái að ganga inn í hæsta boð í eignina.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur. Stafar hann að mestu af fjarveru þeirra, sem hluta eiga að málinu, svo og meðdómanda og dómsformanns á víxl.

Því úrskurðast:

Uppboðsaðgerð til slita á sameign er leyfð á ábyrgð uppboðsbeiðanda á eigninni Bræðratungu, húsi og landi, í landi Reykjahvols í Mosfellshreppi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. mars 1982.

Nr. 84/1981. **Benedikt Valgeirsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Ólöfu Magnúsdóttur
og
Sigríði Skúladóttur
og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Uppboð. Gjaldfelling handhafaveðskuldabréfs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarlefi 30. mars 1981, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl s. á. og gert þær kröfur, að uppboð verði látið fara fram á fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð til hægari í húsinu nr. 140 við Kleppsveg, Reykjavík, til lúkningar veðskuld á 5. veðrétti samkvæmt veðbréfi, útgefnu 30. október 1978, að eftirstöðvum 2.834.808 gkr. með 14% ársvöxtum frá 15. maí 1979 til 15. maí 1980, en með hæstu dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af 3.231.681 gkr. frá þeim degi til greiðsludags, auk innheimtulauna og alls kostnaðar af uppboðinu. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 15. apríl 1981 og krafist þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Elsu Sigurðardóttur Lorange, dags. 28. f. m. Í því segir hún, að hún hafi fengið tilkynningu frá Búnaðarbanka Íslands um greiðslu á 5. veðréttarskuld í Kleppsvegi 140 og þá strax haft samband við gagnáfrýjanda Ólöfu Magnúsdóttur, sem hafi tjáð henni, að hún hefði selt eignina Konráði Axelssyni eða eiginkonu hans, gagnáfrýjanda Sigríði Skúla-

dóttur. Þá kveðst Elsa hafa haft samband við Konráð og afhent honum tilkynningu bankans.

Þá hefur verið lagt fram ljósrit af kvittum Landsbanka Íslands, dags. 28. maí 1982, þess efnis, að Sigríður Skúladóttir hafi þann dag deponerað 6.919.33 krónum vegna afborgunar og vaxta af skuldabréfi, tryggðu með 5. veðrétti í Kleppsvegi 140, á gjalddaga 15. maí 1982.

Krafa aðaláfrýjanda er reist á því, að skuldari samkvæmt veðskuldabréfi sé, enda sé ekki um annað samið, upphaflegur skuldari og annað ekki, nema skuldareigandi samþykki, að nýr skuldari komi í hans stað. Sé því sending tilkynninga til upphaflegs skuldara um greiðslustað handhafabréfs og gjalddaga næg aðvörun, til þess að fella megi allan höfuðstól skuldarinnar í gjalddaga, ef greiðslufall verður á afborgun og vöxtum, enda geymi bréf ákvæði um gjaldfellingu vegna slíkra vanskila. Er regla þessi í samræmi við fræðikenningar um skuldskeytingu og aðskilnað milli kröfuréttar og veðréttar, en eigi er hér á landi skráð regla í lögum þess efnis.

Altítt er, að fasteign skipti einu sinni eða oftar um eiganda, á meðan veðskuld hvílir á henni. Þá skiptir það í raun eiganda veðréttar eignar máli eigi síður en skuldara samkvæmt veðskuldabréfi að fá vitneskju um greiðslustað handhafabréfs, þannig að hann geti staðið í skilum um greiðslu afborgana og vaxta, en ella á hann á hættu gjaldfellingu alls höfuðstóls skuldarinnar og nauðungarsölu á eign sinni, ef kröfuhafi neytir slíks úrræðis. Af dómi Hæstaréttar 10. júní 1936 (Hrd. VII. bindi, bls. 294) þykir mega draga þá ályktun, að kaupandi fasteignar, sem tekur að sér í kaupsamningi eða afsali, sem hann lætur þinglýsa, greiðslu veðskuldar, sem á hinni keyptu eign hvílir, verði við kaupin eigi aðeins veðþoli, heldur einnig samskuldari að veðskuldinni, þó að hinn fyrri skuldari verði að sjálfsögðu ekki leystur undan skuldbindingu sinni, nema skuldareigandi samþykki.

Samkvæmt þessu verður að leggja þá skyldu á eiganda handhafaveðskuldabréfs að tilkynna eigi aðeins útgefanda þess eða fyrri skuldara samkvæmt því um greiðslustað, heldur einnig eiganda veðsins, sem tekið hefur að sér greiðslu veðskuldar og látið þinglýsa kaupsamningi eða afsali, sem greinir frá því. Er þetta í samræmi við venjur og þarfir viðskiptalífsins. Svo sem áður greinir, standa

skráðar réttarreglur eigi í vegi slíkri niðurstöðu, og hún gengur eigi gegn eðlilegum hagsmunum lánveitanda, en gagnstæð niðurstaða gæti hins vegar valdið íbúðareigendum tjóni og eignamissi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann og dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjendum saman 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Benedikt Valgeirsson, greiði gagnáfrýjendum, Ólöfu Magnúsdóttur og Sigríði Skúladóttur, saman 8000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Eftir ákvæðum veðskuldabréfs þess, er í málinu greinir, bar að greiða árlega af því afborgun og vexti, í fyrsta sinn 15. maí 1979. Skuldabréfið var gefið út til handhafa. Útgefanda þess og skuldara, Elsu Sigurðardóttur Lorange, var því ekki skylt að inna hina árlegu greiðslu af hendi, fyrr en eigandi skuldabréfsins vitjaði hennar til hennar eða vísaði henni að öðrum kosti á þann banka eða sparisjóð, sem skuldabréfið hefði til varðveislu og heimtu afborgana og vaxta. Leiðir það af langri venju, að eiganda skuldabréfs til handhafa sé heimilt að gefa fyrirmæli um greiðslu á öðrum stað en heimili skuldara, ef greiðsla þar veldur skuldara ekki aukinni fyrirhöfn að marki.

Ekki er komið fram, að áfrýjanda hafi verið kunnugt um þau eigandaskipti, sem urðu að hinni veðsettu íbúð eftir útgáfu veðskuldabréfsins. Búnaðarbanki Íslands sendi Elsu Sigurðardóttur, sem var skuldari samkvæmt veðskuldabréfinu, tvær tilkynningar vegna skuldabréfsins, aðra dags 5. maí og hina 2. júní 1980. Hlaut henni að vera ljóst, að samkvæmt því væri bréfið til innheimtu í bankanum og að þar bæri henni að greiða þá afborgun og vexti, er féllu í gjalddaga 15. maí 1980. Því er ekki nægilega mótmælt,

að Elsu hafi borist báðar þessar orðsendingar og hún veitt hinni fyrri þeirra viðtöku í tæka tíð fyrir umsaminn gjalddaga. Bar henni því að greiða féð í bankanum á þeim degi.

Með bréfi 8. júlí 1980 tilkynnti aðaláfrýjandi Elsu, að vegna vanskila á hinni gjaldföllnu afborgun og vöxtum neytti hann þeirrar heimildar, sem skuldabréfið veitti, til að krefjast greiðslu á öllum eftirstöðvum þess. Samrit af því bréfi sendi hann gagnáfrýjanda Ólöfu, sem var þinglýstur eigandi hinnar veðsettu íbúðar, og eiginmanni gagnáfrýjanda Sigríðar.

Er hér var komið, voru vanskil orðin slík, að framangreind greiðslukrafa var aðaláfrýjanda heimil. Þar sem kröfunni hefur ekki verið sinnt, en veðskuldabréfið sjálft geymir heimild til að láta selja veðið á nauðungaruppboði án dóms, sáttar eða aðfarar, ef vanskil verða á skuldinni, ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um uppboð til fullnustu á eftirstöðvum skuldabréfsins, en ekki er ástæða til, að við fjöllum nánar um fjárhæð uppboðskröfunnar eða dráttarvexti.

Við teljum og, að dæma beri gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. janúar 1981.

Gerðarbeiðandi, Benedikt Valgeirsson, Laugateigi 7, hefur gert þær réttarkröfur, að 4ra hervergja íbúð á 1. hæð t. h. í húseigninni Kleppsvegi 140 hér í borg verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 28.348.08 með 14% dráttarvöxtum frá 15. maí 1979 til 15. maí 1980, en með hæstu dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 32.316.81 frá þeim degi til greiðsludags, auk innheimtulauna skv. taxta LMFÍ og kostnaðar við uppboðið. Hann krefst málskostnaðar úr höndum Ólafar Magnúsdóttur og Sigríðar Skúladóttur in solidum.

Gerðarþolar, Ólöf Magnúsdóttir, Akurgerði við Nesveg, og Sigríður Skúladóttir, Kleppsvegi 140, hafa krafist þess, að synjað verði um hina umbeðnu uppboðsgerð, og krefjast þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til þess að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 27. þ. mán.

Þann 30. október 1978 gaf Elsa Sigurðardóttir Lorange út veðskuldabréf til handhafa að upphæð gkr. 3.239.781, sem hún lofaði að endurgreiða með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 8 árum, þann 15. maí ár hvert, í fyrsta skipti þann 15. maí 1979. Vextir eru 14% frá 1. maí 1978 að telja

og greiðast árlega á sömu gjalddögum og afborganir. Hún veðsetti skuldareiganda jafnframt allan eignarhluta sinn í húsinu nr. 140 við Kleppsveg, þ. e. 4ra herbergja íbúð á 1. hæð t. h., ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum og því, sem tilheyrir, með 5. veðrétti á eftir tilteknum veðskuldum á 1. og 2. veðrétti, en ótilteknum á 3. og 4. veðrétti að öðru leyti en því, að þær fjárhæðir mega ekki fara yfir gkr. 5.000.000.

Bréfið getur þess, að sé ekki staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta, sé skuldin öll fallin í gjalddaga án fyrirvara. Þegar skuldin sé fallin í gjalddaga, sé veðhafa heimilt að taka hina veðsettu fasteign fjárnámi skv. 15. gr. laga nr. 29/1885 eða að selja hana á uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949.

Veðskuldabréfið er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta, og því var athugasemdalaust þinglýst þann 19. desember 1978. Það ber áritun Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibús, um greiðslu afborgunar þann 25. maí 1979, gkr. 404.973 og vaxta s. d. til 15. maí 1980, gkr. 472.468.

Á endurriti af þinglýsingarbók kemur fram, að Elsa Sigurðardóttir Lorange hefur afsalað Ólöfu Magnúsdóttur hinni veðsettu eign þann 13. desember 1978, og er því afsali þinglýst þann 18. sama mánaðar. Síðan hefur Sigríður Skúladóttir fengið afsal Ólafar fyrir eigninni að undangengnum kaupsamningi, og er afsal gert þann 28. október 1980, en þinglýst þann 2. janúar 1981.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að Búnaðarbanka Íslands hafi verið falið að innheimta afborgum þá og vexti, sem til áttu að falla þann 15. maí 1980. Þannig hafi og verið með farið, er fyrstu greiðslur áttu að fara fram 15. maí 1979. Bankinn hafi þess vegna skrifað Elsu S. Lorange þann 2. júní 1980 og tilkynnt um handhöfn sína og um greiðslustað, en þá hafi ekki verið annað vitað en hún ætti að svara til skuldarinnar. Elsa hafi viðurkennt að hafa fengið þetta bréf og hún hafi látið Ólöfu Magnúsdóttur vita um erindi þess. En bréf bankans hafi engan árangur borið og veðskuldabréfið því verið tekið úr meðferð bankans. Lögmaður gerðarbeiðanda hafi skrifað Elsu S. Lorange bréf þann 8. júlí og krafið hana um greiðslu allra eftirstöðva veðskuldarinnar með vöxtum og innheimtulaunum. Í bréfinu segir, að samrit þess sé sent Ólöfu Magnúsdóttur og Konráði Axelssyni. En talið hafi verið, að Konráð væri kaupsamningsaðili að íbúðinni, en síðar hafi komið í ljós, að kona hans, Sigríður Skúladóttir, var aðili þess samnings.

Uppboðs hafi svo verið krafist þann 15. júlí 1980. Þann 24. júlí hafi komið fram bréf lögmanns uppboðsþola, þar sem greint er frá deponeringu, samtals gkr. 806.834, vegna veðskuldarinnar. Þessari deponeringu hafi verið vísað á bug með bréfi 30. júlí og meðfylgjandi kvittun fyrir deponeringu jafnframt endursend.

Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að veðskuldin hafi verið réttilega eindöguð. Greiðandi hafi áður greitt af veðskuldinni í Búnaðarbankanum og þess vegna mátt ætla, að svo bæri einnig nú að gera. Auk þess hafi sérstök tilkynning um greiðslustað afborgunar og vaxta verið send útgefanda veðskuldabréfsins og ef einhver annar teldi sig hafa skyldu til að svara til skuldarinnar, þá hefði þeim hinum sama verið rétt að deponera á réttum gjalddaga til þess að forðast vanskilaviti. Þetta hafi Ólöf Magnúsdóttir vanrækt, en Sigríður Skúladóttir, sem þá hafði gert kaupsamning við Ólöfu um hina veðsettu eign, hafi deponerað upphæð, sem hún muni að sjálfsögðu hafa talið nægja fyrir afborgun og vöxtum. Þessi deponering sé ófullkomin, þar eð jafnan beri að greiða dráttarvexti frá gjalddaga, en það hafi ekki verið gert, einnig sé sá galli, að ekki hafi verið tilgreint, á hvaða eignarhluta Kleppsvegar 140 veðskuldin hvíli.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður gerðarbeiðanda yfir því, að uppboðinu væri auk Ólfar Magnúsdóttur beint að Sigríði Skúladóttur, Kleppsvegi 140.

Í málflutningi gerðarþolanna er fyrst og fremst minnt á það, að hér sé um að ræða handhafabréf, þar sem sérstakur greiðslustaður afborgana og vaxta sé ekki tilgreindur. Þar af leiði, að greiðslustaður sé hjá greiðanda. Handhafi verði að segja til sín og greiðanda beri engin skylda til að leita hann uppi. Ekki skipti máli, hvar áður hafi verið greitt af skuldinni.

Innheimtubankinn hafi aðeins sent Elsu Sigurðardóttur Lorange tilkynningu um handhöfn sína. Hinn þinglýsti eigandi, Ólöf Magnsúsdóttir, hafi enga tilkynningu fengið og henni hafi verið alveg ókunnugt um greiðslustað að svo komnu. Það hafi verið fyrst þann 14. júlí, að hún fékk að vita um, að lögmaður gerðarbeiðanda hafði veðskuldabréfið undir höndum, en þann dag hafi hún fengið bréf hans, sem dagsett er þann 8. sama mánaðar. Þar með hafi fyrst hafist greiðsluskylda hennar þann 14. júlí og þann 24. sama mánaðar hafi Sigríður Skúladóttir deponerað afborgun og vöxtum, er greiða bar, en Sigríður muni hafa fengið bréf lögmanns gerðarbeiðanda 4 dögum fyrr en Ólöf.

Ætla verði, að gerðarbeiðandi vilji ganga að hinni veðsettu eign til lúkningar skuldinni, og sýni uppboðsgerðir hans það raunar. Honum hafi því borið að krefja hinn þinglýsta eiganda og tilkynna honum um handhöfn sína og síðar um eindögun, en í stað þess hafi Elsa S. Lorange einlægt verið krafin og tilkynning um eindögun fyrst og fremst beint að henni og þess að auki ekki gætt að nota rétt heimilisfang hennar.

Því er haldið fram, að nægilega tímanlega hafi verið deponerað, þannig að gerðarbeiðandi sé engan veginn vanhaldinn, og beri að synja um uppboð.

Við úrskurð í uppboðsréttarmáli þessu er þess fyrst og fremst að gæta,

að veðskuldabréf það, er Elsa Sigurðardóttir Lorange gaf út þann 30. október 1978, er handhafabréf, og er greiðslustaður vaxta og afborgana ekki sérstaklega tiltekinn í bréfinu. Um slík veðskuldabréf gildir sú regla, að greiðandi er ekki skyldur til þess að viðlögðum vanskilavítum að grafast fyrir um handhafa þess, en má bíða þess, að handhafi segi til sín.

Er afborganir og vextir féllu í gjalddaga samkvæmt ákvæðum bréfsins þann 15. maí 1980, var Elsa S. Lorange ekki lengur eigandi hinnar veðsettu eignar, heldur Ólöf Magnúsdóttir, og var afsali til hennar þinglýst þann 18. desember 1978. Engu að síður sendi Búnaðarbandi Íslands tilkynningu um innheimtuhandhöfn sína aðeins til Elsu. Það er ekki upplýst í málinu, að Elsa hafi látið Ólöfu vita um það, að sér hefði borist bréf bankans, eða að Ólöf hafi fengið vitneskju um handhöfn bréfsins eftir öðrum leiðum, fyrr en hún fékk bréf lögmanns gerðarbeiðanda, sem er dagsett 8. júlí 1980. Því er haldið fram, að Ólöfu hafi borist bréf þetta þann 14. júlí, og hefur því ekki verið sérstaklega mótmælt. Um svipað leyti má ætla, að Sigríði Skúladóttur, sem hafði gert kaupsamning við Ólöfu um íbúðina að Kleppsvegi 140, hafi borist samhljóða bréf. Þann 24. júlí deponerar Sigríður gkr. 806.834 í verðbréfadeild Landsbanka Íslands, og þykir dráttur á þeirri athöfn ekki það verulegur, að telja megi gerðarbeiðanda það vanhaldinn, að réttlæti eindögun allrar veðskuldarinnar. Verður heldur ekki talið, að deponering þyki haldin göllum, sem veiti heimild til eindögunar.

Er synjað um framgang hinnar umbeðnu uppboðsgerðar. Það ber að leggja málskostnað á gerðarbeiðanda, og þykir hann hæfilega tiltekinn kr. 1.500.00.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið uppboð nær ekki fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, Benedikt Valgeirsson, Laugateigi 7, greiði Ólöfu Magnúsdóttur, Akurgerði við Nesveg, og Sigríði Skúladóttur, Kleppsvegi 140, saman kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu útskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. mars 1983.

Nr. 201/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Þóri Bjarnasyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982. Ágrip máls barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst lækkunar á refsingu ákærða.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms fór fram í rannsóknastofu í lyfjafræði efnafræðileg rannsókn á sýni úr efni því, sem lagt var hald á, er ákærði kom til Keflavíkurflugvallar 29. maí 1982. Samkvæmt bréfi rannsóknastofnunarinnar 30. desember 1982 reyndist efni þetta vera kannabis.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu á háttsemi ákærða til refsiákvæða, þó svo, að 9. gr. laga nr. 75/1982, sem birt voru 10. júní 1982, verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir að héraðsdómur gekk, sætti ákærði með sáttargerð í sakadómi Reykjavíkur 50.000.00 króna sekt vegna brots gegn „60. gr. tolll. og 33. og 34. gr. áfl.", eins og segir í sakavottorði ákærða, sem lagt var fyrir Hæstarétt. Brot þetta var framið 19. nóvember 1981.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt greindum refsiheimildum og með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til sakaferils hans varðhald 30 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku.

Með hliðsjón af eignarupptöku á því efni öllu, er ákærði flutti til landsins, þykir eigi efni til að ákærði sæti fésekt auk refsivistar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Jóhann Þórir Bjarnason, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. júlí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 19. júlí, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 918/1982: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Þóri Bjarnasyni.

Málið var höfðað á hendur Jóhanni Þóri Bjarnasyni, fæddum 17. september 1948 í Reykjavík, „fyrir að hafa í síðari hluta maí 1982 keypt 240 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir um kr. 8.000 danskar og flutt megnið af því hingað til lands 29. s. m., en við komu til Keflavíkurflugvallar fundust á ákærða um 225 gr af hassinu, sem lagt var hald á."

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 á ofangreindu hassi, sem hald var lagt á.

Ákærði hefur, svo sem áður er rakið, náð sakhæfisaldri og hefur tvívegis gengist undir sátt vegna brota á fíkniefnalöggjöfinni, eða 16. júlí 1979, sekt gkr. 160.000, og 16. apríl 1980, sekt gkr. 75.000.

Ákæra á hendur ákærða var út gefin 5. júlí 1982. Ákærða var birt ákæran í þinghaldi 15. s. m. Mál þetta, sem er í alla staði vel upplýst, var

síðan tekið til dómsálagningar sama dag, og hafði ákærði ekki athugasemdir fram að færa varðandi efni ákæruskjals og játaði skýlaust háttsemi þá, er honum er gefin að sök.

Málsatvik.

Ákærði kom hingað til lands þann 29. maí úr ferð til Kaupmannahafnar. Við tollleit á Keflavíkurflugvelli fundust á ákærða hassefni, sem við vigtun reyndust 225.6 grömm.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík síðar ofangreindan komudag. Kvað ákærði sig hafa keypt 240 gr af hassi í Christianíu í Kaupmannahöfn af sér ókunnum aðilja. Ákærði kvaðst hafa greitt danskar kr. 8.000.00 fyrir efnið. Kvaðst ákærði hafa neytt u. þ. b. 10 gr af efninu ytra, en flutt afganginn innan klæða hingað til lands. Aðspurður kvaðst ákærði hafa ætlað sér að nota efnið mest til eigin neyslu, en þó einnig að selja eitthvað af efninu til að hafa upp í kostnað.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 1. júní 1982, og bar ákærði þá efnislega á sama veg og að ofan hefur verið rakið.

Ákærði var enn yfirheyrður um sakarefni í þinghaldi 15. júlí sl., og kvað ákærði sök sinni rétt lýst í ákæruskjali og ekki hafa athugasemdir fram að færa varðandi efni ákæruskjals.

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, eða að hafa síðari hluta maí 1982 keypt 240 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir kr. 8.000.00 danskar. Ákærði flutti hingað til lands 225.6 gr af efninu, og var lagt hald á efnið við heimkomu ákærða þann 29. maí sl.

Ákærði hefur samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða vara við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem varðhald í 40 daga.

Þá er ákærða gert með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegingarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, að greiða kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 20 daga í sektar stað.

Með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 skulu upptæk til eyðingar 225.6 grömm af hassi, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Efnið er nú í vörslu lögreglu, merkt efnaskrá nr. 787.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Þórir Bjarnason, fæddur 17. september 1948, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Ákærði greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 20 daga í hennar stað.

Upptæk til eyðingar skulu 225.6 gr af hassi, merkt efnaskrá nr. 787.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Föstudaginn 25. mars 1983.

Nr. 267/1981. **Eggert Ó. Sigurðsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ingibjörgu Eggertsdóttur
(Jón Oddson hrl.)
og Böðvari Bragasyni,
skiptaráðanda í Rangárvallasýslu.

Skiptamál. Búskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1981. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. „Eignir búsins verði þær, sem taldar eru tæmandi í uppskrift matsmanna í endurriti úr skiptabók Rangárvallasýslu frá 30. ágúst 1980, samtals að fjárhæð gkr. 54.706.000,00."
2. „Skuldir verði taldar þær, sem frá greinir í áðurnefndri uppskrift gkr. 18.910.101,00 auk kaupkröfu varnaraðila, sbr. bréf hans, dags. 14. mars 1981, gkr. 87.734.550,00, eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins."

3. „Tekið sé boði áfrýjanda um, að hann taki við öllum eignum búsins og taki að sér að greiða skuldir þess, en til vara, að áfrýjanda verði gefinn kostur á að leysa til sín eignir búsins gegn peningagreiðslu á virðingarverði skv. uppskriftinni frá 30. ágúst 1980."

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu Ingibjargar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. desember 1981.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur stefnda, Böðvari Bragasyni skiptaráðanda, eru engar kröfur gerðar og engar kröfur gerðar af hans hálfu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að ágreiningur aðilja í þeim þætti málsins, sem 1. töluliður í kröfum áfrýjanda lýtur að, snýst um það, hvort þriggja herbergja íbúð að Skarphéðinsgötu 6 í Reykjavík, hlutabréf í Görðum h/f að nafnverði 160.000 gkr. og Volvo fólksbifreiðin L 1566 skuli taldar með eignum búsins, en svo var ekki gert við uppskrift þá, er hófst 11. júní 1980, en lauk 30. ágúst s. á. Þykir mega skilja þennan kröfulið áfrýjanda svo, að hann krefjist þess, að þessar eignir verði ekki taldar með eignum búsins við skipti á því. Enn fremur þykir mega skilja þennan kröfulið hans þannig, að við skiptin verði miðað við það matsverð á eignum, sem segir í fyrrnefndri uppskriftar- og virðingargerð, eða 54.706.000 gkr.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, krafðist stefnda opinberra skipta á dánarbúi Önnu móður sinnar með bréfi til skiptaráðanda í Rangárvallasýslu 17. júlí 1979. Ekki er upplýst, hvenær skiptaráðandi fékk bréf þetta í hendur, en hann svaraði því með bréfi 24. ágúst 1979 og hafnaði kröfu stefndu um opinber skipti, þar sem búið hefði verið eignalaust, er Anna lést 11. maí 1949. Þykir ósannað, að krafa stefndu um skiptin hafi komið í hendur skiptaráðanda fyrr en 24. ágúst 1979. Í dómi Hæstaréttar 24. mars 1980 (Hrd. 1980, bls. 833) segir, að fara eigi með skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, „eftir að krafa um opinber skipti hefur komið fram, eins og varnaraðili Eggert Ó. Sigurðsson hefði setið í óskiptu

búi eftir andlát eiginkonu sinnar". Stefnda er fædd 11. mars 1947. Þegar hún krafðist skipta, voru liðin rúmlega ellefu og hálft ár, síðan hún náði fjárræðisaldri, sbr. lög nr. 75 19. desember 1967. Allan þann tíma hafði stenda ekki gert neina kröfu til búskipta. Hafði hún þannig í raun sætt sig við þá meðferð á dánarbúi móður sinnar, sem í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar er jafnað til þess, að faðir hennar hefði setið í óskiptu búi. Samkvæmt því þykir mega líta svo á, að ársfyrirvari sá, sem um ræðir í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 8/1962, eigi hér við. Þykir því rétt að miða búskiptin við þær eignir, sem til voru í búinu, þegar uppskrift lauk 30. ágúst 1980, en þá var liðið ár og nokkrir dagar, frá því að skiptakrafan kom fram. Á þeim tíma voru bæði bifreiðin L 1566 og íbúðin að Skarphéðinsgötu 6 meðal eigna búsins. Samningur sá um afnot íbúðarinnar, sem áfrýjandi gerði við fyrrverandi sambýliskonu sína og greint er frá í hinum áfrýjaða úrskurði, var gerður 13. september 1979, innan framangreinds ársfrests. Stefnda hefur ekki látið á það reyna, hvort samningur þessi væri riftanlegur, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 8/1962. Áfrýjandi seldi hlutabréf sín í Görðum h/f 2. júní 1980, að því er fram kemur af gögnum málsins. Ekki hefur heldur verið látið á það reyna, hvort sú ráðstöfun væri riftanleg. Verða hlutabréf þessi því ekki talin til eigna búsins.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber við skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur að miða við eignir þær, sem fram komu við áðurnefnda uppskriftargerð, eftir því sem kostur er, að viðbættri íbúðinni að Skarphéðinsgötu 6 og bifreiðinni L 1566.

Leggja ber til grundvallar við skiptin verðmæti eignanna, eins og það verður við skiptalok.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um að hafna kaupkröfu áfrýjanda í búið. Í úrskurðinum segir, að engu verði slegið föstu um skuldir búsins á þessu stigi skiptameðferðar, þar sem þær geti breyst frá upphafi til loka skipta. Þykir mega skýra niðurstöðu úrskurðarins svo, að hafnað sé kröfu áfrýjanda um, að skuldir verði taldar þær, sem í uppskriftargerðinni greinir. Ber að staðfesta þá niðurstöðu.

Ákvæði skiptaréttarúrskurðarins um að frávísa að svo stöddu kröfu áfrýjanda um útlagningu eigna búsins ber að skýra svo, að hafnað sé að svo stöddu tilboði hans um yfirtöku á eignum búsins

gegn greiðslu skulda þess. Þykir rétt að líta svo á, að þar sé um að ræða sömu kröfu og áfrýjandi hefur uppi í 3. tölulið krafna sinna fyrir Hæstarétti sem aðalkröfu. Eru ekki efni til að taka þá kröfu til greina að svo stöddu og ekki heldur varakröfu þá, sem í þeim tölulið greinir, með þeim skilyrðum, sem þar segir.

Ákvæði skiptaréttarúrskurðarins um málskostnað á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnar- og gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, samtals 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Við skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur ber, eftir því sem við verður komið, að miða við þær eignir, sem fram komu við uppskriftargerð, sem lauk 30. ágúst 1980, að viðbættri áðurgreindri íbúð að Skarphéðinsgötu 6 í Reykjavík og bifreiðinni L 1566. Leggja ber til grundvallar skiptum verðmæti eigna við skiptalok.

Kaupkrafa áfrýjanda, Eggerts Ó. Sigurðssonar, í búið er ekki tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um, að skuldir búsins við skiptalok verði taldar 18.910.101 gkr., er ekki tekin til greina.

Kröfum áfrýjanda um yfirtöku eða innlausn eigna dánarbúsins er hafnað að svo stöddu.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnar- og gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 12.000.00 krónur.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Með dómi Hæstaréttar 17. desember 1979 var dæmt, að taka

skyldi til opinberra skipta dánarbú látinnar móður stefndu Ingibjargar, en eiginkonu áfrýjanda, Önnu Sigurðardóttur, er andaðist 11. maí 1949. Með dómi Hæstaréttar 24. mars 1980 var enn fremur dæmt, að hin opinberu skipti eftir Önnu ættu fram að fara, eins og áfrýjandi hefði setið í óskiptu búi eftir andlát hennar, og bæri skiptaráðanda að láta fara fram uppskriftar- og virðingargerð á hinu óskipta búi, eins og það væri þá. Þar sem stefnda Ingibjörg var ólögráða við andlát móður sinnar og með vísan til greindra dóma Hæstaréttar tel ég, að 2. mgr. 14. gr., sbr. 59. gr. laga nr. 8/1962 eigi ekki við um skipti þau, er nú fara fram á búi þessu.

Að gengnum dómum Hæstaréttar bar skiptaráðanda að láta skrifa upp og virða búið sem fyrst, sbr. 15. gr. laga nr. 3/1878. Sú gerð hófst þó ekki fyrr en 11. júní 1980. Var henni síðan fram haldið hinn 30. ágúst s. á. Við uppskrift þessa urðu ekki taldar með sem eignir búsins þau verðmæti, er fram til þess tíma hafði verið ráðstafað úr búinu fyrir löggerninga áfrýjanda við aðra aðilja, nema þeim ráðstöfunum væri hrundið, en til þess var skiptarétturinn ekki bær, sbr. 35. gr. laga nr. 3/1878.

Samkvæmt þessu fellst ég á úrlausn meiri hluta dómenda um uppskrift á hlutabréfum í Görðum h/f, bifreiðinni L 1566 og íbúð á Skarðhéðinsgötu 6, en svo sem greinir í atkvæði þeirra, má eftir málflutningi líta svo á, að ágreiningur aðilja varði allar þessar eignir. Að öðru leyti eru í 1. lið dómkröfu áfrýjanda eða í málflutningi ekki tilteknar neinar ákveðanr eignir, sem krafist er, að haldið verði utan skipta. Ber því að vísa þessum þætti dómkröfunnar að því leyti sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar tel ég, að staðfesta megi hann að því er varðar kaupkröfu áfrýjanda í 2. lið dómkröfu hans fyrir Hæstarétti, en eftir málflutningi er ekki ágreiningur um aðrar einstakar skuldir búsins, sem fram voru taldar við uppskriftargerðina.

Þá tel ég og, að staðfesta megi úrlausn skiptaráðanda um 3. lið dómkröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 12. nóvember 1981.

Skiptamál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum mál-

flutningi hinn 15. október sl., varðar ágreiningsefni erfingja í dánar- og félagsbú Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, um það, hvort tilteknar eignir og skuldir búsins, svo sem nánar verður rakið síðar, skuli falla undir búskipti,

Bú þetta er nú til opinberrar skiptameðferðar fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu.

Erfingjar búsins eru:

Eggert Ó. Sigurðsson, eftirlifandi maki, og tvö börn þeirra hjóna, Ingibjörg Eggertsdóttir og Sigurður Eggertsson.

Sóknaraðili skiptamáls þessa er Ingibjörg Eggerstdóttir.

Varnaraðili er Eggert Ó. Sigurðsson.

Samkvæmt greinargerðum aðilja, dskj. nr. 38 og 39, bókunum fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu 2. október sl., framlögðum skjölum þann dag og hinn 15. október sl. eru dómkröfur til úrlausnar í skiptamáli þessu sem hér segir:

Kröfur sóknaraðilja eru þessar:

1. Að eftirfarandi eignir verði dregnar undir skiptin.
   A. Jörðin Smáratún í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, ásamt húsum og mannvirkjum, svo sem eign þessari er lýst og upp er talið í tl. 1—19 A í uppskriftargerð hinn 30. ágúst 1980, og eign þessi verði endurmetin miðað við verðlag, þegar og ef til úthlutunar kæmi.
   B. Uppskrifaðar eignir, sbr. endurrit úr skiptabók Rangárvallasýslu 10. desember 1980, þ. e. eignarhluti búsins í hlutabréfum í Görðum h/f, bifreiðin L 1566, 3ja herb. íbúð að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber, og eignin komi til mats án tilgreindra kvaða og sama gildi um aðrar eignir í þessum þætti.
   C. Peningagreiðslur, kr. 34.900.00, er féllu til búsins, eftir að það var komið til skipta, sbr. kaupsamning, dags. 7. júní 1979, milli varnaraðilja, Eggert Ó. Sigurðssonar, og hins vegar Ólafs Einarssonar o. fl., dskj. nr. 14, 3 tl., b og c, auk vaxta.
   D. Lausafé og peningar, þ. m. t. krafa um innköllun í bönkum, svo og innbú og annað, er kann að teljast til eigna búsins. Einnig innstæður í stofnlánadeildum og önnur verðmæti, er tilheyra búinu samkvæmt könnun skiptaráðanda.
2. Skuldum búsins er af hálfu sóknaraðilja mótmælt, nema þær séu búinu sannanlega viðkomandi.

Kröfulýsingu varnaraðilja í búið, kr. 877.345.00, er alfarið mótmælt sem búinu óviðkomandi.

Öðrum hugsanlegum kröfum er og mótmælt að svo stöddu, þar til hægt sé að taka efnisafstöðu til þeirra, er þær hafa verið studdar það skýrum gögnum, að hægt sé að fjalla um þær. Áskilinn er þó allur frekari réttur til að taka afstöðu til hugsanlegra krafna á búið eftir því sem síðar kann fram að koma í málinu.

Komi fram réttmæt krafa um, að varnaraðili eða annar hugsanlegur aðili málsins leysi til sín eignir búsins að hluta til eða öllu leyti, er gerð krafa um endurmat á verðgildi eigna og verðmæta miðað við innlausnardag og útborgun arfshluta.

Ítrekuð er krafa til skiptaráðanda um viðeigandi aðgerðir og ráðstafanir til riftunar og endurheimtu þeirra verðmæta, er kunna að hafa verið ráðstafað í bága við kröfur sóknaraðilja. Á sama hátt verði gerðar ráðstafanir af hálfu skiptaráðanda til tryggingar fébótakrafna varðandi meðferð varnaraðilja á búinu, svo sem ef ráðstafanir hans hafa skert eignir búsins eða eignir hafi rýrnað vegna aðgerða hans eða aðgerðarleysis.

Þá er og af hálfu sóknaraðilja ítrekuð sú krafa, að skiptaréttur svipti varnaraðilja öllum umráðum búsins.

Þá gerir sóknaraðili kröfu til, að varnaraðilja verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Kröfur varnaraðilja eru þessar:

Að öllum kröfum sóknaraðilja, sem ganga í berhögg við kröfur og málsútlistun varnaraðilja, verði hrundið og búskiptin fari þannig fram:

1. Eignir búsins verði þær, sem taldar eru greindar í uppskrift matsmanna 30. ágúst 1980, samtals að fjárhæð kr. 547.060.00.
2. Skuldir verði taldar þær, sem frá greinir í áðurnefndri uppskrift, kr. 189.101.00, auk kaupkröfu varnaraðilja, sbr. kröfulýsingu hans, að fjárhæð kr. 877.345,00.

Varnaraðili býðst til þess að taka við öllum eignum búsins og til þess að taka að sér að greiða skuldir þess, sbr. 47. og 59. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Af hálfu varnaraðilja er gerð krafa til þess, að málskostnaður verði tildæmdur gjafvarnarhafa úr hendi sóknaraðilja, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en dómsmálaráðuneytið hefur veitt varnaraðilja gjafvörn í málinu með bréfi, dags. 13. október 1981. Þá gerir lögmaður varnaraðilja kröfu til þess, að honum verði tildæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði sem skipuðum talsmanni varnaraðilja.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Lögmenn aðilja hafa óskað eftir því, að framangreind ágreiningsatriði verði tekin í einu lagi til úrskurðar fyrir skiptaréttinum.

Málavextir.

Tildrög opinberrar skiptameðferðar bús þessa er beiðni sóknaraðilja, dags. 17. júlí 1979, til sýslumanns Rangárvallasýslu, þar sem óskað var opinberra skipta á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti, Fljótshlíðarhreppi, sem andaðist hinn 11. maí 1949. Skiptameðferð var mótmælt af hálfu varnaraðilja og ágreiningsefninu vísað til úrskurðar dóms.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 17. desember 1979, var niðurstaðan sú, að taka skyldi búið til opinberrar skiptameðferðar.

Annað ágreiningsefni kom síðan upp á milli aðilja, og varðaði það réttarstöðu varnaraðilja og uppskrift búsins sem grundvöll skiptameðferðar. Deiluefni þessu var einnig vísað til úrskurðar dóms.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 24. mars 1980, var því slegið föstu, að varnaraðili hefði setið í óskiptu búi eftir andlát konu sinnar. Var skiptaráðanda gert að láta fram fara uppskriftar- og virðingargerð á búinu að nýju.

Enduruppskrift hefur farið fram í búinu, og gefin var út opinber innköllun vegna búsins.

Á skiptafundi í búinu 26. september 1980 var þess krafist af hálfu sóknaraðilja, að varnaraðili yrði formlega sviptur umráðum og afnotum eigna búsins og umráðin fengin skiptarétti í hendur. Varnaraðili mótmælti þessu, og var ágreiningsefnið falið skiptaréttinum til úrlausnar. Með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 24. nóvember 1980, var þessari kröfu sóknaraðilja hafnað. Þeim úrskurði var ekki skotið til Hæstaréttar.

Innköllunarfrestur í búið rann út hinn 26. mars 1981. Aðeins ein kröfulýsing barst, var hún frá varnaraðilja vegna ógreidds ráðsmannskaups, er sú krafa meðal ágreiningsatriða til úrlausnar í þessu skiptamáli.

Rétt þykir að rekja nánar þau gögn málsins, er einkum varða þau ágreiningsatriði aðilja, er hér eru til úrlausnar.

Við uppskrift á búinu, sem hófst fyrir skiptaréttinum hinn 11. júní 1980, sagði varnaraðili til eigna og skulda búsins. Hann upplýsti, að með kaupsamningi, dags. 7. júní 1979 (dskj. nr. 14), hafi hann selt leigutökum jarðarinnar Smáratúns allan búpening sinn, vélar sínar og tæki. Í júlí 1979 hafi hann fest kaup á 3ja herb. íbúð að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík. Upplýsti varnaraðili, að fyrrum sambýliskona sín, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, hafi fengið rétt til að búa í þeirri íbúð til lífstíðar án endurgjalds samkvæmt samningi þeirra þar um, dags. 13. september 1979 (dskj. nr. 16). Með samningi þessum áttu að vera komin á full og endanleg skil á fjárskiptum aðilja vegna sambúðar og fjárfélags þeirra.

Þá upplýsti vanaraðili, að hann hafi selt þau hlutabréf, sem hann átti í Görðum h/f, hinn 2. júní 1980 að fengnu samþykki stjórnar félagsins.

Kaupandi var Guðrún Sveinsdóttir, ráðskona varnaraðilja, sem fékk þau sem greiðslu upp í hússtörf, og voru hlutabréfin seld á nafnverði þeirra, kr. 1.600.00.

Ofangreindum eignum, þ. e. 3ja herbergja íbúð að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, hlutabréf í Görðum h/f svo og bifreiðin L 1566, sem varnaraðili fékk á sínum tíma til eigin nota vegna örorku sinnar með niðurfellingu aðflutningsgjalda, var haldið utan við uppskriftargerð búsins, þar sem ekki var um það samkomulag, að þær skyldu dregnar undir skiptin.

Uppskriftargerð lauk svo hinn 30. ágúst 1980, og samkvæmt henni voru eignir búsins metnar á kr. 547.060.00, en skuldir taldar kr. 189.101.00. Á skiptafundi í búinu hinn 26. september 1980 var samþykkt, að framangreindar eignir, sem haldið var utan uppskriftar, yrðu metnar til peningaverðs án viðurkenningar á því, að þær eignir yrðu dregnar undir skiptin. Verðmætamat þetta fór fram hinn 10. desember 1980 að lokinni undangenginni gagnaöflun matsmanna.

Samkvæmt ákvörðun skiptafundar fór fram opinber innköllun á skuldum búsins. Innköllunarfrestur rann út hinn 26. mars sl., eins og fyrr greinir, og barst aðeins ein kröfulýsing, kaupkrafa varnaraðilja að fjárhæð kr. 877.345.00 (dskj. nr. 34).

Varnaraðili seldi bifreið sína, L 1566, Guðrúnu Sveinsdóttur, Smáratúni, samkvæmt afsali, dags. 20. ágúst sl. (dskj. nr. 35). Þessari ráðstöfun hefur verið mótmælt af hálfu sóknaraðilja.

Aðiljum var gefin kostur á því að setja fram rökstuddar tillögur sínar um skiptagrundvöll búsins, og eru það greinargerðir þeirra á dskj. nr. 38 og 39, sem liggja til grundvallar þeim atriðum, sem um er deilt í máli þessu, er aðiljar höfðu lýst því yfir, að þeir óskuðu þess, að kröfur þeirra yrðu sameinaðar og úr þeim leyst í einu lagi, var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 2. október sl. Málið var síðan endurupptekið hinn 15. október sl. vegna nýrra gagna og tekið til úrskurðar að nýju að loknum endurflutningi þann dag.

Ekki þykir ástæða til að rekja gögn málsins frekar

Um gang skiptameðferðar bús þessa að öðru leyti vísast í fyrri úrskurði skiptaréttarins.

Málsástæður og lagarök.

Varðandi kröfur sínar í máli þessu vísar sóknaraðili að mestu til laga og reglna um skipti á dánar- og félagsbúum. Kröfur sínar séu í samræmi við gildandi rétt. Tvímælalaust tilheyri tilgreindar eignir í kröfugerð hans búinu. Vegna framkomu varnaraðilja í málinu hafi búskipti dregist óeðlilega mikið og því sé krafa um vexti af lausafé og endurmat eigna eðlileg. Meta beri verðmæti til raungildis við lok skipta og þegar til úthlutunar

kemur. Eigi liggi fyrir nein haldbær gögn til að taka afstöðu til hugsanlegra skulda búsins, enda slíkum kröfum mótmælt vegna „preklusivra" áhrifa. Eina krafan, sem lýst hafi verið í búið, sé krafa varnaraðilja, sem sé svo mikil fjarstæða, að varla þurfi að ræða hana frekar. Er hér vísað til gildandi laga og réttar, þ. m. t. „confusio"-áhrif. Kröfum sóknaraðilja sé mjög í hóf stillt og reynt að draga upp rétta mynd af efnahag búsins. Vakin er athygli á því, að uppskrift hefur aldrei verið lokið, svo sem varðandi lausafé og könnun hjá bönkum og stofnlánadeildum. Reynt hafi verið ítrekað að semja við varnaraðilja, en án árangurs, og sé því kröfugerð þessi nauðsynleg. Vegna framkomu varnaraðilja í máli þessu telur sóknaraðili, að rík ástæða sé til, að varnaraðilja verði gert að greiða sér refsimálskostnað.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar og sjónarmið gegn dómkröfum sóknaraðilja í samræmi við framsetningu sóknaraðilja á kröfugerð sinni í greinargerð.

1. A. Af hálfu varnaraðilja er engin athugasemd gerð vegna uppskriftar og virðingar eigna samkvæmt uppskriftargerð 30. ágúst 1980.

B. Mótmælt er harðlega, að svokallaðar eignir undir þessum lið verði taldar með eignum búsins. Varnaraðili rökstyður mótmæli sín nánar í þessu efni þannig:

Hlutabréf í Görðum h/f hafi hann selt Guðrúnu Sveinsdóttur 2. júlí 1980 og hafi þau verið seld á nafnverði, kr. 1.600.00. Verðmætamat þeirra, kr. 15.000.00, hafi síðan verið út í hött og óviðkomandi búskiptum.

Varðandi bifreiðina L 1566 sé um að ræða örorkubifreið, sem varnaraðili hafi keypt sérstaklega til eigin afnota og sé háð öllum þeim skilyrðum, sem slíkar bifreiðar séu. Bifreiðin hafi verið seld, og eru endurtekin öll fyrri mótmæli gegn því, að bifreiðin verði dregin inn í skiptin.

Varðandi 3ja herb. íbúð að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, hafi greinilega komið fram í skjölum málsins, hvernig afskiptum varnaraðilja af þessari íbúð sé farið. Fyrrverandi sambýliskona hans og móðir barna hans margra fékk þessa íbúð sem eins konar umbun upp í störf hennar og barnanna við bú varnaraðilja. Ef íbúðin væri reiknuð til fulls verðs sem eign varnaraðilja eða bús hans, þá ætti Sigurbjörg Guðjónsdóttir, sambýliskona, óskoraða kröfu á varnaraðilja vegna ráðskonukaups og fleira. Þess vegna og vegna þeirrar kvaðar, sem íbúðinni fylgir um afnotarétt Sigurbjargar Guðjónsdóttur, sé hagkvæmara, að íbúðin teljist ekki með sem eign búsins, heldur beri að skoða það svo, að Sigurbjörgu hafi verið greidd hennar skuld með þeirri skuldbindingu, að íbúðin sé til afnota fyrir hana, á meðan hún þarf þess með. Að þessu athuguðu sé því eindregið mótmælt, að íbúðin að Skarphéðinsgötu 6 sé talin með eignum búsins. Matsmenn hafi ekki heldur talið unnt, svo raunhæft væri, sbr. matsgerð frá 10. desember 1980,

að meta íbúðina til peningaverðs með þeirri kvöð, sem á henni hvílir samkvæmt samningi um slit á fjárfélagi milli Eggerts Ó. Sigurðssonar og Sigurbjargar Guðjónsdóttur. Þessi samningur hafi ekki verið vefengdur af sóknaraðilja og því verið slegið föstu með dómi Hæstaréttar frá 24. mars 1980, að varnaraðili hafi haft full umráð búsins, síðan kona hans lést.

C. Allar þær greiðslur peninga, sem tilgreindar séu af sóknaraðilja undir þessum lið, hafi farið til þess að greiða íbúðina að Skarphéðinsgötu 6, svo hægt væri að fullnægja ákvæðum fyrrgreinds samnings varnaraðilja við sambýliskonu hans. Þetta sé með öllu óraunhæf krafa hjá sóknaraðilja, því að peningar þessir liggi ekki fyrir í búinu og hafi aldrei verið taldir með eignum þess.

D. Varðandi kröfu sóknaraðilja samkvæmt þessum lið um innköllun í bönkum og um innstæður í stofnlánadeildum er af hálfu varnaraðilja mótmælt sem bábilju. Stofnlánadeildir varðveiti ekki innstæður og annað sé eftir því. Allar eignir í lausafé og peningum komi fram í uppskrift hinn 30. ágúst 1980.

2. Skuldir búsins.

Sóknaraðili hafi mótmælt kröfu varnaraðilja um kaupgreiðslur án þess að færa að því nokkur rök, að krafan sé of hátt reiknuð. Hér verði að koma til athugunar, að þegar varnaraðili tók við búinu eftir lát eiginkonu sinnar, átti búið sannanlega ekki fyrir skuldum. Það sé ekki með nokkru móti hægt að ætlast til þess, að einstaklingur eyði miklum hluta ævi sinnar til þess að vinna fyrir aðra fyrir ekki neitt. Það sé í algeru samræmi við það, sem eðlilegt megi telja, að varnaraðili fái laun fyrir starf sitt og að sú krafa fyrnist ekki fremur en krafa ráðskonu fyrir ógreitt kaup, á meðan starfið er óslitið. Því sé eigi heldur haldið fram, að krafan sé að einhverju eða öllu leyti fyrnd, og komi því sú málsástæða eigi til greina. Þá leggi sóknaraðili fram algerlega órökstudd mótmæli gegn öllum skuldum búsins og því sé þess krafist af hálfu varnaraðilja, að allar skuldirnar, eins og þeim hefur verið lýst og skrifaðar upp, verði teknar til greina.

Niðurstaða.

Svo sem rakið hefur verið, er ágreiningur með aðiljum varðandi eignir og skuldir búsins svo og skiptameðferðina í því sambandi. Við úrlausn þeirra ágreiningsatriða skiptir réttarstaða varnaraðilja meginmáli.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 28/1980 hefur verið kveðið á um það, hvaða sjónarmið laga skuli lögð til grundvallar skiptameðferð bús þessa. Er svo litið á, að varnaraðili hafi setið í óskiptu búi frá andláti eiginkonu sinnar og haga skuli skiptameðferð nú í samræmi við það.

Ákvæði II. kafla erfðalaga nr. 8/1962 um óskipt bú eigi því við, er réttarstaða varnaraðilja og skiptameðferð búsins er metin.

Krafa sóknaraðilja um skipti var sett fram með bréfi til skiptaráðanda Rangárvallasýslu, dags. 17. júlí 1979. Svo sem mál þetta er vaxið, þykir 1. mgr. 14. gr. erfðalaga nr. 8/1962 eiga við um skiptakröfu þessa og beri því að leggja til grundvallar skiptum eignir búsins á þeim tíma, er krafa sóknaraðilja kom fram.

Að því er varðar ráðstafanir varnaraðilja á eignum og fjármunum búsins, eftir að opinberra skipta hafði verið krafist, verður að telja, að gegn mótmælum sóknaraðilja hafi þær verið varnaraðilja óheimilar.

Þetta á við um ráðstöfun 3ja herb. íbúðar að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, sölu hlutabréfa í Görðum h/f og sölu bifreiðarinnar L 1566.

Lagaheimild brestur til að undanskilja bifreiðina L 1566 eignum búsins, enda hefur kvöð sú, er á bifreiðinni hvíldi vegna eftirgjafar aðflutningsgjalda, verið afnumin.

Eignir þessar eða andvirði þeirra ber því að telja með, er metinn er fjárhagur búsins við arfsúthlutun til sóknaraðilja.

Af ákvæðum 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878 leiðir þó, að skiptaréttur er ekki til þess bær að rifta greindum ráðstöfunum varnaraðilja að lögum, þar sem um er að ræða löggerninga við aðilja, er utan búsins standa. Varðandi peningagreiðslur þær, sem til búsins féllu vegna sölu varnaraðilja á búfénaði og fl. samkvæmt kaupsamningi, dag. 7, júní 1979, liggur fyrir, að þeim fjármunum var varið til kaupa á íbúðinni að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, og innifelast því í þeirri eign. Krafa sóknaraðilja um það, að hluti kaupverðsins, kr. 34.900.00, falli til búsins sem sérstök eign, verður því ekki tekin til greina.

Ekki þykir efni til að ætla, að búið eigi aðrar eignir en fram hafa komið við skiptameðferð fram að þessu, og verður krafa sóknaraðilja um innköllun í því sambandi ekki tekin til greina.

Það er ekki ágreiningsatriði með aðiljum, að jörðin Smáratún, Fljótshlíðarhreppi, ásamt meðfylgjandi húsum og mannvirkjum sé eign búsins.

Varðandi skuldir búsins almennt verður engu slegið föstu um þær á þessu stigi skiptameðferðar, enda ljóst, að þær geta breyst frá upphafi og til loka skiptanna. Í þessu sambandi má benda á, að komi til riftunar á samningi varnaraðilja og Sigurbjargar Guðjónsdóttur varðandi íbúðina að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, má gera ráð fyrir fjárkröfu hennar á hendur búinu.

Hvað viðkemur kaupkröfu varnaraðilja á hendur búinu verður eigi fallist á réttmæti hennar, enda leiða réttarreglur um óskipt bú til þess, að slík krafa stenst ekki. Ber því að synja um hana.

Lögum samkvæmt á varnaraðili rétt til þess að fá eignir búsins lagðar sér út eftir virðingu, sbr. 46. og 47. gr. skiptalaga, en eigi þykir unnt að taka þá kröfu hans til meðferðar nú, heldur beri að fjalla um hana sérstak-

lega á síðara stigi skiptameðferðarinnar. Ber því að vísa þeirri kröfu frá að svo stöddu.

Varðandi þær kröfur sóknaraðilja, að gripið verði til viðeigandi aðgerða og ráðstafana til riftunar og endurheimtu þeirra verðmæta, sem ráðstafað hefur verið í bága við kröfur hans varðandi sérstakar ráðstafanir af hálfu skiptaráðanda til tryggingar fébótakrafna, sem varða meðferð varnaraðilja á búinu, svo og varðandi þá kröfu, að varnaraðili verði sviptur umráðum búsins, þá þykir ekki unnt að fjalla um þær efnislega í þessum þætti málsins, heldur beri að taka þær til meðferðar sérstaklega. Ber því að vísa þeim frá að svo stöddu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins þessi samandregin:

Til grundvallar skiptum skal leggja eignir búsins, eins og þær voru á þeim tíma, er krafa sóknaraðilja um skipti kom fram.

Ráðstafanir varnaraðilja á eignum búsins eftir þann tíma teljast óheimilar, þ. m. t. ráðstöfun 3ja herb. íbúðar að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, sala hlutabréfa í Görðum h/f og bifreiðarinnar L 1566, og ber að telja eignir þessar eða andvirði þeirra með, er metinn er fjárhagur búsins við arfsúthlutun til sóknaraðilja.

Krafa sóknaraðilja um það, að hluti kaupverðs, kr. 34.980.00 vegna sölu lausafjár falli til búsins sem sérstök eign, er ekki tekin til greina.

Krafa sóknaraðilja um sérstaka könnun og frekari eignainnköllun er ekki tekin til greina.

Kaupkröfu varnaraðilja í búið er synjað.

Kröfu varnaraðilja um útlagningu eigna búsins er vísað frá að svo stöddu.

Kröfu sóknaraðilja um sérstakar riftunarráðstafanir til endurheimtu eigna búsins, kröfu um ráðstafanir til tryggingar fébótakrafnanna úr hendi varnaraðilja og kröfur sóknaraðilja um, að varnaraðili verði sviptur umráðum búsins, öllum þessum kröfum er vísað frá að svo stöddu.

Af framangreindu leiðir, að framsettar sjálfstæðar kröfur varnaraðilja um búskiptin og skiptameðferðina ná ekki fram að ganga og verða ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafvarnarkostnaður málsins samkvæmt gjafvörn dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 13. okt. sl, telst einungis eiga við kostnað í þessum þætti skiptanna, en tekur ekki til kostnaðar vegna fyrri úrskurða eða málsmeðferðar við skipti þessi.

Gjafvarnarkostnaður, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs talsmanns varnaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákvarðast kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Uppsaga úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð vegna mikilla enbættisanna dómarans um þessar mundir.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Til grundvallar skiptum skal leggja eignir búsins, eins og þær voru á þeim tíma, er krafa sóknaraðilja um skipti kom fram.

Ráðstafanir varnaraðilja á eignum búsins eftir þann tíma teljast óheimilar, þ. m. t. ráðstöfun 3ja herb. íbúðar að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, sala hlutabréfa í Görðum h/f og bifreiðarinnar L 1566, og ber að telja eignir þessar eða andvirði þeirra með, er metinn er fjárhagur búsins við arfsúthlutun til sóknaraðilja.

Krafa sóknaraðilja um það, að hluti kaupverðs, kr. 34.900, vegna sölu lausafjár falli til búsins sem sérstök eign, er ekki tekin til greina.

Krafa sóknaraðilja um sérstaka könnun og frekari eignainnköllun er ekki tekin til greina.

Kaupkröfu varnaraðilja í búið er synjað.

Kröfu varnaraðilja um útlagningu eigna búsins er vísað frá að svo stöddu.

Kröfu sóknaraðilja um sérstakar rifturnarráðstafanir til endurheimtu eigna búsins, kröfu um ráðstafanir til tryggingar fébótakrafnanna úr hendi varnaraðilja og kröfu um, að varnaraðili verði sviptur umráðum búsins, er öllum vísað frá að svo stöddu.

Framsettar kröfur varnaraðilja um skiptameðferðina og búskiptin eru ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs talsmanns varnaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 25. mars 1983.

Nr. 150/1980. **Gríma Guðmundsdóttir**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Danielle Somers Jónsson
og
Ólafi Rafni Jónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjölbýlishús. Nábýlisréttur. Eigenda dæmt skylt að flytjast úr eigin íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstarréttar með stefnu 1. september 1980. Hann krefst þess, að stefndu verði gert skylt að flytja úr íbúð þeirri að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau búa nú, en íbúð þessi er þinglýst eign stefndu Danielle. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim tildæmdur málkostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Verður efni þeirra rakið hér á eftir:

1. Lögregluskýrsla frá 25. apríl 1980 varðandi kvörtun áfrýjanda um, að hún óttaðist, að verið væri að brjóta burðarveggi eða gólf í íbúð stefndu. Lögregla staðreyndi, að unnið væri að múrbrotum með loftpressu í íbúð stefndu, en skýrslan er afgreidd með áritun um, að ekki sé ástæða til aðgerða.

2. Bréf ríkissaksóknara til bæjarfógetans á Akureyri, dagsett 28. apríl 1980, þar sem krafist er, að stefndu verði án tafar látin

sæta strangri lögregluáminningu samkvæmt 232. gr. almennra hegningarlaga vegna ofsókna og ónæðis í garð áfrýjanda og Dusine Kristjánsson. Er þar lagt fyrir bæjarfógetann að láta gera sérstaka lögregluskýrslu um áminninguna og senda síðan ríkissaksóknara málið allt. Hinn 10. nóvember 1981 eru gerðar tvær lögregluskýrslur um áminningar þær, sem greinir í framangreindu bréfi ríkissaksóknara frá 28. apríl 1980. Er síðan gerð tilraun til þess að birta áminninguna fyrir stefnda Ólafi Rafni hinn 11. nóvember 1981 og stefndu Danielle Somers hinn 18. sama mánaðar með þeim árangri, að Ólafur Rafn hlýddi á áminninguna, en mótmælti henni og neitaði að undirrita yfirlýsingu um, að honum hefði verið birt hún, en Danielle yfirgaf lögreglustöð, áður en henni yrði birt áminningin, þrátt fyrir kröfu lögreglumanns um, að hún yrði kyrr.

3. Samkvæmt lögregluskýrslu frá 31. maí 1979 var brotið gat í gegnum gólfplötu neðri hæðar úr forstofu niður í salernisherbergi í kjallara.

4. Lögregluskýrsla frá 12. júní 1980 um pípulagnir á vegum stefndu í sameiginlegu húsrými stefndu Danielle og áfrýjanda án samráðs við áfrýjanda.

5. Lögregluskýrslur gerðar á tímabilinu 9. nóvember til 12. nóvember 1981 um brot steinveggjar í kjallaraforstofu og endurreisn hans undir lögregluvernd. Þar er þess einnig getið, að jafnframt hafi verið hlaðið upp í þvottahúsdyr, en hurð í þeim dyrum hafi verið brotin upp um það leyti sem veggurinn var brotinn niður.

Af lögregluskýrslum þessum kemur fram, að áfrýjandi hafi kvatt lögreglu á vettvang hinn 9. nóvember vegna þess, að stefndu væru að láta brjóta niður vegg í kjallara. Lögreglumenn þeir, sem á vettvang komu, sáu, að veggurinn hafði verið brotin niður, og að allt var á tjá og tundri í gangi kjallaraíbúðarinnar og mikill rykmökkur þar og öll húsgögn og annað dót, sem í ganginum var, hulið ryki. Hittu lögreglumenn á vettvangi 2 menn frá Reykjavík, sem höfðu gagngert komið til Akureyrar til þess að brjóta vegginn að beiðni stefnda Ólafs Rafns.

Samkvæmt lögregluskýrslu 11. nóvember 1981 viðurkenndi

stefndi Ólafur Rafn fyrir lögreglu að hafa fengið menn þessa til þess að brjóta vegginn, sem hann taldi reistan á eignarhluta konu sinnar, en um för manna þessara inn í húsnæði áfrýjanda segir hann: „Varðandi meint innbrot úr þvottahúsi inn á gang í kjallara þá tel ég, að þarna hafi (ég) aðeins verið að ganga um minn eignarhluta. Hins vegar braut ég ekki upp þessa hurð og stóð ekki að því."

Íbúi í kjallara, Dusine Kristjánsson, kveðst hafa verið fjarverandi stutta stund hinn 9. nóvember 1981, en þegar hún hafi komið til baka, hafi hún ekki komist inn í innri forstofu íbúðar sinnar vegna þess, að dyr hafi verið lokaðar. Fljótlega hafi lögreglan komið á staðinn og hún þá komist inn. Lögreglumenn, sem á vettvang komu, kváðu dyr ekki hafa verið læstar, heldur hafi stóll verið settur fyrir hurð inni í forstofunni, sem múrbrotsmennirnir störfuðu í, þannig að eigi varð opnað utan frá. Dusine skýrði lögreglumönnum frá því, að hurð milli þvottahúss og kjallaraforstofu hafi verið óskemmd, er hún fór úr íbúð sinni stuttu áður.

II.

Hér á eftir verður fjallað um þær ávirðingar, sem á stefndu eru bornar og frá er greint í héraðsdómi.

1. Samkvæmt vottorði heilbrigðisfulltrúa Akureyrar var eins konar sorphaugur í lokuðum gangi milli húss og bílskúrs á tímabilinu frá 6. apríl til 16. apríl 1977, en stefndi Ólafur Rafn fékkst ekki til að fjarlægja sorpið, fyrr en heilbrigðisfulltrúi hótaði að láta gera það á Ólafs kostnað og undir lögregluvernd.

2. Sunnudaginn 24. júlí 1977 gerir lögreglan á Akureyri skýrslu um þann atburð sama dag, að öll öryggi voru skrúfuð úr sambandi í rafmagnskerfi kjallaraíbúðar, sem Dusine Kristjánsson bjó í, og að búið var að raða síldarflökum í hurðarfals skáps þess, sem áfrýjandi og Dusine þurftu að teygja sig í gegn um til þess að komast að rafmagnstöflu. Stefnda Danielle viðurkenndi í sakadómi að hafa komið flökunum fyrir. Skýringar hennar á þessu framferði eru fráleitar og verkið sýnilega unnið til þess eins að valda áfrýjanda og leigjanda hennar vandræðum.

3. Eftir að eldur kom upp í kjallaranum 26. júlí 1977, var numið brott timburskilrúm, er aðskildi eignarhlutana, en áfrýjandi hugðist láta reisa nýtt skilrúm. Hinn 11. ágúst 1977 fékk stefndi Ólafur Rafn lagt lögbann við þeirri athöfn Grímu Guðmundsdóttur að skipta sameign í kjallara Þingvallastrætis 22. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að mál var eigi höfðað til staðfestingar lögbanninu. Lét áfrýjandi hlaða steinvegg í kjallara hinn 22. ágúst 1977. Gögn málsins sýna, að spell hafa margsinnis verið unnin á vegg þessum. Samkvæmt lögregluskýrslum höfðu verið boruð eða brotin göt á vegginn 23. ágúst 1977 og sömuleiðis næsta dag. Hinn 22. apríl 1979 höfðu enn verið rekin eða brotin göt á vegginn. Fimm dögum síðar var brotið gat á vegginn, og höfðu múrbrot kastast allt inn í stofu í íbúð Dusine Kristjánsson, en stofudyr eru á móts við þann stað, þar sem spellin voru unnin. Loks var brotið allstórt gat á vegginn 23. ágúst 1979, en það virtist hafa verið gert til þess að nema brott pípu, sem lá þar í gegn að ofni í íbúð stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að veggurinn hafi verið reistur á öðrum stað en timburskilrúmið var, þannig að gengið hafi verið á eignarhluta þeirra, og stefndi Ólafur Rafn hefur skýrt svo frá, að ranglát og fáranleg skipting eignarhluta í húsinu sé undirrót að sundurþykkju þeirri, sem orðið hafi með íbúum hússins. Ekki hafa stefndu þó reynt að fá hlut sinn að þessu leyti réttan eftir löglegum leiðum.

Af gögnum þeim, sem fyrir liggja, þykir ljóst, að spellvirki þau á milliveggnum, sem lýst hefur verið, hafi öll verið unnin frá íbúð stefndu, og verður að telja sannað, að þau beri ábyrgð á þeim. Þykir eigi efamál, að spellin hafi a. m. k. öðrum þræði verið unnin í því skyni að valda áfrýjanda og leigjanda hennar ama og vandræðum.

Því var lýst undir I hér að framan, að stefndu létu brjóta marggnefndan vegg niður hinn 9. nóvember 1981.

4. Samkvæmt lögregluskýrslu 26. apríl 1979 um vettvangsgöngu vegna kvartana áfrýjanda og leigjanda hennar verður að telja sannað, að hávaðavaldi, útvarpstæki eða öðru hljómflutningstæki, hafi verið komið fyrir við op að skáp í kjallaraíbúð í því skyni að valda ónæði þar.

5. Sannað er með framburði vitna, að stefnda Danielle meinaði áfrýjanda að láta slá túnblett við húsið hinn 2. júlí 1979 og réðst síðan á áfrýjanda, er áfrýjandi gerði tilraun til þess að færa til á túnblettinum hindranir, er stefnda hafði komið þar fyrir.

6. Samkvæmt skýrslum lögreglu 4. og 5. nóvember 1978 létu stefndu án samráðs við áfrýjanda brjóta niður hluta viðbyggingar, bæði séreign sína og sameign með áfrýjanda. Um þetta vísast einnig til fundargerðar byggingarnefndar Akureyrar 25. september 1979.

III.

Auk þess, sem að framan greinir, eru meðal gagna málsins skýrslur lögreglu um ýmis fleiri atvik, sem áfrýjandi telur renna stoðum undir kröfu sína. Skýrslur lögreglu frá 4. og 8. október 1979 fjalla um múrbrot í íbúð stefndu og mikinn hávaða, er af því leiddi, en ósannað þykir, að verk þessi hafi verið unnin af meinfýsi. Rannsókn um eldsvoða í kjallara hússins 26. júlí 1977 leiddi ekki í ljós, hvað honum olli. Þá liggja fyrir lögregluskýrslur út af kvörtunum um, að vatni hefði verið sprautað á tröppur áfrýjanda í frosti, að vatni hefði verið sprautað eða skvett á rafmagnstöflu hússins og að vatnsleiðsla hefði verið rofin, en eigi þykja fram komnar sannanir um þessar sakargiftir.

IV.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, ritaði Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, þáverandi lögmaður áfrýjanda, Stefáni Pálssyni hæstaréttarlögmanni, þáverandi lögmanni stefndu Danielle aðvörunarbréf samkvæmt 17. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús hinn 17. ágúst 1977. Þá aðvörun ítrekaði hann með bréfi til stefndu Danielle sjálfrar 8. desember 1978.

Af réttarsambandi aðilja máls þessa sem sameigenda að fasteigninni nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri leiðir það, að þeim ber skylda til að stuðla að því eftir megni, að hvor þeirra um sig geti ótruflaður hagnýtt sér sinn hluta eignarinnar á eðlilegan og lögmætan hátt.

Með lögregluskýrslum þeim og vitnaframburðum, sem greint er frá hér að framan, svo og öðru, sem fram er komið í máli þessu, verður að telja sannað, að stefndu hafi gerst sek um stórkostleg

og ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart áfrýjanda. Samkvæmt þessu og með vísan til 17. gr. laga nr. 59/1976 ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að stefndu verði gert skylt að flytjast úr íbúð þeirri, sem þau búa nú í, að Þingvallastræti 22, en eftir atvikum og með vísan til 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981, þykir rétt að setja þeim þriggja mánaða frest í því skyni.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafi Rafni Jónssyni, er skylt að flytjast innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa úr íbúð þeirri að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau búa nú.

Stefndu greiði óskipt áfrýjanda, Grímu Guðmundsdóttur, 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. júní 1980.

Mál þetta, sem þingfest var 15. nóvember 1979 og dómtekið 2. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður höfðað með stefnu, útgefinni í Reykjavík 9. nóvember 1979 f. h. Grímu Guðmundsdóttur, Þingvallastræti 22, Akureyri, á hendur Danielle Somers Jónsson og Ólafi Rafni Jónssyni, báðum til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri, til viðurkenningar á skyldu þeirra til að flytja úr íbúð þeirri að Þingavallastræti 22, Akureyri, þar sem þau nú búa, en íbúð þessi er þinglesin eign stefndu Daníelle. Þá er gerð krafa um, að stefndu greiði stefnanda málskostnað in solidum að mati dómsins. Áskilinn er réttur til að höfða mál síðar til heimtu bóta úr hendi stefndu vegna tjóns þess, er þau hafa valdið stefnanda í sambýlinu.

Með stefnu, útgefinni í Reykjavík 14. nóvember 1979, gagnstefnir Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður f. h. stefndu Danielle Somers Jónsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, og Ólafs Rafns Jónssonar, sama stað, stefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Þingvallastræti 22, Akureyri, í máli þessu. Kröfur gagnstefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að gagnstefndu, Grímu Guðmundsdóttur, sé skylt að flytja brott úr húseigninni

Þingvallastræti 22, Akureyri, og jafnframt verði viðurkennt með dómi réttarins, að gagnstefndu Grímu sé óheimilt að leigja út herbergi í kjallara hússins sem íbúð eða íbúðarherbergi og að henni sé óheimilt að leigja út bílskúr á lóð hússins til bifreiðaviðgerða eða annarra nota, sem eru umfram almennan rétt íbúðareigenda í fjölbýlishúsi til hagnýtingar bílageymslu á sameiginlegri lóð. Þá krefjast gagnstefnendur málskostnaðar úr hendi gagnsstefndu, hver svo sem málsúrslit verða.

Í aðalsök krefjast aðalstefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, þess, að þau verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur.

Í gagnsök krefst gagnstefnda, Gríma Guðmundsdóttir, algerrar sýknu af kröfum gagnstefnanda, svo og krefst hún málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda.

Á dskj. nr. 3 liggur frammi í málinu yfirlýsing lögmanna aðilja, þar sem þeir lýsa því yfir f. h. umbj. sinna, að útilokað sé, að sátt komist á fyrir sáttamönnum og sé því samkomulag um, að gengið verði fram hjá sáttanefnd í máli þessu.

Aðalstefnandi kveður málavexti þá, að með afsali, dags. 19. mars 1975, hafi aðalstefnda Danielle eignast hluta af fasteigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, þ. e. íbúð á neðri hæð hússins ásamt geymslu í kjallara og undir útidyratröppum, 1/4 hluta viðbyggingar og hlutdeild í þvottahúsi í kjallara. Aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, sé eigandi hússins að öðru leyti. Búi aðalstefndu ásamt börnum sínum í íbúðinni á neðri hæð hússins, en aðalstefnandi eigi íbúð á efri hæð hússins svo og leigi hún út íbúð í kjallara hússins og sé leigutaki þar Dusine Kristjánsson. Skemmst sé frá því að segja, að framkoma aðalstefndu í sambýlinu hafi verið með ólíkindum og verði alls ekki lengur við það unað. Verða hér tilfærð nokkur atriði:

Aðalstefndu hafi reynst ófáanleg til að standa að gerð skiptayfirlýsingar um húseignina, svo sem lög standa til. Þá hafi þau ekki viljað hlýta skiptingu á afnotum af þvottahúsinu né heldur hafi þau verið til viðtals um að standa að nauðsynlegu viðhaldi á húseigninni né raunar neitt það, sem lýtur að sameign og sambýlisháttum. Aðalstefndu hafi einokað þvottahúsið og talið sér heimilt að nota það nætur sem daga, helga daga sem virka. Aðalstefndu, annað hvort eða bæði, hafa rofið vatnsleiðslu til eignarhluta aðalstefnanda og hafi því aðeins verið komið í lag fyrir atbeina fógeta. Hafi þau síðan ítrekað lokað fyrir vatn í leiðslunni með krana, sem á henni er, þar sem leiðslan liggur um eign aðalstefndu Danielle. Aðalstefndu hafi á ýmsum tímum safnað sorpi í sameiginlegt rými og á lóð. Aðalstefndi Ólafur hafi í nóvember 1978 látið rífa hluta af viðbyggingu við Þingvallastræti 22 gegn mótmælum aðalstefnanda, sem kvaddi lögreglu á vettvang til að hindra framkvæmdina, þó það kæmi raunar fyrir ekki. Aðalstefnda

Danielle hafi verið staðin að því að sprauta í verulegu frosti vatni á tröppur aðalstefnanda og stofnað þar með til verulegrar slysahættu og vandræða fyrir hana og aðra.

Með bréfi, dagsettu 8. desember 1978, hafi Danielle Somers Jónsson verið veitt aðvörun samkv. 17. gr. laga nr. 59/1976. Sú aðvörun hafi engan árangur borið, því eftir að hún hafi verið veitt, hafi aðalstefndu, annað hvort eða bæði, rofið vegg, sem aðskilur eignarhluta í kjallara hússins að Þingvallastræti 22. Ýmsum óþverra hafi verið hent inn í íbúðina í kjallaranum, en þó hafi steininn tekið úr, þegar hent hafi verið inn í íbúðina hamarshaus og hann skollið á hurð og stórslys hefði getað hlotist af. Þá hafi útvarpstæki eða segulbandstæki verið látið glymja þindarlaust við hinn rofna vegg, augljóslega til að valda íbúum í kjallara óþægindum, sem raunar hafi tekist mæta vel. Þá hafi verið lokað fyrir vatn til aðalstefnanda, ítrekað eftir að aðvörun hafi verið veitt, og aðalstefndu hafi yfirleitt ekki sýnt neinn lit á því, að þau hafi tekið þeim sinnaskiptum, að þau séu hæf í sambýli.

Þar sem allar tilraunir til að fá aðalstefndu til að taka upp eðlilega og viðunandi sambýlisháttu hafi reynst árangurslausar, eigi aðalstefnandi ekki annarra kosta völ en að krefjast þess, að aðalstefndu víki úr húsnæðinu.

Gagnstefnendur lýsa málavöxtum þannig:

Í ársbyjum 1975 hafi þau keypt hluta af fasteigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, þ. e. íbúð á fyrstu hæð hússins ásamt hluta í kjallara, 1/4 hluta viðbyggingar og hlutdeild í þvottahúsi í kjallara og annarri sameign. Gagnstefnda Gríma sé eigandi fasteignarinnar að öðru leyti. Fasteignin að Þingvallastræti 22 sé tvíbýlishús, hálfniðurgrafinn kjallari, sem í eru geymsluherbergi, miðstöðvarklefar og þvottahús, og ofan á kjallaranum séu tvær íbúðarhæðir. Gengið sé inn í eign gagnstefnanda á fyrstu hæð um tröppur við húsið að vestanverðu, en gengið sé inn í íbúð gagnstefndu um tröppur við húsið að austanverðu. Er gagnstefnendur keyptu sinn hluta fasteignarinnar, hafi þeim verið kunnugt um, að gagnstefnda bjó ein á efri hæð hússins, en ekki hafi þeim verið kunnugt um aðra íbúa í húsinu. Fljótlega eftir að þau fluttu í húsið, hafi þó komið í ljós, að gömul kona að nafni Dusine Kristjánsson bjó í kjallar hússins í geymsluherbergjum, sem tilheyra gagnstefndu Grímu. Kjallari þessi hafi ekki verið samþykktur sem íbúð. Þar hafi ekki verið eldhús né heitt baðvatn, en salernisskál mun hafa verið þar. Sameiginlegt þvottahús sé í kjallara hússins og hafi gagnstefnendur orðið að fara í það um dyr á útvegg hússins, en innangengt hafi verið í þvottahúsið úr þeim hluta kjallarans, sem áðurnefnd Dusine hafðist við í. Er gagnstefnendur keyptu eignina, hafi þeim verið tjáð, að sameigandi þeirra, gagnstefnda Gríma, notaði aldrei þetta þvottahús, því hún væri með þvottavél uppi á íbúðarhæð sinni. Þetta hafi reynst rétt og hafi gagnstefn-

endur ekki orðið vör við það, að gagnstefnda Gríma hafi notað þvottahúsið. Í upphafi hafi ekkert sérstakt um sambýlið við Grímu verið að segja og engir árekstrar orðið með gangstefnendum og henni. Aðra sögu hafi verið að segja um áðurnefnda Dusine, því fljótlega hafi komið í ljós, að hún var sí og æ eitthvað að sýsla í þvottahúsinu. Auk þess að þvo þar þvott sinn á gamaldags hátt í þvottabala með þvottabretti og tilheyrandi sullugangi þá muni gamla konan væntanlega hafa verið að ná sér í heitt og kalt vatn, en ekkert slíkt hafi verið í vistarverum hennar. Hún hafi líka haft þann leiða sið að skvetta í sífellu úr skolpfötu á gólf þvottahússins, þannig að skolp skvettist upp á þvottavél og þurrkara gagnstefnenda. Hafi gagnstefnendur að vonum orðið mjög sár og leið yfir því að vera flutt í tvíbýlishús, að því að þau ætluðu einungis með öðrum íbúa, en vakna svo upp við það, að eins konar þriðja íbúðin var í húsinu og íbúi hennar erfiður í sambýli. Árekstrar hafi orðið með gegnstefnendum og áttnefndri Dusine út af afnotum þvottahúss og hafi gagnstefnendur kvartað undan þessu við gagnstefndu Grímu. Hafi Gríma tekið þetta óstinnnt upp og í stað þess að segja gömlu konunni upp og láta hana víkja úr kjallaranum eða leggja fyrir hana að nota þvottahúsið sem minnst og þá á mannsæmandi hátt, þá hafi gagnstefnda Gríma byrjað eins konar skæruhernað gegn gagnstefnendum. Hafi hún oft skrúfað fyrir vatnsinntak í húsið án samráðs við gagnstefnendur, ráðist í ýmiss konar framkvæmdir á sameign, t. d. að mála grindverk án samráðs við gagnstefnendur, svo og hafi allar athafnir áðurnefndrar Dusine magnast í þvottahúsinu.

Að kvöldi þess 26. júlí 1977 varð bruni í kjallara hússins að Þingvallastræti 22. Gagnstefnandi Danielle hafi fyrst orðið vör við brunann og hafi hún gert slökkviliði þegar viðvart. Er rannsókn á brunanum hófst, hafi þær gagnstefnda Gríma og Dusine Kristjánsson borið þær röngu sakargiftir á Danielle, að hún hefði valdið íkveikjunni. Hafi þetta orðið þess valdandi, að Danielle hafi verið leidd fyrir sakadóm Akureyrar sem brennuvargur, en þeir sérfróðu menn, er dómkvaddir voru til að rannsaka orsakir þessa bruna, hafi komist að þeirri niðurstöðu, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða. Nokkrar skemmdir hafi orðið af bruna þessum, m. a. hafi brunnið timburþil, sem skildi að eignir gagnstefnanda og gagnstefndu í kjallara hússins. Í stað þess að hafa samráð við gagnstefnendur um, á hvern hátt þilið yrði endurreist, hafi gagnstefnda Gríma látið hlaða vegg, þar sem þilið hafi áður verið, en þó á þann hátt, að hún hafi sölsað undir sig nokkra fermetra af eign gagnstefnenda. Hafi gagnstefendur mótmælt veggbyggingu þessari, en gagnstefnda lét reisa vegginn engu að síður og hafi notið til þess lögregluaðstoðar.

Eftir að ofannefndur bruni varð og veggurinn ranglega reistur og ásakanir settar fram á hendur gagnstefnendum í sakadómi, hafi magnast mjög

ósamkomulag með gagnstefnendum og gagnstefndu. Hafi gagnstefnda Gríma öll færst í aukana með skæruhernað sinn gegn gagnstefnendum og megi þar til nefna, að hún hafi leigt út bílskúr á sameiginlegri lóð til bílaviðgerða, leigt út hluta af íbúð sinni á efri hæð hússins til fólks, sem hafði uppi mikla háreysti um nætur, laumast til þess að næturþeli að mála grindverk við húsið án samráðs við gagnstefnendur og komið því svo fyrir, er starfsmenn hitaveitu Akureyrar lögðu heimtaug að húsinu, að hitaveituinntak hafi einungis verið lagt inn í séreign hennar, þó svo að gagnstefnendur hafi upphaflega pantað hitaveituna í húsið. Gagnstefnendur telja, að öll ofannefnd hegðun gagnstefndu Grímu sé þess valdandi, að hún hafi fyrirgert rétti sínum til þess að búa í húsinu að Þingvallastræti nr. 22, og af því tilefni hafi henni verið gefin lokaaðvörun um ráðstafanir í samræmi við 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir fjölbýlishús nr. 280/1976. Hafi lokaaðvörun þessi verið send henni með bréfi, dagsettu 17. janúar 1979. Þrátt fyrir aðvörun þessa hafi gagnstefnda í engu linnt látum og megi nefna, að hún hringi sí og æ í lögreglu án nokkurs tilefnis, og t. d. megi nefna, að nú í sumar hafi gagnstefnendur verið að endurnýja íbúð sína og í hvert skipti, er hamarshögg heyrðist um miðjan dag úr íbúð þeirra, hafi gagnstefnda hringt á lögreglu, sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hafi ávallt komið á vettvang og truflað starfsfrið og ró gagnstefnenda. Þar sem allar tilraunir gagnstefnenda til þess að fá gagnstefndu, Grímu Guðmundsdóttur, til að virða sambýlisreglur og rétt gagnstefnenda sem sameigenda að húsinu Þingvallastræti 22 hafi reynst árangurslausar, eigi gagnstefendur ekki annnarra kosta völ en að krefjast þess, að gagnstefnda víki brott af fasteigninni og jafnframt að fá dómsviðurkenningu fyrir því, að henni sé óheimilt að leigja út sinn hluta kjallarans til íbúðar og að henni sé óheimilt að leigja bílskúr út til bifreiðaviðgerða.

Verða nú málsatvik rakin samkvæmt gögnum málsins:

Með afsali, dagsettu 19. mars 1975, afsalar Jón Ágústsson gagnstefnanda frú Danielle Somers Jónsson eignarhluta sínum í húseigninni Þingvallastræti 22, Akureyri. Segir þar, að eignarhlutinn sé 42.85% af fasteigninni nr. 22 við Þingvallastræti, Akureyri, ásamt ¼ hluta af viðbyggingu við fasteigninga. Eignarhlutinn sé seldur ásamt lóðarréttindum og sé lóðin leigulóð í óskiptri sameign eigenda efri og neðri hæðar fasteignarinnar nr. 22 við Þingvallastræti, Akureyri. Hin selda íbúð sé á fyrstu hæð, tvær stofur, þrjú svefnhefbergi, eldhús, baðherbergi, „hall", forstofa og búr á hæðinni ásamt geymslu í kjallara, þvottahús í óskiptri sameign í kjallara, geymsla undir útidyratröppum og geymsla í viðbyggingu. Bílskúrsréttur á lóð fylgdi hinum selda eignarhluta. Fasteignamat hins selda eignarhluta var þá kr. 1.292.600 og sé afsalsdagur hinn 1. apríl 1975.

Á dómskjali nr. 17 ritar gagnstefnandi Ólafur Rafn Jónsson gagnstefndu, frú Grímu Guðmundsdóttur, eftirfarandi bréf þann 6. janúar 1977:

„Er við fluttum á neðri hæð hússins númer 22 að Þingvallastræti hinn 1. apríl 1975 téði seljandi íbúðarinnar okkur að rör í kjallara okkar en í eigu íbúanda efri hæðar læki, enda bar fata er undir lekanum þess órækt vitni. Var okkur téð bæði af honum og eiganda efri hæðarinnar að við þetta myndi gert við fyrstu hentugleika. Eru nú tæp tvö ár síðan þetta gerðist og hefur viðgerð enn ekki farið fram. Ekki er ósanngjarnt að ætla að allur þessi umliðni tími hefði verið nægjanlegur frestur til að hrinda viðgerð í framkvæmd.

Með tilliti til þess hve langur tími er nú liðinn síðan viðgerð var lofað áskiljum við okkur rétt til að kveðja rörlagningamann á vettvang til viðgerða á kostnað eiganda efri hæðar Þingvallastrætis 22 hafi viðgerð ekki verið lokið fyrir 14. janúar 1977."

Á dómskjali nr. 18 liggur frammi bréf gagnstefnanda Ólafs Rafns Jónssonar til Grímu Guðmundsdóttur, gagnstefndu, dags. 20. júní 1977, sem hljóðar þannig:

„Að marggefnu tilefni vil ég benda á að íbúðarhúsið að Þingvallastræti 22, Akureyri, er tvíbýlishús og er því aðgangur að þvottahúsi miðaður við tvenningarskipti en ekki þriðjungaskipti. Hlýt ég því að telja að hvorugur aðili hafi heimild til að framselja aðgang að notkun þvottahúss öðrum til handa.

Eru það eindregin tilmæli að tillit verði framvegis tekið til þessa atriðis þannig að eigendur og íbúendur neðri hæðar hússins verði ekki fyrir óþægindum af völdum einhvers þriðja aðila.

Enn fremur vil ég benda á að vatnsleiðsla frá efri hæð er liggur niður í baðherbergi á þeirri neðri er svo illa einangruð að veggur baðherbergisins liggur undir stórskemmdum af þessum sökum. Mun ég gera kröfu til bóta á þessu.

Að lokum vil ég taka fram að ég áskil mér rétt til að einangra heitavatnsleiðslur er liggja undir lofti kjallara fra geymi okkar, þar eð einangrunarskortur þar veldur miklu hitatapi í íbúð okkar. Mun það verk framkvæmt við fyrstu hentugleika."

Svo sem áður er fram komið, varð bruni í kjallara hússins að Þingvallastræti 22 þann 26. júlí 1977.

Vegna brunans fór fram rannsókn fyrir sakadómi Akureyrar, og er endurrit rannsóknarinnar á dómskjali nr. 19, og verður sú sakadómsrannsókn rakin, en rannsókn þessi fór fram 27. og 28. júlí 1977. Um upphaf brunans segir svo í skýrslu Ólafs Ásgeirssonar, aðstoðarvarðstjóra í lögregluliði Akureyrar:

„Þriðjudaginn 26. júlí 1977 um kl. 20:30 hringdi í brunasímann Danielle

Somers, Þingvallastræti 22, og tilkynnti um eld í kjallara þess húss. Þar býr í kjallaranum eldri kona, Dusine Kristjánsson, á miðhæð umrædd Danielle ásamt manni sínum, Ólafi Rafni Jónssyni, og á efstu hæð Gríma Guðmundsdóttir.

Ég undirritaður fór strax á staðinn ásamt lögreglumönnunum Valgeiri Axlessyni, Páli Þorkelssyni og Kristni Sigfússyni. Einnig kom þangað fyrsta útkall slökkviliðsins. Er þangað kom, var mikill reykur í kjallara hússins, og barst hann einnig upp á aðrar hæðir hússins.

Íbúar voru þá komnir út, en Ólafur Rafn var sagður í Reykjavík, en væntanlegur með flugvél síðar um kvöldið.

Undanfarið hefur verið nokkuð ósætti á milli Danielle annars vegar og Dusine og Grímu hins vegar, og hefur lögreglan nokkrum sinnum verið kvödd þangað vegna þess. Úr hófi hafi keyrt í dag, þegar Danielle hafði meðal annars brotið hurð fyrir rafmagnstöflu inn í íbúð Dusine. Þær Dusine og Gríma ásamt syni Dusine og hans konu voru þess fullviss, að Danielle hefði kveikt eld í geymslunni, sem rafmagnstaflan var í.

Eins og fyrr greinir, var mikill reykur í húsinu, en á meðan slökkvistarfi stóð, fór Danielle ásamt þremur ungum sonum sínum á lögreglustöðina og dvaldi þar til maður hennar kom frá Reykjavík laust eftir kl 22:00.

Slökkvistarf gekk vel, og notaði slökkviliðið m. a. reykblásara til að soga reykinn úr íbúðinni. Að slökkvistarfi loknu rannsakaði undirritaður brunaskemmdir og virtist sem kveiknað hefði í umræddri geymslu, þar sem rafmagnstaflan er, og virtist sem eldurinn hefði verið mestur í skilrúmi næst við íbúð Dusine, en rafmagnstaflan er á vegg þar á móti ca. 1 m frá. Mikið af blöðum og bókum var á gólfinu háflbrunnið, og að sögn Dusine og Grímu hafði Daniellle verið að flytja þau í geymsluna síðustu daga.

Páll Pálsson ljósmyndari var fenginn til að taka ljósmyndir af brunarústunum í geymslunni. Dusine dvaldi á efstu hæð í íbúð Grímu, það sem eftir var nætur, og að þeirra ósk var hafður lögregluvörður í íbúð Dusine fram eftir nóttu og þar eftir hafðar sérstakar gætur á íbúðinni."

Í þinghaldinu fyrir sakadómi Akureyrar 27. júlí 1977 var lögð fram eftirfarandi skýrsla lögreglunnar á Akureyri, undirrituð af Ingimar Kr. Skjóldal lögregluþjóni:

„Sunnudaginn 24. júlí 1977 um kl. 22:40 var óskað lögregluaðstoðar að Þingvallastræti 22. Undirritaður fór á vettvang ásamt Ólafi Ásgeirssyni, aðstoðarvarðstjóra, og lögreglumanni nr. 13. Er við komum á staðinn, hittum við Dusine Kristjánsson, sem býr í kjallara hússins, og skýrði hún okkur frá, að nú að undanförnu hefði hún orðið fyrir ónæði og áreitni af Danielle Somers, sem ásamt eiginmanni sínum, Ólafi Rafni Jónssyni, býr á næstu hæð í húsinu. Dusine sagði, að nú fyrir nokkurri stundu hefði hún heyrt hávaða á gangi í íbúðinni, en þar er sameiginleg rafmagnstafla fyrir húsið,

og hefði hún séð Danielle þar á ferð. Skömmu síðar hefði öll ljós í íbúð sinni slokknað og væri svo enn.

Undirritaður kannaði rafmagnstöflu, sem er í skap á fyrrnefndum gangi, og kom í ljós, að öll öryggi að íbúð Dusine vorus krúfuð laus. Þá var í hurðarfals í efri hluta skápsins raðað síldarflökum, og virtist sem það hafi verið gert í þeim tilgangi, að sá, sem teygði höndina inn í töfluna, ræki handlegginn í þær.

Dusine sagðist enga ástæðu vita fyrir áreitni Danielle og ekkert hefði þeim fari á milli í dag. Hún kvaðst hafa fyrir nokkrum dögum kært til lögreglunnar vegna undangenginna erfiðleika og væri nú svo komið, að hún væri ekki óhrædd um að vera ein í kjallara hússins og myndi hún ekki sofa í íbúð sinni í nótt.

Enga hreyfingu var að sjá í íbúð Danielle og öll ljós þar slökkt, og var því ekki reynt að hafa samband við hana að þessu sinni."

Í þessu sama þinghaldi sakadóms lá frammi eftirfarandi skýrsla Kjartans Sigurðssonar varðstjóra, sem fór á vettvang að Þingvallastræti 22 og tók síðan lögregluskýrslu af aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, og er skýrslan á þessa leið:

„Mánudaginn 25. júlí 1977 um kl. 10:30 fór undirritaður að Þingvallastræti 22 að heimili Grímu Guðmundsdóttur til að athuga þar húsaskipan, og er það tilkomið vegna sambýliserfiðleika við eigendur og íbúa miðhæðar, sem er Ólafur Rafn Jónsson og hans fjölskylda.

Þingvallastræti 22 er tveggja hæða íbúðarhús á íbúarkjallara. Eigandi efri hæðar svo og íbúðarinnar í kjallara er Gríma Guðmundsdóttir, og býr hún á efri hæðinni og er þar ein. Í kjallaranum er einnig þvottahús, sem er sameign eigenda hússins, og eru tvær hurðir á þvottahúsinu, önnur inn á hol kjallaraíbúðarinnar og hin út á gang á viðbyggingu norðan við húsið. Hefur miðhæðin innangengt í umrædda viðbyggingu af sinni íbúð og þá leiðina inn í vaskahúsið og einnig umgang af viðbyggingarganginum út á lóð.

Eftir að undirritaður hafði athugað framangreinda húsaskipan, fór Gríma með undirrituðum á lögreglustöðina. Þar var eftirfarandi skýrsla tekin af Grímu vegna yfirgangs meðeigenda að sameigninni.

„Mætta segir, að Dusine sé búin að hafa umrædda kjallaraíbúð á leigu og búa þar í um 13 ár og hafi þvottahúsið verið notað jöfnum höndum af öllum íbúum hússins án nokkurra árekstra eða leiðinda. Mætta segir, að Ólafur Rafn og hans fjölskylda hafi flutt í húsið fyrir um rúmum tveim árum síðan, og fyrir þann tíma segist mætta sjálf hafa verið hætt að nota þvottahúsið til þvotta. Mætta segir, að eftir að Ólafur Rafn og hans fjölskylda flutti í húsið, var þvottahúsið að mestu leyti undirlagt af tækjum þeirra og þvottahúsið nýtt flesta daga af þeim, og kvartaði því Dusine um,

að hún kæmist þar ekki að, og fór hún fram á við mættu sem húseiganda, að hún hlutaðist til um, að Dusine fengi afnot af þvottahúsinu einn dag í viku (þriðjudaga). Mætta segist hafa fært þessa ósk Dusinu í tal við Ólaf Rafn, og lofaðist hann til að athuga málið, en tók jafnmframt fram, að kona sín þyrfti að þvo alla daga. Mætta segir, að Ólafur Rafn hafi fallist á, að ósk mættu væri sanngjörn, og segist mætta hafa sagt Ólafi Rafni, að hún myndi segja Dusinu, að hún mætti nota þvottahúsið á þriðjudögum, en ef annar dagur væri heppilegri, gæti hann komist að samkomulagi við Dusine um það. Mætta segir, að næsta þriðjudag eftir samtal sitt við Ólaf Rafn hafi Dusine farið að þvo í þvottahúsinu og hafi hún þá skýrt sér frá eftirfarandi, sem þá hafi skeð:

Kona Ólafs Rafns hafi komið niður með allmikið af óhreinu taui og hafi Dusine sagt við hana, hvort mætta hefði ekki talað um, að Dusine hefði þvottahúsið á þriðjudögum. Hefði kona Ólafs Rafns snúist illa við, sagt, að Dusine ætti ekkert í þessu og hún skyldi bara halda kjafti og fara á gamalmennahæli. Aðspurð segir mætta, að sig minni, að þetta hafi skeð í febrúar. Mætta segir, að Dusine hafi sagt sér, að eftir þetta hafi hún ekki þorað að nota vaskahúsið, svo nokkru næmi. Mætta segir, að seinni part s. l. vetrar hafi kona Ólafs Rafns farið að safna sorpi lausu í viðbyggingarganginn norðan við þvottahúsið. Mætta segir, að þegar lykt af sorpi þessu hafi verið farin að berast inn í kjallaraíbúðina, hafi verið kvartað um þetta við Ólaf Rafn, en hann talið sig ekki vita um það, en tekið því vel að fjarlægja það. En að nokkrum tíma liðnum, er ekkert hafi verið fjarlægt af þessu lausa sorpi, heldur haugurinn vaxið, hafi mætta tilkynnt heilbrigðisfulltrúa, Birni Guðmundssyni, um hauginn, en að nokkrum tíma liðnum þar frá hafi haugur þessi horfið, en gólfið ekki verið verkað undan haugnum, og segist mætta hafa orðið að gera það sjálf.

Fyrir skömmu síðan hafi Dusine kvartað við mættu undan því, að lykillinn að hurðinni frammi í vaskahúsi að kjallaraíbúðarholinu væri horfinn. Hefði Dusine skýrt svo frá, að síðdegis hefði hún farið að heiman, athugað, að umrædd hurð væri læst, og lykillinn stóð holmegin í hurðinni, en komið fram yfir miðnætti, er Dusine kom heim aftur. Morguninn eftir, er Dusine kom á fætur og ætlaði fram í vaskahúsið, hafi lykillinn verið horfinn, en hurðin læst og væri svo enn. Mætta segir, að Kristján, sonur Dusine, hafi boðist til að reyna að opna hurðina innan frá holinu, en þá hafi verið sprautað á hann vatni gegnum skráargatið. Enginn samgangur er á milli miðhæðar og kjallara innanhúss, annar en hurðin úr vaskahúsinu inn í holið í kjallaraíbúðinni, en möguleiki að komst af gangi, sem liggur af miðhæðaríbúð að rafmagnstöflu, en hún er sameiginleg fyrir húsið allt. Að þessari rafmagnstöflu er hægt að komast einnig af holi kjallaraíbúðar, í gegnum vængjahurð, sem nær upp undir loft og ca. 1 meter niður á vegginn

og er á annan meter á breidd. Þessi vængjahurð var bara lögð aftur, en eftir að lykillinn að þvottahúsinu hvarf, voru lokur settar fyrir holmegin.

Upplesið staðfest rétt. Grima Guðmundsdóttir."

Í þinghaldinu fyrir sakadómi þann 27. júlí 1977 þótti dómara rétt eftir lestur lögregluskýrslunnar, dags. daginn áður, um eld í Þingvallastræti 22 nauðsyn til þes að bera að tilkveðja sérfróða skoðunarmenn til að rannsaka eldsupptök í húseigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, og voru tilnefndir sem hæfir menn og óvilhallir þeir Aðalsteinn Jónsson efnaverkfræðingur, Birkilundi 14, Akureyri, og Óskar Þór Árnason rafmagnstæknifræðingur, Grenivöllum 18, Akureyri. Bar þeim að hraða skoðun eftir föngum og skila dómara skriflegri greinargerð um athugun sína. Áður en að skoðunargerðin verður rakin, þykir rétt að rekja framburð vitna þeirra, er komu fyrir sakadóminn. Þann sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kristján Kristjánsson teiknari, Hamragerði 31, fæddur 18. desember 1932. Vitnið kvað móður sína, Dusine Kristjánsson, Þingvallastræti 22, hafa hringt í sig milli kl. 19 og 20 í gærkvöldi og beðið sig um að koma heim til hennar að Þingvallastræti 22 og ganga tryggilega frá lokum á skáphurðum, er voru fyrir rafmagnstöflu hússins. Vitnið kveðst hafa sett hespur fyrir hurðir þessar fyrir nokkrum dögum, en móðir sín hafi tjáð sér, að búið væri að brjóta hurðina upp innan frá, og teldi hún, að íbúar á miðhæð hússins, sem eru Danielle Somers og Ólafur Rafn Jónsson, er þar búa með þremur ungum börnum, hefðu verið þar að verki. Vitnið kveðst hafa komið til móður sinnar milli kl. 1930 til 2000 og hafi þá verið fyrir í íbúðinni, sem sé í kjallara hússins, Hans Petersen og eiginkona hans, Rósa Petersen. Vitnið segir, að eiginkona hans, Björg Þórðardóttir, hafi komið með sér. Vitnið kveður þá Hans hafa gengið þannig frá skáphurðinni, sem sé tvískipt, að þeir hafi sett slagbrand fyrir. Er verki þessu lauk um kl. 2000, hafi þeir fundið brunalykt leggja um íbúðina, og kveðst vitnið þegar í stað hafa ekið á lögreglustöðina, enda hafi það séð eld og reyk handan skáphurðarinnar í gegnum rifu á skáphurðinni. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neinn umgang handan skápsins (þilsins), áður en eldur var laus. Er vitnið kom á lögreglustöðina, hafi því verið tjáð, að Danielle Somers hefði tilkynnt um brunann símleiðis. Vitnið segir, að móðir sín hafi sætt ofsóknum nokkrum af hálfu Danielle Somers og m. a. telji móðir sín, að hún sé völd að hvarfi á lykli að hurð, er liggi úr íbúð hennar í sameiginlegt þvottahús hússins, og hafi lykils þessa fyrst verið saknað 17. þ. m. Einnig hafi móður sinni verið meinaður aðgangur að sameiginlegu þvottahúsi hússins af Danielle og hafi hún haft niðrandi ummæli um hana. Vitnið skýrði frá því, að ekki sé innangengt úr íbúð móður sinnar að töfluskápnum, en hins vegar sé innangengt þaðan af íbúum miðhæðar. Vitnið tók fram, að eftir að slagbrandurinn hafi verið settur fyrir, hafi þau

öll farið inn í eldhús móður sinnar og eftir 5—10 mínútur hafi þau fundið brunalykt og séð reykinn og að eldur væri laus frammi í holinu.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Hans Pétursson, fæddur Petersen, 12. desember 1908, landbúnaðarverkamaður, Þingvallastræti 42, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa komið til Dusine kl. 1930 í gærkvöldi til að setja slagbrand fyrir skáphurðir að töflukassa hússins, en hurðir þessar hafi verið brotnar upp að sögn Dusine þá fyrr um daginn, og báru þær þess glöggt merki, að þær hefðu verið brotnar utan frá. Með sér hafi verið kona sín og skömmu síðar hafi Kristján, sonur Dusine, og eiginkona hans komið og þeir Kristján hafi í sameiningu sett slagbrand fyrir hurðirnar. Að því loknu hafi þau öll farið inn í eldhús og hallað aftur hurðinni og ekki hafi liðið nema fimm til tíu mínútur, er Kristján hafði orð á því, að hann fyndi reykjarlykt. Hafi þau öll flýtt sér fram í holið og þá séð eld og reyk í gegnum rifu á skáphurðinni. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, er það var að ganga frá slagbrandinum, að handan skáphurðanna fyrir neðan töflukassann hafi verið búið að setja mikið bréfarusl og tveim gömlum hurðum verið stillt upp ofan á ruslið og hafi þær hvílt á hurðum þeim, er slagbrandur var settur fyrir. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neinn umgang handan þilsins, áður en eldurinn kom upp, en greinilegt hafi verið, að eldsupptökin hafi verið í ruslahrúgunni undir rafmagnstöflunni. Vitnið kveðst hafa undrast það, hve eldurinn hafi magnast skjótt.

Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa fundið neina olíu- eða bensínlykt, áður en eldurinn kom upp.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Björg Þórðardóttir húsmóðir, Hamragerði 31, Akureyri, fædd 30. apríl 1938. Vitnið skýrði sjálfstætt samhljóða í meginatriðum frá atvikum og vitnin Kristján Kristjánsson og Hans Petersen. Vitnið kveðst hafa komið til tengdamóður sinnar ásamt eiginmanni sínum um kl. 1930—1940 í gærkvöldi og hafi þeir Hans og Kristján sett slagbrand fyrir skáphurðir, sem brotnar hefðu verið upp þann dag. Er verki þessu lauk, hafi þau öll sest inn í eldhús og eftir 5—10 mínútna veru þar hafi þau fundið brunalykt og strax séð, að eldur var laus handan skáphurðar í holinu, og hafi Kristján ekið þegar í stað á lögreglustöðina og tilkynnt brunann. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við neitt óvenjulegt, áður en eldurinn varð laus. Vitnið sagði, að er eldurinn kom upp, hafi rafljós logað í holinu, sem sé gluggalaust, og hafi það skvett vatni á hurðina til að reyna að slökkva eldinn. Er það yfirgaf íbúðina, hafi það mætt slökkviliðsmanni og allan tímann hafi rafljós logað í holinu. Vitnið kveður sig hafa sviðið í augu og nef, er það var inni í íbúðinni, þó reykur væri ekki mjög mikill.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Rósa Rögnvaldsdóttir húsmóðir, fædd 1. apríl 1917, Þingvallastræti 42. Vitnið skýrði sjálfstætt samhljóða

frá atvikum og vitnið Hans Pétursson. Vitnið kveðst aðspurt hafa veitt því eftirtekt, að rafljós slökknaði ekki í holi íbúðarinnar, er eldurinn kom upp.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Dusine Elísabet Kristjánsson húsfrú, fædd 22. október 1900, Þingvallastræti 22, Akureyri. Vitnið kvað Hans Pétursson hafa komið til sín um kl. 1930 kvöldið áður til að gera við skáphurðir, sem brotnar hafi verið upp þá um daginn og lágu að rafmagnstöflu hússins. Skömmu síðar hafi Kristján, sonur sinn, komið og eiginkona hans og þeir sett slagbrand fyrir hurðirnar. Eftir það hafi þau farið inn í eldhús og hallað hurðinni á eftir sér, þó ekki alveg lokað, og eftir 5—10 mínútur hafi borist þeim að vitum reykjarlykt, og er þau komu fram í holið, þar sem rafljós logi í sífellu, því þar sé gluggalaust, hafi sést í gegnum rifu á skáphurðunum, að eldur var laus handan hurðanna. Hafi Kristján strax farið á lögreglustöðina og tilkynnt um eldinn og Björg, tengdadóttir sín, hafi skvett vatni á skáphurðirnar. Vitnið segir, að meðan það hafi verið í íbúðinni, hafi ljós alltaf logað í holinu. Vitnið segist ekki hafa orðið vart við neina óeðlilega lykt, en eldurinn hafi magnast mjög skjótt. Skýrsla vitnisins gefin hjá lögreglunni á Akureyri 24. júlí 1977 var borin undir vitnið, og kvað vitnið skýrslu þessa sannleikanum samkvæma. Vitnið kvaðst hafa saknað lykilsins að hurðinni, er liggur að þvottahúsinu, að morgni 17. þ. m. Vitnið kveður ofsóknir Danielle gegn sér hafa hafist í febrúar sl., er hún þvoði þvott sinn, og hafi Danielle sagt sér að halda kjafti og fara á elliheimili.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gríma Guðmundsdóttir húsfrú, Þingvallastræti 22, Akureyri, fædd 19. apríl 1910. Vitnið kvaðst hafa opnað dyr niður kjallaraganginn að íbúð sinni, sem sé á efstu hæð hússins að Þingvallastræti 22, og hafi þá gosið á móti sér reykur og Rósa Rögnvaldsdóttir hafi kallað til sín að flýta sér út. Vitnið kveðst ekkert hafa verið á ferð um húsið bakdyramegin, áður en eldur kom upp, og ekki hafa haft nein eldfæri um hönd, og aðspurt kvaðst vitnið ekki reykja og ekki geta sagt um upptök eldsins. Vitnið kvaðst hafa búið í húsinu frá upphafi og allan þann tíma hafi öll hitarör og rafmagnstæki verið í lagi, og kvaðst vitnið ekki minnast þess, að eldur hafi orðið laus áður.

Þá var borin undir vitnið skýrsla þess gefin hjá lögreglunni á Akureyri 25. júlí 1977, og kvað vitnið skýrslu þessa gefna eftir bestu vitund og samvisku og kannaðist við nafnritun sína undir henni. Að gefnu tilefni tók vitnið fram, að enginn hafi haft eldfæri um hönd né reykt í kjallara hússins umrætt kvöld, er eldurinn kom upp.

Þann 28. júlí kom fyrir sakadóm Akureyrar sem vitni Danielle Somers, fyrrverandi flugfreyja, fædd 28. febrúar 1944, belgískur þegn. Mælandi á franska tungu, en Tómas Ingi Olrich aðstoðarskólameistari túlkaði framburð hennar. Aðspurt sagðist vitnið hafa verið í eldhúsi sínu og börnin

að leik í barnaherberginu og hafi börnin komið og sagst finna reykjarlykt og hún hafi þá athugað málið og séð, að lítils háttar reyk lagði frá hurðinni. Vitnið kveðst í fyrstu hafa haldið, að konan, sem býr á efstu hæð hússins, væri við flatbrauðsgerð, því reykjarlyktin hafi verið svipuð. Sé þessi flatbrauðsgerð stunduð í viðbyggingu fyrir neðan íbúð vitnisins og leggi frá brauðgerð þessari oft mikinn reyk og stybbu. Vitnið kveðst fljótlega hafa gert sér grein fyrir því, að ekki var um venjulega brauðgerðarlykt að ræða, heldur brunalykt, og hafi það þá kallað á slökkviliðið. Vitnið kveðst yfirleitt verða vart við mikinn umgang niðri í kjallaranum og hafi það einnig verið þetta kvöld, en ekkert óvenjulegt heyrði það. Vitnið kveðst ekki hafa fundið olíu- eða bensínlykt eða neinn óeðlilegan þef frá kjallara. Vitnið kveðst hafa orðið mjög hrætt og flúið með börn sín á lögreglustöðina og af þeim ástæðum ekki hafa getað gert sér grein fyrir smáatriðum.

Aðspurt kvað vitnið, að rafmagnið hefði farið af íbúð þess, sem sé á miðhæð hússins, um leið og hún fann reykinn. Vitnið segist hafa orðið vart við það, að rafmagnið fór af á þann hátt, að útvarpið hafi þagnað, og einnig séð það á eftir, því að á bakarofni, sem hafi verið í notkun, hafi rafmagnið rofnað. Vitninu voru sýndar ljósmyndir af brunanum, og kannaðist vitnið við, að þær væru af brunavettvangi, og sérstaklega aðspurt um ruslahrúgu undir rafmagnstöflum kvað vitnið þar væru aðallega gamlar prófúrlausnir og blöð vegna starfs eiginmanns hennar. Hafi þau sett ruslið þarna vegna raka og bleytu í kjallara og hafi það verið sett þarna í nóvember sl., að það minni. Aðspurt af dómara sagði vitnið, að við hliðina á bréfahrúgu þeirri, er samanstóð af gömlum kennslugögnum manns hennar, hafi verið staflað klósettpappír, sem pakkaður hafi verið inn í plastik, en einn pappakassi hafi verið fullur af klósettpappír líka og þar við hliðina hafi verið staflað upp stórum pökkum af þvottaefni í 10 kg pakkningum. Aðspurt af dómara sagði vitnið, að engin olía eða lýsi hafi verið geymt þarna, en hins vegar hafi verið geymd þarna kerti og eldspýtur, sem notaðar voru í rafmagnsleysi, svo lítið ferðagastæki. Vitnið tók fram, að oft hafi verið rafmagnslaust í húsinu og því hafi þessi eldfæri verið geymd þarna.

Svo sem áður greinir, kvað vitnið börn þeirra hjóna hafa verið að leik í barnaherberginu og auk þess sé lás svo hátt á hurðinni niður í kjallara, þannig að börnin geti ekki farið þangað niður. Aðspurt kvað vitnið börn þeirra hjóna vera þrjú, fimm, þriggja og eins árs. Vitnið kveðst ekki hafa hugmynd um, hvers vegna eldurinn hafi komið upp, en segir, að í fyrra hafi kona, er býr í kjallara hússins, gleymt hraðsuðukatli í sambandi og við það hafi borð brunnið, sem ketillinn stóð á, og húsið fyllst af óþægilegri lykt.

Dómari gætti nú ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 og dómtúlkur las fyrir vitninu skýrslu lögreglunnar, dags. 24. og 25. júlí 1977.

Aðspurð af dómara kvaðst mætta ekki vera völd að hvarfi lykils að hurð í íbúð Dusine, er liggi inn í þvottahúsið. Aðspurð af dómara, kvaðst mætta hafa skipt um öryggi í raftöflu hússins sunnudaginn 24. þ. m., en öryggin séu sameiginleg fyrir allt húsið og auðvelt sé að ruglast á öryggjum vegna þess, því að þau séu ógreinilega merkt. Aðspurt af dómara kvaðst mætta geta lesið íslenskt mál, sé það ekki of flókið, en mætta kvaðst hafa þurft að skipta um öryggin við kertaljós. Mætta tekur fram, að taflan standi mjög hátt og því sé erfitt að lesa á hana. Aðspurt af dómara kvaðst mætta hafa lagt síldina á skáphilluna. Mætta segist hafa sett síldina, sem voru kryddsíldarflök, feit, sem óhæf voru til matar, og raðað þeim á alla silluna langsum. Hafði hún gert þetta til að varna því, að Dusine færi í gegnum skáphurðina inn í kjallara hennar, eða væri á gægjum til að fylgjast með ferðum í kjallaranum, en mætta kveðst eitt sinn hafa tekið eftir því, er hún hafði verið fjarverandi, að farið hefði verið inn í kjallarann og sé ekki um annað að ræða en farið hafi verið í gegnum áðurnefnda skáphurð.

Aðspurð af dómara, hvort mætta kynni til að svara, að brotnar hafi verið upp klinkur, er settar hafi verið á margnefndar skáphurðir, kvaðst mætta kunna skýringu á því. Hún hafi stillt upp þremur hurðum, massívum úr tré, fyrir margnefnt op að töflukassa til þess að varna því, að Dusine gæti legið á gægjum, og við þunga hurðanna taldi mætta, að klinkurnar hefðu brostið. Ítarlega aðspurð af dómara taldi mætta það fráleitt, að olía af síldinni hefði komist í klósettpappírinn, er var í geymslu í kjallaranum, og mætta kvaðst ekki reykja. Mætta kvaðst hafa tekið það til ráða að hamla samgangi um margumræddа skáphurð til að forða því, að komist yrði í geymslur þeirra hjóna, því sumarið áður hefði Dusine hleypt börnum inn í bílskúr þeirra hjóna, þar sem þau áttu greiða leið í vistarverur þeirra, þar á meðal sælgæti. Mætta kvaðst ýmsar athugasemdir hafa að gera við framkomnar lögregluskýrslur, er höfðu verið fyrir henni lesnar. Aldrei hefði verið neitt samkomulag um notkun þvottahúss. Mætta segir, að til orðahnippinga hafi komið milli hennar og Dusine og hafi Dusine sagt við sig, að hún mætti ekki þvo á þriðjudögum, og hafi Dusine hengt upp þvott sinn rennandi blautan út um allt þvottahús. Mætta segir, að hún eigi erfitt með að skilja Dusine vegna dansks hreims hennar og hafi mætta því misst þolinmæði í þetta skipti og viðhaft þau orð, er greinir í skýrslunni. Sé þvottamáti Dusine upp á gamla mátann og flói allt í vatni, þannig að ómögulegt sé fyrir mættu að sinna sínum daglegu þvottum, og kvaðst mætta hafa boðið Dusinu aðgang að þvottavél sinni, en Dusine hafnað því. Noti Dusine ekki niðurföllin í þvottahúsinu, heldur kasti vatni út í horn og sé nú kominn fúi í undirstöður þvottavélar mættu af þeim sökum. Mætta tók fram, að Dusine hafi ekki hætt notkun á þvottahúsi, eins og haldið hafi verið fram, heldur hafi hún notað það til þvotta og helt skolp-

vatni þar út um allt gólf, eins og áður greinir, en ekki notað svelginn og benti á, að svo virtist sem Dusine hafi ætlað að nota þvottahúsið, er hún uppgötvaði, að lykillinn að þvottahúsinu var horfinn. Mætta kveðst telja, að þó að herbergi það, sem notað sé til þvotta, sé kallað þvottahús, þá standi það ekki undir nafni, því að þar séu aðeins tveir kranar og eitt niðurfall. Mætta sagði, að sameiginleg kynding væri fyrir húsið, sem hægt sé að nota, ef rafmagn fari af, og hafi Gríma bannað sér að nota þessa kyndingu, þar sem Dusine hafi ekki getað notað hana heldur vegna ellimarka, en hún hafi notað hana engu að síður. Mætta kvaðst ekki hafa getað opnað hurðina á viðbyggingunni við húsið, því að hún hafi frosið aftur vegna mikils raka, og hafi hún sett rusl í svarta plastpoka, er hún setti í geymsluna, en tók fram, að mikill raki hafi verið þarna og hefði ódaunninn komið vegna rakans, en ekki ruslsins. Hafi stöðugt frost verið í geymslunni og sorpið því frosið jafnóðum. Mætta tók fram, af gefnu tilefni, að upp í íbúð sína leggi oft mikla vindla eða reykingalykt, sem virðist koma úr kjallara hússins.

Sama dag kom fyrir sakadóminn sem vitni Ólafur Rafn Jónsson menntaskólakennari, Þingvallastræti 22, Akureyri, fæddur 8. júlí 1936. Vitnið kvaðst hafa verið í Reykjavík, þegar eldur kom upp í húseign hans Þingvallastræti 22 hér í bæ, en hann kvaðst búa á fyrstu hæð hússins, sem sé tvíbýlishús. Er hann kom til Akureyrar um kl. 2200, hafi legið fyrir honum skilaboð á flugvellinum um að hringja í lögregluna á Akureyri og hafi lögreglan tjáð honum, að eldur hafi komið upp í íbúð hans og fjölskylda hans væri stödd á lögreglustöðinni. Hafi hann fundið fjölskyldu sína á lögreglustöðinni, og er þau voru að fara þaðan, hafi einn lögreglumannanna kallað hann afsíðis og tjáð honum, að Gríma Guðmundsdóttir, er búi á efstu hæð hússins, hafi hringt þangað skömmu áður og hafi hún óskað þess, að eiginkona hans kæmi ekki þangað aftur. Vitnið tók fram, að lögreglan hafi ekkert hindrað þau hjón í að komast til heimilis þeirra. Vitnið skýrði frá því, að í byrjun vikunnar hafi Sigurður Bjarklind, settur heilbrigðisfulltrúi á Akureyri, skoðað eignarhluta hans í húseigninni Þingvallastræti 22 og þá sérstaklega haft orð á, hversu mikil eldhætta væri í húsinu öllu vegna lélegs frágangs og sérstaklega væri hættan mikil í viðbyggingu við húsið. Vitnið kveðst ekki hafa minnstu hugmynd um eldsupptök, en fyrst hefði sér flogið í hug, að eldur væri laus í rafmagnstöflu, því í nóvember sl. hefði rafmagnseftirlitið skoðað rafkerfið í húsinu og fundið því margt til foráttu, m. a. rafmagnstöflunni.

Fyrir vitninu voru lestnar skýrslur lögreglunnar á Akureyri, dags. 24., 25. og 26. júlí 1977, og var framburður vitnisins varðandi skýrslur þær samhljóða framburði eiginkonu hans, Danielle Somers. Vitnið kvað það áður hafa komið fyrir, að Dusine hefði týnt lykli, og vegna aldurs sé and-

legri getu hennar mjög aftur farið og illt að henda reiður á, hvað sé sannleikanum samkvæmt. Vitnið sagði, að Gríma hefði sýnt yfirgang í sambúðinni í húsinu, m. a. nokkrum sinnum skrúfað fyrir vatnsinntak hússins án sinnar vitundar og standi í framkvæmdum án hans vitundar og samþykkis, m. a. málað grindverk við götuhlið hússins á leiktíma barna þeirra hjóna og hegði sér yfirleitt þannig í sambúðinni eins og hún ætti húseignina eina og óskipta. Vitnið kvað rangláta og fáránlega skiptingu milli eignarhluta í húsinu vera frumorsök að allri sundurþykkju og óánægju, sem komið hefði upp milli íbúanna, að sínu mati, og lausn á því vandamáli ekki í sjónmáli, fyrr en réttlát skipting hefði átt sér stað, en til þessa hefði Gríma ekki ljáð máls á neinnri sanngjarnri lausn. Vitnið kvaðst telja, að íbúð í kjallara hússins væri ólögleg og uppfyllti ekki kröfur byggingarsamþykktar. Að gefnu tilefni tók vitnið fram, að Sigurður Bjarklind, settur heilbrigðisfulltrúi, hefði sagt við hann í dag, að honum fyndist brunahætta mikil í húseign vitnisins, þegar hann skoðaði hana í byrjun vikunnar.

Í sakadómsrannsókninni var lögð fram skýrsla Tómasar B. Böðvarssonar, slökkviliðsstjóra á Akureyri, um slökkvistarfið að Þingvallastræti 22, og segir þar m. a.:

„Þriðjudaginn 25. þ. m. kl. 20:04 var hringt frá Þingvallsstræti 22 (miðhæð) og sagt, að reyklykt kæmi úr kjallara hússins.

Á staðinn fór Skjöldur Tómasson, settur varðstjóri, og Viðar Þorleifsson, brunavörður, á slökkvibíl SA 1.

Þegar á staðinn var komið, var greinilegur eldur í kjallara hússins, og óskaði þá varðstjórinn eftir að 1. útkall slökkviliðsmanna yrði kallað út.

4 reykkafarar réðust með háþrýstibyssum að eldinum, sem var í skáp milli íbúða í kjallaranum.

Reykblásari var settur á 1. hæð til að mynda þar yfirþrýsting og þannig varna því, að reykur bærist um hurð milli 1. hæðar og kjallara. Nokkuð greiðlega tókst að slökkva eldinn.

Skemmdir af völdum elds, reyks og vatns urðu töluverðar á kjallaranum, en vonandi óverulegar á 1. og 2. hæð af reyk."

Skýrsla hinna áðurnefndu sérfróðu skoðunarmanna til þess að rannsaka eldsupptök í hússeigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, var lögð fram í sakadómi Akureyrar 28. júlí 1977, og er skýrsla þeirra dags. sama dag, og hljóðar hún þannig:

„Undirritaðir Óskar Þór Árnason raftæknifræðingur og Aðalsteinn Jónsson efnaverkfræðingur voru dómskvaddir sem skoðunarmenn til þess að rannsaka orsakir bruna, er upp kom í húsinu að Þingvallastræti 22.

Hinn 26. júlí kom upp eldur í þröngu skoti, sem er nálægt miðju húsi í kjallara að Þingvallastræti 22. Í þesu skoti er rafmagnstafla fyrir húsið, og er aðgangur að henni til vinstri, þegar komið er niður tröppur, sem liggja

frá miðhæðinni niður í kjallarann, en einnig í gegnum lúgur, sem eru opnanlegar á millivegg, sem skilur kjallaraíbúðina frá eignarhluta miðhæðarinnar.

Við skoðun á rafmagnstöflu sást ekkert það, er bent gæti til þess, að eldsupptök væri hægt að rekja til hennar. Taflan var sviðin að utan, en allar tengingar á bakhlið voru hreinar og engin merki um bruna eða skammhlaup þeim megin. Þá vakti athygli okkar utanáliggjandi rafleiðsla ofarlega á vegg, sem var alveg brunnin í sundur. Við nánari athugun kom í ljós, að við hana var 10 amp. vartappi, sem var í sundur, og því talið útilokað að rekja eldsupptök til hennar.

Á gólfinu fyrir neðan rafmagnstöfluna var mikil hrúga af blöðum og bókum, sem að sögn húsfreyju á miðhæðinni var komið þar fyrir í nóvember '76 til þess að forða þeim undan vatni, sem komið hafði á gólf í geymsluherbergi gegnt umræddu skoti. Einnig var þarna á gólfinu talsvert magn af brunnum og hálfbrunnum klósettrúllum. Var svo að sjá sem eldur hafi verið mun meiri í þeim en í aðalblaðahrúgunni. Var þar um að ræða 10—15 cm. öskulag fremst og vinstramegin í skotinu (miðað við inngang í skotið), sem náði niður í gólf, innar og hægra megin var blaðahrúgan lítið brunnin.

Við teljum, að eldurinn hafi komið upp á þessum stað og læst sig upp eftir tréhlerum, sem þarna hafði verið stillt upp að veggnum..

Um eldsupptök er það að segja, að hugsanlegt er, að glóð úr vindlingi hafi dottið niður í klósettrúllurnar eða einhver slíkur utanaðkomandi eldur.

Þá má geta þess, að klósettpappír og þerripappír er því sem næst hreinn cellulósi, sem brennur mjög auðveldlega. Í slíkum efnum getur orðið sjálfíkveikja, ef í þau kemst íldandi olía eins og t. d. línolía eða síldarolía. Ef um sjálfíkveikju væri að ræða, verður að telja líklegt, að hún hefði átt sér stað það hægt, að íbúar hússins hefðu orðið varir við hana, áður en eldur væri orðin laus."

Þann 5. ágúst 1977 ritar Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, lögmaður gagnstefnanda Danielle Somers, aðalstefnanda Grímu Guðmundsdóttur svohljóðandi bréf, sbr. dómskjal nr. 6.

„Í meðfylgjandi ljósriti af skýrslu ríkislögreglunnar á Akureyri, dags. þriðjudaginn 26. júlí sl., er fjallar um eld í Þingvallastræti 22 þann sama dag, segir m. a. svo: „Þær Dusine og Gríma ásamt syni Dusine og hans konu voru þess fullviss, að Danielle hefði kveikt eld í geymslunni, sem rafmagnstaflan var í." Síðar í sömu skýrslu segir: „Mikið af blöðum og bókum var á gólfinu hálfbrunnið og að sögn Dusine og Grímu hafði Danielle verið að flytja þau í geymsluna síðustu daga."

Umbjóðandi minn Danielle Sommers, Þingvallastræti 22, Akureyri, telur ofanritуð ummæli yðar freklega ærumeiðingu, og vegna þessa áburðar

hefur hún mátt þola það harðræði að vera leidd fyrir sakadóm Akureyrar grunuð um íkveikju og auk eigin fyrirhafnar hefur hún orðið fyrir fjárútlátum vegna lögmannsaðstoðar. Af þessu tilefni vil ég f. h. Danielle krefjast skriflegs svars yðar við því, hvort áður tilvitnuð ummæli séu rétt eftir yður höfð, því sé svo, hefur Danielle falið mér að fá ummælin ómerkt og láta yður sæta fébóta- og refsiábyrgð að lögum.

Vænti ég þess, að þér sendið mér umbeðið skriflegt svar yðar fyrir 15. ágúst n.k., því að þeim tíma liðnum mun ég gera viðeigandi ráðstafnair í samræmi við óskir umbjóðanda míns."

Sama dag var samhljóða bréf sent Dusine Kristjánsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, af lögmanni gagnstefnanda Danielle Somers.

Á dómskjali nr. 20 er svohljóðandi vottorð Björns Guðmundssonar, heilbrigðisfulltrúa á Akureyri, dags. 10. ágúst 1977.

„Síðastliðinn vetur, nánar tiltekið 6. apríl 1977, hringdi Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22 hér í bæ, og kvartaði yfir því, að rusli væri safnað saman í gangi bakmegin í húsinu, en gangur þessi tilheyrir hennar íbúð, sem er á efstu hæð hússins, og miðhæðinni, en þar býr Ólafur Rafn Jónsson með konu og börnum, og mun ruslið tilheyra því fólki. Gríma sagði, að sér hefði ekki tekist að fá Ólaf til að fjarlægja ruslið. Ég fór á staðinn og athugaði þetta, það reyndist rétt, sem Gríma sagði, að þetta var einskonar sorphaugur þarna í ganginum. Talaði ég þá við Ólaf Rafn, sem lofaði að fjarlægja ruslið fyrir n. k. laugardag. En 12-4 hringdi Gríma aftur og sagði, að ruslið væri enn á sama stað og komin töluverð ólykt af því. Talaði þá aftur við Ólaf Rafn og sagði honum, að ef hann yrði ekki búinn að fjarlægja ruslið fyrir n. k. laugardag, mundi ég koma undir lögregluvermd og gera það og senda honum reikninginn. En laugardaginn 16-4 rétt um kl. 13.00 hringdi Þóroddur Jónasson héraðslæknir til mín heima og sagði mér, að Ólafur Rafn hefði talað við sig og óskað eftir að fjarlægja ruslið sjálfur, sagði ég Þóroddi, að það væri í lagi frá minni hendi, ef hann gerði það strax. En þá hafði ég beðið um lögreglu strax eftir hádegi, sem ég afþakkaði. Veit ég ekki annað en Ólafur Rafn hafi fjarlægt ruslið þá strax."

Þann 11. ágúst 1977 var tekið fyrir í fógetarétti Akureyrar fógetaréttarmálið nr. 119/1977: Beiðni Ólafs Rafns Jónssar, að lagt verði lögbann á þá athöfn Grímu Guðmundsdóttur að skipta sameign í kjallara Þingvallastrætis 22, og lýsti fógeti því yfir í lögbannsmáli þessu, að lagt væri lögbann á fyrirhugaða framkvæmd skiptingar á sameign í Þingvallastræti 22, Akureyri, með því að reistur yrði veggur í kjallara. Ljósrit þessarar fógetagerðar er á dómskjali nr. 39.

Þann 17. ágúst 1977 ritar þáverandi lögmaður aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, lög-

manni gagnstefnanda, Stefáni Pálssyni héraðsdómslögmanni, svo og gagnstefndu frú Danielle Somers áminningarbréf með vísan til ákvæða 17. gr. laga nr. 59/1976, og er bréf þetta á dómskjali nr. 8 og hljóðar þannig:

„Ég leyfi mér að vitna til viðræðna okkar hinn 15 þ. m. varðandi sambúðarvandamál að Þingvallastræti 22, Akureyri, en eins og kom fram, þá hefur frú Gríma Guðmundsdóttir falið mér að koma fram fyrir sína hönd vegna þessa.

Á fundi okkar kom fram tillaga í þá veru, að reistur yrði veggur í kjallara í stað þess, sem brann, og yrði svo frá honum gengið, að unnt yrði að skipta rafmagnstöflu í kjallara þannig, að hvor eigenda hússins hefði síðan aðgang að sinni töflu, en ekki töflu hins. Þá var gert ráð fyrir því, að svo yrði gengið frá útbyggingu, að komist yrði fyrir leka á henni. Þá var rætt um skiptingu á þvottahúsi á þann veg, að fyrst um sinn yrði um að ræða skiptingu á afnotum, en síðar yrði þvottahúsinu skipt í raun, ef þær aðstæður sköpuðust við komu hitaveitu, að slíkt væri fýsilegt.

Það lá fyrir, að umbj. minn væri reiðubúinn til að taka þátt í kostnaði að sínum hluta vegna framangreindra framkvæmda, enda horfðu þær að eðlilegu viðhaldi hússins og bættum sambýlisháttum.

Nú hefur umbj. yðar ekki fengist til að gefa skýr svör við því, hvort hann er reiðubúinn til samninga um mál þetta eða ekki. Ljóst er, að umbj. m. getur ekki beðið lengur eftir úrslitum um það, enda hefur umbj. yðar með lögbanni komið í veg fyrir, að unnt yrði að gera við brunaskemmdir í húsinu, en af því leiðir, að leigutaki umbj. míns hefur ekki haft afnot af húsnæði sínu síðan bruninn varð.

Ég tel neitun umbj. yðar á því að standa að samningagerð, sem leyst hefði getað ágreiningsmál, lögbannsgerðir af hans hálfu til að koma í veg fyrir eðlilega viðgerð á brunaskemmdum, söfnun á rusli í sameiginlegu rými, þar á meðal að skilja eftir fiskúrgang, vera slíkt brot á IV. kafla laga nr. 59/1976, að þau gefi tilefni til áminningar skv. 17. gr. laganna, og ber að skoða bréf þetta sem slíka áminningu.

Þá er jafnframt ákskilinn réttur til bóta vegna lögbannsmálsins og vegna alls annars tjóns, sem umbj. minn telur hafa hlotist af aðgerðum umbj. yðar eða aðgerðarleysi."

Þann 23. ágúst 1977, kl. 1545, var óskað lögregluaðstoðar að Þingvallastræti 22 vegna skemmdarverka, er þar höfðu verið framin. Lárus Ragnarsson, lögreglumaður nr. 13, fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 20, og gaf Lárus eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 40: „Þar tók á móti okkur Örn Smári Arnaldsson f. h. húsráðanda Dusine Kristjánsson og sýndi okkur skemmdir á pússningu á vegg, er hlaðinn hafði verið utan um rafmagnstöflu á neðslu hæð hússins. Hafði eitthvert verkfæri verið rekið meðfram veggnum, þar sem hinn nýbyggði veggur mætast og vestur-

veggur íbúðarinnar. Við það hafði pússningin dottið á gólfið á sex stöðum, og sást inn í herbergið hinum megin. Um það bil 2—3 cm. gat hafði myndast í pússninguna, þar sem götin höfðu verið rekin í gegn. Ekki er vitað, hver þarna hefur verið að verki, en íbúar íbúðar þeirrar, er veggur þessi snýr að, voru ekki heima, er við lögreglumennirnir komu á staðinn.

Örn Smári kvaðst ætla að láta gera við skemmdir þessar og kvaðst leggja fram bótakröfu fyrir viðgerðinni."

Þann 24. ágúst 1977, um kl. 1150, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og tilkynnti um, að skemmdarverk hefðu verið unnin á hlöðnum vegg í kjallara hússins. Páll Þorkelsson lögregluþjónn fór á staðinn ásamt Jónasi Finnbogasyni lögregluþjóni, og gerði sá fyrrnefndi skýrsl um atburðinn, og er hún á dómskjali nr. 41 og hljóðar þannig:

„Þar hittum við Grímu fyrir. Hún kvaðst vera eigandi að efstu hæð hússins og einnig kjallara þess. Á miðhæðinni byggju Ólafur Rafn Jónsson ásamt fjölskyldu sinni. Gríma vísaði okkur á vegg í kjallara hússins, sem hún kvað hafa verið hlaðinn tveim dögum áður. Hún kvað skemmdir hafa verið unnar á veggnum daginn áður og hefði það verið nú í morgun sem múrari hefði gert við þær skemmdir. Hún kvaðst hafa skroppið út skamman tíma fyrir hádegi (milli kl. 11:00—11:30) og hefðu skemmdir þessar verið komnar á veggginn á meðan. Þarna er um að ræða vegg, sem Gríma kvað hafa verið hlaðinn í stað tréveggs.

Innangengt er frá miðhæðinni hinum megin frá og að vegg þessum. Í um 135 cm. hæð og 160 cm. voru göt í gegnum vegginn, þar sem nýviðgerða skemmdin var. Þau voru ca 1—2 cm. í þvermál hvort gat.

Ekki er vitað, hverjir munu hafa verið þarna að verki."

Þann 30. ágúst 1977, kl. 1615, var óskað lögregluaðstoðar að Þingvallastræti 22 vegna rúðubrots.

Lárus Ragnarsson lögreglumaður fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 5, og gerði sá fyrrnefndi skýrslu um atvikið, og er skýrsla þessi á dómskjali nr. 42 og hljóðar þannig: „Þar hittum við fyrir Þorgrím Sigurðsson, er sýndi okkur brotna rúðu á suðurhlið hússins, er hafði verið brotin. Rúða þessi er af stærðinni 39x76 cm. úr 4mm. gleri. Þorgrímur kvaðst hafa séð son Ólafs Rafns og Danielle Somers brjóta rúðu þessa, en hann hefði verið hindraður í að brjóta fleiri rúður. Vitni var einnig að þessu Hörður Jörundsson, Vanabyggð 1, en hann var að mála kjallaraíbúðina að Þingvallastræti 22.

Skömmu síðar sáum við, að áðurnefndur drengur var á gangi á Þingvallastræti ásamt móður sinni Danielle. Hugðust undirritaðir hafa tal af drengnum út af máli þessu, og ávarpaði ég Danielle. Brást hún þá við hin versta og sagði drengnum að tala ekki við mig. Einnig var Danielle með barna-

kerru akandi á undan sér, og ók hún henni á fætur mér, er ég hugðist hefta ferðir hennar. Drengur sá, sem áður er getið, er ca. 6—8 ára gamall, ljóshærður, en ekki er vitað um nafn hans."

Þann 30. ágúst 1977 ritar lögmaður gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson, Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, þáverandi lögmanni aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, svo og aðalstefnanda, frú Grímu Guðmundsdóttur, áminningarbréf með vísan til 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976, og er afrit bréfs þessa á dómskjali nr. 9 og hljóðar þannig:

„Mér hefur borist bréf yðar, dags. 17. þ. m., varðandi sambúðarvandamál umbj. yðar Grímu Guðmundsdóttur og umbj. míns Danielle Somers Jónsson, beggja til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri.

Umbjóðandi minn hefur falið mér að mótmæla harðlega efni bréfs yðar, og telur hún, að nefnd sambúðarvandamál stafi öll af óbilgirni umbj. yðar og gerræðisfullum aðgerðum, enda hefur umbj. yðar allt frá því að umbj. minn kom í húsið hegðað sér eins og hún byggi í einbýlishúsi, en ekki fjölbýlishúsi. Umbj. yðar hefur margoft skrúfað fyrir vatnsinntak í húsið án samráðs við umbj. minn og hefur ekki látið af þeirri hegðan þrátt fyrir áminningar. Þá hefur umbj. yðar eða einhver á hennar vegum þrásinnis sprautað vatni og skvett skólpi á þvottavélar umbj. míns í sameiginlegu þvottahúsi. Einnig má nefna, að umbj. yðar hefur ráðist í framkvæmdir á sameign, t. d. að mála grindverk, án alls samráðs við umbj. minn og valdið með því m. a. þeim óþægindum, að börn umbj. míns, sem voru að leik í garðinum, hafa útatað sig í málningu. Ennþá má nefna, að umbj. yðar hefur hleypt ókunnugum inn í húsnæði umbj. míns í gegnum lúgu, sem var við rafmagnstöflu í kjallara.

Alvarlegustu aðgerðir umbj. yðar til þessa komu fram, eftir að bruni varð í kjallara hússins að Þingvallastræti 22 að kvöldi dags þann 26. júlí 1977. Þá bar umbj. yðar þær röngu sakargiftir á umbj. minn fyrir lögreglu, að umbj. minn hefði kveikt eld í geymslunni, sem eldsvoðinn varð í. Þennan áburð lét umbj. yðar einnig konu að nafni Dusine bera, en Dusine þessi hefur hafst við í geymsluherbergjum kjallara hússins að Þingvallastræti 22, að því er virðist sem leigjandi umbj. yðar. Áðurnefndar sakargiftir urðu þess valdandi, að umbj. minn mátti þola það harðræði að vera leidd fyrir sakadóm Akureyrar sem brennuvargur, og einnig virðist sem svo að umbj. yðar vinni að því að breiða út þá firru, að umbj. minn hafi valdið eldsvoðanum. Með bréfi mínu til umbj. yðar, dags. 5. ágúst s.l., fór ég þess á leit við umbj. yðar, að hún sendi mér skriflegt svar við því, hvort hún héldi enn til streitu þeim ummælum, sem eftir henni eru höfð í lögregluskýrslu, þess efnis, að umbj. minn hefði kveikt nefndan eld.

Mér hefur ennþá ekki borist svar þetta, og mun umbj. minn því tafarlaust kæra umbj. yðar fyrir rangar sakargiftir og meiðyrði.

Er áðurnefndur eldur kviknaði, varð aðallega það tjón, að rafmagnstafla hússins brann, og einnig brann timburþil, sem skildi að eign umbj. míns og umbj. yðar í kjallara. Á þili þessu gegnt rafmagnstöflunni var lúga í brjósthæð ætluð til þess, að umbj. yðar gæti teigt sig í rafmagnstöfluna til þess að skipta um öryggi og þess háttar. Klefi hjá rafmagnstöflunni mun að öllu leyti hafa verið séreign umbj. míns með áðurnefndri kvöð um aðgang umbj. yðar að töflunni gegnum lúguna. Nú hefur það skeð mitt í því, að samningstilraunir stóðu yfir um endurbyggingu veggjarins og skiptingu rafmagnstöflu, að umbj. yðar hefur látið reisa hlaðinn vegg, að hluta þar sem áðurnefnt þil stóð, en að hluta þannig, að stór hluti áðurnefnds klefa tilheyrir nú séreign umbj. yðar. Þessi veggbygging er gerð án allrar heimildar byggingaryfirvalda, og eins og að veggbyggingunni hefur verið staðið, hefur byggingarsamþykkt verið þverbrotin og réttur umbj. míns fótum troðinn. Umbj. minn telur þetta slíkan yfirgang og frekju, að, hún geti vart látið kyrrt liggja, og hefur falið mér að senda byggingaryfivöldum og sakadómi erindi af þessu tilefni.

Í áðurtilvitnuðu bréfi yðar teljið þér umbj. minn hafa gerst brotlegan við 4. kafla laga nr. 59/1976 og gefið af því tilefni umbj. mínum áminningu í anda tilvitnaðrar greinar, þá hlýtur réttur umbj. míns til þess að gefa slíka áminningu af gefnu tilefni vera jafn ríkur. Með tilvísun til framanritaðs telur umbj. minn tilefni ærin, og hefur hún falið mér að áminna umbj. yðar með bréfi þessu um það að virða eftirleiðis sambýlisreglur og rétt umbj. míns sem sameiganda að húsinu Þingvallastræti 22 og virði umbj. yðar eftirleiðis ekki rétt umbj. míns, mun ég tilneyddur fyrir hennar hönd til þess að neyta heimilda í áður tilvitnaðri 17. gr. laga um fjölbýlishús og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög, nr. 280/1976.

Ég tel farsælustu lausnina á sambýlisvandamálum að Þingvallastræti 22 vera þá að ganga sem fyrst frá skriflegu samkomulagi um þau ágreiningsefni, er deilum hafa valdið hingað til. Ég verð þó að vekja athygli yðar á því, að offors umbj. yðar er síst til þess fallið að liðka fyrir samningagerð, og nefni í því sambandi, að áður tilvitnað bréf yðar barst mér rúmum sólarhring eftir fyrsta fund okkar um málefni umbjóðenda okkar, og var sá fundur jafnframt fyrsti fundur aðila eða umboðsmanna aðila um ágreiningsefnin. Er því að ósekju rætt þar um neitun umbj. míns á því að standa að samningagerð o. s. frv., því slík neitun hefur aldrei verið sett fram. Þá var áður tilvitnuð veggbygging hafin nokkrum dögum síðar, eða mánudaginn 22. ágúst s.l., en til stóð, að við tækjum upp frekari samningaviðræður þann sama dag.

Vænti ég þess, að við getum tekið skjótt upp aftur samningatilraunir um

málefni umbjóðenda okkar og að þér letjið umbj. yðar til frekari gerræðisfullra og grunnhyggnra aðgerða, meðan á þeim samningatilraunum stendur."

Eftir þessar gagnkvæmu áminningar virðist samkvæmt skjölum málsins ríkja friður með aðiljum málsins þar til 4. nóvember 1978. Í millitíðinni, eða nánar tiltekið þann 21. júní 1978, sendir þáverandi lögmaður aðalstefnanda, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, lögmanni gagnstefnanda, Stefáni Pálssyni héraðsdómslögmanni, tillögu að samkomulagi milli eigenda húseignarinnar nr. 22 við Þingvallastræti á Akureyri, og er skjal þetta þingmerkt sem dómskjal nr. 21.

Þann 4. nóvember 1978, laust eftir kl. 1300, hringdi á lögregluvarðstofuna á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22, og óskaði eftir lögregluaðstoð að heimili sínu vegna framkvæmda, sem hafnar væru af einum eiganda hússins, gagnstefnanda Ólafi Rafni Jónssyni. Væru verktakar á hans vegum að brjóta niður hluta af bílskúr norðan við húsið.

Lögreglumennirnir Þorsteinn Pétursson og Páll L. Rist fóru á staðinn, og gerði sá fyrrnefni skýrslu um atburðinn, og er hún þingmerkt á dómskjali nr. 22, og segir þar svo: „Á staðnum höfðum við tal af nefndri Grímu. Hún benti okkur á framkvæmdir, sem hafist höfðu í dag á þaki bílskúrs og sameignar, sem standa norðan nefnds húss. Verið var að brjóta með loftpressu þak á skúrnum, þar sem það kom að íbúðarhúsinu. Að sögn Grímu er nefndur skúr að mestu í hennar eigu. Þó er á milli skúrsins og íbúðarhússins sameiginlegur inngangur (bakdyrainng.). Vestan við inngangginn er smá geymsla, sem er í eigu Ólafs Rafns Jónssonar. Sjálf bílgeymslan væri í sinni eigu. Undirritaður hafði síðan tal af Ólafi. Hann sagðist aðeins ætla að brjóta niður geymslu þá, er væri i sinni eign. Annað ætlaði hann sér ekki að framkvæma og hann mundi gæta þess að skemma ekki annarra eign. Framkvæmdir voru þá aðeins stutt á veg komnar við að brjóta niður þak geymslunar.

Um kl. 15:45 hringdi á stöðina Björn Guðmundsson heilbrigðisfulltrúi. Nefnd Grímа hafði þá hringt til Björns, vegna þes að nú væru hafnar framkvæmdir á sameigninni. Undirritaður fór þegar á staðinn ásamt Daníel Snorrasyni lögreglumanni. Búið var að brjóta þak bílskúrsins upp við íbúðarhúsið upp yfir sameigninni. Ólafur svaraði því til, að sér hefði komið til hugar að rífa alveg sund milli húss og bílskúrs. Hann kvaðst gera þetta upp á eigin ábyrgð, án nokkurs samráðs við aðra eigendur eða með leyfi byggingarnefndar Akureyrar. Eftir nokkuð málþóf féllst Ólafur á að hætta frekari framkvæmdum við sameignina. Hann mundi fúslega bæta þeim, er ættu sameignina með sér, það tjón, er hann hafði valdið.

Það skal tekið fram, að reynt var að ná sambandi við fulltrúa byggingarnefndar, en það tókst ekki."

Þann 5. nóveber 1978, kl. 1645, hringdi aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, á lögregluvarðstofuna á Akureyri og sagði, að meðeigandi sinn að Þingvallastræti 22, Ólafur Rafn Jónsson, gagnstefnandi, væri aftur farinn að láta brjóta niður þak með loftpressu, þar sem frá hafði verið horfið daginn áður, svo sem greint var frá í skýrslu Þorsteins Péturssonar lögreglumanns.

Kjartan Sigurðsson varðstjóri fór á vettvang ásamt lögreglumönnunum Ólafi Ásgeirssyni og Stefáni Tryggvasyni, og er skýrsla Kjartans varðstjóra um atburðinn þannig:

„Er við komum að Þingvallastræti 22, voru þrír menn á þaki umræddrar viðbyggingar og unnu með loftpressufleyghamri að því að brjóta þak viðbyggingarinnar, rúmlega meters breiða rönd norður frá húsveggnum, austur frá þeim stað, sem hætt hafði verið daginn áður, og áttu ekki eftir nema á annan meter austur á brún.

Undirritaður fór að aðaldyrum íbúðar Ólafs Rafns og gerði boð fyrir hann, en nokkur dráttur var á, að hann kæmi til dyra. Þegar Ólafur Rafn kom til dyra, bað hann undirritaðan að ganga inn og tala við bæjarfógetann, Ófeig Eiríksson, sem væri í símanum. Í símanum tjáði bæjarfógeti undirrituðum, að Ólafur Rafn mundi ekki vera að valda skemmdum á húsinu, heldur einungis að uppfylla kröfu heilbrigðisyfirvalda varðandi vatnsleka eða raka í íbúð sinni, og taldi bæjarfógeti, að aðgerðir lögreglunnar frá deginum áður varðandi þetta mál meira en óheppilegar og væri ekki hans vilji, að áframhald yrði á slíkum aðgerðum.

Undirritaður spurði Ólaf Rafn um eðli aðgerða hans, og staðfesti hann, að hann væri einungis að framkvæma kröfu heilbrigðisyfirvalda. Ekki hafði lögreglan frekari afskipti að þessu sinni af margnefndum múrbrotum viðbyggingar þessarar." Er skýrsla Kjartans varðstjóra einnig þingmerkt á dómskjali nr. 22.

Á dómskjali nr. 22 er einnig eftirfarandi lögregluskýrsla tekin af aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur.

„Mánudaginn 6. nóvember 1978 kl. 10:30 er mætt á lögreglustöðinni á Akureyri Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22, Akureyri, þeirra erinda að kæra meðeigendur sína að Þingvallastræti 22, þau Danielle Somers og Ólaf Rafn Jónsson, fyrir skemmdarverk á sameign og eyðileggingu á bifreiðageymslu, sem sé sín séreign. Gríma vísar til munnlegrar kæru sinnar til lögreglunnar frá s. l. laugardegi, segir, að lögreglan hafi komið á vettvang, og varð sú heimsókn til þess, að móteigandi hennar hætti fyrrgreindum skemmdarverkum í bili. Mætta vísar einnig til munnlegrar kæru

sinnar til lögreglunnar frá því milli kl. 16:00 og 17:00 í gærdag, en þá hafi verið hafnar framkvæmdir við sömu skemmdarverk að nýju.

Mætta tekur fram, að í gærdag hafi þakið, sem byrjað var að brjóta s. l. laugardag og greint er frá í skýrslu lögreglunnar, verið brotið alla leið austurúr frá norðurvegg hússins.

Gríma tekur fram, að hún áskilji sér rétt til fullra bóta frá fyrrgreindum meðeigendum sínum vegna framangreindar skemmdarverka.

Upplesið játað rétt."

Þann 3. desember 1978 ritar gagnstefnandi Danielle Somers þáverandi bæjarfógeta á Akureyri, Ófeigi Eiríkssyni, svohljóðandi bréf, sem er á dómskjali nr. 10:

„Síðastliðið fimmtudagskvöld skömmu eftir kl. sex sneri ég heim úr verslunarferð ásamt þriggja mánaða barni mínu og tveim sonum, tveggja og fjögurra ára. Í fylgd með okkur var 12 ára gömul telpa, Þorbjörg Birgisdóttir, en hún er fjölskylduvinur.

Ég sté út úr bílnum, er heim var komið, en honum lagði ég að vanda á lóð sem er í óskiptri sameign en vestan við þann eignarhluta minn er áður var hluti skúrræksnis þess er enn stendur, illu heilli, og er nú í eigu andbýlings míns Grímu Guðmundsdóttur.

Kom þá skyndilega á vettvang einhver maður, mér með öllu ókunnur, og skipaði hann mér að færa bílinn með svofelldum orðum: „Heyrðu villtu færa bílinn" og orðum hans fylgdi nokkur þungi og æsingur. Þegar ég lét orð hans sem vind um eyrun þjóta lét hann ekki deigan síga heldur skipaði hann mér eða öllu heldur ógnaði með orðunum: „Á ég að láta draga bílinn?"

Þessum tilmælum svaraði ég á frönsku með: Je ne comprend pas" þ. e. a. s. ég skil ekki. Sneri hann sér þá að Þorbjörgu litlu og mælti: „Segðu henni að færa bílinn." Tvisvar talaði hann þannig til telpunnar en í bæði skiptin svaraði hún „Ha." Skyndilega stundi þá maðurinn af bræði og virtist til alls vís.

Ég skeytti engu um mann þann er hér hafði borið að garði en flýtti mér inn íbúð mína. Hálfum klukkutíma síðar hringdi eiginmaður minn frá Reykjavík og bað mig að koma skóm á næstu flugvél til Reykjavíkur en til þess að mér tækist þetta hefði ég orðið að fara fram á flugvöll fyrr en síðar.

Skömmu síðar eða u. þ. b. 45 mín. seinna, hringdi dyrabjallan hjá mér og var þá kominn sami ókunni maður og fyrr hafði komið fram af slíkum dónaskap. Þorbjörg svaraði bjöllunni en maðurinn ókunni spurði eftir föður hennar. Hún bað manninn að bíða andartak á meðan hún kom og sagði mér frá því hver væri við dyrnar. Með því að ég hefi aldrei vanist

svo dónalegri framkomu og af því að ég var hrædd við manninn, en sömu sögu er að segja um Þorbjörgu, lokaði ég hurðinni við nefið á manninum.

Skömmu síðar varð mér litið út um eldhúsgluggann enda ætlaði ég að fara fram á flugvöll með umbeðna sendingu til eiginmanns míns. Sá ég þá að hinn ókunni hafði lagt bíl sínum, A-4710 grænum Mercury, skáhallt fyrir aftan bíl okkar þannig að hinn síðarnefndi var lokaður af og komst ekki frá húsinu. Varð því ekki af því að ég kæmist með pakkann til manns míns.

Klukkan 2100 eða u. þ. b. um kvöldið hringdi síðan einhver og spurði eftir manni mínum. Þorbjörg varð fyrir svörum og bar hún þegar kennsl á röddina. Sagði hún mér að þar væri maðurinn sem talað hefði svo ókurteislega til okkar fyrr um kvöldið. Ekki sagði maðurinn til sín. Spurningu hans svaraði Þorbjörg á þá leið að sá sem spurt væri eftir væri ekki heima.

En síðar um kvöldið, þ. e. klukkan um 2300, hringdi einhver og urraði í símann „gott kvöld." Var nú sami maður enn að verki og spurði hann eftir manni mínum. Ég spurði hann nokkrum sinnum að nafni og loks svaraði hann „Arnór." Hann spurði, hvort maðurinn minn væri menntaskólakennari og hvort ég væri konan hans. Ég svaraði því til að við værum önnum kafin og maðurinn minn þekkti engan að nafni Arnór. Lagði ég síðan tólið á.

Á föstudagskvöldið s. l., en þá var eiginmaður minn kominn frá Reykjavík, hringdi síminn klukkan um 2300 um kvöldið. Var þá í símanum einhver er nefndi sig Jón. Maðurinn minn tók símann og virtist honum undarlegt að maður honum með öllu ókunnugur skyldi hringja svo síðla kvölds. Fljótlega áttaði hann sig þó á því að hér var sá ókunni frá kvöldinu áður, en undir nýju nafni að vísu.

Erindi mannsins virtist eitthvað tengt bílskúrsræksninu en maðurinn minn bað þennan ókunna mann, er virðist leiguliði Grímu Guðmundsdóttur, andbýlings okkar, að ræða slík málefni við bæjarfógeta. Enn fremur tók hann framm að við myndum engan yfirgang þola af hálfu leiguliða Grímu kerlingar.

Eru það tilmæli mín við Bæjarfógetaembættið að okkur verði tryggður friður gagnvart slíkum yfirgangi sem að ofan greinir af hálfu leiguliða andbýlings okkar."

Þann 4. desember 1978 ritar gagnstefnandi Danielle Somers bæjarfógetanum á Akureyri aftur bréf, og er það þingmerkt sem dómskjal nr. 11, og hljóðar það þannig:

„Aðfaranótt laugardags, annars desember s.l., um fjögur leytið bárust inn til okkar mikil læti og hávaði frá götunni svo og ofan af efri hæð húss okkar. Við létum hvort tveggja afskiptalaust en okkur ofbauð þegar hringt

var ákaflega á bjöllunni hjá okkur og síðan barið harkalega á þær svona til árettingar.

Ég fór fram úr til að sinna barsmíðum þessum og lauk upp dyrunum. Fyrir utan þær stóð illa ljóshærð stúlka ung og all ölvuð. Spurði hún eftir leigjanda Grímu kerlingar, Gunnari Jóhannssyni, og bætti við að hann væri „lögga." Ég svaraði því til að enginn með því nafni byggi í okkar íbúð. Ekkert lét ég upp hvar nefndur Gunnar byggi.

Skömmu síðar varð þó ljóst að stúlkan hefði fundið mann þann er hún leitaði að, því allt í einu magnaðist hávaðinn frá efri hæðinni mjög, en hann hafði verið all mikill um langt skeið. Þótti okkur nú skörin færast upp í bekkinn, enda ekki þægilegt að vera með smábörn, allt frá þriggja mánaða til sex ára, sofandi við slíkan hávaða. Voru þau og tekin að ruinska vegna skarkalans frá efri hæð.

Við svo búið varð ekki lengur unað og hringdi ég því umsvifalaust til lögreglunnar og kvartaði undan þessum látum. Skömmu síðar komu nokkrir lögreglumenn á vettvang og fjarlægðu þeir kvenmann þann er ókyrrðina magnaði en ekki varð það alveg þegjandi og hljóðalaust þar eð hún heyrðist æpa „sleppið mér."

Tekið skal fram að eigandi íbúðar á efri hæð var heima meðan á látum þessum gekk og virtist ekkert aðhafast til að draga niður í þeim er hæst höfðu, þrátt fyrir að henni er vel kunnugt um það að smábörn séu á neðri hæð. Teljum við þetta brot á umgengisreglum sbr. 13. gr., laga nr. 59 frá 31. maí 1976.

Vænti ég þess að Bæjarfógetaembættið reyni að tryggja okkur frið fyrir slíkum óþægindum af hálfu leiguliða Grímu kerlingar Guðmundsdóttur."

Þann 8. desember 1978 ritar þáverandi lögmaður aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson eftirfarandi bréf, þar sem henni er veitt síðasta aðvörun samkvæmt 17. gr. laga nr. 59/1976, og er bréf þetta þingmerkt sem dómskjal nr. 12 og hljóðar þannig:

„Ég skrifa yður þetta bréf fyrir hönd frú Grímu Guðmundsdóttur vegna þeirra sambúðarvandamála, sem verið hafa í húsinu að Þingvallastræti 22, Akureyri, eftir að þér fluttuð þangað ásamt fjölskyldu yðar.

Ekki verða hér öll tilvik tíunduð, fjarri því. Aðeins skal minnt á það, hvernig þér hafið sóttst eftir að safna sorpi í sameiginlegt húsrými og á lóð, svo sem skjalfest er í opinberum gögnum frá undanförnum árum. Enn fremur framkomu yðar vegna brunans á árinu 1977, svo sem yður hefur fyrr verið ritað um.

Allt frá því að ég hóf afskipti af máli þessu á árinu 1977, hef ég lagt áherslu á, að gerður yrði sameignarsamningur um húseignina, svo sem lög standa til. Hef ég komið á framfæri við yður tillögum að slíku samkomu-

lagi, sem í raun sagði aðallega það, sem sjálfsagt er samkvæmt lögum. Lengi vel vænti ég þess, að þér væruð fáanlegar til samkomulags um þau atriði, sem varða sameiginlegt viðhald, afnot þvottahúss og annað, sem sameignina varðar. Gerði ég mér ferð til Akureyrar síðla september s. l. í þeim tilgangi að ganga frá slíku samkomulagi. Átti ég þá fund með yður, eiginmanni yðar og lögmanni, Stefáni Pálssyni hdl. Þar kom fram, að þér væruð ekki til viðtals um neina samningagerð varðandi sambýlisháttu á neinn veg, enda telduð þér yður hafa öðrum hnöppum að hneppa fjárhagslega en þeim að standa að sameiginlegu viðhaldi. Þá skipti yður ekki máli, hvað segja kynni í lögum um afnot af sameiginlegu rými.

Eftir þetta skeði það, að þér rufuð vatnsleiðslu til eignarhluta umbj. míns. Varð því aðeins komið í lag fyrir atbeina bæjarfógetans á Akureyri.

Þá var það í síðasta mánuði, að þér í algjöru heimildarleysi rifuð niður hluta af sameigninni að Þingvallastræti 22. Er áskilinn allur réttur til bóta vegna þessa.

Loks hafið þér verið staðnar að því nú fyrir skemmstu að sprauta í verulegu frosti vatni á tröppur umbj. míns. Þessi vatnsaustur yðar varð að vísu til einskis annars en að valda umbj. m. vandræðum, en nærri má geta, hvort hér hefði ekki getað orðið slys af.

Af öllum framangreindum ástæðum, svo og raunar fleirum, er yður hér með veitt síðasta aðvörun skv. 17. gr. laga nr. 59/1976. Lýtur sú aðvörun að tvennu. Þess er að sjálfsögðu krafist, að þér hegðið yður, svo og yðar fólk, með þeim hætti sem umbj. m. á kröfu á, svo hún þurfi ekki að þola frekari vandræði af sambýlinu. Þá er þess krafist, að þér gangið til samninga um sambýlið, svo sem lög standa til. Um hið síðara er yður gefinn einnar viku frestur frá birtingu þessa bréfs til að koma fram með tillögur yðar. Hafi mér ekki borist þær innan þess tíma, mun verða litið svo á, að þér séuð enn sem fyrr þess sinnis að vilja ekki neina samninga um þetta efni.

Á það skal engin dul lögð, að langlundargeð umbj. míns er þrotið. Hún getur alls ekki unað áframhaldandi sambýli við yður að óbreyttu og verði ekki breyting á, mun hún leita löglegra ráða til að binda endi á það.

Það skal að lokum ítrekað, að bréf þetta er síðasta aðvörun til yðar skv. 17. gr. laga nr. 59/1976."

Þann 17. janúar 1979 ritar lögmaður gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson, Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, lögmanni aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni, svo og aðalstefnanda bréf, þar sem aðalstefnanda er veitt lokaaðvörun skv. 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um sambýlkktir fyrir húsfélög nr. 280/1976, og er bréf þetta þingmerkt sem dómskjal nr. 13 og er svohljóðandi:

„Mér og umbjóðanda mínum frú Danielle Sommers Jónsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, hefur borist bréf yðar, dags. 8. desember 1978. Umbjóðandi minn hefur falið mér að svara bréfi þessu, en meginefni bréfsins, eftir að raktar hafa verið nokkrar rangar og ósæmilegar ásakanir í garð umbjóðanda míns, er að veita: „síðustu aðvörun skv. 17. gr. laga nr. 59/1976." Síðar í bréfinu segir: „Þess er að sjálfsögðu krafist, að þér hegðið yður, svo og yðar fólk, með þeim hætti sem umbj. minn á kröfu á, svo hún þurfi ekki að þola frekari vandræði af sambýlinu."

Vegna ofannefndrar aðvörunar og krafna má benda á, að umbj. yðar hefur gerst margbrotleg við sambýlisreglur, og má hér á eftir nefna nokkur atriði.

1. Leigir áttræðu gamalmenni geymsluherbergi í kjallara hússins undir því yfirskyni, að um íbúð sé að ræða, þótt þar hafi aldrei verið samþykkt íbúð og varanleg dvöl fólks í kjallaranum sé andstæð ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og byggingarsamþykktar. Húsið að Þingvallastræti 22 er byggt sem tvíbýlishús, og er það ósvífni af hálfu umbj. yðar að freista þess að búa til íbúð úr geymsluherbergjum í kjallara, en herbergi þessi eru hálfniðurgrafin, ekki kynnt af miðstöðvarkerfi hússins og hafa á engan hátt þá eiginleika, sem byggingarsamþykkt ætlast til, að íbúðir hafi. Það er að bera í bakkafullan lækinn að ætlast til þess, að umbj. minn samþykki óátalið þessa þriðju íbúð í húsinu, með því m. a. að þvo ekki þvott í þvottahúsi kjallara eftir kl. 8 á kvöldin og um helgar og með því að deila þvottahúsafnotum með gamalmenninu, sem hefst við í geymsluherbergjunum.

2. Leigir út bílskúr á sameiginlegri lóð til bílaviðgerða, en bílskúrsleigjandinn hefur þráfaldlega raskað ró umbj. minna með dyrabjölluhringingum og símhringingum að kvöldlagi auk þess að valda þeim óþægindum með því að leggja bíl sínum þvert fyrir bíl þeirra.

3. Leigir út hluta af sinni íbúð á efri hæð hússins til fólks, sem hefur uppi mikla háreisti um nætur, og hefur lögreglan þurft að hafa afskipti af þessum leigjendum og gestum þeirra.

4. Lét reisa vegg í kjallara þannig, að hluti af séreign umbj. míns er nú tilheyrandi séreign umbj. yðar. Þessi veggbygging var gerð án allra heimilda byggingaryfirvalda og án samþykkis umbj. míns, og er ljóst, að færa verður vegg þennan á rétt merki við fyrstu hentugleika.

5. Laumast til þess að næturþeli að mála grindverk við húsið án alls samráðs við umbj. minn og hefur meðal annars valdið þeim óþægindum, að börn umbj. míns, sem verið hafa að leik í garði hússins, hafa útatað sig í málningu.

6. Hefur borið þær röngu sakargiftir á umbj. minn fyrir lögreglu, að umbj. minn hafi orðið völd að íkveikju í kjallara hússins, en eldsvoði varð þar hinn 26. júlí 1977.

7. Kom því svo fyrir, er starfsmenn hitaveitu Akureyrar lögðu heimtaug að húsinu, að hitaveituinntak var einungis lagt inn í séreign umbj. yðar, þó svo að umbj. minn hafi upphaflega pantað hitaveitu í húsið.

Ég hefi hér að ofan drepið á nokkur atriði, sem vart samrýmast góðum sambýlisháttum, en hefi sleppt fjölda tilvika, svo sem þráfaldlegum lögregluheimsóknum að beiðni umbj. yðar, án nokkurs tilefnis af hálfu umbj. minna, og alls konar rógburðs og sögusagna af hálfu umbj. yðar um umbj. mína, sem ekki verður frekar rakið hér.

Hegðun umbj. yðar gefur ærið tilefni til þess að gefa lokaaðvörun um ráðstafanir, ef þörf krefur, í samræmi við 17. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976. Bréf þetta ber að skoða sem slíka aðvörun.

Vænti ég þess, að umbjóðandi yðar virði eftirleiðis sambýlisreglur og rétt umbjóðanda míns sem sameiganda að húsinu Þingvallastræti 22."

Eftir þessar gagnkvæmu lokaaðvaranir aðilja málsins verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að kyrrt hafi verið með aðiljum um sinn, en þann 21. mars 1979, um kl. 1055, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir lögreglu á heimili sitt vegna skemmdarverks, sem þar hefði verið unnið. Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn ásamt Felix Jósafatssyni lögreglumanni, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu um atburðinn: „Í Þingvallastræti 22 hittum við fyrir áðurnefnda Grímu. Hún sagði okkur, að s. l. nótt milli kl. 02.00 og 03.00 hefði rafmagn farið af íbúð sinni. Kvaðst hún ekki hafa athugað það frekar og talið, að það stafaði af einhverjum eðlilegum orsökum. Þegar rafmagnið hefði ekki verið komið á í morgun kl. rúmlega 09.00, kvaðst hún hafa farið að athuga um rafmagnstöflu í kjallara hússins, en það hefði verið sá hluti hússins, sem var rafmagnslaus, en þar leigir Dusine Kristjánsson.

Gríma sagði, að þegar hún hefði athugað umrædda rafmagnstöflu, hefði komið í ljós, að höfuðrofi hafði slegið út. Hún kvaðst hafa sett rofann á og þá hefði rafmagnið komið aftur.

Gríma kvaðst hafa farið að athuga í skápinn, þar sem rafmagnstaflan er, og þá hafi komið í ljós, að þar var allt fullt af vatni. Sagði hún þetta vatn af mannavöldum og það væru íbúar á miðhæð, sem bæru ábyrgð á því.

Undirritaður kannaði umræddan skáp. Hilla, sem er rétt neðan við rafmagnstöfluna, var rennandiblaut af vatni. Virðist greinilegt, að vatn hefur komist í þennan skáp með einhverjum hætti.

Norðar við vegginn, sem rafmagnstaflan er á, er sameiginlegt þvottahús fyrir alla íbúa hússins, en þetta þvottahús er þó nær eingöngu notað af íbúum miðhæðar. Upp við loft í þessu þvottahúsi liggja vatnsrör í gegn-

um vegginn og inn í þennan skáp, þar sem rafmagnstaflan er. Illa hefur verið steypt að þessum rörum, þannig að op er meðfram þeim milli þvottahússins og skápsins, þar sem rafmagnstaflan er. Virðast allar líkur á, að vatni hafi verið sprautað úr þvottahúsinu inn með vatnsrörunum og inn í töfluskápinn. Einnig væri möguleiki, að vatn þetta hefði komið inn með rörunum frá stigagangi miðhæðar, en þessi stigagangur liggur rétt vestan við þennan umrædda skáp. Hefði þá í því tilfelli þurft að sprauta vatninu inn með rörunum.

Ekki var að sjá, að vatn þetta gæti hafa komist í skápinn eftir öðrum leiðum, og ekki annað að sjá en það hljóti að hafa verið viljaverk, að vatnið fór inn í skápinn.

Gríma sagði, að hún hefði orðið vör við, að íbúar á miðhæð hefðu verið á fótum fram eftir nóttu og meðal annars verið í þvottahúsi.

Íbúar á miðhæð eru Ólafur Rafn Jónsson og kona hans, Danielle Somers, og ung börn þeirra.

Ekki hafði undirritaður tal af íbúum á miðhæð, en samkvæmt símtali við bæjarfógeta hafði Danielle pantað viðtal við hann eftir hádegi í dag, og ætlaði bæjarfógeti að ræða þetta mál við Danielle, þegar hún kæmi til hans."

Er lögregluskýrsla þessi þingmerkt sem dómskjal nr. 24.

Þann 22. apríl 1979 um kl. 2307 hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir því, að lögreglan kæmi í húseign sína og liti þar á skemmdir, sem unnar hefðu verið á vegg í kjallara hússins.

Karl J. Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri fór á vettvang ásamt lögreglumanni nr. 5, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 25:

„Þarna hagar svo til, að Gríma býr á efstu hæð hússins, en það er tvær hæðir og kjallari. Á miðhæðinni býr Ólafur Rafn Jónsson, f. 8/7 '36, ásamt konu sinni, Danielle Somers, f. 28/2 44, og börnum, en í kjallaranum býr Dusine Kristjánsson, f. 22/10 00. Í kjallaranum var sameign, sem skipt var síðar með vegg hlönum úr múrsteini. Er veggur þessi á milli eignar miðhæðar og íbúðar þeirrar, sem Dusine er í. Höfðu nú verið rekin eða boruð þrjú göt á veginn, var vídd þeirra um 4 til 5 mm. og nokkuð flagað úr múrhúðuninni við hvert gat. Á veggnum var eitt gat nokkru víðara, en það mun vera gamalt. Mun verða lögð fram bótakrafa vegna skemmda á veggnum, en ljóst var, að götin voru gerð frá eignarhluta miðhæðar.

Hafði ég tal af Ólafi, en hann kvaðst ekkert vita um tilkomu þessara gata.

Þess skal getið, að að sögn Dusine höfðu götin verið gerð rétt áður en Gríma hringdi á lögreglustöðina í umrætt sinn."

Þann 26. apríl 1979 hringdi aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, á lögreglustöðina á Akureyri og kærði undan óþægindum vegna tónlistar, er kæmi úr kjallarauppgangi miðhæðar hússins að Þingvallastræti 22 á Akureyri. Gunnar Randversson aðstoðarvarðstjóri fór á staðinn og gerði eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 26: „Laust eftir kl 15:00 hringdi á lögregluvarðstofuna Gríma Guðmundsdóttir, Þingvallastræti 22, Akureyri, sem kærði undan óþægindum, er leigjandi sinn, Dusine Kristjánsson, yrði fyrir vegna útvörpunar tónlistar, er kæmi úr kjallarauppgangi miðhæðar hússins. Eigandi miðhæðar og kjallara að hluta er Ólafur Rafn Jónsson og kona hans, Danielle Somers, en þar búa þau með börnum sínum.

Gríma kvaðst vera eigandi efri hæðar og að hluta kjallara, en húsið er tvær hæðir og kjallari. Dusine er leigjandi í kjallaranum, þeim hluta sem er eign Grímu.

Við lögreglumenn fórum í nefnda kjallaraðíbúð ásamt Grímu, Dusine og Rósu Rögnvaldsdóttur, Þingvallastræti 42, Akureyri, sem var gestkomandi.

Er við komum í hol kjallaraíbúðar, heyrðum við háværa tónlist, er virtist koma úr skáp, sem er þar á millivegg. Veggurinn skilur að nefnda íbúð og kjallarauppgang miðhæðar. Skápurinn nær frá gólfi til lofts og skiptist í efri og neðriskápa. Virtist tónlistin koma úr efriskáp.

Við lögreglumenn opnuðum skápinn og sáum, að nokkuð sver hitarör voru efst í honum, en þau munu liggja inní kjallarauppgang og þaðan vestur í kyndiklefa (Næturhiti), sem ekki er lengur notaður. Einnig mun hafa verið þarna rafm.tafla, og var það sjáanlegt af járnplötu, er var í opi á milliveggnum. Virtist sem hátalari eða hljómfl. tæki væri staðsett við rörin eða járnplötuna. Rúmt var um rörin í skápnum, og var rifa meðfram þeim, þar sem þau lágu yfir í kjallarauppganginn.

Það var greinilegt, að einhver virtist fylgjast með hinumegin við vegginn, því við reyndum að prika með rörbút meðfram rörunum, en þá sáum við, að tuskudrulsu var kastað á rörbútinn.

Við lögreglumenn sögðum Grímu, að af fenginni reynslu lögreglunnar af þeim hjónum Ólafi og Daniellu væri tilgangslaust að tala um við þau, en við sögðum henni, að við mundum biðja Matthías Einarsson varðst. að tala við Ólaf í síma. Þrátt fyrir margar tilraunir Matthíasar til að ná símasambandi við Ólaf tókst það ekki, en þó var vitað, að hann var heima."

Síðar sama dag hringdi aðalstefnandi Gríma Guðmundsdóttir á lögreglustöðina á Akureyri og kvartaði um hávaða frá íbúð Ólafs Rafns Jónssonar, Þingvallastræti 22, Akureyri, og gerði Valgeir H. Axelsson aðstoðarvarðstjóri, eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 27:

„Kl. 20:40 hringdi á lögreglustöðina Gríma Guðmundsd., Þingvallastræti 22, og kvartaði undan miklum hávaða, sem bærist frá miðhæð hússins, en það er tvær hæðir og kjallari, og er Gríma eigandi að efri hæð þess, þar sem hún býr, og einnig kjallara, en þar er leigjandi Dusine Kristjánsson.

Eigandi neðri hæðar hússins er Ólafur Rafn Jónsson, og býr hann þar ásamt konu sinni, Danielle Somers.

Undirritaður fór á staðinn ásamt Felix Jósafatssyni, lögreglum., og hittum við þær Grímu og Dusine í íbúð þeirrar síðarnefndu.

Norðan við íbúð hennar er bakdyrainngangur í íbúð Ólafs, en þunnur hlaðinn skilveggur á milli.

Allmikill hávaði frá útvarpstæki heyrðist í gegnum vegginn, og sagði Dusine, að það hefði verið opið frá því kl. 08:00 í morgunn og valdið sér óþægindum, þar sem það hefði verið hátt stilt.

Svo hefði það gerst seinna í dag, að farið hefði verið að berja í vegginn milli gangs og íbúðar hennar, og óttaðist hún, að veggurinn brotnaði niður, en hann virtist vera sprunginn frá lofti og einnig frá þvervegg, sem hann var hlaðinn að.

Mjög voru þær Gríma og Dusine órólegar yfir þessu ástandi og óskuðu eftir frekari lögregluaðgerðum í máli þessu.

Árni Magnússon, varðstjóri, hafði símasamband við Ófeig Eiríksson, bæjarfógeta, út af máli þessu, og mun hann hafa talað við Ólaf Rafn, sem hefði talið, að ekki yrði um frekari hávaða að ræða í nótt."

Þann 27. apríl 1979 hringdi aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, enn á ný á lögreglustöðina á Akureyri og óskaði eftir lögregluaðstoð, og fór Karl J. Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri á vettvang ásamt lögreglumanni nr. 1, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 26: „Þann 27. sama mán. kl. 16:35 hringdi Gríma Guðmundsdóttir enn á lögreglustöðina og óskaði eftir aðstoð lögreglunnar. Sagði hún, að þá rétt áður hefði verið brotið gat á margáðurnefndan vegg, sem hlaðinn var úr múrsteini til aðgreiningar sameignar í kjallaraíbúð hússins. Fór ég undirritaður að sinna þessu ásamt lögreglumanni nr. 1.

Þarna hafði verið brotið um það bil hnefastórt gat á veginn. Var það um 1.8 m. frá gólfi. Þarna er gangurinn um 1.6 m. að breidd, og höfðu múrbrot kastast þvert yfir hann og inn í stofu, en stofudyranr eru gegnt umræddu gati.

Þess skal getið, að Matthías Einarsson, varðstjóri, tilkynnti Ófeigi Eiríkssyni fógeta um atvik þetta strax eftir að athugun hafði farið fram."

Þann 14. júní 1979, kl. 1130, var hringt frá Þingvallastræti 22, Akureyri, og tilkynnt um, að búið væri að fremja skemmdarverk á bifreið Ólafs Rafns Jónssonar, sem er hvítur Fiat 125.

Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn ásamt Felix

Jósafatssyni lögreglumanni, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu, sem er þingmerkt sem dómskjal nr. 28: „Er við komum á staðinn, sáum við, að þrjú dekk á bifreiðinni voru vindlaus og eitt vindlítið. Umrædd bifreið stóð á bifreiðastæði vestan við Þingvallastr. 22.

Undirritaður hafði tal af Danielle Sommer, sem er eiginkona Ólafs Rafns. Hún sagði, að bifreiðinni hefði verið lagt þarna um kl. 22:00 til 23:00 í gærkvöldi og þá hefði allt verið með eðlilegum hætti.

Nú í morgun um kl. 09:00 hefðu dekkin verið vindlaus. Frekari upplýsingar, sem að gangi mættu koma í þessu máli, hafði Danielle ekki.

Við athugun á dekkunum voru ekki að sjá neinar skemmdir, heldur virtist lofti hafa verið hleypt úr þeim um slönguventla. Ekki hefur tekist að hafa upp á, hver verknað þennan framdi."

Þann 2. júlí 1979 kærði aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson til lögreglunnar á Akureyri fyrir árás. Er lögregluskýrsla varðandi það atriði þingmerkt sem dómskjal nr. 29, og þykir rétt til glöggvunar að rekja skýrslu lögreglunnar á Akureyri um það atvik, eins og það er skráð:

„Mánudaginn 2/7 1979 kl. 11:10 kom á lögreglustöðina Gríma Guðmundsdóttir, 69 ára húsmóðir, til heimilis að Þingvallastræti 22, efstu hæð. Gríma kemur þeirra erinda að kæra árás á sig s. l. föstudag, um kl. 15:00. Gríma skýrir svo frá.

Þennan umrædda föstudag ætlaði ég að láta slá fyrir mig lóð mína að Þingvallastræti 22. Þingvallastræti 22 er í eigu Grímu Guðmundsdóttur og Ólafs Rafns Jónssonar, og lóð hússins er óskipt.

Ég hef slegið austurhluta lóðarinnar og lóðina milli stétta sunnan við húsið. Ólafur hefur hins vegar séð um hinn hluta lóðarinnar, og hefur hann verið heldur illa hirtur. Það hafa ekki verið höfð frammi nein mótmæli varðandi þessa tilhögun nema í eitt skipti í fyrra, að Danielle Sommer, kona Ólafs, setti sólbekk á lóðina, þegar ég ætlaði að slá.

Þennan föstudag fékk ég stúlku frá Félagsmálastofnun, Guðrúnu Frímannsdóttur, til að slá fyrir mig, þar sem ég treysti mér ekki til þess sjálf.

Guðrún byrjaði nú að slá austan við húsið, en þá kom Danielle út úr sinni íbúð og fór að dreifa ýmsum hlutum um meiripart lóðarinnar sunnan við húsið, svo sem teppi, barnakerrur, stór steinn, og ein fjögur reiðhjól. Svo setti hún barn sitt tæplega ársgamalt á teppi á miðja lóðina.

Guðrún fór þá til Danielle, sem var inni í sinni íbúð og talaði við hana og sagði, að hún væri að slá lóðina fyrir Grímu og bað Danielle að færa þessa hluti, sem á lóðinni væru. Danielle sagði þá eitthvað á þá leið, að hún þekkti enga Grímu og lokaði síðan hurðinni og talaði ekki meira við Guðrúnu.

Guðrún kom þá til mín og sagði, að hún gæti ekki slegið lóðina fyrir dóti, sem Danielle væri búin að setja á hana.

Ég fór þá út og sagði, að það mætti að minnsta kosti slá helminginn af blettinum sunnan við húsið, þar sem ég er eigandi að meirihluta hússins. Fór ég þá að ýta við dóti, sem á lóðinni var þarna austan til. Ég var síðan að færa til reiðhjól, sem þarna var, þegar ýtt var við mér, þannig að ég hrasaði yfir hjólið, en kom þá fyrir mig höndum. Ég gat síðan risið upp, og þá sá ég Danielle standa yfir mér með uppreiddan sóp í höndunum og gerði sig líklega til að berja mig. Þá var Danielle með einhverjar formælingar, sem ég man ekki.

Ég hörfaði undan, og ég og Guðrún fórum inn í kjallara, og varð ekki meira af slætti þann dag. Daniellle lagðist síðan á sólbekk þarna sunnan við húsið, en fór síðan inn til sín nokkru seinna.

Þennan dag um kvöldið tóku þau Ólafur og Danielle allt dótið af lóðinni og síðan sló Ólafur það, sem eftir var að slá af lóðinni s. l. laugardag.

Þá vil ég láta það koma fram, að á s. l. vetri í töluverðu frosti var hringt í mig snemma að morgunlagi, var það Guðný Skaftadóttir, Vanabyggð 4c. Guðný sagði mér, að þegar hún hefði verið á heimleið þá um nóttina, hefði hún séð, að vatni var skvett út um glugga á íbúð Ólafs R. Jónssonar og á tröppurnar að íbúð minni. Guðný sagði, að þetta hefði verið um kl. 01:00 um nóttina og töluvert frost. Kvaðst Guðný vilja vara mig við, því sjálfsagt mundi vera hálka á tröppunum.

Þennan morgun fór ég út kjallaramegin og skoðaði síðan tröppurnar, sem lágu upp að íbúð minni. Var þá klakastykki yfir meirihluta trappanna.

Það hefur gengið á ýmsu varðandi sambúð við þau Ólaf og Danielle í s. l. þrjú ár, og hef ég margsinnis kvartað og kært til lögreglu og bæjarfógetaembættisins á Akureyri. Þetta hefur hins vegar aldrei gengið eins langt og nú, að Danielle hafi lagt á mig hendur.

Varðandi þessa árás á mig s. l. föstudag, þá er ég með eymsli um líkamann, enda var ég slæm til heilsunnar áður. Þá skemmdust sokkar, sem ég var í.

Ég geri þá kröfu, að ég geti búið óhult í minni íbúð framvegis og verið óhult fyrir þessari konu. Þá geri ég þá kröfu, að ég geti látið slá lóð mína framvegis án árásar frá nágrönnum mínum.

Þá vil ég geta þess, að það er óbærilegur hávaði frá íbúð Ólafs og Danielle á kvöldin allt fram um kl. 02:00 á nóttunni, og stundum lengur. Þá er til dæmis oftast nær þvegið eftir miðnætti í sjálfvirkri þvottavél og síðan hurðarskellir og hávaði líkt og húsgögn séu flutt á milli herbergja og síðan látin skella í gólfið.

Þetta hefur ekki verið rætt við þau Ólaf og Danielle, þar sem það er þýðingarlaust. Það hefur verið reynt að tala við Ólaf um ýmis ágreinings-

mál, en hann hefur ekki viljað ræða málin og bent á lögfræðing sinn í Reykjavík.

Þriðjud. 3/7 1979 mætti á lögreglustöðina að tilhlutan lögreglunnar Margrét Hallgrímsdóttir, 32 ára kennari, til heimilis að Grundargerði 1b, Akureyri. Margrét mætir sem vitni í framangreindu máli og skýrir svo frá eftir að hafa verið áminnt um sannsögli.

Það var s. l. föstudag sem ég var á gangi með tvær litlar dætur mínar austur Þingvallastræti og var á leið að Sundlaug Akureyrar.

Er ég var að koma á móts við Þingvallastr. 22, tók ég eftir konu, sem kom hlaupandi niður tröppur vestan á Þingvallastr. 22 og var með sóp í hendinni. Ég sá þá unga stúlku, sem var sunnan við húsið með sláttuvél, og var hún að slá. Á grasblettinum sunnan við húsið sá ég gamla konu, sem var á gangi á blettinum. Ég sá síðan þessa konu, sem var með sópinn, hlaupa að gömlu konunni og slá hana með sópnum og sagði eitthvað á þá leið, „farðu þarna í burtu helvítis kerlingin þín", einhver fleiri orð hafði þessi kona, en ég man þau ekki. Þegar gamla konan varð fyrir högginu, þá hrasaði hún, en ég sá hana ekki detta. Hún hörfaði síðan undan, og ég geri mér ekki grein fyrir, hvort konan, sem var með sópinn, sló fleiri en eitt högg.

Ég hef aldrei séð þessu líkt áður og varð mikið um þetta og var að hugsa um, hvort ég ætti að fara að skipta mér af þessu. Ég lét hins vegar ekki verða af því, þar sem þarna var ung stúlka inn á lóðinni, sem mundi sennilega aðstoða gömlu konuna. Ég hélt því áfram ferð minni. Áður var ég búin að sjá, að gamla konan og unga stúlkan, sem var að slá, fóru inn í húsið, en konan, sem var með sópinn, settist á sólbekk, sem þarna var sunnan við húsið, og var þá enn með sópinn í hendinni.

Ég vil að lokum taka fram, að ég þekki hvorugan þennan aðila og um engan kunningsskap að ræða milli mín og þeirra.

Þriðjud. 3/9 1979 kl. 16:10 var tekin eftirfarandi skýrsla af Guðrúnu Frímannsdóttur, 23 ára starfsmanni hjá Félagsmálastofnun Akureyrar. Hún mætir sem vitni í framangreindu máli og skýrir svo frá eftir að hafa verið áminnt um sannsögli.

Það var í s. l. viku sem Gríma Guðmundsdóttir hringdi á Félagsmálastofnun og bað um aðstoð við slátt á lóð sinni að Þingvallastr. 22. Fór ég til að vinna þetta verk, en hálfum mánuði áður hafði ég slegið þessa lóð fyrir Grímu, og þá bar ekkert til tíðinda. Það var s. l. föstudag sem ég fór að slá á þessum stað, og klukkan mun hafa verið ca. 14:30 sem ég byrjaði að slá. Ég byrjaði að slá austan við húsið, og um það leyti varð ég vör við Danielle Sommer, sem býr í vesturenda hússins, þar sem hún var að bera ýmislegt dót út á lóðina, sem er milli gagnstétta sunnan við húsið. Einnig setti hún tvö börn sín á teppi á þennan grasblett.

Þegar ég var búin að slá austan við húsið, fór ég til Grímu og sagði, að ég gæti slegið þennan blett sunnan við húsið, þar sem Danielle væri búin að setja ýmislegt dót þar. Gríma bað mig þá að slá það, sem ég gæti, á þessum bletti. Ég fór síðan að slá blettinn, en þá kom þar að drengur, ca 8 ára, og er sonur Danielle. Fór hann að tefja fyrir mér á allan hátt, meðal annars að draga ýmsa hluti fyrir sláttuvélina og var mjög dónalegur. Ég ætlaði svo að færa eitt reiðhjólið, sem þarna var, til að geta slegið, en þá sagði drengurinn, að ég ætti ekki þetta hjól og hefði ekkert leyfi til að snerta það.

Ég varð búin að verða var við, að Ólafur R. Jónsson, eiginmaður Danielle, var heima og hafði séð mig við sláttinn. Taldi ég rétt að fara og tala við þau hjónin og athuga, hvort þau mundu ekki fallast á, að dótið, sem var á lóðinni sunnan við húsið, yrði fært til, þannig að hægt væri að slá lóðina.

Fór ég því að dyrum að íbúð Ólafs og hringdi dyrabjöllu, og kom þá Danielle til dyra. Danielle sagði eitthvað á þá leið, „hvað heitir þú, og átt þú heima hér í húsinu?" Ég sagði, hvað ég héti, og sagði jafnframt, að ég væri að slá fyrir Grímu og ætti ekki þarna heima. Danielle sagði þá eitthvað á þá leið, „ég þekki enga helvítis Grímu og komdu þér í burtu", síðan skellti hún aftur hurðinni, og ég komst aldrei til að bera upp erindið.

Ég fór nú til Grímu og ræddi þetta nánar við hana og sagðist ekki vilja gera meira í þessu máli. Gríma sagði þá, að það væri að minnsta kosti hægt að slá helminginn af þessum bletti, og ætlaði ég að gera það.

Gríma kom þá út með mér, og ég byrjaði að slá. Gríma fór þá að færa til dót á þessum lóðarbletti og tók það, sem var á austari helmingnum, og færði yfir á þann vestari. Ég sá síðan, hvar Danielle kom hlaupandi niður tröppurnar frá sinni íbúð með sóp í hendinni. Danielle hljóp beint til Grímu, þar sem hún snéri sér í suður frá húsinu, og sló til hennar með sópnum. Ég sá ekki, hvar höggið kom, en Gríma hrasaði áfram yfir tvö reiðhjól, sem þarna lágu, en kom síðan fyrir sig höndunum á lóðargirðinguna að sunnan, þannig að hún datt ekki á jörðina. Danielle hafði yfir einhver orð, þegar hún sló til Grímu, en ég get ekki farið með, hvað það var. Eftir að hún var búin að slá til hennar, þá settist hún á sólbekkinn, sem þarna var, og sagði eitthvað við börnin, sem hún átti og þarna voru, en það var á máli, sem ég skildi ekki.

Gríma forðaði sér, eftir að Danielle var búin að slá til hennar, og ekki varð ég vör við, að hún talaði til hennar. Við Gríma fórum síðan inn í forstofu í hennar íbúð, og varð ekki af frekari slætti þennan dag.

Miðvikud. 12/9 1979 kl. 13:10 hafði undirritaður samband við Danielle Sommer, Þingvallastræti 22, í gegnum síma. Sagði ég við Danielle, að það hefði borist kæra til lögreglunnar á hendur henni varðandi atvik, er gerst

hefði í byrjun júlí s. l., er verið var að slá lóðina í Þingvallastr. 22. Óskaði ég eftir, að Danielle mætti hér á lögreglustöðinni til skýrslugerðar vegna þessa máls.

Danielle kannaðist við þetta mál, en færðist undan því að mæta til skýrslugerðar. Ítrekaði ég þá við Danielle, hvort hún vildi ekki mæta hér hjá lögreglu og gera grein fyrir sinni hlið málsins. Danielle sagði þá eitthvað á þá leið, að hún hefði ekkert við lögregluna að tala um þetta mál og lagði síðan símtólið á og sleit sambandinu.

Með hliðsjón af framansögðu virðist ekki vera grundvöllur til skýrslutöku af Danielle hér á lögreglustöð."

Þann 16. júlí, um kl. 0420, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri Gríma Guðmundsdóttir, aðalstefnandi máls þessa, og kvartaði undan hávaða, er bærist frá íbúð Ólafs Rafns Jónssonar að Þingvallastræti 22, og kvað hún hávaða hafa verið nokkrar síðastliðnar nætur.

Valgeir H. Axelsson aðstoðarvarðstjóri fór á staðinn ásamt lögreglumanni og gerði skýrslu um atvik þetta, en skýrsla Valgeirs er þingmerkt sem dómskjal nr. 30. Skýrir hann þar svo frá, að þeir lögreglumenn hafi farið á staðinn og hitt fyrir aðalstefnanda Grímu í íbúð hennar og heyrt allmikinn hávaða frá íbúð Ólafs Rafns, sem virtist koma frá útvarpsviðtæki, er var allhátt stillt og olli óþægilegum hávaða í íbúð Grímu. Hafi Gríma sagt þeim, að Ólafur væri einn í íbúðinni, þar sem eiginkona hans og börn væru erlendis, og óskaði hún eftir, að haft væri samband við Ólaf og hann beðinn að sjá til þess, að hávaða þessum linnti.

Kvaðst Valgeir hafa gert vart við sig á útidyrum að íbúð Ólafs Rafns, en mikill hávaði frá útvarpstæki hafi greinilega heyrst út um opinn glugga á íbúðinni, og eftir nokkurn tíma hafi Ólafur komið til dyra, en áður hafi verið dregið niður í viðtækinu. Er Ólafi hafði verið skýrt frá umkvörtuninni um hávaða frá íbúð hans, hafi honum virst það koma mjög á óvart, en hafi þó sagst munu taka það til greina.

Þann 14. ágúst 1979 tók Árni Magnússon, varðstjóri í lögregluliði Akureyri, saman skýrslu að beiðni bæjarfógetans á Akureyri yfir erjur að Þingvallastræti 22, Akureyri, sem skráðar höfðu verið í dagbækur lögreglunnar árið 1978 og fram til þess dags, sem skýrslan var gerð, og er skýrsla þessi þingmerkt sem dómskjal nr. 31.

Hér að framan hafa verið rakin öll þau atvik, er í skýrslu þessari greinir, fyrir utan eitt, sem engin gögn hafa verið lögð fram um, en um atvik þetta segir svo í skýrslu Árna varðstjóra: „Þann 1. október 1978 kom á lögreglustöðina Smári Arnaldsson, læknir, þeirra erinda að kæra fyrir hönd móður sinnar, Grímu, vegna þess að ekki væri vatn í leiðslum í íbúð í kjallara hússins, sem Duisne býr í og Gríma leigir henni. Var talið, að Ólafur hefði tekið vatnið af. Um mál þetta gerði Björn Mikaelsson lögregluskýrslu."

Þann 18. ágúst 1979, um kl. 1025, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri Erlingur Aðalsteinsson tæknifræðingur, Lerkilundi 6, Akureyri, starfsmaður Akureyrarbæjar. Óskaði hann eftir því, að lögreglan stöðvaði vinnu við glugga á íbúð Ólafs Rafns Jónssonar að Þingvallastræti 22, Akureyri. Varðandi atvik þetta gerði Erlingur Pálmason varðstjóri lögregluskýrslu, og er hún þingmerkt sem dómskjal nr. 32, og segir í skýrslunni svo: „Tjáði Erlingur undirrituðum, að umrætt verk hafi verið stöðvað í gær, þar sem ekki lægi fyrir leyfi Byggingarnefndar Akureyrar né samþykki móteiganda hússins. Væri um útlitsbreytingu að ræða og væri hún háð áður nefndum leyfum.

Fór undirritaður á staðinn ásamt Karli Kristjánssyni aðstoðarvarðstjóra og Gunnari Jóhannssyni lögreglumanni nr. 17. Hittum við fyrir við tóma gluggatóft fyrrnefndan Ólaf Rafn og Sigurgeir Arngrímsson, Byggðavegi 146, f. 15/2 1954.

Var Sigurgeir að því virtist að vinna við umræddan glugga, var búið að hreinsa allt timburverk úr tóftinni. Bentum við honum á bann Byggingarnefndar við verki þessu, ekki virtist hann vita um umrætt bann.

Varð það úr, að Sigurgeir birgði tóftina og hætti síðan, þar til málið væri komið á hreint.

Meðan við ræddum við Sigurgeir, kom þarna að opna glugganum kona Ólafs Rafns, afklæddist hún að ofan, lét brækur síga og settist út í gluggakistuna og snéri bakhluta út. Ekki veit ég tilgang konunnar með þessari útstillingu.

Þetta tilkynnist yður hér með herra lögreglustjóri."

Þann 22. ágúst 1979 gerði Gunnar Jóhannsson, lögreglumaður nr. 17 í lögregluliði Akureyrar, eftirfarandi lögregluskýrslu, og er hún þingmerkt sem dómskjal nr. 33:

„Samkvæmt ábendingu Jóns Geirs Ágústssonar, byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar, fór undirritaður í dag um kl. 15:00 að Þingvallastræti 22 hér í bæ til þes að athuga um framkvæmdir við gluggabúnað á miðhæð hússins, þ. e. í íbúð Ólafs Rafns Jónssonar, en áður nefndar framkvæmdir hafði lögreglan stöðvað þann 18/8 samkvæmt beiðni Erlings Aðalsteinssonar, tæknifræðings hjá Akureyrarbæ.

Þann 18/8 var búið að skipta um þrjá glugga í íbúð Ólafs, er verkið var stöðvað, og lofaði Ólafur þá, að ekki yrði meira um framkvæmdir fyrr en tilskilinna leyfa yrði aflað. En í gærkvöldi, þ. e. þann 21/8, mun hafa verið skipt um fjórða gluggann í íbúðinni. Mun sami maður, þ. e. a. s. Sigurgeir Arngrímsson, Byggðavegi 146, hafa unnið þessar framkvæmdir eins og við hina gluggana, sem settir voru í þann 17. og 18/8.

Ekki hafði undirritaður tal af neinum, er hann fór á staðinn í dag."

Þann 23. ágúst 1979, um kl. 1045, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir lögreglu að Þingvallastræti 22, Akureyri, til að líta á skemmdir á vegg. Vörður Leví Traustason, lögreglumaður nr. 19, fór á staðinn ásamt tveim öðrum lögreglumönnum. Á staðnum hittu þeir fyrir Grímu Guðmundsdóttur, og sýndi hún þeim gat á vegg, sem er á milli íbúðar Ólafs Rafns Jónssonar og Grímu. Þarna hafði verið rör í gegnum vegginn, sem lá í miðstöðvarofn í íbúð Ólafs, sem hafði verið fjarlægt, og rörinu lokað með tappa. Til að fjarlægja rörið hafði verið brotið gat á vegginn, sem var 8.5x11 cm, og er lögregluskýrsla um atvik þetta þingmerkt sem dómskjal nr. 34.

Þann 4. október 1979, um kl. 1745, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri Gríma Guðmundsdóttir, aðalstefnandi í máli þessu, og kvartaði undan hávaða og aðgerðum Ólafs Rafns Jónssonar, sem býr á miðhæð hússins að Þingvallastræti 22, Akureyri. Páll Þorkelsson lögregluþjónn fór á staðinn ásamt Valgeiri H. Axelssyni aðstoðarvarðstjóra, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu um atburð þennan:

„Á staðnum vísaði Gríma okkur inn í eldhús neðstu hæðar, en þar er Dusine Kristjánsson leigjandi. Mikil högg kváðu við frá miðhæðinni, líkast því að sleggju væri barið niður í gólf miðhæðar ofan við eldhús það, er við vorum staddir í. Suðaustur horn loftsins í eldhúsinu var orðið mjög mikið sprungið, og hrundi fínpússning niður úr loftinu við hvert högg. Eins var veggur að sunnan ofan við glugga talsvert mikið sprunginn.

Við lögreglumenn fórum að aðaldyrum miðhæðar og knúðum dyra. Eftir nokkra stund kom eiginkona Ólafs Rafns í glugga. Aðspurð kvað hún Ólaf ekki heima við. Ekki urðu orðaskipti fleiri, þar sem frúin lokaði glugganum.

Höfðum við samband við Erling Óskarsson, fulltrúa sýslumanns, og kom hann á staðinn. Náði hann þá tali af Ólafi heima við. Aðspurður kvaðst Ólafur vera að breyta íbúðinni og þyrfti m. a. að brjóta upp úr gólfi hjá sér. Kvaðst hann sjá um það verk sjálfur. Eftir samtal þeirra Erlings og Ólafs kvaðst Erlingur ekki geta stöðvað Ólaf við framkvæmdirnar. Var Grímu bent á að hafa samband við lögfræðing sinn til að fá lögbann á umræddar aðgerðir.

Gríma kvartaði einnig undan hávaða frá íbúð Ólafs á kvöldin og oft til kl. 03,00 á nóttunni. Benti Erlingur Ólafi einnig á þetta."

Er lögregluskýrsla þessi þingmerkt sem dómskjal nr. 35. Þann 8. október 1979, um kl. 2030, hringdi á lögreglustöðina á Akureyri aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir, og óskaði eftir, að lögreglan kæmi á heimili sitt vegna byggingarframkvæmda, sem áttu sér stað á miðhæð hússins að Þingvallastræti 22, Akureyri. Björn Mikaelsson lögreglumaður fór á staðinn

ásamt lögreglumanni nr. 19, og gerði sá fyrrnefndi eftirfarandi skýrslu:

„Á staðnum hittum við áðurnefnda Grímu og Gunnar Jóhannsson, lögreglumann, er býr þar einnig.

Á miðhæð hússins býr Ólafur Rafn Jónsson ásamt fjölskyldu sinni.

Frá þeirri hæð lagði mikinn hávaða. Var greinilegt, að þar var unnið með einhvers konar höggborvél. Á efstu hæð (þeirri þriðju) titruðu bæði gólf og veggir, og erfitt var að halda uppi samræðum sökum hávaða.

Kvað Gríma þennan hávaða hafa byrjað laust eftir kl. 19:00 og væri hann óþolandi.

Er við lögreglumenn yfirgáfum húsið, var hringt aftur á lögreglustöðina og kvartað yfir hávaða frá áðurnefndri íbúð. Árni Magnússon, varðstjóri, hafði þá samband við fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, Erling Óskarsson. Kvað Erlingur Ólaf Rafn hafa tilkynnt sér í dag, að hann hygðist brjóta upp úr gólfi í íbúð sinni og til þess mundi hann nota höggvél. Væri þetta um tveggja tíma vinna og yrði framkvæmd í kvöld.

Upp úr kl. 22:00 var enn hringt frá sama húsi, og var hávaðinn þá engu minni.

Að lokum má geta þess, að margoft hefur verið kvartað til lögreglunnar bæði vegna umræddra byggingarframkvæmda svo og yfirgangs og ónæðis frá Ólafi Rafni og hans fjölskyldu."

Á dómskjali nr. 23, sem er bréf bæjarstjórans á Akureyri, dags. 8. október 1979, og sent aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, og gagnstefnanda Danielle Somers Jónsson segir svo:

„Bæjarstjórn hefur á fundi sínum 25. september s. l. samþykkt eftirfarandi úr gerðabók byggingarnefndar, dags. 19. september s. l.

„Þingvallastræti 22.

Tekin voru fyrir eftirtalin erindi frá eigendum hússins nr. 22 við Þingvallastræti.

Tvö bréf Danielle Somers, dags. 16. ágúst 1979, sem með fylgir bréf heilbrigðisfulltrúa, dags. sama dag.

Þrjú bréf Ólafs Rafns Jónssonar, dags. 29. ágúst, er með fylgir ljósrit bréfs, dags. 28. júní 1979, undirritað af heilbrigðisfulltrúa og starfsmanni byggingafulltrúa.

Bréf Arnar Smára Arnaldssonar f. h. Grímu Guðmundsdóttur, dags. 28. ágúst.

Ennfremur liggur fyrir bréf frá Smára Sigurðssyni, starfsmanni Timburverslunarinnar Völundar h.f., dags. 4. september 1979, sem stílað er til Ólafs Rafns Jónssonar.

Framangreind bréf fjalla um gluggabreytingar á 1. hæð hússins og að

hluta í kjallara, viðbyggingu norðan húss og vegg í kjallara, sem skilur að eignarhluta Grímu Guðmundsdóttur og Danielle Somers.

Gluggabreytingar:

Bygginganefnd getur ekki samþykkt neina þá breytingu, er hafi í för með sér breytt svipmót hússins frá því, sem upphaflega var.

Hinsvegar getur bygginganefnd fallist á, að settir verði Carda-gluggar í eignarhluta Danielle Somers með eftirfarandi skilyrðum:

a) Í gluggagrindina verði settir póstar (sprossar) á sömu stað og með sama svipmóti og upphaflegu gluggarnir. Frágangur verði að öðru leyti með þeim hætti sem greinir í bréfi Smára Sigurðssonar, nema breidd pósta, sem verði 4.5 cm.

b) Gluggaísetningin verði undir umsjón löggilts meistara, er leiti samþykkis byggingafulltrúa á endanlegu útliti glugganna.

c) Gluggar skulu málaðir hvítir til samræmis við útlit annarra glugga.

Veggur í kjallara.

Upplýst hefur verið, að léttur veggur var settur í kjallaragang, meðan húsið var enn í eigu eins manns, og var á þeim tíma gert til að skilja að íbúð á 1. hæð og íbúðarherbergi í kjallara, sem hvort tveggja var leigt út. Veggur þessi var því fyrir hendi, er Danielle Somers keypti íbúð sína.

Eftir að eldur hafði komið upp, sem eyðilagði þennan vegg, var í stað hans hlaðinn annar, en að hluta var hann færður til frá því sem áður var.

Sameiginlegum töfluklefa var skipt um leið og rafmagnstafla, sem var ein fyrir allt húsið, var endurnýjuð með því að gerðar voru tvær töflur í staðinn.

Bygginganefnd telur þær breytingar, sem urðu á veggnum, eðlilegar og rétt, að hann standi áfram, en verði fullgerður beggja megin m. a. vegna eldvarna.

Viðbygging:

Í bréfi sínu, dags. 28. ágúst s. l., fer Grima Guðmundsdóttir fram á, að viðbygging norðan húss verði endurnýjuð og færð í viðeigandi ástand, en hluta hennar lét eigandi 1. hæðar, Danielle Somers, brjóta niður, og var þar um að ræða geymslu hennar sjálfrar og sameiginlegan gang, en bílageymsla, sem er eign Grímu Guðmundsdóttur og var nyrsti hluti viðbyggingar, stendur enn.

Danielle Somers óskar hins vegar eftir því í bréf, dags. 28. ágúst s. l., að það, sem eftir stendur af viðbyggingunni, verði fjarlægt.

Ástæðan fyrir niðurbrotinu er ekki fullljós, en þó er vitað, að þak viðbyggingarinnar lak mjög, og hlutust af því óþrif og skemmdir, m. a. í einangrun þaksins.

Í ljósi þess, að viðbyggingin var reist af eiganda hússins með fullu samþykki byggingarnefndar og skyldi hafa ákveðnu hlutverki að gegna, m. a. því, að innangengt væri af 1. hæð í sameiginlegt þvottahús í kjallara, lítur byggingarnefnd svo á, að viðbyggingin skuli endurreist að þeim hluta, sem niður hefur verið brotin, og komið í það horf, sem samrýmist byggingareglugerð og öðrum reglugerðum þar að lútandi.

Áður en það verður gert, skulu hlutaðeigandi fá löggilta meistara til verksins, og jafnframt skulu liggja fyrir nýjar sérteikningar af þeim hlutum, sem framkvæmdir verða, og þurfa þær að hljóta samþykki byggingafulltrúa.

Vegna jarðvatnsleka inn um veggi kjallara, sem orðið hefur vart, samanber vottorð þar um, telur byggingarnefnd rétt, að gerðar verði ráðstafanir til að stöðva lekann, svo sem með því að lögð verði drenlögn með þeim hluta, sem leka hefur orðið vart."

Þetta tilkynnist yður hér með."

Þann 28. mars 1980 ritar gagnstefnandi Ólafur Rafn Jónsson Erlingi Óskarssyni, dómarafulltrúa við bæjarfógetaembættið á Akureyri, eftirfarandi bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 37:

„Að morgni hins 28. mars, þ. e. í dag, fór ég undirritaður á fund Hreins Pálssonar, bæjarlögmanns, og lagði fyrir hann afrit af skýrslu lögregluþjóns nr. 17, Gunnars J. Jóhannssonar, dagsettri hinn 22. ágúst 1979.

Eins og skýrslan ber með sér kveðst lögregluþjónninn hafa verið kvaddur á vettvang eða eins og hann orðar það þá hafi hann farið að Þingvallastræti 22 til að athuga framkvæmdir „samkvæmt ábendingu Jóns Geirs Ágústssonar, byggingafulltrúa Akureyrarbæjar."

Hreinn Pálsson hafði þegar tal af Jóni Geir Ágústsyni og kvaðst hann að sögn Hreins ekki minnast þess að hafa verið í sambandi við lögreglu vegna áframhaldandi aðgerða og hefði hann heldur ekki neitt fengið munnlega né skriflega frá lögreglunni um þessar aðgerðir né heldur rannsókn Gunnars J. Jóhannssonar hinn 22. 8 1979.

Reyndar taldi Jón Geir ekki ósennilegt, að lögregluþjónn þessi hefði verið kvaddur á vettvang af Grímu Guðmundsdóttur en ekki af sér, enda hafi málið áður verið afhent lögreglu af Erlingi Aðalsteinssyni, fulltrúa byggingafulltrúaembættisins.

Ekki verður annað séð né ætlað af þessu en Gunnar J. Jóhannsson lögregluþjónn nr. 17, sem er leigjandi Grímu Guðmundsdóttur, hafi farið með

ósannar fullyrðingar í skýrslu sinni, þ. e. a. s. að hann hafi farið „samkvæmt ábendingu Jóns Geirs Ágústssonar, til að athuga framkvæmdir við gluggabúnað á miðhæð hússins" að Þingvallastræti 22.

Ég leyfi mér hér með að fara þess á leit við bæjarfógetaembættið að nefndur lögregluþjónn verði yfirheyrður og krafinn um það hvort ummæli hans séu sönn og rétt. Ef svo reynist ekki hlýt ég að krefjast þess að hann hljóti viðeigandi refsingu fyrir óviðeigandi afskipti af máli sem hann má stöðu sinnar vegna og vegna tengsla sinna við Grímu húsráðanda sinn alls ekki hafa.

Reynist lögregluþjónninn hafa hallað réttu máli krefst ég þess einnig að embættið sjái þá til þess að hann flytji burtu úr leiguhúsnæði þessu hið bráðasta því að hann hefur þá reynst sekur um grófa hlutdrægni í starfi og afskiptasamur úr hófi um hluti sem hann varðar alls ekkert um.

Ei það von mín og ósk til fógetaembættisins að kæru þessari verði sinnt hið skjótasta.

Í þessu viðfangi má geta þess að þetta væri þá ekki fyrsta skipti sem við verðum fyrir barðinu á lögregluþjóni þessum sbr. hjálagða kæru okkar stílaða á fógetaembættið og dagsetta hinn 4. des. '78.

Umræddur lögregluþjónn hefur hvað eftir annað haft afskipti af málinu eða öllu heldur hinum ýmsu málum er snerta andbýling okkar og viðskipti okkar við hana, þ. e. Grímu Guðmundsdóttur, húsráðanda Gunnars J. Jóhannssonar, lögregluþjóns nr. 17.

Leyfi ég mér því að endingu að biðja um skjóta afgreiðslu máls þessa."

Þann sama dag ritar gagnstefnandi Ólafur Rafn Jónsson einnig Erlingi Óskarssyni, dómarafulltrúa við bæjarfógetaembættið á Akureyri, eftirfarandi bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 38: „Hjálagt er að finna ljósrit af lögregluskýrslu Erlings Pálmasonar, varðstjóra, dagsettri 18. ágúst 1979, um stöðvun breytinga á húsinu Þingvallastræti 22.

Skýrsla þessi virðist mér bæði ónákvæm og jafnframt til þess fallin að vekja spurningar um það hvort rétt sé farið með lýsingu atburða eða ekki.

Vil ég einkum tilgreina orðalagið er hann segir konu mína hafa farið svo að sem hann lýsir þannig: „lét brækur síga." Í þessu viðfangi er mér forvitni á að vita hvort varðstjórinn treystir sér til að lýsa klæðaburði konu minnar þennan dag og þá auðvitað lit á brókum þeim sem hún þá hlýtur að hafa verið í, eftir frásögn hans að dæma a. m. k.

Ef varðstjórinn treystir sér ekki til að svara þessu þá hlýtur að ætla að hér sé ekki farið með rétt mál og er þá forvitnilegt að fá vitneskju um það hvers vegna farið sé með lygi á hendur konu minni og hvaða tilgangi slíkar lýsingar eiga að þjóna öðrum en veita höfundi þeirra etv. einhverja annarlega fróun.

Ónákvæmni er að finna í skýrslunni því að í orðaskiptum okkar í milli

um erindi lögregluþjónanna spurði ég m. a. hvers vegna þeir væru komnir á vettvang. Sagði ég þeim sem var að ég væri í símasambandi við dómarfulltrúa þann sem var á vakt þessa helgi er umræddir atburðir gerðust. Sagði ég lögregluþjónunum er þarna voru, Gunnari J. Jóhannssyni og Karli Kristjánssyni, svo og Erlingi sjálfum að Ásgeir P. Ásgeirsson hefði látið svo um mælt að þeir mættu einungis gera skýrslu en hefðu ekki vald til að stöðva aðgerðir mínar.

Við þessi ummæli mín lýstu þeir lögregluþjónar yfir því að þeir hefðu haft samband við Ófeig Eiríksson, bæjarfógeta, en hann lá þá sjúkur, og hefði hann látið svo um mælt að aðgerðir þessar yrði að stöðva. Min spurning við þessu var og er hvorum aðilanum átti ég að treysta. Víst er að lögregluþjónarnir stöðvuðu í reynd allar frekari framkvæmdir þennan dag.

Hvaða ástæður voru fyrir því að lögregluþjónar höguðu sér ekki samkvæmt fyrirmælum frá dómarafulltrúanum, Ásgeiri P. Ásgeirssyni, sem var ábyrgur fyrir fógetaembættinu þegar atvik þessi gerðust. Í stað þess höfðu þeir tal, símleiðis, af bæjarfógeta sjálfum, er lá sjúkur, og fóru að því er virðist eftir fyrirmælum er stungu í stúf við talsmann embættisins, Ásgeir P. Ásgeirsson.

Eru það eindregin tilmæli mín að varðstjórinn verði yfirheyrður um skýrslu sína og kannað hvort hann treystir sér til að standa við allar lýsingar sínar. Ef hann treystir sér ekki til þess, er þess hér með farið á leit að viðeigandi refsingu verði beitt fyrir ósannindi og kannað verði af hvaða hvötum eða ástæðum álognar lýsingar eru tilkomnar.

Enn fremur vil ég bera fram ákæru á hendur þrem ofangreindum lögregluþjónum fyrir átroðning á eignarhluta konu minnar þar eð þeir óðu inn á opinn gangveg bak við húsið án heimildar, en þar var áður geymsla okkar meðan viðbygging stóð.

Hefðu þeir ekki gengið inn á þetta svæði, sem er í einkaeign, hefðu þeir aldrei getað séð neitt er þeim hefði orðið tilefni til ofangreindra lýsinga. Lögregluna varðar alls ekkert um það hvort kona mín gengur alklædd í sinni eigin íbúð, því að þar á hún, eins og allir íbúðaeigendur, rétt á friðhelgi.

Loks vil ég taka fram að umrædd íbúð er eign konu minnar.

Vil ég hér með óska þess að þér bregðið skjótt við um afgreiðslu máls þessa og tryggið að lögreglan fari að lögum gagnvart öllum bæjarbúum að meðtöldum þegnum annarra þjóða búsettum hér."

Þann 21. apríl 1980 kom fyrir dóminn sem vitni Karl J. Kristjánsson aðstoðarvarðstjóri, Hamarsstíg 31, Akureyri, fæddur 4. febrúar 1935. Undir vitnið var borið dómskjal nr. 26, og kvað hann skýrsluna sannleikanum samkvæma. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa komið á vettvang í Þingvallastræti 22 þann 26. apríl 1979. Vitnið kvaðst ekki minnast þess

að hafa rannsakað, af hvers völdum gatið á veggnum hafi verið gert. Vitnið staðfesti skýrslu á dómskjali nr. 25 og kvað hana samda eftir bestu vitund og þekkingu. Vitnið upplýsti, að í sambandi við dómskjal nr. 28, að Ófeigur Eiríksson bæjarfógeti hafi gefið Erlingi Pálmasyni varðstjóra þau fyrir mæli símleiðis að stöðva framkvæmdir við glugga að Þingvallastræti 22, að því er Erlingur tjáði vitninu.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Björn Mikaelsson flokkstjóri, Furulundi 5 C, Akureyri, fæddur 17. janúar 1950. Vitnið staðfesti skýrslu sína á dómskjali nr. 36 og kvað skýrslu þessa samda eftir bestu vitund og þekkingu. Vitnið kvaðst minnast þess að hafa einhvern tíma gert lögregluskýrslu um það, er verið var að hlaða millivegg í kjallara og hafi þá verið rekið í gegn um hleðslusteininn eitthvað eggjárn frá eignarhluta Danielle Somers og hafi veggur þessi, eða e. m. k. hluti hans, verið hlaðinn undir lögregluvernd.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Randversson aðstoðarvarðstjóri, Espilundi 1, Akureyri, fæddur 31. maí 1931. Vitnið staðfesti skýrslu sína á dómskjali nr. 26 og kvaðst hafa samið hana eftir bestu vitund og samvisku. Aðspurt kvað vitnið tónlistina hafa verið óþægilega háa og staðsetningu hljóðgjafans óvenjulega, en ekki kvaðst vitnið vilja segja um, hver hafi verið tilgangurinn með þessum tónlistarflutningi. Ekki kvaðst vitnið vita, hve lengi tónlistaflutningur þessi hafi varað, er þeir komu á staðinn, né heldur hvenær honum hafi linnt. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa kynnt sér ástand í kyndiklefanum né heldur kannað, hvort verið væri að vinna þar, en ekkert hafi bent til, að svo hafi verið. Vitnið kveðst ekki hafa rætt við gagnstefnendur í þetta sinn né fyrir þennan atburð.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Þorsteinn Pétursson flokkstjóri, Þverholti 10, Akureyri, fæddur 27. maí 1945, og staðfesti vitnið skýrslu sína á dómskjali nr. 22 og kveðst engu hafa við hana að bæta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður, Klapparstíg 7, Akureyri, fæddur 31. janúar 1940. Staðfesti vitnið skýrslur sínar á dómskjölum nr. 24, 28 og 29 og kvað þær samdar eftir bestu vitund og þekkingu og kvað engu hafa við þær að bæta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Valgeir H. Axelsson aðstoðarvarðstjóri, Kringlumýri 23, Akureyri, fæddur 14. júní 1931, og staðfesti vitnið skýrslur sínar á dómskjölum nr. 27 og 30 og kvað þær samdar eftir bestu vitund og þekkingu og engu við þær hafa að bæta.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Gunnar Jóhannsson lögreglumaður, Þingvallastræti 22, efstu hæð, Akureyri, fæddur 7. nóvember 1957. Skýrsla vitnisins á dómskjali nr. 33 var borin undir vitnið, og kvaðst hann hafa samið skýrslu þessa eftir bestu vitund og þekkingu. Aðspurt um tilurð skýrslunnar kvaðst vitnið ekki muna það glöggt, hvernig hún væri tilkomin,

en taldi líklegast, að hann hefði farið og athugað um framkvæmdir að boði varðstjóra, en þetta hafi hann örugglega ekki gert af sjálfsdáðum né að beiðni aðalstefnanda, en hann kvaðst sjálfur hafa reynt að halda sér frá þessum deilum eftir fremsta megni. Vitnið kvaðst hafa leigt hjá aðalstefnanda frá 1. október 1977 og oft orðið vart við hávaða frá miðhæð og kvaðst hafa séð göt á millivegg í kjallara og skemmdir á lofti í eldhúsi í kjallara og einu sinni hafi kjötleifum verið troðið meðfram hitarörum, sem liggja að rafmagnstöflukassa í kjallara. Vitnið sagði, að friðsælt hefði verið í húsinu frá lokum október sl. og ekkert óvenjulegt komið upp og enginn óþægindi verið vegna hávaða í húsinu.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Vörður Leví Traustason lögreglumaður, Krabbastíg 1, Akureyri, fæddur 21. október 1952. Staðfesti vitnið skýrslu sína á dómskjali nr. 34 og kvað hana samda eftir bestu vitund og samviska og kvað engu við hana hafa að bæta. Vitnið kvað vegg þann, er um ræðir í skýrslunni, vera á fyrstu hæð hússins og vera á milli stigagangs niður í kjallara til íbúðar Dusine og herbergis í norðausturhorni íbúðar gagnstefnanda Danielle Somers.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Páll Eggert Þorkelsson flokkstjóri, Ásabyggð 4, Akureyri, fæddur 29. nóvember 1951, og staðfesti vitnið skýrslu sína á dómskjali nr. 35 og kvaðst engu við hana hafa að bæta.

Þann 22. apríl 1980 kom fyrir dóminn sem vitni Margrét Hallgrímsdóttir húsmóðir, Grundargerði 1 B, Akureyri, fædd 18. febrúar 1947. Vitnið staðfesti skýrslu sína á dómskjali nr. 29 og kvaðst engu við hana hafa að bæta. Þann sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Kjartan Sigurðsson varðstjóri, Þórunnarstræti 125, Akureyri, fæddur 23. október 1926. Staðfesti vitnið skýrslur sínar á dómskjali nr. 22, og kvað hann þær sannleikanum samkvæmar og kvaðst engu við þær hafa að bæta.

Þann 2. júní 1980 kom fyrir dómin aðalstefnandi, Gríma Guðmundsdóttir húsfrú, Þingvallastræti 22, Akureyri, fædd 19. apríl 1910. Voru dómskjöl nr. 1, 2, 20, 22, 24, 25, 26, 27, 29, 30, 32, 33, 34, 35 og 36 lesin í heyranda hljóði fyrir mættu (sic), og kvað hún gögn þessi sannleikanum samkvæm. Dómskjöl nr. 40, 41 og 42 voru borin undir mættu (sic), og kvað hún gögn þessi sannleikanum samkvæm eftir því sem hún gæti best um borið. Aðspurð kvaðst aðalstefnandi ekki hafa notað sjálf þvottahúsið í kjallara hússins til þvotta, frá því að Jón Ágústsson keypti miðhæðina í kringum 1970. Aðspurð kvað hún hvorki bað né sturtu í kjallaraíbúðinni og ekki hafi verið heitt vatn í kjallaraíbúðinni, fyrr en hitaveitan hafi komið í fyrra eða hitteðfyrra. Hún upplýsti, að aldrei hafi verið sótt um leyfi til byggingaryfirvalda, er veggurinn var reistur í kjallara, að því er hún myndi. Aðspurð um meinta íkveikju Danielle Somers kvað mætta (sic), að slökkviliðið hafi sagt, að eldurinn, sem kviknaði, væri íkveikja, og frekar kvaðst hún ekki geta látið eftir

sér hafa um það annað en slökkviliðið segði. Hún kvaðst aðspurð hafa tvívegis lánað manni, sem Arnar heiti, bílskúr sinn, en hann sé tengdasonur systur sinnar, og hafi hann fengið bílskúrinn til þess að dytta smávegis að bifreið sinni fyrir jólin og hafi hún ekki tekið neina leigu fyrir lánið.

Málsástæður og lagarök.

Lögmaður aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, kveður ljóst, að núverandi ástand sé óþolandi fyrir aðalstefnanda, sem verði fyrir stöðugum óþægindum og meingerðum af hálfu gagnstefnenda. Tilraunir til þess að fá þau til að breyta háttum sínum hafi allar reynst árangurslausar. Hafi þau raunar lýst því, að þau muni í öllu fara sínu fram án tillits til þess, hvort það sé lögmætt eða ekki, og hafi það reynst orð að sönnu. Krafan um, að þau flytji úr íbúð sinni, eigi sér stoð í 17 gr. laga nr. 59/1976. Sýknukröfu sína í gagnsök byggir aðalstefnandi á því, að gagnstefnendur hafi með framkomu sinni í garð aðalstefnanda firrt sig öllum rétti til búsetu í fasteigninni Þingvallastræti 22, Akureyri, en aðalstefnandi hafi í engu orðið sekur um meingerðir í garð gagnstefnenda.

Nýting aðalstefnanda á fasteign sinni sé alfarið innan þeirra takmarka, sem lög um fjölbýlishús setji henni.

Sýknukrafa gagnstefnenda er á því byggð, að þau hafi ekki brotið af sér neitt það, er gefi tilefni til þess, að þau flytji af eign sinni. Þvert á móti fullyrða þau, að aðalstefnandi hafi með dæmalausri hegðan sinni valdið þeim ágreiningi og vandræðum, sem nú eru á öllum sambýlisháttum í húsinu nr. 22 við Þingvallastræti. Hafi einhver tilefni gefist til aðfinnslu í þeirra garð, þá hafi slíkt ávallt verið afleiðing af athöfnum aðalstefnanda.

Málavaxtalýsingu og málsrökum aðalstefnanda í stefnu og greinargerð er mótmælt sem röngum, og sérstaklega er þeim fullyrðingum mótmælt, að gagnstefnendur hafi ítrekað lokað fyrir vatn í vatnsleiðslu, sprautað vatni í verulegu frosti á tröppur aðalstefnanda eða hent óþverra eða hamarshausum inn í íbúðina í kjallara hússins.

Málsrök gagnstefnenda fyrir kröfum í gagnsök eru þau, að gagnstefnda hafi með hegðan sinni vanvirt og þverbrotið allar reglur og lög um sambýlisháttu í fjölbýlishúsum og þannig fyrirgert rétti sínum til frekari dvalar í húsinu. Um frekari málsrök og lýsingar á ávirðingum gagnstefndu vísast til stefnu, sbr. dómskjal nr. 4, og dómskjala nr. 6, 9 og 13.

Álit dómsins.

Svo sem hér að framan er rakið í málavaxtalýsingu samkvæmt málsskjölum, virðist ósamkomulag málsaðilja hafa stigmagnast eftir brunann í kjallara hússins að Þingvallastræti 22, Akureyri, þann 26. júlí 1977 og eftirfarandi sakadómsrannsókn og endurreisn hins brunna veggjar. Svo og hafa

afnot þvottahúss í kjallara hússins valdið ágreiningi og einnig niðurbrot gagnstefnanda Ólafs Rafns Jónssonar á þaki á milli bílskúrs aðalstefnanda og íbúðarhússins.

Breyting og endurbætur gagnstefnenda á íbúð þeirra hafa einnig leitt til afskipta lögreglu svo og kærur aðalstefnanda út af hávaða frá eignarhluta gagnstefnanda Danielle Somers, einnig meint árás hennar á aðalstefnanda og fleira, sem rakið hefur verið hér að framan.

Hefur aðalstefnandi snúið sér til lögreglunnar á Akureyri með kærur sínar, en gagnstefnendur hafa snúið sér til bæjarfógetans á Akureyri eða fulltrúa hans með kærur sínar, eins og fram kemur í lýsingu málavaxta.

Varðandi kærur aðalstefnanda er rétt að hafa það í huga, að lögregluskýrslur hafa ekki verið teknar af kærðu, gagnstefnendum, fyrir utan það, er þau voru leidd fyrir sakadóm Akureyrar vegna títtnefnds bruna, þannig að sjónarmið gagnstefnenda eða tilgangur með aðgerðum, sem kært hefur verið út af, hefur ekki komið fram, nema þegar lögregluskýrslur bera það glöggt með sér. Hið sama má segja um kærur gagnstefnenda, þó svo að þar sé í tilvikum að finna svör við kærum aðalstefnanda.

Í ljósi þeirra staðreynda ber að meta sönnunargildi kærna aðilja hvors í annars stað.

Um kröfu aðalstefnanda í aðalsök.

Samkvæmt framburði Gunnars Jóhannssonar lögreglumanns hér fyrir dómi, sem verið hefur leigjandi aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, frá 1. október 1977, hefur verið friðsælt í húseigninni Þingvallastræti 22 frá lokum október sl. og ekkert óvenjulegt komið upp og engin óþægindi verið vegna hávaða í húsinu, þó svo að hann hafi oft orðið var við hávaða frá miðhæð hússins áður. Upplýst er samkvæmt gögnum málsins, að gagnstefnendur hafa staðið í viðgerðum og endurbótum á eignarhluta Danielle í húsinu og hafa fengið til þess leyfi bæjarstjórnar Akureyrar, sbr. dómskjal nr. 23, jafnframt er ljóst, að niðurbrot gagnstefnenda á þaki viðbyggingar var ekki með vilja og samþykki aðalstefnanda, en er tilkomið sennilega vegna þess, að vitað var, „að þak viðbyggingarinnar lak mjög, og hlutust af því óþrif og skemmdir, m. a. í einangrun þaksins", sbr. dómskjal nr. 23, og standa aðalstefnanda opnar leiðir til þess að leita réttar síns skv. hegningarlögum og skaðabótarétti út af niðurbroti þessu. Sama má segja um vegg þann, er reistur var í kjallara hússins eftir brunann, sem standa skal og fullgera, sbr. dómskjal nr. 23.

Hvað sem líður réttmæti hinna ýmsu ásakana og kærna aðalstefnanda á hendur gagnstefnendum, þykir dóminum ekki rétt að taka til greina kröfu hennar, að gagnstefnendur flytji brott úr íbúð gagnstefnanda Danielle Somers skv. 17. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús með vísan til framburðar Gunnars Jóhannssonar, sem hér að framan er rakinn, svo og til

þess rasks, sem slíkt hefði í för með sér, þar sem fram kemur í gögnum málsins, að gagnstefnendur eiga ung börn.

Um kröfu gagnstefnenda.

Hvað sem líða kann um réttmæti ásakana gagnstefnenda á hendur aðalstefnanda, þá getur dómurinn ekki fallist á kröfu þeirra, að aðalstefnanda verði gert að flytja úr íbúð sinni að Þingvallastræti 22, Akureyri, skv. 17. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús og 14. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976 þegar af þeirri ástæðu, að friðsælt hefur verið í húsinu frá októberlokum sl. skv. framburði Gunnars Jóhannssonar lögreglumanns, sem hér að framan hefur verið rakinn.

Ekki getur dómurinn fallist á þá kröfu gagnstefnenda, að aðalstefnanda sé óheimilt að leigja út herbergi í kjallara sem íbúð eða íbúðarherbergi, þar sem sú krafa er ekki studd neinum haldbærum gögnum, né heldur að aðalstefnanda sé óheimilt að leigja út bílskúr á lóð hússins til bifreiðaviðgerða eða annarra nota, sem er umfram almennan rétt íbúðareigenda í fjölbýlishúsi til hagnýtingar bílageymslu á sameiginlegri lóð, þegar af þeirri ástæðu, að aðalstefnandi heldur því fram og því ekki verið hnekkt, að hún hafi tvívegis lánað tengdasyni systur sinnar bílskúrinn fyrir jólin til þess að dytta að bifreið sinni og enga leigu tekið fyrir.

Úrslit máls þessa verða því, að í aðalsök eru aðalstefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, sýknuð af kröfu aðalstefnanda, Grímu Guðmundsdóttur, að þau flytji úr íbúð Danielle Somers á miðhæð húseignarinnar að Þingvallastræti 22, Akureyri, og í gagnsök, að gagnstefnda, Gríma Guðmundsdóttir, verði sýknuð af kröfu gagnstefnenda, Ólafs Rafns Jónssonar og Danielle Somers Jónsson, að henni verði gert að flytja brott úr húseign sinni að Þingvallastræti 22, Akureyri, og henni óheimilt að leigja út íbúðarherbergi í kjallara hússins.

Með vísan til þessara úrslita málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Lögmaður aðalstefnanda var Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður og lögmaður gagnstefnenda var Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Ólafur Rafn Jónsson og Danielle Somers Jónsson, skulu vera sýkn af kröfu aðalstefndu (sic), Grímu Guðmundsdóttur.

Gagnstefnda, Gríma Guðmundsdóttir, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, Ólafs Rafns Jónssonar og Danielle Somers Jónsson.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Þriðjudaginn 29. mars 1983.

Nr. 64/1981. **Sauðárkrókskaupstaður**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ólafi Lárussyni, eiganda Skarðs,
og Skarðshreppi
og gagnsök
(Sigurður Ólason hrl.).

Landamerkjamál. Stjórnsýslumörk. Ómerking og máli að hluta vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1981. Á hendur gagnáfrýjandanum Ólafi gerir hann þessar dómkröfur: Aðallega, að landamerkjum milli Sauðárkróks og Skarðs ráði Gönguskarðsá eftir línu, sem dregin sé frá punkti A' um punktana R og S til punktsins T á uppdrætti Skúla Jóhannessonar verkfræðings á héraðsdómskjali nr. 68, en sá uppdráttur er gerður eftir loftljósmynd, sem tekin var af Landmælingum Íslands 2. september 1978. Til vara, að merkjum ráði sama lína eftir Gönguskarðsá með upphafi í punkti A' að punkti Y á uppdrætti Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings, dags. 26. febrúar 1983, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt sem nýtt skjal, en þaðan ráði merkjum til sjávar bein lína að punkti Z í sjávarmáli á sama uppdrætti.

Gagnvart gagnáfrýjanda Skarðshreppi krefst aðaláfrýjandi þess, að sömu mörk og greinir í kröfugerð hans um landamerki milli Sauðárkróks og Skarðs verði ákveðin sem sveitarstjórnarmörk milli kaupstaðarins og Skarðshrepps.

Aðaláfrýjandi krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 17. mars 1981. Þeir krefjast þess aðallega, að landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar svo og sveitarstjórnarmörk milli Skarðshrepp og kaup-

staðarins verði ákveðin frá punkti A^1 um punkta B og B^1 að punkti C í sjávarmáli, svo sem lína þessi er mörkuð á uppdrátt Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings, er gerður var að tilhlutun landamerkjadómsins og auðkenndur var sem héraðsdómskjal nr. 80. Til vara krefjast gagnáfrýjendur þess, að „merkjalínunni frá A^1 til sjávar verði hnikað norður á við eftir álitum Hæstaréttar". Þá krefjast gagnáfrýjendur og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Í bréfi Sigurjóns Rist vatnamælingamanns til lögmanns aðaláfrýjanda, dags. 2. mars 1983, segir svo:

„Loftmyndir af neðsta hluta Gönguskarðsár ásamt afriti af vottorði G. Sig. Sauðárkróki hefur þú komið með á skrifstofu Vatnamælinga og beðið mig um einskonar álitsgjörð um, hvar megin stofn Gönguskarðsár falli eða hafi fallið.

Myndirnar eru frá 17. sept. '45 og 2. sept '78, þau ártöl eru skráð á bak myndanna.

Svar mitt.

Athuga ber, að iðulega er þjálla og veldur síður misskilningi að tala um hægri og vinstri bakka í stað átta, skal það því gjört hér. Straumstefna ræður, hver er hægri og vinstri bakki. Hægri bakki er Sauðárkróksmegin, en vinstri bakki er Tindastólsmegin.

Ég geri eldri myndina að umræðuefni. Neðan við þrengslin er delta. Klapparhlass er í „Þrengslahorninu" hægra megin. Ofan við Klapparhlassið er skápur, sem grafist hefur inn í hægri bakkann. Afleiðingin verður því sú, að „Þrengslahornið" beinir ánni allharkalega til vinstri. Vinstri bakkinn er því ytri bakkinn í bugðunni neðan „Þrengslahornsins". Mátturinn til að grafa er meiri í ytri hliðinni en þeirri innri. Þess vegna má ætla, að megin rennslistofninn verði vinstra megin. Eins og raunar myndin sýnir. Nokkru neðan við "Þrengslahornið" er mikill skápur inn í melinn — allt ber að sama brunni.

Ég hef ekkert að athuga við vottorð Gísla Sigurðssonar. Þetta er hinn sami Gísli Sigurðsson, sem mældi (las á vatnshæðarmæli tvisvar í viku) Gönguskarðsá fyrir raforkumálastjóra í nokkur ár, áður en hún var virkjuð 1949. Hann aðstoðaði mig einnig við

straummælingar þarna úti á eyrunum neðan við „Þrengslahornið". Hann var ákveðinn, honum mátti treysta. Hann gjörþekkti ána.

Sjavaraldan (innalda) hefur hlaðið upp malarkamb á ströndinni, eins og Gísli talar um í vottorðinu".

Í bréfi, er gagnáfrýjandinn Ólafur ritaði bæjarstjórn Sauðárkróks 18. maí 1948 vegna breytinga, sem þá höfðu nýlega verið gerðar á farvegi Gönguskarðsár, svo sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, segir svo:

„Þar sem Sauðárkróksbær hefir án minnar vitundar breitt farvegi Gönguskarðsár þannig, að áin hefur tekið trjáreka og annan reka, er jeg átti samandregið, rjett við melhornið norðan árinnar, landbrot er þegar orðið nokkuð úr melhorninu og hætt við, að það ágerist í flóðum og framburður verði því meiri en áður. Jeg vil því hjermeð gera þá kröfu til Sauðárkróksbæjar I., að jeg fái greiddar kr. 800,00 fyrir reka þann, sem áin bar burtu um s. l. helgi, og 2. Sauðárkróksbær færi Gönguskarðsá það mikið frá melhorninu, að reki geti stöðvast þar líkt og áður var og að nægilegt athafnasvæði verði þar til björgunar og geymslu rekans".

Gagnáfrýjendur hafa lagt fyrir Hæstarétt uppdrátt Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings, gerðan í janúar 1981. Hefur verkfræðingurinn markað á uppdráttinn auk dómlínu landamerkjadóms tvær línur frá punktinum A^1 til sjávar í punktana X^1 og X^2. Er önnur þeirra bein, en hin brotnar í punktinum H á dómlínu landamerkjadóms. Uppdrættinum fylgja enn fremur eftirfarandi skýringar:

„Hagsmunasvæðið er alls um 115.400 m^2 og afmarkast af hornunum A^1,R,S,T,X,C,B^1 og B.

Tekið er land undir ána og varnargarð við hana. Árbotninn þarf að vera 15—20 m breiður og garðurinn um 15—20 m í botninn eftir hæð og gerð. Heildarbreidd lands, sem fer undir ána og garðinn, reiknast 25 m. Lengd árinnar frá A^1 til sjávar er 220 m. Flatarmál þess lands, sem fer undir ána og varnargarðinn, er því $220 \times 35 =$ 7.700 m^2.

Þegar hagsmunasvæðið hefur verið skert um það land, sem fer undir á og varnargarð, er fundin lína, sem skiptir því, sem eftir er, til helminga.

Er notuð er heil lína úr A^1, þarf X að færast sunnar um 66 m, sbr. X^1 á kortinu.

Ef notuð er brotin lína úr A' til sjávar, má t. d. hafa brotið H miðja vegu milli A^1 og X, þ. e. í 240 m fjarlægð frá A^1. Í þessu tilfeli þarf X að færast sunnar um 132 m, sbr. X^2 á kortinu".

Til þess mun ætlast, að uppdrátt þennan og þær skýringar, sem honum fylgja, hafi Hæstiréttur til hliðsjónar, ef hann fellst á varakröfu gagnáfrýjenda.

II.

Það virðist ágreiningslaust fyrir Hæstarétti, að mörk milli sveitarfélaganna Skarðshrepps og Sauðárkróks fari eftir löglegum landamerkjum Skarðs og Sauðárkróks á því svæði, sem hér er um að tefla. Verður að skilja dómkröfur gagnáfrýjanda Skarðshrepps, er ekki hefur uppi fyrir Hæstarétti þá varakröfu, sem hann gerði fyrir landamerkjadómi, á þann veg, að hann taki undir dómkröfur gagnáfrýjanda Ólafs um landamerki og veiti honum stuðning í málinu, en geri ekki lengur sérstakar kröfur um stjórnsýslumörk milli sveitarfélaganna. Bar slíkan ágreining eigi heldur sjálfstætt undir landamerkjadóm. Verður því að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms um sveitarstjórnarmörk milli Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðshrepps og vísa málinu frá landamerkjadóminum að því leyti, en rétt er, að málskostnaður í þeim þætti málsins falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

III.

Landamerkjaskrám Skarðs og Sauðár ber saman um það, að Gönguskarðsá ráði merkjum á þrætusvæðinu. Verður það lagt til grundvallar í málinu. Sönnunarbyrði fyrir því, að áin renni nú í öðrum farvegi en hún gerði á þeim tíma, er landamerkjaskrárnar voru ritaðar, hvílir á gagnáfrýjendum.

Loftmynd sú frá árinu 1945, sem greint er frá í héraðsdómi, sýnir Gönguskarðsá í svipuðum farvegi og hún enn rennur í allt framundir flæðarmál. Á loftmyndinni sést að vísu einnig annar áll á eyrunum nokkru sunnar. Áll þessi virðist þó til muna minni en nyrðri állinn. Vitnisburður kunnugra manna bendir til þess, að áin hafi að einhverju leyti flætt úr árvegi sínum í miklum flóðum.

Um vatnshæð í ánni, þegar loftmyndin er tekin, er ekki vitað. Sker hún því ekki ein úr um það, að Gönguskarðsá hafi að staðaldri runnið svo sem myndin sýnir jafnvel á þeim tíma, er hún var tekin.

Þaðan af síður veitir hún örugga vissu um farveg árinnar meira en hálfri öld fyrr.

Hin prentaða ljósmynd af Gönguskarðsáreyrum, er aðaláfrýjandi lagði fram í landamerkjadóminum, bendir til þess, að allt meginvatnsmagn Gönguskarðsár hafi um síðustu aldamót runnið til sjávar nyrst á eyrunum í svipuðum farvegi og nú er, a. m. k. allt fram undir sjó. Sunnar á eyrunum sjást á myndinni lænur, sem óvíst er, hvort rennsli hafi verið í. Verður ekki fallist á það álit landamerkjadómsins, að myndin sýni, að rennsli árinnar hafi verið svo áþekkt því, sem fram kemur á loftmyndinni frá 1945, að saman veiti gögn þessi nægilega sterkar líkur fyrir því, að áin hafi á árunum 1884—1885 runnið í aðalatriðum eins og loftmyndin sýnir. Styrkir bréf Sigurjóns Rist vatnamælingamanns þessa niðurstöðu.

IV.

Það er ósannað, að á þeim tíma, sem hér getur skipt máli, hafi farvegur Gönguskarðsár verið, þar sem gagnáfrýjendur hafa markað kröfulínu sína (A^1,B,B^1C). Þá verður eigi ráðið af gögnum, svo öruggt sé, að áin hafi breytt farvegi sínum alla leið frá sjó til þess staðar, sem auðkenndur er A^1 á uppdráttum, frá því að landamerkjaskrárnar voru gerðar, svo sem gagnáfrýjendur halda fram. Hitt er víst, að neðsta hluta farvegar árinnar var breytt árið 1948 að tilhlutun aðaláfrýjanda. Er þá sérstakt álitaefni, hvernig áin muni hafa runnið, áður en umrædd breyting var gerð.

Framburður vitnanna Gísla Sigurðssonar, Guðjóns Sigurðssonar og Sigurþórs Hjörleifssonar bendir til þess, að malarkambur hafi verið á ströndinni á þeim slóðum, sem Gönguskarðsá fell fram. Samkvæmt vitnisburðum þessara mann og öðru, sem fram er komið, má ætla, að ofan kambsins hafi áin sveigt til hægri (suðurs) eftir eyrunum og myndað þar nokkurt lón, en síðan hafi hún brotist út úr lóninu í ósi í gegnum kambinn. Að öðru leyti er óljóst, hvernig staðhættir hafa verið, þar á meðal hversu langt lónið náði til suðurs og hvar ósinn var.

Í varakröfu sinni fyrir Hæstarétti miðar aðaláfrýjandi við það, að breytingin á farvegi Gönguaskarðsár 1948 hafi ekki raskað landamerkjum. Er þá nánar á því byggt, að ós árinnar hafi áður verið, þar sem punkturinn Z er markaður á framlagðan uppdrátt,

og hinn breytti farvegur ekki náð lengra upp eftir eyrunum en að punktinum Y á uppdrættinum.

Að því er varðar fyrra atriðið verður að telja líklegra eftir málsgögnum, að ósinn hafi verið nokkru sunnar á eyrunum. Sýnist vel geta staðist, að hann hafi verið á þeim stað, er landamerkjadómurinn taldi. Því til viðbótar er á það að líta, að aðaláfrýjandi lét breyta farvegi árinnar á sitt eindæmi og án samþykkis eiganda Skarðs. Verður hann því að bera halla af vafa, er leika kann á því, hvar ósinn var áður. Þykir af þessum ástæðum mega fallast á þá niðurstöðu landamerkjadómsins, að ós Gönguskarðsár fyrir breytinguna á farvegi árinnar hafi verið á þeim stað, sem merktur er með punktinum X á uppdrætti dómsins.

Um það atriði, hversu langt upp eftir eyrunum farvegi árinnar var breytt árið 1948, er mikil óvissa. Þess er þó að geta, að vitnið Gísli Sigurðsson vísaði á stóran stein á hægri bakka árinnar neðan núverandi steypustöðvar, er hann gekk á vettvang með dómendum landamerkjadómsins. Kvað hann ána renna á þeim stað, sem hún hafi gert, er hann bjó á Bakka, en síðan í Eyrarbæ, á árunum 1920—1932. Vegna kunnugleika þessa vitnis á Gönguskarðsáreyrum veitir vitnisburður þess líkur fyrir því, að breyting á farveginum, sem gerð var 1948, hafi a. m. k. ekki náð lengra upp á eyrarnar en á móts við stein þennan. Vætti Sigurþórs Hjörleifsonar og Guðjóns Sigurðssonar standa ekki gegn þeirri niðurstöðu. Þótt vera megi, að farveginum hafi einungis verið breytt skemmra upp eftir eyrunum en að umræddum steini, þykir eigi að síður rétt að meta vafa í því efni aðaláfrýjanda í óhag af sömu ástæðu og greint var um ós árinnar og leggja til grundvallar, að farvegi árinnar hafi verið breytt neðan steinsins til sjávar.

Umráð aðaláfrýjanda yfir því landi hægra megin Gönguskarðsár, sem fyrir breytinguna hefur verið vinstra megin ár samkvæmt framangreindu, eru ekki til komin með þeim hætti, að til eignarhefðar leiða.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er rakið, þykir bera að líta svo á, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 15/1923, að Gönguskarðsá, eins og hún fellur, ráði ekki merkjum milli Skarðs og Sauðárkróks lengra niður eftir ánni frá punktinum A' en á móts við áðurgreindan stein. Síðan ráði bein lína í punktinn X í fjörumáli, svo

sem hann er markaður á uppdrátt þann, er Jónas Snæbjörnsson verkfræðingur gerði fyrir landamerkjadóminn. Hefur Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur að tilhlutan Hæstaréttar markað línu þessa, sem verður dómlína Hæstaréttar, inn á síðastgreindan uppdrátt ásamt kröfulínum málsaðilja. Er dómlína þessi dregin milli punktanna A', M og X á fyrrgreindum uppdrætti Ragnars Árnasonar, hæstaréttardómskjali M. Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Ólafi Lárussyni 25.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sérstaka ákvörðun sveitarstjórnarmarka milli aðaláfrýjanda, Sauðárkrókskaupstaðar, og gagnáfrýjanda Skarðshrepps á að vera ómerkt, og er málinu að því leyti vísað frá héraðsdómi, en málskostnaður í þeim þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar á Gönguskarðsáreyrum skulu vera eftir miðjum farvegi Gönguskarðsár frá punkti merktum A' að punkti merktum M á uppdrætti Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings, hæstaréttardómskjali M, en úr þeim punkti bein lína til sjávar í punkt merktan X á sama uppdrætti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Ólafi Lárussyni 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.


Dómur landamerkjadóms Sauðárkróks og Skagafjarðarsýslu 17. janúar 1981.

Mál þetta var tekið til dóms 13. desember 1980.

I.

Með opnu bréfi hinn 27. maí 1857 var löggiltur verslunarstaður við Sauðárkrók frá 1. janúar 1858.

Með bréfi Einars Stefánssonar umboðsmanns, dags. 10. apríl 1858, var ákveðið, að Einar Jónsson, ábúandi Sauðár, skyldi láta af hendi lóð undir kauptún á hentugum stað, og var vísað til áðurgerðs samnings.



Sauðárkróki í jan 1981

Frumrit þessa uppdráttar er gert af Jónasi Snæbjörnssyni verkfr.

Á þetta 2. frumrit, sem gert er eftir ljósriti af hdskj. nr. 80, er fært eftirfarandi:

1. Stór, stakur steinn eftir uppdrætti Jónasar Snæbjörnss.
2. Línan Y-Z eftir sama
3. Línurnar A'-X' og H-X² eftir sama
4. Landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar á Gönguskarðsáreyrum skv. dómi Hæstaréttar í hæstaréttarmáli nr. 64/1981

Þetta 2. frumrit er gert í mars 1983 af Ragnari Árnasyni verkfr.

Ljósrit dagsett.....

Í bréfi Ólafs Sigurðssonar til Norður- og Austuramtsins frá 16. mars 1882 er getið ráðagerðar um, að skilja þurfi Sauðárkrók frá jörðinni Sauðá sökum fjölgunar íbúðarhúsa. Í bréfinu koma fram hugleiðingar og tillögur um, hvar hentugast muni vera að reisa fleiri íbúðarhús, og er staðháttum lýst nokkuð.

Segir þar m. a. svo:

„Hvað nú Sauðárkrók sjer í lagi snertir, þá er hann mest megnis mjór malarkambur undir snarbrattri melbrekku, sem þó er nokkuð farið að nota til jarðeplaræktar. Öll miðjan á króknum er alls óbyggileg fyrir því, að malarkamburinn liggur þar fast með brekkunni, en innantil breikkar hann svo, að þar má hafa tvær húsaraðir. Eins er hann nokkuð breiðari utantil, allt út að Gönguskarðsá, en þar er djúp lægð fyrir ofan kambinn, svo þar getur eigi álitizt byggilegt nema með miklum kostnaði. Nú sýnist mjer, eins og eg gat um upphaflega, að krókurinn frá Sauðárós, og út til Gönguskarðsár, ásamt melbrekkunni upp að brú, ætti að skyljast fra jörðinni, nema kvað ábúandinn megi ætlð hafa þar fría lending og lóðarblett fyrir sjóbúð og til fiskverkunar".

Júlíus Havsteen amtmaður samþykkti tillöguna hinn 4. apríl 1882.

Með landshöfðingjabréfi 18. apríl 1883 var staðfest breyting á byggingu Sauðár, en samkvæmt því skyldi „. . . hinn svonefndi Sauðárkrókur eða strandlengjan frá Sauðárós og allt út til Gönguskarðsár og brekkurnar þar fyrir ofan og allt upp að brún, vera undanskilin byggingu jarðarinnar Sauðár. . . ."

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Skarðs í Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu frá 17. maí 1884 er merkjum jarðarinnar lýst þannig:

„Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Skarði. Að austan ræður sjávarströndin frá Leirdalslæk inn til Gönguskarðsáróss. Þaðan ræður Gönguskarðsáin, allt þar til Hraksíðuáin fellur í hana. Þaðan ræður Hraksíðuá upp til Þröskuldar. Þaðan yfir Þröskuldinn til upptaka Skarðsdalslækjar, ræður svo tjeður lækur norður til Lambár. Þaðan ræður Lambá til upptaka. Þaðan beint upp úr Lambárbotni upp á háfjall milli hans og Fagranesdals, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður háfjall suður í suðurhorn Einhyrnings, sem er hornmerki á Innstalands landi. Þaðan yfir drögin og axlarkollinn og svo niður fjallið í landamerkjagarð þann, er liggur utanvert við fyrrnefndan Leirdalslæk, sem ræður merkjum til sjávar".

Landamerkjalýsingin var samþykkt af hálfu Reynisstaðarklaustursjarðanna Innstalands og Veðramóts með áritun Ólafs Sigurðssonar umboðsmanns og þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki 6. júní 1884.

Í landamerkjaskrá fyrir jörðina Sauðá í Sauðárhreppi frá 25. maí 1885, sem undirrituð er af Ólafi Sigurðssyni umboðsmanni, er merkjum jarðarinnar lýst þannig:

„Landamerkjaskrá fyrir Sauðá. Að austan ræður sjávarströndin frá Gönguskarðsárnesi inn í Sauðárkrók. Þaðan austur til þess hornmerki það, er setja skal við sjóinn, ber í Málmeyjarkringluskarð að sjá úr miðri Garðsendavík, sem er vatnsvirkið upp við Áshildarholt. Þaðan suður í tjeða vík. Þaðan ræður garður, er liggur upp frá víkinni rétt fyrir utan Áshildardys, og síðan sama stefna upp á háfjall. Þaðan suður háfjallið suður í Molduxaskarð, þar sem vötn á tvo vegu frá renna. Þaðan niður í syðra Húsagil, þaðan í Gönguskarðsá, sem þá ræður merkjum til sjávar. . .“

Þá segir svo í landamerkjaskránni:

„Samkvæmt landshöfðingjabréfi af 18. apríl 1883, er Sauðárkrókur eða strandleggjan frá Sauðárós allt út til Gönguskarðsár og brekkan þar fyrir ofan allt upp að brún, undanskilin byggingu jarðarinnar, en þó er ábúandanum þar heimil lending og uppsátur“.

Landamerkjaskráin var samþykkt af hálfu jarðarinnar Sjávarborgar með áritum Sigvalda Blöndal og jarðarinnar Áshildarholts með áritun Jóhannesar Ólafssonar og Sigvalda Blöndal og þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki 26. janúar 1893.

Með bréfi Stjórnarráðsins til sýslmannsins í Skagafjarðarsýslu 19. apríl 1907 var hinum forna Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu skipt í tvö sveitarfélög þannig, að Sauðárkrókskauptún með jörðinni Sauðá varð hreppur út af fyrir sig og nefndist Sauðárkrókshreppur, en hinn hluti hins forna Sauðárhrepps varð hreppur út af fyrir sig og nefndist Skarðshreppur.

Með lögum nr. 57 frá 24. maí 1947 fékk Sauðárkrókskauptún kaupstaðarréttindi og varð sérstakt lögsagnarumdæmi, en verslunarlóð kaustaðarins var óbreytt.

II.

Með bréfi, sem Ólafur Lárusson, eigandi og ábúandi Skarðs í Skarðshreppi, ritaði bæjarstórn Sauðarkrókskaupstaðar hinn 12. júní 1973, fór hann þess á leit, að gerð yrðu upp landamerki milli kaupstaðarins og Skarðs á eyrum Gönguskarðsár.

Á fundi bæjarráðs Sauðárkrókskaupstaðar 14. s. m. var samþykkt að verða við tilmælunum.

Á fundi bæjarráðsins 21. s. m. skýrðu fulltrúar kaupstaðarins frá því, sem gerst hafði við vettvangsgöngu, sem fram hafði farið. Samþykki bæjarráðið að gera eiganda Skarðs tilboð um „. . . að greiða honum ákveðna upphæð, sem um kann að semjast, fyrir hugsanleg réttindi Skarðs á Eyri, þannig að landamerki verði Gönguskarðsá, eins og hún rennur nú“. Í fundargerðinni kemur fram, að eigandi Skarðs hafi tekið sér frest til að hugleiða, hvort hann væri til viðræðu um þessa aðferð við lausn málsins.

Eigi er í ljós leitt, að frekar hafi verið aðhafst í málinu, fyrr en söknar-

aðili fór þess á leit við sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetann á Sauðárkróki, að hann kallaði sóknaraðilja og fyrirsvarsmenn kaupstaðarins fyrir sig til þess að fá lausn á ágreiningi, sem risið hefði um landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar á eyrum Gönguskarðsár.

Sættir tókust eigi með aðiljum. Hefur ágreiningsmál aðiljanna verið rekið fyrir landamerkjadómi.

Dómkröfur sóknaraðiljans Ólafs Lárussonar, eiganda og ábúanda Skarðs, eru þær, að merki milli Skarðs og Sauðarkrókskaupstaðar verði ákveðin úr punkti A' við Gönguskarðsá í punkt B, þaðan í punkt B' og loks í punkt C á uppdrætti á dskj. nr. 49, sbr. einnig uppdrátt á dskj. nr. 74.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðilja.

Undir rekstri málsins gerðist Skarðshreppur meðalgönguaðili í málinu. Í kröfugerð hreppsins er tekið undir kröfur sóknaraðilja, en þess krafist til vara, að hljóti kröfulína sóknaraðilja ekki viðurkenningu sem merki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupsstaðar, þá verði kröfulína sóknaraðilja samt mörk milli Skarðshrepps og Sauðárkrókskaupstaðar, en málskostnaður falli niður.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að merki milli Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðshrepps skuli verða lína frá punkti A um punktana R og S til punktsins T á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings á dskj. nr. 68 og á loftmynd frá 1978 á dskj. nr. 69.

Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja og meðalgönguaðilja.

III.

Í málinu hafa verið lagðir fram uppdrættir og loftmyndir, og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim helstu:

Uppdráttur Hans Fisak og Hans Jakob von Scheel, sem gerður var 1815 og byggður er á mælingum á árunum 1810, 1811, 1815, gefur til kynna, að Gönguskarðsá hafi haft norðlæga stefnu síðasta spölinn til sjávar og að nes hafi verið sunnan árinnar.

Uppdráttur, sem byggður er á mælingum áhafnar „Heimdal" 1896, sýnir strandlengjuna á þessu svæði og sjávardýpi, en ekki eru sýndar hæðarlínur eða auðkenni á landi önnur en Sauðárkrókskirkja. Af uppdrættinum má ráða, að nes hafi verið þarna á svipuðum stað og á uppdrætti frá 1815.

Á uppdrætti frá Sökort Arkivet í Kaupmannahöfn frá 1912 af Sauðárkrókshöfn er sýnt sjávardýpi fyrir ströndinni á þessu svæði, og einnig er sýndur farvegur Gönguskarðsár, þar sem hún rennur til sjávar. Er þar lón nálægtr miðri eyrinni.

Á uppdrætti Sigurðar Thoroddsen yngra frá því í janúar 1929 er sýnd

strandlengjan á þessu svæði, Sauðá, Sauðárkrókskauptún og Gönguskarðsá. Er Gönguskarðsá sýnd renna þar til sjávar norðarnvert í nesi.

Á uppdrætti Jóns Víðis frá 1934 kemur fram, að áin rennur um 350 m frá sjávarmáli í tveim kvíslum, sem sameinast um 150 m frá sjávarmáli, og sveigir áin lítið eitt til suðurs, er hún rennur til sjávar. Þá er sýnt lón sunnan við árósinn.

Þá hefur verið lagður fram í málinu uppdráttur danska herforingjaráðsins frá árinu 1920 og leiðréttar útgáfur frá árunum 1934 og 1976.

Á loftmynd, sem tekin var 17. sept. 1945, kemur fram, að áin rennur í einum farvegi nokkurn spöl, eftir að þrengslunum sleppir ofan við eyrina, en hefur síðan runnið í tveim meginfarvegum, sem þó hafa kvíslast nokkuð, en þessir tveir farvegir og kvíslar hafa svo runnið í lón ofan við sjávarkambinn nyrðra hluta eyrarinnar. Úr lóninu er svo einn ós.

Á loftmynd, sem tekin var 16. október 1958, kemur fram, að áin hefur fallið í einum farvegi frá þengslunum ofan við eyrina til sjávar, en lón hefur verið til norðurs. Þá sést, að á syðsta hluta eyrarinnar hafa á þessum tíma þegar verið reistar fisktrönur og vörugeymsluhús ofar á eyrinni.

Á loftmynd, sem tekin var 9. september 1966, kemur fram, að áin hefur runnið í einum farvegi mjög svipað því sem hún rann, er loftmyndin 1958 var tekin, en nú hefur myndast lón í suðurátt ofan við sjávarkambinn til suðurs, en ósinn er á svipuðum stað og áður.

Á loftmynd, sem tekin var 13. júlí 1974, kemur fram, að áin hefur þá runnið í einum farvegi sem fyrr, en nú er ósinn nyrst á eyrinni, og lón er ofan við sjávarkambinn til suðurs.

Á loftmynd, sem var tekin 2. september 1978, virðast aðstæður vera eins og þær eru nú. Áin felur skv. myndinni í einum farvegi, og er ósinn nyrst á eyrinni, en breiðari en á síðustu loftmynd, ekkert lón er þá við ósinn.

Nokkur vitni hafa komið fyrir dóm í máli þessu, og er vætti þeirra greint hér á eftir.

Sigurþór Hjörleifsson, sem býr í Messuholti í Skarðshreppi og er varaoddviti hreppsins, hefur skýrt svo frá, að vorið 1948 hafi hafnarnefndin á Sauðárkróki komið að máli við sig og hafi Kristófer Eggertsson aðallega verið þar í fyrirsvari. Hafi hafnarnefndin beðið sig um að breyta farvegi Gönguskarðsár á eyrunum norðan hafnarinnar, en þá hafi áin runnið um eyrarnar sunnanverðar og í lón, sem hafi verið meðfram sjávarkambinum og hafi norðurendi lónsins verið um miðjar eyrarnar, en suðurendi þess skammt sunnan við Nafarhornið, þar sem vegurinn liggur nú að minnkabúinu. Hafi ós árinnar úr lóninu verið undan Nafarhorninu norðanverðu. Hafnarnefndin hafi talið vera hættu á því, að áin bryti sér farveg suður úr lóninu og inn í Sauðárkrókshöfn. Dagana 10.—15. maí 1948 hafi hann svo unnið með jarðýtu við að grafa ánni nýjan farveg nyrst á eyrinni með

stefnu úr sjávarkambi sunnan við Skarðskrók meðfram Nafarhorninu norðan eyrarinnar og beina stefnu í farveg árinnar við Klapparhornið ofan við eyrarnar. Laugardaginn 15. maí hafi hann hleypt ánni í nýja farveginn. Næstu daga hafi verið mikið hlýviðri og áin í vexti og hafi hún þá grafið farveginn, svo að eigi hafi þurft frekari aðgerðir. Frá því þetta gerðist, hafi áin lítið breytt sér að öðru leyti en því, að farvegurinn sé nú sunnar, neðst á eyrinni.

Sigurður Nordal Jóhannsson, framkvæmdastjóri Steypustöðvar Skagafjarðar h/f, kveður fyrirtækið hafa látið taka efni til steypugerðar við ósa Gönguskarðsár og sé efnismagnið allmikið. Byrjað hafi verið á þessu vorið 1978 og hafi efnið síðan verið tekið allt til þessa beggja vegna árinnar. Ólafi Lárussyni á Skarði hafi verið greitt fyrir þessa efnistöku. Ólafur hafi talið sig eiga landið, þar sem efnið var tekið. Hafi ekki verið leitað eftir leyfi Sauðárkrókskaupstaðar til töku efnisins, enda hafi ekki verið vitað um ágreining um þetta landsvæði.

Jóhann Guðjónsson, byggingafulltrúi Sauðárkrókskaupstaðar, kveður um það hafa verið rætt, að byggingarleyfi var veitt steypustöðinni, að Skarð kynni að eiga land það, sem steypustöðinni var ætlað að standa á. Ekki hafi þó verið leitað til eiganda Skarðs og ekki hafi honum verið tilkynnt um þessa ráðstöfun. Jóhann kveður deiliskipulag á eyrinni ekki fullgert. Þá kveðst hann hafa mótmælt við þáverandi bæjarstjóra, Hákon Torfason, að efni væri tekið úr landinu sunnan Gönguskarðsár neðan Eyrarhorns, af því að hann hafi talið það vera byggingaland. Hafi hann litið svo á, að bærinn ætti þetta land. Hann kveðst hafa heyrt orðað, að söknaraðili hafi fengið greitt fyrir efni, en hann hafi ekki heyrt, hvaðan það efni hafi átt að vera tekið.

Guðjón Sigurðsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Sauðárkróks, sem einnig átti sæti í hafnarnefnd, kveðst telja víst, að Sigurþór Hjörleifsson hafi breytt farvegi Gönguskarðsár eftir ósk hafnarnefndar og bæjarstjórnar, og muni hann eftir framkvæmdum þessum. Hann telur Sigurþór eigi lýsa aðstæðum rétt. Þannig hafi hagað til, að meðfram sjónum þarna hafi verið allþykkur malarkambur. Áður en ánni var breytt, hafi hún runnið verulega sunnar en nú og hafi hún breytt stefnu til suðausturs, er hún kom að malarkambinum, og svo brotið sér farveg gegnum malarkambinn nokkru sunnar. Hafi ákvörðun um að breyta farvegi árinnar stafað af ótta við framburð frá ánni, sem síðan ætti greiða leið inn á hafnarsvæðið.

Torfi Ólafsson, sonur söknaraðilja, hefur skýrt svo frá, að efni það, sem tekið var í fyrirstöðugarða við Sauðárkrókshöfn 1968, hafi verið tekið neðan Eyrarhorns á svæði, sem sé um ⅓ hluti svæðisins næst sjó, og viti hann ekki annað en að fyrir það hafi faðir sinn fengið greiðslu. Árið 1970 hafi verið tekið viðbótarmagn og hafi það verið tekið ofan Eyrarhorns aust-

an Gönguskarðsárbrúar og hafi enginn ágreiningur verið um þá efnistöku.

Hjónin Jóhanna Sölvadóttir, fædd 7. nóvember 1901, sem fluttist í svonefndan Eyrarbæ 1919, og Gísli Sigurðsson, fæddur 5. mars 1896, sem fluttist til Sauðárkróks 1920, hófu búskap í Eyrarbænum 1924 og bjuggu þar til ársins 1932. Kveðast þau muna nákvæmlega, hvernig Gönguskarðsá hagaði sér og hvernig rennsli hennar var háttað á þeim tíma, sem þau bjuggu í Eyrarbæ. Bærinn hafi staðið eiginlega þar, sem fiskvinnsluhús Kaupfélags Skagfirðinga stendur nú. Eftir að áin rann fyrir hornið fyrir ofan eyrarnar, hafi meginstraumur hennar fallið með brekkunum í norðaustur átt. Þegar áin nálgaðist Nafarhornið, hafi hún mætt malarkambinum á sjávarbakkanum meðfram ströndinni. Hafi hún þá beygt skyndilega til austurs og runnið út í gegnum malarkambinn allt að 100 m frá brekkunni, þannig að þar hafi myndast tangi, sem alltaf hafi verið þar að norðanverðu, þ. e. Skarðsmegin. Þó hafi verið dálítið mismunandi, hvar áin hafi brotist út um garðinn, og hafi það farið nokkuð eftir vatnsmagninu. Stundum hafi jakastíflur hlaðist upp innan við garðinn og valdið breytingum. Í stórflóðum hafi áin flutt mikið fram af auri og grjóti. Þá hafi gjarna getað myndast aukakvíslar, sem stundum hafi runnið í ána aftur eða brotið sér farbeg austar. Yfirleitt hafi kvíslarnar sameinast rétt við ármynnið og áin runnið til sjávar í einum farvegi. Lítill eða enginn reki hafi verið þarna á eyrinni, en ef eitthvað hafi verið, þá hafi það helst verið á tanganum fyrir norðan. Þá kveðast þau muna eftir öldubrjót, sem horfið hafi í Halaveðrinu (1925), og hafi hann staðið nokkru austar en Eyrarbærinn. Þau kveða lón hafa verið rétt við Eyrarbæinn úti við sjóinn. Hafi það verið fremur lítið um sig, en nokkuð djúpt, og hafi þar gætt flóðs og fjöru. Þykir þeim líklegt, að áin hafi einhvern tíma myndað það.

Hallgrímur Þór Ingólfsson, tæknifræðingur Sauðárkrókskaupstaðar, hefur skýrt svo frá, að frá því er hann hóf starf hjá kaupstaðnum á árinu 1974, hafi byggingarefni yfirleitt verið tekið ofan við hornið, þar sem Gönguskarðsá fellur fram á eyrarnar. Hafi aldrei verið ágreiningur um, að land það, sem efnið var tekið úr, tilheyrði Skarði. Hafi sóknaraðilja verið greitt fyrir þá efnistöku. Efni þetta hafi verið notað til uppfyllingar í fyrirstöðugarða við hafnargerðina. Hafi ekkert af efni til þessara nota verið tekið neðan hornsins, þ. e. af Eyrunum.

Krafa sóknaraðilja er byggð á því, að með samanburði á landamerkjaskrám fyrir Skarð og Sauðá komi fram, að Sauðá hafi aðeins átt land norður að Gönguskarðsárnesi. Þar hafi árósinn verið árið 1885, en þar sé nú kominn hafnargarður. Sé ljóst af landamerkjaskránum, að þá hafi áin runnið meðfram Nöfunum og fram í sjó innanvert, sunnan við nesið, sem Sauðárkrókshöfn er væntanlega mynduð við. Sé þessa getið í Sögu Sauðárkróks, bls. 41, en þar segir, að áin hafi „runnið í Sauðárkrókinn". Sjáist


þessi farvegur greinilega á loftmyndum frá 1961 og öðrum loftmyndum. Gönguskarðsárnes, sem sé stuttur eyraroddi sunnan árinnar, hafi myndast af framburði árinnar, sem hljóti að hafa runnið til sjávar á því svæði. Heimildir séu fyrir því, að stórsjóir og stórviðri hafi rutt upp sandi og möl og myndað rif fyrir framan eyrina, svo sem orðið hafi 6. október 1846, sbr. áður tilvitnað rit, bls. 44. Hafi þá um leið myndast lón bak við malarkambinn og hafi áin þá runnið út í Sauðárkrók, svo sem fram komi á ljósmynd, sem tekin hafi verið um aldamótin og birt sé í framangreindu riti, bls. 96. Af ljósmynd þessari sjáist, hvernig þá hafi verið umhorfs á landsvæði því, sem fjallað er um í málinu. Eftir myndinni að dæma virðist áin hafa rutt sig gegnum rifið og hafi þá myndast tjörn við Nafarhornið, svonefnd Eyrartjörn, sem roskið fólk muni eftir. Breyting þessi hafi örugglega orðið eftir 1885 og taki landamerkjaskrá Sauðár af öll tvímæli um þetta, sbr. ummælin „brekkan þar fyrir ofan", þar sem áin hafi runnið meðfram Nöfunum og „út í Sauðárkrókinn". Muni Eyrartjörnin vera leifar hins forna Gönguskarðsáróss. Því er haldið fram, að á varnaraðilja hvíli sönnunarbyrði um, að áin hafi á árunum 1884 og 1885 verið hætt að renna meðfram Nafarhorninu og brekkunum þar fyrir ofan, en það hafi varnaraðilja ekki tekist að sanna. Er því haldið fram, að Gönguskarðsárnes tilheyri með réttu Skarði, þar sem Sauðá hafi aðeins átt land að nesinu, svo sem fram komi í landamerkjaskrá jarðarinnar. Þótt sóknaraðili hafi ekki gert kröfu til alls þess lands, þá sé það allsendis umfram skyldu. Því er haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að nægar heimildir séu fyrir því, að Gönguskarðsáreyrar hafi almennt verið taldar tilheyra Skarði allt fram á þennan dag. Það komi fram í tillögu þeirri, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hafi samþykkt til að leiða ágreining aðiljanna til lykta, ótvíræð viðurkennin á því, að núverandi farvegur árinnar sé ekki rétt landamerki. Þá sé viðurkennt, enda á almannavitorði, að sóknaraðili hafi selt möl og fyllingarefni af eyrunum. Hafi varnaraðili meðal annarra keypt efni þaðan af sóknaraðilja. Af hálfu varnaraðilja hafi aldrei verið hreyft athugasemdum við þessari efnistöku sóknaraðilja. Einnig hafi flestir þeir, sem reist hafi hús og önnur mannvirki á Gönguskarðsáreyrum, leitað leyfis sóknaraðilja. Þá hafi sóknaraðili ætíð hirt allan reka fyrir Gönguskarðsáreyrum.

Af hálfu sóknaraðilja er því sérstaklega mótmælt, að varnaraðili hafi unnið hefð á landsvæði því, sem deilt er um í þessu máli, milli kröfulína aðilja. Er bent á í því sambandi, að farvegi Gönguskarðsár hafi verið breytt að tilhlutan Sauðárkrókskaupstaðar og sé því þegar af þeirri ástæðu brostinn grundvöllur fyrir hefðarhaldi varnaraðilja.

Af hálfu meðalgönguaðilja er tekið undir rökstuðning fyrir kröfu sóknaraðilja. Auk þess er því haldið fram, að þótt svo verði litið á, að sóknaraðili hafi með einhverjum hætti látið hið umdeilda landsvæði ganga undan jörð

sinni, þá bindi það Skarðshrepp að engu leyti og geti ekki breytt hreppamörkum, sem séu eftir sem áður kröfulína sóknaraðilja. Hreppamörk þurfi ekki alltaf að fara eftir landamerkjum jarða í hreppnum. Sé ekki um það að ræða, að mörk Skarðshrepps gagnvart Sauðárkrókskaupstað hafi verið breytt.

Kröfur varnaraðilja, Sauðárkrókskaupstaðar, eru byggðar á því, að samkvæmt landamerkjaskrám Skarðs og Sauðár og síðari heimildum sé ljóst, að Gönguskarðsá ráði merkjum milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar. Elsta heimildin um, hvernig áin hafi runnið áður fyrr sé ljósmynd sú, sem tekin hafi verið um síðustu aldamót. Verði eigi annað séð af þeirri mynd en að meginvatnsmagn árinnar hafi runnið við brekkurnar að norðanverðu. Ljósmynd, sem tekin hafi verið árið 1937, sé tekin miklu sunnar og sýni Sauðárkróksbæ. Hafi hún enga þýðingu í málinu. Er því haldið fram, að það eigi sér enga stoð, að Gönguskarðsá hafi brotið sér farveg út í sjálfan Sauðárkrók, svo sem haldið sé fram af hálfu sóknaraðilja. Sýni fornar heimildir, að Gönguskarðsá hafi ekki runnið út í Sauðárkrók. Sé og ljóst af umræðum á Alþingi 1847, að Gönguskarðsá sé ekki í neinum tengslum við Sauðárkrók. Þá er því haldið fram, að sóknaraðili dragi rangar ályktanir af orðalaginu „brekkan þar fyrir ofan" í heimildum um land það, sem lagt var undir Sauðárkrókskauptún. Með orðalagi þessu sé verið að leggja áherslu á brekkuna fyrir ofan landsvæðið, sem hafi verið skilið undan jörðinni Sauðá. Krafa varnaraðilja sé fyllilega í samræmi við þetta orðalag, jafnvel þótt lengra væri að sækja til brekkunnar nyrst við Gönguskarðsárós en fyrir ofan sjálfan Sauðárkrók. Sýni heimildir, að kaupstaðnum hafi verið ætlaður byggingarstaður alla leið að Gönguskarðsá og þá að sjálfsögðu að eyrinni sjálfri. Þetta hljóti eiganda Skarðs og fyrirsvarsmönnum Skarðshrepps að vera ljóst. Hnígi allar heimildir að því, að farvegur Gönguskarðsár neðst hafi verið meðfram brekkunum Skarðsmegin árinnar, eins og hann er nú. Landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar og mörk Skarðshrepps séu því um miðjan árfarveginn. Ekki sé til nein regla að íslenskum lögum, sem mæli fyrir um, að merkin færist úr þeim farvegi, þótt áin hafi borið með sér grjót og aur í stórflóðum eftir kvíslum um eyrarnar sunnan farvegarins. Samkvæmt þessu sé ljóst, að Skarð eigi ekkert þurrlendi sunnan Gönguskarðsár, eins og hún rennur nú og sannað sé, að hún hafi runnið undanfarin 23 ár. Allan þann tíma hafi Sauðárkrókskaupstaður farið með eyrina sem sína eign. Hafi kaupstaðurinn látið gera skipulagsuppdrátt af eyrinni og nú deiliskipulag. Hann hafi um árabil ráðstafað lóðum á eyrinni undir ýmisleg hús og önnur mannvirki. Hvað sem öðru líður, sé það vafalaust, að Sauðárkrókskaupstaður hafi unnið eignarhefð á eyrinni sunnan núverandi farvegar Gönguskarðsár. Að því er varðar aðild og kröfur meðalgönguaðilja er því haldið fram, að


Mkl. 80. Lagt fram í
Landamerkjanefnd Sauð-
árkróks 17. janúar 1981.
Gönguskarðsá
Y. 8100
X. 9900
Minkabú
Steypustöð
Olíug.
Olíug.
Skagavegur (nýr)
Skagavegur (gamli)
Gróðrarstöð KS
Frystih.
Mjöl
Síldarhús
Frystih.
Síldarh.
A'
B
B'
C
R
S
T
X
N
Eyrin við Sauðárkrók
A'BB'C —·— Krötulína sækjanda
A'RST —··— Krötulína verjanda
A'X ——— Dómlína
Uppdráttur af lóðfjöðsmynd. M 1:2000
Myndin er tekin á árunum '74-78
Hnitakerfi Sauðárkróks er kerfi sem
af kortaverkstæði hf, teikn 1980
Hnit á punktunum A' og X í þessu
kerfi eru:
X-hnit Y-hnit
A': 10147 7995
X: 10337 8427
Gönguskarðsáróss
eins og hann er á
lóðfjöðsmynd frá
17. sept. 1945
Sauðárkróki í jan 1981
Jónas Snæbjörnsson verkfr.

hreppamörkin nái ekki út fyrir landamerki jarðarinnar Skarðs á svæði því, sem fjallað er um í málinu. Hafi Skarðshreppur hvergi komið við sögu mála á eyrum Gönguskarðsár fyrr en nú með meðalgöngu í máli þessu. Húsbyggjendur á þessu svæði hafi alla tíð greitt fasteignagjöld til Sauðárkrókskaupstaðar. Skarðshreppur hafi aldrei hreyft athugasemdum við skipulagsaðgerðir Sauðárkrókskaupstaðar á svæðinu. Sé því ljóst, að Skarðshreppur eigi engin umráð á þessu svæði. Sé augljóst, að mörk hans þarna falli saman við landamerki Skarðs samkvæmt kröfugerð varnaraðilja.

Álit dómsins.

Leggja ber til grundvallar í máli þessu, að landamerkjaskrárnar fyrir Sauðá frá 1884 og fyrir Skarð frá 1885 séu heimildir um landamerkin milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar. Í landamerkjaskrá Sauðár var hluti af landi jarðarinnar undanskilinn byggingu hennar til notkunar fyrir verslunarlóð kauptúns þar. Var hér um að ræða nyrsta hluta lands jarðarinnar, sem var meðfram strödninni og upp frá henni og lá að landi Skarðs. Ekki hefur komið fram, að breyting hafi orðið á stærð landsvæðis þess, sem þarna var langt undir Sauðárkrókskauptún, er síðan öðlaðist kaupstaðarréttindi. Verður því lagt til grundvallar í málinu, að landamerki þau, er fram koma í fyrrgreindum landamerkjaskrám þarna milli Sauðár og Skarðs, séu nú landamerki milli Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðs.

Af lýsingum landamerkjaskránna er ljóst, að Gönguskarðsá er ætlað að ráða merkjum á eyrunum til sjávar, þótt lýsing merkjanna í landamerkjaskrá Sauðár hefjist á Gönguskarðsárnesi.

Af uppdráttum frá 19. öld, sem lagðir hafa verið fram málinu, verður ekki ráðið með nákvæmni, hvar Gönguskarðsárnes hefur verið. Er rétt, að hér komi fram, að um 500 m eru til sjávar, þaðan sem áin brýst fram úr þrengslum niður á eyrarnar, og um 450 m eru milli nafanna sunnan og norðan eyranna.

Af ljósmynd, sem lögð hefur verið fram í málinu og ágreiningslaust er, að tekin hefur verið um sl. aldamót, má ráða, að efst á eyrinni hefur áin runnið nærri bakkanum að norðanverðu, en þó líklega nokkru sunnar en hún rennur nú, en síðan hefur hún sveigt lítið eitt til suðurs, auk þess sem kvíslar hafa runnið um eyrina til suðurs. Síðan hefur meginvatnsmagn árinnar og kvíslanna runnið í lón frammi við sjávarkambinn og gegnum kambinn til sjávar. Rennsli árinnar, eins og það kemur fram á þessari mynd, virðist vera líkt því, sem fram kemur á loftmynd, sem tekin var 17. september 1945. Virðist þá ekki hafa verið raskað rennsli árinnar með fyrirhleðslum eða á annan hátt, svo sem síðar varð. Einnig er á það að líta, að síðar var Gönguskarðsá virkjuð, og var orkuverið tekið í notkun

8. desember 1949. Fór þá verulegur hluti af vatnsmagni árinnar til virkjunarinnar, en frárennslið frá orkuverinu fellur ekki í ána aftur.

Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, þykir mega leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að varanlegt rennsli Gönguskarðsár á árunum 1884 og 1885 hafi, eftir því sem næst verður komist, verið svipað því, sem fram kemur á loftmyndinni frá 1945, þótt áin hafi í vatnavöxtum runnið vítt og breitt um eyrarnar. Af loftmyndum þeim, sem teknar voru síðar, þykir mega ráða, að breytingar hafi orðið á rennsli árinnar vegna ýmiss konar mannvirkjagerðar, efnistöku og af öðrum ástæðum og hafi farvegur árinnar neðst og ós hennar færst norðar. Verður að telja fram komið, að breyting þessi hafi orðið með þeim hætti, að Sauðárkrókskaupstaður geti ekki byggt á því, að hann hafi unnið eignarhefð á landi því, sem verður norðan við línu þá, sem dregin verður sem landamerki samkvæmt framangreindum sjónarmiðum.

Það er ekkert komið fram um, að mörk Skarðshrepps gagnvart Sauðárkrókskaupstað hafi verið ákveðin á annan veg en þann, að þau féllu saman við landamerki Skarðs, þar eð sú jörð innan marka hreppsins ætti land að mörkum kaupstaðarins á þessu svæði. Er því ekki grundvöllur til að kveða á um hreppamörkin með öðrum hætti en þeim, að þau séu hin sömu og landamerki Skarðs verða ákveðin gagnvart Sauðárkrókskaupstað í þessu máli. Af hálfu hreppsins hafa ekki verið færð nein viðhlítandi rök fyrir því, að hreppamörkin verði dregin sunnar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar ákveðin bein lína úr punkti A^1 í farvegi Gönguskarðsár efst á eyrunum um punkt X, er telja verður, að sé sem næst þeim stað, þar sem árósinn var samkvæmt loftmyndinni frá 1945. Eru þetta einnig mörk Skarðshrepps gagnvart Sauðárkrókskaupstað á þessu svæði. Lína þessi er mörkuð á uppdrátt Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings á dskj. nr. 80. Uppdrátturinn er hluti af dómi í máli þessu.

Samkvæmt framangreindum úrslitum verður varnaraðilja, Sauðárkrókskaupstað, gert að greiða sóknaraðilja nýkrónur 18.000.00 í málskostnað. Rétt þykir, að málskostnaður í meðalgöngusök falli niður.

Jóhann Salberg Guðmundsson bæjarfógeti og meðdómsmennirnir Guðmundur Jónsson borgardómari og Árni Jónasson erindreki kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar á Gönguskarðsáreyrum skulu vera bein lína úr punkti A^1 um punkt X samkvæmt uppdrætti Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings á dskj. nr. 80.

Skal lína þessi einnig vera mörk milli Skarðshrepps og Sauðárkrókskaupstaðar.

Varnaraðili, Sauðárkrókakaupstaður, greiði sóknaraðilja Ólafi Lárussyni nýkrónur 18.000.00 í málskostnað.

Málskostnaður í meðalg.ngusök milli sóknaraðilja, Skarðshrepps og varnaraðilja fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. mars 1983.

Nr. 34/1981. **Borgarstjórinn í Reykjavík**
f. h. borgarsjóðs
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
dánarbúi Valdimars Þórðarssonar og
Þorkeli Valdimarssyni
og gagnsök
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1981. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 27. maí 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 19. maí 1981. Þeir krefjast þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 25.388.340.00 krónur (nýkr.), til vara 15.914.

000.00 krónur (nýkr.), en til þrautavara 12.266.810.00 krónur (nýkr.). Í öllum tilvikum krefjast þeir dómvaxta frá 20. maí 1980 til greiðsludags af kröfufjárhæðum og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Valdimar Þórðarson, sem var annar stefnenda í héraði, andaðist hinn 1. júlí 1981. Hafa börn hans, Sigríður, Sigurður og gagnáfrýjandinn Þorkell, fengið bú hans framselt til einkaskipta. Hefur dánarbúið tekið við málsaðild hans fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, reisa gagnáfrýjendur málssókn sína á því að yfirvöld Reykjavíkurborgar hafi komið í veg fyrir eðlilega nýtingu lóðarinnar Aðalstrætis 8 með því að láta ekki gera séruppdrátt af byggingasvæði því, er Aðalstræti 8 telst til. Hafi eigendum því eigi verið unnt að hefjast handa um að reisa á lóðinni nýtt og stærra hús í stað þess, er þar stendur nú. Enn fremur hafi stjórnvöld Reykjavíkurborgar frá ársbyrjun 1978 látið að því liggja, að þau vilji, að hið gamla hús verði friðað. Þau hafi þó enga ákvörðun tekið um það enn sem komið er, en þó eigi fengist til að veita gagnáfrýjanda Þorkeli leyfi til að rífa húsið, þó að hann hafi um það sótt. Telja gagnáfrýjendur sig af greindum ástæðum hafa orðið fyrir tjóni, sem aðaláfrýjanda beri að bæta þeim.

Gagnáfrýjendur skírskota um lagagrundvöll fébótaréttar síns til almennra skaðabótareglna og til meginreglna í 19. gr., 25. gr. og 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 svo og til 35. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969 að því er sérstaklega varðar synjun á leyfi til niðurrifs hússins.

II.

Gagnáfrýjendur sundurliðuðu dómkröfur sínar fyrir héraðsdómi í greinargerð sinni í framhaldsök. Sú greinargerð er tekin upp í hinn áfrýjaða dóm. Fyrir Hæstarétti hafa þeir lækkað 3. lið aðalkröfu sinnar og þrautavarakröfu um 13.460.00 krónur (nýkr.). Að öðru leyti eru dómkröfur þeirra óbreyttar frá kröfugerð fyrir héraðsdómi, og er sundurliðun krafnanna hin sama og þá. Framangreind lækkun 3. kröfuliðar, sem í felst krafa um endurgreiðslu skatta, er sögð stafa af því, að fasteignaskattar vegna Aðalstrætis 8 á árun-

um 1977—1980 hafi verið lækkaðir sem nemur umræddri fjárhæð vegna lækkunar fasteignamats lóðar.

III.

Samkvæmt sundurliðun gagnáfrýjenda á dómkröfunum er það tjón, er þeir krefjast, að bætt verði, fólgið í tekjutapi þeirra vegna missis arðs af fasteigninni Aðalstræti 8, of háum skattgreiðslum af þeirri eign, vaxtatapi vegna greiddra skatta og tapi vegna hækkunar á byggingarkostnaði húss, sem reist kynni að verða á lóðinni. Er um þetta í meginatriðum miðað við tímabilið frá 1. janúar 1970 til 30. júní 1980.

Arðmissi sinn reikna gagnáfrýjendur vera 10% á ári af fasteignamatsverði lóðarinnar, eins og það er talið hafa verið í lok greinds tímabils, svo og 10% á ári af sennilegu verði húss af tiltekinni stærð, sem leyfa hefði átt að reisa á lóðinni, eins og það hús hefði væntanlega verið metið til brunabóta á sama tíma. Krafa vegna greiddra skatta á tímabilinu er sundurliðuð eftir árum og tekur til fasteignaskatts, vatnsskatts, eignarskatts og sérstaks skatts af verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Aðrir liðir dómkröfunnar eru ekki sundurliðaðir eftir árum.

IV.

Fasteignin Aðalstræti 8 var í eigu þriggja aðilja, hvers á eftir öðrum, á þeim tíma, sem dómkröfurnar taka til. Fyrst átti hana fyrirtækið Silli & Valdi, sem var sameign Sigurliða Kristjánssonar, en síðar ekkju hans, Helgu Jónsdóttur, og gagnáfrýjandans Valdimars Þórðarssonar. Við helmingaskipti fasteigna þess fyrirtækis 31. ágúst 1977 varð hinn síðarnefndi einn eigandi fasteignarinnar um tíma, en afhenti hana síðan gagnáfrýjandanum Þorkeli sem fyrirframgreiddan arf 11. október 1977.

Ef réttar reyndust þær fébótakröfur, sem málssókn þessi tekur til, hefðu þær stofnast til handa þeim þremur aðiljum, er á hverjum tíma voru eigendur Aðalstrætis 8. Væri þá um að ræða sjálfstæðar kröfur hvers þeirra, er sá aðili kynni að geta heimt, en síðari eigendur fasteignarinnar því aðeins, að þeir hefðu eignast kröfu fyrirrennara síns fyrir framsal eða á annan löglegan hátt.

Ekkert er komið fram um, að Valdimar Þórðarson hafi við helmingaskipti fyrirtækisins Silla & Valda eignast einn fébótakröfur, er

það hafi talið sig eiga á hendur aðaláfrýjanda. Ekkert er heldur komið fram um það, að fébótakröfur Valdimars, ef þeim væri til að dreifa, hafi gagnáfrýjandinn Þorkell átt að eignast með honum eða einn, er hann fékk Aðalstræti 8 sem fyrirframgreiddan arf. Enn síður verður séð, að nokkur fébótaskylda hafi getað stofnast fyrir aðaláfrýjanda gagnvart Valdimar Þórðarsyni, eftir að Aðalstræti 8 var hætt að vera hans eign. Tæmandi grein hefur ekki verið gerð fyrir því í málflutningi, hversu mikill hluti fébótakröfunnar stafar frá eignartíma hvers framangreindra eigenda Aðalstrætis 8 um sig. Slík sundurliðun dómkröfunnar er ekki gerleg til neinnar hlítar eftir málsgögnum. Málsástæður þær, sem á er byggt í málinu, eru og að nokkru ólíkar að því er varðar eignartíma hvors gagnáfrýjanda um sig. Þannig er því ekki haldið fram, að öðrum eigendum Aðalstrætis 8 en gagnáfrýjanda Þorkeli hafi verið synjað um leyfi til að rífa hið gamla hús eða þeir yfirleitt þurft samþykki aðaláfrýjanda til þess.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að málið sé svo vanreifað, að dómur verði ekki á það lagður í því horfi, sem það hefur verið lagt fyrir dómstóla. Verður hinn áfrýjaði dómur því ómerktur og málinu sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerktur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1981.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 27. júní 1979, af Valdimar Þórðarssyni kaupmanni, Freyjugötu 46, og Þorkeli Valdimarssyni framkvæmdastjóra, Bergþórugötu 23, báðum hér í borg, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 721.000.000 með 30% ársvöxtum frá 27. júní 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Með framhaldsstefnu, birtri 19. maí 1980, hafa stefnendur hækkað kröfur sínar, og eru kröfur þeirra nú þær *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 2.540.180.000 með dómvöxtum frá 20. maí 1980 til greiðsludags. *Til vara*, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 1.591. 400.000 með dómvöxtum frá 20. maí 1980 til greiðsludags, og *til þrautavara* er sú krafa gerð, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum kr. 1.228.027.000 með dómvöxtum frá 20. maí 1980 til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi eftir mati dómsins.

Samkomulag er með aðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta ásamt meðdómendunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Ragnari Ingimarssyni prófessor.

II.

Í frumstefnu, sem er dagsett 22. júní 1979, segir m. a.:

„Hinn 23. febrúar 1944 fóru eigendur lóðanna nr. 8—16 við Aðalstræti fram á það við borgarráð, að borgaryfirvöld gengju frá framtíðarskipulagi við Aðalstræti og í Grjótaþorpi. Beiðni þessi var ítrekuð margsinnis munnleg við forráðamenn Reykjavíkurborgar. Vegna framkominna tillagna um skipulag á svæði þessu rituðu lóðareigendur skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar bréf hinn 31. janúar 1967, þar sem þeir mótmæltu þeirri skerðingu, er skipulagstillagan gerði ráð fyrir um byggingar á lóðunum.

Í bréfi dags., 26/4 1972, eru óskir þessar enn ítrekaðar.

Ekki fengu lóðareigendur svar við þessum óskum sínum, og var ljóst, að fjárhagslegt tjón þeirra hefur vaxið mjög eftir því sem tímar hafa liðið. Er það einkum af tveimur orsökum:

Í fyrsta lagi hafa fasteignagjöld af lóðum og mannvirkjum stórhækkað á undanförnum árum, og í öðru lagi hefur verið stöðugt erfiðara og kostnaðarsamara að halda við hinum gömlu húsum á lóðunum, m. a. vegna aukinna krafna opinberra aðila. Þannig hefur eldvarnareftirlitið gert auknar kröfur og m. a. mælst til þess, að hluti hússins Aðalstræti 8, sem stefnt er út af í máli þessu, verði ekki nýttur nema að verulega kostnaðarsamar endurbætur eigi sér stað.

Það hefur því verið lóðarhöfum ákaflega nauðsynlegt að geta byggt nýtt hús á lóðinni Aðalstræti 8, sem er eini möguleikinn til að mannvirki á lóðinni og lóðin sjálf gefi af sér viðhlítandi arð.

Á sama tíma og ekkert svar hefur borist við óskum lóðarhafa hafa risið

stórhýsi í næsta nágrenni, t. d. á lóðinni Aðalstræti 6, Aðalstræti 9, og bygging Pósts- og síma. Þá hafa umræður um friðun Grjótaþorpsins enn aukið óvissu lóðarhafa um framtíð þessarar eignar, en ákveðið svar við, hvort húsið á lóðinni verði friðað, hefur ekki fengist.

Frá því bréfaskipti lóðarhafa við borgaryfirvöld hófust, hafa átt sér stað eigendaskipti á lóðinni. Við skipti á sameignarfélaginu Silli og Valdi fékk annar stefnenda, Valdimar Þórðarson, annar eigenda sameignarfélagsins, lóðina í sinn hlut ásamt þeim réttindum, er henni fylgja, og afhenti hann hana syni sínum, Þorkeli. Eru þeir báðir stefnendur í máli þessu. Auk framangreindra bréfa hefur Þorkell ritað borgaryfirvöldum mörg bréf varðandi mál þetta.

Kröfufjárhæðin er þannig fengin:

1) Á árunum 1951—1955 var heimiluð bygging á 5.461.4 fermetra húsi á lóðinni nr. 6 við Aðalstræti, sem eftir sameiningu við lóðina nr. 6B var 959.23 fermetrar. Telja stefnendur, að þeim hafi borið sami réttur til byggingar á sinni lóð, þ. e. að byggja á lóðinni nr. 8, sem er 704.1 fermetrar, hús 4.013 fermetra að stærð. Miðað við hús þetta og leigu í húsinu Austurstræti 17 hefðu brúttótekjur orðið sem hér segir í samanburði við rauntekjur hússins að Aðalstræti 6 árin 1970—1979:

	Rauntekjur	*Reiknaðar tekjur*	*Mismunur*
Árið 1978	3.281.360	5.417.550	2.136.190
Árið 1977	2.626.666	3.611.700	985.034
Árið 1976	1.883.011	2.889.360	1.006.349
Árið 1975	935.382	1.709.538	774.156
Árið 1974	791.802	1.151.731	359.929
Árið 1973	627.200	1.055.419	428.219
Árið 1972	541.000	858.782	317.782
Árið 1971	409.500	858.782	449.282
Árið 1970	572.750	858.782	286.032

Af þessum tölum má sjá, að tekjutap lóðarhafa hefur ekki verið lægra en 2 milljónir á ári miðað við núverandi verðlag, og hefur það staðið allt frá ársbyrjun 1958. Nemur tekjutapið í heild a. m. k. 43 milljónum.

2) Neitun borgaryfirvalda á því, að lóðarhöfum sé heimilt að byggja, eins og heimilt var á lóðinni Aðalstræti 6, hefur valdið því, að þeir hafa orðið fyrir stórkostlegu fjárhagslegu tóni sökum hækkunar á byggingar-

kostnaði. Miðað við vísitöluhúsið, sem talið er samtals 442.25 fermetrar og 1205 m³, hefur byggingarkostnaður frá 1958 hækkað úr kr. 1.089.68 per. rúmmetra í kr. 51.611. Miðað við 13.423³ á lóðinni Aðalstræti 8, sem er sama hlutfallsverð og húsið Aðalstræti 6, hefur tjón lóðareiganda miðað við byggingu slíks húss á árinu 1958 orðið a. m. k. 678 millj. króna."

Í framhaldsstefnu er m. a. fram tekið:

„*Málavextir* eru þeir, að eins og rakið er í stefnu í aðalsök, hefur allt frá árinu 1944 verið leitað eftir leyfi til byggingar á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti, en án árangurs, þó að á tímabilinu hafi verið veitt byggingarleyfi fyrir stórhýsi á lóðunum Aðalstræti 6, Aðalstræti 9 og lóð Pósts og síma við Austurvöll. Virðast einkum tvö atriði hafa verið því til fyrirstöðu, að leyfi fengist til að byggja á lóðinni. Fyrra atriðið er, að borgaryfirvöld hafa ekki getað tekið ákvörðun um, hvers konar byggð skuli rísa á svæðinu, sbr. dómskjal nr. 47, bls. 18, þar sem segir: „Hugmyndin um breytingar á svæðinu hafa verið uppi allt frá 1927 án þess að komast í framkvæmd. Þess vegna hafa nýbyggingar ekki verið reistar á einstökum lóðum og mörg gömlu húsanna því fengið að standa." Síðara atriðið er, að á síðustu árum hefur vaknað hreyfing um varðveislu og friðun eldri húsa, og virðast borgaryfirvöld hafa verulegan áhuga á að friða það hús, sem á lóðnni er. Af framangreindum ástæðum virðast borgaryfirvöld hvorki hafa viljað heimila niðurrif hússins á lóðinni eða veita leyfi til byggingar nýs húss á henni.

Eins og sjá má af lýsingu hússins á lóðinni í dómskj. nr. 47, má öllum vera ljóst, að slíkt hús getur á engan hátt talist eðlileg nýting á lóðinni, sem er ein af verðmætustu lóðum í Reykjavík, enda hefur fasteignin orðið fjárhagslegur baggi á eigendum þess, sérstaklega seinni árin, eftir að fasteignagjöld og eignarskattar stórhækkuðu. Með byggingu nýs húss á lóðinni hefði hins vegar átt að vera unnt að hafa arð af fasteigninni, en borgaryfirvöld hafa komið í veg fyrir, að slíkt væri unnt, með aðgerðarleysi sínu.

Telja stefnendur, að stefnda beri að bæta þeim tjón þeirra, sem sundurliðast þannig:

1. Aðalkrafa:		
Bætur fyrir misstan arð 10% af fasteignamatsverði lóðar og reiknuðu brunabótamati húss, sem gerði sömu nýtingu og mat pr. m³ og hús á lóðinni Aðalstræti 6	kr.	1.717.800.00
Endurkrafa á sköttum af eigninni	—	14.806.000
Almennir sparisjóðsvextir af greiddum sköttum .	—	3.674.000
Bætur vegna hækkunar byggingarkostnaðar	—	803.900.000
	kr.	2.540.180.000

2. Varakrafa:

Bætur fyrir misstar leigutekjur miðað við nýtingarhlutfall 6,3 á lóðinni og meðalleigu að Austurstræti 17	kr.	787.500.000
Bætur vegna hækkunar byggingarkostnaðar	—	803.900.000
	kr.	1.591.400.000

3. Þrautavarakrafa:

Bætur vegna missts arðs 10% af fasteignamati lóðar og brunabótamats húss	kr.	405.647.000
Endurkrafa á sköttum af eigninni	—	14.806.000
Almennir sparisjóðsvextir af greiddum sköttum .	—	3.674.000
Bætur vegna hækkunar byggingarkostnaðar	—	803.900.000
	kr.	1.228.027.000“

III.

Lögmaður stefnenda hefur í greinargerð sinni í framhaldssök, sem er dagsett 5. maí 1980, rökstutt kröfur stefnenda, svo sem þær nú koma fram í framhaldsstefnunni, á þennan hátt:

„1. Samkvæmt heimild í 34. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 41/1972, hefur Reykjavíkurborg sjálf annast gerð skipulagsuppdrátta fyrir Reykjavík. Af þeim sökum ber borgaryfirvöldum að sjá til þess, að fullnægt sé skilyrðum skipulagslaganna. Þrátt fyrir að 16 ár séu liðin frá því skipulagslögin voru sett og um 13 ár frá því aðalskipulag fyrir Reykjavík var staðfest, hafa borgaryfirvöld enn ekki fullnægt þeirri skyldu að gera séruppdrátt að svæði því, sem Aðalstræti 8 tilheyrir, sbr. 11. gr. skipulagslaga. Skal í því sambandi benda á þá fresti, sem skipulagsyfirvöldum er gefinn í 10. og 12. gr. laganna varðandi svæði, sem heimilt er að fresta skipulaginu á, en engin formleg frestun hefur verið ákveðin um skipulagningu framangreinds svæðis og ætti því séruppdráttur að liggja frammmi fyrir löngu.

Af bréfi skipulagsnefndar, dags. 22. febrúar 1980, sem fylgir bréfi borgarráðs (dómsskj. nr. 59), er fyrirspurn um byggingu á lóðinni miðað við skipulagsuppdrátt frá 5. ágúst 1949 svaraði neitandi og bent á, að heimiluð nýting samkvæmt aðalskipulagi, nýtingarhlutfallið 2, sé miðað við heildina, en ekki hverja lóð um sig. Verður þetta ekki skilið á annan veg en svo, að hin mikla nýting á lóðinni Aðalstræti 6, en nýtingarhlutfall hennar er 6,3, leiði til þess, að ekkert eða mjög óverulegt byggingarmagn verði leyft á lóðinni Aðalstræti 8 í framtíðinni. Þetta hefur borgaryfirvöldum verið ljóst lengi og hafa því gerst sek

um valdníðslu með því að fresta stöðugt ákvörðun skipulags á svæðinu, sem hlyti að hafa í för með sér eignarnámsbætur til handa eiganda lóðarinnar skv. 29. gr. laga nr. 19/1964. Afleiðing þessarar valdníðslu eða aðgerðarleysis borgaryfirvalda hlýtur að vera sú, að Reykjavíkurborg sé skylt að bæta eigendum fasteignarinnar það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir og verða fyrir, skv. almennum skaðabótareglum og þeim meginreglum, er fram koma í 19. gr., 25. gr. og 29. gr. laga nr. 19/1964. Þó að atferli stefnda jafnist á við eignarnámstöku lóðarinnar að mati stefnenda, er ekki gerð krafa um bætur, sem jafngiltu eignarnámi, þar sem gerð er krafa um bætur fyrir liðinn tíma, og núverandi eigandi fasteignarinnar hefur hug á að nýta lóðina til byggingar. Hann áskilur sér hins vegar rétt til að gera þá kröfu síðar, ef skipulag svæðisins dregst enn. Jafnafrmat er áskilinn réttur til bóta, ef talið verður, að skerðing nýtingarhlutfalls á lóðinni, miðað við nýtingu Aðalstrætis 6, hafi í för með sér verðrýrnun lóðarinnar.

2. Frá ársbyrjun 1978 hafa borgaryfirvöld látið að því liggja, að þau vilji, að hús það, sem stendur á lóðinni Aðalstræti 8, verði friðað. Hins vegar hefur engin ákvörðun um það verið tekin og niðurrifi hússins verið synjað. Eigandi hússins, þ. e. stefnandi Þorkell, hefur ekki viljað ganga gegn vilja borgaryfirvalda í þessu efni, en óskað svars við því, þar sem óbreytt ástand skaðar hann stórkostlega. Virðist frestun borgaryfirvalda ekki skilin á annan veg en svo, að borgaryfirvöld vilji koma í veg fyrir það sem lengst, að Reykjavíkurborg þurfi að kaupa eignina, sbr. 35. gr. laga nr. 52/1969. Hlýtur Reykjavíkurborg af þessum sökum að verða að bæta eiganda eignarinnar það tjón, sem hann verður fyrir vegna þessa vísvitnadi aðgerðarleysis, skv. almennum skaðabótareglum.
3. Eins og rakið hefur verið undir 1 og 2, hafa borgaryfirvöld með því að koma í veg fyrir eðlilega nýtingu lóðarinnar Aðalstræti 8 skaðað stefnendur stórkostlega. Bótakrafa þeirra byggist á eftirgreindum forsendum.
   a. Aðalkrafa: Samkvæmt upplýsingum úr fasteignamati ríkisins, sbr. dómskj. nr. 44, hefur lóðareiganda Aðalstrætis 6 verið leyft á árunum 1951—1955 að byggja á lóðinni, sem er 950 m², 5.999 m² hús, sem þýðir nýtingarhlutfall 6,3. Lóðin Aðalstræti 8 er 696 m² að stærð, sbr. dómskj. nr. 45, og miðað við sömu nýtingu lóðar og lóðarinnar Aðalstræti 6 hefðu borgaryfirvöld átt að heimila byggingu á 4.384.8 fermetra húsi á lóðinni Aðalstræti 8. Telja stefnendur, að slíkt hús hefði verið byggt strax og leyfi hefði verið veitt, t. d. á árunum 1951—1955, þegar byggt var á lóðinni Aðalstræti 6, en að minnsta kosti hefðu borgaryfirvöld átt að geta sagt til um

leyfilega byggingu á lóðinni það skömmu eftir að aðalskipulagið var samþykkt af borgarstjórn á miðju árinu 1965, að unnt hefði verið að taka nýtt hús í notkun 1. janúar 1970. Lóðin Aðalstræti 6 er metin á kr. 268.726 pr. m². Það hlýtur að vera óverjandi fyrir borgaryfirvöld að leyfa ekki sömu nýtingu á lóðinni Aðalstræti 8, sem metin er á kr. 288.051 hver m², sbr. dómskjal nr. 51. Á það skal bent, að þó að nýting lóðarinnar Aðalstræti 8 sé af borgaryfirvöldum talin hlutfallið 2,37, er ljóst, að aðeins lítill hluti hússins er nýtilegur til útleigu. Aðalkrafan er við það miðuð, að stefnendum beri eðlilegur arður af eigninni, og er þá við það miðað, að byggt hefði verið hús fyrir árið 1970, sem sé samsvarandi húsi því, sem er á lóðinni Aðalstræti 6. Brunabótamat hússins Aðalstræti 6 er kr. 1.956.152.000, eða kr. 106.970 pr. m³, en fasteignamat lóðarinnar kr. 255.290.000. Fasteignamat lóðarinnar Aðalstræti 8 er hins vegar kr. 202.817.000, og miðað við 13.398 m³ hús væri brunabótamat þess húss kr. 1.433.184.000. Sú almenna viðmiðun virðist hafa skapast, að eðlilegur arður sé 10%, t. d. af hlutabréfum, sbr. skattalög, og er við það miðað í kröfulið þessum. Til viðbótar arði þannig reiknuðum er gerð krafa um endurgreiðslu á sköttum, sem stefnendur hafa borið. Vísast í því sambandi til dómskj. nr. 17 og nr. 55. Sundurliðast skattgreiðslurnar þannig:

	Fasteigna-skattur og lóðar-skattur	*Vatns-skattur*	*Eignar-skattur*	*Sérstakur skattur*	*Samtals*
1970	30.960	9.146			40.106
1971	30.960	9.146			40.106
1972	230.886	19.676			250.562
1973	230.886	23.609			254.495
1974	278.987	28.577			307.564
1975	384.810	39.350			424.160
1976	455.230	53.736			508.966
1977	646.251	80.182			726.433
1978	865.676	119.932	614.016		1.599.624
1979	1.821.836	192.198	1.748.964	408.092	4.171.090
1980	2.819.786	297.668	2.734.066	631.632	6.483.152
	7.796.268	873.220	5.097.046	1.039.724	14.806.255

Eignarskattur 1980 er reiknaður 1.212% skv. skattalögum og sérstakur skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði er reiknaður af 20% fasteignamats, sem viðurkennt var af skattstofunni á síðasta ári. Lög um skatt þennan hafa verið boðuð, en eru ekki enn samþykkt. Þá eru reiknaðir almennir sparisjóðsvextir af sköttum þessum.

Frá ársbyrjun 1970 til apríl 1980 hefur byggingarkostnaður vísitöluhússins hækkað úr kr. 3.978 pr. m^3 í kr. 63.985 pr. m^3. Húsið á lóðinni Aðalstræti 6 er samtals 18.287 m^3 eða 19,25 m^3 pr. fermetra lóðar. Miðað við sömu hússtærð á lóðinni Aðalstræti 8 hefði hús á henni verið 13.398 m^3. Miðað við hækkun byggingarkostnaðar frá 1. janúar 1970 hefur byggingarkostnaðurinn hækkað um kr. 803.973.000 (13.398 × (63.985 ÷ 3.978)).

Krafa myndast því þannig:

1.	10% arður af fasteignamati lóðar kr. 202.817 þús. frá 1.1.1970—30.6.1980 ...	kr. 212.957.000
2.	10% arður af reiknuðu brunabótamati húss, sem væri að sömu hlutfallsstærð og húsið Aðalstræti 6, kr. 1.433.184 þús. frá 1.1.1970—30.6.1980	— 1.504.843.000
3.	Endurkrafa á sköttum	— 14.806.000
4.	Almennir sparisjóðsvextir af greiddum sköttum 30.4.1980	— 3.674.000
5.	Bætur vegna hækkunar byggingarkostnaðar sbr. b)	— 803.900.000
		kr. 2.540.180.000

b. Varakrafa er miðuð við, að leyfa hefði átt stefnendum að byggja 4.384.8 fermetra hús og miðað við meðalleigu að Austurstræti 17, sbr. dómskj. nr. 18, sem er reiknuð meðalleiga pr. mánuð, en ekki ár, eins og bréfið gæti gefið til kynna, hefðu brúttótekjur verið sem hér segir:

	Rauntekjur	*Reiknaðar tekjur*	*Mismunur*
Árið 1979	3.844.371	71.136.870	75.292.499
Árið 1978	3.282.360	71.033.760	67.752.400
Árið 1977	2.626.666	47.355.840	44.729.174
Árið 1976	1.883.011	37.884.672	36.001.661
Árið 1975	935.382	22.415.097	21.479.715
Árið 1974	791.802	15.101.251	14.309.449

Árið 1973	627.200	13.838.429	13.211.229
Árið 1972	541.000	11.260.166	10.719.166
Árið 1971	409.500	11.260.166	10.850.666
Árið 1970	572.750	11.260.166	10.687.416

Eins og sjá má af dómskj. nr. 18, er meðalleiga sú, sem við er miðað, síst of há, og er því lágmarkstekjutap kr. 75 millj. á ári miðað við núgildandi verðlag, eða kr. 787.500.000 tímabilið 1. janúar 1970—30. júní 1980, en stefnendur telja, að í raun ætti að reikna tapið mun lengra aftur í tímann.

Þá er gerð krafa vegna hækkunar byggingarkostnaðar, sbr. a)

Samkvæmt þessu skiptist varakrafan þannig:

1. Vegna misstra leigutekna	kr.	787.500.000
2. Vegna hækkunar byggingarkostnaðar, sbr. a)	—	803.900.000
	kr.	1.591.400.000

c. Þrautavarakrafa er miðuð við sömu forsendur og krafa a) að því undanskildu, að krafa er gerð um 10% arð af núverandi brunabótamati Aðalstrætis 8 í stað af reiknuðu húsi. Krafan sundurliðast þannig:

1. 10% arður af fasteignamati lóðar kr. 202.957 þús. frá 1.1.1970—30.6.1980 ...	—	212.957.000
2. 10% arður af brunabótamati húss kr. 183.514 þús. frá 1.1.1970—30.6.1980 ...	—	192.690.000
3. Endurkrafa á sköttum	—	14.806.000
4. Almennir sparisjóðsvextir af greiddum sköttum til 30.04.1980	—	3.674.000
5. Bætur vegna hækkunar byggingarkostnaðar, sbr. b)	—	803.900.000
	kr.	1.228.027.000"

Við hinn munnlegan málflutning var því m. a. haldið fram af hálfu stefnenda, að skipulag í Grjótaþorpi hafi verið í ólestri í tugi ára. Hafi eigendur lóða því ekki getað tekið ákvarðanir um byggingar á lóðum sínum. Ýmislegt hafi að vísu verið unnið að skipulagsmálum þarna, en ekki hafi náðst samkomulag um skipulag nema um skipulagið frá 1949. Það skipulag hafi að vísu verið hagstætt fyrir Silla & Valda, en þá hafi fjárfestingarleyfi ekki fengist og þess vegna hafi þeir lóðareigendur ekki getað byggt samkvæmt því skipulagi. Það hafi eigendum lóðarinnar nr. 6 hins vegar tekist.

Þegar skipulaginu frá 1949 var svo breytt með aðalskipulaginu, sem samþykkt var 15. júlí 1965, hafi reyndin orðið sú, að lóðin nr. 6 við Aðalstræti hafi hafi verið svo gernýtt, að byggingarmöguleikar á lóðinni nr. 8 hafi orðið mjög takmarkaðir. Ekkert deiliskipulag liggi nú fyrir um byggingarmöguleika á lóðinni og fullkomin óvissa sé um nýtingarmöguleika lóðarinnar. Komi þetta best fram í þeim svörum, sem stefnandinn Þorkell Valdimarsson hafi fengið við fyrirspurnum sínum til borgaryfirvalda um framtíðarskipulag á lóðinni. Sé nú svo komið, að fasteignin nr. 8. við Aðalstræti sé óseljanleg með öllu, enda sé aðeins hluti hússins á lóðinni nýtilegur, þar sem húsinu hafi verið illa við haldið vegna óvissu um skipulag. Þá fullnægi húsið ekki brunamálareglum. Hins vegar séu fasteignagjöld af eigninni mjög há, svo að grundvöllur fyrir rekstri eignarinnar sé alls ekki fyrir hendi í dag. Ljóst sé, að eigendur lóðarinnar, bæði fyrri eigandi, stefnandinn Valdimar og núverandi eigandi, Þorkell, hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna ástæðna, sem stefndi beri ábyrgð á samkvæmt almennu skaðabótareglunni og þeim meginreglum , sem ætla verði, að gildi á þessu sviði.

IV.

Sýknukrafa stefnda er aðallega á því byggð, *að* stefnendur hafi ekki sýnt fram á, að þeir eigi lögverndaðan bótarétt á hendur borgarsjóði, *að* stefnandinn Valdimar Þórðarson eigi ekki aðild að máli þessu, *að* stefnandinn Þorkell Valdimarsson geti ekki sótt bótarétt til atvika, sem gerðust löngu áður en hann varð eigandi Aðalstrætis 8, og *að* útreikningar á bótafjárhæðinni séu hrein rökleysa.

Í greinargerð í aðalsök hefur lögmaður stefnda m. a. tekið fram:

„Um bótagrundvöll:

1. Stefnendur virðast byggja meintan bóterétt sinn á því, að borgaryfirvöld hafi ekki gengið frá framtíðarskipulagi við vestanvert Aðalstræti þrátt fyrir tilmæli fyrri eigenda lóðanna. Telja stefnendur, að þeir hafi af þessum sökum orðið fyrir fjárhagstjóni, þar sem fasteignagjöld hafi hækkað og viðhald og endurbætur séu kostnaðarsamar. Þar sem borgaryfirvöld hafi „staðið í vegi fyrir því, að byggt hafi verið" á umræddri lóð, beri borgarsjóði þannig að bæta stefnendum meint tjón þeirra. Ekkert ofangreindra atriða getur verið grundvöllur að bótarétti stefnenda á hendur borgarsjóði.
   a) Skipulagslög leggja enga skyldu á hendur sveitarstjórnum að verða við tilmælum einstakra lóðareigenda um endurskoðun á skipulagi á þegar byggðum lóðum eða byggingarreitum, og því síður, að hugmyndir lóðareigenda eigi að ráða við slíka endurskoðun. Bótaákvæði skipulagslaganna eru þvert á móti miðuð við, að framkvæmd á skipu-

lagi leiði af sér eignarnám eða að lóð rýrni svo mjög, að hún verði illa hæf til byggingar. Er hvorugu þessu til að dreifa í því tilviki, sem hér um ræðir:

b) Fasteignamat er framkvæmt af ríkisstofnun og eftir sérstökum virðingarreglum, sem sveitarstjórn hvorki setur eða ber ábyrgð á. Fasteignagjöld eru lögð á matsfjárhæðina eftir lagareglum. Stefnendur hafa, svo vitað sé, ekki kært matsfjárhæðina til yfirfasteignamatsnefndar né hafa þeir véfengt, að við álagningu fasteignagjalda hafi verið fylgt lagareglum. Bótaréttur verður því ekki byggður á hækkun fasteignagjalda.

c) Ekki er véfengt, að viðhald gamalla húsa geti verið kostnaðarsamt, sérstaklega ef það hefur verið vanrækt um langan tíma. Vegna breyttra aðstæðna og byggingaraðferða og þá t. d. með hliðsjón af eldvarnarreglum og samfélagslegum viðhorfum til að sporna gegn almannahættu er einnig eðlilegt, að húsnæði, sem eitt sinn þótti nothæft til t. d. samkomuhalds, þyki ekki lengur hæft til slíkrar notkunar, a. m. k. ekki án verulegra breytinga og endurbóta. Grundvöllur að bótarétti á hendur borgarsjóði af þessum sökum er hins vegar vægast sagt fráleitur, enda engin tilraun gerð af hálfu stefnenda til að rökstyðja hann nánar eða benda á lagareglur máli sínu til stuðnings, fremur en í sambandi við þær aðrar málsástæður, sem þeir virðast byggja bótaréttinn á.

d) Lóðin Aðalstræti 8 mun vera 704 m² að stærð, og á henni stendur hús, sem mun vera um 1660 m³ að gólffleti. Nýting lóðarinnar er því um 2,3. Lóðin er því og hefur raunar verið um áratuga skeið fullbyggð. Er ekki vitað, að byggingar- eða borgaryfirvöld hafi nokkru sinni synjað lóðareigendum um byggingu að Aðalstræti 8, sbr. síðar. Þeirri staðhæfingu, að byggingaryfirvöld hafi „staðið í vegi fyrir því, að byggt hafi verið" á lóðinni, er því mótmælt sem rangri.

Silli og Valdi munu hafa eignast lóðina Aðalstræti 8 í febrúar 1942. Lágu þá fyrir tillögur frá 1939 um skipulag við Aðalstræti og í Grjótaþorpi, en tillögur þessar gerðu m. a. ráð fyrir breikkun Aðalstrætis til vesturs, sbr. einnig skipulagsuppdrátt frá 30.6.1943. Síðari hluta ársins 1942 sóttu eigendur um leyfi fyrir viðbótarbyggingu að Aðalstræti 8. Eftir að erindinu hafði fyrst verið synjað af bæjaryfirvöldum, var það samþykkt með fyrirvara um niðurrif 4.12.1942. Með bréfi frá 15.2.1944 var sótt um breytingar á gluggum hússins, og var það samþykkt 3.3.1944. Hinn 12.9.1944 var sótt um endurnýjun byggingarleyfis frá 4.12.1942, og var það samþykkt 22. s. m. Frekari

umsóknir um byggingarleyfi á lóðinni Aðalstræti 8 liggja ekki fyrir í skjölum hjá Reykjavíkurborg.

Áður en sótt var um endurnýjun byggingaleyfisins 12.9.1944, höfðu lóðareigendur hins vegar ritað bæjarráði bréf, dags. 23.2.1944. Höfðu þeir þá eignast fimm samliggjandi lóðir við vestanvert Aðalstræti svo og sex aðrar nærliggjandi lóðir í Grjótaþorpinu og höfðu hug á að reisa heilsteypta sæmilega samliggjandi byggð við Aðalstrætið. Óskuðu þeir eftir því, að gengið yrði endanlega frá skipulagi þessa svæðis til framtíðar. Lögðu þeir áherslu á, að húsið við vestanvert Aðalstræti héldist sem næst óbreytt, sbr. hins vegar tillögurnar frá 1939 og 1943, og gefur þetta vísbendingu um, að lóðareigendum hafi verið kunnugt um þær tillögur.

Hugmyndir lóðareigendanna um endurskoðun á skipulagi Grjótaþorpsins hlaut ekki samþykki borgaryfirvalda, en tillögur um skipulag við Aðalstræti munu aftur hafa verið til umræðu 1945, og 1949 voru sýndir uppdrættir, sem gerðu ráð fyrir samfelldri húsaröð meðfram götunni vestanverðri, en húsalínu vestar en nú er. Tillagan frá 1949 var kynnt lóðareigendum m. a. við Aðalstræti sérstaklega, og með bréfi frá 15.6.1949 áskilja eigendur Aðalstrætis 8 (o. fl. lóða) sér bótarétt, ef tillagan verði samþykkt eða komi til framkvæmda. Tillagan virðist hafa verið samþykkt í bæjarstjórn.

Ekki liggja fyrir gögn um, að lóðareigendur Aðalstrætis 8 hafi frekar en lýst hefur verið gengið eftir óskum sínum um endurskoðun eða breytingu á skipulagi Aðalstrætis og Grjótaþorps, og sérstaklega skal áréttað, að lóðareigendur hafa ekki, svo vitað sé, sent inn byggingarleyfisumsókn, t. d. á grundvelli skipulagstillögunnar frá 1949. Hins vegar hafa þeir staðið fyrir miklum byggingarframkvæmdum víðs vegar um borgina, t. d. að Freyjugötu 1 árið 1945, Klapparstíg 26 árið 1946, Austurstræti 17 árið 1963 og verslunarhúsinu Glæsibæ við Álfheima árið 1968.

Hinn 18.2.1960 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur ítarlega ályktun um skipulagsmál, og hófst þá vinna að undirbúningi aðalskipulags Reykjavíkur 1963—1983. Í aðalskipulagstillögunni, sem staðfest var 3.7.1967, er gert ráð fyrir, að nýtingarhlutfall byggingarreitsins, sem Aðalstræti 8 stendur á, verði 2.0, en 1962 var nýtingarhlutfallið talið 0.6—1.0. Tillögunni fylgdi frumuppdráttur fyrirhugaðrar byggðar í miðbænum. Er þar gert ráð fyrir tveimur 7 hæða nýbyggingum við vestanvert Aðalstræti (önnur á lóð þá í eigu Silla og Valda) og 3ja hæða húsi á lóðinni Aðalstræti 8. Í greinargerð með tillögunni er m. a. sagt: „Að því er Miðbæinn og Austurbæinn snertir er stefnt að því að draga verzlunina sem mest að Aðalstræti, Austurstræti og

Hafnarstræti, að Bankastræti, Laugavegi og neðsta hluta Skólavörðustígs." Síðan segir: „Einkum er mikilvægt að geta stækkað verzlunarrými við Aðalstræti . . ." og „Að því er miðbæinn snertir má verzlunarhverfið við Aðalstræti ná upp í Fichersund og Bröttugötu." Miðað við þá lélegu nýtingu, sem stefnendur vilja telja, að verið hafi að Aðalstræti 8, hefði mátt ætla, að þáverandi eigendur hefðu fagnað hugmyndum aðalskipulagsins um byggingarmöguleika og nýtingu. En annað varð upp á teningnum. Eigendur lóðarinnar sendu eindregin og harðorð mótmæli við skipulagstillögunni og áskildu sér rétt til bóta, ef kæmi til framkvæmda á henni.

Er ekki ósennilegt, að þessi afstaða eigendanna, bæði á árinu 1949 og á árinu 1967, hafi valdið miklu um, að ekki varð af framkvæmd aðalskipulagsins í Grjótaþorpinu og að skipulagsmál þar eru enn til umræðu og athugunar.

2. Stefnandinn Valdimar Þórðarson afhenti stefnandanum Þorkeli Valdimarssyni 11.10.1977 eignina Aðalstræti 8. Valdimar Þórðarson á því engra lögverndaðra hagsmuna að gæta í tengslum við ofangreinda lóð. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfugerðinni, að því er tekur til aðildar Valdimars Þórðarsonar að henni, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.
3. Stefnandinn Þorkell Valdimarsson fékk Aðalstræti 8 sem fyrirframgreiddan arf 11.10.1977. Var eignin virt á kr. 76.758.000.00. Hefur Þorkell þannig verið eigandi að Aðalstræti 8 í u. þ. b. 20 mánuði, þegar stefna er gefin út. Við eigandaskiptin hvíldu engar veðskuldir eða aðrar skuldir á umræddri eign. Þorkell varð þannig ekki fyrir neinum fjárútlátum vegna eignayfirtökunnar né tók hann á sig neinar fjárskuldbindingar eignarinnnar vegna, aðrar en greiðslu lögboðinna skatta og gjalda frá ársbyrjun 1978. Vegna skipulagsaðgerða borgarinnar á liðnum áratugum er þannig ljóst, að Þorkell hefur ekki orðið fyrir neinu fjárhagstjóni, jafnvel þótt um bótarétt væri að ræða. Af þeirri ástæðu einnig ber að sýkna borgarsjóð af kröfugerðinni að því er tekur til aðildar Þorkels Valdimarssonar að málinu."

Í greinargerð í framhaldssök hefur lögmaður stefnda m. a. tekið fram: „Eigendur Aðalstrætis 8 hafa aldrei sótt formlega um leyfi til endurbyggingar á lóðinn. Fullyrðing, sem gefur annað í skyn, er ekki rétt. Eigendur lóðarinnar hafa hins vegar einu sinni á árinu 1944 óskað eftir endurskipulagningu byggingarlóða meðfram Aðalstræti vestanverðu, en þá áttu þeir einnig sameiginlega allmargar aðrar lóðir (11 alls) á byggingarreitnum. Eigendurnir mótmæltu hins vegar eða gerðu athugasemdir við tillögur borgaryfirvalda að skipulagi 1949 og einnig 1967. Áhugi eigenda fyrir byggingarmöguleikum við Aðalstræti var þannig tengdur byggingarmöguleikum á

öllum lóðum þeirra, og það er ekki fyrr en eftir að stefnandinn Þorkell verður eigandi að Aðalstræti 8 í október 1977, að áhugi fyrir byggingarmöguleikum á þeirri lóð sérstaklega virðist vakna.

Í þessu sambandi er sérstaklega mótmælt sem röngum og ósönnuðum bollaleggingum um, að stefnendur hefðu byggt á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti, eftir að byggt var á lóðinni nr. 6 við götuna, ef leyfi hefði verið veitt á árunum 1951—1955. Eigendur lóðarinnar sóttu aldrei um slíkt leyfi, og fyrir lágu mótmæli þeirra við skipulaginu frá 1949.

Bent skal á, að tilvitnun í 10. og 12. gr. skipulagslaga er ekki rökrétt, enda eiga þessar lagagreinar við um aðalskipulag. 11. gr. skipulagslaga fjallar hins vegar um séruppdrætti (deiliskipulag), og eins og þegar er tekið fram, hafa lóðareigendur Aðalstrætis 8 ítrekað mótmælt slíkum skipulagstillögum og ekki leitað eftir leyfi til byggingar á þeim tíma, sem skipulagstillagan frá 1949 var í gildi. Skal þá einnig áréttað, að engin skylda hvílir á sveitarstjórn að verða við tilmælum einstakra lóðareigenda um endurskoðun á skipulagi á þegar byggðum lóðum eða byggingarreit.

Eins og fram kemur í 13. gr. skipulagslaga, sbr. einnig 8. og 10. gr. rgj. um gerð skipulagsáætlana nr. 217/1966 (sbr. einnig nr. 102/1978), skulu skipulagsuppdrættir sýna nýtingarhlutföll í einstökum hverfum. Það leiðir hins vegar af eðli máls, að ekki er sjálfgert, að sama nýtingarhlutfall gildi á hverri einstakri lóð í hverfinu, enda hafa skipulagsyfirvöld einnig rétt til að kveða á um staðsetningu, dýpt og hæð húsa. Lóðareigendur í borg eru háðir ákvæðum skipulags, og réttur þeirra til nýtingar á lóð, bæði með tilliti til magns og tegundar, er misjafn. Gildir það jafnt um lóðir innan sama byggarreits og um lóðir, sem eru í hinum ýmsu borgarhverfum. Er einnig ljóst, að ella væri réttur borgaryfirvalda til skipulagningar næsta óvirkur. Sérreglur skipulagslaganna um bótarétt eiga hins vegar að tryggja lóðareiganda gegn því, að skipulag nánast eyðileggi ekki alla byggingarmöguleika á lóð hans.

Allar bollaleggingar í greinargerð stefnenda í framhaldssök um, að mjög óverulegt eða jafnvel ekkert byggingarmagn verði leyft á lóðinni Aðalstræti 8, eða samanburður við leyft byggingarmagn á lóðinni nr. 6 við götuna samkv. skipulaginu frá 1949 eru því út í hött og geta á engan hátt verið grundvöllur að bótaskyldu borgarsjóðs gagnvart stefnendum.

Þrátt fyrir að stefnendur reisi málatilbúnað sinn í höfuðatriðum á sömu málsástæðum í framhaldssök og gert var þegar í stefnu, hafa þeir nú gjörbreytt útreikningsaðferðum sínum á meintu bótaskyldu tjóni og hækkað kröfugerð sína í rúml. kr. 2.5 milljarða, eða um rúml. 250%. Meint tekjutap miðað við það, sem stefnendur telja „eðlilegan arð," er þá hækkað úr kr. 43 millj. í kr. 1718 millj. tæpl., eða um 40-faldað. Þó er nú aðeins krafist bóta fyrir liðinn áratug í stað rúmlega tveggja áratuga áður. Hér

eru settar fram makalausar reikningskúnstir og raunar svo fráleitur bótaútreikningur, að telja má á mörkum þess að vera tekinn alvarlega. Er þá að vonum, að stefnendur skuli ekki krefjast eignarnámsbóta, sem þó er látið liggja að í greinargerð þeirra, enda myndi bótakrafan „aðeins" nema kr. 225.583.000 miðað við gildandi fasteignamatsverð húss og lóðar.

Grundvöllur útreiknings þessarar bótakröfu er hlutfall af fasteignamatsverði lóðar og ímynduðu brunabótamati byggingar, sem ekki er til. Ekki virðist fjármagnskostnaður, rekstrarkostnaður eða skattgreiðslur vera í þeirri mynd. Grundvöllur útreikningsins er út í hött, en því er einnig eindregið mótmælt, að almennt sé viðurkennt — eða að raunhæft sé — að „eðlilegur arður" af fasteignarrekstri sé 10% af þessum stofni. Því hefur fremur verið haldið fram, að í járnum standi, að leigutekjur fasteignar hafi almennt skilað eigendum arði á undanfarandi árum.

Þessu til viðbótar krefja stefnendur nú um endurgreiðslu á greiddum fasteignatengdum sköttum, þ. m. t. þjónustugjöldum, ásamt vöxtum. Eru skattar þessir m. a. sumpart ekki enn álagðir og raunar í því tilviki reiknaðir eftir lögum, sem ekki hafa verið samþykkt, þegar krafan er sett fram. Skattar þessir eru reiknaðir sem hlutfall af fasteignamati, sem eigendur Aðalstrætis 8 hafa aldrei vefengt eða kært til breytinga, og skattana hafa þeir greitt án fyrirvara.

Hugsun stefnenda virðist þannig vera sú, að þeir eigi enga skatta að bera af eign, sem þeir eiga, en hins vegar eigi þeir að njóta hárra og skattfrjálsra tekna af eign, sem ekki er til. Er ekki vitað, að aðrir hafa látið sér til hugar koma að njóta slíkra sérréttinda, hvað þá að gera kröfu fyrir dómstól um, að samfélagið greiði þeim þetta lítilræði."

Varðandi síðasta lið bótakröfu stefnenda, bætur vegna hækkunar á byggingarkostnaði, er því haldið fram af hálfu stefnda, að hækkun á verðlagi samkvæmt vísitöluútreikningi sé ekki rökrétt eða raunhæf aðferð til útreiknings á bótafjárhæð, jafnvel þótt bótagrundvöllur væri fyrir hendi. Vísitölum sé ætlað að mæla almenna þróun verðlags og kaupgjalds, en slík mæling segi ekkert til um, hvort ákveðnir hlutir séu hlutfallslega dýrari í dag en t. d. fyrir 20 árum. Þá sé samanburður við tilgreinda eign, jafnvel þótt nærliggjandi sé, einnig óraunhæfur, enda fjarri því að vera sjálfsagt eða sjálfgert, að allar lóðir eða byggingarreitir séu ákveðnir með sama byggingarmagni.

Af hálfu stefnda er lögð á það áhersla, að bótareglur skipulagslaga séu við það miðaðar, að lóð hafi rýrnað svo mjög vegna skipulagsaðgerða, að hún teljist illa hæf til byggingar. Þessu sé ekki til að dreifa að því er Aðalstræti 8 varðar, því löngu fyrir 1958 hafi lóðin verið fullnýtt og borgaryfirvöld hafi ekki neitað lóðareigendum um leyfi til byggingar, enda hafi aldrei

verið sótt um leyfi til byggingar á lóðinni í heild. Í því sambandi er því haldið fram, að áhugi Silla & Valda hafi aldrei beinst að lóðinni nr. 8 við Aðalstræti sérstaklega, heldur að byggingarreit í heild, sem lóðir þeirra stóðu á. Það hafi verið fyrst í árslok 1977, sem því hafi verið hreyft að byggja á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti. Stefndi Þorkell hafi átt þess kost að fjarlægja húsið af lóðinni fyrstu 14 mánuðina, sem hann átti eignina, en hann hafi fyrst sótt um niðurrif hússins, eftir að byggingarlög nr. 54/1978 tóku gildi 1. janúar 1979, en samkvæmt þeim lögum er óheimilt að rífa hús nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar. Það hafi fyrst verið á árinu 1980, að lögmaður stefnenda hafi með bréfi, dagsettu 1. febrúar 1980, til borgarráðs spurst fyrir um, hvort heimilt væri að byggja hús á lóðinni í samræmi við skipulagsuppdrátt frá 1949. Þeirri fyrirspurn hafi verið svarað neitandi. Við hinn munnlega málflutning var á það lögð áhersla af hálfu stefnda, að nú væri viðurkennt af hálfu stefnenda, að skipulagið frá 1949 væri gott skipulag, sem í reynd hafi hentað þáverandi eigendum. Með þessari viðurkenningi væri grundvöllur undir kröfum stefnenda hruninn. Bæði af þeim ástæðum og með hliðsjón af öðrum málsrökum af hálfu stefnenda beri að taka sýknukröfu stefnda til greina og dæma stefnendur til greiðslu riflegs málskostnaðar vegna óhóflegrar kröfugerðar.

V.

Á árinu 1944 hafði fyrirtækið Silli & Valdi, sem var eign stefnandans Valdimars Þórðarsonar og Sigurliða Kristjánssonar, sem nú er látinn, eignast nokkrar lóðir við Aðalstræti í Reykjavík og þar í grennd ásamt húsum, sem á þeim stóðu.

Þann 23. febrúar 1944 ritaði Silli & Valdi bréf til borgarráðs. Þar segir svo:

„Árið 1927 hóf undirritað firma verzlunarrekstur í húsinu No. 10 við Aðalstræti. Höfðum við nokkru áður fest kaup á þeirri fasteign.

Okkur var það ljóst þegar í upphafi, að nauðsynlegt yrði áður en langur tími liði að endurbyggja á þessum stað, enda mun Aðalstræti 10 vera elsta hús bæjarins. En það, sem orsakaði, að ekki varð úr framkvæmdum lengi vel, var, að okkur þótti lóðin of lítil, og þess utan hafði ekki verið endanlega gengið frá framtíðarskipulagi þessa bæjarhluta.

Síðustu árin höfum við eignast allmargar fasteignir til viðbótar á þessu svæði, eftir því sem þær hafa verið falar, sérstaklega meðfram Aðalstræti. Með þeim kaupum hefir fyrst og fremst vakað fyrir okkur, að auðveldara yrði að endurbyggja þennan bæjarhluta því stærri lóðarspilda, sem væri á einni hendi. Höfum við betur og betur sannfærst um, að svo sé.

Nú eru í okkar eigu Aðalstræti No. 8, 10, No. 12, No. 14 og No 16,

sem gera ca. 75 metra með Aðalstræti, einnig Grjótagata 1 og 3 og Brattagata 3. Þessar fasteignir mynda svo að segja eina samfelda „Blok" í suðurhluta Grjótaþorpsins. Ennfremur eru í okkar eigu tvær fasteignir við Fichersund og ein við Mjóstræti.

Svo er nú komið, að okkur er það mikil nauðsyn að ráðast í byggingarframkvæmdir við Aðalstræti og höfum þegar lagt drög að því við nokkra arkitekta, að þeir komi með tillögur eða frumriss um framtíðarhúsaskipun.

Hugmyndin er, að þarna rísi ein fegursta og mesta bygging þessa bæjar, heilsteypt og svipmikil.

Það er því mjög aðkallandi, að endanlega sé gengið frá framtíðarskipulagi við Aðalstræti og í Grjótaþorpi.

Með tilliti til þess, sem að framan er sagt, er það mikilsvert atriði fyrir framkvæmdum af okkar hálfu, að húsaröð við vestan vert Aðalstræti verði sem næst því sem nú er."

Á dómskjali nr. 48 eru teikningar eftir arkitektana Hörð Bjarnason og Ágúst Steingrímsson af húsaröð eða stórhýsi við vestanvert Aðalstræti. Teikningar þessar sýna væntanlega þær hugmyndir, sem eigendur Silla & Valda munu hafa gert sér um byggingar á lóðum sínum við Aðalstræti. Eigi er upplýst, hvort þessir uppdrættir voru formlega lagðir fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur, en við hinn munnlega flutning var talið, að þessum hugmyndum um byggingar hafi verið hafnað af byggingaryfirvöldum í Reykjavík.

Í mars 1949 var af hálfu skipulagsdeildar Reykjavíkurbæjar gerð tillaga að nýju skipulagi við Aðalstræti. Var tillöguuppdráttur þessi auglýstur með venjulegum hætti.

Í lýsingu skipulagsdeildar Reykjavíkurbæjar um ofangreinda tillögu segir m. a. svo:

„Byggingar vestan Aðalstrætis eru hugsaðar ein samfelld byggingarheild með nokkurri tilbreytni („motivi") gegnt Austurstræti.

Út úr þessari byggðarsamstæðu kæmu fjórar álmur til vesturs upp að fyrirhugaðri bogagötu, er tengir Suðurgötu við Grófina, en milli þessara álma er gert ráð fyrir bílstæðum fyrir skrifstofu- og verzlunarfólk, er dvelur í byggingunum. Sá möguleiki er fyrir hendi, að milli álmanna yrði byggt á súlum, þannig að neðsta hæðin (jarðhæð) yrði óbyggð nema fyrir súlurnar, en þar fyrir ofan kæmu ein eða tvær hæðir byggðar.

Vestan bogagötunnar er gert ráð fyrir, að húsalínan verði dregin inn sem svarar nauðsynlegu plássi fyrir skásett bílstæði."

Suðurgata er látin sveigjast upp á við andspænis bogagötunni og um leið gert ráð fyrir, að húsalína austan Suðurgötu geti færst að sama skapi vestur á bóginn. Breidd Suðurgötu og bogagötunnar yrði 18 m. auk útskota fyrir bílstæði."

Á fundi bæjarstjórnar 4. ágúst 1949 var eftirfarandi ályktun varðandi skipulagstillöguna samþykkt:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir þann skipulagsuppdrátt af Aðalstræti og umhverfi þess, er gerður var í marz s.l. og legið hefir frammi lögmæltan tíma, en tekur ekki endanlega afstöðu til þess, hvort súlnagöng með gangstétt skuli vera við Austurstræti sunnanvert né heldur til götulínu við Vesturgötu milli Aðalstrætis og væntanlegrar bogagötu."

Samkvæmt þessu skipulagi átti húsalína vestan Aðalstrætis aðeins að breytast lítillega. Ætla mátti, að þetta nýja skipulag væri viðunandi fyrir lóðareigendurna Silla & Valda, enda er nú viðurkennt, að þetta skipulag hafi verið hagstætt fyrir þá. Viðbrögð Silla & Valda urðu hins vegar þau, að lögmaður þeirra ritaði bæjarráði bréf, sem dagsett er 15. júní 1949 og hljóðar svo:

„Silli og Valdi", hér í bæ, hafa falið mér að tilkynna yður, að þeir hafi athugað tillöguuppdrætti þá að skipulagi miðbæjarins, sem legið hafa frammi almenningi til sýnis nú undanfarið, og beðið mig, að tjá yður, að þeir vilji áskilja sér allan rétt til skaðabóta gagnvart bæjarsjóði vegna þeirrar skerðingar, sem fasteignir þeirra í þessum bæjarhluta kunna að verða fyrir, ef til kemur að framkvæma eða samþykkja endanlega tillögur þessar."

Ekki sóttu Silli & Valdi um leyfi til að byggja hús á lóðum sínum við Aðalstræti samkvæmt þessu skipulagi, hvorki á lóðinni nr. 8 né öðrum lóðum. Er því nú borið við, að vöntun fjárfestingarleyfa hafi komið í veg fyrir, að hús yrðu byggð á þessum lóðum. Þetta skipulag var þó í gildi fram á árið 1965, þegar nýtt skipulag, svokallað aðalskipulag, var samþykkt. Á þessum árum og þar um kring stóðu Silli & Valdi hins vegar í umfangsmiklum kaupum á fasteignum og byggingarframkvæmdum, svo sem hér segir:

„FASTEIGNAKAUP:

8. febrúar 1945.	Afsal fyrir Háteigsvegi 2.
10. febrúar 1949.	Afsal fyrir Bankastræti 12.
16. júní 1950.	Afsal fyrir ½ húseigninni Austurstræti 17.
20. ágúst 1951.	Afsal fyrir ½ húseigninni Austurstræti 17.
19. ágúst 1955.	Afsal fyrir Templarasundi 3.
12. nóvember 1957.	Afsal fyrir Smiðjustíg 3.
29. apríl 1958.	Afsal fyrir Álfheimum 72.
14. marz 1962.	Afsal fyrir Ásgarði 22—24.
20. desember 1963.	Afsal fyrir Laugarnesvegi 112—114.

BYGGINGARFRAMKVÆMDIR:

1945. Hafin bygging á lóðinni Freyjugötu 1.
1946. Hafin bygging á lóðinni Klapparstíg 26.
1963. Hafin bygging að Austurstræti 17.
1968. Hafin bygging að Álfheimum 74 (Glæsibær).“

Nýtt skipulag, svokallað aðalskipulag, var samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda samþykkt 15. júní 1965, og félagsmálaráðuneytið gaf út þann 3. júlí 1967 auglýsingu „um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.“ Samkvæmt aðalskipulaginu virðist götulína við Aðalstræti ekki eiga að breytast verulega, en fyrirhuguð byggð er nú nokkuð breytt frá skipulaginu frá 1949 og ef til vill ekki til bóta fyrir Silla & Valda. Þeir mótmæltu þessu nýja skipulagi í bréfi til skipulagsnefndar Reykjavíkur, dagsettu 31. janúar 1967, en þar segir svo:

„Við undirritaðir leyfum okkur hér með að bera fram eindregin mótmæli gegn hinum nýju tillögum um skipulag svæðisins við Aðalstræti og Grjótaþorp.

Á þessu svæði eigum við nú eftirtaldar lóðir og fasteignir:

Nr. 8, 10, 12, 14 og 16 við Aðalstræti,
Nr. 3 við Bröttugötu,
Nr. 3 við Mjóstræti,
Nr. 1 og 3 við Fischersund.

Mótmæli okkar byggjum við á því, að skipulagið gerir ráð fyrir ástæðulausri skerðingu á rétti og möguleikum okkar til þess að hagnýta lóðir okkar til bygginga í eðlilegu samræmi við stærð lóðanna og þá staðreynd, að þær mynda nánast eina órofa heild, vel fallna til þess að reisa þar rismikla, svipfagra og veglega byggingu, verðuga þessum elzta hluta bæjarins.

Mótmælin rökstyðjast ennfremur með því, að skipulagið beinlínis felur í sér staðfestingu þess misréttis, að einum sé heimilað að reisa byggingar sínar svo háar til lofts og víðar til veggja, að komið sé hvervetna í lóðarmörk og það svo, að seilst verði um svæði fyrir sorpílát á lóðir grannanna, sem síðan eru sviptir rétti lóðrétt og lárétt til þess að byggja.

Við vekjum athygli á því, að nú er senn aldarfjórðungur liðinn síðan við sendum háttvirtu bæjarráði meðfylgjandi erindi, þar sem við greindum frá fyrirhuguðum byggingum okkar á greindum lóðum. Dráttur á skipulagi bæjarhverfis þessa hefur þegar valdið okkur beint og óbeint ómældu fjárhagslegu tjóni. Skipulagstillögur þær, sem nú eru lagðar fram og fela í sér svo mikla skerðingu eigna okkar sem að framan er lýst, eru auk þess stórlega gallaðar frá okkar sjónarmiði. Eru því itrekuð mótmæli við þeim og þess eindregið óskað, að gagnger og tafarlaus endurskoðun verði framkvæmd á skipulagi umrædds svæðis.

Við áskiljum okkur að sjálfsögðu fyllsta rétt til fullra bóta fyrir hvers konar skerðingu eingarréttar okkar, er endanlegt skipulag kann að valda okkur."

Ekki byggðu Silli & Valdi nein hús á lóðum sínum við Aðalstræti, Bröttugötu, Mjóstræti og við Fischersund þrátt fyrir hið nýja aðalskipulag.

Sigurliði Kristjánsson, annar eigandi Silla & Valda, andaðist 8. nóvember 1972. Ekkja hans, Helga Jónsdóttir, varð þá eigandi að hálfu fyrirtækinu Silla & Valda. Með samningi, dagsettum 4. ágúst 1977, skiptu Helga Jónsdóttir og stefnandinn Valdimar Þórðarson eignum fyrirtækisins á milli sín.- Samkvæmt yfirlýsingum um eignaskiptin, dagsettri 31. ágúst 1977, varð Valdimar eigandi að fasteignunum nr. 8, 10, 12, 14 og 16 við Aðalstræti, nr. 3 A við Bröttugötu, nr. 1 og 3 við Fischersund og nr. 3 við Mjóstræti. Með yfirlýsingu, dagsettri 11. október 1977, afhenti Valdimar og eiginkona hans syni sínum, stefnandanum Þorkeli Valdimarssyni, nokkrar fasteignir sem fyrirframgreiðslu upp í arf og þar á meðal fasteignina Aðalstræti 8. Aðrar eignir Valdimars við Aðalstræti fengu börn Valdimars afhent sem fyrirframgreiðslu upp í arf.

VI.

Stefnandinn Valdimar Þórðarson kaupmaður gaf skýrslu hér fyrir dómi 8. júlí 1980. Var þá m. a. bókað: „Hann sagði, að teikningarnar á dómskjali nr. 48 væru uppkast að byggingum vestanvert við Aðalstræti. Margar aðrar „skissur" hefðu komið frá arkitektum um byggingar á lóðunum, en fjármagn hefði ekki verið fyrir hendi til að byggja svo stórt eins og teikningarnar á dómskjali nr. 48 sýna. Hann kvað Silla & Valda aldrei hafa leitað eftir leyfi til byggingar sérstaklega á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti nema viðbyggingu. Hann kvað Silla & Valda aldrei hafa lagt inn umsókn hjá byggingaryfirvöldum um að fá að reisa ákveðnar byggingar á lóðum sínum við Aðalstræti, á meðan fyrirtækið Silli & Valdi var við lýði, aðrar en viðbyggingu við Aðalstræti 8. Hann kvað fyrirtækið Silla & Valda ekki hafa sótt um fjárfestingarleyfi fyrir byggingum á lóðum fyrirtækisins við Aðalstræti, enda hafi byggingarhugmyndir ekki verið komnar á það stig, að á slíkt hafi reynt. Hann kvaðst hafa ásamt konu sinni afhent syni sínum Sigurði fasteignina nr. 10 við Aðalstræti sem fyrirframgreiðslu upp í arf, dóttur sinni Sigríði fasteignirnar nr. 14 og 16 við Aðalstræti og börnunum þremur lóðina nr. 12 við Aðalstræti. Hann kvaðst ekki hafa höfðað mál á hendur borgarsjóði út af lóðunum nr. 10, 12, 14 og 16. Hann kvaðst ekki minnast þess, að fyrirvari hafi verið gerður í sambandi við greiðslu fasteignagjalda af eigninni Aðalstræti 8, á meðan hún var í eigu fyrirtækisins Silla & Valda. Hann kvað skipulagið frá 1949, sbr. skjöl nr. 33 og 34,

sem hann kynnti sér í réttinum, heppilegasta skipulagið, sem komið hafi fram með tilliti til hagsmuna Silla & Valda."

Stefnandinn Þorkell Valimarsson framkvæmdastjóri gaf hér fyrir dómi 8. júlí 1980 svofellda skýrslu:

„Mér er mjög minnisstætt, þegar föður mínum f. h. Silla & Valda var boðin til kaups fasteignin, sem nú er nr. 49 við Langholtsveg. Ég tel mig hafa fylgst vel með fasteignakaupum og byggingaframkvæmdum Silla & Valda frá þeim tíma og umræðum um mál þessu varðandi. Ég er þá 10 eða 11 ára gamall. Aðspurður, hvaðan þær upplýsingar séu fengnar, sem fram koma í framhaldsstefnu, að leitað hafi verið eftir leyfi til byggingar á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti án árangurs, allt frá árinu 1944, vil ég taka fram, að þessar upplýsingar í stefnunni komu fram á fundi, sem haldinn var um miðjan maí 1970 á skrifstofu Inga R. Jóhannssonar endurskoðanda. Auk okkar á fundinum voru faðir minn, Valdimar Þórðarson, Hannes Kr. Davíðsson arkitekt og Helgi V. Jónsson hrl. Faðir minn viðhafði þá ummæli, sem gengu í þessa átt sem að ofan greinir. Mér er ekki kunnugt um, að skrifleg beiðni hafi verið send til byggingaryfirvalda í Reykjavík um að reisa nýtt hús á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti. Ég veit ekki heldur til, að skrifleg beiðni hafi verið send um nýjar byggingar á öðrum lóðum Silla & Valda við Aðalstræti. Sótt var þó um viðbyggingu við gamla húsið á lóðinni nr. 10. Á fundinum, sem að ofan getur, var rætt um málssókn þessa svo og hvort höfða ætti mál á hendur borgarsjóði út af öðrum fasteignum við Aðalstræti, þ. e. nr. 10, 12, 14 og 16, svo og út af baklóðum, sem liggja að þessum lóðum.

Ákveðið var að fara aðeins í eitt mál út af nr. 8, en af tveim ástæðum var ekki talið rétt að höfða mál út af hinum lóðunum. Í fyrsta lagi vegna þess, að skaðabótafjárhæðir, sem okkur fannst koma til greina, voru svo háar, að þær uxu okkur mjög í augum, og í öðru lagi vegna þess, að ég var ásamt systkinum mínum sameigandi að lóðinni 12. Við litum svo á, að málshöfðun út af nr. 8 yrði prófmál varðandi hinar lóðirnar og ýmsar aðrar lóðir, sem við systkinin eigum, með tilliti til skipulagsmála og verndunarsjónarmiða. Systkini mín voru ekki á fundinum, en ég var búinn að vera á fundi áður með Hannesi Kr. Davíðssyni og Inga R. Jóhannssyni, þar sem þessi mál voru öll reifuð og systkini mín voru á þeim fundi. Á þessum síðastnefnda fundi ákváðum við að standa saman í þessu máli, en á þeim fundi var tekin afstaða til þess, að ekkert okkar mundi kæra fasteigna- eða lóðamatið til lækkunar, þar sem við komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri sami aðilinn, sem tekur við fasteigna- og lóðagjöldum og hefur valdið okkur tjóni, þ. e. bæjarsjóður Reykjavíkur, með því að neita okkur um eðlilega nýtingu á lóðunum. Ég sótti ekki um byggingarleyfi á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti fyrir 1. janúar 1979, þegar hin nýju bygging-

arlög tóku gildi. Ákveðnar ástæður voru fyrir því. Þann 1. júní 1978, rúmu hálfu ári eftir að fasteignin komst í mína eigu og mánuði eftir að nýju byggingarlögin voru samþykkt á Alþingi, þá gaf ég yfirlýsingu til Reykjavíkurborgar, að ég gæfi þeim húsið, sem stendur á lóðinni, ef þeir flyttu það af lóðinni fyrir 27. desember 1978. Í nóvemberlok eða desemberbyrjun þá skrifaði ég borgarráði bréf, dskj. nr. 10, áréttaði gjöfina og fjallaði nánar um málsefnið. Dagsetningin 27. desember var sett með tilliti til verslunarreksturs í framhlið hússins, og gerði ég ráð fyrir, að þær verslanir gætu hagnýtt sér jólaviðskiptin. Ég taldi vera nægan tíma til að rífa húsið fyrir áramótin, ef ég byrjaði á því að láta rífa vestari hluta byggingarinnar fyrir 27. desember. Ég minnist þess ekki, að Reykjavíkurborg hafi svarað skriflega gjafatilboði mínu. Í umræðum kom fram, að ekki væri áhugi af hálfu borgarinnar til að taka við húsinu að gjöf, svo sem ég hafði boðið fram, og mér barst ekki svar frá borgarráði þann 9. desember eða fyrir þann tíma, svo sem áskilið var í bréfinu á dómskjali nr. 10. Ég reif ekki húsið fyrir 1. janúar, þegar hin nýju byggingarlög tóku gildi, vegna þess að ég og systkini mín eigum lóð nr. 12 saman, og ég og systkini mín vildum fá úr því skorið, hvort borgin gæti alls staðar dregið menn óendanlega á svari vegna skorts á deiliskipulagi. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á, að ég er einnig eigandi að fasteigninni nr. 12 við Bankastræti, sem er á horninu á Bankastræti og Ingólfsstræti. Þar er lítið hús á mjög verðmikilli lóð, en deiliskipulag liggur þar heldur ekki fyrir. Ég vil taka fram, að mjög mikil vandkvæði eru á því að leigja verslunarhúsnæðið í húsinu nr. 8, þar sem blómabúðin Flóra var, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir, sem vilja taka húsnæðið á leigu á annað borð, þeir vilja mjög litla leigu greiða miðað við almennt gangverð á leiguhúsnæði í miðbænum, vegna þess að þeir telja, að mikill kostnaður fari til endurbóta á húsnæðinu og treysta sér ekki til þess að taka það á leigu af þeim sökum, nema að fá mjög langan leigutíma. Ég þurfti að selja Laugaveg 120 til þess að geta staðið í skilum á greiðslu opinberra gjalda af fasteignum mínum, en Aðalstræti 8 er óseljanleg eign. Það, sem mér er kunnugt um varðandi afstöðu föður míns og Sigurliða Kristjánssonar viðvíkjandi skipulaginu frá 1949, er það, að þeir höfðu aldrei hug á að kaupa fasteignina nr. 18 við Aðalstræti sem Reykjavíkurborg keypti síðar ástamt Túngötu nr. 2, vegna þess, að þeir vissu eða gerðu ráð fyrir, að þessar tvær lóðir færu undir götu að meira eða minna leyti. Mér er það mjög minnisstætt, að ég var einu sinni staddur á skrifstofu Silla & Valda, þegar faðir minn var að útskýra skipulagið frá 1949 fyrir Sigurði heitnum Jónassyni, að þeir voru tiltölulega ánægðir með það. Ég tel, að þessi heimsókna mín á skrifstofuna hafi verið skömmu eftir 15. júní 1949, því að ég man ekki betur en að bréfið á dómskjali nr. 34 hafi verið þarna á skrifstofunni. Einnig man ég, að rætt var um, að engin bein mótmæli

kæmu fram í bréfinu um skipulagið, en áskilnaður til skaðabóta vegna skerðingar á lóðunum, sem yrði, ef skipulagið næði fram að ganga. Ég veit ekki skýringu á því, hvers vegna Silli & Valdi sóttu ekki um leyfi til að byggja nýbyggingar á lóðum sínum nr. 8, 10, 12, 14 og 16, eftir að skipulagið frá 1949 var samþykkt, aðrar en þær, að það hafi alltaf verið álitið tilgangslaust að senda inn formlega umsókn. Skýringuna, hvers vegna það væri tilgangslaust, fékk ég ekki. Eftir því sem ég hef kynnst þessu máli, þá hefi ég ávallt talið, að aðal Þrándur í Götu hafi verið skipulagsmálin. Silli & Valdi áttu forkaupsrétt að lóðinni nr. 6 við Aðalstræti, sem Morgunblaðshúsið er byggt á. Lárus Jóhannesson hrl. fékk þá til að gefa þann forkaupsrétt eftir, og það gerðu þeir með það í huga, að fastur punktur fengist í skipulagið við Aðalstræti. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt föður minn eða Sigurliða tala um, að vandkvæði væru á byggingarframkvæmdum við Aðalstræti, vegna þess að erfitt væri um fjárfestingarleyfi, enda tel ég, að málið hafi aldrei komist á það stig."

Bárður Daníelsson gaf hér fyrir dómi 11. júlí 1980 svofellda skýrslu: „Á árinu 1958 var ég ráðinn af fyrirtækinu Silla & Valda til að gera uppdrætti af byggingum á lóðum við Aðalstræti frá Túngötu að Morgunblaðshúsinu. Verkefnið, sem ég fékk, var því einnig að hanna byggingu á lóðinni nr. 18 við Aðalstræti, þar sem ég treysti mér ekki til þess að teikna húsaröð án þess að gera einnig grein fyrir, hvernig byggingin á hornlóðinni yrði hönnuð. Ég taldi þýðingarlaust að sýna skipulagsnefnd uppdrætti af byggingum á lóðum Silla & Valda án þess að leysa jafnframt úr því, hvernig byggt skyldi á hornlóðinni. Ég var ekki útlærður arkitekt, þegar ég byrjaði að vinna að þessu verkefni. Ég gerði tillöguuppdrætti að byggingum á lóðunum í Stokkhólmi á árunum 1958—1960, þegar ég var við nám á arkitektaskóla þar, en ég lauk verkfræðiprófi 1948, þannig að ég hafði rétt til að teikna hús í Reykjavík, eftir að ég lauk verkfræðiprófi. Í sambandi við verkefni þetta gerði ég skipulagstillögu af Grjótaþorpi í heild. Húsin, sem ég teiknaði á lóðum Silla & Valda, voru hluti af prófverkefni mínu við arkitektaskólann, en skipulagstillagan af Grjótaþorpi í heild var ekki hluti af prófverkefni mínu. Eftir því sem ég hafði kynnt mér verkefnið betur, þ. e. teikningu húsanna við Aðalstræti, varð mér ljóst, að það væri þýðingarlaust að leggja þetta fyrir skipulagsnefnd og byggingarnefnd, nema að gera grein fyrir skipulagi Grjótaþorps í heild. Ég hefi kynnt mér dómskjal nr. 97. Ég var ekki bæjarfulltrúi 7. nóvember 1960, þegar ég mætti á fundinum 7. nóvember 1960. Ég var bæjarfulltrui árin 1954—1958. Á fundinum 7. nóvember 1960, þegar samvinnunefnd um skipulagsmál kom saman, sbr. dómskjal nr. 97, lagði ég fram tillöguuppdrætti ásamt greinargerð. Ég veit ekki, hvort ég á samrit þessara skjala, en tillögunum var í reynd hafnað, en nokkru áður hafði Reykjavíkurborg ráðið danskan skipu-

lagsfræðing, Bredsdorff prófessor, til þess að vinna að aðalskipulagi Reykjavíkur. Í mínum tilögum var gert ráð fyrir háum húsum við Aðalstræti. Strax á fundinum 7. nóvember 1960 var strax tekið fram, að búið væri að ráða áðurnefndan skipulagsfræðing og væri því ekki tímabært að afgreiða svo stórt mál eins og þetta í skipulaginu að sinni. Sumarið 1961 var ég svo boðaður á fund með Bredsdorff, og þar voru einnig mættir eigendur Silla & Valda, Sigurliði og Valdimar. Mínar tillögur voru ræddar á fundinum, og prófessor Bredsdorff lét í ljós það álit, að nýtingin á Grjótaþorpsreitnum væri alltof há og að sínu áliti ætti ekki að byggja hærri hús á Grjótaþorpsreitnum en sem svaraði þremur hæðum og helst ekki hærra en tveggja hæða hús. Ég tók það svo, að tómt mál væri að ræða frekar þær hugmyndir að byggingum, sem ég hafði lagt fram, eftir að þetta álit prófessorsins kom fram, en hann var mikill ráðamaður um gerð aðalskipulagsins. Tillögur mínar voru byggðar á samþykktu skipulagi frá 1949, og var húsalínan við Aðalstræti teiknuð eftir því skipulagi, en hæð húsa var miðuð við Morgunblaðshúsið eins og ráðgert var í upphafi, að það yrði, þ. e. að hæð húsanna var 11 hæðir að því er mig minnir. Ég hafði til athugunar við teiknivinnu mína hugmynd bandarískra arkitekta um hótel í Grjótaþorpi og tillögu Harðar Bjarnasonar og fleiri á dómskjali nr. 48. Mér var sagt, að eigendur Silla & Valda hefðu aldrei fengið ákveðið svar frá byggingaryfirvöldum í Reykjavík við hugmyndum hinna bandarísku arkitekta um hótel eða tillögum Harðar Bjarnasonar og fleiri frá 1945. Mér skildist, að þessar tillögur hefðu verið lagðar fyrir skipulagsnefnd, en aldrei afgreiddar þaðan og þess vegna ekki verið lagðar fyrir byggingarnefnd. Ég veit hins vegar ekki til, að Silli & Valdi hafi lagt fyrir byggingaryfirvöld ákveðna byggingarleyfisumsókn varðandi lóðir þeirra við Aðalstræti, en ég ítreka í því sambandi, að þýðingarlaust var að leggja inn umsókn um byggingarleyfi til byggingarnefndar, fyrr en skipulagsnefnd hafði fjallað um málið, þar sem skipulag vantaði á þessum reit. Ég tel skipulagið 1949 á dómskjali nr. 33 vera lítið unnið, og sá skipulagsuppdráttur var nánast gerður til þess, að hægt væri að byggja Morgunblaðshúsið. Það var hægt að mínu áliti, en þýðingarlaust, að leggja fram umsókn um byggingarleyfi fyrir byggingarnefnd á lóðunum nr. 8, 10, 12, 14 og 16 á grundvelli skipulagsuppdráttarins frá 1949, þar sem víst var, að byggingarnefnd myndi vísa málinu til skipulagsnefndar. Ég lagði því uppdrættina beint fyrir skipulagsnefnd. Bredsdorff gerði tillögu að nýju skipulagi, sbr. bls. 151 í bókinni Aðalskipulag Reykjavíkur 1962—83. Eigendur Silla & Valda báðu mig að reikna út, hver nýting lóða þeirra við Aðalstræti yrði samkvæmt tillögum Bredsdorff. Það gerði ég, og það kom í ljós, að nýting lóðanna var samkvæmt þessum tillögum miklu minni en þeir gátu sætt sig við. Þeir fengu mig með sér á fund borgarstjóra og mótmæltu þessu nýja skipulagi hvað

þá varðaði. Þeim mótmælum var fylgt eftir með bréfi. Seinna fékk Reykjavíkurborg arkitekta, ég man, að einn þeirra var Haraldur Haraldsson, til þess að gera nýjar skipulagstillögur fyrir Grjótaþorpið. Alla vega kom fram ný tillaga af skipulagi fyrir Grjótaþorp fyrir 1970. Ég fékk þá tillögu til athugunar, og ég reiknaði út nýtingarhlutfall á lóðum Silla & Valda. Eigendur Silla & Valda töldu það einnig of lágt. Enn gekk ég með eigendunum á fund borgarstjóra, og var þessari nýju tillögu mótmælt að því er varðaði nýtingu á lóðum þeirra. Ég held, að þar með hafi mínum afskiptum verið lokið af þessum málum. Ég teiknaði húsið Austurstræti 17 fyrir Silla & Valda, og mig minnir, að ég hafi byrjað á þeirri teiknivinnu 1962. Eftirfarandi spurningu frá lögmanni stefnda: „Telur vitnið, að höfnun borgaryfirvalda á tillögum þess að byggingum á lóðum Silla & Valda við Aðalstræti hafi haft áhrif á veitingu byggingarleyfis að Austurstræti 17 eða tengist því máli á einhvern hátt?", svara ég þannig: Ég tel, að það hafi ekki haft bein áhrif á veitingu byggingarleyfis, en ég varð var við mikinn velvilja í skipulagsnefnd og byggingarnefnd í sambandi við þetta mál, og ég hafði á tilfinningunni, að það væri fyrst og fremst vegna þess, hversu erfiðlega hafði gengið að fá leyfi til að byggja við Aðalstræti. Varðandi hæð hússins við Austurstræti 17 er það að segja, að á sama tíma höfðu borgaryfirvöld leyft Útvegsbanka Íslands að byggja jafnhátt hús á lóðinni nr. 19 við Austurstræti. Ég teiknaði einnig verslunarhús fyrir Silla og Valda, sem nú ber nafnið Glæsibær, að Álfheimum 74. Húsið er byggt á leigulóð, sem fyrirtækinu var úthlutað frá Reykjavíkurborg. Ég veit ekki, hvort úthlutun lóðarinnar tengist nokkuð vandamálum eigendanna að fá að byggja hús á lóðum sínum við Aðalstræti. Þetta mun vera eina lóðin, sem Silli & Valdi hafa fengið úthlutað frá Reykjavíkurborg. Ég man nú ekki, hvernig ég teiknaði enda húsaraðarinnar við Túngötu á tillögunni, sem tekin var fyrir á fundinum 7. nóvember 1960. Ég man nú ekki, hve langt húsið samkvæmt tillögunni átti að ná til suðurs, en mig minnir, að það hafi verið út á lóðina nr. 18 við Aðalstræti. Varðandi skipulag Grjótaþorps að öðru leyti þá gerði ég mínar sérstöku tillögur, sérstaklega við Garðastræti."

Hannes Kr. Davíðsson arkitekt hefur hér fyrir dómi 11. júlí 1980 skýrt svo frá: „Á árinu 1978 var ég ráðinn af stefnanda Þorkeli Valdimarssyni til þess að gera uppdrátt af nýrri byggingu á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti. Ég gerði Þorkeli grein fyrir því, að áður heldur en hafist væri handa um framkvæmd uppdráttanna sjálfra, þá yrði að liggja fyrir nokkuð ljóst þau skipulagsákvæði, sem fylgja skyldi. Þorkell ítrekaði við mig, hvort samt væri ekki rétt að teikna ákveðið hús, en ég hefi ekki hafist handa um það, þar sem ég tel það óforsvaranlega meðferð á fé skjólstæðings míns að leggja fé í dýra uppdráttagerð, meðan skipulagsákvæði liggja ekki ljós fyrir. Starf mitt hefur því verið í því fólgið að vera Þorkeli til ráðuneytis og hjálpar

í viðleitni hans til þess að fá fram ákveðin skipulagsákvæði, sem gerðu það réttlætanlegt, að hafist væri handa um teikningu húss, enda er það í byggingarreglugerðum, að uppdrætti skuli gera í samræmi við gildandi skipulag."

Aðalsteinn Magnússon Richter gaf hér fyrir dómi 15. júlí 1980 svofellda skýrslu: „Ég tók við starfi skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar á miðju ári 1959 og hef enn þann starfstitil, þrátt fyrir það að í dag sé komið nýtt skipulag á, eftir að svonefnt Borgarskipulag Reykjavíkur var sett á stofn um síðustu áramót. Ég minnist þess, að á fundi samvinnunefndar um skipulagsmál 7. nóvember 1960 lá frammi tillaga Bárðar Daníelssonar um byggingar í Grjótaþorpi, en ég man nú ekki, hvort skipulagstillaga frá Bárði um Grjótaþorpið í heild lá frammi. Ég hef sjálfur leitað að tillöguuppdráttum Bárðar Daníelssonar, sem um var fjallað á þessum fundi, og fleiri starfsmenn hafa reynt að grafa upp tillöguuppdrætti Bárðar, en þeir hafa ekki fundist í skjölum Reykjavíkurborgar. Tillöguuppdrættirnir voru ljósrit, en ekki frumrit, a. m. k. man ég ekki betur. Ég man ekki, hvort tillöguuppdrættir Bárðar voru teiknaðir í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt, sem samþykktur var í ágúst 1949. Bæði ég og aðrir þeir, sem unnu að skipulagsmálum Reykjavíkurborgar á þessum tíma, töldu, að nýtingarhlutfall og húsahæðir við Aðalstræti væru mun meiri á tillöguuppdráttum Bárðar heldur en menn voru þá með í huga. Það, sem áður hafði gerst, var, að á miðju ári 1960 var prófessor Bredsdorff ráðinn til að vinna að skipulagsmálum Reykjavíkur. Tillöguuppdrættir Bárðar voru fljótlega lagðir fyrir Bredsdorff, og var hann sammála mér, að tillagan bryti mjög í bága við sjónarmið okkar varðandi nýtingarhlutfall og húsahæðir vestan Aðalstrætis. Mig minnir, að á tillöguuppdráttum Bárðar hafi verið gert ráð fyrir 10 eða 11 hæða byggingum við Aðalstræti. Mér hefur verið bent á, að í bókinni Grjótaþorp 1980, dómskjali nr. 96, bls. 23, standi varðandi Aðalstræti 6: „Fyrstu hugmyndir að því húsi, frá 1949 sýna 4 hæða hús, seinna voru gerðar teikningar að 11 hæða húsi og loks 7 hæða". Ég tel þarna rétt frá greint. Hins vegar get ég nú ekki fullyrt, hvort ég hefi séð uppdrætti að 11 hæða húsi á nefndri lóð. Gunnar Hansson húsateiknari teiknaði Morgunblaðshúsið. Ég vissi, að hann hafði hugmyndir um hærra hús en 7 hæðir og mjög sennilega allt að 11 hæðum. Ég veit hins vegar ekki til þess, að byggingar- og skipulagsyfirvöld í Reykjavík hafi fjallað um eða samþykkt hærra hús á lóðinni en 7 hæða hús. Morgunblaðshúsið var reist á þeim tíma, þegar fjárfestingartakmarkanir voru hér á landi. Leiddi það til þess, að það kom fyrir, að byggingarnefnd samþykkti aðeins þá hluti byggingar, sem fjárfestingarleyfi lá fyrir um. Mér hefur verið bent á, að á dómskjali nr. 16, sem er spjaldskrá Byggingarfulltrúaembættisins, stendur „979/55 samþ. 29/12 að setja bráðabirgðaþak á húsið. Gjald kr.

45.00". Ég get ekki sagt um, hvort þarna er gert ráð fyrir hærra húsi heldur en þegar var búið að byggja. Það gæti bent til þess, en þarf þó ekki að vera. Áður en bókin „Aðalskipulag Reykjavíkur 1962—83" var gefin út, fékk vinnuhópur, þar sem í voru Haraldur V. Haraldsson arkitekt, Jósep Reynis arkitekt og Úlfur Guðmundsson verkfræðingur hjá Gatnadeild Reykjavíkurborgar, það verkefni að gera tillögu að deiliskiplagi í Grjótaþorpi. Þeir skiluðu eftir því sem ég best man tillöguuppdrætti að skipulagi Grjótaþorps á árinu 1964, snemma árs. Ég man, að tillöguuppdrættir þeirra voru lagðir fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál eða skipulagsnefnd. Tillögunum var hafnað, og gerð var ný tillaga, sem sýnd er á bls. 151 og 152 í nefndri bók. Tillögurnar á bls. 151 og 152 voru unnar af skipulagsmönnum Reykjavíkurborgar undir minni stjórn og í samráði við prófessor Bredsdorff. Sérstaklega aðspurður vil ég taka fram, að Sigurliði Kristjánsson og Valdimar Þórðarson komu á minn fund á miðju sumri 1959 og ræddu sín áhugamál í Grjótaþorpi. Ekkert vissi ég þá um vinnu Bárðar Daníelssonar að tillöguuppdráttum. Um þá tillögu vissi ég ekkert fyrr en á fundinum 7. nóvember 1960 eða þar um bil. Þeir heimsóttu mig oft og fylgdust með skipulagsvinnu bæði áður og eftir að Bredsdorff varð ráðunautur Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum á miðju ári 1960. Reykjavíkurborg hafði tvo valkosti að samþykkja byggingarleyfi fyrir Silla & Valda í Austurstræti 17 eða í Grjótaþorpi. Vegna þeirrar skipulagsvinnu, sem í gangi var í Grjótaþorpi, tók Reykjavíkurborg þann valkostinn að veita Silla & Valda byggingarleyfi í Austurstræti, þar sem var um fastmótaðra skipulag að ræða, enda þótt viss vandamál skipulega séð væru þar einnig fyrir hendi. Ég tel, að með veitingu byggingarleyfis í Austurstræti hafi Sigurliði og Valdimar sætt sig við að bíða eftir frekara skipulagi í Grjótaþorði og þannig hafi byggingarleyfið í Austurstræti tengst vandamálum þeirra um byggingar í Grjótaþorpi að mínu mati. Seinna hafði ég með skipulag á lóð, sem þeir fengu úthlutað við Álfheima, og hafði um það samvinnu við Bárð Daníelsson, arkitekt þeirra. Ég minnist þess ekki, að eftir að byggingarleyfi að Austurstræti 17 hafði verið afgreitt, að Sigurliði eða Valdimar hafi knúið á um byggingarmöguleika eða byggingarleyfi í Grjótaþorpi. Þeir komu hins vegar oft á minn fund út af Álfheimalóðinni og byggingu, sem þeir reistu þar og gengur undir nafninu Glæsibær. Þess skal getið, að í skipulagstillögum að lóðinni að Álfheimum var gert ráð fyrir sérstöku svæði fyrir lyfjaverslum, en sem að ósk lóðarhafa var fellt niður, svo að Silli & Valdi fékk alla lóðina.

Lögmaður stefnenda hefur spurt mig, hvers vegna ekki liggi fyrir endanlegt deiliskipulag af miðborg Reykjavíkur, þar á meðal Grjótaþorpi. Ég vildi óska þess, að ég gæti svarað því í fáum orðum, en svar mitt er: að hin lauslega tillaga í Aðalskipulagsbókinni a bls. 151 og 152 sýni fyrstu

viðleitni að deiliskipulagi á grundvelli hins nýja aðalskipulags. Margar ástæður urðu þess valdandi, að numið var staðar við deiliskipulagsgerðina, staðfestingarmál aðalskipulagsins, mikið annríki í sambandi við skipulag nýrra byggingarsvæða er þess valdandi, að það er fyrst upp úr 1970 settur á laggirnar vinnuhópur arkitekta að gerð deiliskipulags að Grjótaþorpi. Gústaf E. Pálsson borgarverkfræðingur hafði á sínum tíma mikinn áhuga á að stuðla að lausn byggingarmöguleika í Grjótaþorpi og hefði borist ósk frá Silla & Valda um byggingar á lóðum þeirra við Aðalstræti, eftir að aðalskipulagið var staðfest, þá tel ég víst, að slíkt erindi hefði verið tekið til rækilegrar íhugunar. Með staðfestingu aðalskipulagsins og þeim lauslegu hugmyndum að deiliskipulagi, sem fram kom í bókinni, þá tel ég hafi myndast grundvöllur fyrir, að kannaður yrði nánar byggingarmöguleiki á svæðinu. Síðar komu fram breytt sjónarmið um skipulag í Grjótaþorpi, og í janúar 1975 lá fyrir skipulagstillaga að Grjótaþorpi eftir arkitektana Guðmund Kr. Guðmundsson og Ólaf Sigurðsson."

VII.

Álit dómsins.

A. Svo sem fram kemur í gögnum málsins, festi fyrirtækið Silli & Valdi kaup á fasteignunum nr. 8, 10, 12, 14 og 16 við Aðalstræti á sínum tíma.

Ljóst er, að það var ætlan eigenda fyrirtækisins, þeirra Sigurliða Kristjánssonar og stefnandans Valdimars Þórðarsonar, að minnsta kosti um skeið, að byggja stórhýsi, samfellda húsaröð, á lóðum þessum. Eigi varð þó úr byggingarframkvæmdum. Margþættar ástæður munu hafa staðið því í vegi. Í fyrsta lagi virðast eigendur aldrei hafa getað sætt sig fyllilega við gildandi skipulag á hverjum tíma eða þær hugmyndir, sem borgaryfirvöld höfðu þar um. Í öðru lagi þurfti að rífa niður og fjarlægja þrjú til fjögur verslunarhús, sem stóðu á lóðunum. Í þriðja lagi var fyrirtækið í óða önn að kaupa nýjar fasteignir og byggja verslunarhús á öðrum stöðum í borginni, Minna má á í því sambandi, að fyrirtækið reisti m. a. stórt hús á horni Hverfisgötu og Klapparstígs og enn stærra hús á lóðinni nr. 17 við Austurstræti og síðan stórhýsið við Álfheima, sem gengið hefur undir nafninu Glæsibær, en leigulóð undir það hús var úthlutað til fyrirtækisins af Reykjavíkurborg. Þar við bætist, að fyrirtækið hafði með höndum umfangsmikinn verslunarrekstur víðsvegar um borgina, en höfuðstöðvar eða aðalbækistöð höfðu eigendur lengst af einmitt í húsum sínum við Aðalstræti.

Stefnandinn Valdimar Þórðarson hefur, svo sem áður er frá greint, lýst því yfir hér fyrir dómi, að fyrirtækið Silli & Valdi hafi aldrei lagt inn umsókn hjá byggingaryfirvöldum Reykjavíkurborgar um að fá að reisa

ákveðnar byggingar á lóðum félagsins við Aðalstræti nema viðbyggingu við Aðalstræti 8.

Ekkert er fram komið um það, að stefnandinn Valdimar Þórðarson hafi persónulega eða fyrir hönd Silla & Valda lagt fyrir byggingaryfirvöld Reykjavíkur ákveðna byggingarleyfisumsókn varðandi endurbyggingu húss á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti, á meðan lóðin var í eigu Silla & Valda eða meðan hún var einkaeign hans samvæmt skiptayfirlýsingunni frá 31. ágúst 1977.

Gegn andmælum stefnda er ósannað, að stefndi hafi staðið í óbættum sökum við Silla & Valda, á meðan það fyrirtæki átti umrædda lóða, eða við stefnandann Valdimar Þórðarson, á meðan hann var einkaeigandi lóðarinnar, vegna skipulagsákvarðana borgaryfirvalda eða aðgerðarleysis um deiliskipulagninu þess hverfis, sem margnefnd lóð er hluti af.

Við framangreint bætist svo það, að stefnandinn Valdimar Þórðarson afhenti nefnda lóð ásamt húsi, sem á henni stóð, sem fyrirframgreiðslu upp í arf til sonar síns, stefnandans Þorkels Valdimarssonar, með yfirlýsingu, dagsettri 11. október 1977. Var fasteignin afhent Þorkeli kvaðalaus að öðru leyti en því, að hún skyldi vera séreign hans, ef hann gengi í hjónaband.

Eigi verður séð, að stefnandinn Valdimar áskildi sér nokkurn rétt til skaðabóta úr hendi stefnda í sambandi við fasteign þessa, þegar hann tók við henni við eignaskiptin 31. ágúst 1977 eða þegar hann afhenti fasteignina sem fyrirframgreiðslu upp í arf til sonar síns. Var yfirlýsingum um þessar eignayfirfærslur þinglýst án nokkurs fyrirvara eða athugasemda að þessu leyti.

Þá greiddi þessi stefnandi fasteignagjöld af umræddri fasteign, á meðan hann átti hana, án þess að gera nokkurn fyrirvara þar um.

Mál þetta til greiðslu skaðabóta úr hendi stefnda er síðan fyrst höfðað 27. júní 1979.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans Valdimars Þórðarsonar í máli þessu.

Þrátt fyrir hina háu kröfufjárhæð sóknaraðilja í málinu og úrslit varðandi þennar stefnanda málsins þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður að því er hann varðar falli niður.

B. Stefnandinn Þorkell Valdimarsson eignaðist fasteignina nr. 8 við Aðalstræti, þegar foreldrar hans, Valdimar Þórðarson og Elín Þorkelsdóttir, afhentu honum hana sem fyrirframgreiðslu upp í arf með yfirlýsingu, dagsettri 11. október 1977.

Gegn andmælum stefnda er ósannað, að stefnandinn Þorkell hafi við eignaryfirtökuna jafnframt fengið eignarrétt á einhverjum bótakröfum eða endurgjaldskröfum, sem foreldrar hans hafi átt vegna samskipta þeirra við Reykjavíkurborg, áður en þau undirrituðu yfirlýsinguna 11. október 1977.

Að því er varðar stefnandann Valdimar vísast til þess, sem greinir undir A hér að framan.

Kemur þá til álita, hvort stefnandinn Þorkell Valdimarsson hafi í samskiptum sínum við Reykjavíkurborg öðlast bóta- eða endurgjaldskröfu á hendur stefnda út af nefndri lóð, eftir að hann eignaðist umrædda fasteign þann 11. október 1977.

Þegar Þorkell varð eigandi fasteignarinnar Aðalstrætis 8, gerði hann sér fljótlega ljóst, að eignin var honum óarðbær. Vegna aldurs og langvarandi viðhaldsleysis var ekki unnt að leigja nema hluta af húsinu, enda þótt það stæði á góðum stað í borginni. Hann ritaði því borgarráði bréf strax 6. febrúar 1978. Þar segir m. a. svo:

„Vegna hugmynda, sem nú eru uppi um að varðveita Grjótaþorp og þá ekki síst hús, sem tilheyra Valdimar Þórðarsyni og börnum hans, rita ég bréf þetta. Ekki viljum við standa gegn þessum hugmyndum, en óvissan um framtíð svæðisins hefur gert eigendum mjög erfitt fyrir. Viðhald er kostnaðarsamt, rekstrargrundvöllur nánast enginn, en fasteignaskattar ofboðslegir.

Ég undirritaður, ásamt Inga R. Jóhannssyni umboðsmanni sameigenda, gekk á fund borgarstjóra hinn 3. þessa mánaðar til að ræða við hann um, hvernig leysa megi þetta mál, svo að báðir aðilar megi vel við una. Í viðtalinu bentum við á a. m. k. tvær leiðir, annað hvort að borgin keypti eignirnar eða samið yrði um einhver makaskipti. Ef borgarráð vill taka upp viðræður við okkur um þetta, þá er þess óskað, að tilnefndur verði fulltrúi, einn eða fleiri og þá hið allra fyrsta. Eigendur hafa beðið hálfa öld eftir, að þetta svæði yrði endanlega skipulagt, án árangurs og finnst nú tímabært, að niðurstaða fáist."

Áður eða með bréfi, dagsettu 17. janúar 1978, hafði Þorkell ásamt systkinum sínum tveimur og föður ritað borgarstjórn Reykjavíkur bréf varðandi lóðirnar nr. 8, 10, 12, 14 og 16 við Aðalstræti. Er þess m. a. óskað í bréfinu, að samráð verði haft við bréfritara vegna umfjöllunar skipulagsnefndar á skipulagsmálum Grjótaþorps.

Ekki var bréfi stefnandans Þorkels frá 6. febrúar 1978 svarað. Hann ritaði því borgarráði á ný bréf, sem dagsett er 9. júlí 1978. Í bréfi þessu er skírskotað til bréfsins frá 6. febrúar. Síðan segir:

„Afgreiðsla fékkst ekki á málinu frekar en fyrr.

Vegna þess að nú hefur ný borgarstjórn tekið við málefnum Reykjavíkur, leyfi ég mér að ítreka fyrri tilmæli um, að tilnefndur verði fulltrúi af yðar hálfu til þess að taka upp samninga við okkur lóðareigendur um, hvernig málunum verði haganlegst fyrir komið, áður en allt leiðist í enn verra óefni en nú er. Við hljótum að leiða athygli yðar að því, að samkvæmt nýsamþykktum byggingarlögum, er taka gildi hinn 1. janúar n. k., er óheimilt

m. a. að rífa hús eða breyta því eða notkun þess nema með leyfi byggingarnefndar, en við höfum einmitt hugsað okkur að raska nokkuð jarðvegi í þessu svonefnda Grjótaþorpi, og niðurrif ónothæfra gamallra húsa á þessu svæði er komið á framkvæmdarstig.

Um notagildi húsanna á þessu svæði, að minnsta kosti sumra þeirra, þarf varla að ræða svo og ólögmæta stöðu þeirra vegna brunahættu, en þó er sjálfsagt að láta fara fram á því mat óvilhallra sérfróðra dómkvaddra manna, ef yður virðist það nauðsynlegt.

Við teljum okkur hafa ástæðu til þess að ætla, að núverandi borgarmeirihluti sé til viðræðu um málið. Ef við höfum samt ekkert heyrt frá hinu háttsetta borgarráði varðandi þetta erindi fyrir hinn 20 þ. m., munum við líta svo á, að ekki sé óskað viðræðna af hálfu háttvirts borgarráðs um þetta málefni."

Þorkell ritaði bréf til slökkviliðsstjórans í Reykjavík, einnig dagsett 9. júní 1978, og spurðist þar fyrir um eldhættu í sambandi við húsið nr. 8 við Aðalstræti.

Í svarbréfi slökkviliðsstjóra, dagsettu 14. júní 1978, er m. a. vitnað til bréfs eldvarnareftirlitsins til Sigurliða Kristjánssonar, dagsetts 24. apríl 1970. Í bréfum þessum er greint frá mikilli brunahættu, sem húsin nr. 6, 8 og 10 skapa hvert öðru. Einnig er bent á mjög kostnaðarsamar ráðstafanir viðvíkjandi Aðalstræti 8, sem þó miði nær eingöngu við það að verja næstu hús. Þá segir í lok bréfsins frá 14. júní:

„Með mjög kostnaðarsömum aðgerðum væri hugsanlega hægt að gera húsið hæft til takmarkaðra afnota (dagnotkun, fátt fólk) en það er ekki með neinum aðgerðum hægt að gera húsið þannig úr garði, að það geti hýst þannig starfsemi, sem verið hefur til umræðu í blöðum nú að undanförnu."

Þann 8. desember 1978 ritaði Þorkell Valdimarsson enn bréf til borgarráðs. Í bréfinu segir m. a. svo:

„Eins og háttvirt borgarráð mun minnast, lýsti ég því yfir 21. júní s.l., að ég mundi gefa Reykjavíkurborg húsið Aðalstræti 8 (Fjalakötturinn) með því skilyrði, að húsið yrði fjarlægt af lóðinni fyrir 27. des. n.k.

Ég vil því beina þeim tilmælum til hæstvirts borgarráðs, að það svari nú þegar, eða eigi síðar en 9. des. 1978, hvort það hyggst taka hinu skilyrta gjafaloforði mínu, en það var fólgið í því, að ég afhenti Reykjavíkurborg húsið til brottflutnings af lóðinni. Ég er reiðubúinn til að veita lengri frest til brottflutningsins, ef gjafaboði mínu verður tekið, þó ekki lengur en til 1. maí n.k. Í annan stað vil ég benda á, að ég er áfram reiðubúinn til viðræðna við borgaryfirvöld um hugsanlega sölu á lóð og húsi við Aðalstræti 8, sem þá yrði að vera lokið fyrir 22. des. n.k."

Borgarráð mun ekki hafa svarað ofangreindu bréfi Þorkels.

Byggingarlög nr. 54/1978 öðluðust gildi 1. janúar 1979. Í 9. gr. laganna segir, að óheimilt sé að rífa hús, nema að fengnu leyfi byggingarnefndar og að gætt skuli ákvæða IV. kafla laga nr. 52/1969 um friðun húsa og annarra mannvirja í sambandi við niðurrif húsa.

Stefnandinn Þorkell lét ekki rífa húsið Aðalstræti 8 fyrir 1. janúar 1979, svo sem hann hafði ráðagerð um, og hefur hann í kafla VI hér að framan gert grein fyrir þeim ástæðum, að hann lét ekki niðurrif fara fram.

Með bréfi, dagsettu 16. febrúar 1979, óskaði Þorkell þess við byggingarnefnd Reykjavíkur, að honum yrði veitt leyfi til að rífa húsið. Byggingarnefnd samþykkti af þessu tilefni 22. s. m. eftirfarandi bókun, sem tilkynnt var Þorkeli með bréfi 6. mars 1979:

„Þar sem nú hefur verið hafinn vinna við skipulag miðbæjarkvosarinnar og þar með Grjótaþorpsins á vegum Þróunarstofnunar Reykjavíkurborgar, verður ekki unnt að svara erindinu, fyrr en niðurstaða þessarar vinnu liggur fyrir. Fyrirspurn verði send skipulagsnefnd um, hvað líði skipulagi á svæðinu."

Þorkell ítrekaði beiðni sína um að fá að rífa húsið Aðalstræti 8 með bréfi 13. mars 1979. Borgarráð fól þá borgarstjóra 23. s. m. að taka upp viðræður við Þorkel „um möguleika á makaskiptum eða kaupum á umræddri fasteign." Þær viðræður báru ekki árangur. Höfðuðu stefnendur svo mál þetta 27. júní 1979.

Með bréfi, dagsettu 1. febrúar 1980, til borgarráðs óskaði lögmaður stefnenda svars „við þeirri spurningu, hvort heimilt sé að byggja hús á lóðinni Aðalstræti 8 í samræmi við skipulagsuppdrátt þann af Aðalstræti og umhverfi þess, sem samþykktur var af borgarstjórn Reykjavíkur 5. ágúst 1949 í samræmi við þá nýtingu lóðar, sem gildandi aðalskipulag segir til um."

Í svari borgarráðs kom þetta fram:

„Því er til að svara, að skipulagsuppdráttur sá af Aðalstræti og umhverfi þess, sem borgarstjórn samþykkti 5. ágúst 1949, féll úr gildi við staðfestingu aðalskipulagsins 1967, raunar mætti miða við samþykkt borgarstjórnar á miðju ári 1965. Ekki verður þó fullyrt, hvaða gildi uppdrátturinn frá 1949 hefur haft skv. þágildandi skipulagslögum.

Nýtt deiliskipulag af byggð við Aðalstræti hefur ekki verið samþykkt.

Fyrirspurninni, eins og hún er orðuð, ber því að svara neitandi, ekki er heimilt að byggja hús á lóðinni Aðalstræti 8 í samræmi við uppdrátt, sem samþykktur var í borgarstjórn 5. ágúst 1949.

Varðandi þann þátt fyrirspurnarinnar, sem snertir nýtingarhlutfall skv. núgildandi aðalskipulagi, skal bent á, að nýtingarhlutfallið er 2.0 fyrir þann hluta Grjótaþorps, sem er austan fyrirhugaðrar Suðurgötu. Nýtingarhlutfallið er miðað við heildina, en ekki hverja lóð um sig.

Nýtingarhlutfall lóðarinnar Aðalstræti 8 er nú 2.37."

Þegar stefnandinn Þorkell eignaðist fasteignina nr. 8 við Aðalstræti, var svokallað aðalskipulag, sem staðfest var 3. júlí 1967, enn í gildi á því svæði, sem lóðin nr. 8 við Aðalstræti er hluti af, en svæði þetta gengur undir nafninu Grjótaþorp. Aðalskipulagið er ennþá í gildi í Grjótaþorpi, enda þótt það hafi ekki komið þar til framkvæmda.

Á bls. 151 í bókinni „Aðalskipulag Reykjavíkur 1962—83", sem Reykjavíkurborg gaf út 1966 í sambandi við gerð hins svokallaða aðalskipulags, eru tvær myndir. Önnur myndin er uppdráttur „af fyrirhugaðri byggð í Miðbænum, lauslegur frumdráttur." Hin myndin sýnir „lauslega fyrirhugaða byggð við Aðalstræti." Samkvæmt aðalskipulaginu og þeim hugmyndum, sem fram koma í ofangreindum tveimur myndum, er gert ráð fyrir, að verslunar- og skrifstofuhús verði reist vestanvert við Aðalstræti. Gert er ráð fyrir, að húsið á lóðinni nr 6 við Aðalstræti, svokallað Morgunblaðshús, standi áfram. Þá virðist gert ráð fyrir tveimur háhýsum, jafnháum Morgunblaðshúsinu, en þó minni að grunnfleti, öðru sunnan við Morgunblaðshúsið, en hinu norðan við það. Milli þessara þriggja húsa eru hins vegar sýndar lægri byggingar, aðeins þriggja hæða. Ekkert deiliskipulag hefur verið gert af Grjótaþorpinu samkvæmt aðalskipulaginu, en þær deiliskipulagshugmyndir, sem á blað eru stettar þarna í bókinni, gera ráð fyrir aðeins þriggja hæða húsi einmitt á lóðinni nr. 8 við Aðalstræti. Hærri byggingin, sunnan Morgunblaðshússins, sem áður er á minnst, virðist hins vegar vera sunnan við lóðina nr. 8 við götuna, þ. e. sunnan við lóð stefnandans Þorkels.

Þegar stefnandinn Þorkell Valdimarsson eignaðist margnefnda lóð nr. 8 við Aðalstræti með því að taka við henni sem fyrirframgreiðslu upp í arf 11. október 1977, mátti hann gera sér grein fyrir, að skipulagshugmyndir samkvæmt aðalskipulaginu höfðu allt frá árinu 1965 verið uppi um það, að á lóðinni risi tiltölulega lág bygging.

Óvissa virðist hins vegar nú vera um það, hvort aðalskipulagið, sem enn er í gildi í Grjótaþorpi, komi nokkurn tíma til framkvæmda.

Á þessu ári hefur verið lögð fram ný skipulagstillaga að skipulagi í Grjótaþorpi, gerð á vegum borgarskipulags Reykjavíkur. Skipulagstillaga þessi er gerð samkvæmt ákvörðun borgarráðs frá 20. apríl 1979. Í skipulagstillögu þessari, sem liggur frammi á dómskjali nr. 96, segir, að síðastliðin 50 ár hafi hugmyndir manna um nýja og glæsilega byggð í Grjótaþorpi ekki orðið að veruleika. Skipulagstillagan geri hins vegar ekki ráð fyrir gerbreyttum hugmyndum um skipulag á þessum stað, þ. e. „að varðveita skuli húsin í Grjótaþorpi og byggja áfram á þeim verðmætum, sem fyrir eru." Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir, að húsið á lóðinni nr. 6 við Aðalstræti standi áfram.

Lóðin Aðaltræti 8 er nú talin vera 696 fermetrar að stærð. Húsið, sem á lóðinni stendur, hefur verið byggt í áföngum og er eins konar húsasamstæða. Húsið er járnvarið timburhús. Elsti hluti þess mun vera geymsluhús Innréttinganna frá árinu 1750. Húsið er m. a. þannig saman sett: a. Framhús, sem er jarðhæð, tvær hæðir og ris. b. Bakhús, sem er kjallari, tvær hæðir og ris. c. Salur, sem er í kjallara, og tvær hæðir. Grunnflötur hússins mun vera um 442 fermetrar og gólffletir alls 1663 fermetrar, en rúmmál um 3375 rúmmetrar. Fasteignamat hússins, sem tók gildi 1. des. 1979, er kr. 22.766.000, en lóðarinnar kr. 202.817.000. Húsið er í mikilli niðurníðslu, enda hefur því lítið verð haldið við um langt skeið. Eftir að stefnandinn Þorkell varð eigandi fasteignarinnar, hafa álögð fasteignagjöld (fasteignaskattur, lóðarskattur, vatnsskattur og sérstakur skattur) verið sem hér segir: 1978 kr. 985.608, 1979 kr. 2.422.125 og 1980 kr. 3.749.086. Húsaleigutekjur stefnanda af húsinu voru árið 1978 kr. 3.381.360, á árinu 1979 kr. 3.844.371 og fyrstu ellefu mánuði ársis 1980 kr. 2.743.124.

Ástandi skipulagsmála í Grjótaþorpi er lýst svo í greinargerð að skipulagi Grjótaþorps, sem gerð var 1980 á vegum borgarskipulags Reykjavíkur:

„Þrátt fyrir margar skipulagstillögur um endurnýjun byggðar í Grjótaþorpi hefur lítið orðið úr framkvæmdum. Í meira en hálfa öld hefur ákvörðun um niðurrif húsanna vofað yfir og enginn húseigandi eða íbúi lagt í meiri fyrirhöfn eða kostnað við lagfæringar og viðhald en bráðnauðsynlegt hefur reynst.

Skiljanlegt hlýtur það að teljast, að lítil alúð hefur verið lögð í viðhald húsanna, þar sem framtíðarsýnin var sú, að þau skyldu hverfa.

Þegar um 1937 voru húsin í slíkri niðurníðslu, að til vansa þótti, og skrifaðar voru blaðagreinar um nauðsyn þess, að úr yrði bætt með því að rífa þau að grunni. Síðan hefur þeim hrakað jafnt og þétt og eru nú sennilega mun verr á sig komin en þá.

Jafnhliða niðurníðslu húsanna hefur einnig orðið breyting á notkun þeirra. Félagslegu mati þeirra hefur hrakað, þeir, sem betur eru settir, hafa flestir kosið að búa um sig, þar sem öryggi er meira. Í seinni tíð hefur kveðið svo rammt að þessari félagslegu hnignun, að jafnvel hefur reynst erfitt að fá leigjendur að verslunarhúsnæði við Aðalstræti."

Fallast ber á með stefnanda, að óhóflegur dráttur hafi orðið á því hjá Reykjavíkurborg, að hún léti gera séruppdrátt af Grjótaþorpi á grundvelli aðalskipulagsins, sem staðfest var 1967, sbr. 11. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Málum er nú svo komið hjá stefnanda, að hann á allstórt hús á lóð, sem að öllu venjulegu ætti að vera mjög verðmætt. Húsið er orðið mjög gamalt og úr sér gengið vegna aldurs, byggingarlags og þess, að því hefur ekki verið haldið við af ástæðum, sem að nokkru má rekja til aðgerðarleysis

í skipulagsmálum Grjótaþorps, sem stefndi ber ábyrgð á. Kostnaður við endurbætur á húsinu í núverandi formi er að áliti dómsins mjög mikill. Jafnvel þótt til kostnaðarsamra viðgerða yrði gripið, má ætla, að erfitt sé að nýta húsið á fjárhagslegan hagkvæman hátt, m. a. vegna brunahættu við nálæg hús. Stefnandi hefur ekki fengið svar við þeirri spurningu, hvort hann megi rífa húsið, en áður hafði hann boðið stefnda húsið að gjöf, ef stefndi flytti það af lóðinni. Stefnandinn getur ekki leigt út nema hluta af húsinu.

Stefnandinn Þorkell eignaðist fasteignina 11. október 1977. Hann kvartaði strax við stefnda með bréfi sínu 6. febrúar 1978 undan drætti stefnda á skipulagningu Grjótaþorps. Hann hélt síðan linnulaust uppi kvörtunum, munnlegum og skriflegum, við stefnda án nokkurs árangurs.

Rétturinn lítur svo á, að aðgerðarleysi Reykjavíkurborgar um deiliskipulag á því svæði, sem hús stefnanda stendur á, sé svo verulegt, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart Þorkeli Valdimarssyni, svo sem hér stendur sérstaklega á, samkvæmt þeim grundvallarreglum skaðabótaréttar, sem hér eiga við, enda verður eigi á það fallist, að ákvæði 29. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 standi því í vegi. Þá verður heldur eigi á það fallist með stefnda, að fella eigi niður bótaábyrgð stefnda vegna þess, að stefnandi hafi ekki sótt um byggingarleyfi fyrir ákveðnu húsi á grundvelli núgildandi aðalskipulags í Grjótaþorpi, enda hefur afstaða stefnda í skipulagsmálum á þessu svæði verið slík, að stefnandinn mátti gera ráð fyrir, að kostnaðarsöm teiknivinna að nýbyggingu væri aðeins fjársóun.

Svo sem fram kemur í kafla III, 1 hér að framan, er aðeins gerð krafa í máli þessu um bætur fyrir liðinn tíma, enda virðist stefnandi ekki eiga margra kosta völ að leita réttar síns í þeirri úlfakreppu, sem aðgerðarleysi Reykjavíkurborgar um skipulagsmál Grjótaþorps hefur sett hann í.

Með vísan til þess, sem áður greinir, er ósannað, að Þorkell hafi, þegar hann eignaðist umrædda fasteign, jafnframt öðlast eignarrétt á bótakröfum eða endurgjaldskröfum á hendur stefnda vegna fyrri ára.

Við ákvörðun bóta til handa stefnandanum Þorkeli ber að líta til þess, að hann hefur ekki þrátt fyrir ábendingar af hálfu stefnda kært til yfirfasteignamatsnefndar, að lóðin nr. 8 við Aðalstræti væri of hátt metin í fasteignamati með tilliti til óvissu um framtíðarnýtingu lóðarinnar, sbr. t. d. úrskurð nefndarinnar frá 31. október 1980 varðandi fasteignina nr. 10 við Skólavörðustíg í Reykjavík.

Þá hafa ekki verið færð fram næg rök fyrir því, að ekki hefði mátt nýta húsið betur en gert hefur verið.

Þegar framangreint er virt og málavextir að öðru leyti, þykja skaðabætur til stefnanda fyrir tímabundið tjón til uppsögu dóms þessa hæfilega ákveðnar kr. 8.000.000. Stefnandinn hefur hins vegar ekki sannað, að hann eigi

rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnda vegna hins tímabundna tjóns.

Vexti af hinni tildæmdu fjárhæð ber stefnda að greiða, svo sem krafist hefur verið, enda hefur upphafstíma þeirra ekki verið mótmælt sérstaklega.

Stefndi greiði stefnandanum Þorkeli Valdimarssyni kr. 950.000 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandans Valdimars Þórðarsonar í máli þessu, en málskostnaður fellur niður að því er þennan stefnanda varðar.

Stefndi greiði stefnandanum Þorkeli Valdimarssyni kr. 8.000.000 með 43.5% ársvöxtum frá 20. maí 1980 til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, og kr. 950.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. apríl 1983.

Nr. 228/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Snæbirni Björnssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Björn Sveinbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Páll Björnsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1982. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákæruvalds, að felldar væru niður úr ákæru tilvitnanir í áfengislög, þ. e. 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. janúar sl.

Fyrir dómi hefur ákærði neitað því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðar í ökuferðinni að kvöldi 10. nóvember og aðfaranótt 11. nóvember 1980. Þegar vitnin Bjarki Jóhannesson og Ásmundur Sigurðsson, sem voru með ákærða í ökuferð þessari, komu fyrir dóm, báru þeir báðir, að þeir hefðu ekki séð áfengisáhrif á ákærða í umrætt skipti og ekki séð hann neyta áfengis. Tvö önnur vitni, sem ákærði hitti að kvöldi 10. nóvember, hafa komið fyrir dóm og einnig skýrt svo frá, að þau hafi ekki séð áfengisáhrif á ákærða. Er þetta rakið í héraðsdómi.

Engar upplýsingar eru í gögnum málsins um það, hvenær eða hvar ákærði var handtekinn. Ekki var honum tekið blóð til alkóhólákvörðunar, en slík rannsókn kynni að hafa getað veitt upplýsingar um, hvort hann hefði verið undir áhrifum áfengis nóttina áður. Engin lýsing er á því, hvort ákærði hafi borið einhver merki ölvunar eða undanfarandi ölvunar, þegar hann var handtekinn.

Með hliðsjón af því, sem nú er rakið, þykir gegn neitun ákærða varhugavert að telja fyllilega sannað, að hann hafi neytt áfengis við akstur bifreiðar í áðurgreindri ökuferð eða verið undir áhrifum áfengis, meðan á akstri stóð. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot á 1. og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði var sviptur ökuleyfi, er hann fór í margnefnda ökuferð. Með akstri sínum í ferð þessari hefur hann gerst brotlegur við 1. mgr. 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga, og þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og laun

skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Snæbjörn Björnsson, greiði 6.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og afplánist sektin með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 7. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 22. desember 1980, á hendur Snæbirni Björnssyni, Úlfljótsvatni í Grafningi, fæddum 13. september 1958 í Reykjavík, „fyrir að aka mánudagskvöldið 10. nóvember 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni X 3998 frá Efstadal í Laugardalshreppi, Árnessýslu, að Austurvegi þar í hreppnum og síðan um miðnætti þaðan að Laugarvatni og þar um þorpið og loks að Efstadal aftur og fyrir að hafa neytt áfengis við aksturinn.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980, kl. 0120, hringdi skólastjóri Húsmæðraskóla Suðurlands á Laugarvatni til lögreglunnar á Selfossi og tilkynnti um, að bifreiðinni X 3898 hafi verið ekið um Laugarvatn á mjög vítaverðan hátt.

Lögregluþjónar fóru þegar á Laugarvatn, en þegar þeir komu þangað, var bifreiðin X 3898 farin frá Laugarvatni.

Þarna á Laugarvatni hittu lögregluþjónarnir vitnið Val Þorvaldsson, ráðunaut á Selfossi, sem sagði þeim, að bifreiðinni X 3898 hafi verið ekið á mjög vítaverðan hátt um Laugarvatn, og sagði Valur, að merki eftir akstur bifreiðarinnar sæjust á gróðri þarna á Laugarvatni. Þá sagði Valur, að þrír menn hefðu verið í bireiðinni X 3898, og sagði Valur, að bifreiðinni hafi verið ekið austur úr byggðinni á Laugarvatni og hefði hann og fleiri reynt að fylgjast með ferðum hennar, en tapað af henni.

Lögregluþjónarnir leituðu bifreiðarinnar X 3898, svo sem kostur var, um Laugardal og inn að Efstadal og um Grímsnes, en bifreiðin fannst ekki.

Samkvæmt skráningu er eigandi bifreiðarinnar ákærði í máli þessu, Snæbjörn Björnsson, Úlfljótsvatni í Grafningi, en lögregluþjónunum tókst ekki að hafa upp á ákærða þá um nóttina, þó þeir færu að Úlfljótsvatni.

Ákærði var yfirheyrður vegna þessa máls þriðjudaginn 11. nóvember 1980, kl. 1235, og skýrði ákærði þá svo frá, að það hafi verið um kl. 0400 daginn áður, að hann hafi komið að Efstadal frá Ulfljótsvatni á bifreið sinni, X 3898, en um kl. 1800 hafi hann og Ásmundur Sigurðsson í Efstadal farið að drekka áfengi, en Ásmundur hafi átt talsvert af áfengi, aðallega vodka, og sagði ákærði, að þeir Ásmundur hefðu drukkið alls tvo lítra af sterku áfengi þá um kvöldið og nóttina, en ákærði sagði, að þeir hefðu farið frá Efstadal að Austurey í Laugardal um kl. 2130 - 2200 um kvöldið á bifreiðinni X 3898, og kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni, og sagði ákærði, að þá hefðu þeir Ásmundur verið vel „mjúkir", en ekki fullir.

Ákærði sagði, að þeir hefðu dvalið í Austurey fram undir miðnætti, en þá hefðu þeir farið að Laugarvatni og þá hafi vitnið Bjarki Jóhannesson farið með þeim, en þeir hefðu farið beina leið að Húsmæðraskóla Suðurlands og kallast þar á við stelpurnar inn um glugga skólans, en síðan kvaðst ákærði hafa ekið hring á stæðinu úti fyrir og upp á götuna, og kvaðst ákærði þá hafa óviljandi ekið niður staura í grindverkinu við aðalveginn, en síðan kvaðst hann hafa ekið á tvö grindverk að gamni sínu, en þetta kvaðst hann aðeins hafa gert, af því að hann hafi verið undir áfengisáhrifum.

Ákærði kvaðst verða að viðurkenna, að hann hafi verið alveg orðinn blindfullur, þegar að hann var þarna á Laugarvatni. Ásmundur hafi líka ábyggilega verið fullur, en ákærði kvaðst hugsa, að Bjarki gæti ekki hafa verið mjög drukkinn, því hann hafi byrjað svo miklu seinna að drekka en þeir Ásmundur.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft ökuréttindi, þegar þessi akstur fór fram, þar sem hann hafi verið sviptur ökuréttindum þá um sumarið vegna ölvunaraksturs.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi vegna þessa máls þann 4. júní 1981, og skýrði ákærði þá svo frá, að þegar lögregluranns6kn fór fram í máli þessu þann 11. nóvember 1980, hafi hann verið yfirheyrður af Jóni I. Guðmundssyni yfirlögregluþjóni og síðan af Tómasi Jónssyni varðstjóra, sem hafi skráð lögregluskýrsluna, sem tekin var af ákærða við upphaf rannsóknar máls þessa.

Ákærði sagði, að Jón hafi talað við sig einslega í skrifstofu Jóns á lögreglustöðinni á Selfossi. Ákærði sagði, að Jón hafi við þetta tækifæri sagt við sig: „Ég veit, að Ásmundur keyrði ekki, og þú ókst", og jafnframt hafi Jón sagt við ákærða, að hann ætti að vera maður til þess að viðurkenna að hafa ekið bifreiðinni. Ákærði kveðst þá hafa viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni X 3898 þrátt fyrir að hafa verið sviptur ökuleyfi.

Ákærði sagði, að Jón hafi, þegar hér var komið sögu, farið að tala um, að þeir félagar hefðu haft vín um hönd í bifreiðinni um nóttina og ákærði hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar, og sagði ákærði, að Jón hafi haldið þessu svo ákveðið fram og hagað orðum sínum á þann veg, að ákærði hafi verið farinn að líta svo á, að það væri sér helst til málsbóta að hafa verið ölvaður við aksturinn og hafi hann í þessu hugarástandi sagt Jóni, að hann hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar X 3898 þá um nóttina. Ákærði sagði, að þegar hann hefði verið búinn að játa fyrir Jóni, hafi Jón kallað á Tómas og hafi hann þá endurtekið fyrir Tómasi játningar sínar, en Tómas hafi skráð eftir honum skýrsluna, sem ákærði hafi skrifað undir í viðurvist votts.

Aðspurður sagðist ákærði hafa haft beyg af Jóni, sem hafi gert ákærða drulluhræddan, en ákærði kvaðst þó ekki geta sagt, að Jón hafi beitt sig hótunum eða þvingunum, en þó hafi sér þótt vissara að láta að hans vilja.

Aðspurður kvað ákærði Jón ekki hafa hótað að setja ákærða eða félaga hans í fangageymslu, en ákærði sagði, að Jón hafi sagt, að þeir félagar yrðu kyrrsettir, meðan málið væri í rannsókn, og kvaðst ákærði hafa skilið þessi orð svo, að þeir félagar yrðu lokaðir inni í fangageymslu. Þá kvaðst ákærði hafa verið „bláedrú" við akstur bifreiðarinnar X 3898 aðfaranótt 11. nóvember 1980, og kvaðst hann draga til baka þann þátt skýrslu sinnar fyrir lögreglunni 11. nóvember 1980, sem fjallar um áfengisneyslu ákærða og ölvun við akstur bifreiðarinnar X 3898, en ákærði sagði, að hann hafi verið nýlega búinn að breyta bifreiðinni X3898, áður en umræddur akstur átti sér stað þann 11. nóvember 1980, og sagði ákærði, að þetta væri skýringin á ökulagi hans.

Ákærði kom aftur hér fyrir dóminn 22. desember sl., og neitaði hann þá enn að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar X 3898 þann 11. nóvember 1980. Þegar ákærði var spurður um það, hvers vegna skýrsla hans fyrir lögreglunni þann 11. nóv. 1980 væri í svo veiga-

miklum atriðum í mótsögn við framburð hans fyrir dómi, sagði ákærði, að það væri vegna þess, að Jón Guðmundsson yfirlögregluþjónn hafi hótað að loka þá félaga inni, þegar lögregluyfirheyrslur stóðu yfir. Þá sagði ákærði, að ekki væri rétt bókað eftir sér í þinghaldinu 4. júní sl., þar sem haft var eftir ákærða, að Jón Guðmundsson yfirlögregluþjónn hefði sagt, að þeir félagar yrðu kyrrsettir, meðan lögreglurannsókn færi fram, en ákærði sagði, að hið rétta væri, að Jón hafi sagt, að þeir félag yrðu lokaðir inni, þar til málið væri rannsakað.

Þá sagði ákærði að við yfirheyrslur fyrir lögreglu þann 11. nóvember 1980 hafi honum ekki verið bent á, að hann gæti fengið sér skipaðan réttargæslumann.

Vitnið Ásmundur Sigurðsson, Efstadal, Laugardalshreppi í Árnessýslu, fæddur 23. október 1958, var yfirheyrt fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980.

Vitnið skýrði svo frá, að ákærði hafi komið heim til vitnisins í Efstadal um kl. 1530 þann 10. nóvember og hafi ákærði komið á bifreið sinni og verið í Efstadal til kl. 2100 - 2130 um kvöldið, en þá hefðu vitnið og ákærði farið saman í bifreið ákærða að Austurey í Laugardal og þar hefðu þeir verið fram undir miðnætti og neytt þar lítils háttar áfengis, að því er vitnið taldi einn tvöfaldan sjúss á mann, blandað í kók. Vitnið sagði, að þeir félagar hefðu síðan farið frá Austurey um miðnættið og farið að Laugarvatni, og sagði vitnið, að ákærði hafi þá ekið bifreið sinni, en eftir að ákærði hafði ekið um byggðina á Laugarvatni, hefðu þeir félagar haldið aftur að Efstadal og verið komnir þar um kl. 0300.

Vitnið Ásmundur Sigurðsson kom hér fyrir dóminn 4. júní sl., og sagði þá vitnið, að það teldi, að ákærði hafi ekki verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar X 3898 að kvöldi 10. nóvember og aðfaranótt 11. nóvember 1980. Vitnið kvaðst hvorki hafa séð ákærða neyta áfengis að kvöldi 10. nóvember né aðfaranótt 11. nóvember, og kvaðst vitnið ekki vita til þess, að ákærði hafi neytt áfengis, áður en fundum þeirra bar saman um kl. 1800 þann 9. nóvember. Þá kvaðst vitnið ekki geta gefið skýringu á því, hvers vegna það hafi ekki tekið þetta fram, þegar það gaf skýrslu sína fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa verið beitt harðræði við yfirheyrslu hjá lögreglunni vegna þessa máls. Þá kvaðst vitnið ekki vita, hvers vegna ákærði væri að játa á sig ölvunarakstur, en skýrsla ákærða fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980 væri hrein fásinna.

Vitnið Bjarki Jóhannesson, Furugrund 20 í Kópavogi, fætt 1. apríl 1963, var yfirheyrt fyrir lögreglunni þann 11. nóvember 1980, og skýrði vitnið svo frá, að það hafi verið statt í Austurey í Laugardal kl. 2300 þann 10.

nóvember 1980 og hefðu þá ákærði og vitnið Ásmundur Sigurðsson komið þangað, og sagði vitnið, að það hafi séð, að þeir ákærði og Ásmundur voru báðir undir áfengisáhrifum, en vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hve ölvaðir þeir hefðu verið. Vitnið sagði, að það og vitnið Ásmundur og ákærði hefðu farið saman að Laugarvatni um miðnætti hinn 10. nóvember 1980 á bifreið, sem ákærði ók. Vitnið sagði, að þeir félagar hefðu gert ónæði í Húsmæðraskólanum á Laugarvatni og ákærði hafi ekið um svæðið og brotið eitthvað af girðingum, en síðan hefðu þeir farið að Efstadal og hafi þá klukkan verið um 0300.

Nánar aðspurt sagði vitnið, að þeir félagar hefðu drukkið lítið af áfengi í Austurey, en þegar þeir fóru þaðan, hefðu þeir haft meðferðis ca ½ flösku af áfengisblöndu af tegundinni Smyrnoff og hefðu þeir allir drukkið af því áfengi í ferðinni og hefði það verið búið, þegar þeir komu að Efstadal um nóttina.

Vitnið Bjarki Jóhannesson kom hér fyrir dóminn 4. júní sl., og skýrði það þá svo frá, að ákærði, vitnið Ásmundur Sigurðsson og vitnið Snæbjörn Sigurðsson hefðu komið að Austurey í Laugardal, þar sem vitnið var statt, þann 10. nóvember 1980 á bifreiðinni X 3898 og hefðu þeir félagar allir verið kátir og það gæti verið, að þeir hefðu verið búnir að bragða áfengi, en vitnið kvaðst ekki hafa séð vín á þeim. Þá sagði vitnið, að þeir félagar hefðu dvalið í Austurey í hálfa klukkustund og þá hefðu þeir ekki neytt áfengis, svo vitnið viti. Þá sagði vitnið, að það hafi sagt of mikið, þegar það gaf skýrslu sína fyrir lögreglu þann 11. nóvember 1980, og kvaðst vitnið vilja draga til baka fullyrðingar sínar í lögregluskýrslunni um, að áfengisáhrif hefðu verið á ákærða og Ásmundi Sigurðssyni.

Vitnið sagði, að ákærði hafi ekið frá Austurey að Laugarvatni á bifreiðinni og hefðu þá vitnið og Ásmundur Sigurðsson verið farþegar hans, og kvaðst vitnið hafa neytt áfengis á leiðinni að Laugarvatni, en Ásmundur hafi haft ½ flösku af Smyrnoff vodka, sem blandað var í kók, og sagði vitnið, að það hafi drukkið áfengi þetta með Ásmundi, en ákærði hafi ekki drukkið, svo vitnið sæi.

Vitnið Snæbjörn Sigurðsson, Efstadal í Laugardalshreppi, fætt 17. apríl 1954, kom hér fyrir dóminn 22. des. sl.

Vitnið skýrði svo frá, að það minntist þess, að það hafi farið með ákærða og Ásmundi, bróður vitnisins, að Austurey í Laugardalshreppi frá Efstadal haustið 1980, en vitnið kvaðst ekki muna nánari tímasetningu. Vitnið sagði, að þeir félagar hefðu farið á bifreið ákærða að Austurey. Vitnið sagði, að það hafi haft áfengi með sér, þegar það fór í framangreinda ferð með ákærða og vitninu Ásmundi, og sagði vitnið, að það hafi haft með sér ca 1 pela af vodka, að því er það minni, en vitnið kvaðst hafa drukkið þetta

vín með Snæbirni Þorkelssyni. Það kvaðst ekki minnast þess, að ákærði eða Ásmundur hafi neytt þessa áfengis, og kvaðst vitnið ekki minnast þess, að aðrir en vitnið hafi verið þarna með áfengi.

Vitnið sagði, að það hafi ekki séð ákærða neyta áfengis, meðan það var með ákærða, hvorki í Efstadal né í Austurey og ekki heldur á meðan á akstrinum stóð milli bæjanna, en ákærði hafi ekið bifreiðinni frá Efstadal að Austurey, en vitnið kvaðst hafa orðið viðskila við þá ákærða, Ásmund og Bjarka Jóhannesson, en þeir hefðu farið á bifreið ákærða frá Austurey, meðan vitnið var statt í fjárhúsunum í Austurey með Snæbirni Þorkelssyni bónda.

Vitnið Snæbjörn Smári Þorkelsson, Austurey II í Laugardalshreppi, fæddur 23. apríl 1956, kom hér fyrir dóminn 22. desember sl.

Vitnið kvaðst minnast þess, að ákærði, Snæbjörn Sigurðsson og Ásmundur Sigurðsson komu að Austurey II á bifreið ákærða, en vitnið kvaðst ekki haf séð, hver ók bifreiðinni.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða, og vitnið kvaðst ekki hafa séð hann neyta áfengis, en vitnið kvaðst hafa verið með ákærða í Austurey II í 1 ½ - 2 klukkutíma, en þá hafi vitnið og Snæbjörn Sigurðsson farið út í hús til þess að skoða hrúta vitnisins, en þegar þeir komu til baka hálftíma síðar, þá voru þeir ákærði, Ásmundur og Bjarki, vinnumaður vitnisins, farnir á bifreið ákærða.

Vitnið sagði, að í framangreint sinn hefði Snæbjörn Sigurðsson haft vodkafleyg meðferðis, og kvaðst vitnið hafa þegið sopa úr fleygnum og sömuleiðis Ásmundur, en vitnið sagði, að þeir félagar hefðu ekki haft með sér meira áfengi en þennan fleyg.

Vitnið Tómas Jónsson lögregluvarðstjóri, Tryggvagötu 24 á Selfossi, fæddur 26. janúar 1933, kom hér fyrir dóminn 4. febrúar sl.

Vitnið kvaðst þora að fullyrða, að ákærði hefði ekki verið beittur hótunum um innilokun eða öðrum harðræðum við yfirheyrslu hjá vitninu vegna þessa máls.

Aðspurt sagði vitnið, að það gæti hugsast, að ákærði hafi verið á tali við Jón Guðmundsson yfirlögregluþjón, áður en ákærði var yfirheyrður af vitninu um mál þetta, og sagði vitnið, að það viti ekki, hvað þeim ákærða og Jóni fór á milli. Þá kvaðst vitnið telja, að það hafi bent ákærða á, að hann gæti fengið sér skipaðan réttargæslumann, og kvaðst vitnið telja þetta tekið fram í skýrslu vitnisins af ákærða, þann 11. nóvember 1980.

Vitnið Jón Ingibergur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn í Árnessýslu, Sunnuvegi 9, Selfossi, fæddur 20. október 1923, kom hér fyrir dóminn 29. október sl. og 5. febrúar sl.

Vitnið kvaðst ekki minnast að hafa sagt við ákærða, að hann eða Ásmundur yrðu kyrrsettir, meðan mál þetta væri í rannsókn hjá lögreglunni,

og vitnið kvaðst ekki hafa hótað að loka ákærða inni, en kvaðst hins vegar hafa sagt, að þeir ákærði og vitnin Bjarki Jóhannesson og Ásmundur Sigurðsson yrðu að vera hjá lögreglunni, meðan málið væri rannsakað, og sagði vitnið, að þegar það sagði þetta, hafi það ekki meint, að það væri að hugsa um að loka ákærða og vitnin inni í fangageymslu, enda hafi slíkt ekki komið til tals.

Þegar litið er til þess, að ákærði hefur hér fyrir dómi lýst því yfir, að hann hafi játað á sig ölvun við akstur bifreiðarinnar X 3898 fyrir lögreglu 11. nóvember 1980 vegna harðræðis, sem lögreglan hafi beitt hann, en við frekari rannsókn virðist slíkt harðræði ekki hafa verið fyrir hendi, og þegar litið er til framburða ákærða og vitnanna Ásmundar Sigurðssonar og Bjarka Jóhannessonar fyrir lögreglu um áfengisneyslu og önnur ölvunareinkenni ákærða, áður en hann hóf aksturinn, þykir verða að leggja framburð vitnanna og ákærða fyrir lögreglu til grundvallar í máli þessu, þrátt fyrir að ákærði og vitnin hafi dregið framburði sína fyrir lögreglu til baka fyrir dóminum, hvað varðar ölvun ákærða við akstur framangreindrar bifreiðar.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þykir þar réttilega heimfærð til refsiákvæða, en það athugist, að í ákæruskjali er sagt, að ákærði hafi ekið bifreiðinni X 3898 frá Efstadal í Laugardalshreppi, Árnessýslu, að Austurvegi þar í hreppnum, en þar mun eiga að standa Austurey, en ekki Austurvegur.

Ákærði, sem er sakhæfur, hefur samkvæmt sakavottorði í dskj. VII sætt refsingu sem hér segir:

1980 11/8 í Árnessýslu: Sátt, 150 þús. króna sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 24. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 11. ágúst 1980.

Með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir verða að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Loks þykir verða að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Snæbjörn Björnsson, greiði kr. 7.000.00 í sekt til ríkissjóðs,

og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. apríl 1983.

Nr. 33/1981. **Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Snævari Ívarssyni
og gagnsök
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. janúar sama ár. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og þess, að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí sama ár. Sú gagnsök féll niður vegna útivistar 2. nóvember, en málinu var gagnáfrýjað að nýju 20. nóvember 1981. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 56.423.85 krónur auk 19% ársvaxta frá 3. mars 1978 til

1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979 og með 31% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags aðalsakar í Hæstarétti og eftir það með hæstu dómvöxtum til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi, sem ekki hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. maí 1981.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Páli Stefánssyni bakarameistara og Stefáni Stefánssyni verkfræðingi.

Búnaði hinnar svokölluðu brauðvigtunarvélar er lýst í héraðsdómi. Þar eru og rakin atvik að því, er hægri hönd gagnáfrýjanda lenti fyrir hnífi vélarinnar með þeim afleiðingum, er í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt framburði gagnáfrýjanda hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi rann hann til, er hann ætlaði ofan af vélinni eftir að hafa hreinsað hana, en það verk hafði Birgir Snorrason aðstoðarverkstjóri falið honum. Óumdeilt er, að gagnáfrýjanda sem og öðrum starfsmönnum aðaláfrýjanda hafði verið bannað að fara upp á vélina við hreinsun hennar. Er komið fram, að Birgir Snorrason hafði bannað gagnáfrýjanda þetta, skömmu áður en slysið varð. Gagnáfrýjandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði eigi gætt sín sem skyldi, þá er slysið varð, þar sem athygli sín hefði verið við það bundin að fylgjast með, hvað gert yrði við skó þann, er hann hafði misst af fótum sér skömmu áður. Samkvæmt þessu verður að telja, að frumorsök slyssins megi rekja til þeirra óhappatilviljunar, er gagnáfrýjandi rann til, og framangreinds háttalags hans að öðru leyti.

Til þess ber hins vegar að líta, að gagnáfrýjandi var aðeins tæpra 17 ára, er slysið varð. Telja verður, að brýna ástæðu hafi borið til þess sakir ósku hans að skýra fyrir honum þá hættu, sem starfi hans fylgdi, þar á meðal hreinsun brauðvigtunarvélarinnar, en ósannað er, að svo hafi verið gert. Þykir því hafa skort á verkstjórn af hálfu aðaláfrýjanda. Þá ber og að hafa í huga, að pallur sá, er stóð við hlið vélarinnar og ætlaður var til þess, að menn stæðu á við hreinsun hennar, var með lausum fjölum, sem gátu færst til.

Var pallurinn því ekki eins öruggur og skyldi.

Þegar framangreint er haft í huga, þykir bera að skipta sök í málinu þannig, að gagnáfrýjandi beri sjálfur tjón sitt að 2/3 hlutum, en 1/3 tjónsins beri aðaláfrýjanda að bæta honum.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Guðjóns Hansen tryggingafræðings, sem gerður var 8. apríl 1983. Er þar tekið tillit til kauplagsbreytinga síðan 1979 og nýrra upplýsinga um meðalvinnutekjur 1978 og 1979. Kemst tryggingafræðingurinn að þeirri niðurstöðu, að verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi sé 9.120.00 krónur vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði og 153. 029.00 krónur vegna varnalegs orkutaps eftir þann tíma, eða samtals 162.149.00 krónur.

Þegar framanritað er virt, þykir aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda 35.000.00 krónur í bætur vegna fjárhagslegs tjóns og 1.300.00 í miskabætur, eða samtals 36.300.00 krónur með vöxtum, eins og krafist er, en dómvextir verða þó aðeins dæmdir frá birtingardegi stefnu gagnáfrýjanda.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 18.000.00 krónur, sem renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., greiði gagnáfrýjanda, Snævari Ívarssyni, 36.300.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 3. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 19. júní 1981 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði 18.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist

úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda í máli þessu um það, að það hafi verið óhappatilviljum, að gagnáfrýjandi rann til, er hann var að ljúka við hreinsun vélarinnar. Hins vegar tel ég, að afleiðingar þeirrar hrösunar megi eingöngu rekja til óhlýðni gagnáfrýjanda, en honum hafði ítrekað verið bannað að vera uppi á vélinni, er hann starfaði við hana, síðast rétt fyrir slysið. Tel ég því, að sýkna beri aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Eftir atvikum tel ég rétt að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Ívar Kristjánsson iðnverkamaður, Brekkugötu 11, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi f. h. ólögráða sonar síns Snævars með stefnu, útgefinni 10. janúar 1979, á hendur Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., Akureyri. Undir rekstri málsins hefur stefnandi Snævar Ívarsson orðið lögráða og rekur mál þetta nú sjálfur. Einnig er málið höfðað með framhaldsstefnu stefnanda, útgefinni 15. janúar 1980.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5.642.385 auk 19% ársvaxta frá 3. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s. á. og síðan 31% ársvaxta til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningum eða mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur aðallega gerðar, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látin niður falla.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 3. mars 1978 varð vinnuslys í starfsstöð stefnda að Strandgötu 37, Akureyri. Vann stefnandi við að hreinsa brauðvigtunarvél, sem klippir brauðdeig niður í vissar þyngdir. Við verkið

rann hann til, svo að hægri hönd hans lenti fyrir hníf vélarinnar, og tók framan af tveim fingrum, og húðflipi fór af einum fingri. Stefnandi vann verkið þannig, að hann kraup ofan á vélinni og notaði þar til gerða plastsköfu til að framkvæma verkið. Lögreglunni var gert aðvart um slysið, og hafa skýrslur lögreglunnar verið lagðar fram í málinu.

Í skýrslu Ófeigs Baldurssonar rannsóknarlögreglumanns segir: „Kl. 09.50 var hringt frá Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., Strandgötu 37, í sameiginlegan síma slökkvistöðvar og lögreglu og tilkynnt, að þar hefði orðið vinnuslys. Undirritaður fór á staðinn ásamt Lárusi Ragnarssyni, lögreglumanni. Þegar við komum á staðinn, var búið að flytja hinn slasaða á F.S.A. í sjúkrabifreið. Þarna hafði það slys orðið, að Snævar Ívarsson, fæddur 25. 05. 1961, til heimilis að Brekkugötu 11, Akureyri, hafði lent með hægri hönd í svokallaða brauðvigtunarvél, en vél þessi klippir brauðdeig niður í vissar þyngdir. Að sögn Birgis Snorrasonar hafði hann og Snævar verið að vinna við umrædda vél. Birgir sagði, að Snævar hefði setið uppi á vélinni og verið að ýta á eftir brauðdeiginu ofan í vélina, en það þyrfti að gera, þegar lítið deig væri orðið í trektinni, sem að vélinni liggur.

Umrædd vél er 117 cm á hæð, 63 cm að breidd og 115 cm að lengd. Ofan á vélinni er trekt, sem er um 60 cm að hæð, og mun Snævar hafa setið ofan á vélinni til hliðar við trektina, þegar slysið varð. Við vélina var lítil grind úr járni, 40x40 cm og 20 cm á hæð.

Á grindinni var enginn pallur, þegar við lögreglumenn komum á staðinn, en þarna hjá voru tvær lausar fjalir, sem notaðar eru ofan á grindina og staðið á þeim, þegar unnið er við umrædda vél. Þessar fjalir hafa einhvern tímann verið fastar á nefndri grind, en einhverra hluta vegna losnað af og ekki verið festar aftur.

Birgir sagði, að það hefði oft verið búið að tala um það við Snævar að sitja ekki uppi á vélinni, þegar hann væri að vinna við hana, og rétt áður en slysið hefði orðið, hefði verið rætt um þetta við Snævar. Þá var við vélina plastskafa, sem ætlast er til, að menn noti við að ýta deiginu ofan í vélina. Hins vegar kom í ljós, að mjög algengt var, að þessi plastskafa væri ekki notuð við þetta verk, heldur notuðu menn aðeins höndina við verkið. Þá skal tekið fram, að vél þessi gengur frekar hægt og klippir 22 sinnum á mínútu. Þá kom í ljós, að í umræddri vél er öryggi, sem fer í sundur, ef einhverjir aðskotahlutir lenda í vélinni, t. d. hnífar. Þetta öryggi hafði brotnað og þá verið sett venjuleg skrúfa í staðinn. Það skal þó tekið fram, að sennilega mun hið upprunalega öryggi hafa verið það sterkt, að þótt það hefði verið notað í þessu tilfelli, hefði vélin ekki stöðvast, þótt maður lenti með fingur í vélinni, eins og gerðist í þessu tilfelli.

Undirritaður hafði tal af Júlíusi Snorrasyni, sem er verkstjóri á þessum stað og einn af eigendum brauðgerðarinnar. Hann sagði, að allir starfs-

menn, sem þarna hefðu unnið, væru varaðir við þeirri hættu, sem af þessari vél stafaði, og þar á meðal hefði Snævar verið varaður við þessari vél. Þá sagði Júlíus, að það væri vaninn, að þessi vél væri höfð í gangi, þegar síðustu leifum af deiginu, sem í trektinni væru, væri ýtt ofan í vélina. Það væri að vísu hægt að stöðva vélina og ýta deiginu ofan í hana og setja hana síðan í gang, en það væri yfirleitt ekki gert. Júlíus fór með Snævari á F. S. A. í sjúkrabifreiðinni. Hann sagði, að skorist hefði framan af baugfingri og löngutöng á hægri hendi Snævars."

Sigmundur Magnússon öryggiseftirlitsmaður kom á staðinn, og segir í skýrslu hans, sem lögð er fram í málinu: „Skoðun á vélum eftir vinnuslys. Enginn vélabúnaður bilaður, þegar slysið varð."

Þá voru teknar myndir af vettvangi, sem fram eru lagðar í málinu.

Hinn 23. mars 1978 yfirheyrði lögregla stefnanda, Snævar Ívarsson, og skýrir hann þá svo frá: „Hann segir, að það sé rétt, að hann hafi kropið upp á umræddri vél til hliðar við trektina, þegar hann hafði verið að ýta deiginu ofan í hana. Hann segir, að það sé pallur til hliðar við vélina til að standa á, en á honum hefðu aðeins verið lausar fjalir og því hætta á, að þær spordreistust og af því skapaðist slysahætta. Snævar segir, að það sé rétt, að það hafi verið búið að tala um það við sig að vera ekki uppi á vélinni, en hann hafi talið, að þá hefði verið haft í huga hreinlæti, en ekki að af því stafaði slysahætta. Þá segir Snævar, að hann hefði séð fleiri starfsmenn brauðgerðarinnar vinna þetta á sama hátt og hann hefði gert. Snævar segir, að þegar hann hafi verið að ýta deiginu ofan í vélina, þá hafi hann notað plastsköfuna, sem um er rætt í framanritaðri skýrslu. Þegar slysið hefði orðið, þá hefði hann verið búinn að ýta deiginu ofan í trektina með plastsköfunni, síðan sett sköfuna yfir í vinstri hönd og ætlað að fara frá vélinni. Þá hefði hann eithhhvað runnið til og lent með höndina í trektina og niður á hnífinn, sem hefði klippt um leið. Snævar segir, að ástæðan til þess, að hann hafi unnið við þessa vél í þetta sinn, hafi verið sú, að hann hafi verið að vinna í öðru verki eftir skipun Braga Pálmasonar, sem er bakameistari, Birgir Snorrason, sem hafi verið að vinna við margumrædda vél, hafi komið til sín og beðið sig að hjálpa sér við vélina. Snævar segir, að þar sem hafi verið lítils háttar hlé á því starfi, sem hann var í, hafi hann farið að hjálpa Birgi. Snævar kveðst vera skráður sem aðstoðarmaður við fagvinnu í brauðgerðinni. Hann kveðst vera vanur að vinna við þessa vél og aldrei hafi hent neitt óhapp áður. Snævar segir, að í þessu slysi hafi hann misst framan af vísifingri, löngutöng og baugfingri hægri handar, það hafi skorist framan af löngutöng og baugfingri rétt ofan við fremsta lið, en bein á vísifingri hafi sloppið óskaddað. Hann kveðst strax hafa farið í aðgerð á F. S. A. og síðan dvalið þar í rúman sólarhring, en þá hafi hann farið heim. Snævar kveðst hafa verið óvinnufær, frá því að

slysið varð, og óvíst sé, hvenær hann verði vinnufær á ný. Snævar vill taka fram, að þetta slys hafi ekki gerst vegna þess, að hann hafi farið ógætilega að við vinnuna, heldur vegna þess, að hann hafi runnið til, þegar hann hafi ætlað að fara ofan af vélinni, og þá lent með höndina í hnífnum. Þá vill Snævar geta þess, að megin ástæðan til þess, að hann kraup við vélina, hafi verið sú, að pallurinn, sem standa átti á, hafi verið mjög óöruggur, eins og áður er fram komið."

Hinn 30. mars 1978 var Birgir Snorrason bakaranemi yfirheyrður af lögreglu og skýrir svo frá, að Snævar hafi ekki setið ofan á vélinni, heldur kropið. Segir hann, að þegar slysið varð, hafi plastskafan legið ofan á vélinni eftir slysið og þá óskemmd. Kveðst hann því álíta, að Snævar hafi ekki verið með sköfuna í notkun, en hins vegar geti það vel verið rétt hjá Snævari, að hann hafi notað sköfuna í umrætt sinn, en verið búinn að hreinsa trektina og verið að fara ofan af vélinni, þegar slysið varð, og því hafi hann ekki verið með sköfuna í hendinni. Þá segir Birgir, að hann noti fyrleitt umræddan pall til að standa á, þegar hann vinni við þessa vél, en stundum standi hann á gólfinu, en sé aldrei uppi á vélinni sjálfri.

Fyrirtæki stefnda hefur nú verið flutt í önnur húsakynni en þau, er það var í, er slysið varð, og hefur dómurinn því ekki getað kynnt sér vettvang. Hins vegar hefur dómurinn farið á núverandi starfsstöð stefnda, þar sem þessi sama vél er í notkun, og skoðað hana ásamt þeim aðstæðum, sem nú eru fyrir hendi.

Yfirheyrslur hafa farið fram hér fyrir dóminum, og verða þær nú raktar:

Hinn 17. apríl 1979 kom stefnandi, Snævar Ívarsson, fyrir dóminn. Skýrir hann svo frá eftir að hafa staðfest skýrslu sína fyrir lögreglu, sem áður er rakin, að hann hafi verið búinn að vinna u. þ. b. 8 mánuði, áður en slysið varð. Hafi hann allan tímann unnið við vél þessa a. m. k. einu sinni á dag. Kveðst hann alltaf hafa farið eins að og í þetta sinn. Segir hann, að pallur sá, sem um getur, hafi allan tímann verið með lausum fjölum og verið mjög óþægilegur að vinna á honum. Hann segir, að starfsfélagi sinn, sem einnig hafi unnið við vélina, hafi átt auðveldara með að vinna á pallinum sökum stærðar sinnar. Segir hann, að yfirmaður sinn hafi verið Júlíus Snorrason og hafi hann aldrei tekið sér vara við því að vera uppi á vélinni, hins vegar hafi Birgir Snorrason gert það. Kveðst hann hafa verið frá vinnu í tvo og hálfan mánuð og þá hafið störf hjá stefnda í stuttan tíma. Kveðst hann oft hafa komið á vinnustaðinn eftir slysið og hafi pallinum ekki verið breytt. Segir hann, að Óðinn Geirsson hafi unnið verkið á sama hátt og hann. Segir hann, að til sé leiðbeiningarbæklingur um vélina um að slökkva beri á vélinni, áður en hún sé þrifin, um það hafi hann ekki vitað fyrr en eftir slysið. Kveðst hann hafa haldið um sílósbrúnina með vinstri hendi jafnframt því sem hann hafði sköfuna í þeirri hendi og

hafi vinstri höndin þá runnið út af sílósbarminum, þannig að hann datt niður með hægri höndina. Segir hann, að höndin og sílóið hafi verið deigugt og gripið hált. Kveðst hann hafa verið um 1.80 m á hæð, er slysið varð. Kveðst hann hafa unnið á lágum sólum, en ekki á klossum eins og aðrir hafa gert. Segir hann, að maður sá, er hann eigi við, að hreinsað hafi vélina frá pallinum sökum hæðar sinnar, sé Bragi Pálmason. Segir hann, að þegar slysið varð, hafi hann verið truflaður af Óðni Geirssyni, sem hafi tekið af sér skóna og falið þá og hann hafi verið skólaus, þegar slysið varð. Segir hann, að það hafi verið einu sinni eða tvisvar, sem sér hafi verið bannað að fara upp á vélina, þar af hafi sér verið bannað það í þetta skipti af Birgi, þegar hann hafi verið nærri búinn með verkið. Kveðst hann hafa verið u. þ. b. að ljúka verkinu, þegar Óðinn tók af honum skóna. Kveðst hann í þetta skipti hafa verið u. þ. b. 4—5 mínútur að hreinsa vélina. Í þetta skiptið hafi hann ekki átt að vinna þetta verk, þar sem hann var í öðru starfi.

Í sama réttarhaldi skýrir Birgir Snorrason svo frá eftir að hafa staðfest skýrslu sína hjá lögreglu, að Júlíus hafi verið verkstjóri yfir Snævari, en það hafi verið að vinna við umrædda vél, og sagt Snævari að hreinsa hana í umrætt sinn. Vitnið kveðst hafa minnst á það við Snævar að vera ekki uppi á vélinni við vinnu sína, m. a. hafi hann í umrætt sinn sagt Snævari að fara ofan af vélinni. Vitnið segir, að Snævar hafi verið eini maðurinn, sem fór upp á vélina. Kveðst vitnið hafa bannað honum það, þar sem hann teldi þau vinnubrögð ekki eðlileg, en kveðst þó ekki hafa talið neina sérstaka hættu því samfara, en ætlast hafi verið til, að staðið væri á palli eða bara á gólfinu við vélina. Vitnið segir, að verið geti, að Óðinn Geirsson hafi unnið verkið á sama hátt, en honum muni þá hafa verið bannað það. Ekki kveðst vitnið minnast þess, að Óðinn hafi verið að gantast við Snævar í umrætt sinn, en Snævar hafi látið skóna detta af sér á gólfið, þegar hann var uppi á vélinni. Vitnið segir, að umræddur pallur sé ekki lengur í notkun, en nú sé notaður kassi.

Hinn 16. nóvember 1979 kom fyrir dóminn Snorri Júlíus Snorrason og skýrir svo frá, að hann hafi verið verkstjóri hjá stefnda, er slysið varð, en hann sé einn af eigendum stefnda, sem sé sameignarfélag, og staðfesti hann skýrslu lögreglunnar að því er hann varðar í málinu. Kveðst hann sjálfur hafa gefið stefnanda fyrirmæli um, hvernig hann ætti að standa að verkinu. Hafi fyrirmælin verið þau, að hann skyldi standa við vélina og ýta deiginu niður með þar til gerðri plastsköfu. Segist hann ekki vita til, að stefnandi hafi brugðið út af þessum fyrirmælum, utan einu sinni, að hann frétti, að hann hefði gert það og farið upp á vélina. Kveðst mætti (sic) þegar hafa rætt við stefnanda og bannað honum það harðlega og kveðst ekki vita til, að stefnandi hafi gert það aftur, fyrr en slysið varð.

Kveðst hann ekki hafa verið staddur í salnum, er slysið varð, hann hafi verið kallaður í símann. Hafi hann því ekki orðið var við, hvernig stefnandi bar sig við starfið í greint sinn. Segir hann, að áður hafi komið fyrir, að menn hefðu hagað starfi sínu þannig að fara upp á vélina, en fyrir það hafi algerlega verið tekið, þar sem það þyki hættuleg vinnubrögð. Segir hann, að stefnandi hafi verið vanur að vinna við þessa vél. Hann hafi starfað við hana daglega, frá því að hann byrjaði. Segir hann, að pallur sá, sem standa átti á við vinnuna, hafi verið traustur, en með lausum fjölum, en ekki hafi verið hætta á, að þær sporðreistust. Segir hann, að annar útbúnaður sé kominn núna, en pallurinn hafi verið notaður lengi eftir slysið. Ekki kveðst hann muna, hvenær hætt var að nota pallinn. Segir hann, að pallur þessi hafi verið laus og útbúinn af stefnda. Kveðst hann ekki kannast við, að Óðinn Geirsson hafi unnið verkið á sama hátt og stefnandi gerði í grein sinn, en hafi svo verið, hafi honum verið bannað það. Segir hann, að þar til gerð plastskafa sé alltaf notuð við verkið. Segist hann ekki vita til, að leiðbeiningabæklingur hafi fylgt vélinni. Segir hann, að vinnustaður sinn hafi verið sá sami og stefnanda og hafi hann haft góða aðstöðu til að fylgjast með honum. Segir hann, að starf það, er stefnandi vann, þyki ekki vandasamt og hafi yfirleitt verið unnið af hjálparmönnum. Segir hann, að Birgir Snorrason hafi verið undirverkstjóri sinn.

Í sama réttarhaldi skýrir vitnið Bragi Pálmason svo frá, að það vinni hjá stefnda og hafi unnið þar, þegar umrætt slys varð. Kveðst hann hafa séð stefnanda sitja uppi á vélinni við vinnu sína, en ekki séð, þegar slysið varð, en séð stefnanda strax og slysið hafði orðið. Segir hann, að bannað hafi verið að fara upp á velina og þó hafi það komið fyrir, að það hafi verið gert þrátt fyrir bannið. Kveður hann Óðinn Geirsson hafa gert það einstaka sinnum og stefnanda einu sinni nokkrum dögum áður en slysið varð, en þá hafi Birgir Snorrason tekið hann og skammað hann og Óðin fyrir það. Segir hann, að ekki hafi alltaf verið fundið að því, þegar þannig var staðið að verki. Vitnið segir, að Óðinn Geirsson hafi ekki verið nærri, er slysið varð. Vitnið segir, að pallur sá, er standa hafi átt á, hafi ekki verið góður, á honum hafi verið lausar fjalir, álímdar harðplasti. Fjalirnar hafi viljað færast til, og þurfti að sýna aðgát við þær. Vitnið segist ekki muna, hvort báðar fjalirnar hafi verið lausar, en önnur hafi að minnsta kosti verið það, en í upphafi hafi þær verið fastar. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að nokkur maður hafi farið upp á vélina aðrir en þeir, er að framan greinir. Vitnið kveðst hafa unnið við vél þessa, en ekki hafa stöðvað vélina við verk þetta. Vitnið segir, að fyrir komi, að þurfi að stöðva vélina, ef mikið klísturdeig hafi verið í henni. Vitnið kveðst telja, að klístursdeig hafi verið í vélinni í umrætt sinn. Vitnið kveðst vera 183 cm á hæð. Vitnið segir, að Óðinn hafi verið staddur 2—3 metra frá stefnanda, er slysið varð.

Í sama réttarhaldi skýrir vitnið Óðinn Svan Geirsson svo frá, að hann hafi snúið baki í umrædda vél og því ekki séð slysið. Kveðst vitnið hafa séð, að stefnandi var uppi á vélinni við verk sitt. Vitnið segir, að slík vinnubrögð hafi verið stranglega bönnuð. Vitnið segist hafa notað slík vinnubrögð, einkum þegar ekki sást til hans, og kveðst hafa verið hættur sliku, þegar umrætt slys varð, því það hafi verið tekið svo strangt á því. Vitnið kveðst hafa verið vitni að því, að stefnanda hafi verið bönnuð þessi vinnubrögð, áður en slysið varð. Kveðst vitnið ekki kannast við að hafa verið að gantast við stefnanda í þann mund er slysið varð, kveðst hins vegar hafa gert það nokkru áður. Vitnið segir, að ekki hafi stafað hætta af pallinum, hins vegar hafi hann verið leiðinlegur í notkun, þar sem önnur fjölin á honum hafi verið laus og vildi sporðreisast, er stigið var á hann. Vitnið segir, að pallurinn hafi verið óþægilega lágur fyrir sig, þar sem hann hafi ekki náð nægjanlega langt niður í vélina af honum, og hafi það verið ástæðan fyrir því, að hann fór upp á vélina. Vitnið kveðst vera 168 cm—170 cm á hæð. Vitnið kveðst ekki muna, hvort stefnandi hafi verið kominn upp á velina, en þó geti svo hafa verið, er hann var að erta hann. Vitnið segir, að ertnin hafi verið í því fólgin að taka skó, er hann hafði misst af sér, og fela þá.

Hinn 11. janúar 1980 kom stefnandi, Snævar Ívarsson, aftur fyrir dóminn og skýrði þá svo frá, að Óðinn Geirsson hafi tekið skó sinn, sem lá á gólfinu, rétt áður en slysið varð, og hafi verið að reyna að fela hann. Kveðst stefnandi út undan sér hafa verið að fylgjast með því, hvað hann gerði við skóinn, og hafi athygli sín verið við það bundin, er slysið varð, og því hafi hann ekki gætt sín sem skyldi. Hann segir, að örskömm stund hafi liðið, frá því að Óðinn tók skóinn og þar til slysið varð, innan við mínútu. Mætti (sic) segir, að rétt geti verið, að Óðinn hafi verið kominn 2—3 metra frá sér, er slysið varð. Segir hann, að Óðinn hafi sagt sér síðar, að Bragi Pálmason hafi hvatt sig til að taka skóinn. Segist hann ekki minnast þess, að Birgir Snorrason hafi skammað sig fyrir að fara upp á vélina nokkrum dögum áður en slysið varð. Segist hann minnast þess, að fljótlega eftir að hann hóf störf hjá stefnda, hafi sér verið bannað að fara upp á vélina, en kveðst hafa haldið, að það væri af þrifnaðarástæðum, og aldrei hafi verið brýnt fyrir sér, að hætta gæti stafað af því. Eftir það hafi ekki verið á þetta minnst. Kveðst mættur (sic) telja, að verkstjórar hafi séð sig vinna verkið á þann hátt. Segist mættur (sic) yfirleitt hafa unnið verkið á þann hátt að fara upp á vélina, segir hann, að Óðinn hafi einnig unnið verkið á þennan sama hátt, þegar hann vann það. Kveðst hann á þessum tíma hafa haft áhuga á að verða bakari, en vinni nú við verslunarstörf. Segir hann, að nýrri gerð vélar sé þannig út búin, að hún stöðvist sjálfkrafa, þegar stigið er á tröppu við vélina, þegar unnið er við hreinsun.

Í sama réttarhaldi fór fram samprófun milli stefnanda og vitnanna Braga Pálmasonar og Óðins Geirssonar. Vitnin Óðinn og Bragi segja, að rétt sé, að Óðinn hafi tekið skó stefnanda og gengið með hann frá til að fela hann. Kveðst Óðinn hafa verið búinn að leggja skóinn frá sér og byrjaður að vinna, þegar slysið varð. Telur hann, að einhverjar mínútur hafi liðið, frá því að hann tók skóinn og þar til slysið varð. Vitnið Bragi segir, að rétt sé, að hann hafi hvatt Óðin til að taka skóinn, og telur hann, að nokkrar mínútur hafi liðið, frá því að Óðinn tók skóinn og þar til slysið varð. Stefnandi segist síðast hafa séð til Óðins, þar sem hann var með skóinn. Vitnið Óðinn segir, að rétt sé, að hann og stefnandi hafi yfirleitt farið upp á velina við þessa vinnu, en vitnið Bragi telur, að þeir hafi ekki gert þetta nema í undantekningartilfellum. Vitnin Bragi og Óðinn halda við framburði sína um, að Birgir hafi nokkrum dögum fyrir slysið skammað stefnanda fyrir að fara upp á vélina. Stefnandi kveðst minnast þess, að skömmu fyrir slysið hafi Birgir kallað til sín að vera ekki uppi á vélinni, og kveðst stefnandi hafa hlýtt og unnið verkið með því að standa á kollinum. Allir hinir mættu (sic) eru sammála um, að það hafi þótt óþrifalegt að vinna uppi á vélinni, en eru ekki vissir um, að það hafi verið talið hættulegt.

Kröfur sínar rökstyður stefnandi m. a. með því, að slysið verði rakið til þess, að vinnuaðstaða hafi verið ófullkomin við vélina, enn fremur þess, að verkstjórn hafi verið áfátt og stefnandi hafi verið settur til verka, sem ekki hafi fallið í hans verkahring sem aðstoðarmanns og hafi verið honum ofviða. Þá heldur stefnandi því í þriðja lagi fram, að slysið megi rekja til þess, að samstarfsmenn stefnanda hafi verið að gantast við hann og truflað hann þannig við vinnu sína, að slys hlaust af. Á öllu framangreindu beri stefndi ábyrgð og beri að greiða stefnanda allt það tjón, er hann varð fyrir af slysinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína alfarið á því, að stefnandi hafi sjálfur átt alla sök á slysinu með óvarkárni sinni og því að hlíta ekki fyrirmælum verkstjóra. Er því andmælt, að vinnuaðstöðu hafi verið áfátt, rétt sé, að pallur við hliðina á vélinni til að standa á hafi verið með lausum fjölum og á lágri grind, en engin hætta hafi verið á, að fjalirnar sporðreistust og af því skapaðist slysahætta. Slíkur pallur hafi verið notaður lengi og sé enn notaður við þessa vél og aldrei hafi orðið slys vegna notkunar hans. Búið hafi verið að harðbanna stefnanda að vera uppi á vélinni við vinnu sína og nokkrum mínútum fyrir slysið hafi verkstjóri stefnanda, Birgir Snorrason, komið að honum uppi á vélinni og skipað honum að fara niður tafarlaust. Þá er því mótmælt, að verkið hafi verið stefnanda ofviða, stefnandi hafi verið vanur að vinna við vél þá, er slysinu olli, og sé sannleikurinn sá, að hreinn barnaleikur sé að vinna við vél þessa að því tilskyldu, að farið sé eftir fyrirmælum verkstjóra.

Eins og að framan er rakið, var pallur við hlið vélarinnar, sem menn skyldu standa á, þegar verkið væri unnið. Fjöl hafi losnað á palli þessum og ekki hafi verið hirt um að festa hana aftur. Ekki var fyrir hendi útbúnaður til að breyta hæð pallsins í samræmi við stærð þessa manns, er verkið vann hverju sinni, svo sem með því að hafa tröppu á honum. Ósannað er, að stefndi hafi gert stefnanda og öðru starfsfólki nægjanlega grein fyrir hættu þeirri, er af því kynni að stafa, að unnið væri uppi á vélinni, enda kveðst stefnandi hafa álitið bann við slíkum vinnubrögðum fyrst og fremst hafa stafað af þrifnaðarástæðum. Upplýst er, að einhver brögð voru að því, að stefnandi og annar starfsmaður á staðnum ynnu verkið á þennan hátt þrátt fyrir bann gegn því, og hafði verkstjóri orðið var við það. Að framangreindu athuguðu verður að telja, að það hafi verið óvarlegt af verkstjóra að setja stefnanda til þessa starfa án þess að hafa gert honum fullkomlega ljóst, hvernig hann skyldi bera sig að við starfið, og framfylgja banni við að vera uppi á vélinni, einkum þegar hafður er í huga hinn ungi aldur stefnanda, en undirverkstjóri stefnda, Birgir Snorrason, hafðist ekki að, þótt hann sæi til stefnanda. Verður því talið, að stefndi beri sök á slysi því, er varð. Á hinn bóginn er á það að líta, að stefnanda hafði af yfirmönnum sínum ítrekað verið bannað að fara upp á vélina, er hann vann starfið, hefði honum átt að vera ljóst, að nokkur hætta fylgdi starfinu, ef ekki var viðhöfð full aðgát. Verður hann því sjálfur einnig talinn eiga sök á slysinu. Að öllum atvikum virtum þykir eiga að skipta sök til helminga, og ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda tjón hans að hálfu, en stefnandi beri það að hálfu bótalaust.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkutjón:		
a) Tímabundið	kr.	912.016
b) Varanlegt	—	4.959.782
Samtals	kr.	5.871.798
2. Miskabætur:	kr.	400.000
3. Frádráttarliðir:		
a) Launagr. 3. mars—3. apríl 1978	kr.	139.894
b) Dagpeningar 3. apríl—1. maí 1978	—	34.480
c) Samningsbundin slysatrygging	—	455.040
÷ samtals	kr.	629.414
Alls	kr.	5.642.384

Um lið 1.

Stefndi mótmælir kröfu samkvæmt þessum lið sem of hárri og krefst lækkunar.

Kröfur samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dagsettu 7. sept. 1978, og örorkutjónsútreikningum Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dagsettum 27. okt. 1978 og 23. nóv. 1979.

Í örorkumati Björns Önundarsonar segir:

„Samkvæmt tilkynningu um slys mun slys þetta hafa skeð í Brauðgerð K. Jónssonar, Akureyri. Skeði slysið með þeim hætti, að slasaði lenti með hægri hönd í hníf í deigskammtara. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þar sem gert var að meiðslum slasaða og þar sem slasaði vistaðist frá 3. 3. '78 til 4. 3. '78.

Fyrir liggur læknisvottorð Gauta Arnþórssonar, yfirlæknis, Akureyri, dags. 2. 8. '78, svohljóðandi:

Sjúkdómsgreining: aflimun ystu kjúku III. fingurs hluta ystu kjúku IV. fingurs á hægri hendi, amputatio traumatica dig. III et IV menus dxt. et vulnus dig. secundi.

Hinn 3. 3. '78 var Snævar Ívarsson færður á skiptistofu á handlæknisdeild F. S. A. vegna áverka, sem hann hafði hlotið rétt áður. Því var svo lýst, að hann hefði verið að setja deig í kvörn og ýtt á eftir með hægri hendi og þá lent með fingurna of djúpt í kvörninni, þannig að af tók dál. húðflipa framan af gómi vísifingurs, löngutöng rétt ofan liðamótanna milli tveggja fremstu kjúkanna og af baugfingri um miðja fremstu kjúku. Gert var að sárum hans samdægurs á handlæknisdeild F. S. A.

Síðan var fylgst með honum, þar til hann var að fullu gróinn, og var síðast til athugunar hinn 12. 5. '78. Þá var það skráð, að hann hefði hafið vinnu hinn 1. 5. '78.

Skoðun hinn 1. 8. '78: Á hægri hendi sjúklings vantar sem svarar nokkru meira en fremstu kjúku löngutangar, hluta fremstu kjúku baugfingurs, en að öðru leyti sýnist höndin heil. Við nánari athugun má þó sjá, að ca 5 mm. breiður flipi hefur höggvist af vísifingrinum einnig, en þar á hefur húð verið flutt af hinum afskorna hluta löngutangarinnar og hefur gróið mjög vel inn, svo varla sjást missmíði á fingrinum. Stúfur löngutangar er talsvert kylfulaga, og sýnist það til nokkurra lýta, en stúfur baugfingurs er mjög vel lagaður. Sjúklingur hefur fulla hreyfingu í öllum liðum. Þó vantar 2 cm á, að stúfur löngutangar nái inn í lófa, þegar hann kreppir eins og frekast er kostur, en 1 cm vantar milli stúfs baugfingurs og lófans við sömu aðstæður. Örin á stúfnum eru ákaflega vel gróin, og beinið er þakið góðum og eymslalitlum mjúkvefjum og ágætri húð. Sama gildir um vísifingurinn, þótt litlafingurgóms stórt svæði fremst á gómnum sé dofið, eins og vænta mátti, þar sem húð hafði verið flutt á.

Eigin óþægindi sjúklings: Lýtið á hendinni er til nokkurs ama. Enn eru nokkur eymsli í gómunum, þegar hann rekur þá í eða þarf að taka í þyngri

hluti eða hittir ekki alveg það, sem hann grípur hendi til, eins og vænta má. Engir sjálfkrafa verkir í fingrunum fyrir utan þetta. Man eigi eftir sérstökum atriðum í daglegu lífi eða við vinnu (nú fiskvinnu), þar sem stytting fingranna sýnist völd að örkumlunum.

Samantekt: Afleiðing áverka hinn 3. 3. '78, þar sem af hefur höggvist hluti af löngutöng og baugfingri hægri handar ásamt svolitlum húðflipa af vísifingrinum. Slysið átti sér stað við hreina vinnu, og þar var hreinn og skarpur hnífur, sem sneið af fingrinum. Þótt vefirnir væru hreinir og færðir með til læknis, þegar meðferð var gefin, sýndist þeim lækni, sem skurðaðgerðina framkvæmdi, ekki ástæða til þess að freista þess að græða þá á að nýju. Hann notaði þó húð af þeim hluta til þess að freista þess að græða þá á að nýju. Hann notaði þó húð af þeim hluta löngutangarinnar, sem af var höggvin, til að græða á vísifingurinn, og tókst það með ágætum. Ég er sammála mati hans á því, að ástæðulaust var að gera meðferðina vandasama og langvinna og kannski ekki alveg hættulausa með því að reyna að græða hina toppana á, því að gera mátti ráð fyrir því, að örkuml sjúkl. vegna missis framan af þessum 2 fingrum yrðu ekki mikil. Við skoðun í dag kemst ég að sömu niðurstöðu. Höndin hefur náð fullri starfshæfni til allra venjulegra verka og myndi gjalda þesara örkumla aðeins við sérstakar aðstæður, svo sem hljóðfæraleik. Höndin er hins vegar nokkuð lýtt, og hefur það einnig sína þýðingu.

Ekki sýnist ástæða til að ráðleggja frekari meðferð eða endurhæfingu eftir þennan áverka."

Slasaði kom ekki til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum, og er því einungis stuðst við þau gögn, sem fyrir liggja í máli þessu, þ. e. læknisvottorð I, undirritað af Arnari Haukssyni, aðstoðarlækni, dags. 22. 5. '78, lögregluskýrslu, tilkynningu um slys og áður tilvitnað læknisvottorð Gauta Arnþórssonar, yfirlæknis.

Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 17 ára gamlan verkamann, sem hinn 3. 3. '78 lenti með hægri hönd í deigskurðarhnífi. Við slys þetta hlaut slasaði amputatio traumatica dig. II, III, IV man dxt. partialis. Slasaði var þegar eftir slys þetta fluttur í F. S. A., þar sem gert var að meiðslum slasaða og hann vistaður frá slysdegi 3. 3. '78 til 4. 3. '78. Eftir það var slasaði til eftirlits og meðferðar á göngudeild sjúkrahússins um sinn.

Alveg óvinnufær er slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 3. 3. '78 til h. 30. 4. '78. Fyrir þetta tímabil fékk slasaði greidda slysadagpeninga frá Slysatryggingadeild Tryggingarstofnunar ríkisins. Eftir það mun starfsgeta slasaða hafa verið töluvert skert í 3 mánuði, og varanlega er hér um lítils háttar örorku að ræða.

Afleiðingar þessa slys eru fyrst og fremst þær, að höggvist hefur hluti af löngutöng og baugfingri hægri handar ásamt svolitlum húðflipa af vísi-

fingri sömu handar. Fingurhlutar þessir skárust af með skörpum hníf, þannig að sár voru ekki tætt. Þannig hefur slasaði misst eina og hálfa kjúku framan af löngutöng hægri handar og eina kjúku framan af baugfingri sömu handar auk húðflipa þess, er áður greinir, er tapaðist af vísifingri handarinnar. Stúfarnir líta vel út, eru vel grónir, en nokkuð ber á óþægindum, er slasaði rekur fingurna í.

Þar sem ekki er nú um frekari bata á afleiðingum áðurnefnds slyss að ræða, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 3 mánuði	100%
Eftir það í 3 mánuði	50%
Varanlega	12%"

Í örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen, dagsettum 27. október 1978, segir:

„Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar, læknis, dags. 7. september 1978, varð Snævar Ívarsson, Brekkugötu 11, Akureyri, fyrir slysi 3. mars 1978. Telur læknirinn, að Snævar hafi af völdum slyss þessa hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 3 mánuði	100%
Í 3 mánuði	50%
Síðan til frambúðar	120%

Snævar er sagður fæddur 25. maí 1961 og hefur samkvæmt því verið 16 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Að sögn yðar, herra lögmaður, lauk hann námi frá gagnfræðaskóla vorið 1977. Þá er slysið varð, hafði hann í hyggju að hefja senn nám í trésmíði, en nú stundar hann verslunarstörf. Samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtali Snævars fyrir starfsárið 1977 voru vinnutekjur hans það ár kr. 931.241.-, en vegna aldurs er þetta eina framtal hans til þessa.

Þegar í hlut eiga piltar á aldri Snævars, sem ekki hafa hafið neins konar sérnám, áður en þeir slösuðust, er ég vanur að miða tjónsútreikning við algengar tekjur verkamanna. Þegar stuðst er við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík 10 ára tímabilið 1968—1977 og tekjur umreiknaðar með tilliti til breytinga á kauptöxtum, reiknast mér árstekjur verða sem hér segir:

Árið 1978, frá sld.	kr. 3.367.559.-
Eftir þann tíma	— 3.679.865.-

Ofangreindar tekjur fullorðinna verkamanna legg ég til grundvallar frá 21 árs aldri, en til þess tíma er reiknað með eftirfarandi hundraðshlutum af árstekjum fullorðinna:

Á 17. ári	75%
Á 18. ári	80%
Á 19. ári	85%
Á 20. ári	90%
Á 21. ári	95%

Þegar tillit er tekið til skólagöngu Snævars til vors 1977, virðast vinnutekjur hans það ár vera í góðu samræmi við tekjuáætlun þessa (samkvæmt áðurnefndri úrtaksrannsókn reyndust meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík árið 1977 2.155 þús. kr., 7/12 af þeirri fjárhæð eru 1.257 þúsund kr., og 75% af síðarnefndu fjárhæðinni eru 943 þúsund kr.).

Miðað við þær árstekjur fullorðinna verkamanna, sem hér hafa verið tilgreindar, lægri tekjur á unglingsárum samkvæmt framanrituðu og tap tekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði	kr. 915.976.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 3.155.708.-
Samtals	kr. 4.071.684.-

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingarstofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum til frambúðar og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951 - 1960."

Hinn 23. nóvember 1979 endurútreiknaði Guðjón Hansen örorkutjón stefnanda. Í skýrslu hans segir m. a.:

„Við endurútreikninginn hef ég tekið tillit til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum verkamanna síðan í október 1978, en fyrri útreikningur minn í máli þessu er dagsettur 27. október 1978. Enn fremur eru nú tiltækar upplýsingar um meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1978. Það ár reikna ég vinnutekjur verkamanna, eins og þær reyndust samkvæmt úrtaksrannsókninni, en frá og með árinu 1979 styðst ég við reynslu 10 ára tímabilsins 1969—1978 (í stað 1968—1977) og umreikna tekjurnar með tilliti til breytinga á kauptöxtum.

Þegar tillit er tekið til ofangreindra atriða, reiknast mér árlegar vinnutekjur verkamanna verða sem hér segir:

Árið 1978	kr.	3.353.000.-
Árið 1979	—	4.730.576.-
Eftir þann tíma	—	5.979.728.-

Miðað við þessar árstekjur fullorðinna verkamanna, lægri tekjur á unglingsárum, sbr. fyrri útreikning, og tap tekna í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði	kr.	912.016.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	—	4.959.782.-
Samtals	kr.	5.871.798.-

Í sambandi við ofangreindar hækkanir kauptaxta skal tekið fram, tekið hefur verið tillit til þeirra 13,21% hækkunar, sem kemur til framkvæmda 1. desember 1979.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings."

Að virtum þeim atriðum, er hér skipta máli, svo sem eingreiðslu og skattfrelsi bótanna, þykir tjón samkvæmt þessum lið hæfilega ákvarðað kr. 3.500.000, og hefur þá verið tekið tillit til frádráttarliða þeirra, er um getur í sundurliðun stefnanda.

Um lið 2.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum. Með hliðsjón af læknisvottorðum þeim, sem að framan eru rakin í skýrslu Björns Önundarsonar, svo og öðrum atvikum málsins þykir tjón samkvæmt þessum lið hæfilega ákvarðað kr. 400.000, eins og krafist er. Er þá heildartjón stefnanda samkvæmt framansögðu kr. 3.900.000, og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda helming þeirrar upphæðar, eða kr. 1.950.000, ásamt vöxtum, eins og krafist er. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.000.

Dómsorð:

Stefndi, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co., greiði stefnanda, Snævari Ívarssyni, kr. 1.950.000 ásamt 19% ársvöxtum frá 3. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þ. d. til greiðsludags og kr. 500.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðurlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1983.

Nr. 1/1981. **Jón Konráðsson**
(Ásmundur S. Jóhannssson hdl.)
gegn
Sigurgeiri Jónatanssyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Ábúð. Leigupeningur. Leigur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

I.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. janúar 1981. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir áfrýjandi kröfu um, að kröfur stefnda verði lækkaðar og að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður. Þá krefst hann þess, að fellt verði úr gildi löghald það, sem lagt var á tiltekinn fjölda búfjár í eigu áfrýjanda í fógetarétti Húnavatnssýslu 1. nóvember 1979.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda lægri fjárhæð svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur hér fyrir dómi fallist á þá kröfu áfrýjanda, að framangreint löghald verði fellt niður.

II.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru málavextir þessir:

Hinn 29. júní 1973 gerðu aðiljar með sér svofelldan leigusamning:

„1. Leigutaki tekur á leigu jörðina Skeggjastaði í Fremri-Torfu-

staðahreppi, V.-Hún., til 5 ára frá næstu fardögum, að undanskildu vatnasvæði.

2. Leigutaki skal greiða fyrir jörðina:
   Á 1. ári 25 kindafóður
   Á 2. ári 35 kindafóður
   Á 3. ári 40 kindafóður
   Á 4. ári 40 kindafóður
   Á 5. ári 40 kindafóður

3. Leigusali leigir leigutaka 20 ær í eitt ár frá fardögum 1973 til fardaga 1974 og síðan eftir nánara samkomulagi. Í leigugjald skal leigutaki annast fóðrun og umhirðu hrossa leigusala, á Giljalandi, en leigusali leggur til fóður og land.

4. Að öðru leyti vísast til ábúðarlaga."

Ágreiningslaust er, að með ofangreindum samningi hafi áfrýjanda verið byggð jörðin til fimm ára frá fardögum 1973 að telja. Síðar varð munnlegt samkomulag um, að áfrýjandi fengi einnig afnot eyðijarðarinnar Giljalands, sem sömuleiðis er eign stefnda, og skyldi eftirgjald greiðast með fóðrun þriggja kinda.

Samkvæmt ofangreindu samkomulagi tók áfrýjandi við 43 ám auk lamba.

Deilur urðu með aðiljum út af ábúðinni, og uppgjör umsamins eftirgjalds dróst á langinn, og kennir hvor öðrum um. Gert var ráð fyrir því, að ábúð áfrýjanda lyki í fardögum 1978. Gerðu aðiljar upp mál sín á Barkarstöðum 6. maí það ár. Var Ragnar Benediktsson, hreppstjóri og bóndi á Barkarstöðum, trúnaðarmaður áfrýjanda við uppgjörið. Tókst þarna svofellt samkomulag:

„Samkvæmt samningi, dags. 29. júní 1973, tók Jón Konráðsson Skeggjastaði á leigu til næstu 5 ára frá fardögum að telja.

Eftir útreikningi, sem báðir aðilar hafa samþykkt, skal Jón Konráðsson greiða fyrir þessa 5 ára leigu eftirfarandi:

1. 43 ær loðnar og lembdar sem eftirgjald.

2. 20 ær loðnar og lembdar sem leiguær, samtals 63 ær.

Þessar 63 ær skal leiguliði Jón Konráðsson afhenda landeiganda eða öðrum, sem eigandi samþykkir, eigi síðar en 20 maí 1978.

3. 98 ær skulu afhentar í sláturstíð haustið 1978.

Ef báðir aðilar samþykkja, hefir Jón Konráðsson heimild til að afhenda þessar ær fyrr, þ. e. á sama tíma og leigu- og eftirgjalds-

ærnar, skal hann eftir samkomulagi fá greiddan fóðurkostnað."

Ábúð áfrýjanda á Skeggjastöðum og Giljalandi lauk þó ekki um vorið 1978, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Varð að samkomulagi með aðiljum um haustið, að áfrýjandi héldi ábúð jarðarinnar eitt ár til viðbótar. Undirrituðu þeir samkomulag 29. október 1978, og er það svohljóðandi:

„Undirritaðir, Sigurgeir Jónatansson, Bergstaðastræti 28, Reykjavík, og Jón Konráðsson, Skeggjastöðum, Miðfirði, V.-Hún., gerðu með sér leigusamning, dagsettan 29. júní 1973, um leigu á jörðinni Skeggjastöðum, Fremri-Torfustaðahreppi, V-Hún., til 5 ára. Rann sá samningur út í fardögum 1978, og bar þá leiguliða að rýma jörðina.

Nú hefur orðið samkomulag um eftirfarandi:

1. Jóni skal heimilt að sitja jörðina til 1/6 1979, en þann dag skuldbindur hann sig til að hafa yfirgefið jörðina, og skal hann skila jörðinni eins og ábúðarlög mæla fyrir um.

2. Jón skal greiða leigu fyrir jörðina fyrir tímabilið frá fardögum 1978 til 1/6 1979 40 kindafóður, þ. e. fóðrun á 40 ám, sem hann skal skila loðnum og lembdum.

3. Jóni skal heimil hagaganga fyrir þær ær sínar og hross, sem hann á nú, til hausts 1979."

Í texta ofangreinds samnings hafði upphaflega verið ákvæði í 4. lið þess efnis, að stefndi leigði áfrýjanda ær án endurgjalds og yrði þeim skilað í sláturtíð haustið 1979, en eyða var fyrir tölu ánna. Strikað var hins vegar yfir ákvæðið, áður en samningurinn var undirritaður.

Um sumarið eða haustið 1978, áður en síðastgreint samkomulag var gert, hafði stefndi selt Sigfúsi Jónssyni, bónda á Söndum, þær 63 ær, sem áfrýjandi átti að afhenda stefnda loðnar og lembdar samkvæmt Barkarstaðasamkomulaginu frá 6 maí 1978. Ekki varð þó af því, að þær yrðu skildar frá öðru fé á Skeggjastöðum og afhentar Sigfúsi, svo sem til stóð. Varð að samkomulagi, að áfrýjandi og sonur áfrýjanda fóðruðu ærnar fyrir Sigfús um veturinn 1978—1979. Áttu þeir að fá 30 lömb undan ánum í fóðurlaun. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að þeir feðgar hafi aðeins tekið við 59 ám til fóðrunar. Sigfús hefur borið, að þær hafi verið 63, en hefur eftir áfrýjanda, að 4 hafi drepist um veturinn. Þegar til

átti að taka, fékk Sigfús ekki umráð þess fjár, sem hann hafði samkvæmt framansögðu keypt, en um nánari atvik og ástæður er ágreiningur með aðiljum. Urðu stefndi og Sigfús á það sáttir, að kaupin féllu niður.

Áfrýjandi fór frá Skeggjastöðum vorið 1979. Úttekt hafði verið gerð í júní 1978, en var nú gerð að nýju 18. júní 1979. Niðurstaða þeirrar úttektar varð sú, að áfrýjandi þyrfti ekki að greiða stefnda álag, að frátalinni lagfæringu á grindum í tilteknum fjárhúsum. Stefndi skaut úttekt þessari til yfirúttektar. Niðurstaða yfirúttektargerðar frá 4 ágúst 1979 varð sú, að áfrýjanda bæri að greiða stefnda 300.000 gamlar krónur. Þar af voru 150.000 gamlar krónur í bætur vegna ónógs viðhalds og lélegs frágangs fjárhúsa og haugstæðis, 25.000 gamlar krónur vegna kostnaðar af hreinsun stíflu úr skólpræsi og 125.000 gamlar krónur vegna kostnaðar af hreinsun og tiltekt.

III.

Ekki hafa verið færð fram fullnægjandi rök fyrir ómerkingarkröfu áfrýjanda, og verður hún því ekki tekin til greina.

IV.

Stefndi sundurliðar kröfur sínar hér fyrir dómi þannig:

1. Andvirði 55 áa, 220.00 krónur ærin	kr.	12.100.00
2. Andvirði 78 lamba, 250.00 krónur lambið .	—	19.500.00
3. Álag samkvæmt yfirúttektargerð	—	3.000.00
Samtals	kr.	34.600.00

Um 1.

Undir kröfulið þessum krefur stefndi áfrýjanda um skil samkvæmt Barkarstaðasamkomulaginu frá 6. maí 1978. Telur stefndi, að skort hafi 55 ær upp á þau skil.

Áfrýjandi telur sig hafa efnt Barkarstaðasamninginn, sem hann telur ósanngjarnan, en þó ekki út af fyrir sig ógildan. Telur áfrýjandi og, að umsamið jarðarafgjald hafi verið alltof hátt. Að beiðni áfrýjanda voru hinn 23. júlí 1980 dómkvaddir tveir menn til að meta eftirgjald eftir jörðina á grundvelli sjónarmiða samkvæmt 8. gr.

laga nr. 65/1976. Niðurstaða matsgerðar þeirra 3. september 1980 er sú, að eðlilegt eftirgjald Skeggjastaða án laxveiðihlunninda hefði verið fyrir árin 1972—1979 12 lambsverð hvert ár, miðað við 15 kg fallþunga og verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða 1. nóvember ár hvert.

Til grundvallar uppgjöri aðilja samkvæmt þessum kröfulið ber að leggja fyrrgreint samkomulag, undirritað á Barkarstöðum 6. maí 1978, þar sem því hefur ekki verið hnekkt. Á áfrýjandi ekki kröfu til þess, að um eftirgjald jarðarinnar fari eftir framangreindu mati. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að við samningsgerðina frá 29. október 1978 hafi stefndi afsalað sér neinum rétti, er hann hafði öðlast samkvæmt Barkarstaðasamkomulaginu.

Í síðargreindu samkomulagi fólst, að áfrýjandi átti að skila stefnda 63 ám loðnum og lembdum vorið 1978 og 98 ám til viðbótar um haustið. Hvílir sönnunarbyrðin á stefnda fyrir því, að hann hafi efnt samkomulagið. Samkvæmt yfirlýsingu Kaupfélags Vestur-Húnvetninga frá 17. desember 1979 fékk stefndi afhentar 24 ær til slátrunar haustið 1978 auk eins sauðar og eins hrúts. Koma þessar 26 kindur því til frádráttar, eins og viðurkennt er af stefnda.

Líta verður svo á, að fyrrgreind kaup stefnda og Sigfúsar Jónssonar hafi verið felld niður með samkomulagi þeirra. Gekk stefndi því inn í rétt Sigfúsar á hendur áfrýjanda um skil á því fé, sem áfrýjandi hafði tekið við til fóðrunar. Breytti umræddur kaupsamningur því engu um skyldu áfrýjanda til að skila stefnda þeirri fjártölu, er í Barkarstaðasamkomulaginu greindi, að öðru leyti en því, að leggja ber til grundvallar þá staðhæfingu áfrýjanda, að einungis hafi verið um 59 ær að ræða. Koma af þessum sökum 4 ær til frádráttar til viðbótar áðurgreindum 26 kindum.

Samkvæmt áðurgreindri yfirlýsingu Kaupfélags Vestur-Húnvetninga frá 17. desember 1979 lagði áfrýjandi 37 lömb inn á reikning Sigfúsar Jónssonar haustið 1978 og 18 lömb inn á ýmsa reikninga eftir fyrirlagi stefnda, samtals 55 lömb. Ósannað er, að þarna hafi verið um önnur lömb að ræða en þau, er komu undan ánum 63, sem áfrýjandi átti að skila loðnum og lembdum vorið 1978 samkvæmt Barkarstaðasamkomulaginu. Kemur þetta lambainnlegg því ekki að neinu leyti til frádráttar kröfum stefnda.

Fram kemur í vottorði Kaupfélags Vestur-Húnvetninga frá 27.

júní 1980 og er viðurkennt af stefnda, að hann hafi fengið 44 fullorðnar kindur til slátrunar haustið 1979. Auk þess fékk stefndi afhentar 36 ær til ásetnings. Samtals koma þarna 80 ær til frádráttar.

Stefndi hefur gert kröfu á hendur áfrýjanda um skil á andvirði 55 áa undir þessum kröfulið. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann eigi rétt til frekari frádráttar frá þeirri kröfu en sem nemur andvirði þeirra fjögurra áa, sem fyrr greinir. Ber því að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjandi greiði honum andvirði 51 ær. Stefndi telur hverja á hafa verið 220.00 króna virði. Hefur þeirri verðlagningu ekki verið hnekkt. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina með 11.220.00 krónum.

Um 2.

Undir þessum kröfulið krefur stefndi um andvirði lamba undan þeim ám, sem voru á fóðrum hjá áfrýjanda veturinn 1978 - 1979 samkvæmt þeim samningum, er áður greinir. Telur stefndi, að undan ánum 103 hafi átt að koma 1.2 lömb að meðaltali, eða samtals 123. Til frádráttar eigi að koma fóðurlaunin, 30 lömb, og 15 lömb, er stefndi hafi fengið til slátrunar. Sé því um að ræða 78 lömb, og verðleggur stefndi lambið á 250.00 krónur.

Áfrýjandi hefur enga viðhlítandi grein gert fyrir því, hve mörg lömb hafi komið undan þeim ám, sem hann átti að standa skil á og hér um ræðir. Ber því að leggja áætlun stefnda til grundvallar, og þykir ekki eiga að breyta hér neinu um, þótt áfrýjandi hafi ekki átt að skila nema 59 ám á grundvelli fyrrgreinds samnings við Sigfús Jónsson. Þá hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að til frádráttar eigi að koma fleiri lömb en stefndi hefur samkvæmt framansögðu viðurkennt. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina.

Um 3.

Krafa stefnda undir þessum lið er reist á fyrrgreindri yfirúttektargerð frá 4. ágúst 1979. Úttekt þessari hefur eigi verið hnekkt, og ber að leggja niðurstöður hennar til grundvallar, en áfrýjandi vissi um gerðina og gat komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirúttektarmenn. Þessi kröfuliður verður því tekinn til greina.

V.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að dæma

ber áfrýjanda til að greiða stefnda samtals 33.720.00 krónur. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda fjárhæð þessa með vöxtum frá 6. nóvember 1979, eins og nánar greinir í dómsorði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur.

Fella ber framangreint löghald úr gildi. Héraðsdómari var ekki vanhæfur til að dæma um gildi löghaldsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949.

Það athugast, að gagnaöflun og málflutningi í máli þessu er ábótavant.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Konráðsson, greiði stefnda, Sigurgeiri Jónatanssyni, 33.720.00 krónur með 39.5% ársvöxtum frá 6. nóvember 1979 til 1. desember s. á., 43.5 ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði stefnda 20.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Framangreint löghald er úr gildi fellt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 28. nóvember 1980.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 2. nóvember 1979, og þingfest 11. sama mánaðar, af Sigurgeiri Jónatanssyni, Bergstaðarstræti 28, Reykjavík, fyrrverandi bónda á Skeggjastöðum, Fremri-Torfustaðahreppi, á hendur Jóni Konráðssyni bónda, Lækjarhvammi, Kirkjuhvammshreppi, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 4.528.700 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags. Þá er krafist staðfestingar með dómi á löghaldi, sem gert var 1. nóvember 1979 í 41 á, 13 kúm til tryggingar skuldinni. Þá er krafist málskostnaðar, þar á meðal löghaldskostnaðar að skaðlausu, samkvæmt taxta LMFÍ.

Lögmaður stefnda gerir þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og þrautvara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá er þess krafist, að löghaldsgerðin, sem gerð var 1. nóvember 1979, verði felld niður. Í öllum tilfellum er krafist málskostnaðar eftir reikningi að skaðlausu eða mati réttarins.

Málavextir eru þessir: Með leigusamningi, dags. 29. júní 1973, leigði stefnandi stefnda eignarjörð sína Skeggjastaði til 5 ára frá næstu fardögum að undanskildu vatnasvæði. Í leigu átti að greiða 27 kinda fóður fyrsta árið, 35 kinda fóður næsta árið og svo 40 kinda fóður hin árin. Þá leigði stefnandi stefnda 20 ær, og átti leigan að greiðast með umsjón með hrossum stefnanada í Giljalandi, sem er eyðibýli fyrir framan Skeggjastaði, en stefnandi átti að leggja til fóður.

Þrátt fyrir ákvæði samningsins um, að jörðin væri leigð „frá næstu fardögum", þá virðast báðir aðiljar skilja hann svo, að átt sé við fardaga 1973.

Eitthvað virðist hafa farið úrskeiðis með samvinnu aðilja, því lögmaður stefnanda ritar stefnda bréf 20. desember 1976 og segir upp leigusamningnum og byggir honum þannig út af jörðinni miðað við næstu fardaga. Ástæðurnar segir hann vera, að stefndi hafi ekki þrátt fyrir áskoranir gert nein skil. Auk þess séu hús jarðarinnar í megnustu niðurníðslu. Í þinghaldi í málinu 13. júní sl. kvartaði stefndi yfir því, að stefnandi hafi aldrei mátt vera að því að gera upp.

Þótt stefnda hafi verið sagt upp leigunni og honum þar með byggt út, vildi hann ekki fara af jörðinni vorið 1978. Varð það að samkomulagi, að hann yrði áfram á Skeggjastöðum til fardaga 1979. En fyrr um vorið, nánar tiltekið 6. maí, gerðu aðiljar upp viðskifti sín á Barkarstöðum. Virðast þeir þá hafa gert allsherjarúttekt á viðskiptunum. Þá um vorið átti stefndi að afhenda stefnanda samtals 63 ær loðnar og lemdar, eða 43 sem eftirgjald og 20 leiguær. Þá átti stefndi að afhenda í sláturtíð 98 ær. Á þessum samningi byggir stefnandi kröfur sínar að mestu leyti. Stefndi hefur látið að því liggja, að samningur þessi hafi verið nauðungarsamningur og hann nánast ekki skilið, undir hvað hann skrifaði.

Samskiptum stefnda og stefnanda var ekki lokið með þessum samningi.

Stefndi afhenti haustið 1978 þessar ær Sigfúsi Jónssyni, bónda á Söndum, en með heimili að Lindarbrekku á Laugarbakka. Ætlunin var, að Sigfús keypti ærnar. En í stað þess að taka við þeim samdi hann við stefnda að fóðra þær næsta vetur 1978—1979, þannig að þær lenda aftur í hringiðu deilunnar.

Lögmaður stefnda gerir þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi. Undir meðferð málsins hafði hann dregið í land og taldi, að dómaranum bæri

að kanna, hvort ekki ætti að vísa málinu frá dómi, en krafðist ekki úrskurðar um þetta atriði.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á aukadómþingi 4. júlí sl., varð að samkomulagi, að það yrði flutt skriflega. Fljótlega barst sókn frá lögmanni stefnanda, en ekkert frá lögmanni stefnda, þrátt fyrir það að dómari ýtti á eftir honum. Í lok september ákvað dómarinn munnlegan málflutning og tilkynnti lögmönnum símleiðis. Lögmaður stefnda bað þá um viðbótarfrest og kvað vörnina réttttilbúna. Þegar engin vörn barst og eftir að lögmaður hafði sagst hafa sett hana í póst, en hún ekki komið, ákvað dómarinn að taka málið fyrir til munnlegs málflutnings 2. þessa mán. Lögmanni stefnda var tilkynnt símleiðis um málsfyrirtektina, en hann mætti ekki og enginn fyrir hans hönd né heldur sendi hann inn skriflega vörn.

Taka verður því málið eins og þar er nú, þ. e. dómarinn kannar sjálfstætt, hvort vísa eigi því frá dómi, en kveði ekki upp úrskurð. Máli þessu er stefnt til dóms til þess að fá skorið úr ágreiningi milli tveggja aðilja, ágreiningi, sem reynt var að jafna á annan hátt, en mistókst. Stefnandi átti því ekki aðra færa leið en leita til dómstólanna. Krafa um frávísun er því hrein firra og alls engin ástæða til þess að vísa málinu frá dómi.

Þar sem stefndi lét alltaf mæta í málinu, þótt lögmaður hans skilaði ekki vörn, mætti ekki né lét mæta við munnlegan málflutning, þá er ekki heimild til þess að dæma málið eftir 118 gr. einkamálalaga.

Verða nú kröfur stefnanda athugaðar.

Stefnukrafan hljóðar upp á kr. 4.628.700. Er hún aðallega byggð á Barkarstaðasamningnum nr. 3. Þegar sá samningur var gerður, var gengið út frá því, að stefndi færi af jörðinni á næstu fardögum. Í Þinghaldi 13. júní vill stefndi halda því fram, að þessi samningur hafi verið gerður af Ragnari Benediktssyni á Barkarstöðum og stefnanda. Hann viðurkennir samt undirskrift sína á samningnum, en heldur því fram, að um nauðungarsamning hafi verið að ræða. Í sama þinghaldi segir vitnið Ragnar Benediktsson, að hann hafi gert samninginn sem meðráðamaður stefnda og reynt að hafa hann eins hagstæðan honum og hann hafi getað miðað við þær forsendur, sem aðiljar voru sammála um.

Líta verður svo á, að Barkarstaðasamningurinn hafi verið gerður til þess að leysa allt að fimm ára gamlar vanrækslusyndir aðiljanna. Þeir hafa gert samning af frjálsum vilja og ekki sætt öðrum þvingunum en þeim, að málið varð að leysa. Þykir rétt að gera ráð fyrir því, að stefndi hafi með þessum samningi talið sig hafa samið um öll viðskipti þeirra stefnda og stefnanda. Verður því talið, að samningurinn nái yfir kröfuliðina 3—9 að báðum meðtöldum, og verða þeir þar af leiðandi ekki teknir til greina sem sjálfstæðir kröfuliðir.

Í þinghaldi 4. júlí lagði lögmaður stefnda fram beiðni um dómkvaðningu

tveggja manna til þess að meta eftirgjald jarðarinnar Skeggjastaða árin 1973—1979, dómskjal nr. 50, og áskildi sér rétt til þess að koma mati þeirra að, þótt talið væri, að gagnasöfnun væri lokið í því þinghaldi. Er málið var tekið til munnlegs málflutnings 2. þ. mán., var þessi matsgerð lögð fram, þingmerkt nr. 54. Þar sem lögmaður lagði ekki fram skriflega vörn, mætti ekki við boðaðan munnlegan málflutning né lét mæta eða senda inn mótmæli við málflutningnum, þá er ekki hægt að fá fram, hvað hann ætlaði fyrir sér með þessu mati. Mat þessara manna er nokkuð lægra en eftirgjaldið var, eða andvirði 12 lamba, 15 kg miðað við gildandi verðlagsgrundvöll haust hvert. Þetta mun svara til fóðrunar 16—18 áa, þannig að hið umsamda eftirgjald er allt upp í liðlega tvöfalt hærra en þessir matsmenn telja hæfilegt. Dómurinn lítur hins vegar svo á, að um hafi verið að ræða frjálsan óþvingaðan samning milli aðilja, er stefnandi byggði stefnda eða leigði honum jörðina. Slíkur samningur er bindandi. Auk þess byggðu aðiljar á þeim samningi, er þeir leystu deilur sínar með Barkarstaðasamningnum 6. maí 1978. Þá ítrekuðu aðiljar ákvæðið um eftirgjald með samkomulagi, dags. 29. október 1978, á dómskjali nr. 3 (nr. 6 í löghaldsmálinu), er stefnandi leigir stefnda jörðina fardagaárið 1978—1979.

Dómurinn telur því ekki rök fyrir því að taka tillit til þessa mats á eftirgjaldi á dómskjali nr. 54.

Lögmaður stefnanda lækkar kröfuupphæðina í sókn sinni sem nemur andvirði 10 lamba, og þá tekur hann tillit til samnings, er Sigfús Jónsson gerði við stefnda um fóðrun þeirra áa, er Sigfús hafði keypt, en þau kaup gengu síðar til baka, eins og áður er fram tekið.

Taka ber því kröfu stefnanda undir lið 1 og 2 í sókn lögmanns hans til greina, eða kr. 3.185.000 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði á þá upphæð frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags.

Stefnandi gerir einnig kröfu til þess, að stefndi greiði skuld, álag samkvæmt úrskurði yfirúttektarmanna. Ekki verður annað séð en að beiðni um yfirúttekt hafi komið fram á löglegum tíma og yfirúttektarmenn starfað lögum samkvæmt. Stefndi segir að vísu, að hann hafi ekki fengið vitneskju um yfirúttektina, og mótmælir hann meðal annars af þeim ástæðum. Yfirúttektarmenn geta þess, að þeim hafi borist staðfesting símstöðvarinnar á Hvammstanga um, að stefndi, fráfarandi leigliði, hafi fengið vitneskju um yfirúttektina.

Nú mæla lög svo fyrir, að yfirúttektin geti fram farið og verði gild, þótt fráfarandi leiguliði mæti ekki. Með því að mæta ekki eyðileggur hann tækifæri sitt til að koma að athugasemdum og gefa skýringar. Þetta tækifæri notaði stefndi sér ekki, og verður hann að bera skaðann af því. Þar sem umrædd skuld, álagið, er ákvarðað af réttum aðiljum lögum samkvæmt, verður að viðurkenna þessa skuld og dæma stefnda til þess að greiða stefn-

anda kr. 300.000 auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags.

Lögmaður stefnda gerir þá kröfu í greinagerð sinni, dómskjali nr. 4, að löghaldið, sem gert var í 41 á og 13 kúm stefnda, verði dæmt ógilt. Þessi krafa er óraunhæf. Hefði lögmaðurinn raunverulega óskað eftir ógildingu löghaldsins, átti hann að gera kröfu um, að dómarinn viki sæti, því hann væri óhæfur, sem hann í raun og veru er að dæma um aðgerðir fógeta við löghaldið. Hvort löghaldið stenst ströngustu gagnrýni skeleggs dómarans, skal ósagt látið, en dómari sá, er með málið fer, getur eðli málsins samkvæmt ekki ógilt löghaldið. Það verður því að standa óhaggað og er staðfest hér með. Stefnandi gerir kröfu um málskostnað, fallast verður á þá kröfu, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.308.000.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Konráðsson bóndi, Lækjarhvammi, greiði stefnanda, Sigurgeiri Jónatanssyni, Bergstaðarstræti 28, Reykjavík, kr. 3.485.000. Þá greiði stefndi dráttarvexti af þessari upphæð frá 1. nóvember 1979, 4.5% á mánuði til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda í málskostnað kr. 1.308.000. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Þá er staðfest löghald, er gert var 1. nóvember 1979 í eignum stefnda.

Miðvikudaginn 20. apríl 1983.

Nr. 140/1981. **Jón Konráðsson**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Hafdísi Sigurgeirsdóttur
(Agnar Gústafsson hrl.).

Leigupeningur. Leigur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. sama mánaðar. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu í héraði og málskostnaðar úr hennar hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að fellt verði úr gildi löghald það, sem lagt var á tiltekinn fjölda búfjár í eigu afrýjanda í fógetrétti Húnavatnssýslu 1. nóvember 1979.

Stefnda krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara gerir stefnda þær dómkröfur, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni lægri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda hefur hér fyrir dómi fallist á þá kröfu áfrýjanda, að framangreint löghald verði fellt úr gildi.

Faðir stefndu, Sigurgeir Jónatansson, leigði áfrýjanda jörðina Skeggjastaði ásamt Giljalandi frá fardögum 1973 að telja. Er það nánar rakið í dómi Hæataréttar í hæstaréttarmálinu nr. 1/1981, en dómur þessi var kveðinn upp í dag. Auk þess fjár, sem áfrýjandi tók við og var í eigu Sigurgeirs, fékk hann afhentar 16 ær, sem voru eign stefndu í máli þessu.

Áfrýjanda bar að standa stefndu skil á umræddum ám. Stefnda telur hverja á hafa verið 220.00 króna virði, og hefur þeirri verðlagningu eigi verið hnekkt.

Samkvæmt gögnum þessa máls og hæstaréttarmálsins nr. 1/1981 hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á skil á fé eða andvirði fjár umfram þau skil, sem samkvæmt gögnum máls og málflutningi aðilja var rétt að láta koma til frádráttar kröfum föður stefndu á hendur áfrýjanda samkvæmt dómi Hæstaréttar í nefndu hæstaréttarmáli.

Eigi var áfrýjanda rétt að ganga út frá því, að hann fengi afnot umræddra áa stefndu endurgjaldslaust, þótt eigi væri samið um leiguna. Þá er ósannað, að ærnar hafi ekki allar verið leigufærar. Stefnda hefur krafið áfrýjanda um 1.138.00 krónur í leigu, og er þeirri fjárhæð ekki mótmælt tölulega. Ekki verður fallist á, að til frádráttar eigi að koma andvirði þriggja lamba, sem lögð voru inn á reikning stefndu haustið 1973.

Úrslit máls þessa verða því þau, að dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu samtals 4.658.00 krónur með vöxtum frá 13. nóvember 1979, eins og nánar greinir í dómsorði, svo og 8.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fella ber fyrrgreint löghald úr gildi. Héraðsdómari var ekki vanhæfur til að fjalla um gildi löghaldsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Konráðsson, greiði stefndu, Hafdísi Sigurgeirsdóttur, 4.658.00 krónur með 39.5% ársvöxtum frá 13. nóvember 1979 til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóm Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Áfrýjandi greiði stefndu 8.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Framangreint löghald er úr gildi fellt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 16. desember 1980.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 2. nóvemer 1979 og þingfest 11. sama mánaðar, af Hafdísi Sigurgeirsdóttur, Vesturbergi 26, Reykjavík, á hendur Jóni Konráðssyni bónda Lækjarhvammi, Kirkjuhvammshreppi, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 465.800 með 4½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags. Þá er krafist staðfestingar á löghaldi, sem fram fór hinn 1. nóvember 1979 í fógetarétti Húnavatssýslu og gert var í 41 á og 13 kúm til tryggingar skuldinni. Þá er krafist málskostnaðar, þar á meðal löghaldskostnaðar, að skaðlausu samkv. taxta LMFÍ.

Lögmaður stefnda gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, löghaldið hinn 1. nóvember 1979, sem gert var í 41 kind og 13 kúm, verði fellt niður og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Mál þetta er í nánum tengslum við annað mál, sem faðir stefnanda, Sigurgeir Jónatansson, höfðaði samtímis á hendur stefnda út af viðskiptum

þeirra vegna leigu stefnda á jörðinni Skeggjastöðum, eftirgjaldi eftir þá jörð svo og leiguær og fleira.

Að ósk lögmanna aðilja var viðhafður skriflegur málflutningur í máli þessu.

Málavextir eru þessir: Þegar stefndi flutti að Skeggjastöðum vorið 1973, voru þar fyrir nokkrar ær, 16 að tölu, er stefnandi átti. Þá um haustið tók stefndi þessar ær á leigu, án þess þó að gengið hafi verið skriflega frá leigusamningi.

Segja má, að öll viðskipti þessara aðilja hafi verið nokkuð ruglingsleg. Stefndi telur sig hafa lagt inn tvö lömb á nafn stefnanda haustið 1973, og viðurkennir stefnandi það, en telur sig hafa leigt ærnar frá hausti 1973, þannig að þessi lömb komi ekki með í reikninginn. Eins og áður segir, er þetta mál rekið í nánum tengslum við annað mál milli föður stefnanda og stefnda. Lögmaður stefnanda segir í sókn sinni, að öll innlegg, sem stefndi hafi gert, hafi verið tekin til greina í viðskiptum þeirra, þ. e. föður stefnanda, Sigurgeirs Jónatanssonar, og stefnda. Þess vegna hafi stefndi engar greiðslur innt af hendi til stefnanda. Ekki verður annað séð en þetta sé rétt hjá lögmanni stefnanda. Þá vill stefndi halda því fram, að ærnar hafi verið orðnar gamlar, er hann tók við þeim, og 3 drepist strax. Í skjali, sem lagt var fram í þessu áður tilvitnaða máli, kom fram, að aldur ánna var misjafn. Fyrri ábúandi á Skeggjastöðum var fjárglöggur og hélt ærbók, hann segir svo í hinu tilvitnaða skjali: „Kindurnar, sem ég afhenti Jóni Konráðssyni, voru 16 og svo þessar 2, sem Hafdís átti sjálf, golsótt og botnótt. Aldur á þeim var sem hér segir, 4 tveggja vetra, 3 fjögra vetra, 5 sex vetra, 4 átta vetra." Þetta skjal var lagt fram í áður áminnstu máli sem nr. 33 í þinghaldi í málinu 13. júlí sl. Lögmaður stefnda mótmælti skjalinu sem röngu, hvað varðar aldur ánna, en ekki sem óstaðfestu.

Viðurkennt er, að stefndi tók við þessum 16 ám. Óljóst er um aldurinn, en líkur benda til þess, að þær hafi verið yngdar upp af fyrra ábúanda og hafi því átt að skila einhverjum arði. Stefnandi gerði þá grein fyrir kröfunni, að ærnar væru reiknaðar samkvæmt mati Búnaðarfélags Íslands, kr. 22.000, hver ær, en leigan reiknuð sem innlánsvextir af verðmæti 16 áa miðað við skattmat og vexti hverju sinni.

Ekki verður anna séð en þessari kröfu sé í hóf stillt, og verður hún því viðurkennd. Þá verða viðurkenndir dráttarvextir af þessari upphæð frá 1. nóvember 1979, 4½% til greiðsludags.

Lögmaður stefnanda gerir þá kröfu, að löghald það, sem fram fór 1. nóvember 1979 í eignum stefnda, 41 á og 13 kúm, verði staðfest. Hins vegar krefst lögmaður stefnda niðurfellingar á því löghaldi. Þessi krafa lögmanns stefnda er óraunhæf. Hefði lögmaðurinn raunverulega óskað eftir ógildingu löghaldsins, átti hann að gera kröfu um, að dómarinn viki sæti, því hann

væri óhæfur, sem hann í raun og veru er að dæma um aðgerðir fógeta við löghaldið. Hvort löghaldið stenst ströngustu gagnrýni skeleggs dómara, skal ósagt, en dómari sá, er með málið fer, getur eðli málsins samkvæmt ekki ógilt löghaldið. Það verður því að standa óhaggað, og er það hér með staðfest.

Stefnandi gerir kröfu um málskostnað, og fallast verður á þá kröfu. Málskostnaður er aðeins tekinn fyrir að flytja málið, en ekkert tillit tekið til annars kostnaðar, svo sem ferðlaga, dagpeninga eða þess háttar, þar sem það hefur allt veri gert í máli föður stefnanda, Sigurgeirs Jónatanssonar, gegn stefnda, sem áður hefur verið minnst á.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 225.000.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Konráðsson bóndi, Lækjarhvammi, Kirkjuhvammshreppi, greiði stefnanda, Hafdísi Sigurgeirsdóttur, Vesturbergi 26, Reykjavík, kr. 465.800. Þá greiði hann dráttarvexti af þessari upphæð frá 1. nóvemer 1979 til greiðsludags, 4½% á mánuði eða broti úr mánuði. Löghald, er fram fór í eignum stefnda 1. nóvember 1979, staðfestist hér með.

Þá greiði stefndi stefnanda kr. 225.000 í málskostnað. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1983.

Nr. 45/1981. **Sigurbjörn Björnsson**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Hrönn Ágústsdóttur
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Óvígð sambúð. Kaupkrafa. Endurgreiðslukrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. febrúar 1981. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 2. mars 1981. Gerir hún þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 29.870.57 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. desember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 19. febrúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu hæstaréttardóms, en síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags auk alls málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt málflutningi aðilja fyrir Hæstarétti er ágreiningslaust, að aðaláfrýjandi kom til landsins úr sumarleyfi 3. júlí 1977 og fór samdægurs á sjó sem skipverji á v/b Gunnari Jónssyni. Aðaláfrýjandi hefur skýrt frá því, að hann hafi oftast borðað og gist hjá gagnáfrýjanda, þegar hann kom í land. Lögheimili aðaláfrýjanda var þá í Hafnarfirði.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð nánari grein fyrir högum aðilja og sambúð þeirra.

Gagnáfrýjandi á rétt á greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda fyrir vinnuframlag sitt í þágu aðaláfrýjanda á heimili þeirra á sambúðartímanum.

Nægilega er fram komið, að gagnáfrýjandi hafi á hluta sambúðartímans lagt meira til sameiginlegs heimilishalds þeirra en aðaláfrýjandi. Á gagnáfrýjandi af þeirri ástæðu einnig rétt á greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda.

Þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda alls 14.000.00 krónur með vöxtum, eins og krafist er.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 12.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Björnsson, greiði gagnáfrýjanda, Hrönn Ágústsdóttur, 14.000.00 krónur með 19% ársvöxtum

frá 1. desember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 19. febrúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 12.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Sigurgeirs Jónssonar.

Krafa gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda er tvíþætt, varðar hún annars vegar (1.) tilkall til launa vegna starfa á sameiginlegu heimili málsaðilja, meðan á sambúð þeirra stóð, og hins vegar (2.) lýtur krafan að fé, sem gagnáfrýjandi telur sig hafa „lagt út fyrir stefnda (þ. e. aðaláfrýjanda) á sambúðartímanum."

Um 1. Málsaðiljarnir eru á einu máli um, að þau hafi verið í sambúð nokkurn hluta ársins 1977 og fram til 1. desember 1978. Þau opinberuðu trúlofun sína á öndverðum sambúðartíma. Telja verður, að þau hafi stofnað til sambúðar ótímabundið, og veita gögn máls eigi vísbendingu um, að vakað hafi fyrir þeim, að gagnáfrýjandi gegndi launuðu starfi í þágu aðaláfrýjanda á heimili þeirra. Er krafa gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda á þessum lagagrundvelli eigi tæk, en gagnáfrýjandi hefur hins vegar ekki haft uppi kröfur á hendur aðaláfrýjanda vegna hlutdeildar í fjármunamyndun, sem varð hjá aðaláfrýjanda á sambúðartímanum, sbr. um það efni dóm Hæstaréttar 21. júní 1982. Eins og mál þetta er lagt fyrir dómstóla, verður ekki hjá því komist að sýkna aðaláfrýjanda af þessum þætti í kröfum gagnáfrýjanda.

Um 2. Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda í annan stað um

500.000 gamlar krónur, er hún telur sig hafa lagt út fyrir aðaláfrýjanda. Greinargerð fyrir kröfu þessari er af skornum skammti og krafan svo vanreifuð, að ekki verður lagður á hana dómur. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Björnsson, á að öðru leyti að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hrannar Ágústsdóttur, í máli þessu.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. nóvember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., hefur Hrönn Ágústsdóttir, Áshamri 75, Vestmannaeyjum (lögm. Jón Hjaltason hrl.), höfðað fyrir dóminum hinn 19. febrúar 1980 á hendur Sigurbirni Björnssyni, Kvíholti 3, Hafnarfirði (lögm. Guðjón Steingrímsson hrl.), til heimtu vangoldins kaups fyrir sambúðartíma og vegna útlagðs fjár til heimilishalds á sambúðartíma, kr. 2.987.057 ásamt með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. desember 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Að því er varðar vexti þá krefst stefnandi til vara innlánsvaxta til stefnudags, hinn 19. febrúar 1980, en dómvaxta frá stefnudegi til greiðsludags.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefnukrafan er þannig sundurliðuð:

Kaupkrafa fyrir sambúðartíma í óvígðri sambúð 1. júlí 1977 til 1. desember 1978, þ. e. 17 mánuðir, reiknað samkv. taxta Verkakvennafélagsins Snótar, Vestmannaeyjum, fyrir aðrar ráðskonur, meðaltal fyrir tímann kr.

135.078 á mánuði	kr.	2.295.816
An: Orlof 8.33%	—	191.241
An: Útlagt fé lagt til heimilishalds á sambúðartíma ...	—	500.000
Samtals	kr.	2.987.057

Eigi er vefengt, að kauptaxti sá, er stefnandi miðar við, sé rétt tilgreindur.

Málavextir eru þeir, að málsaðiljar bjuggu saman í Vestmannaeyjum í óvígðri sambúð á annað ár. Konan er fædd 2. október 1954, en maðurinn 24. maí 1957. Óumdeilt er, að sambúðarslit urðu hinn 1. desember 1978. Konan telur, að sambúðin hafi hafist hinn 1. júlí 1977 og því staðið í 17 mánuði, en maðurinn vill miða upphaf sambúðarinnar við miðjan september sama ár og telur því sambúðina hafa staðið í 14½ mánuð. Að ekki hafi verið um sambúð að ræða frá 1. júlí til miðs september 1977, skýrir maðurinn svo, að hinn 3. júlí hafi hann komið til landsins úr sumarleyfisferð til útlanda og farið þá samdægurs á sjó sem skipverji á Gunnari Jónssyni, VE 555, og verið samfellt á sjónum fram í miðjan september. Í júlí og ágúst hafi þeir verið á fiskitrolli, en þá sé um að ræða viku túra og stopp í landi einn dag, þ. e. 4 frídaga í landi í mánuði. Síðasta hálfa mánuðinn hafi þeir svo verið á síldveiðum. Jafnan hafi þeir þó landað aflanum í Vestmannaeyjum, og kveðst maðurinn þá oftast hafa borðað og gist hjá konunni. Á þessum tíma bjó konan ásamt börnum sínum tveim, sem stefndi er ekki faðir að, fæddum 1973 og 1975, í kjallaríbúð í húsi foreldra hennar að Hólagötu 8, Vestmannaeyjum. Málsaðiljar eiga ekki barn saman. Sambúðin hófst með þeim hætti, að stefndi flutti inn til konunnar, en hún hafði verið gift áður og átti allt innbú, er til þurfti, utan hjónarúm, er stefndi keypti. Kunngerðu þau festar sínar með því að setja upp hringa um það leyti sem stefndi kom í land í september 1977. Settist þá stefndi á skólabekk í Vélskólanum í Vestmannaeyjum og stundaði þar nám, þar til skólanum lauk um miðjan maí. Stefndi vann þó með skólanum og hafði tekjur sem hér segir, meðan á náminu stóð:

1977	Hraðfrystihús Vestmannaeyja	kr.	182.279
1977	Steypustöð Vestmannaeyja, vinna í jólafrí	—	56.601
1978	Steypustöð Vestmannaeyja, vinna í jólafrí	—	51.195
1978	Gandi, lausróður um helgi	—	30.130
1978	Gunnar Ólafsson, útskipun	—	15.177
1978	Fiskimjölsverksmiðjan, útskipun	—	159.465
1978	M/b Sigurbára, vinna í páskaleyfi	—	236.409

Tekjur stefnda námu samtals kr. 2.361.895 árið 1977, en kr. 4.439.703 árið 1978. Opinber gjöld stefnda árið 1978 námu 393.930.

Konan vann einnig utan heimilis á sambúðartímanum, og hefur hún lýst vinnutilhögun sinni sem hér segir:

1. Frá 1. júlí 1977 til des. s. á. í Hraðfrystistöð Vestmannaeyja ca hálfan daginn eftir hádegi.
2. Frá áramótum 1977—1978 til ágúst 1978 á afgreiðslu Herjólfs allan daginn, þ. e. frá 9—5.
3. Frá ágúst 1978 til des. s. á. hjá hraðfrystistöðinni Eyjabergi fyrir hádegi.
4. Auk þess allan sambúðartímann við ræstingu hjá Vestmannaeyjabæ, 1—2 klst. á dag.

Tekjur hennar á árinu 1977 voru samtals kr. 1.140.937, þar af meðlag og mæðralaun kr. 432.442, en á árinu 1978 samtals kr. 1.852.728, þar af meðlag og mæðralaun kr. 553.238.

Með kaupsamningi, dagsettum 18. október 1977, festi stefndi kaup á 3 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í byggingu að Áshamri 63, Vestmannaeyjum. Var íbúðin seld fullfrágengin. Fluttu þau inn í hana um miðjan apríl 1978, að því er virðist strax eftir afhendingu.

Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð og gjalddagar vera sem hér segir:

1. Við undirskrift kaupsamnings	kr.	800.000
2. Fyrir 1. nóv. 1977 (sparim.)	—	200.000
3. Er kaupandi fær lán hjá Sparisjóði Vestmannaeyja. Ganga frá því strax	—	600.000
4. Er kaupandi fær lán hjá Útvegsbanka Ísl., Vestmannaeyjum. Ganga frá því strax	—	600.000
5. Hinn 1. ágúst 1978	—	1.100.000
6. Hinn 20. október 1978	—	1.100.000
7. Hinn 20. apríl 1979	—	750.000
8. Hinn 20. október 1979	—	750.000
9. Með víxilum, er greiðast, þegar húsnæðismálastofnunarlán kemur	—	2.700.000
Samtals	kr.	8.600.000

Stefnandi hefur lýst aðdraganda að íbúðarkaupunum svo, að þau hafi séð þessa íbúð auglýsta í bæjarblaði, farið saman og skoðað hana, síðan farið saman til fasteignasalans, sem var með íbúðina í sölu, og gert kaupsamninginn.

Faðir konunnar, Ágúst Helgason fiskmatsmaður, Vestmannaeyjum, kvaðst hafa farið með stefnda í flestar lánastofnanir, enda hafi stefndi verið óþekktur maður þarna. Fékk stefndi kr. 600.000 hjá Útvegsbankanum, kr. 600.000 hjá Sparisjóði Vestmannaeyja og málsaðiljar sameiginlega kr. 500.000 hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyinga auk húsnæðismálastjórnarláns, kr. 2.700.000, samtals 4.4 milj. af þeim 8.5 milj , sem íbúðin kostaði.

Samkvæmt kaupsamningi, er stefndi einn tilgreindur kaupandi og undirritar einn sem kaupandi. Faðir konunnar hefur skrifað sem vottur á kaupsamninginn. Konan hefur lýst því, að hún hafi alltaf talið, að þau væru að kaupa þessa íbúð saman og ættu hana saman. Hún kvað um það hafa verið samið, að þau yrðu bæði skráð fyrir íbúðinni, þegar afsal kæmi. Við það hefur stefndi ekki kannast. Spurður um, hvort þau hafi tekið sameiginlega ákvörðun um að kaupa íbúðina, sagði hann: „Ég sé ekki, hvaða ákvörðun það var, sem hún þurfti að taka. Ég fjármagnaði þessi kaup og sá alveg um þetta." Spurður um, hvort svo hafi verið um samið, að þau yrðu bæði skráð fyrir íbúðinni við afsal, sagði stefndi, að það væri ekki rétt. Það hafi verið fyrst, þegar líða tók á sambúðartímann og samkomulagið var farið að versna, sem hún fór að minnast á þetta, líklega hafi það verið sumarið 1978, sem hún nefndi þetta fyrst, það hafi verið eftir að þau fluttu. Spurður um svör við þessari málaleitan sagði stefndi: „Það hefur nú sjálfsagt verið fátt, sem ég sagði við þessu, ég man það ekki nákvæmlega, hverju ég svaraði. Þegar þetta var, var maður nátturulega farinn að sjá, að hverju stefndi." Hann ítrekaði, að hann hefði aldrei lofað því, að þau yrðu bæði skráð fyrir íbúðinni.

Konan heldur því fram, að hún hafi lagt fram nokkrar fjárhæðir til íbúðarkaupanna, þ. á m. kr. 110—120 þús. við fyrstu útborgun og síðan eftir því sem hún hafði fé til. Tekjur sínar hafi gengið í þetta og að halda uppi heimilinu.

Stefndi kannast ekki við, að stefnandi hafi lagt fram fé til íbúðarkaupanna. Hann hefur lagt fram sparisjóðsbók við Útvegsbankann í Vestmannaeyjum, sem hann segist hafa einn notað og að mestu geymt á sitt sparifé. Hún sýnir innstæðu um kr. 600 þús. á tímabilinu frá miðjum september til 19. október, en þá eru lagðar inn kr. 200.000 og sama dag tekin út öll innstæðan, kr. 800.000, sem er sama fjárhæð og fyrsta útborgun, sem greiðast skyldi við gerð kaupsamningsins hinn 18. október 1977. Þær kr. 200.000 þús., sem lagðar voru inn á bókina hinn 19. október, segir stefndi vera peninga, sem hann hafi átt útistandandi vegna fyrri bílaviðskipta, og kvað hann föður sinn, sem býr í Hafnarfirði, hafa innheimt þessa fjárhæð og sent sér.

Næstu greiðslu skv. kaupsamningi, kr. 200.000 hinn 1. nóv., kvaðst stefnandi (sic) við aðiljayfirheyrslu hafa fjármagnað með því að taka út

sparimerki, svo sem gert var ráð fyrir í kaupsamningnum. Undir rekstri málsins upplýstist, að þarna hefur stefnda misminnt, því skv. upplýsingum veðdeildar Landsbanka Íslands var það hinn 6. júní 1978 sem hann tók út sparimerkjainnstæðu að fjárhæð kr. 279.014. Að fengnum þessum upplýsingum lét lögmaður stefnda bóka, að hann hefði rætt við umbj. sinn og föður hans og þeir telji það hugsanlega skýringu, að faðir stefnda hafi veitt honum bráðabirgðalán fyrir 200 þús. króna greiðslunni hinn 1. nóv. 1978. Því mótmælir lögmaður stefnanda sem ósönnuðu.

Stefndi hefur framvísað gögnum, er sýna, að hann tók hjá lánastofnun í Vestmannaeyjum lán jafnhá 3. og 4. greiðslu, er greiddust um svipað leyti og greiðsla 2. Hann kveðst hafa greitt lántökukostnað, stimpilgjald og forvexti með vinnutekjum á þessum tíma og benti á, að hann hefði unnið, meðan verkfall opinberra starfsmanna stóð haustið 1977.

Fimmta greiðsla, kr. 1.100.000, var síðan í gjalddaga hinn 1. ágúst 1978. Þá greiðslu kvaðst stefndi, sem þá hafði verið á sjó og haft góðar tekjur um sumarið, hafa fjármagnað með kr. 830.000, sem hann tekur út af sparisjóðsbókinni hinn 8. ágúst 1978. Það, sem á vantaði, með peningum, er hann hafi átt inni og tekið út hjá útgerðinni. Af þessum 830 þús., sem á bókinni voru hinn 8. ágúst 1979 voru kr. 490.000 andvirði 500. þús. kr. láns, er málsaðiljar tóku sameiginlega hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyinga hinn 19. janúar 1978. Þau eru bæði skuldarar á bréfinu og óumdeilt, að stefndi átti ekki rétt til láns samkvæmt reglum sjóðsins, ef ekki hefðu komið til áunnin réttindi konunnar. Það liggur ekki fyrir, að konan hafi með þessari lántöku nýtt lántökurétt sinn að því marki, að hún eigi nú ekki möguleika á sambærilegri lántöku.

Sjöttu greiðslu, kr. 1.100.000, hinn 20. október 1978, kvaðst stefndi hafa fjármagnað með kr. 215.000, sem hann tók út af sparisjóðsbókinni, með bráðabirgðaláni, kr. 600.000 frá föður sínum og afganginn með peningum frá útgerðinni.

Í sparisjóðsbókinni sést, að hinn 24. nóvember 1978 eru lagðar kr. 950.000 inn á sparisjóðsbókina, en stefnandi (sic) segir það vera uppgjör frá útgerðinni. Sú fjárhæð var sparifjárinnstæða stefnda við sambúðarslitin og jafnframt innstæða, eftir að 6. greiðsla samkvæmt kaupsamningi var greidd.

Það er óumdeilt, að konan keypti oftast í matinn fyrir sína peninga og jafnframt að fyrir kom, að maðurinn annaðist og greiddi þau innkaup. Það er einnig óumdeilt, að fyrir kom, að stefndi afhenti konunni peninga til heimilishaldsins, en ekki er því haldið fram, að þar hafi verið um reglulegar greiðslur að ræða eða háar fjárhæðir.

Þann tíma, sem málsaðiljar bjuggu í kjallaraíbúð foreldra konunnar að Hólagötu 8, þ. e. til miðs apríl 1978, greiddu þau ekki húsaleigu og fengu

endurgjaldslaust upphitun hjá foreldrum konunnar og borðuðu einnig hjá þeim 2—3 máltíðir í viku án endurgjalds. Stefndi kveðst stundum hafa borgað rafmagnsreikninginn. Eftir að þau fluttu í nýju íbúðina, kveðst konan hafa borgað hússjóðinn af sínu fé, kr. 10.000 á mánuði, hitakostnaður innifalinn, og stundum rafmagnsreikninginn. Maðurinn heldur því fram, að það hafi verið ýmist hvort þeirra borgaði þessa kostnaðarliði, eftir að þau fluttu, taldi, að þau hefðu skipt því nokkuð jafnt.

Varðandi störf við heimilishaldið þá hefur konan ómótmælt haldið því fram, að hún hafi annast þau og maðurinn þar lítið eða ekki nærri komið. Maðurinn hefur á hinn bóginn ómótmælt haldið því fram, að meðan hann var í landi, þá hafi hann ýmist farið með konunni og hjálpað henni við ræstinguna hjá Vestmannaeyjabæ, en þá ræstingu hafði hún sem áður segir á hendi allan sambúðartímann, 1—2 tíma á dag, eða verið heima og passað börnin, meðan hún var að ræsta. Frá því að hann fór á sjóinn um miðjan maí og til loka sambúðartímans, hafi að sjálfsögðu ekki verið um slíka aðstoð að ræða, hann hafi það tímabil verið fjarverandi og því hvorki til léttis né þyngsla við heimilisstörfin og hvorki keypt til heimilis né neytt matarins nema þá fáu daga, sem hann kom í land.

Af hálfu konunnar hefur verið upplýst, að börnin hafi ýmist verið hjá foreldrum hennar eða á leikskóla, meðan hún var að vinna utan heimilis að deginum, og kveður lögmaður hennar hana hafa fundið kvittanir fyrir eftirtöldum greiðslum til leikskólans, en þær greiðslur hafi hún greitt af tekjum sínum:

Kvittun dags. 17. nóv. 1977	kr.	10.500 x 2	= 21.000
Kvittun dags. 31. des. 1977	—	10.000 x 2	= 20.000
Kvittun dags. 17. jan. 1978	—	10.500 x 2	= 21.000
Kvittun dags. 31. mars 1978	—	14.000 x 2	= 28.000
Kvittun dags. 30. apríl 1978	—	23.400 x 2	= 46.800
Kvittun dags. 31. maí 1978	—	26.000 x 2	= 52.000
Kvittun dags. 3. ágúst 1978	—	13.000 x 2	= 26.000
		Samtals	kr. 266.800

Konan bendir á, að mæðralaun hafi fallið niður, meðan sambúðin stóð, svo sem lög gera ráð fyrir.

Af hálfu mannsins hefur verið lagt fram í málinu óundirritað uppkast að skiptasamningi milli aðilja. Samkvæmt uppkastinu er desember 1978 fyrirhugaður undirskriftarmánuður, að öðru leyti er ekki á því dagsetning. Í því er gert ráð fyrir, að maðurinn greiði konunni kr. 2.000.000, sem fullnaðargreiðslu vegna samskipta aðilja, þannig:

a)	Við undirskrift skiptasamnings, ...	kr.	200.000
b)	Þegar konan afhendir íbúðina lausa í ársbyrjun 1979	—	300.000
c)	Hinn 1. júní 1979	—	500.000
d)	Með jöfnun greiðslum á 20 mánuðum, í fyrsta skipti 1. júlí 1979, kr. 50.000 í hvert skipti, ...	—	1.000.000
		Kr.	2.000.000.

Upplýst er, að tildrög þessa samningsuppkasts voru þau, að eftir sambúðarslitin krafðist konan endurgjalds fyrir eignarhlutdeild, er hún taldi sig eiga í íbúðinni. Leitaði þá stefndi ráða hjá lögmanni sínum, Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni, sem útbjó uppkastið. Hélt stefndi til Eyja með uppkastið meðferðis. Hringdi hann frá kunningja sínum að kvöldlagi, um kvöldmatarleytið, til konunnar og bauð henni þennan samning. Stefndi segir, að konan hafi strax hafnað þessu, en að öðru leyti er ekki fram komið, hvað þeim fór á milli í þessu símtali, og af hálfu konunnar er ekki á því byggt, að munnlegur samningur hafi komist á.

Um hádegið daginn eftir fór stefnandi á fund stefnda. Þá kvað hann þetta tilboð ekki standa lengur, þessi samningur stæði ekki lengur til boða af sinni hálfu.

Þessa breyttu afstöðu hefur stefndi skýrt svo, að af sinni hálfu hafi verið brostnar forsendur fyrir þessu samkomulagi, því síðar sama kvöldið og símtalið fór fram hafi stefnandi farið í íbúðina og fjarlægt gólfteppi, álímd teppi horn í horn með gímmíbotni, svo og handklæðaslá, sápuskál og fleiri naglfasta smáhluti úr baðherbergi. Áhrifin af aðkomunni í íbúðina, eftir að þessir hlutir höfðu verið fjarlægðir, kvað stefndi hafa mótað hina breyttu afstöðu sína ásamt þeirri fjárhagslegu breytingu á uppgjörsforsendum, sem af því leiddi, að teppin voru fjarlægð og þessir munir.

Óumdeilt er, að foreldrar konunnar höfðu gefið teppin. Stefndi heldur því fram, að smáhlutina í baðherbergið hafi hann keypt fyrir sitt fé.

Fram er komið í málinu, að hinn 17. mars 1980, þ. e. 15½ mánuði eftir sambúðarslitin, seldi stefndi íbúðina að Ásnamri 63. Söluverðið var kr. 17.500.000 og þannig greitt í aðalatriðum:

1.	Yfirtekin áhvílandi lán (þ. á m. hið sameiginlega lán frá Lífeyrissj. Vestmannaeyinga)	kr.	4.213.480
2.	Með skuldabréfi til 4ra ára með 19% ársvöxtum ..	—	2.286.520
3.	Með peningum á tímablinu fram til 15. nóv. 1980	—	11.000.000
		Kr.	17.500.000

Þar sem upphaflegt kaupverð íbúðarinnar var kr. 8.600.000, þar af

greiddar kr. 4.400.000 með fé, er aflað var með veðlánum, er fylgdu íbúðinni við síðari söluna, þá telur stefnandi fram komið, að stefndi hafi haft mjög verulegan fjárhagslegan ávinning af sambúðinni og sé það eitt þeirra atriða, er líta verði til við úrlausn þessa máls.

Ef litið er til þeirrar eignarmyndunar stefnda, sem fjárframlög til íbúðarkaupa á sambúðartímanum hafa leitt af sér, þá er hægt að setja dæmið þannig upp í grófum dráttum eftir þeim gögnum, er fyrir liggja í málinu:

Upphafleg fjármögnun:		
1. Með veðlánum	kr. 4.4 milj., eða	51.16%
2. Eigin fjármögnun, meðan á sambúð stóð	— 2.7 milj., eða	31.40%
3. Fjármögnun eftir sambúðarslit	— 1.5 milj., eða	17.44%
	Kr. 8.6 milj., eða	100%.

Helmingur eigin fjármögnunar á sambúðartímanum yrði þá 15.7%.

Sem fyrr greinir var söluandvirði íbúðarinnar í mars 1980 að frádregnum veðlánum kr. 11 milj. í peningum í greiðslum, er skiptust á 8 mánuði, og tæplega 2.3 milj. á skuldabréfi. Sé tekið tillit til affalla af skuldabréfinu og vaxta af útborguðum peningum til dagsins í dag, virðist þetta söluandvirði nema milli 14.5 og 15 milj. 15.7% af þeirri fjárhæð næmu því um 2.3. milj. Höfuðstóll stefnukröfu í máli þessu með lögmætum vöxtum til dagsins í dag nemur tæplega 4.7 milj., en um 4.1 milj., sé ráðskonukaup miðað við aðeins 14½ mán. Tilboðsfjárhæðin frá des. 1978, kr. 2 milj., mundi með vöxtum frá des. 1978 nema tæplega 3.2 milj. Fæði og húsnæði kostgangara, fullt uppihald í 9 mánuði og að hluta í 5½ - 8 mánuði mætti nú með sömu reikningsaðferð áætla á kr. 1.5 til 2.5 milj.

Álit réttarins.

Það er ósannað með öllu, enda ekki á því byggt í málinu, að stefnandi hafi eignast beina eignarhlutdeild í íbúðinni að Áshamri 63, Vestmannaeyjum.

Það er fram komið í máli þessu, að stefnandi bar meginþungann af heimilishaldi málsaðilja sambúðartímann, enda var stefndi aðþrengdur fjárhagslega vegna fjármögnunar íbúðarkaupa og notaði hverja stund, sem honum gafst frá náminu, til þess að afla sér tekna með dugnaði og atorku.

Við sambúðarslitin var hagur stefnanda síst betri en við upphaf þeirra, en heldur ekki til mun lakari. Á sama tíma hafði hagur stefnda blómgast bæði vegna sparnaðar, sem í því var fólginn fyrir hann að fá ódýrt uppihald skólavetur sinn í Vestmannaeyjum, svo og vegna þess, að hann hafði að áeggjan konunnar lagt fé sitt í fasteignakaup og notið við þau fyrirgreiðslu,

einkum við útvegun lána, sem honum hefði án sambúðarinnar vart staðið til boða, þ. á m. nýtt að hluta áunnin réttindi stefnanda til lántöku í lífeyrissjóði. Þótt á það sé að líta, að stefnandi hafði tvö ung börn á sínu framfæri, en gagnvart þeim hafði stefndi ekki framfærsluskyldu, svo og til þess, að um helming sambúðartímans var stefndi á sjó og íþyngdi þá ekki heimilinu, hvað kostnað eða vinnu við heimilishald snerti, þá þykir þó fram komið, að svo verulegur munur hafi verið á framlagi málsaðilja til sameiginlegs heimilishalds, að stefnandi eigi lögvarða kröfu á endurgjaldi úr hendi stefnda. Þegar litið er til allra atvika, þ. á m. þess, að tekjur stefnda voru verulegar, þegar á sambúðartímann sem heild er litið, svo og þess, hve hart stefnandi lagði að sér við störf í þágu málsaðilja beggja utan og innan heimilis, þá þykir hæfilegt að taka kröfu konunnar til rásökonukaups og endurgjalds fyrir umframframlag til sameiginlegs heimilishalds til greina með kr. 1.900.000 auk vaxta í samræmi við varakröfu og málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 430.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurbjörn Björnsson, greiði stefnanda, Hrönn Ágústsdóttur, kr. 1.900.000 með 19% ársvöxtum frá 1. desember 1978 til 1. júní 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 19. febrúar 1980, en 43½% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 46% ársvöxtum frá þeim degi til 17. nóvember 1980, en síðan hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum), eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, og kr. 430.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. apríl 1983.

Nr. 155/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Irmgard Steindórsson
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Málinu var að kröfu dómþola skotið til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1982, en jafnframt er af ákæruvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar ákærðu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var af ákæruvaldsins hálfu lýst yfir, að fallið væri frá ívitnun í ákæruskjali 31. ágúst 1981 til áfengislaga nr. 82/1969, 1. mgr. 24. gr. og 33. gr., sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal vætti Erich Pfister sjómanns, sem var skipverji á eftirlitsskipinu Frithjof hinn 4. júlí 1981, í sakadómi Reykjavíkur hinn 25. febrúar 1983. Í framburði þessa vitnis kemur fram, að ákærða hafi hinn 4. júlí 1981 verið í klefa vitnisins ásamt fleira fólki um það bil hálfa klukkustund og neytt þar 2—3 glasa af þýskum bjór. Kvaðst vitnið ekki hafa merkt áfengisáhrif á ákærðu. Ekki gat vitnið tilgreint nákvæmlega, hvenær dags þetta hefði verið, en taldi líklegt, að það hefði verið um hádegi.

Vitnið kvaðst hafa farið úr klefa sínum til að sinna störfum vegna brottfarar skipsins og taldi ákærðu hafa farið í land skömmu síðar.

Samkvæmt skýrslu ákærðu sjálfrar í sakadómi 15. september 1981 dvaldist hún um borð í skipinu Frithjof hinn 4. júlí 1981 frá kl. 1130 til kl. rúmlega 17. Framburður vitnisins Erich Pfister greinir aðeins frá bjórdrykkju hennar í hálfa klukkustund einhvern tíma dagsins, um hádegi að því er vitnið minnir, og upplýsir því ekkert um heildarneyslu ákærðu á áfengum drykkjum, á meðan hún var í skipinu, eða áhrif drykkju, eftir að leiðir vitnisins og ákærðu

skildu. Verður því að leggja þau gögn, sem lágu fyrir héraðsdómi, til grundvallar við sakarmat í málinu.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara með skírskotum til rökstuðnings, sem í héraðsdómi greinir. Varðar atferli ákærðu við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þyki refsing ákærðu hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Við munnlegan flutning málsins kom fram, að ákærða hefur höfðað bótamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafist skaðabóta úr ríkissjóði fyrir ólöglega handtöku á heimili sínu í Reykjavík, en sú handtaka var upphaf rannsóknar máls þessa.

Dómsorð:

Ákærða, Irmgard Steindórsson, greiði 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 14. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 165/1982: Ákæruvaldið gegn Irmgard Steindórsson, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. ágúst sl., „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Irmgard Steindórsson skrifstofustjóra, Neshaga 19, Reykjavík, fæddri 9. desember 1940 í Þýskalandi, fyrir að aka laugardaginn 4. júlí 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 30877 frá Ægisgarði í Reykjavík heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá hefur ákærða ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 4. júlí 1981, kl. 1810, var tilkynnt til miðborgarstöðvar lögreglunnar, að bifreiðin R 30877 væri að fara frá þýska eftirlitsskipinu „Frithiof," sem lægi við Ægisgarð, og að ökumaður væri áberandi ölvaður. Lögreglumennirnir Stefán Lindal Gíslason og Hörður Guðjónsson héldu af stað frá lögreglustöðinni til að svipast um eftir bifreiðinni. Skömmu síðar kom tilkynning frá fjarskiptastöð lögreglunnar, að skráður eigadi bifreiðarinnar R 30877 ætti heima að Neshaga 19. Óku lögreglumennirnir þangað, og stóð bifreiðin R 30877 við húsið. Fyrir utan húsið hittu þeir að máli dreng, sem kvaðst heita Páll. Hann kvað móður sína vera eiganda bifreiðarinnar R 30877 og hefði hún verið að koma heim á bifreiðinni. Þeir báðu Pál um að ná í móður hans, Irmgard Steindórsson, sem er ákærða í máli þessu. Varð hann við beiðni þeirra, og fylgdu þeir honum inn á gang hússins. Fór hann þar inn í íbúð og sótti móður sína. Kom hún skömmu síðar fram og hafði tal af lögreglumönnunum. Ákærða var að sögn lögreglumannanna áberandi ölvuð. Hún viðurkenndi að hafa verið að koma heim á bifreið sinni. Lögreglumennirnir báðu ákærðu að koma með sér á lögreglustöðina í Tryggvagötu 19. Ákærða neitaði því eindregið. Lögreglumennirnir handtóku ákærðu í stigaganginum, en hún streittist á móti og vildi greinilega, að sögn lögreglumannanna, reyna að komast inn í íbúð sína. Þeir færðu ákærðu á miðborgarlögreglustöðina fyrir Þorlák Runólfsson aðstoðarvarðstjóra. Bifreiðin R 30877 var skilin eftir við Neshaga 19, þar sem ákærða vildi ekki afhenda kveikjuláslyklana.

Við yfirheyrslu hjá varðstjóra viðurkenndi ákærða að hafa ekið bifreiðinnar R 30877 frá Ægisgarði að Neshaga 19. Hún kvaðst hafa drukkið fimm

til sex erlenda bjóra um borð í þýska eftirlitsskipinu „Frithiof" ásamt kunningjum sínum á tímanum frá kl. 1130 til 1800.

Að lokinni yfirheyrslu var ákærða færð á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni. Var blóðsýni tekið úr henni kl. 1905, en síðan var henni ekið að Týsgötu 5.

Í varðstjóraskýrslu, sem ákærða hefur undirritað, greinir hún frá því, að hún hafi verið að koma á bifeiðinni R 30877 umrætt sinn frá þýska eftirlitsskipinu „Frithiof", sem lá við Ægisgarð hér í borg. Hafi hún verið handtekin, eftir að hún yfirgaf bifreiðina við Neshaga 19. Ákærða var spurð um það, hvenær hún hefði farið af stað, og var svar hennar samkvæmt varðstjóraskýrslu: „Skömmu áður en ég var stöðvuð." Ákærða kvaðst hafa drukkið 5 til 6 flöskur af erlendum bjór um borð í m/s „Frithiof" á tímanum frá kl. 1130—1800 með kunningjum sínum. Ákærða neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hún kvaðst ekki hafa drukkið áfengi, síðan hún hætti að aka.

Í varðstjóraskýrslunni segir, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærðu og öndunarprufa sýnt III.—IV. stig. Ákærða hafi verið þrútin í andliti, æst, augu hennar dauf, jafnvægi óstöðugt og málfar þvöglulegt, en framburður (frásögn) greinargóður.

Þorlákur Runólfsson lögregluvarðstjóri hefur mætt í dómi og staðfest framangreinda varðstjóraskýrslu. Vitnið kveður ákærðu hafa skýrt frá málsatvikum eins og fram kemur í skýrslunni. Hún kvaðst hafa drukkið 5—6 flöskur af erlendum bjór, en ekki neytt áfengis, síðan hún hætti að aka.

Vitnið kvaðst telja, að ákærða hafi verið með áhrifum áfengis.

Ákærða kom til yfirheyrslu hjá lögreglu hinn 9. júlí og fyrir dóm 15. september sl.

Ákærða hefur skýrt frá því, að hún hafi farið út í þýska eftirlitsskipið „Frithiof", er lá hér í höfninni við Ægisgarð, laugardaginn 4. júlí sl. um kl. 1130. Ákærða fór á bifreiðinni R 30877 að skipinu. Ákærða dvaldist í skipinu þar til um kl. 1715, en þá ók hún bifreiðinni að Reynimel 45. Þar fór farþegi, sem var með henni, úr bifreiðinni. Þessu næst ók ákærða heim til sín að Neshaga 19. Lögreglan kom heim til ákærðu einhvern tímann eftir kl. 1800 og handtók hana. Var ákærða þá búin að dveljast þar í 45 mínútur.

Ákærða kveður lögreglumennina hafa lagt hendur á sig á stigapalli fyrir framan íbúð hennar og dregið sig niður stigann og út. Hún kveðst aldrei hafa samþykkt að fara með þeim á lögreglustöðina. Þegar ákærða var komin út í lögreglubifreiðina, fór hún fram á, að lögreglumennirnir færu inn og næðu í handtösku hennar og jakka, en því hafi verið neitað. Ökuskírteini ákærðu var í handtöskunni.

Ákærða kveðst hafa drukkið úti í eftirlitsskipinu með mat um hádegisleytið tvö glös af áfengum bjór og gosdrykk eftir það. Ákærða tók fram, að bjórinn í skipinu væri í dósum, en ekki flöskum. Ákærða neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Ákærða kvaðst hafa drukkið allt að heilum pela af koníaki, eftir að hún kom heim til sín.

Ákærðu var bent á skýrslu hennar hjá lögregluvarðstjóra, sem hún hefur undirritað. Sagði ákærða skýrsluna markleysu og ranga. Ákærða kvaðst hafa verið mjög miður sín, er varðstjóri tók af henni skýrslu, vegna handtökunnar á heimili hennar skömmu áður. Ákærða kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að um skýrslutöku var að ræða. Muni hún ekki um það, sem haft er eftir henni í skýrslunni um áfengisneyslu hennar, og sé það ekki rétt. Hafi hún verið í „sjokki" á lögreglustöðinni og ekkert muna um það, er hún sagði. Ákærða tók fram, að hún hafi verið á skóm með háum hælum umrætt sinn. Hafi verið erfitt að ganga niður landganginn frá m/s „Frithiof" og hafi hún hálfhrasað.

Ákærða kveðst hafa sagt við lögregluvarðstjóra, þegar hún kom á lögregluvarðstofuna, að lögreglumennirnir hefðu tekið sig með valdi út úr húsi hennar og hún ætlaði að kæra þetta fyrir varðstjóranum. Ákærða er þýskur ríkisborgari og óskaði eftir að fá að tala við þýska sendiráðið, en því var ekki sinnt. Þá bað ákærða um að fá að tala við Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmann, en því var einnig synjað. Þá bað ákærða um að fá að hringja í eiginmann sinn og heim til sín, en því var neitað. Fór ákærða þá að gráta. Þegar allt var afstaðið, hringdi varðstjórinn sjálfur í eiginmann ákærðu og leyfði ákærðu síðan að tala við hann.

Ákærða tók fram, að hún áskildi sér rétt til að kæra lögreglumennina og höfða bótamál.

Ákærða tók fram, að hún gæti ekki slegið neinu föstu um þau tímamörk, er í lögregluskýrslu greinir.

Í lögregluskýrslu, sem ákærða hefur staðfest fyrir dómi, segist hún vilja taka fram eftirfarandi: „Ég vil mótmæla harðlega handtöku þeirri, sem lýst er í skjali nr. 1, bls. 1, sem ég tel algjörlega ólöglega, þar sem ég var stödd inni á heimili mínu.

Ég bauð nefndum lögregluþjónum að ganga til stofu og ræða við þá þar, en þeir neituðu og kröfðust, að ég kæmi með þeim út í lögreglubifreið, sem beið fyrir utan húsið.

Ég neitaði ítrekað að fylgja lögregluþjónunum, þar sem ég var í fullum rétti til að dvelja inni á heimili mínu.

Þessum rétti mínum var ekki ansað, og skipti engum togum, að lögregluþjónn nr. 110 og lögregluþjónn nr. 187 tóku mig „tökum" og færðu mig með valdi út úr húsinu inn í lögreglubifreiðina og síðan á lögreglustöðina við Tryggvagötu.

Ég vil taka skýrt fram, að þar sem um ólöglega handtöku var að ræða, fer ég eindregið fram á, að mál þetta verðu látið niður falla, að öðrum kosti mun ég kæra ólöglega handtöku og jafnframt kæra nefnda lögregluþjóna fyrir líkamsmeiðingar, sbr. meðfylgjandi áverkavottorð. Eins vil ég taka fram, að sonur minn, Páll Sigurðsson, var skilinn einn eftir í íbúðinni. Var mér bannað að hringja frá lögregluvarðstofu, þ. e. heim og til eiginmanns, sem var á vinnustað.

Aðspurð skýrir mætta svo frá, að handtakan hafi farið fram á stigapalli við íbúðardyrnar. Mætta segir inngang, þ. e. útihúrð, eingöngu ganga að íbúð hennar."

Vitnið Þorsteinn Kjartansson, Brekkustíg 9 hér í borg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt við nýbyggingu á Ægisgarði síðdegis hinn 4. júlí 1981. Þýska eftirlitsskipið „Frithiof" lá við Ægisgarð þarna skammt frá. Hjá vitninu stóðu tveir færeyskir sjómenn, sem vitnið veit ekki nánar deili á. Skömmu fyrir brottför skipsins sá vitnið konu koma frá því. Með henni gekk maður og ungur drengur. Maðurinn hélt á lítilli telpu í fangi sér. Þau gengu að svartri Mercedes Benz fólksbifreið, R 30877, og opnaði konan bifreiðina. Konan settist undir stýri bifreiðarinnar, en maðurinn í aftursæti ásamt telpunni. Vitnið man hins vegar ekki eftir, hvar drengurinn settist. Konan ók bifreiðinni á brott. Vitnið varð ekki vart við, að bifreið rásaði í akstri. Vitnið kveðst hafa verið í innan við 10 m fjárlægð frá konunni, er hún kom frá skipinu. Það kveðst hafa veitt því athygli, að hún slagaði, og taldi það, að hún væri með áfengisáhrifum. Færeysku sjómennirnir höfðu og orð á því, að þetta væri ljótt að sjá, þar sem konan væri greinilega drukkin. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt um nákvæmlega, hvað klukkan var, er þetta gerðist, þar sem það var ekki með úr á sér, en það var í sömu mund og m/s „Frithiof" lagði frá bryggju.

Vitnið kveðst hafa álitið, að ástand konunnar væri þannig, að rétt væri að láta lögregluna vita um akstur hennar. Fór það fyrst að veitingastaðnum Skeifunni á horni Ægisgötu og Tryggvagötu og ætlaði að fá að hringja. Þar var lokað, og hélt vitnið þá rakleitt að lögreglustöðinni í Tollstöðvarhúsinu, þar sem það tilkynnti um akstur konunnar.

Færeyingar þeir, sem um getur í framburði Þorsteins Kjartanssonar, hafa verið yfirheyrðir fyrir dómi í máli þessu í Færeyjum. Þeir eru báðir frá Klakksvík og heita Johan David Joensen og Birgir Sivertsen. Voru þeir skipverjar á færeyska skipinu „Borgarinn", er lá við Ægisgarð hér í höfninni 4. júlí 1981 fyrir framan m/s „Frithiof". Þeir kveðast hafa staðið við hornið á rafveituhúsi, sem er á Ægisgarði, næstum andspænis landganginum á m/s „Frithiof", í þann mund, er skipið var að fara á brott.

Hefur vitnið Johan David Joensen skýrt svo frá, að það hafi séð, áður en landgöngubrú m/s „Frithiof" var tekin á brott, að kona, 35—40 ára

að því er vitnið telur, gekk út á þilfar skipsins og kvaddi mann, sem var um 60 ára að aldri og gæti hafa verið faðir hennar. Konan gekk því næst niður landganginn ásamt 2 börnum. Kona þessi var að sögn vitnisins óstöðug á fótunum og auðsjáanlega með áhrifum áfengis. Konan fór síðust frá skipinu. Þegar hún var komin í land, var landgöngubrúin tekin, og skipið lagði frá hafnarbakkanum. Konan fór út á enda hafnargarðsins, þegar skipið var að fara á brott. Vitnið fór þangað einnig og stóð mjög nærri konunni, eða í 1 m fjarlægð. Vitnið kveðst hafa greint þar sem áður, að konan var ölvuð, þar sem hún var óstöðug á fótunum og var með handaslátt, í stuttu máli sagt, hún hegðaði sér eins og ölvaður maður gerir. Konan og maðurinn fóru síðan að bifreið, sem stóð við horn rafveituhússins. Þau settust bæði í framsæti, konan undir stýri. Börnin fóru með þeim inn í bifreiðina. Konan ók því næst á brott. Rétt á eftir kom Íslendingur til vitnisins og félaga þess og fór að ræða þetta við þá. Hafði hann orð á, að honan væri ófær um að aka vegna ástands síns. Sagðist hann ætla að tilkynna lögreglu um aksturinn. Fór hann því næst á brott áleiðis upp bryggjuna.

Vitnið Birgir Sivertsen hefur skýrt frá málsatvikum á svipaðan hátt og framangreint vitni. Vitnið kveður konu þá, er að framan greinir, hafa verið sjáanlega með áfengisáhrifum. Hún var óörugg í gangi og hreyfingum. Vitnið kveðst hafa séð, að konan settist undir stýri bifreiðarinnar. Maðurinn, sem var með henni, settist og inn í bifreiðina ásamt börnunum. Konan ók því næst á brott. Fylgdist vitnið og félagi þess með akstrinum. Fannst vitninu aksturinn mjög óöruggur, og höfðu þeir á orði, að konan kæmist ekki langt, áður en slys yrði eða eitthvað því líkt, jafnölvuð og hún væri. Rétt eftir að konan ók á brott, kom Íslendingur til þeirra. Sagði hann, að konan ætti ekki að aka í því ástandi, sem hún væri, og ætlaði hann að tilkynna lögreglu um þetta.

Uppdráttur af vettvangi fylgdi framburði vitnanna frá Færeyjum, og kemur hann heim við staðhætti á Ægisgarði.

Vitnið Stefán Lindal Gíslason lögregluþjónn gerði lögregluskýrslu í máli þessu. Hefur vitnið staðfest skýrsluna.

Vitnið kveður ákærðu, Irmgard Steindórsson, hafa sagt lögreglumönnunum umrætt sinn, að hún væri nýlega kominn heim á bifreiðinni R 30877. Ákærða viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni. Ákærða var áberandi ölvuð, að því er vitninu virtist. Ákærða kvaðst viðurkenna það, er borið var á hana. Kvaðst hún vilja gera það inni í stofu hjá sér, en ekki koma á lögreglustöðina. Viðtalið við ákærðu fór fram á stigapalli fyrir framan íbúð hennar. Ákærða neitaði að fara á brott með lögreglumönnunum og vildi komast inn í íbúð sína. Ákærða streittist lítillega á móti, er farið var með hana á brott út úr húsinu.

Í yfirheyrslu hjá varðstjora sagðist ákærða hafa drukkið 5—6 flöskur af erlendum bjór framangreindan dag í þýska eftirlitsskipinu „Frithiof". Hún kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Ákærða var spurð um, hvort hún hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, og svaraði hún því neitandi.

Vitnið kveður örfáar mínútur hafa liðið, frá því að tilkynnt var um akstur bifreiðarinnar R 30877, uns lögreglumennirnir komu að Neshaga 19. Kveðst vitnið telja, að um 3—4 mínútur hafi verið að ræða.

Vitnið Hörður Guðjónsson lögreglumaður hefur skýrt frá því, að það hafi verið á vakt á miðborgarstöð lögreglunnar við Tryggvagötu laugardaginn 4. júlí sl. Kl. 1810 kom maður á lögreglustöðina og tilkynnti, að bifreiðinni R 30877 hefði skömmu áður verið ekið frá eftirlitsskipinu „Frithiof", sem legið hefði við Ægisgarð. Taldi maðurinn, að ökumaðurinn, sem væri kona, væri með áfengisáhrifum. Vitnið og Stefán Lindal Gíslason fóru þegar af stað á lögreglubifreið að svipast um eftir bifreiðinni. Fengu þeir upplýsingar um, að eigandinn byggi að Neshaga 19, og héldu þeir þangað. Telur vitnið, að þeir hafi verið komnir á staðinn eftir 2—3 mínútur. Bifreiðin R 30877 stóð fyrir utan húsið í bifreiðastæði. Lögreglumennirnir börðu að dyrum að Neshaga 19. Kom ungu drengur til dyra og hleypti þeim inn á stigagang. Þeir spurðu drenginn eftir móður hans, og sagði hann, að hún væri heima. Drengurinn kallaði á móður sína, og kom hún fram á stigapallinn. Kona þessi var Irmgard Steindórsson, ákærða í máli þessu. Lögreglumennirnir spurðu hana, hvort hún væri ökumaður framangreindrar bifreiðar. Ákærða kvaðst vera nýkomin heim að Neshaga 19 á bifreiðinni. Vitnið kveður ákærðu hafa verið áberandi ölvaða og sterkan áfengisþef frá vitum hennar.

Lögreglumennirnir báðu ákærðu að fylgja sér á lögregluvarðstofuna. Hún samþykkti það í fyrstu og gekk með þeim af stigapallinum niður stigann og að útidyrunum. Þar neitaði ákærða að fylgja lögreglumönnunum og gerði sig líklega til að snúa við upp stigann. Lögreglumennirnir tóku þá sinn undir hvorn handlegg ákærðu og leiddu hana út í lögreglubifreiðina. Ákærða veitti mótspyrnu, en ekki að ráði. Ákærða var færð á lögreglustöðina í Tryggvagötu, þar sem varðstjóri tók af henni skýrslu. Vitnið kveðst muna, að ákærða kvaðst aðspurð hafa drukkið 2—3 útlenda bjóra og neytt matar í þýska eftirlitsskipinu. Vitnið tók þó fram, að það gæti ekki fullyrt um, hve marga bjóra ákærða sagðist hafa drukkið, það, er áður greini, sé sagt eftir minni og líklega sé það meira.

Ákærða var að lokinni yfirheyrslu færð til blóðtöku.

Aðspurt af verjanda skýrði vitnið frá því, að ákærða hafi farið að gráta í yfirheyrslu hjá varðstjóra. Ákærða lýsti því yfir á lögreglustöðinni, að hún hefði verið handtekin ólöglega.

Vitnið Manfred Bersch hefur skýrt frá því í skýrslu hjá lögreglu, að það hafi verið statt um borð í m/s „Frithiof" þann 4. júlí 1981.

Einni klukkustund áður en skipið lagði frá, var tilkynnt um brottför, og kveðat vitnið hafa yfirgefið skipið á tímabilinu milli klukkan 1700 og 1730. Rétt áður en vitnið yfirgaf skipið, segir það konu hafa boðið því far, þ. e. boðist til að aka því að Reynimel 45, Reykjavík. Kveðst vitnið hafa þegið boðið.

Vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort kona þessi, þ. e. ákærða í máli þessu, var undir áhrifum áfengi, og geti ekki um það sagt. Kveðst vitnið ekki hafa farið inn í bifreiðina með dóttur þess, ef það hefði talið, að ákærða væri undir áhrifum áfengis.

Aðspurt kveðst vitnið hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar ásamt dóttur þess, en drengur við hlið ákærðu.

Vitnið kvaðst hafa drukkið tvo bjóra úti í m/s „Frithiof", en ekki verið undir áhrifum áfengis, þegar nefndur atburður átti sér stað.

Ákærða ók stystu leið að Reynimel 45, og stóð aksturinn yfir í um fimm mínútur. Fannst vitninu aksturinn óaðfinnanlegur.

Vitnið kveðst ekki þekkja ákærðu í máli þessu. Það hafi ekki séð hana fyrr en um borð í m/s „Frithiof" og ekki séð hana eða heyrt frá henni, frá því það yfirgaf bifreiðina R 30877 fyrir utan Reynimel 45 þann 4.júlí.

Vitnið Horst Prüss, háseti á m/s „Frithiof", kveðst kannast við ákærðu, Irmgard Steindórsson. Vitnið man eftir, að hún var um borð í skipinu dag einn sl. sumar. Þar var og maður, sem heitir Manfred. Vitnið kveðst hafa orðið þess vart, að ákærða drakk eitt til tvö glös af bjór einhvern tíma dagsins. Að öðru leyti kveður vitnið hana hafa drukkið ávaxtasafa. Vitnið kveður m/s „Frithiof" hafa farið á brott á tímanum frá kl. 1700 til 1800. Ákærða var farin á brott nokkru áður. Í þessu sambandi tók vitnið fram, að gestir í skipinu eigi að vera farnir á brott einni klst. fyrir brottför. Vitnið kveðst muna eftir því, að framangreindur Manfred bað ákærðu að aka sér heim. Vitnið fylgdi ákærðu og Manfred að bifreiðinni og aðstoðaði ákærðu við að koma barnavagni inn í bifreiðina.

Vitnið kveðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á ákærðu, enda verði enginn drukkinn af því að drekka ávaxtasaft.

Samkvæmt vottorði frá Reykjavíkurhöfn kom þýska eftirlitsskipið „Frithiof" til Reykjavíkur 4. júlí 1981 kl. 0900 og fór kl. 1800 sama dag.

Alkóhólmagnið í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærðu, var 2.50‰.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir leitt í ljós, að ákærða hafi verið handtekin, skömmu eftir að akstri lauk. Verður að telja sögu

hennar um áfengisneyslu eftir aksturinn ósennilega. Þykir sannað með framburði vitnanna Þorsteins Kjartansssonar, Johan David Joensen og Birgis Sivertsen, framburðum lögreglumanna um ástand ákærðu eftir aksturinn svo og þegar virt er niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar á blóðsýnishorninu úr ákærðu og annað, sem fram er komið í máli þessu, að hún hafi verið með áfengiáhrifum við aksturinn umrætt sinn þrátt fyrir framburði vitnanna Horst Prüss og Manfred Bersch og neitun ákærðu.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 4.000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærðu ökuleyfi. Þykir ökuleyfissvipting hennar hæfilega ákveðin í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hennar, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærða, Irmgard Steindórsson, greiði 4.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða skal frá dómsbirtingu svipt ökuleyfi í 1 ár, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að þessu leyti.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudagurinn 25. apríl 1983.

Nr. 83/1981. **Jensína Sigurgeirsdóttir**
og
Hagtrygging h/f
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Ævari Lúðvíkssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1981. Þeir gera þær dómkröfur, að krafa stefnda um skaðabætur úr hendi þeirra verði lækkuð, meðal annars á grundvelli sakarskiptingar, bæði að vöxtum og höfuðstól, en málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til þess að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Bifreiðin Y 6305 var eign stefnda, en hafði eigi enn verið skráð á nafn hans í bifreiðaskrá, er árekstur sá varð, sem málið er af risið. Hús það, sem bifreiðin rakst utan í, er nr. 6 A við Hverfisgötu.

Áfrýjandi Jensína stöðvaði bifreið sína við Hverfisgötu, sem nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Urðarstíg, og ók síðan inn á gatnamótin án þess að veita bifreið stefnda athygli. Braut hún með þessu gegn 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ósannað er, að stefndi hafi ekið of hratt eða andstætt umferðarreglum að öðru leyti. Eins og á stóð, voru ekki óeðlileg þau viðbrögð hans að sveigja bifreið sinni til vinstri. Verður ekki séð, að honum hafi orðið á slík mistök, að efni séu til, að hann beri hluta tjóns síns sjálfur samkvæmt 68. gr. umferðarlaga. Samkvæmt þessu ber að staðfesta

hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að vaxtakrafa stefnda, sem er um dómvexti, verður ekki tekin til greina frá fyrri tíma en 26. ágúst 1980, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði 46% ársvextir frá 26. ágúst 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur, Jensína Sigurgeirsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði stefnda, Ævari Lúðvíkssyni, óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara og Guðrúnar Erlendsdóttur, setts hæstaréttardómara.

Fallast má á það með héraðsdómara, að það hafi verið veruleg vangæsla hjá áfrýjanda Jensínu að veita ekki bifreiðinni Y 6305 athygli, fyrr en rétt í sama mund og árekstur bifreiðanna varð, en henni bar að víkja fyrir umferð eftir Hverfisgötu, sbr. 3. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968. Verður því að telja, að áfrýjandi Jensína beri alla ábyrgð á árekstri bifreiðanna og eigi því að bæta stefnda það tjón, sem af honum hlaust.

Árekstur bifreiðarinnar Y 6305 utan í húsið nr. 6 A við Hverfisgötu verður að telja afleiðingu árekstrar bifreiðanna. Hins vegar þykir ljóst, að stefnda hafi fatast stjórn bifreiðar sinnar framar en áreksturinn gaf tilefni til, er hann ók upp á gangstéttina meðfram húsinu nr. 6 A og hemlaði þar með

þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst utan í húsið. Að þessu athuguðu þykir rétt, að stefndi beri sjálfur ⅓ hluta þess tjóns, er af þeim árekstri hlaust.

Samkvæmt þessu teljum við, að dæma beri áfrýjendur til að greiða stefnda 9.000.00 krónur ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði meiri hluta dómara segir.

Við erum sammála meiri hluta dómara um greiðslu málskostnaðar.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. janúar 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. desmeber sl., hefur Ævar Lúðvíksson bifvélavirki, Hellisgötu 35, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu þann 16. september 1980, þar sem mætt var af hálfu stefndu, Jensínu Sigurgeirsdóttur, Arnarhrauni 22, Hafnarfirði, og Ragnars Ingimarssonar stjórnarformanns, Mávanesi 22, Garðakaupstað, f. h. Hagtryggingar h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, og fyrirtaka málsins samþykkt.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmd til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð 12.000.00 krónur (gkr. 1.200.000) auk dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 3. apríl 1980 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu stefndu kom greinargerð fram í málinu þann 14. október sl. Í þinghaldi 3. nóvember sl. varð sáttatilraun dómara með umboðsmönnum aðilja árangurslaus og málinu frestað til framhaldssáttaumleitunar og frekari gagnaöflunar til 2. desember sl., en þá varð útivist af hálfu stefndu. Er málið því skriflega flutt samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að krafa stefnanda um skaðabætur á hendur þeim verði verulega lækkuð, m. a. á grundvelli ábyrgðarskiptingar, og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins.

Mál þetta er höfðað gegn stefndu til greiðslu skaðabóta vegna tjóns, sem varð á bifreiðinni Y 6305, er hún lenti í árekstri við bifreiðina G 3333 á Hverfisgötu við Urðarstíg í Hafnarfirði og síðan utan í húsið Hverfisgötu 6 B fimmtudaginn 3. apríl 1980, um kl. 1230. Bifreiðinni G 3333 var ekið eftir Urðarstíg inn á Hverfisgötu, en Y 6305 var ekið norður Hverfisgötu, og varð árekstur inn með þeim hætti, að framendi G 3333 og hægra afturbretti Y 6305 rákust saman. Hverfisgata er aðalbraut og biðskyldumerki uppi við Urðarstíg fyrir umferð um Hverfisgötu. Í lögregluskýrslu er tjón á bifreiðunum sagt lítið. Dagsbirta hafi verið, en skýjað. Yfirborð vegar malbikað, en blautt. Stefnandi var ökumaður Y 6305, en stefnda, Jensína Sigurgeirsdóttir, ökumaður G 3333. Y 6305 er fólksbifreið af tegundinni Oldsmobile, en G 3333 fólksbifreið af tegundinni Datsun, í eign Bílaleig-

unnar Greiða h/f, Miðvangi 100, Hafnarfirði. Í lögregluskýrslu segir, að eigandi Y 6305 sé Hallfríður Einarsdóttir, Furugrund 58, Kópavogi. Þá er haft eftir stefndu, Jensínu Sigurgeirsdóttur, að hún hafi ekið að Hverfisgötu og stöðvað. Hugað að umferð um Hverfisgötu og síðan ekið af stað áleiðis suður hana, þar sem hún hafi ekki séð neina bifreið. Þá hafi hún skyndilega séð bifreiðina Y 6305, sem ekið hafi verið á miklum hraða norður Hverfisgötu. Hún hafi þá hemlað, en framendi G 3333 rekist á hægra afturbretti Y 6305. Eftir stefnanda er haft, að hann hafi ekið á venjulegum umferðarhraða. Er hann hafi verið að nálgast Urðarstíg, hafi hann séð G 3333 kyrrstæða á Urðarstíg og ökumann hennar sýnilega hafa beðið færis að aka inn á Hverfisgötu. Síðan hafi G 3333 verið ekið í veg fyrir Y 6305 og hann þá sveigt til vinstri, en framendi G 3333 þá rekist á hægra afturbretti Y 6305. Þá hafi stefnandi sagt, að vinstra afturbretti bifreiðar hans hafi strokist utan í húsið Hverfisgötu 6 B. Þá kemur fram í lögregluskýrslunni, að bæði afturbretti Y 6305 hafi verið skemmd og á G 3333 hafi hægra frambretti, húdd, grill og framstuðari verið skemmt. Meðfylgjandi lögregluskýrslunni er afstöðuteikning af vettvangi, gerð af öðrum lögregluþjóninum, sem fór á staðinn.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann aki þessa götu fjórum sinnum á dag. Hann kveðst í umrætt sinn hafa ekið á þeim hraða, sem hann sé vanur. Hann hafi ekið á u. þ. b. 30 mílna hraða miðað við klst., en gæti hafa verið aðeins undir þeim hraða. Hann kveður Y 6305 vera árg. 1971 og hafa verið í mjög góðu lagi að öllu leyti. Það hafi lögreglan athugað á staðnum. Hann kveður Y 6305 vera um eða yfir 2 m á breidd, jafnvel 2.05 m, og með lengri bifreiðum, jafnvel 5.50 m og nálægt 2 tonnum á þyngd. Hann kveðst hafa verið u. þ. b. 3 bíllengdir frá gatnamótunum eða aðeins minna, er hann fyrst varð var ferðar G 3333, sem þá hafi verið svo að segja stopp. Hann hafi séð ökumann G 3333 líta fyrst til vinstri, síðan til hægri. Síðan hafi ökumaðurinn ekið út í götuna. Hann kveðst ekki hafa búist við öðru en konan hefði séð sig. Hann kveðst hafa haldið svipuðum hraða að gatnamótunum. Hann kvaðst ekki hafa aukið hraðann, er hann sveigði til vinstri, enda hafi þá verið u. þ. b. 2 metrar að G 3333. Hann kveðst ekki hafa hemlað fyrir áreksturinn og kveður það þá aðeins hafa valdið því, að hann hefði lent á hlið G 3333. Hann kveðst hafa lagt á Y 6305 eins og hægt var til vinstri og kveður bifreiðina ekki hafa rásað við það. Þó gæti það verið, en ekki þannig, að hann fyndi það, enda allt gerst mjög skjótt, á 1 sek eða svo. Við áreksturinn hafi G 3333 verið á ferð, ekki stopp. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að G 3333 væri hemlað fyrir áreksturinn, og reiknar með, að konan hafi ekki haft hugmynd um sig á götunni. Umferð hafi ekki verið á móti og ekkert utanaðkomandi hafi byrgt útsýni við gatnamótin. Hann kveðst hafa lagt strax aftur á bif-

reiðina til hægri eftir árekstur inn og ekki hemlað fyrr en uppi á gangstéttinni og þá hafi Y 6305 verið orðin bein fyrir. Þá hafi hann hemlað fast og Y 6305 hoppað upp við það að aftan og lent á húsinu sökum breiddar Y 6305. Bifreiðin sé búin lofthemlum og diskum á öllum hjólum. Er hann hemlaði, hafi hægra afturhjólið numið alveg við rennusteininn og gangstéttarbrúnina og það því hoppað upp á gangstéttina við átakið. Um leið og hann hafi orðið var við, að eitthvað gerðist, hafi hann sleppt hemlunum og Y 6305 því haldið áfram, en bifreiðin sé sjálfskipt. Síðan hafi hann stöðvað aðeins frá. Hann kveður engin hemlaför hafa mælst. Hann kveður Y 6305 ekki hafa numið staðar, er hún lenti á húsinu. Varðandi uppdráttinn telur hann engan árekstur hafa orðið, ef G 3333 hefði ekki verið komin lengra út í götuna en uppdrátturinn sýnir. Annað hvort sé gatan sýnd of breið eða G 3333 of stutt úti í götunni. Hann kveðst hafa verið kominn það nálægt G 3333, að þó nægilegt rými væri á götunni með því að sveigja til vinstri, hafi það ekki skipt máli. Hann kveðst ekki hafa heyrt, er árekstur inn varð, og kveður tjónið hægra megin á Y 6305 aðeins hafa verið dæld í afturbrettið. Hann kveður vinstri hliðina hafa lent á gluggakistu á húsinu. Hann kveðst hafa lent uppi á gangstéttinni í síðasta lagi við hornið nær á húsinu.

Vitnið Guðjón Sigurbjörnsson verkamaður, Túngötu 20, Vestmannaeyjum, fæddur 28. febrúar 1958, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið á eftir Y 6305 frá Kastalanum við Hverfisgötu (nr. 56). Hann hafi ekið á 40—50 km. hraða miðað við klst. og verið u. þ. b. 30 m á eftir Y 6305. Hann hafi verið u. þ. b. 30 m frá gatanamótunum við Urðarstíg og þá séð G 3333 koma þá götu og stöðva eða hægja á sér, en ekki hafa hinkrað, og aka síðan beint út á götuna. Hann kveður Y 6305 þá hafa verið mjög nálægt gatnamótunum og telur ökumann þeirrar bifreiðar, sem ekið hafi verið með svipuðum hraða og hann ók, ekki hafa haft tök á að forða árekstri (sic). Hann kveður Y 6305 ekki hafa verið hemlað fyrr en eftir áreksturinn, en hafa sveigt til vinstri fyrir áreksturinn. Það hafi gerst í skjótri svipan, að Y 6305 lenti upp á gangstéttinni. Hann kveðst ekki frá því, að Y 6305 hafi aukið hraðann, um leið og henni var sveigt til vinstri. Hann kveður Y 6305 hafa verið nokkuð þvert á götunni, er áreksturinn varð. Þá hafi G 3333 einnig verið á ferð. Ökumaður hennar hafi vaðið inn á götuna, en farið rólega. Hann kveðst hafa séð vel til árekstursins og eins þegar G 3333 kom eftir Urðarstíg að Hverfisgötu. Hann kveðst ekki muna, hvort Y 6305 kastaðist til við áreksturinn. Ökumaður Y 6305 hafi ekki haft tíma til að hemla fyrir áreksturinn og minnir, að hann hafi fyrst séð hemlaljós á þeirri bifreið uppi á gangstéttinni, en áður en bifreiðin lenti á húsinu. Hann kveðst ekki muna, hvort G 3333 var hreyfð eftir áreksturinn né heldur hvort hún kastaðist til við áreksturinn. Hann kveður

umferð ekki hafa verið á móti á Hverfisgötu við árekstursstaðinn. Hann kveður akstur Y 6305 hafa verið venjulegan og telur hann ekki hafa verið ógætilegan eða hættulegan. Hann kveður G 3333 ekki hafa verið komna yfir miðja Hverfisgötu en nær miðju en uppdráttur sýni. Hann kveðst ekki muna, hvort verið hafi kyrrstæðar bifreiðar í stæðum sunnan Urðarstígs, hægra megin á Hverfisgötu miðað við akstursstefnu hans.

Varðandi málsatvik, málsástæður og lagarök segir í greinargerð stefndu: „Atvik að slysinu voru þau, að stefnandi var á ferð norður Hverfisgötu í bifreið sinni og ætlaði beint áfram, er hann kom að gatnamótum hennar og Urðarstígs. Stefnda Jensína kom hinsvegar úr vesturátt niður Urðarstíg og hugðist beygja til vinstri suður Hverfisgötu. Hún stöðvaði við gatnamótin, þar sem biðskylda er fyrir akstri frá Urðarstíg, en sá ekki til ferða stefnanda né annarra bifreiða. Hún ók því af stað inn í götuna, en sá þá bifreið stefnanda koma aðvífandi sunnan götuna, á miklum hraða. Við þetta hemlaði hún þegar í stað, þannig að bifreið hennar, sem er lítil, var naumast komin sem svarar hálfri lengd sinni inn á akbraut Hverfisgötu, er hún stöðvaðist. Y 6305 var hinsvegar ekið áfram, og liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi reynt að hemla henni, né heldur tókst honum að sveigja fyrir G 3333, þótt til þess væri nægilegt rými (um 5 m af um 7 m akbrautarbreidd). Fór svo, að bifreiðarnar rákust saman, þannig að afturbretti Y 6305 lenti utan í framenda G 3333, er hún fór hjá hinni síðarnefndu, og skemmdist hvorttveggja. G 3333 var kyrr á sama stað eftir árekstrinn, en Y 6305 var ekið áfram austantil í götunni, að nokkru leyti uppi á gangstétt, þar til hún var stöðvuð tæplega 30 m norðan við árekstursstaðinn. Á þessari leið hennar rakst vinstra afturaurbretti bifreiðarinnar utan í húsið Hverfisgötu 6 A, þannig að hún stórskemmdist aftanvert á þeirri hlið.

Með vísan til þessara atvika verður að telja, í fyrsta lagi, að stefnandi eigi aðalsökina á árekstri bifreiðanna og hljóti að bera meginhluta ábyrgðarinnar á honum samkvæmt 68. gr. umfl. Er ljóst, að hann hefur ekið bifreið sinni, sem er tiltölulega stór, allt of hratt miðað við aðstæður, þannig að kalla má það hættuakstur. Má marka þetta af allri atburðarásinni, en þó einkum því, að hann skyldi lenda utan í húsinu. Með þessu hefur hann m. a. gerst brotlegur við ákvæði 49. gr. umfl., aðallega 1. og 2. mgr. og a-, c- og f-liði 3. mgr.

Í öðru lagi má ljóst vera, að sök hjá stefnda Jensínu varðandi árekstrinn hlýtur að vera óveruleg, ef hún er nokkur. Óumdeilt er, að hún stöðvaði við gatnamótin með tilliti til biðskyldunnar, og var ekki nema eðlilegt, að hún legði síðan af stað inn á Hverfisgötu, úr því að hún sá ekki strax til bifreiðar stefnanda. Henni tókst og að stöðva bifreið sína, áður en hún var komin nema lítillega inn á götuna.

Í þriðja lagi verður að telja bæði rétt og skylt að greina allskostar á milli

árekstur bifreiðanna annarsvegar og árekstur Y 6305 við húsið Hverfisgötu 6 A hinsvegar og halda tjóni af þessum árekstrum fullkomlega aðskildu. Eins og atburðarásin varð, er það einungis áreksturinn milli bifreiðanna sjálfra, sem getur talist vera viðkomandi stefndu og eiganda G 3333 og fallið undir reglu 68. gr. umfl. um skiptingu ábyrgðar vegna bifreiðaárekstursins. Aksturinn utan í húsið er hinsvegar fyrst og fremst afleiðing af hættusömum akstri stefnanda sjálfs, en ekki af árekstri bifreiðanna, og stendur ekki í svo eðlilegu og nauðsynlegu sambandi við hinn síðarnefnda, að hann geti talist hluti af honum.

Mótmæli stefndu við kröfum stefnanda eru fyrst og fremst byggð á þeim atriðum, sem að framan hafa verið rakin og beinast að skiptingu ábyrgðarinnar á tjóni stefnanda og skiptingu þess í sjálfstæða þætti. Hinsvegar er því ekki mótmælt tölulega séð, hvaða tjón hann hafi beðið vegna skemmda á bifreiðinni Y 6305 í ofangreindum árekstrum, heldur eru stefndu sammála því, að tjónið af árekstrinum við G 3333 (á hægri hlið) hafi numið kr. 300.000 og af árekstrinum við húsið (á vinstri hlið) kr. 900.000. (Gamlar krónur. Innsk. dómara).

Það er þannig krafa stefndu, aðallega, að ekki komi annað til skipta í máli þessu en tjónið af árekstri bifreiðanna og af því verði stefnandi látinn bera meginhlutann, en tjónið af akstrinum á húsið beri hann að öllu leyti.

Til vara gætu stefndu fallist á það að bera tjónið á vinstri hlið bifreiðarinnar, ef stefnandi bæri allt tjónið á hægri hlið.

Til þrautavara yrði það krafa stefndu, ef tjónið yrði allt talið eiga að koma til skipta, að meginhluti ábyrgðar af öllu tjóninu yrði lagður á stefnanda. Yrði niðurstaðan þá væntanlega svipuð og samkvæmt varakröfu.

Það athugast um málatilbúnað stefnanda, að hann hefur ekki stefnt eiganda G 3333, og er á það bent sem hugsanlegt frávísunaratriði."

Af hálfu stefnanda er málssóknin á því reist, að samkvæmt almennu skaðabótareglunni og 67. gr. umferðarlaga beri stefnda Jensína alfarið ábyrgð á öllu tjóninu á bifreiðinni Y 6305 með því að hafa brotið 3. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga auk þess að hafa bakað stefnanda tjón með gáleysislegum akstri sínum. Við að reyna að sveigja frá bifreiðinni G 3333 og við höggið af árekstrinum hafi bifreiðin Y 6305 kastast til, þannig að vinstra afturbretti hennar hafi rekist í húsið Hverfisgötu 6 A. Málinu sé jafnframt beint gegn Hagtryggingu h/f, sem hafi tryggt bifreiðina á umræddum tíma í samræmi við 70. gr., sbr. 74. gr. umferðarlaga. Lögð er sérstök áhersla á það af hálfu umboðsmanns stefnanda í skriflegri sókn, að hann telji sannað, að stefnda Jensína hafi ekið bifreiðinni G 3333 mjög ógætilega út á Hverfisgötu af Urðarstíg hinn 3. apríl 1980 (skírdag) og þá ekið á bifreið stefnanda, Y 6305, og valdið þar með tjóni á hægra afturbretti hennar.

Til að reyna að forða árekstri (sic) eða að minnsta kosti til að koma í veg fyrir frekara tjón hafi stefnandi reynt að sveigja frá bifreiðinni G 3333. Bifreið hans hafi þá lent uppi á gangstíg og er hann hafi stigið á hemla bifreiðarinnar, hafi hægra afturhjól bifreiðarinnar farið utan í rennistein með þeim afleiðingum, að bifreiðin hafi kastast öll til og upp á gagnstétt, sem ekki hafi verið nægjanlega breið fyrir bifreiðina. Þá hafi vinstra afturhorn bifreiðarinnar rekist í húsið nr. 6 A við Hverfisgötu með þeim afleiðingum, að bifreiðin skemmdist. Beint orsakasamband sé á milli ógætilegs aksturs stefndu Jensínu og tjóns stefnanda og beri hún alfarið ábyrgð á tjóni þessu samkvæmt umferðarlögum vegna ógætilegs aksturs svo og samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Þá beri stefndi Hagtrygging h/f ábyrgð á skaðanum, þar sem bifreiðin G 3333 sé tryggð hjá Hagtryggingu h/f skv. 70. gr., sbr. 74. gr. umferðarlaga.

Er áreksturinn varð, hafi stefnandi ekið norður Hverfisgötu á venjulegum umferðarhraða, u. þ. b. 40 km/klst. Þess beri að geta, að engin umferð hafi verið um þetta leyti, um hádegisbil á skírdag. Stefnda Jensína þá skyndilega ekið í veg fyrir hann og stefnandi ekki átt möguleika á að stöðva bifreiðina í tíma, þar sem hann hafi verið um það bil kominn að gatnamótunum, er bifreiðinni G 3333 hafi verið ekið í veg fyrir bifreið hans.

Hefði hann hemlað, sé nokkuð víst, að bifreið hans hefði runnið á hlið G 3333 með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og tjónið orðið að líkindum allverulegt.

Hins vegar með því að sveigja frá bifreiðinni G 3333 hafi stefnandi reynt að forða árekstri (sic). Verði honum á engan hátt um það kennt, að tjón þetta varð.

Lögð er áhersla á, að hraði bifreiðarinnar Y 6305 hafi alls ekki verið of mikill miðað við aðstæður, eins og haldið sé fram í greinargerð stefndu. Þó hraði hennar hefði verið eitthvað minni, hefði það litlu breytt í máli þessu, þar sem ekki sé orsakasamband milli árekstursins og hvort bifreiðin hefði verið á 20 eða 40 km hraða. Árekstur hafi ekki orðið umflúinn.

Þegar stefnandi stígi á hemla bifreiðarinnar, kastist bifreiðin til, þar sem annað afturhjól bifreiðarinnar hafi verið skorðað í rennusteini götunnar, en ekki af völdum hraða bifreiðarinnar. Að minnsta kosti beri stefndi þá sönnunarbyrðina fyrir því.

Stefnandi og vitnið Guðjón Sigurbjörnsson séu báðir sammála um, að uppdráttur lögreglu sé rangur að því leyti, að bifreiðin G 3333 hafi verið komin lengra að miðlínu, er áreksturinn varð, en uppdráttur sýni. Telji stefnandi, að stefnda Jensína hafi, þrátt fyrir að hún hafi litið fyrst til vinstri, er hún kom að gatnamótunum, ekki haft hugmynd um, að bifreiðin Y 6305 var að nálgast, hafi henni orðið á mikil mistök í akstrinum með

því að gæta ekki betur að umferð á Hverfisgötu, áður en hún ók inn á götuna. Beri hún því alfarið ábyrgð á tjóni þessu.

Samkvæmt framburði Guðjóns Sigurbjörnssonar hafi akstur bifreiðarinnar Y 6305 verið á allan hátt eðlilegur og hvorki ógætilegur né hættulegur. Hins vegar hafi bifreiðinni G 3333 verið ekið beint út á götuna eftir að hafa hægt á sér við gatnamótin og ökumaður Y 6305 ekki haft tök á að forða árekstri (sic).

Sérstaklega er vakin athygli á bíðskyldu G 3333 á þessum stað.

Á vettvangsgöngu hafi komið í ljós, að akbrautin sé u. þ. b. 5 metra breið. U. þ. b. 2 m af breidd götunnar fari hins vegar í bifreiðastæði. Því sé alfarið mótmælt, eins og fram komi í greinargerð stefnda, að bifreiðinni G 3333 hafi verið hemlað, er hún hafi verið komin naumast hálfa lengd sína inn á akbraut Hverfisgötu. Af hálfu stefnanda er það talið beinlínis rangt og ósannað og stangast á við framburð vitnisins og stefnanda. Hefði svo verið, hefði enginn árekstur orðið. Nægjanlegt rými hafi verið fyrir bifreiðina G 3333, ef henni hefði verið ekið inn á gatnamótin, eða a. m. k. 2 metrar, áður en hún ekur inn á hina raunverulegu akbraut. Af hálfu stefnanda er talið sannað, að hún hafi „vaðið inn á götuna," eins og vitnið í málinu komist að orði, án þess að gætt væri að einhverri umferð áður.

Mótmælt er sem röngu og ósönnuðu, að stefnandi hafi sýnt af sér hættuakstur og ekið of hratt, heldur talið sannað, að hann hafi ekið mjög eðlilega og gætilega og jafnframt með snarræði forðað enn frekara tjóni (sic) með því að sveigja frá G 3333.

Því er mótmælt, að stefnandi beri á einn eða annan hátt ábyrgð á tjóninu og skipta beri sök. Hann hafi valið besta kostinn, að sveigja frá, en ekki hemla umrætt sinn og verði ekki um kennt, að bifreið hans rakst á húsið að Hverfisgötu 6 A.

Beri því að dæma stefndu in solidum til greiðslu stefnukrafna auk vaxta og málskostnaðar.

Dómarinn hefur farið á vettvang ásamt lögmanni stefnanda og stefnanda málsins og kynnt sér staðháttu.

Það er áður fram komið, að umferð eftir Hverfisgötu nýtur aðalbrautarréttar fyrir umferð frá Urðarstíg, sbr. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ökumanni bifreiðarinnar G 3333 bar því skilyrðislaust að víkja fyrir umferð eftir Hverfisgötu, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Þess gætti ökumaðurinn ekki, heldur ók inn á Hverfisgötu og í veg fyrir bifreið stefnanda. Varð stefnda Jensína þannig frumvöld að árekstri bifreiðanna. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja það verulega vangæslu hjá stefndu Jensínu að veita ekki bifreiðinni Y 6305 athygli fyrr en þá rétt í þann mund, er bifreiðin Y 6305 kom að gatanmótunum og árekstur bifreiðanna varð.

Það er ósannað, að stefnda Jensína hafi, er hún ók inn á Hverfisgötu, hemlað, þegar er hún varð bifreiðar stefnanda vör, eins og haldið er fram í greinargerð stefndu. Einnig er ósannað, að bifreiðin G 3333 hafi staðnæmst, áður en árekstur bifreiðanna varð. Það stoðar eigi stefndu Jensínu til afsökunar, að hún sá ekki strax til ferðar bifreiðar stefnanda, og verður hún sjálf að bera áhættuna af þeirri vangæslu sinni.

Lögleyfður hámarkshraði á Hverfisgötu er 45 km á klukkustund. Ósannað er, að stefnandi hafi ekið hraðar en það, en samkvæmt framburði stefnanda og vitnisins Guðjóns Sigurbjörnssonar ók stefnandi á um eða yfir 40 km hraða. Atburðarrásin, það, hvar bifreið stefnanda loks nam staðar, og vegsummerki þykja ekki vera til marks um, að stefnandi hafi ekið alltof hratt miðað við aðstæður, þannig að kalla megi það hættuakstur, eins og haldið er fram í greinargerð stefndu, og það er ósannað, að stefnandi hafi, er hann nálgaðist gatnamótin, ekið á ólöglegum hraða eða á annan þann hátt óvarlega, að hann hafi gerst brotlegur við þau ákvæði 49. gr. umferðarlaga, sem vitnað er til í greinargerð stefndu. Það er ljóst, að stefnandi hemlaði ekki, þegar bifreiðinni G 3333 var ekið í veg fyrir hann, en þá kveðst stefnandi hafa verið u. þ. b. 2 m frá gatnamótunum, og vitnið kveður bifreið stefnanda þá hafa verið mjög nálægt gatnamótunum, heldur sveigði hann bifreið sinni til vinstri. Telja verður, að stefnandi hafi því brugðist við aðstæðum á eðlilegan og réttmætan hátt og lagt sig fram um að forða árekstri (sic) við bifreiðina G 3333. Þótt til þess væri nægilegt rými á götunni að sveigja bifreiðinni Y 6305 fyrir bifreiðina G 3333, eins og haldið er fram í greinargerð stefndu, verður stefnanda ekki virt það til sakar, að honum skyldi ekki takast að forða árekstri (sic) við bifreiðina G 3333, sem stefnda Jensína ók andstætt umferðarreglum sem fyrr greinir. Samkvæmt framangreindu telst stefnda Jensína því hafa átt alla sök á árekstri bifreiðanna.

Þegar litið er til þeirra fjarlægða, sem ráða má af afstöðuteikningu af vettvangi og hér skipta máli, framburða stefnanda og vitnisins er ljóst, að árekstur bifreiðanna og áframhaldandi akstur bifreiðarinnar Y 6305 upp á gangstétt og utan í húsið hefur allt gerst í skjótri svipan, enda húsið skammt undan bifreiðinni Y 6305, er bifreiðarnar rákust á, en þá var bifreið stefnanda nokkuð þvert á götunni að sögn vitnisins. Það er með öllu óljóst, hvort stefnandi hefði forðað frekara tjóni (sic) eða dregið úr afleiðingum vangæslu ökumanns bifreiðarinnar G 3333 með því að hemla, er hér var komið, fremur en fyrr, sem áður greinir. Verður því að telja viðbrögð stefnanda eðlileg og aksturstefnu hans við og eftir árekstur bifreiðanna, áframhaldandi akstur hans og áreksturinn við húsið afleiðingu þess, að stefnda Jensína ók í veg fyrir hann. Stefnandi hefur sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi ekki hemlað fyrr en uppi á ganstéttinni og bifreið hans

þá verið orðin bein fyrir. „Þá hafi hann hemlað fast og Y 6305 hoppað upp við það að aftan og lent á húsinu sökum breiddar Y 6305. Bifreiðin sé búin lofthemlum og diskum á öllum hjólum. Er hann hemlaði, hafi hægra afturhjólið numið alveg við rennusteininn og gangstéttarbrúnina og það því hoppað upp á gangstéttina við átakið." Af hálfu stefnanda er því ekki haldið fram, að nauðsyn hafi borið til fyrir stefnanda að hemla á þessum stað og með þessum hætti. Hins vegar þykir stefnandi ekki hafa mátt ætla, að bifreið hans mundi af þeim sökum lenda utan í húsinu, og ekki þykja með hliðsjón af atvikum öllum efni til að gefa stefnanda það að sök þannig, að hann þurfi að þola það tjón, sem varð á vinstri hlið bifreiðar hans bótalaust að hluta eða öllu, heldur verði að telja það á ábyrgð stefndu Jensínu sem afleiðingu þeirrar atburðarrásar, sem hún var frumvöld að. Verður niðurstaða málsins því sú, að stefndu skuli bæta stefnanda það tjón, sem hann varð fyrir, að fullu, en ekki er ágreiningur um fjárhæð þess. Ber því að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum 12.000.00 krónur ásamt vöxtum, sem ákveðast 31% ársvextir frá tjóndegi 3. apríl 1980 til 1. júní sama ár, 46% ársvextir, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 30. maí 1980 um vexti við innlánsstofnanir o. fl., frá þeim degi til 26. ágúst 1980 sömu ársvextir, þ. e. hæstu innlánsvextir miðað við 12 mánaða vaxtaaukalán, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979, frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnanda in solidum 3.600.00 krónur í málskostnað.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögu dómsins, stafar af önnum dómarans við önnur embættisverk.

Dómsorð:

Stefndu, Jensína Sigurgeirsdóttir og Hagrygging h/f, greiði stefnanda, Ævari Lúðvíkssyni, in solidum 12.000.00 krónur ásamt 31% ársvöxtum frá 3. apríl 1980 til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og 3.600.00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. apríl 1983.

Nr. 188/1980. **Erlingur Magnússon**
(Jóhann Þórðarson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra og ríkissaksóknara
f. h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Handtaka. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1980. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 5.733.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1980, en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Með skírskotun til forsendna hans þykir mega staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

Samkvæmt 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda allan kostnað af afrýjun sakarinnar, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 7.000.00 krónur.

Sératkvæði
Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Samkvæmt gögnum máls var áfrýjandi handtekinn og færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 28. nóvember 1978, kl. 1650. Í upphafi lögregluskýrslu út af þessari yfirheyrslu er bókað svo: „Mætta er kynnt réttarstaða vitna skv. ísl. réttarfarslögum og jafnframt réttarstaða sakborninga". Að lokinni yfirheyrslu í tveimur lotum var áfrýjandi settur í fangaklefa í Síðumúlafangelsi kl. 1836, „meðan frekari yfirheyrslur fara fram í þessu máli", svo sem bókað er í lögregluskýrslunni. Var áfrýjandi vistaður þar til kl. 2200. Hafði hann þá áður verið yfirheyrður lítillega, og hófst sú yfirheyrsla kl. 2143.

Í rannsókn máls þess, sem varð tilefni til greindra aðgerða gegn áfrýjanda, hefur ekkert það komið fram, er bendi til þess, að hann sé á nokkurn hátt við það riðinn. Engin skýring er komin fram á því, hvers vegna áfrýjandi var vistaður í fangaklefa, meðan beðið var eftir því, hver framvinda yrði á yfirheyrslum yfir bræðrum hans tveimur, öðrum stöddum þá á Ísafirði, svo og öðrum vitnum. Þegar þetta er virt, þykir áfrýjandi eiga rétt á nokkrum bótum af þessum sökum sakvæmt 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, og þykja þær hæfilega ákveðnar 2.500.00 krónur ásamt vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 11.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Erlingi Magnússyni, 2.500.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum

frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Stefndi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, samtals 11.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júlí sl., höfðaði Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður, Laugavegi 18, Reykjavík, f. h. Erlings Magnússonar, Blöndubakka 13, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 13. des. 1979, gegn Sighvati Björgvinssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 573.300 með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febrúar 1979, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags eða hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru á hverjum tíma, þar til greitt verður, málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Enn fremur er málið höfðað gegn Þórði Björnssyni ríkissaksóknara f. h. ríkisvaldsins til þess að gæta réttar þess í málinu.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að frá 14. júní 1979 er krafist 34.5% ársvaxta til 1. sept. 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögu, en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að stefndu verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukrafa verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Við dómtöku málsins var því lýst yfir af lögmanni stefndu, að eins og greinargerð stefndu bæri með sér, væri krafist sýknu af hálfu beggja stefndu, enda hafi ríkissaksóknari farið með fyrirsvar í málinu. Jafnframt var því

lýst yfir, að rannsókn máls þess, sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, væri lokið.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 29. okt. 1978 hófst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn vegna kæru daufdumbrar konu, S, sem kærði nauðgun, er hún taldi, að hefði átt sér stað að loknum dansleik í Glæsibæ nóttina næstu á undan. Í rannsóknargögnum á dskj. 8 kemur fram, að konan mundi lítið, hvað skeð hafði um nóttina, og taldi hún jafnvel, að sér hefði verið nauðgað tvívegis þessa nótt, fyrst af tveimur mönnum og síðar einum.

Við læknisskoðun í slysadeild Borgarspítalans 29. okt. 1978 komu í ljós töluverðir áverkar á S, m. a. mar á andliti, brjóstkassa, ganglimum, rasskinn og handleggjum.

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum hefur rannsókn málsins verið mjög umfangsmikil. Hinn 3. nóvember 1978 viðurkenndi 28 ára gamall maður, K, að hafa aðfararnótt 29. okt. 1978 tekið mikið drukkna mállausa konu upp í bifreið sína og haft þar við hana samfarir án þess þó að beita hana líkamlegu ofbeldi, en notað sér ölvunarástand konunnar. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. mars 1980, var K sýknaður af því að hafa valdið S áverkum, en dæmdur vegna brots á 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og áður greinir, voru töluverðir áverkar á konunni S, er hún bar fram kæru sína hjá lögreglu, og taldi hún sig hafa orðið fyrir barsmíðum umdir beru lofti. Maðurinn K neitaði því alla tíð að hafa beitt konuna S ofbeldi. Var rannsókn málsins því haldið áfram eftir játningu K og fjöldi manns yfirheyrður, þar á meðal fólk, sem verið hafði í veitingahúsinu Glæsibæ aðfaranótt 29. okt. 1978.

Hinn 28. nóvember 1978 var Hákon Magnússon, bróðir stefnanda, handtekinn í Bolungarvík, þar sem hann var við vinnu, og fluttur til Ísafjarðar til yfirheyrslu. Framburður Hákonar, bróður stefnanda, um atferli sitt aðfaranótt 29. okt. 1978 var mjög á reiki, og virtist hann rugla saman ýmsum kvöldum, sem hann hafði dvalið í veitingahúsinu Glæsibæ.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1425 28. nóv. 1978, bar Hákon, bróðir stefnanda, að hann hafi farið með stefnanda í Glæsibæ, þeir hafi síðan farið saman með konunni R um kl. 0200 heim til Hákonar og staldrað þar við skamma stund og síðan farið heim til R og verið þar til um kl. 1000 á sunnudagsmorgun. Þangað hafi konan Á komið um nóttina, Hákon, bróðir stefnanda, kvaðst hafa hitt konuna S inni í veitingahúsinu, en ekkert talað við hana. Hann kvaðst kannast við S og nokkrum sinnum

hafa gefið henni í glas, en ekki í þetta sinn. Yfirheyrslu þessari lauk kl. 1550.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1650 sama dag, bar stefnandi, að langt væri síðan hann hafi komið í Glæsibæ með bróður sínum Hákoni, ef frá sé talið sl. laugardagskvöld, en þá hafi þeir farið þangað saman. Þeir hafi farið saman úr Glæsibæ með konunni R og Barða Helgasyni að Grensásvegi 60 og um nóttina hafi komið þangað konan Á. Stefnandi þorði ekki að fullyrða, hvar hann hafi verið laugardagskvöldið 28. okt. 1978 eða aðfaranótt 29. okt., það gæti verið, að þau hjónin hefðu verið í heimsókn hjá kunnungjum sínum að Torfufelli 50. Stefnandi gat ekki fullyrt, hvenær hann hefði, að síðustu helgi slepptri, síðast hitt Hákon, bróður sinn, í Glæsibæ. Stefnandi kannaðist ekki við að hafa hitt mállausa stúlku í Glæsibæ. Stefnandi kvaðst hafa farið í Glæsibæ fyrir ca mánuði með bróður sínum Ingimundi og verið þar stutta stund og farið þaðan fyrir kl. 2330. Stefnanda minnti, að þetta kvöld hafi hann hitt þá bræður sína, Lúðvík og Hákon, í Glæsibæ. Stefnandi mundi ekki, hvort þetta var á föstudags- eða laugardagskvöldi.

Eftir að í ljós kom ósamræmið í framburðum stefnanda og bróður hans Hákonar, var stefnandi færður í fangelsið að síðumúla 28, meðan frekari yfirheyrslur fóru fram. Samkvæmt dskj. 8, skjali 17, bls. 6, hefur stefnandi verið látinn í fangaklefa kl. 1835.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1915 sama dag, leiðrétti Hákon, bróðir stefnanda, fyrri framburð, sem hann sagði, að ætti við 25. nóv., en 28. okt. hafi hann farið í Glæsibæ með Lúðvík, bróður sínum, og hitt þar S. Lúðvík hafi eitthvað reynt að tala á fingramáli við S. Eftir að Hákon yfirgaf S og Lúðvík, bróður sinn, kvast Hákon hafa hitt stúlkuna H og hafi Hákon verið með henni, það sem eftir var dansleiksins, og þau farið ásamt Lúðvík heim til Hákonar. Lúðvík hafi farið þaðan milli kl. 0400 og 0500. Hákon leyfði H að sofa heima hjá sér, en fór sjálfur til R um kl. 0500. Hákon kvaðst síðast hafa séð S, um það bil er dansleik var að ljúka, og hafi hún þá staðið við innri barinn og verið að tala við einhvern mann. Yfirheyrslu þessari lauk kl. 2155.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1915 sama dag, bar vitnið R, að sl. laugardagskvöld hafi hún hitt þá bræður, stefnanda og Hákon Magnússon, og Barða Helgason í Glæsibæ, þeir hafi komið heim með henni að dansleiknum loknum. Þangað hafi konan Á einnig komið. Barði hafi farið fyrstur, síðan stefnandi. Þeir Barði og stefnandi hafi aldrei áður komið heim til R. Laugardaginn 28. okt. kvaðst R hafa verið að vinna og ekki farið á dansleik um kvöldið. Hákon, bróðir stefnanda, hafi hringt til hennar milli kl. 0200—0300 um nóttina, og hélt hún, að Hákon hafi þá verið heima hjá sér og Lúðvík, bróðir hans, með honum. Hákon hafi komið til R um

nóttina og gæti það hafa verið um kl. 0500. Hákon hafi farið frá henni á milli kl. 1000 og 1130 á sunnudagsmorgun.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1940 28. nóv. 1978, bar Lúðvík Magnússon, bróðir stefnanda, að hann hafi farið í Glæsibæ með Hákoni, bróður sínum, 28. okt. Lúðvík hafi þar hitt S og reynt að tala við hana. Hann mundi ekki eftir því að hafa séð hana meira á dansleiknum og kvaðst hafa farið, rétt áður en dansleiknu lauk, og tekið leigubíl heim til Hákonar, þá hafi Hákon verið kominn heim. Rétt á eftir hafi komið stúlka til þeirra. Lúðvík hafi farið eftir um það vil 3 korter og hafi stúlkan þá verið eftir. Lúðvík hafi hvorki komið við mállausu stúlkuna né farið með henni út af dansleiknum. Yfirheyrslu þessari lauk kl. 2335.

Sama dag, um kl. 2000, var reynt að boða konuna H til yfirheyrslu, en hún fannst ekki.

Klukkan 2143 var stefnandi enn færður til yfirheyrslu og síðan látinn laus kl. 2200.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. maí sl. Fram kom hjá stefnanda, að lögreglumennirnir hafi komið, þar sem stefnandi var við vinna í Húsasmiðjunni og beðið stefnanda að eiga viðtal við Arnar Guðmundsson hjá rannsónarlögreglu ríkisins í Kópavogi. Stefnandi hafi spurt að því, hvort hann þyrfti að koma strax, af því að hann væri í vinnu, og hafi þeir sagt honum að kom strax. Stefnandi hafi gert ráðstafanir til að fá mann í staðinn og farið strax á eigin bíl. Þegar þangað var komið, hafi verið þarna tveir menn fyrir, Helgi Daníelsson og Arnar Guðmundsson, og hafi stefnandi ekki vitað, af hvaða tilefni hann var kallaður. Það hafi ekki verið fyrr en nokkuð var liðið á yfirheyrsluna, að stefnanda var sagt, af hvaða tilefni hann væri yfirheyrður. Hann hafi verið spurður alls konar spurninga, hvort hann þekkti fólk, sem væri daufdumbt, og annað slíkt og hafi stefnandi ekki vitað, hvað lögreglan væri að fara. Stefnanda fannst athugavert hjá lögreglumönnunum að segja honum ekki, hvers vegna hann væri þarna. Stefnandi taldi orðbragð rannsóknarlögreglumanna við sig ósæmilegt.

Þegar búið var að yfirheyra stefnanda, hafi lögreglumaðurinn sagt, að hann hefði ekki annan stað fyrir stefnanda en Síðumúlann, meðan verið væri að rannsaka þetta frekar, og þangað var farið með stefnanda og síðan farið með hann til baka til rannsóknarlögreglunnar og honum sleppt eftir yfirheyrslu þar kl. 10 um kvöldið.

Stefnandi kvaðst vera í fastri vinnu hjá Húsasmiðjunni og fái hann greitt fyrir þá vinnu, sem hann inni af hendi, og þarna hafi annar maður verið kallaður til. Það sé misjafnt, hve stefnandi vinni lengi, en yfirleitt minnst til kl. 6 eða 7, sem hann sé á staðnum.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að handtaka hans og frelsissvipting hafi veri algerlega tilefnislaus og móðgandi og eigi stefnandi því rétt á skaðabótum með vísun til XVIII. kafla laga nr. 74/1974.

Því hafi verið haldið fram af rannsóknarlögreglu, að stefnandi væri sterklega grunaður um að hafa nauðgað og misþyrmt mállausri stúlku. Alveg sé ljóst, að stefnandi hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem bótakrafan byggist á, sbr. 151. gr., 1. tl., laga nr. 74/1974. Ljóst sé og, að lögmæt skilyrði hafi brostið til að svipta stefnanda frelsi sínu með handtöku og fangelsisvist.

Handtaka hafi verið framkvæmd á óþarflega særandi og móðgandi hátt og til þess fallin að sverta stefnanda í augum annarra, enda hafi stefnandi verið staddur á fjölmennum vinnustað, þegar handtakan fór fram. Stefnandi sé kvæntur og margra barna faðir, þannig að sá grunur, sem á hann var lagður, hafi verið til muna þungbærari af þeim sökum, þegar á það er litið, hversu sóðalegur verknaður hafi verið borinn á stefnanda.

Þegar litið sé á þessi atriði og með vísan til 151. gr., 2. tl., laga nr. 74/1974 sé ljóst, að stefnandi eigi rétt á því að fá greiddar bætur.

Bótakröfu stefnanda sé mjög í hóf stillt og sé hún mjög í samræmi við dómvenju í þessum efnum. Sérstaklega þegar litið sé á það, hversu tilefnislaus frelsissviptingin var, þar sem stefnandi hafi verið við loðnulöndun, þegar verknaður sá átti sér stað, sem stefnandi hafi verið eða sé grunaður um að hafa framkvæmt.

Af hálfu stefndu er því eindregið mótmælt, að nokkur bótaskylda hafi stofnast vegna þeirra atvika, sem eru grundvöllur þessarar málssóknar. Eins og málið sé vaxið, verði að meta rannsóknaraðgerðir lögreglu gagnvart stefnanda bæði réttlætanlegar, brýnar og fyllilega lögmætar.

Játning hins ákærða hafi ekki getað verið lokaþáttur rannsóknarinnar. Hitt sé sönnu nær, að rannsóknin hafi rétt verið að hefjast og játningin hafi varpað takmörkuðu ljósi á það, sem raunverulega kunni að hafa hent hina mállausu konu aðfaranótt 29. október 1978. Framburðir bæði konunnar sjálfrar og fjölmargra annarra hafi bent mjög eindregið og með vaxandi þunga til þess, að stefnandi og bræður hans hefðu haft umtalsverð samskipti við hana þessa nótt, en um það hafi margt þótt vera á huldu.

Hinn 28. nóvember 1978 hafi verið svo komið, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi talið, að ekki yrði umflúið að hefta frelsi nokkurra manna í þágu rannsóknar málsins. Stefnandi hafi þá verið handtekinn við vinnu sína í Reykjavík og fluttur á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi til yfirheyrslu og síðan í Síðumúlafangelsið í Reykjavík. Forsendur þessara aðgerða hafi verið þær, að sterkar líkur hefðu komið fram um það, að

stefnandi og/eða bræður hans hefðu átt þátt í nauðgunar- og líkamsmeiðingarbrotum gegn konunni S aðfararnótt 29. október 1978.

Stefnandi byggi bótakröfur sínar á XVIII. kafla laga nr. 74/1974, þar sem fjallað sé um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl. Af málavöxtum öllum megi hins vegar vera ljóst, að bótaskilyrði bresti algerlega samkvæmt þessum lögum.

Því verði ekki með gildum rökum haldið fram, að nægilegt tilefni hafi ekki verið til þessara aðgerða, eins og á stóð, sbr. 2. tl. 151. gr. laganna, er stefnandi vísi sérstaklega til og byggi á. Þvert á móti sé sýnt, að óvissuþættir málsins hafi verið svo verulegir þrátt fyrir játningu K, einkum um meintan hlut stefnanda og bræðra hans, að hjá þessum rannsóknaraðgerðum gagnvart þeim hafi ekki verið komist.

Því er mótmælt sem tilhæfulausu, að handtaka stefnanda hafi farið fram á mjög svo særandi og móðgandi hátt. Ekkert sé fram komið um það, að réttara hefði verið að haga henni með einhverjum öðrum hætti, enda hljóti slík aðgerð og eftirmáli hennar ævinlega að vekja nokkra eftirtekt.

Fallist rétturinn ekki á sýknukröfu stefndu, er varakrafa stefndu sú, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður. Bótafjárhæðinni er mótmælt sem allt of hárri og ekki í nokkru samræmi við dómvenju.

IV.

Álit dómsins.

Þegar litið er til framburðar Hákonar Magnússonar, bróður stefnanda, við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1425 28. nóv. 1978, verður að telja, að lögreglumönnum hafi verið rétt og skylt að kveðja stefnanda til yfirheyrslu skv. 35. gr. lagan nr. 74/1974, sbr. 1. tl. 151. gr. sömu laga. Ósamræmið í framburðum þeirra stefnanda og bróður hans, Hákonar, var nægjanlegt tilefni fyrir rannsóknarlögreglumenn til þess að hafa stefnanda í haldi í nokkra klukkutíma, á meðan frekari yfirheyrslur fóru fram, skv. 4. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974. Á þeim tíma, sem stefnandi var í haldi, voru, eins og að framan er rakið, bræður hans, Lúðvík og Hákon, yfirheyrðir svo og vitnið R og reynt að ná til vitnisins H, og verður því ekki talið, að stefnanda hafi verið haldið föngnum lengur en nauðsyn krafði. Ekkert er fram komið um, að handtaka stefnanda hafi verið framkvæmd með óþarflega hættulegum, særandi eða móðgandi hætti, sbr. 2. tl. 151. gr. laga nr. 74/1974.

Niðurstaða dómsins verður því sú, að lagagrundvöllur sé ekki fyrir bótakröfum stefnanda í máli þessu, enda þótt ekkert bendi til þess, að stefnandi sé á nokkurn hátt sekur um ámælisverða hegðun í sambandi við mál það,

sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, og verður því aðalkrafa stefndu um sýknu tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða málssóknarkostnað stefnanda, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 130.000.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Erlings Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 130.000.

Mánudaginn 25. apríl 1983.

Nr. 189/1979. **Hákon M. Magnússon**
(Jóhann Þórðarson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1980.

Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þær, að gagnáfrýjandi verði

dæmdur til að greiða honum kr. 63.063.00 með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 2. mars 1983, en síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1980.

Dómkröfur eru þær aðallega, að hann verði sýknaður og aðaláfrýjanda gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Þótt framburður aðaláfrýjanda um ferðir sínar og gerðir aðfaranótt 29. október 1978 hafi verið reikull og ruglingslegur, verður allt að einu ekki talið, að hann hafi með vísvitandi ósannindum eða stórvægilega gáleysislegu ólögmætu framferði í skilningi 1. mgr. 1. töluliðar 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfur sínar á.

Aðaláfrýjandi á því rétt á bótum vegna gæsluvarðhalds að ósekju, enda má fremur telja hann líklegan til að vera sýknan en sekan af háttsemi þeirri, er leiddi til gæsluvarðhaldsins, sbr. 1. mgr. 2. töluliðar 150. gr. laga nr. 74/1974.

Eigi telst sannað, að aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir heilsutjóni sökum gæsluvarðhaldsins. Þá er og á það að líta, að krafa hans um fjárhagslegt tjón er svo vanreifuð, að eigi er unnt í máli þessu að bæta honum annað fjárhagslegt tjón en atvinnutap, meðan hann sat í gæsluvarðhaldi.

Þegar litið er til hinna alvarlegu sakargifta svo og til lengdar gæsluvarðhaldsins og annarra atvika málsins, þykja bætur til aðaláfrýjanda fyrir fjártjón og miska hæfilega ákveðnar samtals 20.000.00 krónur.

Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Samkvæmt 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, samtals 15.000.00 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að ekki verður með vissu ráðið af bókunum héraðsdómarans, Guðmundar Sigurjónssonar fulltrúa, í sakadómsbók hinn 29. nóvember 1978, hvaða rannsóknargögn hann hafði undir höndum frá rannsóknarlögreglu ríkisins, er hann kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurðinn yfir aðaláfrýjanda 29. nóvember 1978.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Hákoni M. Magnússyni, 20.000.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjandi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda, Jóhanns Þórðarsonar hérðasdómslögmanns, samtals 15.000.00 krónur.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur ekki verið sett fram sérstök rökstudd krafa um bætur vegna atvinnutjóns eða annars fjártjóns, og gögn skortir um slíkt tjón. Verður það því ekki bætt.

Við teljum miskabætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar 30.000.00

krónur. Í þeirri fjárhæð hefur verið tekið tillit til vaxta frá gæsluvarðhaldstíma. Teljum við því, að dæma ætti gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð með hæstu innlánsvöxtum frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags, eins og vextir þessir eru á hverjum tíma.

Að öðru leyti erum við sammála rökstuðningi og niðurstöðum meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júlí sl., höfðaði Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður, Laugavegi 18, Reykjavík, f. h. Hákonar Magnúsar Magnússonar, Laugateigi 39, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 13. des. 1979, gegn Sighvati Björgvinssyni fjármálaráðherra, Kríuhólmum 2, Reykjavík, f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 6.306.300 með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febr. 1979, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags eða hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðsludags, svo og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Enn fremur er málið höfðað gegn Þórði Björnssyni ríkissaksóknara f. h. ríkisvaldsins til þess að gæta réttar þess í málinu.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að frá 14. júní 1979 var krafist 34.5% ársvaxta til 1. sept. 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu leyfilegum dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að stefndu verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukrafa verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Við dómtöku málsins var því lýst yfir af lögmanni stefndu, að eins og greinargerð stefndu bæri með sér, væri krafist sýknu af hálfu beggja stefndu, enda hafi ríkissaksóknari farið með fyrirsvar í málinu. Jafnframt var því lýst yfir, að rannsókn máls þessa, sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, væri lokið.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 29. okt. 1978 hófst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn vegna kæru daufdumbrar konu, S, sem kærði nauðgun, er hún taldi, að hefði átt sér stað að loknum dansleik í Glæsibæ nóttina næstu á undan. Í rannsóknargögnum á dskj. 10 kemur fram, að konan mundi lítið, hvað skeð hafði um nóttina, og taldi hún jafnvel, að sér hefði verið nauðgað tvívegis þessa nótt, fyrst af tveimur mönnum og síðar einum.

Við læknisskoðun á slysadeild Borgarspítalans 29. okt. 1978 komu í ljós töluverðir áverkar á S, m.a. mar á andliti, brjóstkassa, ganglimum, rasskinn og handleggjum.

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum hefur rannsókn málsins verið mjög umfangsmikil. Hinn 3. nóvember 1978 viðurkenndi 28 ára gamall maður, K, að hafa aðfaranótt 29. okt. 1978 tekið mikið drukkna mállausa konu upp í bifreið sína og haft þar við hana samfarir án þess þó að beita hana líkamlegu ofbeldi, en notað sér ölvunarástand konunnar. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. mars 1980, var K sýknaður af því að hafa valdið S áverkum, en dæmdur vegna brots á 195. gr. almennra hegingarlaga nr. 19/1940.

Eins og áður greinir, voru töluverðir áverkar á konunni S, er hún bar fram kæru sína hjá lögreglu, og taldi hún sig hafa orðið fyrir barsmíðum undir beru lofti. Maðurinn K neitaði því alla tíð að hafa beitt konuna S ofbeldi. Var rannsókn málsins því haldið áfram eftir játningu K og fjöldi manns yfirheyrður, þar á meðal fólk, sem verið hafði í veitingahúsinu Glæsibæ aðfaranótt 29. okt. 1978.

Hinn 28. nóvember 1978 var stefnandi handtekinn í Bolungarvík, þar sem hann var við vinnu sem byggingameistari hjá Jóni Fr. Einarssyni. Stefnandi var fluttur til Ísafjarðar til yfirheyrslu. Í sakadómi Ísafjarðar var stefnandi úrskurðaður í tíu daga gæsluvarðhald 29. nóv. 1978. Forsendur úrskurðarins voru þær, að sterkar líkur hefðu komið fram um það, að stefnandi hefði átt þátt í nauðgunar- og líkamsmeiðingarbrotum gegn S aðfaranótt 29. október 1978, hann orðið margsaga um ferðir sínar þessa nótt og ekki hefði verið unnt að hafa upp á vitnum, sem gætu sannreynt atriði í framburði hans.

29. nóvember 1978 var stefnandi fluttur með flugvél, sem var í almennu farþegaflugi milli Ísafjarðar og Reykjavíkur, undir eftirliti lögreglu, og er til Reykjavíkur var komið, var hann látinn í fangageymsluna við Síðumúla hér í borg og geymdur þar til 8. des. s. á.

Eftir því, sem fram kemur í rannsóknargögnum á dskj. 10, virðist stefnandi hafa vanið komur sínar um helgar í veitingahúsið Glæsibæ. Framburður stefnanda um atferli sitt aðfaranótt 29. okt. 1978 var mjög á reiki, og

virðist hann rugla saman ýmsum kvöldum, sem hann hefur dvalið í veitingahúsinu Glæsibæ. Hinn 28. nóv. 1978 bar stefnandi, að hann hafi farið með bróður sínum Erlingi í Glæsibæ. Þeir hafi síðan farið saman með konunni R um kl. 0200 heim til stefnanda og staldrað þar við skamma stund og síðan farið heim til R og verið þar til um kl. 1000 á sunnudagsmorgun. Þangað hafi konan Á komið um nóttina. Hann kvaðst hafa hitt konuna S inni í veitingahúsinu, en ekkert talað við hana. Hann kvaðst kannast við S og nokkrum sinnum hafa gefið henni í glas, en ekki í þetta sinn.

Sama dag bar bróðir stefnanda, Erlingur, að langt væri síðan að hann hafi komið í Glæsibæ með bróður sínum, stefnanda, ef frá sé talið sl. laugardagskvöld, en þá hafi þeir farið þangað saman. Þeir hafi farið saman úr Glæsibæ með konunni R og Barða Helgasyni að Grensásvegi 60 og um nóttina hafi komið þangað konan Á.

Síðar sama dag leiðrétti stefnandi fyrri framburð og kvað hann eiga við 25. nóv., en 28. okt. hafi hann farið í Glæsibæ með Lúðvík, bróður sínum, og hitt konuna S. Þeir bræður og konan H hafi farið saman úr Glæsibæ, skömmu eftir að dansleik lauk, og farið heim til stefnanda og komið þangað milli kl. 0230 og 0300. Lúðvík hafi farið þaðan á milli kl. 0400 og 0500. Hákon hafi leyft H að sofa, en sjálfur hafi hann farið heim til R. Stefnandi hafi farið í fatageymsluna með Lúðvík og H og hafi stefnandi síðast séð konuna S, um það bil er dansleik var að ljúka, og hafi hún þá staðið við innri barinn og verið að tala við einhvern mann.

Hinn 28. nóv. 1978 bar konan R um laugardagskvöldið þar á undan mjög á sama veg og bróðir stefnanda, Erlingur. Laugardaginn 28. okt. kvaðst R ekki hafa farið á dansleik. Stefnandi hafi hringt til hennar milli kl. 0200 og 0300 um nóttina, og hélt hún, að stefnandi hafi þá verið heima hjá sér og Lúðvík, bróðir hans, með honum. Stefnandi hafi komið til R um nóttina og gæti það hafa verið um kl. 0500. Hann hafi farið frá henni á milli kl. 1000 og 1130 á sunnudagsmorgni.

Sama dag bar bróðir stefnanda, Lúðvík, að hann hafi farið í Glæsibæ með stefnanda 28. okt. Lúðvík kvaðst hafa hitt konuna S og reynt að tala við hana. Hann hafi farið, rétt áður en dansleiknum lauk, og tekið leigubíl heim til stefnanda og hafi stefnandi þá verið kominn heim. Rétt á eftir hafi komið stúlka til þeirra, þegar Lúðvík fór, var stúlkan eftir.

Síðar sama dag bar stefnandi, að hann, H og Lúðvík hafi farið þrjú saman í leigubifreið heim til stefnanda.

29. nóv. kvaðst stefnandi halda, að hann væri að rugla saman kvöldum í Glæsibæ. Það hafi verið á sunnudagskvöldi sem hann var í Glæsibæ með H. Hann taldi, að með honum hafi verið konan F á laugardagskvöldinu og hann hitt Lúvík, bróður sinn, í Glæsibæ. Stefnandi hafi hitt konuna

S á laugardagskvöldinu og hafi hann og Lúðvík sest hjá henni. Stefnandi hafi gefið S í glas. Annar þeirra bræðra hafi setið við hlið stúlkunnar, en hinn beint á móti. Stefnandi hafi farið með F og annarri stúlku út úr húsinu og þau tekið leigubíl heim til stefnanda. Stefnandi vissi ekki, hvert Lúðvík fór, eftir að dansleik lauk, en síðast hafi stefnandi séð mállausu stúlkuna, þar sem hún sat á bekknum, þar sem stefnandi og Lúðvík höfðu setið hjá henni.

Síðar í sama réttarhaldi sagðist stefnandi hafa hitt mállausu stúlkuna fyrir utan Glæsibæ, eftir að dansleik lauk. Stúlkan hafi staðið á planinu og eitthvað af fólki hafi verið nálægt henni. Stefnandi og Lúðvík, bróðir hans, hafi verið að tala við stúlkuna, og mundi stefnandi ekki, hvernig það atvikaðist eða hvernig þeirra samskiptum lauk.

En seinna sagðist stefnandi lítið muna, hvað hafi gerst fyrir utan húsið, er hann og Lúðvík hittu mállausu stúlkuna. Þau hafi staðið þrjú á planinu og verið að rabba samn og vel geti verið, að þeir hafi verið að biðja stúlkuna að koma með þeim heim, en stefnandi kvaðst ekki muna það atriði vel. Hann mundi ekkert, hvað þeim hafi farið á milli. Hann mundi ekki, hvar eða hvenær hann hafi orðið viðskila við stúlkuna. Stefnandi sagðist hafa tekið undir handlegg stúlkunnar og Lúðvík hafi tekið undir hinn handlegg hennar. Þeir hafi aðeins ætlað að aka henni heim og ekki gert henni nokkurt mein. Stefnandi hafi farið heim einsamall, en hann kvaðst ekki muna, hvort Lúðvík eða eitthvað fleira fólk hafi komið þangað um nóttina.

Á dskj. 10, skjali 17, bls. 22, er yfirlýsing frá stefnanda, sem hann afhenti sakadómi Ísafjarðar 29. nóv. 1978. Í yfirlýsingu þessari segist stefnandi hafa hitt H laugardaginn 28. nóv. umrædda (sic) (þetta mun eiga að vera 28. okt.) í Glæsibæ og hafi hún komið með sér heim ásamt Lúðvík, bróður stefnanda, þetta sama kvöld. Stefnandi hafi farið með H heim að Ferjubakka á sunnudag. Þetta sé rétt, hvað sem hann hafi áður sagt.

Á dskj. 10, skjali 17, bls. 23—25, er skýrsla stefnanda, afhent rannsóknarlögreglu 30. nóv. 1978. Í skýrslu þessari segist stefnandi hafa farið með bróður sínum Lúðvík í Glæsibæ og hitt þar bræður sína, Ingimund og Erling, en þeir hafi þá verið að fara þaðan. Um kvöldið hafi stefnandi hitt H ásamt fleira fólki, einnig hafi stefnandi hitt mállausu stúlkuna. Lúðvík hafi talað eitthvað við hana á fingramáli. Stefnandi kvaðst kannast við mállausu stúlkuna og stundum hafa gefið henni vínglas, en aldrei hafa gert henni neitt. Í skýrslu þessari er tekið fram, að það, sem stefnandi hafi áður verið yfirheyrður um, sé í mörgum smáatriðum alrangt, ekki síst, þar sem ruglað sé saman dögum. Stefnandi hafi farið í leigubíl heim til sín með þeim H og Lúðvík, bróður sínum. Lúðvík hafi farið þaðan eftir skamma viðdvöl, en H hafi fengið að sofa heima hjá stefnanda. Um nóttina hringdi konan R í stefnanda, og fór stefnandi til hennar og dvaldi hjá henni til

morguns. Um morguninn fór stefnandi heim til sín og fór þaðan með H heim til hennar, en hún hafði ætlað að fara með stefnanda til Bolungarvíkur til þess að vinna þar. Á síðustu stundu hafi H hætt við að fara. Ekki hafi verið flogið til Ísafjarðar þennan dag. Á sunnudagskvöld hafi stefnandi hitt H á Hótel Esju. Í þessari skýrslu er stefnandi enn að rugla dagsetningum og talar um laugardaginn 28. nóv., sem mun víst eiga að vera 28. okt.

Við yfirheyrslu 29. nóv. 1978 kvaðst bróðir stefnanda, Lúðvík Magnússon, ekki hafa farið með mállausu stúlkunni út úr veitingahúsinu og ekki hafa hitt hana fyrir utan húsið eftir dansleikinn. Að öðru leyti var framburður Lúðvíks mjög á sömu leið og framburður hans daginn áður.

Við yfirheyrslu 29. nóv. 1978 bar konan F, að hún hafi farið með stefnanda í Glæsibæ 27. okt. 1978. Að loknum dansleik hafi hún farið heim með stefnanda að Laugateigi 39 og með þeim hafi farið stúlka, sem kölluð sé Z.

Við yfirheyrslu 1. des. 1978 kvaðst stefnandi ekki muna, hvernig það atvikaðist, að hann hitti mállausu stúlkuna fyrir utan húsið, en taldi að Lúðvík hafi verið við hlið hennar og sennilega stúlkan H líka. Stefnandi kvaðst muna þetta mjög illa. Hann hafi gengið norður eftir planinu og síðan austur með Glæsibæ og tekið leigubíl og farið heim. Með honum hafi verið Lúðvík og stúlkan H, en stefnandi mundi ekki eða vissi ekki, hvað hafði orðið um mállausu stúlkuna, eftir að hann hitti hana á planinu. Síðar í yfirheyrslu þessari kvaðst stefnandi ekki vera viss um, að stúlkan H og Lúðvík hafi komið með sér í leigubílnum. Þau hafi komið heim til hans um nóttina, en stefnandi var ekki viss um, hvernig það hafi atvikast. Stefnandi kvaðst hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis umrætt sinn. H hafi sofið heima hjá stefnanda um nóttina, en Lúðvík farið heim um kl. 4 til 5. Skömmu eftir að Lúðvík fór frá honum, hafi R hringt í stefnanda og hann farið til hennar um kl. 5 til 6. Stefnandi neitaði því að hafa snert mállausu stúlkuna.

2. des. 1978 bar stefnandi, að hann hafi farið úr Glæsibæ með stúlkunni H, en orðið viðskila við hana og Lúðvík. Stefnandi hafi hitt mállausu stúlkuna á planinu fyrir framan bifreið með Í númeri. Þar hafi verið fleira fólk. Mállausa stúlkan hafi sest fram í bifreiðina, stefnandi hafi setið aftur í bifreiðinni og tveir aðrir karlmenn. Stefnandi vissi ekki, hvaða menn þetta voru. Stefnanda hafi verið ekið beint heim og þá hafi mállausa stúlkan verið í bifreiðinni.

Við yfirheyrslu 4. des. 1978 bar stúlkan H, að stefnandi hafi laugardaginn 28. okt. lagað útidyrakarm á íbúð hennar og farið frá heimili hennar um kl. 20 til 21 um kvöldið. Um kvöldið hafi H farið í Skiphól í Hafnarfirði. Um kl. 4 um nóttina hringdi H í stefnanda og spurði, hvort hún

mætti ekki koma til hans. Þá hafi stefnandi sagt, að bróðir hans væri hjá honum. H fór í leigubíl heim til stefnanda og borgaði bróðir stefnanda bílinn. Þau hafi síðan setið saman og drukkið, en stefnandi verið lítið undir áfengisáhrifum. H sofnaði í sófanum í herbergi stefnanda og vaknaði um kl. 10 um morguninn og þá hafi stefnandi verið að koma heim. H hitti stefnanda á sunnudagskvöld á Hótel Esju.

Við yfirheyrslu saman dag bar stúlkan R, að hún héldi, að klukkan hafi verið 2 um nóttina, þegar stefnandi hringdi til hennar, og á meðan þau töluðu saman, hafi verið bankað á gluggann hjá honum og hafi hann beðið sig að bíða í símanum, þar sem hann ætlaði að opna fyrir Lúlla. Síðan hafi þau stefnandi talað aftur saman og hafi þá verið hjá stefnanda Lúðvík, bróðir hans, og einhver kvenmaður. R kvaðst hafa hringt í stefnanda og spurt, hvort hann ætlaði að koma eða ekki, og hafi hann sagst ætla að koma, en ekki vita, hvort hann ætti að skilja Lúðvík og kvenmanninn eftir í herberginu. Klukkan hafi verið orðin 4 eða 0430, þegar stefnandi kom til hennar. R taldi líklegt,að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum. R gat ekki merkt, að stefnandi væri neitt öðru vísi en hann er vanur að vera. R og stefnandi vöknuðu kl. 10 um morguninn, og þá fór stefnandi heim til sín.

Við yfirheyrslu 5. des. 1978 sagðist stefnandi hafa hitt málausu stúlkuna á planinu og farið með henni inn í einhvern bíl, sem hafi verið við húsið. Í bílnum hafi verið 2 aðrir menn, sem stefnandi vissi ekki, hverjir væru. Stefnanda hafi verið ekið beint heim og þau þrjú orðið eftir í bílnum. Þetta hafi verið frekar stór bíll með Í númeri og fyrstu stafirnir verið 20.

Við yfirheyrslu síðar sama dag bar stefnandi, að hann hafi hitt Daníel Daníelsson og bróður hans Kristján um kvöldið, annað hvort inni í Glæsibæ eða fyrir utan. Stefnandi kvaðst hafa verið um kvöldið með Lúðvík, bróður sínum, en hafa orðið viðskila við hann. Lúðvík hafi ekki farið inn í bílinn, sem stefnandi fór í eftir dansleikinn í Glæsibæ. Stefnandi kvaðst aðspurður hafa hitt Garðar Jónsson í Glæsibæ um kvöldið. Garðar hafi verið með Daníel og Kristjáni. Stefnandi hafi verið að tala við Garðar fyrir utan Glæsibæ og hafi Lúðvík farið í burtu, er stefnandi talaði við Garðar. Málausa stúlkan hafi staðið hjá þeim stefnanda og Garðari. Garðar hafi verið í bláum jakkafötum. Bíllinn, sem stefnandi fór í, hafi ekki verið með Í númeri. Stefnandi kvaðst nú muna að hafa setið við hliðina á Garðari í grænum bíl og hafi þeir verið að rífast í aftursætinu, en Daníel hafi ekið bílnum. Bílnúmerið sé D 165 og eigi Kristján bílinn. Málausa stúlkan hafi setið í framsætinu við hliðina á Daníel. Stefnandi vissi ekki til, að stúlkunni hafi verið gert nokkurt mein áður eða eftir að hún kom í bílinn. Stefnandi kvaðst muna eftir að hafa farið út úr bifreiðinni D 165 heima hjá sér. Þá

hafi verið eftir í bílnum Daníel, mállausa stúlkan og Garðar, en stefnandi var ekki viss um, að Kristján hafi verið þar líka.

Við yfirheyrslu 5. des. 1978 bar Kristján Einar Einarsson, að hann hafi hitt stefnanda helgina eftir 28. okt. í Glæsibæ og hafi það verið á laugardegi. Stefnandi hafi verið með konu á barnum fyrir innan danssalinn, önnur kona hafi verið við borðið. Þetta hafi verið um það bil sem dansleiknum var að ljúka og hafi Kristján stoppað hjá þessu fólki, kannski tíu mínútur, og lauk dansleiknum á meðan. Kristján kvaðst hafa séð stefnanda aftur í Glæsibæ 25. nóv. sl. og þá hafi hann setið á fremri barnum og hjá honum hafi Garðar Jónsson setið og einhver stúlka. Kristján mundi ekki eftir að hafa hitt Daníel, bróður sinn, á skemmtistað síðan í vor. Kristján kvaðst aldrei hafa hitt mállausa konu. Aðfaranótt 29. okt. kvaðst Kristján hafa landað afla úr bát sínum í Sandgerðishöfn. Að lokinni löndun hafi hann farið á bátnum til Reykjavíkur og komið þangað um fjögurleytið um nóttina. Það muni hafa verið helgina eftir þetta sem Kristján hitti stefnanda í fyrra skiptið.

Við yfirheyrslu 5. des. 1978 bar Garðar Jónsson, að hann hafi síðast hitt stefnanda á dansleik í Glæsibæ 25. nóv. Hann hafi ekki talað við stefnanda, aðeins heilsað honum. Erlingur, bróðir stefnanda, hafi verið á staðnum. Garðar kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt stefnanda síðan í vor nema 25. nóv. Garðar taldi sig hafa farið í Ingólfskaffi 28. okt. Garðar sagði, að vel gæti verið, að hann hafi farið í Glæsibæ eftir að hafa verið í Ingólfskaffi, en kvaðst ekki vilja neitt um það fullyrða. Hann taldi, að hann hafi verið í Glæsibæ á sunnudagskvöldi 29. okt. og hafi hann þá hitt Daníel Einarsson og hafi þeir talað saman. Garðar kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt stefnanda helgina 29. okt. Garðar kvaðst muna eftir, að stefnandi hafi sagt við sig, sennilega í vor sl., að hann hafi verið að sækja um vinnu eða ákveðið verk fyrir vestan, en ekki fengið. Garðar kvaðst síðast hafa komið upp í bifreið Daníels í ágúst sl. vestur í Dölum.

6. des. 1978 sagði Rögnvaldur Sigurðsson, að hann og Kristján Einarsson hafi farið á bátnum Skúm til Reykjavíkur eftir löndun laugardagskvöldið 28. okt. og hafi þeir komið til Reykjavíkur á milli kl. 3 og 4 um nóttina.

Við yfirheyrslu 6. des. 1978 sagðist stefnandi ekki geta sagt með neinni vissu, hvað hafi gerst aðfararnótt 29. okt. Hann dró til baka, að hann hafi farið í bifreið með Daníel, Garðari og Kristjáni, eftir að dansleik lauk í Glæsibæ. Hann kvaðst muna eftir að hafa farið inn í fimm manna bifreið fyrir utan Glæsibæ og heim til sín. Stefnandi kvaðst muna eftir að hafa staðið á planinu við hlið mállausu stúlkunnar og eitthvað verið að tala við hana, en ekkert muna frekar, hvað hafi gerst. Hann væri saklaus af því að hafa beitt hana harðræði eða hafa haft við hana kynmök.

Við yfirheyrslu 6. des. 1978 kvaðst Lúðvík Magnússon hafa farið úr Glæsibæ, þegar ljósin voru kveikt í salnum, og hafi hann beðið fyrir utan og fylgst með manni, sem heiti Bragi Guðjónsson. Hann hafi farið einn út og hvorki séð stefnanda né mállausu stúlkuna. Lúðvík mundi ekki eftir að hafa séð mállausu stúlkuna fyrir utan Glæsibæ. Um það bil hálftíma eftir að dansleiknum lauk, kvaðst Lúðvík hafa farið í leigubíl heim til stefnanda og hafi stefnandi verið í símanum og skömmu síðar hafi stúlka komið þangað. Seinna hafi stúlkan R sagt sér, að hún hafi hringt í stefnanda aðfaranótt 29. okt. og hafi hún verið í símanum, þegar hann hafi komið á gluggann hjá stefnanda, og hafi stefnandi sagt við hana, „bíddu á meðan ég hleypi honum Lúlla inn". Lúðvík kvaðst hvorki hafa hitt né séð mállausu stúlkuna eða stefnanda, eftir að hann kom út úr Glæsibæ.

Við yfirheyrslu 8. des. 1978 bar stúlkan S, að hún myndi vel eftir því að hafa setið hjá stefnanda og hafi hann sagt, „þetta er bróðir minn", og bent á mann, sem sat við hlið stefnanda. Bróðirinn hafi eitthvað verið að reyna að tala fingramál við sig, en honum hafi ekki tekist það vel. Stefnandi hafi verið mjög almennilegur. Hún mundi ekki eftir, þegar hún fór út úr Glæsibæ. Hún muni aðeins, að tveir menn hafi tekið undir handleggi hennar og togað hana áfram, hún barist á móti. Hún treysti sér ekki til að lýsa þessum mönnum, nema að þeir hafi verið á milli 40 og 50 ára. Annar þeirra hafi verið með steinhring á löngutöng annarrar handar og sá slegið hana á munninn, þannig að hún hafi hlotið áverka af.

Við yfirheyrslu 8. des. 1978 bar Guðrún Laxdal, starfsstúlka í fatageymslu Glæsibæjar, að hún myndi eftir mállausu stúlkunni og hafi hún komið í fatageymsluna og sótt úlpu, hún hafi verið mjög áberandi ölvuð, og kvaðst Guðrún aldrei hafa séð S svona ölvaða áður. Með S hafi verið ruddalegur karlmaður, hann hafi þrifið í vinstri handlegg stúlkunnar og togað hana út úr húsinu. Maðurinn hafi verið í ljósum jakkafötum, að Guðrúnu fannst. Guðrún kvaðst ekki hafa séð þennan mann í Glæsibæ eftir þetta. Þetta hafi verið rétt rúmlega hálf tvö.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. maí sl. Fram kom hjá stefnanda við yfirheyrslu þessa, að hann hafi verið ákaflega miður sín, þegar hann var handtekinn og hafi hann haldið, að eitthvað hafi komið fyrir börn sín. Lögreglumennirnir frá Ísafirði hafi verið almennilegir og kurteisir í besta lagi, en samt hafi þetta fengið mikið á stefnanda, einmitt vegna þess að hann vissi ekki, fyrir hvað var verið að taka hann. Við yfirheyrslu á Ísafirði var stefnanda sagt, hver ástæðan væri fyrir handtökunni.

Stefnanda fannst það hafa slæm áhrif á sig að vera í klefa í Síðumúlafangelsi, það hafi verið mikið suð í lofthitunartækjum og hafi stefnanda ekki liðið vel þarna. Ekkert hafi verið hægt að finna að framkomu rannsóknaraðiljanna.

Stefnandi kvaðst vera furðanlega hraustur, þá er hann mætti til yfirheyrslunnar, en eftir að hann var leystur úr fangelsi, hafi hann fundið, að hann var ekki heill, og áður en hann fór að vinna aftur, fór hann til síns heimilislæknis, sem ekki taldi ástæðu til þess, að stefnandi færi í rannsókn. Mánuði eftir að stefnandi fór vestur aftur, hafi hann dottið niður eins og skotinn. Hann hafi misst allan mátt í öðrum fætinum og verið látinn í rannsókn, fyrst á sjúkrahúsið á Ísafirði um það bil 4 daga og síðan á sjúkrahús í Reykjavík í 6 daga.

Stefnandi hafði vikukaup við vinnu sína í Bolungarvík og kvaðst hafa verið launalaus, þegar hann var í fangelsi og þar til hann kom aftur til starfa eftir áramót. Einnig var stefnandi launalaus þann tíma, sem hann var í rannsókn, og kvaðst hann ekki hafa notið sjúkradagpeninga.

Stefnandi taldi sig hafa misst af verkefni vegna handtökunnar, en hann hélt þeirri vinnu, sem hann hafði fyrir handtökuna.

Á dskj. 11 er vottorð Jens Gunnlaugssonar læknis, dags. 6. maí sl. Í vottorði þessu segir, að stefnandi hafi veikst skyndilega 12. mars 1979 og hafi hann þá verið lagður inn á sjúkrahúsið á Ísafirði og síðan hafi hann verið í rannsókn á Landspítalanum 30. mars til 6. apríl 1979.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst sé, að stefnandi hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem réttlæti þá fyrirvaralausu handtöku, sem stefnandi varð fyrir, sbr. 150. gr., 1. tl., laga 74/1974. Það sé ljóst, að engin lögmæt skilyrði hafi verið til staðar til að handtaka stefnanda. Handtakan hafi verið gerð á mjög svo særandi og móðgandi hátt og á hann borinn mjög viðbjóðslegur glæpur, þ. e. að misþyrma og nauðga mállausri stúlku. Stefnandi eigi því fullan rétt á bótum, sbr. 150. gr. laga 74/1974 svo og 152. gr. sömu laga.

Handtakan hafi verið þannig framkvæmd, að allir, sem um hana hafi vitað, hafi hlotið að álíta, að þarna væri búið að ná í glæpamanninn. Það sé og ljóst, að öllum eða flestum í Bolungarvík og Ísafirði hafi verið kunnugt um handtökuna og hver var handtekinn. Í fámennu byggðarlagi eins og Bolungarvík fari frétt eins og þessi eins og eldur í sinu og hvert mannsbarn þar hafi vitað um þetta, enda hafi hér verið um að ræða byggingameistara hjá stóru fyrirtæki. Síðan hafi stefnandi verið fluttur undir strangri löggæslu með flugvél til Reykjavíkur, sem hafi auk þess verið full af farþegum. Síðan hafi verið birt viðtal við Arnar Guðmundsson, deildarstjóra hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, í Morgunblaðinu 1. des. 1978. Frétt um þessa handtöku hafi og verið birt í Dagblaðinu sama dag og ef til vill í fleiri blöðum.

Tekið er fram, að stefnandi sé fimm barna faðir, hafi haft yfir mönnum

að sjá og hafi handtaka þessi og sá grunur, sem á stefnanda hafi verið lagður við handtökuna, á meðan á yfirheyrslum stóð, gæsluvarðhaldið svo og langur tími á eftir valdið stefnanda miklum hugarraunum og finnist honum, að menn líti á hann grunsemdaraugum enn, þegar mál þetta var höfðað.

Áhrifin af yfirheyrslunum og þeim viðbjóði, sem á stefnanda var borinn, hafi farið mjög í stefnanda og hann fengið höfuðverk, sem hafi farið stöðugt vaxandi, og hafi hann fengið lömun og verið lagður inn á sjúkrahús sl. vetur af þeim sökum. Stefnandi vill meina, að hann hafi ekki þolað það sálræna álag, sem á hann var lagt.

Fjárhæð bótakröfu stefnanda sé miðuð við bætur, sem dæmdar voru á bæjarþingi Reykjavíkur 3. júní 1969, en dóm þann sé að finna í 40. bindi Hæstaréttardóma, bls. 1467, uppfærð til verðlags í dag. Í þeim dómi hafi verið fundin smásök hjá stefnanda, sem hafi eflaust valdið lækkun bóta. Í þessu máli sé hins vegar engin sök hjá stefnanda.

Stefnandi hafi orðið fyrir verulegu atvinnutjóni vegna gæsluvarðhaldsins, ekki aðeins á meðan að á því stóð, heldur eftir það og meira að segja löngu eftir að honum var sleppt úr gæslu. Sé það vegna þess gruns, sem á honum liggi. Sé stefnanda því mikil nauðsyn að fá dóm í þessu máli sem allra fyrst.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að játning hins ákærða hafi ekki getað verið lokaþáttur rannsóknarinnar. Hitt sé sönnu nær, að rannsóknin hafi rétt verið að hefjast og hafi játningin varpað takmörkuðu ljósi á það, sem raunverulega kunni að hafa hent hina mállausu konu aðfaranótt 29. október 1978. Framburðir bæði konunnar sjálfrar og fjölmargra annarra hafi bent mjög eindregið og með vaxandi þunga til þess, að stefnandi þessa máls hefði ásamt öðrum haft umtalsverð samskipti við hana þessa nótt og jafnvel ekki aðeins í allra augsýn innan dyra í Glæsibæ.

Hinn 28. nóvember 1978 hafi verið svo komið, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi talið, að ekki yrði umflúið að hefta frelsi nokkurra manna í þágu rannsóknar málsins. Stefnandi hafi þá verið handtekinn við vinnu sína í Bolungarvík og fluttur til Ísafjarðar til yfirheyrslu. Þar hafi hann í sakadómi Ísafjarðar 29. nóvember verið úrskurðaður í 10 daga gæsluvarðhald. Forsendur úrskurðarins hafi verið þær, að sterkar líkur hefðu komið fram um það, að stefnandi hefði átt þátt í nauðgunar- og líkamsmeiðingarbrotum gegn konunni S aðfararnótt 29. okt. 1978, hann orðið margsaga um ferðir sínar þessa nótt og ekki hefði verið unnt að hafa upp á vitnum, sem gætu sannreynt atriði í framburði hans.

Bótaskilyrði skv. XVIII. kafla laga nr. 74/1974 séu ekki fyrir hendi í máli þessu. Það sé lögbundið skilyrði bóta, að fremur megi telja sakaðan mann vera sýknan af hinni saknæmu háttsemi en sekan. Því sé víðs fjarri, að sú sé raunin um stefnanda þessa máls.

Því er mótmælt sem tilhæfulausu, að handtaka stefnanda hafi farið fram á mjög svo særandi og móðgandi hátt. Ekkert sé fram komið um það, að réttara hefði verið að haga henni með einhverjum öðrum hætti, enda hljóti slík aðgerð og eftirmál hennar ævinlega að vekja nokkra eftirtekt.

Fullyrðingum stefnanda um heilsubrest og atvinnutjón vegna gæsluvarðhaldsins er andmælt sem röngum og ósönnuðum.

Verði aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina, er fjárhæð bótakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt sem alltof hárri og ekki í nokkru samræmi við dómvenjur. Samanburður stefnanda við dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 3. júní 1969 sé illa til fundinn, bæði efnislega og vegna hins, að í dómi Hæstaréttar hafi bótafjárhæð héraðsdóms verið skorin niður um helming, sbr. 40. bindi dómasafns Hæstaréttar, bls. 1452. Þá er kröfum stefnanda um bætur vegna atvinnutjóns mótmælt sem alls ósönnuðum og órökstuddum.

Vakin er athygli á því, að lögmaður stefnanda viðurkenni bæði í bréfum sínum til rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. 5 og 6 svo og í greinargerð á dskj. 2, að ekki sé unnt að átta sig á, hvaða bótakröfur eigi að gera, nema hafa fyrst kynnt sér rannsóknargögn. Þau hafi hann ekki séð, er stefnt var í málinu. Það megi því ljóst vera, að bótakröfur séu settar fram af fyrirhyggjuleysi og í blóra við staðreyndir, enda komi það glögglega fram, þegar rannsóknargögnin á dskj. 10 séu skoðuð.

Álit dómsins.

Við dómtöku máls þessa var því fyrst lýst yfir, að rannsókn máls þess, sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, væri lokið, og standa því ákvæði 157. gr. laga nr. 74/1974 því ekki í gegn, að stefnanda verði dæmdar bætur.

Þegar litið er til þess, sem að framan hefur verið rakið úr rannsóknargögnum, sérstaklega þess, sem rakið hefur verið úr framburði stefnanda 28. og 29. nóv. 1978, svo og þess, hvers konar mál var verið að rannsaka, þá verður að telja gæsluvarðhald stefnanda eðlilegt og það löglegt, sbr. 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Þegar litið er til framburðar stefnanda hér fyrir dómi, verður ekki á þá skoðun fallist, að handtakan hafi verið framkvæmd á særandi eða móðgandi hátt.

Þegar framburður stefnanda er virtur í heild og það haft í huga, að stefnandi virðist venja komur sínar í veitingahúsið Glæsibæ um helgar, verður ekki talið, að stefnandi hafi viljandi sagt ósatt um ferðir sínar aðfaranótt 29. okt. 1978, heldur hafi hann ruglað saman helgum og ekki munað glöggt atburði þessarar nætur. Teljast því skilyrði 1. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 ekki standa því í gegn, að stefnanda verði dæmdar bætur.

Þar sem rannsókn málsins er lokið, er uppfyllt annað skilyrði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974. Hitt skilyrði sömu greinar er, að fremur megi telja stefnanda vera sýknan en sekan af því að hafa nauðgað og valdið stúlkunni S líkamsmeiðingum aðfaranótt 29. okt. 1978.

Þegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið úr framburði stúlkunnar S, sérstaklega framburði 8. des. 1978, framburði stefnanda, bróður hans Lúðvíks 28. nóv. 1978, vitnisins R 28. nóv. og 4. des. 1978 og vitnisins H 4. des. 1978, verður að telja líklegt, að stefnandi sé sýkn af háttsemi þessari. Stefnandi uppfyllir því skilyrði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974, og verða honum því dæmdar bætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju.

Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar þykir verða að hafa í huga, að það, hve stefnandi var margsaga og framburður hans ruglingslegur, virðist hafa gert rannsókn málsins umfangsmeiri og um leið hafa valdið því í upphafi, að stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald, og svo það, hve gæsluvarðhaldsvistin varð löng.

Stefnandi hefur ekki sundurliðað bótakröfu sína, en eins og málið liggur fyrir, er ósannað, að stefnandi hafi beðið heilsutjón af gæsluvarðhaldsvistinni.

Eftir atvikum þykja bætur til stefnanda fyrir atvinnutjón og miska hæfilega ákveðnar kr. 500.000. Þá fjárhæð greiði ríkissjóður stefnanda með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 13. des. 1979, sem er þingfestingardagur málsins, enda verður ekki séð, hvaða dag stefnan var birt, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979. Frá 13. des. 1979 ákveðast vextir 43.5% ársvextir til 1. júní 1980, en 46% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu leyfilegu innlánsvöxtum.

Þá ber að dæma stefnanda málskostnað úr ríkissjóði samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 213.600. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður, kr. 205.000.

Uppsaga dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Hákoni Magnúsi Magnússyni, kr. 500.000 með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 13. des. 1979, 43.5% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Málskostnaður stefnanda, kr. 213.600, greiðist einnig úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 205.000.

Fimmtudaginn 28. apríl 1983.

Nr. 77/1983. **Júdódeild Ármanns**
gegn
Lofti Himari Jónssyni.

Kærumál. Synjað um framlagningu skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardomari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 22. mars 1983. Hann kærir með heimild í f lið 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 16. mars 1983 í bæjarþingsmálinu nr. 5641/1979: Loftur Hilmar Jónsson gegn Júdódeild Ármanns.

Með úrskurði þessum var synjað kröfu Júdódeildar Ármanns um framlagningu tveggja skjala, í fyrsta laga greiðslukvittunar Iðnaðarbanka Íslands h/f að fjárhæð 3.080.35 krónur, dags. 15. mars 1983, vegna greiðslu veskuldabréfs, sem tryggt er með 1. veðrétti í Álftamýri 56, Reykjavík, og í öðru lagi framlagningu veskuldabréfs, útg. 23. desember 1974 af Lofti Hilmari Jónssyni að fjárhæð 500.000 gamlar krónur, sem kvittað var og afhent til aflýsingar af Iðnaðarbanka Íslands h/f 15. mars 1983.

Kærumál þetta barst Hæstarétti 11. apríl 1983.

Kröfur sóknaraðilja, Júdódeildar Ármanns, fyrir Hæstarétti eru þær, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg,

að kröfur hans um framlagningu framangreindra skjala verði teknar til greina og varnaraðili, Loftur Hilmar Jónsson, verði dæmdur til að greiða homun kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða honun kærumálskostnað.

Hinn kærði úrskurður er án forsendna samkvæmt 2. tölulið 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Héraðsdómari, Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, dags. 8. apríl 1983, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Helstu málavextir eru þessir: Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 14. júlí 1980, í málinu nr. 5641/1979: Loftur Hilmar Jónsson gegn Júdódeild Ármanns var Júdódeildin dæmd til að greiða Lofti Hilmari 230.753 gamlar krónur auk vaxta og málskostnaðar. Júdódeildin vildi eigi una þeim dómi og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 2. nóvember 1982, var meðferð málsins í héraði ómerkt frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi hinn 31. mars 1980 og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Er héraðsdómari tók málið fyrir hinn 15. mars 1983 til munnlegs flutnings af nýju, krafðist lögmaður Júdódeildar Ármanns þess að fá að leggja fram áðurgreind tvö skjöl. Því andmælti lögmaður Lofts Hilmars Jónssonar, og með úrskurði bæjarþingsins 16. s. m. var framlagningarkröfunni synjað, svo sem áður segir.

Héraðsdómari hefur í þinghaldinu hinn 15. mars 1983 bókað eftir lögmanni sóknaraðilja, að hann hygðist leggja framangreind skjöl fram „vegna gagnkröfu í málinu."

Lögmaður varnaraðilja mótmælti framlagningunni í sama þinghaldi á þeirri forsendu, að engin gagnkrafa væri í málinu og ólögmætt væri að raska grundvelli málsins með því að setja nú fram slíka kröfu.

Hinn 26. mars 1980 lýstu lögmenn aðilja yfir því á bæjarþingi Reykjavíkur, að gagnaöflun í málinu væri lokið. Hafði þá ákveðin gagnkrafa ekki verið sett fram af hálfu stefnda í héraði, Júdódeildar Ármanns.

Hann á því eigi rétt á því nú, þremur árum síðar, gegn andmælum gagnaðilja að setja fram slíka kröfu, er flytja á málið munnlega öðru sinni.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja 3.500.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Júdódeild Ármanns, greiði varnaraðilja, Lofti Hilmari Jónssyni, 3.500.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. apríl 1983.

Nr. 243/1980. **Margrét Magnúsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Helga Heiðari Georgssyni
(Jón Hjaltason hrl.)
og
Helgi Heiðar Georgsson
gegn
Margréti Magnúsdóttur og
Gunnari Alfreðsyni
(enginn).

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur. Úrivist stefnda fyrir Hæatarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. desember 1980. Hún krefst sýknu af öllum kröfum Helga Heiðars Georgssonar og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Helgi Heiðar Georgsson hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. febrúar 1981. Dómkröfur hans eru þær, að áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir og stefndi, Gunnar Alfreðsson, verði dæmd til að greiða sér óskipt 6.951.46 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma. Hann krefst og málkostnaðar úr hendi beggja framangreindara aðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Þóri, VE 16, til tryggingar öllum dæmdum kröfum.

Stefndi, Gunnar Alfreðsson, hefur eigi látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, og var honum þó löglega stefnt.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að eigi hafi verið sýnt nægilega fram á, að áfrýjandi Helgi Heiðar Georgsson hafi með yfirlýsingum eða framkomu sinni á annan hátt gefið fullgilda ástæðu til að ætla, að hann hefði ákveðið að ganga úr skiprúmi. Skipstjórinn óskaði eftir lögskráningu Helga úr skiprúmi 2. júlí 1979. Bar Helga kaup til þess tíma, eins og krafist hefur verið, þar sem ekki er komið fram, að honum hafi fyrir þann tíma mátt vera ljóst, að starfi hans á umræddu skipi væri lokið.

Telja verður fram komið, að áfrýjandi Helgi hafi leyst nokkra aukavinnu af hendi, og bar honum sérstök laun fyrir þá vinnu. Hins vegar lagði hann eigi skýrslur um vinnu þessa fyrir skipstjóra til staðfestingar, svo sem honum var eftir öllum atvikum skylt. Áfrýjandi Margrét og stefndi Gunnar hafa ekki lagt fram gögn, er varða umrædda aukavinnu og vitnað var til í framburði skipstjóra fyrir héraðsdómi. Að þessu athuguðu þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um lækkun á kröfum áfrýjanda Helga samkvæmt reikningi fyrir tímavinnu.

Samkvæmt því, er að framan greinir, og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda Margréti Magnúsdóttur og stefnda, Gunnar Alfreðsson, til að greiða áfrýjanda Helga Heiðari Georgssyni óskipt 6.456.00 krónur með vöxtum, eins og krafist hefur verið. Þá ber að dæma áfrýjanda Margréti og stefnda Gunnar til að greiða áfrýjanda Helga málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 10.000.00 krónur. Áfrýjandi Helgi á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir og stefndi, Gunnar Alfreðsson, greiði áfrýjanda Helga Heiðari Georgssyni óskipt 6.456.00 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvembr 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlansvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og 10.000.00 krónur í málskostnað.

Áfrýjandi Helgi Heiðar Georgsson á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Vestmannaeyja 4. nóvember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., er höfðað hér fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 4. nóvember 1979, en áritaðri um birtingu 6. nóvember 1970, af Helga H. Georgssyni, Höfðavegi 38, Vestmannaeyjum, á hendur eigendum m/b Þóris, VE 16, Gunnari Alfreðssyni, Bröttugötu 10, Vestmannaeyjum, og Margréti Magnúsdóttur, Vesturvegi 30, Vestmannaeyjum, til heimtu vangoldins kaups og kauptryggingar, kr. 695.234 ásamt með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 30. júní 1979 til 1. september 1979 og 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, þar með talin full

málsfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur til viðurkenningar sjóveðréttar í m/b Þóri, VE 16, fyrir öllum framangreindum kröfum.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum á þann hátt, að stefnufjárhæðin var nú lækkuð niður um kr. 88, eða niður í kr. 695.146, en hins vegar var nú krafist 34.5% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 30. júní 1979 til 1. september 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan hæstu innlánsvaxta banka, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags auk alls málskostnaðar.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefndu gerð sú varakrafa, að krafist var verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og þá vaxtakröfu mótmælt sérstaklega sem of hárri.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

I. Málsatvik.

Aðilja greinir í verulegum atriðum á um málsatvik. Í höfuðatriðum þykir þó mega lýsa málsatvikum almennt þannig: Seinni hluta maímánaðar 1979 réðst stefnandi sem 1. stýrimaður á skip stefndu, m/b Þóri, VE 16. Faðir stefnanda, Georg Stanley Aðalsteinsson, starfaði við útgerðina, þ. e. hafði m. a. með höndum greiðslu reikninga, færði bókhaldið og útbjó reikningsuppgjör skipverja. Þá var bróðir stefnanda, Páll Arnar Georgsson, 1. vélstjóri á bátnum. Stefnandi hafði ásamt föður sínum og bróður hug á að kaupa hlut stefnda Gunnars í bátnum. Skipstjóri á bátnum var Matthías Ingibergsson, sambýlismaður stefndu Margrétar. Faðir stefnanda átti viðræður við skipstjórann laugardagsmorguninn 30. júní 1979 um fyrirhugaða eignaraðild þeirra feðga. Stefnandi og bróðir hans voru viðstaddir þær viðræður. Ekki var komist að samkomulagi um, hvernig að eignaraðild þeirra feðga skyldi staðið. Stefnandi hætti við fyrirhugaða eignaraðild þennan sama dag. Umræddan laugardag fór stefnandi um borð í bátinn og tók persónulega muni sína úr bátnum. Skipstjóri var þá ekki um borð, en kom í bátinn síðar þennan sama dag og varð þess áskynja. Skipstjórinn fór á bæjarfógetaskrifstofuna í Vestmannaeyjum mánudaginn 2. júlí 1979 og afskráði stefnanda, og segir í vottorði lögskráningarstjórans í Vestmannaeyjum, að stefnandi hafi verið afskráður 30. júní 1976. Skipstjórinn lét stefnanda ekki vita um afskráninguna, og stefnandi kom ekki til skips, eftir að hann hafði tekið persónulega muni sína úr bátnum. Þann 4. júlí 1979 ritaði faðir stefnanda vinnureikning stefnanda á hendur útgerðinni, og dag-

inn eftir útbjó hann enn fremur reikningsuppgjör stefnanda, útgefið 4. nóvember 1979.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum á þessa leið:

„Stefnandi kveður sig hafa verið afskráðan úr skiprúmi á bátnum 30. júní 1979 án samráðs við sig og ekki verið kallaður til skips eftir það, og geymir hann sér rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests sem stýrimaður."

Í greinargerð stefndu er að finna svohljóðandi málavaxtalýsingu:

„Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi máls þessa hafi hætt fyrirvaralaust í skiprúmi þann 30. júní 1979 án þess að virða lögmætan uppsagnarfrest og þar með bakað útgerð m.b. Þóris verulegt tjón."

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu hér fyrir réttinum. Þá hafa vitnin Georg Stanley Aðalsteinsson og Matthías Ingibergsson komið fyrir dóminn. Framburðir eru sem hér segir:

Stefnandi, Helgi H. Georgsson, 20 ára sjómaður, Heiðarvegi 44, Vestmannaeyjum, kvað ráðningu sína hafa borið að með þeim hætti, að hann hafi verið vélstjóri á öðrum báti um þetta leyti, en verið að hætta þar, en þá frétt, að mannskap vantaði á m/b Þóri, VE 16. Kveðst hann nú hafa snúið sér til Matthíasar Ingibergssonar og falast eftir plássi hjá honum. Kvað hann Matthías hafa tekið sér fegins hendi, því hann hafi vantað menn á bátinn. Kvaðst stefnandi ekki hafa falast eftir stýrimannsplássi, er hann talaði við Matthías, heldur hafi Matthías boðið sér stýrimannsstöðu á bátnum. Kveðst hann síðan hafa verið á undanþágu vegna réttindaleysis. Stefnandi kvaðst ekki skilja, af hverju hann hafi verið afskráður af bátnum þann 30. júlí 1979 (dskj. 4), en stefnandi taldi líklegt, að áður en til afskráningarinnar hafi komið, hafi hann farið með úr skipinu vinnugalla, gúmmígalla, stígvél, sængurföt, samfesting og eitthvað af verkfærum, allt sér tilheyrandi, en gúmmígallann hafi þurft að gera við og samfestinginn þurft að þrífa. Kvað hann einungis hafa verið eftir í bátnum ýmislegt smálegt verkfæradót, svo sem eins og skrúfjárn og þess háttar, loftblásara, er hann kvaðst hafa verið búinn að setja upp í lúkarnum og vatspott í eigu móður sinnar. Í þessu sambandi tók stefnandi sérstaklega fram, að hann hafi alltaf verið að bíða eftir „ræsi", sem aldrei hafi komið, og síðan frétt það utan úr bæ, að búið væri að ráða nýjan mannskap, en ekki kvað hann skipstjórann hafa verið um borð, er hann tók föggur sínar. Hann tók fram, að bróðir sinn, Páll Arnar, sem hafi verið 1. vélstjóri á bátnum, hafi tekið föggur sínar á sama tíma og hann sjálfur. Stefnandi kvaðst ekki hafa snúið sér til skipstjórans, eftir að hann hafði frétt, að búið var að ráða nýjan mann á bátinn og þá mann í stöðu hans, til að fá skýringar hjá skipstjóranum, enda kvaðst stefnandi hafa litið svo á, að sjómenn væru ekki vanir því, að ráðnir væru menn í staðinn fyrir þá að þeim fornspurðum og því ekki haft áhuga á samræðum við skipstjórann. Stefnandi kvað reikninginn

varðandi tímavinnuna (dskj. 7) vera frá sér kominn, enn kvað föður sinn, Georg Stanley, hafa handskrifað reikninginn í samræmi við þann tímafjölda, er hann hafi sjálfur haft niðurskrifaðan, en föður sinn kvað hann hafa séð um bókhald bátsins. Kvað hann föður sinn hafa samþykkt reikninginn. Hins vegar kvaðst stefnandi ekki muna, hvenær reikningurinn hafi verið út búinn, og treysti sér ekki til að tilgreina, í hvaða mánuði það hafi verið, og kvað sér ekki vera kunnugt um, hvort búið hafi verið að stefna í málinu, er reikningurinn var út búinn, en hann hafi treyst algerlega þeim, sem um þetta hafi séð. Stefnandinn kvaðst telja skýringuna á því, að júnívinna á reikningunum hafi verið unnin á helgidögum, vera þá, að ekki hafi verið hægt að koma því við að vinna þessa vinnu nema í næturvinnu. Í þessu sambandi tilgreindi stefnandi vinnu við togvindu bátsins. Loks sagði stefnandi að fyrir hádegi laugardaginn 30. júní hafi hann átt orðaskipti við Matthías skipstjóra, en sagðist telja, að það hafi ekki verið í neinu sambandi við vinnusamning sinn, enda hafi að sínu mati ekkert bent til þess, að verið væri að reka sig eða hann sjálfur sagt upp. Hins vegar kvað stefnandi það hafa verið fyrirhugað, að hann og faðir hans keyptu hlut Gunnars Alfreðssonar í bátnum, en umræddan laugardagsmorgun hafi endanlega verið hætt við slíka fyrirhugaða eignaraðild þeirra feðga. Stefnandi vildi hins vegar ekki tengja þetta við stýrimannsstöðu eða störf hans um borð í bátnum.

Vitnið Georg Stanley Aðalsteinsson, 45 ára útgerðarmaður, Heiðarvegi 44, Vestmannaeyjum, sem er faðir stefnanda, eins og fram er komið, kvaðst hafa verið prókúruhafi fyrir útgerð m/b Þóris, VE 16. Kvað vitnið það hafa borið þannig að höndum, að þann 9. apríl 1979 hafi Matthías Ingibergsson fyrir hönd Margrétar Magnúsdóttur og Gunnars Alfreðssonar komið að máli við sig og óskað eftir því, að vitnið tæki að sér fjárreiður og bókhald bátsins. Í framhaldi af því hafi Margrét Magnúsdóttir og Gunnar Alfreðsson undirritað prókúruumboð honum til handa.

Vitnið kvað sig minna, að stefnandi hafi komið fyrst á bátinn um mánaðamótin apríl/maí 1979 og verið þá sem háseti.

Vitnið, sem hafði verið viðstatt, er stefnandi gaf skýrslu sína fyrir réttinum, kvaðst hafa skrifað vinnureikninginn (dskj. 7) og sams konar reikning í máli nr. 67/1979. Staðfesti vitnið áritun sína um samþykkt reikningsins með heimild prókúruumboðsins. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að vefengja vinnuskýrslurnar, þar sem það hafi sjálft unnið með stefnanda að þar tilgreindum verkum. Vitnið kvað 29. júní hafa borið upp á föstudag og þá beri að reikna næturvinnu hjá stefnanda frá kr. 1300 þann dag, en umræddan dag hafi verið unnið til kl. 2400. Kvað vitnið vinnu þá, sem stefnandi hafi innt af hendi, hafa verið utan starfsskyldna hans og beri því að reiknast skv. yfirvinnutöxtum. Vitnið kvað um misritun að ræða

á dskj. nr. 3, lið 5, en þar eigi að standa í samræmi við niðurstöðutölu dskj. nr. 7 kr. 201.059, en vitnið kvaðst hafa ritað uppgjör það, sem lagt væri fram í málinu, dskj. nr. 3. Vitnið sagði, að þann 1. júlí hafi Matthías Ingibergsson hringt í sig og sagt sér að skila bókhaldi bátsins og öllu tilheyrandi útgerðinni. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að taka neitt mark á þessu, þar sem ekki hafi verið formlega rétt að þessari kröfu staðið, en þann 5. júlí hafi sér verið tilkynnt í Útvegsbankanum, að búið væri að afturkalla umboðið. Þann 10. júlí 1979 kvaðst vitnið hafa skrifað bréf, þar sem það hafi lýst því yfir, að afskiptum þess af bátnum væri lokið frá og með þeim degi. Kvaðst vitnið síðan hafa látið stefnuvotta birta Gunnari Alfreðssyni þessa yfirlýsingu, en í desembermánuði 1979 kvaðst vitnið hafa skilað öllu bókhaldi bátsins til lögreglunnar í Vestmannaeyjum.

Vitnið Matthías Ingibergsson, 47 ára skipstjóri, Vesturvegi 30, Vestmannaeyjum, sambýlismaður Margrétar Magnúsdóttur, kvaðst hafa afskráð stefnanda. Kvað hann ástæður fyrir afskráningunni hafa verið þær, að umræddan laugardagsmorgun (30. júní 1979) hafi Georg Stanley Aðalsteinsson, faðir stefnanda, komið að máli við sig ásamt stefnanda og bróður stefnanda, Páli, og viljað fá sig til lögfræðings til að umdirskrifa skjöl í framhaldi af kaupsamningi, er Georg Stanley og Gunnar Alfreðsson höfðu gert með sér. Þar sem vitnið hafði ekki séð fjárhagslega stöðu útgerðarinnar, en bókhaldið hafði verið í höndum Georgs Stanleys, og af fleiri ástæðum, kvaðst vitnið hafa tjáð Georg, að ekki væru forsendur fyrir afgreiðslu málsins í þeirri mynd sem Georg Stanley hafi óskað eftir. Kvað vitnið Georg Stanley þá hafa sagt, að þeir væru allir hættir og kæmu ekki meir. Ekki hafi komið til frekari orðaskipta, enda komið að hádegi. Eftir hádegi sama dag, er vitnið fór um borð í bátinn, hafi því verið bent á, að allt hafi verið horfið úr káetunni, „kojuföt" o. fl. Vitnið kvað vinnureikning stefnanda (dskj. 7) ekki fá staðist og kvað vafasamt, að vinna þessi hefði nokkurn tíma verið innt af hendi, að minnsta kosti fengist næturvinnan ekki staðist. Vitnið kvaðst auk þess ekki hafa skrifað upp á vinnureikninga þessa, en það væri hins vegar föst regla, að skipstjóri skrifaði upp á vinnureikninga. Vitnið kvað að öðru leyti vera erfitt að gera athugasemdir við stefnukröfurnar almennt, þar sem faðir stefnanda, er hafi átt að sjá um bókhald bátsins, hafi enn ekki skilað því uppgerðu og væri óuppgert við mannskap allan af þeim sökum. Vitnið kvaðst ekki hafa haldið löggilta skipsdagbók, en fært inn í kladdabók, sem hafi verið um borð, það, sem í skipsdagbókina skyldi ritast. Vitnið sagði það skoðun sína, að sams konar bátar héldu yfirleitt ekki skipsdagbók, og var helst að skilja á vitninu, að áminnst „kladdabók" kæmi þar í staðinn. Vitnið kvaðst hins vegar færa inn í löggilta skipsdagbók nú og frá 3. júlí 1979.

II. Málsástæður og lagarök aðilja.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi aldrei sagt upp starfi sínu á skipinu. Ekki hafi í raun farið fram nein slík orðaskipti, er gætu bent til þess, að stefnandi væri að hætta á skipinu, og í því sambandi sé þess sérstaklega að geta, að þau orðaskipti, sem átt hafi sér stað á hafnarbakkanum laugardagsmorguninn 30. júní 1979, hafi verið á milli skipstjórans og Georgs Stanleys Aðalsteinssonar. Þá sé á það að líta, að skipstjóri kveði stefnanda aldrei til skips. Þó fallast megi á það, að skrifleg brottvikning sé ekki tíðkuð, þá sé það óumdeilt, að skipstjórinn hafi farið og skráð stefnanda úr skiprúmi, eða með öðrum orðum rekið hann af skipinu. Þannig fáist engan veginn staðist sú málsástæða, sem fram komi í greinargerð stefndu, að stefnandi hafi horfið úr skiprúmi, það sé m. ö. o. getgátur einar, að stefnandi hafi tekið pokann sinn. Þá verði bótakröfu ekki skuldajafnað við launakröfu, en 1. gr. laga um verkkaup kveði skýrt á um það, að stefnandi eigi samkvæmt sjómannalögum rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Þá hafi í þessu máli verið valin sú leið að krefja stefndu um greiðslu vegna vangoldins kaups skv. reikningsuppgjöri, kauptryggingu og tímavinnu. Reikningsuppgjörið sé gert af þar til bærum aðilja, þar sem Georg Stanley Aðalsteinsson hafi haft prókúru fyrir útgerðina á þessum tíma. Á misskilningi sé hins vegar byggt, að skipstjórinn eigi að skrifa upp á alla reikninga, en það fari hins vegar eftir eðli þess verks, sem unnið sé, og í því tilfelli, sem hér um ræði, sé það 1. vélstjóri bátsins, sem hafi haft umsjón með verki því, sem unnið hafi verið í tímavinnu. Stefnandi bendir loks á, að kauptryggingarkrafan eigi rétt á sér samkv. lögum og samningum, og var vísað til kjarasamnings frá 1976 milli Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags skiptstjórnarmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Vaxtakröfu sína kveður stefnandi vera byggða á lögum um dómvexti.

Stefndu byggja málatilbúnað sinn hins vegar á því, að stefnandi hafi hætt fyrirvaralaust í skiprúmi þann 30. júní 1979 án þess að virða lögmæltan uppsagnarfrest og bakað með því útgerð m/b Þóris verulegt tjón, eins og segir í greinargerð stefndu. Þá er vitnað til 19. gr. viðkomandi kjarasamnings, þar sem segir: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.“ Enn fremur er bent á, að samkvæmt sjómannalögum hafi stefnanda, sem hafi verið stýrimaður á báti stefndu, borið að segja upp með 3ja mánaða fyrrvara, en um gagnkvæman 3ja mánaða uppsagnarfrest af beggja hálfu sé að ræða skv. nefndum lögum. Málið sé einfaldlega það, að stefnandi hafi „tekið pokann sinn“, og megi vitna til framburðar stefnanda hér fyrir réttinum, er hann segist hafa tekið gúmmígalla, stígvél, sængurföt, aukagalla o. s.

frv. Stefnandi hafi að vísu haldið því fram, að hann væri að fara með hluti þessa í hreinsun, en það sé fyrirsláttur einn, enda fari stefnandi varla að láta stígvélin sín í hreinsun. Stefnandi hafi þarna verið að hætta á bátnum og hirt allt sitt „dót". Stefnandi geti ekki rækilegar sýnt fram á, að hann sé hættur, en hann gerði. Hins vegar veki allt hátterni stefnanda miklar grunsemdir. Tímavinnureikningur stefnanda sé þannig lagður fram síðar. Skjal það, sem stefnandi hafi lagt fram um tímavinnu í þessu sambandi (dskj. 7), sé allt mjög hæpið og fái ekki staðist. Það sé ekki samþykkt af þar til bærum aðilja, en aftur á móti af föður stefnanda. Ekki hafi verið beðið um vinnuna og báturinn á veiðum og stefnandi hafi auk þess fengið kaup sitt greitt í formi kauptryggingar. Kjarasamningur sá, sem aðiljar hafi verið háðir, hafi gefið stefndu rétt til bótakröfu úr hendi stefnanda, eins og sýnt hafi verið fram á, vegna hins fyrirvaralausa brotthlaups stefnanda af bátnum. Í því sambandi er af hálfu stefndu tekið fram, að skuldajöfnuður sé fyrir hendi, þar sem í hvoru tveggja tilfellinu sé um peningakröfu að ræða. Í stefnu krefji stefnandi útgerðina um 39 daga kauptryggingu, en stefndu eigi hins vegar rétt til að krefja stefnanda um fjárhæð, sem nemi kaupi hans lögmæltan uppsagnarfrest, eða m. ö. o. kaupi (kauptryggingu) í þrjá mánuði. Sú fjárhæð sé greinilega hærri en sú fjárhæð, sem stefnt sé út af. Stefndu eigi þannig inni hjá stefnanda, en ekki stefnandi hjá stefndu.

Varðandi varakröfuna um verulega lækkun á kröfum stefnanda er af hálfu stefndu byggt á því, að tímareikningurinn eigi að falla niður eða vera lækkaður verulega. Reikningur þessi sé ekki studdur neinum gögnum. Aftur á móti styðji vottorð hins löggilta vigtarmanns (dskj. nr. 9) framburð Matthíasar Ingibergssonar skipstjóra hér fyrir réttinum um það, sem hann hafi ritað í kladdabókina. Þann 31. maí megi þannig sjá, að landað sé úr bátnum, og geti því ekki verið um vinnu af hálfu stefnanda að ræða, sem hann eigi að fá sérstaklega greitt fyrir þann dag. Sama sé um að ræða varðandi tilgreinda vinnu þann 15. júní. Þann 23. júní hafi skipstjórinn ekki beðið um neina vinnu, enda þá allt „klárt" til veiðiferðar, og ekki geti verið um það að ræða, að stefnandi væri að vinna við togvindu bátsins 28. og 29. júní, þar sem hún hafi þá verið til viðgerðar hjá Vélsmiðjunni Magna. Þá er því loks haldið fram af hálfu stefndu, að framsett vaxtakrafa stefnanda eigi ekki rétt á sér, þar sem vextir eigi að fara eftir innlánsvöxtum, en miðist hins vegar ekki við vexti af vaxtaaukareikningum.

III. Niðurstaða dómsins.

Hér á eftir verður fjallað um aðalkröfu og varakröfu samtímis. Kröfur stefnanda í máli þessu eru í raun tvíþættar. Annars vegar er krafist launa

skv. kauptryggingu tímabilið 22. maí 1979 til 30. júní sama ár. Hins vegar launa fyrir tímavinnu tiltekna daga í maí og júnímánuði 1979.

Þótt stefnandi hafi ekki sundurliðað stefnukröfuna sérstaklega, má segja, að viss sundurliðun komi fram í m. a. tveimur málsskjölum, er stefnandi hefur lagt fram í málinu, dskj. nr. 3, þ. e. áminnstu reikningsuppgjöri, þar sem eftirfarandi kemur m. a. fram:

Kauptrygging 39 dagar	kr.	441.405
Fastakaup 39 dagar	—	12.061
Löndun úr togskipum	—	21.106
Tímavinna	—	201.147
Tekjur án orlofs	kr.	675.719
Orlof 8.33%	—	56.287
Fæðiskostnaður	—	5.771
Inneign frá f. útt.	—	7.417
að frádregnum útteknum peningum	—	49.960
Samtals ógreitt við uppgjör	kr.	695.234

sem gera hina upphaflegu stefnufjárhæð, og dskj. nr. 7, þ. e. áminnstum tímavinnureikningi, sem er svohljóðandi:

„1979 tímavinna v/viðgerða á spili o. fl.

23/5	8 dv.	1332/-	10.656
23/5	2 ev.	1865/-	3.730
24/5	5 nv.	2398/-	11.990
25/5	5 dv.	1332/-	6.660
25/5	6 nv.	2398/-	14.338
31/5	4 dv.	1332/-	5.328
31/5	2 ev.	1865/-	3.730
1/6	4 dv.	1455/-	5.820
1/6	10 nv.	2619/-	26.190
2/6	10 nv.	2619/-	26.190
3/6	3 nv.	2619/-	7.857
15/6	8 nv.	2619/-	20.952
23/6	6 nv.	2619/-	15.714
29/6	12 nv.	2619/-	31.428
30/6	4 nv.	2619/-	10.476
			201.059

Samþ. G. St.“

Stefnandi leiðrétti tilgreinda fjárhæð vegna tímavinnu á reikningsuppgjöri við munnlegan málflutning, og eins og að framan greinir, lækkaði stefnufjárhæðin til samræmis við það.

Af dskj. nr. 4 er ljóst, að stefnandi var lögskráður sem stýrimaður á skip stefndu frá 25. maí 1979, en var afskráður þann 30. júní 1979. Um kaup á lögskráningartímabilinu skyldi fara eftir samningi viðkomandi stéttarfélags. Í því tilviki, sem hér um ræðir, vísa aðiljar til samnings ýmissa stéttarfélaga yfirmanna á fiskiskipum frá 1. mars 1976, þ. á m. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum, og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Kaupkröfu sína byggir stefnandi alfarið á þessum samningi, en stefndu bygga sýknukröfu sína á ákvæði í 19. gr. nefnds samnings, sem, eins og áður greinir, hljóðar svo: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skiverjans úr skiprúmi."

Telja verður það almenna reglu í íslenskum rétti, að launþegi eigi rétt á kaupi fyrir þá vinnu, er hann innir af hendi í þágu vinnuveitanda síns. Ákvæði sjómannalaga, sbr. II. kafla, 3 og 5, eru í fullu samræmi við þessa meginreglu. Ákvæði í 5. mgr. 19. gr. kjarasamningsins verður því að telja algert undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngri lögskýringu.

Af málsatvikum má ráða, að vitnið Georg Stanley Aðalsteinsson sá um fjárreiður útgerðarinnar, og líta verður svo á, að hann hafi haft umboð til að afhenda stefnanda uppgjör í nafni útgerðarinnar í samræmi við kjarasamning aðilja. Hins vegar er ljóst, að stefnandi á ekki rétt á kaupi fyrir lengri tíma en lögskráningu nam, eða í 37 daga. Ágreiningslaust virðist, að miða beri við laun skv. kauptryggingu.

Fallast má á það með stefndu, að ýmislegt bendi til þess, að stefnandi hafi laugardaginn 30. júní í framhaldi af viðræðum þeim, sem faðir stefnanda átti við skipstjórann á m/b Þóri, VE 16, stefnandi var vitni að, verið staðráðinn í að hætta á bátnum. Óumdeilt er, að stefnandi tók úr bátnum þennan sama dag ýmsa muni sér þar tilheyrandi, svo sem eins og gúmmígalla, stígvél, sængurföt, aukagalla o. s. frv. Framburður stefnanda um, að hann hafi fjarlægt hluti þessa út bátnum aðeins til bráðabirgða, verður að telja fremur ósennilegan. Hins vegar, þótt á það megi fallast, að stefnandi hafi aldrei gert tilraun til að fara með hlutina aftur um borð, þá verður ekki fram hjá því gengið, að skipstjórinn kvaddi stefnanda aldrei til skips, áður en afskráning fór fram. Enn fremur er ekki í ljós leitt, að stefnandi hafi átt möguleika á að gæta réttar síns við afskráninguna. Þegar þetta hvort tveggja er virt, þykir ekki með öllu útilokað, að stefnandi hefði komið til skips, ef hann hefði verið til þess kvaddur af skipstjóra, enda verður að telja, að sönnunarbyrðin fyrir því, að stefnandi hafi fyrirvara-

laust farið úr skiprúmi, hvíli á stefndu, en í gögnum málsins sést ekki, hvenær skipið lagði úr höfn, eftir að afskráning átti sér stað.

Stefndu krefjast þess, að tímareikningurinn falli niður eða verði lækkaður verulega, enda sé hann ekki studdur neinum gögnum.

Líta verður svo á, að stefnandi hafi verið háður fyrirmælum skipstjóra við störf sín. Þá verður að telja, að stefnandi hafi almennt sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hafi innt af hendi þá vinnu, sem hann krefst hér launa fyrir. Stefnandi gat enn fremur ekki búist við að fá greiðslu hjá utgerðinni fyrir aðra tímavinnu en þá, sem innt var af hendi með vitund og vilja skipstjórans. En skipstjóranum bar hins vegar hér sem endranær að sýna árvekni og hafa eftirlit.

Í samræmi við framburð skipstjórans hér fyrir réttinum og með hliðsjón af dskj. nr. 9 telst stefnandi ekki hafa sannað, að hann hafi átt rétt til sérstakra launa dagana 31. maí og 15. júní. Þá verður að telja, að gegn andmælum skipstjóra hafi stefnanda ekki tekist að sanna, að þeir hafi haft heimild til að vinna við merkingar á togvírum í næturvinnu 23. júní 1979. Hins vegar verður að telja með hliðsjón af því, að skipstjóranum var skylt að hafa um borð í skipinu löggilta dagbók, þar sem hann gat tilgreint alla þá vinnu, sem unnin var utan hinna venjulegu skipsstarfa, að stefndu verði að öðru leyti að bera hallan af því, að skipstjórinn sinnti ekki þessari skyldu, en kladdabók sú, sem skipstjórinn vitnar til, hefur ekki verið lögð fram í málinu, Í samræmi við ofangreint þykir eðlilegt að taka til greina lið 5 í reikningsuppgjörinu (dskj. 3) með 155.535.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina með kr. 620.413.

Stefnu byggja rétt sinn til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda á 5. mgr. 19. gr. kjarasamningsins, eins og að framan greinir, enda sé hér í hvoru tveggja tilfellinu um peningakröfu að ræða. Þar sem dómurinn hefur hér að framan komist að þeirri niðurstöðu, að stefndu hafi ekki tekist að sanna, að stefnandi hafi farið fyrirvaralaust úr skiprúmi, er ljóst, að skuldajafnaðarkrafa stefndu kemur ekki til álita né verður hún látin ná fram að ganga. Þó þykir mega taka fram, að ofangreind niðurstaða er í fullu samræmi við hina almennu reglu, sem áður um getur, lögskýringarreglur og umfjöllun dómsins á sönnunarmati.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndu, Gunnar Alfreðsson og Margrét Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Helga H. Georgssyni, kr. 620.413 með 22% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 6. nóvember 1979, en með 39.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, sbr. lög um dómvexti, lög nr. 56/1979.

Eftir úrslitum máls þessa þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 250.000 í málskostnað.

Enn fremur er í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 viðurkenndur sjóveðréttur í m/b Þóri, VE 16, til tryggingar hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Angantý Elíassyni skipstjóra og Einari Guðmundssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Alfreðsson og Margrét Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Helga H. Georgssyni, kr. 620.413 með 22% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 6. nóvember 1979, en með 39.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Fimmtudaginn 28. apríl 1983.

Nr. 244/1980. **Margrét Magnúsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Páli Arnari Georgssyni
(Jón Hjaltason hrl.)
og
Páll Arnar Georgsson
gegn
Margréti Magnúsdóttur og
Gunnari Alfreðssyni
(enginn).

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur. Útivist stefnda fyrir Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. desember 1980. Hún krefst sýknu af öllum kröfum Páls Arnars Georgssonar og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi Páll Arnar Georgsson hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. febrúar 1981. Dómkröfur hans eru þær, að áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir og stefndi Gunnar Alfreðsson verði dæmd til að greiða óskipt 5.677.77 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi beggja framangreindra aðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Þóri, VE 16, til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum.

Stefndi, Gunnar Alfreðsson, hefur eigi látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, og var honum þó löglega stefnt.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að eigi hafi veri sýnt nægilega fram á, að áfrýjandi Páll Arnar Georgsson hafi með yfirlýsingum eða framkomu sinni á annan hátt gefið fullgilda ástæðu til að ætla, að hann hefði ákveðið að ganga úr skiprúmi. Skipstjórinn óskaði eftir lögskráningu Páls Arnars úr skiprúmi 2. júlí 1979. Bar Páli Arnari kaup til þess tíma, eins og krafist hefur verið, þar sem ekki er komið fram, að honum hafi fyrir þann tíma mátt vera ljóst, að starfi hans á umræddu skipi væri lokið.

Telja verður fram komið, að áfrýjandi Páll Arnar hafi leyst nokkra aukavinnu af hendi, og bar honum sérstök laun fyrir þá vinnu. Hins vegar lagði hann eigi skýrslur um vinnu þessa fyrir skipstjóra til staðfestingar, svo sem honum var eftir öllum atvikum skylt. Áfrýjandi Margrét og stefndi Gunnar hafa ekki lagt fram gögn, er varða umrædda aukavinnu og vitnað var til í framburði skipstjóra fyrir héraðsdómi. Að þessu athuguðu þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um lækkun á kröfum áfrýjanda Páls Arnars samkvæmt reikningi fyrir tímavinnu.

Samkvæmt því, er að framan greinir, og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda Margréti Mágnúsdóttur og stefnda, Gunnar Alfreðsson, til að greiða áfrýjanda Páli Arnari Georgssyni óskipt 5.167.00 krónur með vöxtum, eins og krafist hefur verið. Þá ber að dæma áfrýjanda Margréti og stefnda Gunnar til að greiða áfrýjanda Páli Arnari málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 10.000.00 krónur. Áfrýjandi Páll Arnar á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi Margrét Magnúsdóttir og stefndi, Gunnar Alfreðsson, greiði áfrýjanda Páli Arnari Georgssyni óskipt 5.167.00 krónur með 34.5% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og 10.000.00 krónur í málskostnað.,

Áfrýjandi Páll Arnar Georgsson á sjóveðrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó-og verslunardóms Vestmannaeyja 10. nóvember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., er höfðað hér fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 4. nóvember 1979, en áritaðri um birtingu 6. nóvember 1979, af Páli Arnari Georgssyni, Vesturgötu 25, Akranesi, á hendur eigendum m/b Þóris, VE 16, Gunnari Alfreðssyni, Bröttugötu 10, Vestmannaeyjum, og Margréti Magnúsdóttur, Vesturvegi 30, Vestmannaeyjum, til heimtu vangoldins kaups og kauptryggingar, kr. 567.777 ásamt með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 30. júní 1979 til 1. september 1979 og 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur til viðurkenningar sjóveðréttar í m/b Þóri, VE 16, fyrir öllum framangreindum kröfum.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum á þá leið, að nú var krafist 34.5% ársvaxta af óbreyttri stefnufjárhæð frá 30. júní til 1. september 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan hæstu innlánsvaxta banka, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, en að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Við munnlegan málflutning var af hálfu stefndu gerð sú varakrafa, að krafist var verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og þá vaxtakröfu mótmælt sérstaklega sem of hárri.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

I. Málsatvik.

Aðilja greinir í verulegum atriðum á um málsatvik. Í höfuðatriðum þykir

þó mega lýsa málsatvikum almennt þannig: Seinni hluta máímánaðar 1979 réðst stefnandi sem 1. vélstrjóri á skip stefndu, m/b Þóri, VE 16. Faðir stefnanda, Georg Stanley Aðalsteinsson, starfaði við útgerðina, þ. e. hafði m. a. með höndum greiðslu reikninga, færði bókhaldið og útbjó reikningsuppgjör skipverja. Þá var bróðir stefnanda, Helgi H. Georgsson, stýrimaður á bátnum. Stefnandi hafði ásamt föður sínum og bróður hug á að kaupa hlut stefnda Gunnars í bátnum. Skipstjóri á bátnum var Matthías Ingibergsson, sambýlismaður stefndu Margrétar. Faðir stefnanda átti viðræður við skipstjórann laugardagsmorguninn 30. júní 1979 um fyrirhugaða eignaraðild þeirra feðga. Stefnandi og bróðir hans voru viðstaddir þær viðræður. Ekki var komist að samkomulagi um, hvernig að eignaraðild þeirra feðga skyldi staðið. Umræddan laugardag fór stefnandi um borð í bátinn og tók persónulega muni sína úr bátnum. Skipstjórinn var þá ekki um borð, en kom í bátinn síðar þennan sama dag og varð þessa þá áskynja. Skipstjórinn fór í bæjarfógetaskrifstofuna í Vestmannaeyjum mánudaginn 2. júlí 1979 og afskráði stefnanda, og segir í vottorði lögskráningarstjórans í Vestmannaeyjum, að stefnandi hafi verið afskráður 30. júní 1979. Skipstjórinn lét stefnanda ekki vita um afskráninguna, og stefnandi kom ekki til skips, eftir að hann hafði tekið persónulega muni sína úr bátnum. Þann 4. júlí 1979 ritaði faðir stefnanda vinnureikning stefnanda á hendur útgerðinni, og daginn eftir útbjó hann enn fremur reikningsuppgjör stefnanda. Stefnandi höfðaði síðan mál á hendur útgerðinni með stefnu, útgefinni 4. nóvember 1979.

Í stefnu lýsir stefnandi málavöxtum á þessa leið:

„Stefnandi kveður framangreinda skuld vera samkvæmt uppgjöri 5. júlí 1979 fyrir vangoldna kauptryggingu og tímavinnu við bátinn, er stefnandi var þar 1. vélstjóri frá 22. maí 1979 til 30. júní 1979, kr. 567.777. Stefnandi kveður sig hafa verið skráðan úr skiprúmi á bátnum 30. júní 1979 án samráðs við sig og ekki verið kallaður til skips eftir það, og geymir hann sér rétt til að krefja útgerðina um greiðslu fyrir uppsagnarfrest á bátnum í framhaldssök í þessu máli eða sérmáli, en stefnandi á samkv. sjómannalögum 3ja mánaða uppsagnarfrest sem vélstjóri."

Í greinargerð stefndu er að finna svohljóðandi málavaxtalýsingu:

„Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi máls þessa hafi hætt fyrirvaralaust í skiprúmi þann 30. júní 1979 án þess að virða lögmætan uppsagnarfrest og bar með bakað útgerð m.b. Þóris verulegt tjón."

Aðiljar hafa ekki gefið skýrslur hér fyrir dóminum, en lögð hefur verið fram í máli þessu skýrsla Helga H. Georgssonar í máli því, sem hann rekur hér fyrir dóminum á hendur stefndu, mál nr. 66/1979, og vitnaframburðir Georgs Aðalsteinssonar og Matthíasar Ingibergssonar í því sama máli.

Rétt þykir að greina nokkur atriði í framburðum þessum, sem telja verður, að hafi þýðingu fyrir mál þetta:

Stefnandi í máli nr. 66/1979, Helgi H. Georgsson, sagði, að hann gæti ekki skýrt afskráninguna, en kvaðst hins vegar hafa farið með vinnugalla sinn, gúmmígalla, sem gera hafi þurft við, stígvél, sængurföt, aukagalla, þ. e. samfesting, sem þurft hafi að þrífa, og svo eitthvað af verkfærum, sem hann hafi átt um borð. Hann kvað bróður sinn, Pál Arnar, hafa tekið föggur sínar á sama tíma. Síðan kvaðst hann alltaf hafa verið að bíða eftir því að vera kallaður til skips („ræsi"), en það hafi aldrei komið og síðan hafi hann frétt það utan úr bæ, að búið væri að ráða nýjan mannskap, en kvaðst hins vegar ekki hafa snúið sér til skipstjórans til að fá skýringar hans.

Vitnið Georg Stanley Aðalsteinsson, faðir stefnanda, kvaðst hafa verið prókúruhafi fyrir útgerð m/b Þóris, VE 16. Kvað vitnið það hafa borið þannig að höndum, að þann 9. apríl 1979 hafi Matthías Ingibergsson fyrir hönd Margrétar Magnúsdóttur og Gunnars Alfreðssonar undirritað prókúruumboð honum (vitninu) til handa. Vitnið kvaðst hafa skrifað vinnureikninginn (dskj. 7) og sams konar reikning í máli nr. 66/1979. Staðfesti vitnið áritun sína um samþykkt reikningsins með heimild prókúrumboðsins. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að vefengja vinnuskýrslurnar, þar sem það hafi sjálft unnið með stefnanda að þar tilgreindum verkum. Vitnið kvað reikninginn hafa verið saminn 4. júlí 1979. Vitnið kvað 29. júní hafa borið upp á föstudag og þá beri að reikna næturvinnu hjá stefnanda frá kl. 13 þann dag, en umræddan dag hafi verið unnið til kl. 2400. Kvað vitnið vinnu þá, sem stefnandi hafi innt af hendi, hafa verið utan starfsskyldna hans og beri því að reiknast skv. yfirvinnutöxtum. Vitnið sagði, að þann 1. júlí hafi Matthías Ingibergsson hringt í sig og sagt sér að skila bókhaldi bátsins og öllu tilheyrandi útgerðinni. Kvaðst vitnið ekki hafa séð ástæðu til að taka neitt mark á þessu, þar sem ekki hafi verið formlega rétt að þessari kröfu staðið, en þann 5. júlí hafi sér verið tilkynnt í Útvegsbankanum, að búið væri að afturkalla umboðið. Þann 10. júlí 1979 kvaðst vitnið hafa skrifað bréf, þar sem það hafi lýst því yfir, að afskiptum þess af bátnum væri lokið frá og með þeim degi. Kvaðst vitnið síðan hafa látið stefnuvotta birta Gunnari Alfreðssyni þessa yfirlýsingu, en í desembermánuði 1979 kveðst vitnið hafa skilað öllu bókhaldi bátsins til lögreglunnar í Vestmannaeyjum.

Vitnið Matthías Ingibergsson skipstjóri, sambýlismaður Margrétar Magnúsdóttur, sagðist hafa afskráð stefnanda. Kvað hann ástæður fyrir afskráningunni hafa verið þær, að umræddan laugardagsmorgun (30. júní 1979) hafi Georg Stanley Aðalsteinsson, faðir stefnanda, komið að máli við sig ásamt stefnanda og bróður stefnanda, Helga, og viljað fá sig til

lögfræðings til að undirskrifa skjöl í framhaldi af kaupsamningi, er Georg Stanley og Gunnar Alfreðsson höfðu gert með sér. Þar sem vitnið hafði ekki séð fjárhagslega stöðu útgerðarinnar, en bókhaldið hafi verið í höndum Georgs Stanleys og af fleiri ástæðum, kvaðst vitnið hafa tjáð Georg, að ekki væru forsendur fyrir afgreiðslu málsins í þeirri mynd sem Georg Stanley hafi óskað eftir. Kvað vitnið Georg Stanley þá hafa sagt, að þeir væru allir hættir og kæmu ekki meir. Ekki hafi komið til frekari orðaskipta, enda komið að hádegi. Eftir hádegi sama dag, er vitnið fór um borð í bátinn, hafi því verið bent á, að allt hafi verið horfið úr káetunni, „kojuföt" o. fl. Vitnið kvað vinnureikning stefnanda (dskj. 7) ekki fá staðist og kvað vafasamt, að vinna þessi hefði nokkurn tíma verið innt af hendi, að minnsta kosti fengist næturvinnan ekki staðist. Vitnið kvaðst auk þess ekki hafa skrifað upp á vinnureikninga þessa, en það væri hins vegar föst regla, að skipstjóri skrifaði upp á vinnureikninga. Vitnið kvað að öðru leyti vera erfitt að gera athugasemdir við stefnukröfurnar almennt, þar sem faðir stefnanda, er hafi átt að sjá um bókhald bátsins, hafi enn ekki skilað því uppgerðu og væri óuppgert við mannskap allan af þeim sökum. Vitnið kvaðst ekki hafa haldið löggilta skiptsdagbók, en fært inn í kladdabók, sem hafi verið um borð, það, sem í skipsdagbókina skyldi ritast. Vitnið sagði það skoðun sína, að sams konar bátar héldu yfirleitt ekki skipsdagbók, og var helst að skilja á vitninu, að áminnst „kladdabók" kæmi þar í staðinn. Vitnið kvaðst hins vegar færa inn í löggilta skipsdagbók nú og frá 3. júlí 1979.

Vitnið, sem gerði nokkrar athugasemdir við tímavinnureikninginn, sagðist vilja taka fram varðandi tímavinnureikningana almennt, að eftir mánaðamót maí—júní hafi ekki verið farið fram á það, að Páll ynni handtak í bátnum eða við hann, en öðru máli hafi gegnt varðandi Helga, enda ekki tvennu saman að jafna, að sögn vitnisins, án þess að það skýrði nánar, hvað við væri átt.

II. Málsástæður og lagarök aðilja.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi aldrei sagt upp starfi sínu á skipinu. Ekki hafi í raun farið fram nein slík orðaskipti, er gætu bent til þess, að stefnandi væri að hætta á skipinu, og í því sambandi sé þess sérstaklega að geta, að þau orðaskipti, sem átt hafi sér stað á hafnarbakkanum laugardagsmorguninn 30. júní 1979, hafi verið á milli skipstjórans og Georgs Stanleys Aðalsteinssonar. Þá sé á það að líta, að skipstjóri kveðji stefnanda aldrei til skips. Þó fallast megi á það, að skrifleg brottvikning sé ekki tíðkuð, þá sé það óumdeilt, að skipstjórinn hafi farið og skráð stefnanda úr skiprúmi, eða með öðrum orðum rekið hann af skipinu. Þannig fáist engan veginn staðist sú málsástæða, sem fram komi í greinar-

gerð stefndu, að stefnandi hafi horfið úr skiprúmi, það sé m. ö. o. getgátur einar, að stefnandi hafi tekið pokann sinn. Þá verði bótakröfu ekki skuldajafnað við launakröfu, en 1. gr. laga um verkkaup kveði skýrt á um það, að stefnandi eigi að fá kaup sitt greitt í peningum. Þótt stefnandi eigi samkvæmt sjómannalögum rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, þá hafi í þessu máli verið valin sú leið að krefja stefndu um greiðslu vegna vangoldins kaups skv. reikningsuppgjöri, kauptryggingu og tímavinnu. Reikningsuppgjörið sé gert af þar til bærum aðilja, þar sem Georg Stanley Aðalsteinsson hafi haft prókúru fyrir útgerðina á þessum tíma. Á misskilningi sé hins vegar byggt, að skipstjórinn eigi að skrifa upp á alla reikninga, en það fari hins vegar eftir eðli þess verks, sem unnið sé, og í því tilfelli, sem hér um ræði, sé það 1. vélstjóri bátsins, sem hafi haft umsjón með verki því, sem unnið hafi verið í tímavinnu. Stefnandi bendir loks á, að kauptryggingarkrafan eigi rétt á sér samkv. lögum og samningum, og var vísað til kjarasamnings frá 1976 milli Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags skipstjórnarmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Stefndu byggja málatilbúnað sinn hins vegar á því, að stefnandi hafi hætt fyrirvaralaust í skiprúmi þann 30. júní 1979 án þess að virða lögmætan uppsagnarfrest og bakað með því útgerð m/b Þóris verulegt tjón, eins og segir í greinargerð stefndu. Þá er vitnað til 19. gr. viðkomandi kjarasamnings, þar sem segi: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi." Enn fremur er bent á, að samkvæmt sjómannalögum hafi stefnanda, sem hafi verið vélstjóri á báti stefndu, borið að segja upp með 3ja mánaða fyrirvara, en um gagnkvæman 3ja mánaða uppsagnarfrest af beggja hálfu sé að ræða skv. nefndum lögum. Málið sé einfaldlega það, að stefnandi hafi „tekið pokann sinn" og megi vitna til framburðar bróður stefnanda hér fyrir réttinum (dskj. 9), er hann segir þá hafa tekið gúmmígalla, stígvél, sængurföt, aukagalla o. s. frv. Stefnandi hafi að vísu haldið því fram, að hann væri að fara með hluti þesa í hreinsun, en það sé fyrirsláttur einn, enda fari stefnandi varla að láta stígvélin sín í hreinsun. Stefnandi hafi þarna verið að hætta á bátnum og hirt allt sitt „dót". Stefnandi geti ekki rækilegar sýnt fram á, að hann sé hættur en hann gerði. Hins vegar vekji allt hátterni stefnanda miklar grunsemdir. Tímavinnureikningur stefnanda sé þannig lagður fram síðar. Skjal það, sem stefnandi hafi lagt fram um tímavinnu í þessu sambandi (dskj. 7), sé allt mjög hæpið og fái ekki staðist. Það sé ekki samþykkt af þar til bærum aðilja, en aftur á móti af föður stefnanda. Ekki hafi verið beðið um vinnuna og báturinn á veiðum og stefnandi hafi auk þess fengið kaup sitt greitt í formi kauptryggingar. Kjarasamningur sá, sem aðiljar hafi verið háðir, hafi gefið stefndu rétt til bótakröfu úr

hendi stefnanda, eins og sýnt hafi verið fram á, vegna hins fyrirvaralausa brotthlaups stefnanda af bátnum. Í því sambandi er af hálfu stefndu tekið fram, að skuldajöfnuður sé fyrir hendi, þar sem í hvoru tveggja tilfellinu sé um peningakröfu að ræða. Í stefnu krefji stefnandi útgerðina um 39 daga kauptryggingu, en stefndu eigi hins vegar rétt til að krefja stefnanda um fjárhæð, sem nemi kaupi hans lögmæltan uppsagnarfrest, eða m. ö. o. kaupi (kauptryggingu) í þrjá mánuði. Sú fjárhæð sé greinilega hærri en sú fjárhæð, sem stefnt sé út af. Stefndu eigi þannig inni hjá stefnanda, en ekki stefnandi hjá stefndu.

Varðandi varakröfuna um verulega lækkun á kröfum stefnanda er af hálfu stefndu byggt á því, að tímareikningurinn eigi að falla niður eða vera lækkaður verulega. Reikningur þessi sé ekki studdur neinum gögnum. Aftur á móti styðji vottorð hins löggilta vigtarmannns (dskj. nr. 9) framburð Matthíasar Ingibergssonar skipstjóra hér fyrir réttinum um það, sem hann hafi ritað í kladdabókina. Þann 31. maí megi þannig sjá, að landað sé úr bátnum, og geti því ekki verið um vinnu af hálfu stefnanda að ræða, sem hann eigi að fá sérstaklega greitt fyrir þann dag. Sama sé um að ræða varðandi tilgreinda vinnu þann 15. júní. Þann 23. júní hafi skipstjórinn ekki beðið um neina vinnu, enda þá allt „klárt" til veiðiferðar, og ekki geti verið um það að ræða, að stefnandi væri að vinna við togvindu bátsins 28. og 29. júní, þar sem hún hafi þá verið til viðgerðar hjá Vélsmiðjunni Magna. Þá sé þess enn fremur að geta, að stefnandi hafi ekki gefið skýrslu hér fyrir dóminum, og verði því allur vafi að skýrast honum í óhag. Benda mégi á, að stefnandi hafi verið vélstjóri á bátnum og því hafi viðveruskylda hans verið ríkari en annarra skipverja. Þá er því loks haldið fram af hálfu stefndu, að framsett vaxtakrafa stefnanda eigi ekki rétt á sér, þar sem vextir eigi að fara eftir innlánsvöxtum, en miðist hins vegar ekki við vexti af vaxtaaukareikningum.

III. Niðurstaða dómsins.

Hér á eftir verður fjallað um aðalkröfu og varakröfu samtímis.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru í raun tvíþættar. Annars vegar er krafist launa skv. kauptryggingu tímabilið 22. maí 1979 til 30. júní sama ár. Hins vegar launa fyrir tímavinnu tiltekna daga í maí og júnímánuði 1979.

Þótt stefnandi hafi ekki sundurliðað stefnukröfuna sérstaklega, má segja, að viss sundurliðun komi fram í m. a. tveimur málsskjölum, er stefnandi hefur lagt fram í málinu, dskj. nr. 3, þ. e. áminnstu reikningsuppgjöri, þar sem eftirfarandi kemur m. a. fram:

Kauptrygging 39 dagar	kr.	441.405
Fastakaup 39 dagar	—	12.061
Löndun úr togskipum	—	21.106
Tímavinna	—	201.147
Tekjur án orlofs	kr.	675.719
Orlof 8.33%	—	56.287
Fæðiskostnaður	—	5.771
að frádregnum útteknum peningum	—	170.000
Samtals ógreitt við uppgjör	kr.	567.777

sem gera stefnufjárhæðina, og dskj. nr. 7, þ. e. áminnstum tímavinnureikningi, sem er svohljóðandi:

„1979 tímavinna v/viðgerða á spili o.fl.

23/5	8 dv.	1374/-	10.992
23/5	2 ev.	1924/-	3.848
24/5	3 nv.	2473/-	7.419
25/5	4 dv.	1374/-	5.496
25/5	6 nv.	2473/-	14.838
31/5	4 dv.	1374/-	5.496
31/5	2 ev.	1924/-	3.848
1/6	4 dv.	1501/-	6.004
1/6	10 nv.	2702/-	27.020
2/6	10 nv.	2702/-	27.020
3/6	3 nv.	2702/-	8.106
15/6	8 nv.	2702/-	21.616
23/6	6 nv.	2702/-	16.216
29/6	12 nv.	2702/-	32.424
30/6	4 nv.	2702/-	10.808
			201.147

Samþ. G. St.“

Af dskj. nr. 4 er ljóst, að stefnandi var lögskráður sem 1. vélstjóri á skip stefndu frá 25. maí 1979, en var afskráður þann 30. júní 1979. Um kaup á lögskráningartímabilinu skyldi fara eftir samningi viðkomandi stéttarfélags. Í tilviki því, sem hér um ræðir, vísa aðiljar til samnings ýmissa stéttarfélaga yfirmanna á fiskiskipum frá 1. mars 1976, þ. á m. Skipstjóra- og stýrimannafelagsins Verðandi, Vestmannaeyjum, og Útvegsbændafélags

Vestmannaeyja. Kaupkröfu sína byggir stefnandi alfarið á þessum samningi, en stefndu byggja sýknukröfu sína á ákvæði í 19. gr. nefnds samnings, sem, eins og áður greinir, hljóðar svo: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi."

Telja verður það almenna reglu í íslenskum rétti, að launþegi eigi rétt á kaupi fyrir þá vinnu, er hann innir af hendi í þágu vinnuveitanda síns. Ákvæði sjómannalaga, sbr. II. kafla, 3 og 5, eru í fullu samræmi við þessa meginreglu. Ákvæði í 5. mgr. 19. gr. kjarasamningsins verður því að telja algert undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngri lögskýringu.

Af málsatvikum má ráða, að vitnið Georg Stanley Aðalsteinsson sá um fjárreiður útgerðarinnar, og líta verður svo á, að hann hafi haft umboð til að afhenda stefnanda uppgjör í nafni útgerðarinnar í samræmi við kjarasamning aðilja. Hins vegar er ljóst, að stefnandi á ekki rétt á kaupi fyrir lengri tíma en lögskráningu nam, eða í 37 daga. Ágreiningslaust virðist, að miða beri við laun skv. kauptryggingu.

Fallast má á það með stefndu, að ýmislegt bendi til þess, að stefnandi hafi laugardaginn 30. júní í framhaldi af viðræðum þeim, sem faðir stefnanda átti við skipstjórann á m/b Þóri, VE 16, og stefnandi var vitni að, verið staðráðinn í að hætta á bátnum. Óumdeilt er, að stefnandi tók úr bátnum þennan sama dag ýmsa muni sér tilheyrandi, svo sem eins og gúmmígalla, stígvél, sængurföt, aukagalla o. s. frv. Framburður bróður stefnanda um, að þeir hafi fjarlægt hluti þessa úr bátnum aðeins til bráðabirgða, verður að telja fremur ósennilegan. Hins vegar, þótt á það megi fallast, að stefnandi hafi aldrei gert tilraun til að fara með hlutina aftur um borð, þá verður ekki fram hjá því gengið, að skipstjórinn kvaddi stefnanda aldrei til skips, áður en afskráning fór fram. Enn fremur er ekki í ljós leitt, að stefnandi hafi átt möguleika á að gæta réttar síns við afskráninguna. Þegar þetta hvort tveggja er virt, þykir ekki með öllu útilokað, að stefnandi hefði komið til skips, ef hann hefði verið til þess kvaddur af skipstjóra, enda verður að telja, að sönnunarbyrðin fyrir því, að stefnandi hafi fyrirvaralaust farið úr skiprúmi, hvíli á stefndu, en í gögnum málsins sést ekki, hvenær skipið lagði úr höfn, eftir að afskráning átti sér stað.

Stefndu krefjast þess, að tímareikningurinn falli niður eða verði lækkaður verulega, enda sé hann ekki studdur neinum gögnum.

Líta verður svo á, að stefnandi hafi verið háður fyrirmælum skipstjóra við störf sín. Þá verður að telja, að stefnandi hafi almennt sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hafi innt af hendi þá vinnu, sem hann krefst hér launa fyrir. Stefnandi gat enn fremur ekki búist við að fá greiðslu hjá útgerðinni fyrir aðra tímavinnu en þá, sem innt var af hendi með vitund og vilja skip-

stjórans. En skipstjóranum bar hins vegar hér sem endranær að sýna árvekni og hafa eftirlit.

Í samræmi við framburð skipstjórans hér fyrir réttinum og með hliðsjón af dskj. nr. 9 telst stefnandi ekki hafa sannað, að hann hafi átt rétt til sérstakra launa dagana 31. maí og 15. júní. Þá verður að telja, að gegn andmælum skipstjóra hafi stefnanda ekki tekist að sanna, að þeir hafi haft heimild til að vinna við merkingar á togvírum í næturvinnu 23. júní 1979. Hins vegar verður að telja með hliðstjón af því, aðskipstjóranum var skylt að hafa um borð í skipinu löggilta dagbók, þar sem hann gat tilgreint alla þá vinnu, sem unnin var utan hinna venjulegu skipstarfa, að stefndu verði að öðru leyti að bera hallann af því, að skipstjórinn sinnti ekki þessari skyldu, en kladdabók sú, sem skipstjórinn vitnar til, hefur ekki verið lögð fram í málinu. Í samræmi við ofangreint þykir eðlilegt að taka til greina lið 5 í reikningsuppgjörinu (dskj. 3) með kr. 154.001.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina með kr. 491.511.

Stefndu byggja rétt sinn til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda á 5. mgr. 19. gr. kjarasamningsins, eins og að framan greinir, enda sé hér í hvoru tveggja tilfellinu um peningakröfu að ræða. Þar sem dómurinn hefur hér að framan komist að þeirri niðurstöðu, að stefndu hafi ekki tekist að sanna, að stefnandi hafi farið fyrirvaralaust úr skiprúmi, er ljóst, að skuldajafnaðarkrafa stefndu kemur ekki til álita né verður hún látin ná fram að ganga. Þó þykir mega taka fram, að ofangreind niðurstaða er í fullu samræmi við hina almennu reglu, sem áður um getur, lögskýringarreglur og umfjöllun dómsins á sönnunarmati.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndu Gunnar Alfreðsson og Margrét Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Páli Arnari Georgssyni, kr. 491.511 með 22% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 6. nóvember 1979, en með 39.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, sbr. lög um dómvexti, lög nr. 56/1979.

Eftir úrslitum máls þessa þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 230.000 í málskostnað.

Enn fremur er í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 viðurkenndur sjóveðréttur í m/b Þóri, VE 16, til tryggingar hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum,

kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Einari Guðmundssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Alfreðsson og Margrét Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Páli Arnari Georgssyni, kr. 491.511 með 22% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 6. nóvember 1979, en með 39.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags og kr. 230.000 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðsrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 29. apríl 1983.

Nr. 235/1982. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Agli Ragnars Guðjohnsen
(Brandur Brynjólfsson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 25. október 1982, en ágrip máls barst Hæstarétti 21. desember s. á.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds í málinu og sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti, verði greidd út ríkissjóði.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, gekkst ákærði við því fyrir rannsóknarlögreglu að morgni 16. júlí 1981 að hafa verið „eitthvað undir áhrifum áfengis" við akstur bifreiðarinnar R 62778 kvöldið áður. Er framburður hans reifaður í héraðsdómi, en þar lýsir hann drykkju sinni frá kl. 1830 hinn 15. júlí svo og akstursleið sinni frá Kópavogi að Bústaðavegi, þar sem bifreið hans lenti í moldarbing og staðnæmdist. Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. og 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974 við yfirheyrsluna eftir því sem skráð er í lögregluskýrslu. Yfirheyrsla þessi fór fram, eftir að ákærði hafði verið vistaður næturlangt í fangaklefa. Yfirheyrslan hefði þurft að vera ræki legri, t. d. er ekki spurt um, hvort ákærði hafi verið með einhverjum mönnum, þegar drykkjan átti að hafa farið fram, og eigi er spurt um áfengisneyslu að akstri loknum, þótt sérstakt tilefni væri til þess. Er ákærði yfirgaf bifreiðina, sá vitnið Jens Guðmundsson til ferða hans, og telur það í vætti sínu fyrir dómi, að ákærði hafi þá verið „dauðadrukkinn". Vitnið Margrét Guðmundsdóttir, er sá hann skömmu síðar, svo sem rakið er í héraðsdómi, segir í vætti sínu fyrir dómi, að það hafi ekki „séð þess merki á manninum, að hann hafi verið ölvaður . . .". Vitnið Kristján Kristjánsson ók ákærða litlu síðar, svo sem einnig er greint í héraðsdómi. Segir það vitni í vætti fyrir sakadómi, „að maðurinn hafi virst ör, en man ekki eftir, að af honum hafi verið áfengislykt. Vitnið kveðst ekki hafa séð á honum frekari einkenni, sem bent gætu til ölvunar."

II.

Engin haldbær rök eru fram komin fyrir því, að ólögmætum aðferðum hafi verið beitt af hálfu lögreglunnar til að knýja ákærða til játningar hinn 16. júlí 1981.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, fær skýrsla ákærða fyrir rannsóknarlögreglu 16. júlí 1981 eigi stoð í vætti þeirra Margrétar Guðmundsdóttur og Kristjáns Kristjánssonar, er sáu hann, rétt eftir að akstri lauk, og töldu hann ekki ölvaðan. Gegn

vætti þeirra stendur vætti Jens Guðmundssonar, en hann sá ákærða úr nokkurri fjarlægð.

Ákærði hvarf frá játningu sinni í framburði 16. júlí 1981, í skýrslum fyrir rannsóknarlögreglu 12. janúar 1982 og í sakadómi Reykjavíkur 16. mars s. á., svo sem greint er í héraðsdómi. Í hinum breytta framburði kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis, fyrr en eftir að hann lauk akstri bifreiðarinnar. Skýrði hann frá áfengisneyslu sinni á Laugardalsvelli á greindum tíma og kvað áfengisáhrifin stafa einvörðungu af þeirri drykkju.

Þegar gögn máls eru virt heildstætt, þykja ekki alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur í umrætt skipti, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, en blóðsýni og könnun þess geta eigi verið úrslitagögn í málinu. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds um refsingu og ökuleyfissviptingu vegna brots á 2. mgr. sbr. 3. mgr. (upphaflega 4. mgr.) 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

III.

Ákærði er enn fremur sakaður um að hafa ekið framangreindri bifreið í umrætt sinn „svo óvarlega á Bústaðavegi, að bifreiðin lenti upp á moldarbing og síðan út af vegi." Rannsókn máls um þetta ákæruefni er eigi jafnrækileg og skyldi, uppdráttur af vettvangi, er sýni aðstæður og verksummerki, hefur eigi verið lagður fram, og eigi er við ljósmyndir að styðjast. Enn er þess að geta, að taka hefði átt ítarlegri skýrslur af ákærða um þetta ákæruatriði.

Atvik að útafakstri ákærða eru óljós samkvæmt sakargögnum, og ber því að sýkna hann af framangreindum ákæruþætti, en brot skv. honum taldi ákæruvaldið varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt þessu er ákærði dæmdur sýkn saka af kröfum ákæruvalds í máli þessu, og ber að leggja allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Egill Ragnars Guðjohnsen, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 16. júní, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 225/1982: Ákæruvaldið gegn Agli Ragnars Guðjóhnsen, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæru frá 11. febrúar sl. gegn Agli Guðjóhnsen nema, Tunguseli 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. júní 1955, fyrir að aka að kvöldi miðvikudagsins 15. júlí 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 62778 frá Birkigrund 21 í Kópavogi áleiðis á Laugardalsvöll og aka svo óvarlega á Bústaðavegi, að bifreiðin lenti upp á moldarbing og síðan út af vegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í skýrslu Jóns Otta Gíslasonar lögreglumanns, segir, að kl. 2120 miðvikudaginn 15. júlí sl. hafi lögreglunni verið tilkynnt, að bifreið hefði verið ekið út af gengt Bústaðakirkju. Á vettvangi tjáði tilkynnandi, Jens Guðmundsson, lögreglunni, að blárri Fiat bifreið hefði verið ekið með „ofsahraða" austur Bústaðaveg, upp á moldarbing, yfir hann og síðan hefði bifreiðin fest í mold skammt frá bingnum. Haft er eftir Jens, að ungur maður í rauðri peysu hafi verið einn í bifreiðinni, sem hefði komið slagandi frá henni, síðan hljóp hann og fór úr peysunni. Maðurinn hefði hlaupið inn í kjallara hússins nr. 7 við Seljaland. Lögreglumennirnir hittu þar fyrir Margréti Guðjónsdóttur. Hún tjáði þeim, að „skömmu áður" hefði ungur maður, henni ókunnugur, spurt eftir eiginmanni hennar, sem var að heiman. Í skýrslunni er haft eftir Margréti, að hún hafi fundið áfengislykt af manninum og hann hefði verið æstur. Fékk hann að hringja á leigubifreið og fór með henni. Viðkomandi leigubifreiðarstjóri, Kristján Kristjánsson, tjáði lögreglunni, að hann hefði skilið við farþega sinn í Ármúla og hefði maðurinn gengið austur þá götu. Lögreglan leitaði mannsins án árangurs.

Á vettvangi var bifreiðin R 62778, og var megn áfengislykt í henni. Er lögreglan var með aðstoð kranabifreiðar að vinna við að koma bifreiðinni upp á veginn, bar þar að ákærða í leigubifreið, og kvaðst hann vera eigandi bifreiðarinnar. Í skýrslunni segir, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður,

sterkur áfengisþefur af andardrætti, augu hans vot og rauð og jafnvægi óstöðugt. Ákærði var færður til yfirheyrslu á lögreglustöðina. Þá kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni, síðan farið á Laugardalsvöllinn, þegið þar áfengi hjá kunningjum og síðan farið aftur á Bústaðaveg. Ákærði neitaði að hafa drukkið áfengi fyrir akstur og á meðan á akstri stóð. Ákærði var síðan færður til blóðtöku og að því loknu í fangageymslu. Í blóðsýni ákærða reyndist magn alkóhóls vera 1.40‰

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar 3. september sl. skýrði Jens Guðmundsson iðnverkamaður, Austurbrún 2 hér í borg, fæddur 26. júní 1945, svo frá, að hann hefði verið að vinna við hús nr. 98 við Tunguveg, er hann sá, að bifreiðinni R 62778 var ekið á mikilli ferð austur Bústaðaveg. Sér hafi virst, að ökumaðurinn missti stjórn á bílnum og ekið utan í vegbrún, og lauk akstrinum í moldarbing utan vegar. Ökumaðurinn hljóp að Bústaðakirkju, þá suður fyrir Bústaðaveg að vinnuskúr. Þar fór hann úr peysu og hljóp síðan að Seljalandi 7 og inn í það hús. Vitnið beið við bifreiðina R 62778, þar til lögreglan kom. „Skömmu síðar" kom ökumaðurinn í leigubifreið. Þá var hann „drukkinn" og með öllflösku í hendi. Ökumaðurinn sagði orðrétt: „ Hvað eruð þið að gera við bílinn minn, ég var ekki fullur, þegar ég lagði honum hér." Vitnið kvaðst í "millitíðinni" hafa farið með lögreglumönnunum að leita ökumannsins, en það var árangurslaust.

Jens skýrði svo frá í dóminum, að á umræddum tíma hefðu farið fram jarðvegsskipti sunnan Bústaðavegar vegna væntanlegs túns. Þarna hafi því verið malarbingur fyrir innan kantsteinana að sunnanverðu. Bifreiðinni var ekið á „gífurlegri ferð" og hjól bifreiðarinnar öðrum megin hefðu farið upp á kantsteinana, utan í malarbing, síðan aftur út á Bústaðaveg og loks aftur upp á steinana og hafnaði að lokum í moldarflagi fyrir austan binginn. Framangreint sá vitnið, er það var uppi á húsinu Tunguvegi 98 og var að mála þakskeggið. Bifreiðin var vart stöðvuð, er maður stökk út úr bifreiðinni, hljóp við fót að vinnuskúr og þar úr peysu. Er maðurinn gekk frá vinnuskúrnum, sá vitnið, að maðurinn slagaði, og sagði vitnið, „að ekki hafi farið á milli mála, að maðurinn var dauðadrukkinn." Maðurinn fór inn í Seljaland 7. Ekki kvaðst vitnið sjálft hafa hringt í lögregluna, heldur fólk í næsta húsi, sem statt var í húsagarðinum og mun hafa séð eitthvað af atburðinum eða rokið út, er það heyrði lætin. Ekki hafði vitnið nafn á þessu fólki, en taldi það hafa verið í húsi nr. 96. Í viðkomandi raðhúsalengju eru húsin nr. 84—100. 5—10 mínútur liðu, þar til lögreglan kom. Vitnið fór með henni að Seljalandi 7, Hollywood, Hótel Esju, Múlacafé og til baka. Er vitnið var rétt komið aftur upp á þakskeggið, kom maðurinn aftur á leigubifreið. Ekki gat vitnið sagt um, hve langur tími leið á milli þess, að hann sá manninn aka á malarbinginn og þar til hann kom

aftur, en giskaði á tæpa klukkustund. Er maðurinn kom aftur, var lögreglan að láta færa bifreið hans.

Vitnið Margrét Guðjónsdóttir íþróttakennari, Seljalandi 7, fædd 29. ágúst 1955 á Akranesi, kvaðst við lögreglurannsókn 15. október sl. hafa verið ein heima, er maður, sem hún hefði aldrei séð fyrr, knúði hjá henni dyra og spurði um eiginmann hennar. Maðurinn var „mjög æstur" og óskaði eftir að fá síma, eftir að honum var tjáð, að húsbóndinn væri eigi heima. Manninum dvaldist við símann í um 5 mínútur og fylgdist vitnið ekki með, hvert hann hringdi. Maðurinn þakkaði síðan fyrir sig og fór. Ekki sá vitnið til ferða mannsins, eftir að hann fór. Vitnið gat eigi sagt um, hvort hann var ölvaður, en hann var æstur. Vitnið kvaðst eigi hafa séð manninn eftir atburðinn.

Í dóminum kannaðist vitnið Margrét ekki við að hafa í fyrstu neitað aðspurð af lögreglunni, að til hennar hefði leitað maður. Vitnið kvaðst eigi hafa séð þennan mann fyrr en síðar, en hann hefði haft orð á, að hann kannaðist við eiginmann vitnisins. Vitnið kvaðst eigi hafa séð þess merki á manninum, að hann væri ölvaður, en hann hefði verið móður, eins og hann væri nýbúinn að hlaupa. Eftir að maðurinn hringdi, þakkaði hann fyrir sig og fór. Ekki vissi vitnið, að maðurinn fór á leigubifreið.

Vitnið Kristján Kristjánsson leigubifreiðarstjóri, Álftamýri 22, fæddur 4. október 1918, bar við lögreglurannsókn 15. október sl., að hann hefði verið staddur með bifreið sína við „staur" í Réttarholti, er honum bárust boð frá talstöð Bæjarleiða að fara að Seljalandi 7. Þar beið vitnið „smástund". Þá kom út úr húsinu frekar hár og grannur ungur maður. Settist hann í frmasætið og virtist vitninu hann vera í uppnámi, þ. e. „mikil ferð hafi verið á manninum og eins og hann væri að flýta sér". Vitninu virtist maðurinn „eitthvað ölvaður". Maðurinn óskaði eftir akstri að veitingahúsinu Hollywood, en við póstgíróhúsið í Ármúla óskaði hann eftir, að bifreiðin væri stöðvuð, og yfirgaf hana. Í dóminum hefur vitnið skýrt frá á svipaðan hátt. Sér hafi virst farþeginn vera ör, en mundi ekki eftir, hvort af honum hafi verið áfengislykt. Vitnið kvaðst ekki hafa séð á honum frekari einkenni, sem bent gætu til ölvunar, en vera kunni, að það hefði tekið þannig til orða hjá lögreglunni, að maðurinn hafi virst eitthvað ölvaður, því hann var ör.

Í vottorði frá bifreiðastöðinni Bæjarleiðum, sem fylgdi skjölum málsins, er „staðfest", að þann 15. júlí 1981, kl. 2130, hafi afgreiðsla bifreiðastöðvarinnar sent bíl samkvæmt kvaðningu að Seljabraut 7. Þessi tímasetning kemur ekki heim og saman við aðrar tímasetningar í gögnum málsins.

Vitnið Þórhallur Björnsson viðskiptafræðingur, Írabakka 20 hér í borg, fæddur 6. desember 1953 í Reykjavík, hefur í dóminum skýrt svo frá, að hann hafi hitt ákærða á Laugardalsvelli þann dag, sem hér skiptir máli.

Vitnið kvaðst oft fara á völlinn og stundum með ákærða. Umrætt sinn var dálítið sérstakt, þar sem dóttir vitnisins var með því, en slíkt væri ekki venjulegt. Einnig sagði vitnið, að ákærði hefði talað við sig, eftir að málið kom upp. Er vitnið hitti ákærða á vellinum, var hann með ölflösku, og fann vitnið af honum áfengislykt. Þar sem vitnið var með barnið, ræddi það lítið við hann. Vitnið vissi ekkert um ferðir ákærða fyrir eða eftir mót þeirra á vellinum. Vitnið sagði þá hafa hist í seinni hálfleik og hafi eitthvað verið liðið á hann.

Vitnið Magnús Theódórsson tölvutæknir, Jörvabakka 2, fæddur 16. apríl 1949 í Reykjavði, sagði í dóminum, að 15. júlí sl. væri sér ekkert minnisstæður. Vitnið mundi þó, að það var þá á Laugardalsvelli, vegna þess að 1—2 vikum síðar hringdi ákærði og spurði, hvort það myndi eftir að hafa hitt hann þar þá og hvort vitnið hefði séð á sér áfengisáhrif. Vitnið kvaðst hafa svarað fyrri spurningunni játandi, en þeirri seinni neitandi, enda hefði það ekki séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið taldi, að þeir hefðu hist í upphafi leiks og skifst á nokkrum orðum. Vitnið sá ekki flösku hjá ákærða og sá ekki á honum áfengisáhrif. Ekki gat vitnið fullyrt með neinni vissu, hvenær á leiktímanum það hitti ákærða. Ákærði var þá einn.

Vitnið Smári Kristjánsson atvinnurekandi, Nesvegi 59, fæddur 26. maí 1947 í Reykjavík, bar í dóminum, að það hefði hitt ákærða á Laugardalsvelli að kvöldi hins 15. júlí sl. Ákærði var þá eitthvað undir áfengisáhrifum og með ölflösku. Vegna kunningsskapar við hann ók vitnið ákærða samkvæmt ósk að söluskála við Bústaðaveg. Ekki mundi vitnið fyrir víst, hvort ákærði hafði á orði, hvaða erindi hann átti á Bústaðaveginn. Ekki fylgdist vitnið með ferðum ákærða, eftir að hann yfirgaf bílinn.

Við lögregluannsókn 4. september sl. bar vitnið Guðmundur Rúnar Ásmundsson leigubifreiðarstjóri, Bústaðavegi 71, Reykjavík, fæddur 2. nóvember 1957 í Reykjavík, að hann hefði verið „pantaður" frá stöðinni og beðinn að koma að „Ingaskýli" á mótum Bústaðavegar og Stjörnugrófar. Þar kom í bifreiðina ölvaður maður með ölflösku í hendi. Ekki vissi vitnið um innihald hennar. Maðurinn óskaði eftir, að sér yrði ekið vestur á Bústaðaveg, þar sem hann ætti bifreið. Maðurinn tjáði vitninu, að hann hefði skömmu áður komið á bifreið sinni, en hún hefði bilað og hann hefði þurft að ýta henni utan vegar. Þegar komið var að bifreið farþegans, var lögreglan þar fyrir og handtók manninn.

Í dóminum kvaðst vitnið Guðmundur Rúnar hafa verið statt með bifreið sína í stæði stöðvarinnar á mótum Háaleitisbrautar og Hvassaleitis, er beðið var um bíl að söluskála við Stjörnugróf. Bifreið vitnisins var fremst í biðröðinni, og ók það rakleitt á staðinn. Þar kom í bifreiðina ungur maður, með ölflösku, sem var bersýnilega ölvaður. Pilturinn bað um akstur að bifreið, sem var neðan við Ásgarð. Þar var lögreglan fyrir.

Í vottorði frá Bifreiðastöð Reykjavíkur segir, að kl. 2125 hinn 15. júlí sl. hafi vitnið verið sent á bifreiðinni R 753 að „sjoppunni" við Bústaðaveg.

Við lögregluranns óknina 17. nóvember sl. skýrði vitnið Jón Otti Gíslason lögreglumaður svo frá:

„Mætti segir, að eftir að hann kom á vettvang, þá hafi hann strax farið að Seljalandi 7 ásamt lögregluþjóni nr. 207. Mætti kveðst hafa hringt þar dyrabjöllum eftir að hafa gengið úr skugga um það á fyrstu hæð, að ökumaður var ekki þar. Þá kveðst mætti hafa farið á aðra hæð hússins. Þar hafi komið til dyra ung kona. Kona þessi hafi í fyrstu ekki kannast við, að þangað hafi neinn komið. Mætti kveðst þá hafa ítrekað spurningu og þá hafi konan viðurkennt, að þá skömmu áður hafi komið til sín maður og hafi sá beðið um síma. Mætti segir, að konan hafi einnig sagt, að maður þessi hafi spurt um eiginmann konunnar, en hún þá sagt honum, að hann væri við vinnu. Mætti segir, að konan hafi þá sagt þeim, að maður þessi hafi hringt í leigubíl og síðan farið úr húsinu. Mætti kveðst hafa lýst manninum fyrir konunni, og eftir að hann gerði það, þá hafi hún kannast við, að þetta skeði. Mætti segir, að konan hafi tekið fram við mætta, að maður þessi hafi verið mjög æstur að sjá, einnig kvaðst hún hafa fundið áfengislykt af honum.

Mætti kveðst þá hafa haft sambandi við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og beðið um, að kannað væri hjá leigubifreiðastöðvum um leigubíl að Seljalandi 7. Þeir hafi síðan fengið uppgefið, að bíll frá Bæjarleiðum hafi þá skömmu áður tekið farþega við Seljaland 7.

Mætti vill taka fram, að þá er hann var að tala við konu þá, sem áður greinir, þá hafi hún hringt í eiginmann sinn til að kanna, hvort maður sá, sem kom á heimili mættu, hafi komið þangað. Mætti segir, að konan hafi ekki náð sambandi við eiginmann.

Mætti kveðst síðan hafa haldið ásamt tilkynnanda Jens og þeir hafi farið á Hótel Esju, einnig Hollywood til að grennslast þar um ætlaðan ökumann. Þeir hafi einskis orðið vísari og þá haldið aftur á Bústaðaveg.

Mætti segir, að þá skömmu síðar hafi eigandi R 62778 komið í leigubifreið á staðinn. Mætti segir, að maður þessi hafi verið áberandi ölvaður og jafnframt tilkynnt þeim, að hann væri eigandi að bifreiðinni. Mætti kveðst þá hafa spurt mann þennan um veru bílsins á staðnum. Eigandi hafi þá sagt þeim, að hann hafi lagt bifreiðinni þarna þá skömmu áður, og áður en ég datt í það.

Mætti lýsir manni þessum þannig: Skolhærður, frekar hár vexti, klæddur í vinnuföt, nánar málningargalla, og í rauðri peysu og að rangan hafi snúið út, eða eins og farið hafi verið í peysuna í flýti.

Aðspurður um, hversu langur tími hafi liðið, frá því að mætti kom fyrst

á staðinn og þangað til ökumaður kom, segir mætti, að mjög skammur tími hafi liðið. Nánar spurður segir mætti, að það hafi verið í mesta lagi 20 mínútur, sem liðu.

Mætti tekur fram, að lýsing sú, sem tilkynnandi Jens gaf mætta á ökumanni, hafi verið á sama veg og maður sá, sem kom að bifreiðinni, eins og áður greinir, mætti segir, að Jens hafi tekið fram, að maðurinn hafi verið í rauðri peysu, þá er hann hljóp frá bifreiðinni, en klætt sig úr peysunni á hlaupunum.

Mætti segir, að þá er flytja átti ökumann í Slysadeild til töku á blóðsýni, þá hafi maðurinn ætlað að hlaupa frá þeim, hann hafi þá verið færður í handjárn."

Jón Otti bar í dóminum, að lögreglumennirnir hafi verið staddir í bifreið austarlega á Suðurlandsbraut, sennilega nálægt Grensásvegi, er tilkynningin barst. Þeir óku rakleitt á vettvang og höfðu uppi hljóð- og ljósmerki. Umferð hafi verið lítil og bjart, þannig að greiðlega gekk að komast á vettvang. Tók það aðeins nokkrar mínútur. Vitnið taldi, að í mesta lagi hefðu liðið 20—25 mínútur, frá því að þeir komu fyrst að bifreið ákærða og þar til hann sjálfan bar að í leigubifreið.

Sveinn Guðmundsson lögreglumaður, fæddur 4. ágúst 1958, var umrætt sinn í lögreglubifreiðinni með vitninu Jóni Otta. Við lögregluramnsókn 21. október sl. skýrði hann svo frá:

„Þeir hafi verið staddir á Suðurlandsbraut. Mætti segir, að tilkynningin hafi verið á þá leið, að bláum Fiat væri nú ekið eftir Bústaðavegi og að ökumaður væri sennilega ölvaður. Mætti segir, að þeir hafi þegar haldið á vettvang og ekið með rauð aðvörunarljós og gefið jafnframt hljóðmerki.

Mætti segir, að þá er þeir komu á staðinn, þá hafi þeir þar hitt mann, sem kvaðst vera tilkynnandi að atburði þessum. Mætti segir, að tilkynnandi hafi sagt þeim, að maður sá, sem hafi ekið bifreiðinni, hafi hlaupið inn í húsið nr. 7 við Seljaland. Mætti segir, að þeir lögregluþjónarnir hafi þegar farið að nefndu húsi. Þeir hafi þar farið í allar íbúðir, en í fyrstu hafi þeir ekki hitt á neinn, sem kannaðist við, að þangað hafi komið maður þá skömmu áður. Mætti segir, að þá er þeir voru að ræða við íbúa á annarri hæð til vinstri, þá hafi sá, en að það sé stúlka (sic). Mætti segir, að íbúi þessi hafi í fyrstu sagt, að hún kannaðist ekki við, að þangað hafi neinn komið. Síðan ítrekað spurð þá hafi íbúinn viðurkennt, að þangað hafi þá skömmu áður komið maður, sem íbúinn hafi lýst þannig, að sá hefði verið æstur og sennilega ölvaður, sá hefði beðið um síma. Hann hafi síðan stoppað skamma stund og farið burtu í leigubíl. Mætti kveðst þá þegar hafa farið í talstöð lögreglubifreiðarinnar og beðið um, að kallað væri í leigubifreiðarstöðvar og kannað, hvort bíll hafi þá skömmu áður komið að húsinu nr. 7 við Seljaland til að taka þar farþega. Þeir hafi síðan fengið upplýs-

ingar um, að bíll frá Bæjarleiðum hafi þá skömmu áður komið að nefndu húsi til að taka farþega.

Mætti segir, að þeir hafi síðan haldið að R 62778, þar sem að hún var utan vegar á Bústaðavegi. Þeir hafi þar aftur hitt tilkynnanda og haldið með honum í Hollywood til að svipast um eftir ökumanni. Þeir hafi einskis orðið vísari og þá haldið aftur á Bústaðaveg.

Mætti segir, að þá hafi komið þar að maður og hafi sá passað við lýsingu á ökumanni. Maður þessi, sem hafi verið áberandi ölvaður, hafi komið til mætta og spurt: „Hvað eruð þið að gera við bílinn minn?" Mætti segir, að maðurinn hafi þá verið handtekinn. Maðurinn hafi síðan verið færður fyrir varðstjóra og í framhaldi af því á Slysadeild Borgarspítalans, þar sem að honum var tekið blóð. Mætti segir, að þar hafi ökumaður reynt að hlaupa frá þeim og að þeir hafi orðið að færa hann þar í handjárn. Að þessu loknu var maðurinn færður í fangageymslu að boði varðstjóra.

Mætti vill taka fram, að allt tal mannsins hafi verið þannig, að mætti taldi víst, að maðurinn hafi þá skömmu áður ekið R 62778 og þá verið ölvaður. Þannig segir mætti, að maðurinn hafi sagt: „Blessaður vertu, ég hef nú unnið svona mál áður", eins: „Ég get alltaf sagt, að ég hafi drukkið eftir aksturinn". Þannig hafi tal hans verið storkandi við þá lögregluþjónana."

Vitnið Sveinn skýrði svo frá í dóminum, að lögreglubifreiðin hafi verið stödd á mótum Grensásvegar og Suðurlandsvegar, er tilkynning barst, og vel hafi gengið að komast á vettvang. Tilkynnandi benti lögreglumönnunum á nærliggjandi hús, sem ökumaðurinn hefði farið inn í. Síðan var kannað, hvort maðurinn hefði komið í Hollywood og Hótel Esju. Að því loknu óku þeir aftur á vettvang, en í því kom ökumaðurinn þangað á leigubifreið. Taldi vitnið, að um 15 mínútur hefðu liðið, frá því þeir komu fyrst á vettvang og þar til ökumaðurinn kom þangað. Vitnið sagði, að öll framkoma og látbragð mannsins hefði bent til þess, að hann hefði verið ölvaður, er hann ók bifreiðinni. Var hann mjög ögrandi í framkomu við lögreglumennina og hrósaði sér af því að hafa sloppið frá svona máli áður og taldi sig geta það á ný. Vitnið sagði sterka áfengislykt hafa verið í bifreiðinni, er að henni var komið. Einnig voru í henni tómar áfengisflöskur. Vitnið upplýsti, að moldarbingur sá, sem getið væri um í málsskjölum, hafi ekki verið á akbrautinni, heldur fyrir innan kantsteina, sem afmarka akbrautina. Ákærði ók fyrst bifreiðinni upp á steininn, þá upp í binginn og til hliðar yfir hann og út í moldarflag fyrir innan binginn, þar sem hann sat fastur. Dráttarbifreið þurfti til að losa bifreiðina. Vitnið taldi bifreiðina hafa verið í slæmu ástandi fyrir óhappið og eitthvað hefði hún skemmst við ákeyrsluna.

Samkvæmt „skýrslu" Bifreiðaeftirlits ríkisins var mjög margt aðfinnslu-

vert við bifreiðina. Þessi atriði voru léleg; afturljós, hemlaljós, stefnuljós og ójöfn hemlun. Eftirfarandi atriði voru talin óhæf: númerisljós, ljósastilling, hemlafetill, hjólbarðar, fjaðrabúnaður og yfirbygging.

Frumyfirheyrslu yfir ákærða annaðist Gylfi Jónsson varðstjóri. Samkvæmt skýrslu varðstjórans hófst yfirheyrslan kl. 2235. Þá var af ákærða sterkur áfengisþefur, andlit hans var þrútið, augu vot og rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður hans greinargóður. Ákærði var kurteis í framkomu og fatnaður hans snyrtilegur. Ekki ber skýrslan það með sér, að ákærða hafi verið kynnt ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Ákærði kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni R 62778 frá húsi einu í Kópavogi og hafa verið á leið á Laugardalsvöllinn. Ákærði kvaðst hafa lagt af stað á tímabilinu kl. 1800—1900. Ákærði neitaði alfarið að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, en drakk um fjórðung úr 3 pela flösku eftir akstur. Áfengið fékk ákærði hjá kunningja sínum á Laugardalsvelli.

Eftir næturdvöl í fangageymslu lögreglunnar hófst yfirheyrsla á ný yfir ákærða kl. 0920 hjá rannsóknardeild lögreglunnar. Yfirheyrsluna annaðist Magnús Guðmundur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður. Framburður ákærða er á þessa leið:

„Mætti kveðst viðurkenna að hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis við akstur greindrar bifreiðar í umrætt sinn. Mætti segir, að um ca. 18.30 verið staddur í Garðabæ. Þá kveðst mætti hafa haft viðkomu í verslun og keypt þar eins flösku af miðstærð Coca-Cola. Mætti kveðst hafa drukkið úr flöskunni um það bil ¼ og síðan fyllt hana að nýju, sem hann var áður búinn að drekka með Vodka af Finlandia vodka gerð. Mætti kveðst þá hafa haldið rakleiðis að húsi, sem er í Kópavogi og mætti kveðst vinna við utanhúsmálningu á, nánar við Birkigrund, en í Kópavogi kveðst mætti hafa verið staddur um kl. 19.00. Í Kópavogi kveðst mætti hafa keypt aftur aðra Coca-Cola af sömu stærð og hina fyrri og farið nákvæmlega eins að. Mætti kveðst síðan hafa sinnt því erindi, er hann hafi þurft að sinna við greint hús, og þá haldið áfram leið sinni. Mætti kveðst hafa verið búinn að taka þá ákvörðun að fara að sjá knattspyrnukeppni á Laugardalsvellinum og verið á leið þangað, er hann hafi ekið bifreiðinni út af á Bústaðavegi. Mætti kveðst hafa ekið eftirtaldar götu frá Birkigrund að þeim stað, er hann hafi ekið út af: Birkigrund, Kársnesbraut, Kringlumýrarbraut, Sléttuveg, Háaleitisbraut og austur Bústaðaveg. Mætti kveðst hafa verið einn í bifreiðinni, er akstur þessi átti sér stað, en mætti segir, að þar sem hann hafi ekkert verið búinn að neyta matar allan daginn, hafi áfengið svifið fljótt á hann.

Mætti segir, að eftir að hann hafi ekið bifreiðinni út fyrir veginn, hafi hann farið í hús kunningja síns og hringt á leigubifreið og farið með henni að leikvanginum í Laugardal. Þar kveðst mætti hafa séð eitthvað af seinni

hálfleik keppninnar, en síðan farið með leigubifreið að versluninni, sem er austarlega á Bústaðavegi, til að kaupa sér veitingar. Mætti kveðst hafa séð, er verið var að flytja bifreið sína á brott með dráttarbifreið, og kveðst mætti þá hafa fengið aðra leigubifreið og farið á staðinn til að kanna, hvað væri um að vera. Þá kveðst mætti hafa verið handtekinn og færður á lögreglustöðina.

Aðspurður kveðst mætti ekki geta sagt til fyllilega um, á hve miklum hraða hann hafi verið eftir Bústaðavegi, en telur sennilegt að hafa verið á um það bil 60 km hraða miðað við klst. Mætti kveðst ekki geta ekið bifreið sinni mikið hraðar vegna almenns ástands hennar."

Eins og skýrsla þessi ber með sér, verður ekki séð, að ákærði hafi við þessa yfirheyrslu verið spurður um áfengisneyslu eftir akstur, og ekki verður heldur séð, að hann hafi hreint út verið spurður um áfengisneyslu fyrir akstur. Fram kemur aðeins, að ákærði hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og hann hafi drukkið tvívegis fjórðung úr flösku af Coca-Cola gosdrykk og síðan fyllt flöskurnar á ný með vodka áfengi. Lengra nær frásögnin ekki beinlínis, þótt e. t. v. megi lesa milli línanna, að ákærði hafi drukkið úr flöskunum. Eins og á stóð, var mjög nauðsynlegt að fá þessi atriði fram skorinort.

22. september sl. neitaði ákærði að ljúka málinu með dómssátt og óskaði að breyta framburði sínum hjá lögreglunni. Skjöl málsins voru því send ríkissaksóknara 24. s. m. 30. þ. m. sendi ríkissaksóknari málið til lögreglustjóraembættisins og mælti fyrir um frekari rannsókn, eða eins og segir í bréfinu:

„Óhjákvæmilegt er, að tekin verði skýrsla af kærða á ný svo og öllum tiltækum vitnum, lögreglumönnum og öðrum, er geta borið um málsatvik."

Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá lögreglunni 12. janúar sl. samkvæmt margítrekuðum kvaðningum. Yfirheyrsluna annaðist Edvard Skúlason. Þá var komið nýtt hljóð í strokkinn, og var framburður ákærða þá á þessa leið:

„Mætti kveðst umræddan dag hafa verið við húsamálningu við Birkigrund 21, Kópavogi. Mætti kveðst þá hafa verið ákveðinn í að fara á Laugardalsvöll til að sjá þar leik. Mætti kveðst síðan hafa farið frá Birkigrund um kl. 2100 og þá verið á leið á Laugardalsvöll. Mætti kveðst þó hafa ætlað að koma við í strætisvagnabiðskýli við Bústaðaveg og kaupa þar súkkulaði. Mætti kveðst því hafa ekið Bústaðaveg í umrætt sinn. Mætti segir, að á Bústaðavegi miðjum hafi verið stór moldarbingur. Mætti kveðst ekki hafa náð að forða sér frá bing þessum í tæka tíð og ekið upp á hann, mætti kveðst við þetta hafa misst stjórnar á bílnum og hann farið utan vegar. Mætti kveðst aðspurður, þegar þetta var, ekki hafa bragðað áfengi. Mætti

kveðst eftir þetta hafa farið í hús í Fossvogi þar til að tala við kunningja sinn og fá að hringja á leigubíl. Þetta kveðst mætti hafa gert og hingt á leigubifreið frá Bæjarleiðum. Mætti kveðst hafa ekið með leigubil þessum í Ármúla, en farið úr bifreiðinni við Vörumarkaðinn. Mætti kveðst þá hafa gengið að Múlakaffi. Þar kveðst mætti hafa farið inn og fengið sér veitingar. Mætti kveðst síðan hafa gengið sem leið lá á Laugardalsvöll og þar horft á kappleik. Mætti segir, að þá er hann kom á Laugardalsvöll, hafi verið eftir af þeim kappleik u. þ. b. 20 mínútur. Mætti kveðst hafa hitt þar kunningja bróður síns, mætti kveðst ekki þekkja þá með nafni. Þessir menn hafi gefið mætta tvær blöndur af víni, og kveðst mætti hafa drukkið þetta. Mætti kveðst hafa fengið hjá þessum mönnum eina blöndu af sama víni og tekið það með sér, þá er hann yfirgaf Laugardalsvöll. Mætti segir, að frá Laugardalsvelli hafi ekið sér maður, sem sé kunningi mætta. Mætti kveðst nú aðspurður ekki muna um nafn þessa kunningja síns. Mætti kveðst þá hafa farið aftur í biðskýlið við Bústaðaveg og farið þar inn. Mætti kveðst þaðan hafa hringt í leigubifreið frá B.S.R. Mætti kveðst hafa ætlað að fara að bifreið sinni og læsa henni. Mætti kveðst síðan, er hann kom að bifreiðinni, en þá verið handtekinn af lögreglu. Mætti kveðst nú hafa skýrt satt og rétt frá í máli þessu og ekkert undan dregið, sem máli skiptir.

Mætta er nú bent á misræmi í framburði mætta og segir mætti, að hann stafi af því, að þegar fyrri skýrslan hafi verið tekin af mætta, þá hafi honum verið sagt, að ef hann játaði ekki á sig brot þetta, þá yrði hann geymdur áfram í fangageymslum lögreglunnar. Mætti kveðst því hafa valið þann kost að játa. Mætti segir því, að fyrri skýrslur af sér teknar séu því rangar. Mætta er nú bent á, að í skýrslu vitnis komi fram, að mætti hafi, þegar hann fór frá bifreiðinni í fyrra skiptið á Bústaðavegi, að þá hafi verið vínlykt af mætta, þá kveðst mætti nú vilja taka fram, að áður en hann fór frá Birkigrund, að þá kveðst mætti hafa drukkið þrjá bjóra af þeirri gerð, sem seldir eru í verslunum hér. Þetta séu ekki sterkir bjórar, Tuborg, létt öl. Mætti kveðst í umrætt sinn hafa verið klæddur í rauða peysu og gallabuxur.

Mætti kveðst marg ítrekað aðspurður ekki hafa drukkið áfengi, áður en nefndur akstur átti sér stað."

Eftir birtingu ákæru á dómþingi 16. mars sl. kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni R 62778 þá leið, sem í ákæru greinir, en neitaði að hafa þá verið undir áhrifum áfengis. Ekki væri um neina áfengisneyslu að ræða hjá ákærða fyrir akstur.

Ákærði var spurður um ósamræmið í skýrslum hans frá 16. júlí sl. og 12. janúar sl. Þá sagði hann, að lögreglumaðurinn, sem yfirheyrði hann í fyrra skiptið, hafi sagt honum, er hann kom úr fangageymslunni, ef hann

játaði, fengi hann að fara frjáls ferða sinna, en ef hann neitaði, þá yrði hann að fara í fangageymsluna aftur, þar sem frekari rannsókn þyrfti að fara fram. Ákærði tók fram, að hann hafi lent í samkynja máli áður og þá hafi honum veri haldið í fangageymslu í samtals 19 klukkutíma og hann hafi ekki viljað lenda í því aftur.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft áfengi meðferðis í bifreiðinni, en þegið áfengi hjá kunningjum á Laugardalsvelli. Um var að ræða þrjá „sjóara", sem hann hafi þekkt lauslega í gegnum bróður sinn Jakob, og einn hafi heitið Smári. Frekari upplýsingar gat ákærði ekki gefið um mennina, þótt hann hafi rætt við Jakob, sem tjáði ákærða, að hann hafi kynnst þeim, er hann var til sjós á m/s Selá, en þeir á einhverju öðru skipi. Gat Jakob engar upplýsingar gefið um þá.

Ákærði var spurður, hvers vegna hann hafi ekki farið í það að losa bifreiðina, þar sem hún var föst í moldarbingnum. Þá sagði hann, að „startarinn" hafi verið ónýtur og ekki hafi verið hægt að gangsetja bifreiðina, nema með því að láta hana renna eða með drætti. Ákærði kvaðst hafa reiknað með að hitta kunningja á vellinum, sem gætu orðið honum hjálplegir við að losa bílinn.

Ákærði bar, að seinni skýrsla sín í málinu væri rétt, en sú fyrri röng að svo miklu leyti sem hún brjóti í bága við þá seinni. Þá kvaðst ákærði vilja benda á, að samkvæmt tímasetningum leigubifreiðarstjóranna (sbr. vottorð bifreiðastöðva) hafi bifreiðin, sem ók honum í seinna skiptið, verið kölluð út kl. 2125, en bifreiðin, sem tók hann við Seljaland 7, hafi verið send frá stöðinni kl. 2130.

Ákærði sagði, að Smári Kristjánsson hafi ekið sér frá vellinum og að söluskálanum við Bústaðaveg. Ákærði hitti fleiri kunningja á vellinum, m. a. Þórhall Björnsson og Magnús Theódórsson, en talaði aðeins við þessa tvo.

Ákærði var spurður um, hvort hann hafi bent yfirheyrsluaðiljum á þessi vitni. Ákærði kvaðst hafa gert það í seinna skiptið svo og í kæru sinni.

3. f. m. voru ákærði og vitnið Magnús Guðmundur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður samprófaðir í dóminum. Þá kvaðst ákærði halda fast við fyrri framburð um, að hann hafi gefið þá skýrslu, sem vitnið tók af honum, til að losna við frekari dvöl í fangageymslu lögreglunnar, eins og honum hafi verið hótað, ef hann játaði ekki. Vitnið sagði, að skýrslutaka ákærða hafi verið gerð með eðlilegum hætti. Honum hafi verið kynnt réttarstaða sín sem grunaðs manns, bæði að því er varðaði yfirheyrsluna sjálfa og rétt til að fá réttargæslumann. Ákærði hafi viljað setja upp ákveðin skilyrði fyrir játningu um, að honum yrði sleppt að lokinni yfirheyrslu, þar sem sín reynsla hefði sýnt, að hann yrði settur inn á ný, ef hann játaði ekki. Vitnið benti ákærða á, að það hefði aðeins áhuga á að fá fram það,

sem raunverulega hefði skeð kvöldið áður, þ. e. staðreyndir, en um samninga væri ekki að ræða.

Ákærði kvaðst um morguninn hafa borið um málavexti á sama hátt og við seinni yfirheyrslu og í dóminum. Sú skýrsla var ekki tekin til greina og honum sagt, að hann yrði settur á ný í fangageymsluna, ef hann játaði ekki að hafa verið undir áhrifum áfengis við að keyra.

Vitnið sagði, að eins og málið lá fyrir, er það fékk það til meðferðar um morguninn, hafi það verið út í bláinn, að það hafi getað fullyrt, að ákærði hafi ekið umrætt sinn. Vitnið kvaðst aðeins hafa getað metið málið eftir frumgögnum þess.

Vitnið bar, að það hafi ekki verið tekin nema ein skýrsla af ákærða umræddan morgun og það væri sú skýrsla, sem lægi frammi. Vitnið staðfesti skýrsluna og undirskrift sína undir henni. Vitnið kvaðst hins vegar hafa hitt ákærða á lögreglustöðinni og rætt við hann óformlega, er Edvard Skúlason yfirheyrði hann eða ákærði var að falast eftir gögnum á lögreglustöðinni. Þá hafði ákærði orð á því, að hann hefði játað af ótta við frekari innilokun, þar sem hann hefði áður í samkynja máli lent í því, en sök hans hafi þá ekki sannast.

Ákærði kvaðst ekki halda því fram, að hann hafi skrifað undir tvær skýrslur, heldur að hann hafi „fyrst sagt sannleikann og síðan það, sem hann skrifaði undir".

Vitnið kvaðst ekki muna beint eftir þessu, þótt slíkt kunni að hafa átt sér stað, því að sá framburður, sem færður hafi verið inn í skýrsluna og ákærði hafi ritað undir, hafi verið sú endanlega frásögn af staðreyndum málsins.

Þegar virtir eru framburðir Magnúsar Kjartans, Jens Guðmundssonar og Kristjáns Kristjánssonar, atvik málsins að öðru leyti, svo sem aksturslag ákærða og framkoma öll, getur dómurinn með engu móti séð, að ákærði hafi játað á sig frekari sakir en efni stóðu til, auk þess sem ekkert annað rennur stoðum undir, að hann hafi verið beittur ólögmætum þvingunum til að játa á sig brot. Ekki verður það talið ólögmæt rannsóknaraðferð að skerða frelsi grunaðs manns til að koma í veg fyrir, að hann torveldi rannsókn máls með því að hafa áhrif á vitni eða á annan hátt, sbr. meginreglu 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ekki telst því afturhvarf á játningu ákærða marktækt. Hins vegar verður niðurstaða blóðrannsóknar eigi lögð til grundvallar fullum fetum, þegar það er virt, að ákærði sagði við frumyfirheyrslu hjá Gylfa Jónssyni, að hann hafi neytt áfengis að akstri loknum, og við yfirheyrslu næsta morgun láðist að spyrja hann um slíkt, og ekki er loku fyrir það skotið, að ákæri hafi orðið sér úti um áfengi eftir akstur og áður en hann var handtekinn. Heimfæra ber því háttsemi ákærða, sem er rétt lýst í ákæru, undir 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., en ekki 4. mgr.

sömu lagagreinar, auk 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, eins og í ákæru greinir.

31. janúar 1979 undirgekkst ákærði að greiða sekt að fjárhæð 15.000 gkr. til ríkissjóðs vegna brots á 50. gr. umferðarlaga. Að öðru leyti hefur hann eigi sætt refsingum.

Refsing ákærða telst með vísan til 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 2.000.00 krónur til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða með úrskurði lögreglustjóraembættisins frá 30. júlí sl., sem birtur var eigi fyrr en 2. september sl. 24. s. m. kærði ákærði úrskurðinn með bréfi til dómsins. Með úrskurði, uppkveðnum 16. október sl., var ákvörðun lögreglustjórans staðfest. Úrskurðurinn var birtur 19. s. m. Ekki þykja vera efni til, að ákærði sæti frekari ökuréttindasviptingu, og fellur bráðabirgðasvipting niður með dómi þessum.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Dómsorð:

Ákærði, Egill Ragnars Guðjohnsen, greiði 2.000.00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfissvipting, og fellur bráðabirgðaökuréttindasvipting frá 2. september 1981 úr gildi.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Föstudaginn 29. apríl 1983.

Nr. 144/1982. **Ómar Haffjörð Harðarson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Páli Breiðdal Samúelssyni og
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)
Einari Ingimundarsyni,
bæjarfógeta í Garðakaupstað
(enginn).

Uppboð. Veðskuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. júlí 1982. Hann gerir þær dómkröfur á hendur stefnda Páli, að hið umbeðna uppboð á fasteigninni nr. 24 við Hæðarbyggð í Garðakaupstað nái fram að ganga til lúkningar uppboðskröfunum, 150.000.00 krónum ásamt 20% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. september 1980 til 1. september 1981, 4.5% dráttarvöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði af 180.000.00 krónum frá þeim degi til 20. apríl 1982, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, innheimtukostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, 257.00 krónum fyrir ritun uppboðsbeiðni auk alls kostnaðar við uppboðið, en allt að frádregnum 8.360.00 krónum, er greiddar voru 15. september 1981, 81.720.00 krónum, sem greiddar voru 26. nóvember 1982, og 70.000.00 krónum, sem greiddar voru 1. september 1982. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndi Páll verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi krefst sýknu af uppboðskostnaðarkröfu stefnda Einars Ingimundarsonar, bæjarfógeta í Garðakaupstað.

Stefndi Páll krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Af hálfu stefnda bæjarfógetans í Garðakaupstað hefur ekki verið sótt þing í málinu fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti hafði áfrýjandi sett handhafaveðskuldabréf það, sem um er fjallað í máli þessu, til innheimtu í útibú Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði. Er greiða skyldi fyrstu afborgun og vexti af skuldabréfinu 1. september 1981, urðu þau mistök af hálfu útibúsins, að stefndi var aðeins krafinn um hluta greiðslunnar, sem hann innti síðan af hendi. Ekki er ástæða til að ætla, að hann hafi skort vilja eða getu til að greiða hina gjaldföllnu fjárhæð. Verður því ekki talið, að áfrýjandi hafi að svo komnu getað krafið stefnda um greiðslu á öllum eftirstöðvum skuldabréfsins auk vaxta.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar að synja um framgang uppboðsins.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 20.000.00 krónur.

Ekki voru efni til að úrskurða um greiðslu uppboðskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda í hinum áfrýjaða úrskurði, þar sem skorið var úr ágreiningi uppboðsbeiðanda og uppboðsþola.

Dómsorð:

Synjað er um framgang hins umbeðna uppboðs.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir uppboðsrétti.

Áfrýjandi, Ómar Haffjörð Harðarson, greiði stefnda Páli Breiðdal Samúelssyni 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Garðakaupstaðar 11. júní 1982.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 24. maí sl. að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, hefur uppboðsbeiðandi, Ómar Haffjörð Harðarson, Brúarflöt 3, Garðakaupstað, gert þær kröfur, að seld verði á nauðungaruppboði fasteignin nr. 24 við Hæðarbyggð, Garðakaupstað, þingl. eign uppboðsþola, Páls Breiðdal Samúelssonar, Hæðarbyggð 24, Garðakaupstað, til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, útg. 27. nóv. 1980 af uppboðsþola, að fjárhæð kr. 150.000.00 (nýjar krónur) ásamt 20% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. sept. 1980 til 1. sept. 1981, en með 4½ dráttarvöxtum á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði af kr. 180.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, innheimtulaun-

um samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 257.00 fyrir ritun uppboðsbeiðni auk alls kostnaðar við uppboðið, en allt að frádregnum kr. 8.000.00, er greiddar voru þann 1. sept. (á að vera 15. sept.) 1981, og kr. 81.720.00, sem greiddar voru með „deponeringu" þann 26. nóv. 1981.

Í greinargerð hefur umboðsmaður uppboðsbeiðanda áréttað framangreinda kröfugerð og einni ggert þá kröfu, að uppboðsþola verði gert að greiða umbjóðanda hans (uppboðsbeiðanda) málskostnað að skaðlausu.

Kröfur umboðsmanns uppboðsþola eru þær, að synjað verði um framgang uppboðs á eign umbjóðanda hans (uppboðsþola), Hæðarbyggð 24, Garðakaupstað, og að uppboðsbeiðanda verði gert að greiða uppboðsþola málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir sem nú verður greint:

Þann 27. nóv. 1980 gaf uppboðsþoli, Páll B. Samúelsson, út skuldabréf það, sem mál þetta er risið af, til handhafa, að fjárh. kr. 15.000.000 gamlar, og skyldi það greiðast með þremur jöfnum árlegum afborgunum með gjalddögum 1. sept. ár hvert, í fyrsta sinn 1. sept. 1981. Bréfið bar 20% ársvexti, sem greiðast skyldu á sömu gjalddögum og afborganir. Skuldabréf þetta var gefið út vegna kaupa uppboðsþola á húseigninni nr. 24 við Hæðarbyggð, Garðakaupstað, af uppboðsbeiðanda, og var áðurnefnd húseign að veði fyrir skuldinni samkvæmt skuldabréfinu. Bréfið fékk uppboðsbeiðandi í hendur og kom því til innheimtu í útibú Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði. Uppboðsþoli fékk, væntanlega áður en greiða skyldi í fyrsta sinn afborgun og vexti af umræddu skuldabréfi, tilkynningu frá Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði um fyrsta gjalddaga bréfsins og að það væri til innheimtu í bankanum, en þau mistök urðu hjá bankanum, að samkvæmt tilkynningunni til uppboðsþola var krafan aðeins sögð 1/10 hluti þess, sem rétt var, þ. e. að afborgun af bréfinu var sögð kr. 5.000.00 í stað 50.000.00 kr. og gjaldfallnir vextir kr. 3.000.00 í stað kr. 30.000.00. Uppboðsþoli, sem er forstjóri og aðaleigandi Toyotaumboðsins h/f í Kópavogi, fól síðan gjaldkera fyrirtækisins að greiða kröfuna samkvæmt áðurnefndri tilkynningu bankans, og gerði hann það þann 15. sept. 1981 með kr. 8.360.00. þ. e. afborgun kr. 5.000.00, vextir kr. 3.000.00 og dráttarvextir kr. 360.00. Uppboðsþoli kveðst ekki hafa gaumgæft nefnda tilkynningu bankans, þegar hún barst, enda kveðst hann ekki einu sinni vera viss um, að hann hafi þá verið hér á landi, en segir sér hins vegar hafa verið ljóst, þegar margnefnt skuldabréf var gefið út, að fyrsta greiðsla afborgana og vaxta af því væri samtals kr. 80.000.00. Hann telur hins vegar, að það hafi eitthvað ruglað sig í sambandi við fyrstu greiðslur af bréfinu, að dráttur hafi orðið á afhendingu afsals fyrir hinni seldu eign, þ. e. húseigninni nr. 24 við Hæðarbyggð, Garðakaupstað, og hafi það orðið til þess, að uppboðsþoli setti fyrsta gjalddaga bréfsins í sambandi við októbermánuð, en í þeim

mánuði hafi afsal fyrir húseigninni verið gefið út. Uppboðsþoli kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir þessum mistökum, fyrr en hann fékk kröfubréf frá lögfræðingi uppboðsbeiðanda, Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni, dags. 24. nóv. 1981, þar sem honum er tilkynnt um gjaldfellingu á skuldabréfinu og hann jafnframt krafinn um greiðslu á eftistöðvum skuldarinnar samkvæmt bréfinu, kr. 145.000.00, eftirstöðvum vaxta, kr. 27.000.00, dráttarvöxtum, kr. 23.220.00, og innheimtukostnaði, kr. 10.875.00, eða samtals kr. 206.095.00, og var honum (uppboðsþola) í bréfi þessu settur frestur til 1. des. 1981 til að greiða kröfu þessa. Bréf þetta mun hafa borist uppboðsþola síðdegis þann 25. nóv. 1981. Kannaði hann þá, hvernig í máli þesu lægi, og hafði samband við forstöðumann útibús Útvegsbankans í Hafnarfirði, Gunnar Gunnarsson, sem tjáði honum, að uppboðsbeiðandi hefði þá fáum dögum áður komið í bankann og gert athugasemdir við innheimtu innheimtuaðiljans, þ. e. bankans, á umræddu skuldabréfi. Hafi honum, þ. e. uppboðsbeiðanda, verið tjáð, að þessu skyldi bankinn kippa í lag tafarlaust, en hann hafi ekki verið fáanlegur til að samþykkja það og krafist þess að fá skuldabréfið afhent. Næsta dag, þ. e. 26. nóv. sl., „deponeraði" uppboðsþoli í Landsbanka Íslands þeim kr. 72.000.00, sem vangreiddar voru af skuldabréfinu, auk 4½% vanskilavaxta af þeirri fjárhæð í 3 mánuði, kr. 9.720.00, eða samtals 81.720.00. Kvittun fyrir greiðslu þessari sendi uppboðsþoli lögmanni uppboðsbeiðanda, Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni, í hraðbréfi sama dag. Í bréfi, sem fylgdi kvittuninni, rakti uppboðsþoli í stuttu máli aðdraganda þeirra mistaka, sem orðin voru í sambandi við greiðslu á afborgun og vöxtum af skuldabréfi því, sem hér ræðir um, svo sem lýst hefur verið hér að framan, og tók síðan fram, að hann teldi sig nú að fullu hafa staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt bréfinu. Mótmælti hann síðan alfarið réttmæti gjaldfellingar skuldabréfsins og greiðslu innheimtukostnaðar, enda væru mistök þau, sem leiddu til þess, að greiðslan væri síðbúin, algerlega á ábyrgð skuldareiganda (uppboðsbeiðanda) og af hans hálfu, þ. e. uppboðsþola, hefði hvorki skort vilja né getu til að greiða skuldina. Með bréfi, dags. 3. des. 1981, tilkynnti lögmaður uppboðsbeiðanda uppboðsþola, að hann teldi áðurnefnda greiðslu ekki fullnægjandi, þar eð innheimtukostnaður hefði ekki verið greiddur, sbr. áðurnefnt kröfubréf til uppboðsþola, dags. 24. nóv. 1981, og hefði hann beðið um uppboð á hinni veðsettu eign til lúkningar kröfu umbjóðanda síns. Uppboðsbeiðnin er dagsett þann sama dag (3. des. 1981) og stíluð til bæjarfógetans í Garðakaupstað. Þegar mál þetta var þingfest þann 12. mars 1982, mætti af hálfu uppboðsbeiðanda Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður og krafðist þess, að sala á eigninni færi fram, en af hálfu uppboðsþola mætti Björn Jónsson héraðsdómslögmaður vegna Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns. Mót-

mælti hann framgangi uppboðsins, þar sem krafa sú, sem uppboðsbeiðnin byggðist á, væri í skilum og skilyrði til gjaldfellingar á skuldabréfi því, sem hér ræðir um, væru ekki fyrir hendi. Lögmaður uppboðsbeiðanda hélt fast við kröfu sína um framgang uppboðsins og krafðist úrskurðar um ágreiningsefnið. Var mál þetta síðan rekið fyrir uppboðsrétti með venjulegum hætti og var tekið til úrskurðar þann 24. maí sl., svo sem áður segir.

Þess skal getið, að þann 30. des. 1981 hóf lögmaður uppboðsbeiðanda hina „deponeruðu" fjárhæð, sem áður getur, sem greiðslu upp í uppboðskröfuna með eftirfarandi fyrirvara: „Móttekið með þeim fyrirvara, að allar eftirstöðvar bréfsins eru ógreiddar og gjaldfallnar svo og vextir og kostnaður, enda uppboðsmál vegna eftirstöðvanna rekið fyrir uppboðsrétti Garðakaupstaðar".

Þess skal einnig getið, að lagt hefur verið fram í máli þessu yfirlit um stöðu hlaupareiknings uppboðsbeiðanda við útibú Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði, dags. 22. september 1981. Samkvæmt yfirlitinu hefur verið lagt inn á hlaupareikninginn kr. 8.305.10 þann 15. sept. 1981, sem er fjárhæð sú, sem uppboðsþoli greiddi eða lét greiða þann dag sem afborgun og vexti af umræddu skuldabréfi samkvæmt tilkynningu innheimtuaðiljans, Útvegsbanka Íslands, þar um. Við rekstur málsins hefur uppboðsbeiðandi verið um það spurður, hvenær honum hafi borist yfirlit það um stöðu hlaupareiknings hans, sem áður er getið, sbr. réttarskj. nr. 16 í máli þessu, en hann kveðst ekki hafa athugað, hver staða hans væri við bankann fyrr en alllöngu síðar (þ. e. væntanlega alllöngu eftir að honum barst yfirlitið), og giskar hann á, að það hafi ekki verið fyrr en í nóvembermánuði sl., eða stuttu áður en hann tók skuldabréfið úr vörslu bankans. Í þeim sama mánuði segir uppboðsbeiðandi, Gunnar Gunnarsson, útibússtjóra Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði hafa símað til hans (þ. e. uppboðsbeiðanda) og skýrt honum frá þeim mistökum, sem orðið höfðu í sambandi við tilkynningu bankans til skuldara (uppboðsþola) um greiðslu afborgunar og vaxta af skuldabréfinu og í framhaldi af því greiðslu uppboðsþola á afborgun og vöxtum af bréfinu. Að sögn Gunnars Gunnarssonar útibússtjóra hafði Útvegsbanki Íslands í Hafnarfirði skuldabréfið, sem hér um ræðir, sem tryggingu vegna viðskipta bankans við eiganda bréfsins, þ. e. uppboðsbeiðanda, og kveðst Gunnar hafa orðið þess var fyrir tilviljun, að mistök höfðu átt sér stað af hálfu bankans við greiðslu uppboðsþola á afborgun og vöxtum af bréfinu, þegar hann (þ. e. útibússtjórinn) var að athuga viðskipti uppboðsbeiðanda við bankann einhvern tíma í nóvember sl. Hafi hann þá þegar gert tilraun til að ná tali af uppboðsþola til að tilkynna honum um mistökin, en áður en það hafi tekist, hafði hann náð tali af uppboðsbeiðanda og skýrt honum frá margnefndum mistökum. Telur útibússtjórinn, að það hafi verið næsta dag, sem hann (þ. e. uppboðsbeiðandi)

kom í bankann og tók skuldabréfið úr innheimtu í bankanum, að undangengnu tilboði útibússtjórans um, að mistökin yrðu tafarlaust leiðrétt. Hafi uppboðsbeiðandi verið búinn að taka bréfið úr innheimtu og vörslu bankans, áður en honum (þ. e. útibússtjóranum) hafi tekist að ná tali af uppboðsþola út af máli þessu.

Kröfu sína um framgang uppboðsins rökstyður uppboðsbeiðandi með því, að uppboðsþoli hafi ekki greitt það, sem honum bar á réttum gjalddaga, og hafi bréfið því allt fallið í gjalddaga í samræmi við ákvæði þess efnis í bréfinu sjálfu. Skipti því ekki máli, þótt starfsmaður bankans hafi tekið á móti umræddum kr. 8.000.00 sem greiðslu á afborgun og vöxtum. Uppboðsþola hafi verið fullkunnugt um, hvaða fjárhæð hann hafi átt að greiða, og geti hann því ekki skotið sér á bak við þetta atferli bankastarfsmannsins. Uppboðsþoli hafi heldur enga tilburði haft í þá átt að greiða mismuninn, sem hér ræðir um, fyrr en eftir gjaldfellingu skuldabréfsins í bréfi umboðsmanns uppboðsbeiðanda, dags. 24. nóv. sl., sem áður er getið, en það hafi verið of seint, enda hafi sú greiðsla, sem þá var innt af hendi, aðeins verið greiðsla á mismun og dráttarvöxtum, en ekki greiðsla á innheimtukostnaði, sem uppboðsþola hafi borið að greiða, a. m. k. af margnefndum mismun.

Kröfu sína um synjun á framgangi uppboðsins styður uppboðsþoli þeim rökum, að þótt skuldabréfið, sem hér um ræðir, hafi að geyma tíðkanlegt ákvæði slíkra bréfa um gjaldfellingu vegna vanskila, hafi það ákvæði litla sjálfstæða þýðingu, því að þótt það væri ekki tekið upp í bréf, mundi það vera almenn regla, að vanskil leiddu til þess, að skuldareigandi gæti sagt upp skuldarsambandinu, gjaldfellt bréfið, sem kallað er, og byggist það á almennum reglum um brostnar forsendur vegna vanefnda. En það séu ekki hvers konar vanefndir, sem veiti slíkan rétt. Vanefndin verði að vera veruleg og bera vott um vilja og/eða getuleysi skuldara til að standa við skuldbindingu sína og þar með hættu á, að frekari vanskil verði, en svo sem hér standi á, sé ekki um það að ræða. Greiðslufall hafi aðeins orðið vegna mistaka innheimtuaðilja, þ. e. Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði, og hljóti skuldareigandi, en ekki skuldari, að bera ábyrgð á þeim. Telur uppboðsþoli, að þetta greiðslufall hefði ekki orðið, ef engin tilkynning um greiðsluskyldu hans hefði verið send honum og hann hefði sjálfur orðið að reikna út fjárhæðina og gefa fyrirmæli um, hvað greiða skyldi. Þá hefur uppboðsþoli bent á, að hann hafi greitt það, sem af honum var krafist í upphafi, og þegar mistökin komu í ljós, hafi hann greitt það, sem á vantaði. Hafi hann þannig á hverjum tíma greitt það allt, sem af honum var krafist með réttu. Einnig hefur uppboðsþoli í rökstuðningi sínum bent á, að með greiðslu dráttarvaxta af skuldinni, væntanlega umfram skyldu, hafi

hann haldið skuldareiganda skaðlausum. Krafan um gjaldfellingu skuldabréfsins eigi því ekki að ná fram að ganga.

Enginn ágreiningur er um það í máli þessu, að fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta af skuldabréfi því, sem um er rætt í máli þessu, hafi verið 1. sept. 1981, og ágreiningslaust er það einnig, að uppboðsþoli innti ekki af hendi greiðslur af bréfinu fyrr en 15. sept. það ár. Ekki verður þó litið svo á eftir atvikum, að sá greiðsludráttur hafi verið svo verulegur, að hann hafi einn sér helgað það, að skuldabréfið yrði gjaldfellt og síðan krafist uppboðs á hinni veðsettu eign, Hæðarbyggð 24, Garðakaupstað, til lúkningar allri skuldinni samkvæmt skuldabréfinu. Segja má að vísu, að eðlilegt sé og nauðsynlegt, að skuldara sé sjálfum ljóst, hvaða greiðslur honum beri hverju sinni að inna af hendi af lánum, sem honum hafa verið veitt, t. d. greiðslur afborgana og vaxta af veðskuldabréfum. Hitt verður einnig á að líta, að ekki verður með öllu talið óeðlilegt, að skuldari telji, að tilkynningum um greiðsluskyldu hans hverju sinni af lánum, sem honum berast frá innheimtuaðilja, svo sem opinberri lánastofnun, sé að nokkru treystandi og verði því að virða það honum til nokkurrar afsökunnar, ef út af bregður í þeim efnum, svo sem reyndist vera í tilviki því, sem hér ræðir um.

Þegar meta á, hvort gjaldfelling á umræddu skuldabréfi hafi, eins og á stóð, átt fullan rétt á sér, verður einnig til þess að líta, að jafnskjótt og skuldara, þ. e. uppboðsþola í máli þessu, urðu sannanlega ljós þau mistök, sem orðið höfðu í sambandi við tilkynningu um greiðsluskyldu hans af skuldabréfinu og síðan í framhaldi af því mistök viðkomandi greiðslu hans á afborgun og vöxtum af bréfinu, greiddi hann tafarlaust með „deponeringu" í banka mismuninn á þeirri fjárhæð, sem honum bar í raun að greiða í afborgun og vexti af bréfinu, og þeirri fjárhæð, sem hann hafði greitt samkvæmt tilkynningu innheimtuaðiljans (bankans) og reyndist vera aðeins 1/10 hluti af þeirri fjárhæð, sem honum bar raunverulega að greiða, auk vanskilavaxta af áðurnefndum mismun í fullan þann tíma (3 mánuði), sem dregist hafði að inna af hendi réttar greiðslur af margnefndu skuldabréfi. Í þessu sambandi verður og að geta þess, að ekki verður annað ráðið af gögnum þessa máls en að uppboðsbeiðanda hljóti að hafa borist yfirlit um stöðu hlaupareiknings hans við innheimtuaðiljann (útibú Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði), sem sýndi, að aðeins 1/10 hluti þeirrar fjárhæðar, sem uppboðsþola bar að greiða af bréfinu 1. sept. 1981, hafði raunverulega verið greiddur um 2 mánuðum áður en hann gerði reka að því að innheimta mismuninn eða alla skuldina. Hvað valdið hefur þessari töf hjá uppboðsbeiðanda, liggur ekki ljóst fyrir. Þá er þess enn fremur að geta, að þegar ákvörðun var um það tekin af hálfu uppboðsbeiðanda að krefjast uppboðs á þeirri eign, sem er að veði fyrir skuldinni samkvæmt skuldabréfinu, var

öllum þeim, sem hlut áttu að máli, ljóst orðið, að um mistök hafði verið að ræða, sem uppboðsþola varð a. m. k. ekki að öllu leyti um kennt, í sambandi við greiðslur af bréfinu og loks, að á þeim tíma hafði bréfinu eða greiðslum af því raunverulega verið komið í skil og uppboðsbeiðandi þar með gerður skaðlaus af þeim mistökum, sem orðið höfðu.

Sú spurning kann að rísa, hvort eðlilegra hefði verið, að uppboðsþoli hefði snúið sér til umboðsmanns uppboðsbeiðanda, eftir að honum barst kröfubréf hans á rskj. nr. 7 í máli þessu, og greiða honum eftir áskorun hans afborgun og vexti af skuldabréfinu, sem um ræðir í máli þessu, svo og dráttarvexti og kostnað, eins og krafist var. Telja verður þó, að ekki hafi þau viðbrögð uppboðsþola verið með öllu óeðlileg að kjósa fremur, eins og á stóð, að inna af hendi greiðslur af bréfinu í banka með „deponeringu" en að snúa sér með þær til nýs innheimtuaðilja, þegar þess er gætt, að sá sami aðili hafði þá þegar tilkynnt honum með áðurnefndu kröfubréfi, að skuldabréfið væri gjaldfellt vegna dráttar á greiðslu afborgunar og vaxta af því, sem stafaði af mistökum, sem uppboðsþoli taldi sig ekki eiga sök á, og hefur frá upphafi ekki viðurkennt þær innheimtuaðferðir, sem beitt hefur verið af hálfu uppboðsbeiðanda eftir það, sem á undan var gengið, þar eð hann (þ. e. uppboðsþoli) hafi hvorki skort vilja né getu til að standa í skilum með greiðslur af bréfinu, eins og áður er fram tekið.

Með skírskotun til alls þessa og með tilliti til þeirra sérstöku atvika, sem lágu að baki því, að uppboðsþoli innti ekki á réttum tíma af hendi réttar greiðslur af umræddu skuldabréfi, þykja ekki hafa verið, eins og á stóð, nægar ástæður til að gjaldfella bréfið og krefjast uppboðs á eigninni, sem var að veði fyrir skuldinni samkvæmt því, og beri því að synja um framgang hins umbeðna uppboðs.

Gera verður uppboðsbeiðanda samkvæmt þessum úrslitum málsins að greiða embætti bæjarfógetans í Garðakaupstað þann útlagða kostnað, sem af uppboðsgerðum í máli þessu hefur leitt, kr. 618.00 samkvæmt framlögðum reikningi, en að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Synjað er um framgang nauðungaruppboðs á húseigninni nr. 24 við Hæðarbyggð, Garðakaupstað, sem er þingl. eign Páls B. Samúelssonar.

Uppboðsbeiðandi, Ómar Haffjörð Harðarson, greiði embætti bæjarfógetans í Garðakaupstað útlagðan kostnað af máli þessu, kr. 618.00, innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum, en að öðru leyti skal málskostnaður falla niður.

Mánudaginn 2. maí 1983.

Nr. 248/1982. **Gunnlaugur Traustason persónulega og f. h. G. T. húsgagna**
gegn
Skeifunni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Traustason persónulega og f. h. G. T. húsgagna, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. maí 1983.

Nr. 70/1983. **Gunnar Viðar Geirsson**
gegn
Jökli h/f
og Almennum Tryggingum g/t
til réttargæslu.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Viðar Geirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 3. maí 1983.

Nr. 59/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kolbeini Gauta Árnasyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar 2. febrúar 1983 að kröfu ákærða. Því er einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu ákærða.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn fyrir sakadómi Reykjavíkur og skýrslur teknar af vitnunum Axel Sölva Axelssyni og Birgi Sumarliðasyni. Voru þeir með ákærða við bjórdrykkju þá á Reykjavíkurflugvelli, sem hann greindi frá við rannsókn málsins.

Samkvæmt skýrslum beggja vitnanna drakk ákærði ásamt þeim öl af tegundinni „Tuborg grön". Að sögn vitnisins Axels drukku þeir félagar úr 3 bjórdósum hver, eða alls úr 9 dósum, á tímabilinu frá því um það bil kl. 2030 til miðnættis. Vitnið Birgir sagði dósirnar hafa verið alls 10—11 að tölu og ölsins hafa verið neytt á tímanum frá því um það bil kl. 2100 til miðnættis.

Hinn 17. desember 1982 sætti ákærði 4.000.00 króna sekt með sátt, gerðri í sakadómi Reykjavíkur, fyrir að aka bifreið án ökuréttinda hinn 18. október 1982, sbr. 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, en svo sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 4. október 1982.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærða verður ákveðin 15 daga varðhald.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kolbeinn Gauti Árnason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 549/1982: Ákæruvaldið gegn Kolbeini Gauta Árnasyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. f. m., á hendur ákærða, Kolbeini Gauta Árnasyni bifreiðarstjóra, Skeiðarvogi 109 í Reykjavík, fæddum þar í borg 23. desember 1957.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 1. september 1982 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 20940 frá Reykjavíkurflugvelli að veitingahúsinu Hollywod við Ármúla og eftir stutta viðdvöl þar áleiðis heim til sín, en þá stöðvaði lögreglan akstur hans fljótlega.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt miðvikudagsins 1. september sl., klukkan 0102, voru þrír lögreglumenn í Reykjavík á eftirlitsferð í Ármula, þegar þeir veittu athygli fólksbifreiðinni R 20940, sem ekið var af bifreiðastæði við húsið nr. 3. Lögreglumennirnir stöðvuðu akstur bifreiðarinnar við Hallarmúla til að hafa tal af ökumanni hennar. Var það ákærði, Kolbeinn Gauti Árnason, sem ekki gat framvísað ökuskírteini, en því kvaðst hann hafa gleymt heima.

Þegar ákærði kom yfir í lögreglubifreiðina til frekari viðræðna, kom í ljós sterk áfengislykt, og augu ákærða virtust vot. Var ákærði látinn gefa öndunarsýni, og sýndi það 3. stig. Kvaðst ákærði þá skömmu áður hafa drukkið danskan bjór.

Í yfirheyrslu hjá varðstjóra á lögreglustöðinni við Hverfisgötu skýrði ákærði svo frá, að hann hefði drukkið þrjár litlar dósir með sterkum dönskum Tuborg bjór á Reykjavíkurflugvelli frá klukkan 2015 til klukkan 2200. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, og staðfesti hann þá, að allt væri rétt eftir sér haft í skýrslunni hjá varðstjóranum. Hann kvaðst hafa ekið frá flugvellinum að Hollywood á tólfta tímanum, en þar hefði hann dvalið, þar til skömmu áður en hann var handtekinn af lögreglunni. Var ákærði rétt lagður af stað, þegar hann var stöðvaður.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans klukkan 0141 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.17 ‰.

Við meðferð málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hafi ekið umræddda nótt, svo sem áður er rekið. Staðfesti ákærði skýrslu sína hjá rannsóknardeildinni sem rétta með þeirri athugasemd, að bjórdrykkjan hefði staðið fram til klukkan 2400. Ítrekaði ákærði, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og kvaðst hann aðeins hafa ekið 4—5 metra, þegar lögreglan stöðvaði akstur hans.

Lögreglumenn þeir, er höfðu afskipti af ákærða, hafa allir komið fyrir dóminn sem vitni.

Vitnið Helgi Sævar Helgason lögreglumaður, Kóngsbakka 10 í Reykjavík, mundi eftir afskiptum sínum af ákærða og sá á honum einkenni þess, að hann hefði neytt áfengis. Kvaðst vitnið hafa séð það, þegar ákærði gekk upp stiga á lögreglustöðinni, að göngulag hans var dálítið reikult, en áður hafði vitnið fundið töluverðan áfengisþef af ákærða.

Vitnið gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af ákærða og staðfesti hana við meðferð málsins.

Vitnið Sigurgeir Arnþórsson lögreglumaður, Bárugötu 37 í Reykjavík, mundi eftir afskiptum sínum af ákærða, en það kvaðst fyrst hafa rætt við ákærða af þeim lögreglumönnum, sem stóðu að handtöku hans.

Vitnið kvaðst hafa fundið áfengisþef úr bifreiðinni, þegar það leit inn í hana, en ekki gerði það sér grein fyrir, hvort lyktin var af ákærða.

Vitnið sagði, að ákærði hefði ekki kannast við að hafa neytt áfengis, þegar vitnið spurði hann um það. Vitnið mundi ekki eftir að greina frá neinum einkennum um áfengisneyslu af hálfu ákærða við fyrstu afskipti þess af honum í bifreið hans.

Vitnið sagði, að það hefði fundið áfengisþef af ákærða, eftir að hann kom út í lögreglubifreiðina, en önnur einkenni um áfengisneyslu fann vitnið ekki hjá ákærða, svo að það myndi.

Vitnið Jón Sigfússon lögreglumaður, Skipholti 36 í Reykjavík, mundi eftir afskiptum sínum af ákærða. Það kvaðst hafa fundið áfengisþef af

honum. Því fannst hann rauðleitur í andliti og ekki fullkomlega stöðugur í gangi. Ekki mundi vitnið að greina frá öðrum einkennum um áfengisneyslu af hálfu ákærða.

Vitnið Rudolf Þór Axelsson varðstjóri, Huldulandi 11 í Reykjavík, mundi eftir því að hafa yfirheyrt ákærða á lögreglustöðinni stuttu eftir handtöku hans, og voru samskipti þeirra hin bestu. Sagði vitnið, að ákærði hefði verið kurteis og svarað spurningum greiðlega.

Vitnið sagði, að andlit ákærða hefði að þess mati gefið til kynna, að ákærði hefði neytt meira áfengis en hann vildi vera láta. Fundust vitninu hreyfingar á augnalokum ákærða hægari en gerist venjulega hjá ódrukknum.

Vitnið gerði skýrslu um útlit og önnur einkenni ákærða og hefur staðfest hana við meðferð málsins. Í skýrslunni segir, að talsverður áfengisþefur hafi verið af ákærða, andlit hans þrútið og augu vot. Fatnaður hans var snyrtilegur, framkoma kurteis, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og frásögn greinargóð.

Ákærði mótmælti því í framburði vitnanna, að sést hefðu á honum áfengisáhrif.

Verjandi ákærða gerði kröfu til þess, að ferill blóðsýnishornsins yrði rannsakaður og prófun þess endurtekin.

Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík framkvæmdi rannsókn á ferli blóðsýnishornsins, en ekki var hægt að endurtaka prófun þess, þar sem því hafði verið eytt.

Yfirheyrðir voru þeir lögreglumenn, sem höfðu afskipti af blóðsýninu, frá því að ákærði var færður til blóðtöku og þar til blóðsýnið hafði verið afhent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskólann til rannsóknar. Kom ekkert fram við þá rannsókn um það, að mistök hefðu orðið í meðferð blóðsýnisins, en fram kom, að það hefði verið sent til rannsóknar ásamt tveim öðrum úr Reykjavík, sem bæði sýndu hærri niðurstöðu en það blóðsýni, sem merkt var ákærða.

Verjandi ákærða lýsti því yfir, að hann teldi eðlilegt að fella málið niður, þar sem blóðsýnið hefði verið eyðilagt. Ríkissaksóknara var kynnt þessi skoðun verjandans, en hann hélt fast við málssóknina.

Sannað þykir með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin framburði ákærða um áfengisneyslu fyrir akstur og framburði áðurgreindra vitna, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærunni og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1975 29/7 Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 3 mánuði frá 28/5 1975.

1979 13/6 Reykjavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Ökuleyfissvipting 3 mánuði frá 26/4 1979.

Dómssáttin frá 13. júní 1979 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 7.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 4. október 1982 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr.laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, 3.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kolbeinn Gauti Árnason, greiði 7.500.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 4. október 1982 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.